Sigríður Einarsdóttir, fv. póst- og símaafgreiðslukona ...	6792.00		
Sigríður Jónasdóttir, fv. ljósm., Þórshöfn	3828.00		
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. símstjóri	14000.00		
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari ...	10850.00		
Sigríður Pétursdóttir, fyrrv. kennari ...	5723.00		
Sigrún Laxdal, fyrrv. símafulltrúi ...	2861.00		
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	4340.00		
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	13353.00		
Sigurður Benediktsson, fyrrv. póstur ...	3828.00		
Sigurður Fr. Einarsson, fv. fiskmatsm. .	3828.00		
Sigurður Heiðdal ...	10189.00		
Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskmatsm.	3828.00		
Sigurður Nordal, prófessor ...	24141.00		
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur ...	6009.00		
Sigurður Sigurðsson, fv. barnakennari .	12017.00		
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. barnakennari, Núpum ...	5000.00		
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, fyrrv. kennari ...	7595.00		
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. sýslumaður .	6493.00		
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur ...	5007.00		
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	4769.00		
Sigurður Þorvaldsson, fv. barnakennari .	6000.00		
Sigurjón Jónsson, fyrrv. sóknarprestur .	8765.00		
Sigurmundur Sigurðsson, fyrrv. héraðslæknir ...	8592.00		
Snorri Sigfússon, fyrrv. námsstjóri ...	11009.00		
Stefán Hannesson, fyrrv. barnakennari .	11320.00		
Stefán Kristjánsson, fyrrv. verkstjóri ..	4769.00		
Stefán Stefánsson, fyrrv. húsvörður	6000.00		
Stefán Þorvaldsson, fyrrv. póstur ...	5077.00		
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur ...	5424.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Steinunn Bjartmarsdóttir, fyrrv. kennari	10850.00		
Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	8000.00		
Svava Þorleifsdóttir, fyrrv. skólastjóri .	9057.00		
Sveinbjörn Jónsson, fyrrv. barnakennari	5000.00		
Sveinn Víkingur, fyrrv. biskupsritari ...	10500.00		
Sveinn Þorláksson, fyrrv. símstjóri	8012.00		
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur ..	2263.00		
Thor Brand, fyrrv. umsjónarmaður	11320.00		
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	3124.00		
Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatsm. ..	5073.00		
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsm. .	5007.00		
Valdimar Snævarr, fyrrverandi barnaskólastjóri	20934.00		
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslukona	7811.00		
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	2540.00		
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir ...	4006.00		
Vigfús Guttormsson, fyrrv. kennari	7923.00		
Viktoría Kristjánsdóttir	6249.00		
Vilhjálmur Finsen, fyrrv. sendiherra ...	62795.00		
Vilhjálmur Helgason, fyrrv. vitavörður ..	11445.00		
Vilmundur Jónsson, fyrrv. landlæknir ..	5000.00		
W. Thomas Möller, fyrrv. síma- og póstafgreiðslumaður	9057.00		
Wilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	12017.00		
Þóra Bjarnadóttir	3878.00		
Þórarinn Bjarnason, fyrrv. fiskmatsm. ..	5007.00		
Þórarinn Grímsson, fyrrv. símastjóri og vitavörður	10000.00		
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsm. .	3828.00		
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fv. ljósmóðir .	6000.00		
Þorbjörn Þórðarson, fyrrv. héraðslæknir .	8905.00		
Þórður Jónsson	6009.00		
Þórður Oddgeirsson, fyrrv. sóknarprestur	13293.00		
Þorkell Þorkelsson, fyrrv. veðurstofustjóri	82390.00		
Þorleifur Erlendsson, fv. barnakennari .	4687.00		
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	13585.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsm. ..	5077.00		
Þorsteinn M. Jónsson, fyrrv. skólastjóri	13716.00		
Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrverandi hagstofustjóri	28266.00		
Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrv. sýslumaður	24935.00		
Þórunn Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	3850.00		
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsm.	5077.00		
Þorvarður Þormar, fyrrv. sóknarprestur .	10500.00		
		3 215 896	

		18. gr.	
		kr.	kr.
b. Ekkjur:			
Aðalbjörg Jakobsdóttir	6367.00		
Aðalbjörg Sigurðardóttir	15232.00		
Agnethe Kamban	9373.00		
Ágústa Sigurðardóttir	10000.00		
Anna Bjarnadóttir	3828.00		
Anna Guðmundsdóttir	13634.00		
Anna Gunnlaugsson	8000.00		
Anna Kl. Jónsson	5702.00		
Anna Kristjánsdóttir	7595.00		
Anna Ólafsdóttir	6509.00		
Anna Sigurðardóttir	18591.00		
Anna Þorgrímsdóttir	9057.00		
Árný Stígsdóttir	3828.00		
Arnþrúður Daníelsdóttir	6509.00		
Ásdís G. Rafnar	11445.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	3828.00		
Áslaug Thorlacius	11717.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	34086.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja L. Norðdals	8678.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	3828.00		
Ástríður Eggertsdóttir	17359.00		
Ástríður Magnúsdóttir	2540.00		
Auður Gísladóttir	6493.00		
Auður Jónasdóttir	23434.00		
Bentína Hallgrímsson	21148.00		
Bergþóra Einarsdóttir	4769.00		
Björg Guðmundsdóttir	5077.00		
Björg Jónasdóttir	8905.00		
Bryndís Þórarinsdóttir	13585.00		
Camilla Hallgrímsson	10189.00		
Dagbjört Guðjónsdóttir	9538.00		
Dorothea Guðmundsson	8905.00		
Edith Möller	7595.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	15232.00		
Elín Jónsdóttir	7010.00		
Elínborg Vigfúsdóttir	5077.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Péturs Guðmundssonar	3828.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Ríkharðs Kristmundssonar	11320.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Björnssonar, fiskmatsmanns	3815.00		
Ellen Einarsson	51320.00		
Ellen Sveinsson	12891.00		
Emilía Benediktsdóttir Kofoed Hansen	30043.00		
Emilía P. Briem	23434.00		
Estrid Falberg Brekkan	6676.00		
Ethel Arnórsson	11717.00		
Finnbjörg Kristófersdóttir	15849.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Fríða Hlíðdal	43352.00		
Geirlaug Stefánsdóttir	6367.00		
Guðbjörg Þ. Eiríksdóttir	6000.00		
Guðbjörg Grímsdóttir	5007.00		
Guðbjörg Guðmundsdóttir	7010.00		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	15232.00		
Guðbjörg Tómasdóttir	7615.00		
Guðlaug Magnúsdóttir	25348.00		
Guðný Björnsdóttir	7595.00		
Guðný Magnúsdóttir	6867.00		
Guðríður Eiríksdóttir	6367.00		
Guðrún Arinbjarnar	11717.00		
Guðrún Egilson	25348.00		
Guðrún Einarsdóttir	14000.00		
Guðrún S. Guðmundsdóttir	11320.00		
Guðrún Hálfdánardóttir	4528.00		
Guðrún Jónsdóttir	15232.00		
Guðrún P. Jónsdóttir	15232.00		
Guðrún Oddgeirsdóttir	9057.00		
Guðrún Oddsdóttir	14717.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	40108.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	11320.00		
Guðrún Ragúels	3828.00		
Guðrún Sveinsdóttir	24419.00		
Guðrún Þorvarðsson	19246.00		
Gunnhildur Jónsdóttir	6009.00		
Gunnjóna Jensdóttir	3815.00		
Halldóra Ólafsdóttir	23434.00		
Halldóra Þórðardóttir	7617.00		
Harriet Jónsson	5702.00		
Hedvig Blöndal	3828.00		
Helga Arngrímsdóttir	7010.00		
Helga Finnsdóttir	27171.00		
Helga Pétursdóttir	15000.00		
Helga I. Stefánsdóttir	3828.00		
Henny Kristjánsson	6000.00		
Hildur Björnsdóttir	10014.00		
Hjaltlína Guðjónsdóttir	15000.00		
Hlíf Böðvarsdóttir	8678.00		
Hlín Johnson	25853.00		
Hólmfríður Zoëga	11501.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	15232.00		
Hulda Þ. Björnæs	12017.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	7923.00		
Ingibjörg I. Briem	6000.00		
Ingibjörg Guðmundsdóttir	7630.00		
Ingibjörg Högnadóttir	6000.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	8905.00		
Ingunn Hlíðar	9538.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Ingveldur Einarsdóttir	8905.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	3808.00		
Jakobína Sigr. Torfadóttir	5424.00		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	7923.00		
Jóhanna Jónsdóttir	11320.00		
Jóhanna Linnet	7630.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	8905.00		
Jóhanna Pálmadóttir	18018.00		
Jóhanna Þorsteinsdóttir	9000.00		
Jóhanna Þorvaldsdóttir	10000.00		
Jóna Jakobsdóttir	6509.00		
Jóna Jóhanna Jónsdóttir	6000.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	10936.00		
Jónheiður Eggerz	20029.00		
Jónína Jónsdóttir	7630.00		
Júlíana M. Jónsdóttir	10303.00		
Karen Jónsson	12017.00		
Katrín Sveinsdóttir	7923.00		
Klara Helgadóttir	9057.00		
Kristbjörg Sveinsdóttir	7000.00		
Kristín Guðlaugsdóttir	12000.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	6009.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	3807.00		
Kristín Pálsdóttir	6367.00		
Kristín Sigurðardóttir	6792.00		
Kristín Thorberg	4687.00		
Kristín Þórarinsdóttir	11320.00		
Kristólína Kragh	5077.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	9606.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	8000.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	7923.00		
Lára Skúladóttir	6792.00		
Lilja Eyþórsdóttir	18026.00		
Lovísa Sveinbjörnsson	39759.00		
Magdalena Ásgeirsdóttir	6000.00		
Magnea Magnúsdóttir	19246.00		
Málfríður Árnadóttir	4006.00		
Málfríður Bjarnadóttir	4000.00		
Málfríður Jónsdóttir	10129.00		
Margrét Árnadóttir	11012.00		
Margrét Ásmundsdóttir	5077.00		
Margrét Björnsdóttir	7630.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	16604.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	3828.00		
Margrét Lárusdóttir	11716.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	5077.00		
Margrét Þórðardóttir	7617.00		
María Guðlaugsson	9373.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
María J. Klemenz	3828.00		
María Pétursdóttir	14000.00		
María Thoroddsen	19528.00		
María Tómasdóttir	5660.00		
Melitta Urbancic	9538.00		
Nanna Jónsdóttir	10850.00		
Nikólína Jóhannsdóttir	6000.00		
Oddný Pétursdóttir	12017.00		
Oktavía Sigurðardóttir	10189.00		
Ólafía Einarsdóttir	13585.00		
Ólafía Finnbogadóttir	2540.00		
Ólafía Jónsdóttir	6075.00		
Ólafía Valdimarsdóttir	6792.00		
Olga E. Jónsson	11320.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	8905.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	12694.00		
Ólöf Sigurðardóttir	6009.00		
Ólöf Sigurðardóttir, Akranesi	4000.00		
Ólöf Sigvaldadóttir	10000.00		
Ragnheiður Bjarnadóttir	12694.00		
Ragnheiður Brynjólfsdóttir	5723.00		
Ragnhildur I. Bjarnadóttir	8012.00		
Ragnhildur Teitsdóttir	3623.00		
Ragnhildur Thorlacius	13585.00		
Ragnhildur Thoroddsen	15022.00		
Rannveig Tómasdóttir	7617.00		
Rigmor Ófeigsson	10155.00		
Rósa Eggertsdóttir	6009.00		
Rósa Jónsdóttir	2540.00		
Sesselja Þorsteinsdóttir Clausen	8012.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	12017.00		
Sigríður Bjarnason	20377.00		
Sigríður Björnsdóttir	8000.00		
Sigríður Einarsson	39056.00		
Sigríður Eiríksdóttir	8000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	10155.00		
Sigríður Fjeldsted	10189.00		
Sigríður Gísladóttir	3828.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	3828.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	19137.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	6367.00		
Sigríður Pétursdóttir	11320.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	9057.00		
Sigurlaug G. Gröndal	5077.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	11320.00		
Sólveig Árnadóttir	3828.00		
Sólveig Eggerz	33456.00		
Sólveig Pétursdóttir	11320.00		
Sólveig P. Sandholt	8000.00		
Stefanía Hjaltested	6367.00		
Stefanía Stefánsdóttir	12452.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Steinunn Briem	15000.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	6748.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	7617.00		
Súsanna Friðriksdóttir	11320.00		
Sveinbjörg Kristinsdóttir	10000.00		
Torfhildur Magnúsdóttir	6000.00		
Una Guðmundsdóttir	3815.00		
Una Jóhannesdóttir	18000.00		
Unnur Guðjónsdóttir	20029.00		
Unnur Skúladóttir	12694.00		
Valborg Einarsson	12694.00		
Valborg Haraldsdóttir	10850.00		
Valgerður Björg Björnsdóttir	15000.00		
Valgerður Halldórsdóttir	18114.00		
Valgerður Helgadóttir	10014.00		
Valgerður Jóhannsdóttir	6867.00		
Valgerður Ólafsdóttir	9057.00		
Vigdís G. Blöndal	6367.00		
Viktoría Bjarnadóttir	1915.00		
Vilborg Bjarnadóttir	7244.00		
Vilborg Torfadóttir	3828.00		
Þóra L. Björnsson	13585.00		
Þóra Hjartar	4528.00		
Þóra Jónasdóttir	6509.00		
Þóra Magnúsdóttir	8000.00		
Þóra Sigfúsdóttir	5723.00		
Þóra Sigurðardóttir	3828.00		
Þóra Skaftason	3828.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	12694.00		
Þórunn Hafstein	5077.00		
Þórunn Pálsdóttir	12694.00		
Þórunn Þórðardóttir	2343.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	7923.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	6249.00		
Þuríður Benediktsdóttir	12732.00		
Þuríður Helgadóttir	6000.00		
Þuríður Káradóttir	14717.00		
		2 461 186	
c. Barnastyrkur:			
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1⅞ 1924, sjúklingur		3 828	
			5 680 910
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað)			14 500 000
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955			200 000

18. gr.

	kr.	kr.
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940		23 500
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri		9 000 000
Samtals ...	. . .	29 931 437

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til niðurgreiðslu á vöruverði		302 900 000
2. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		5 000 000
3. Útgjöld samkv. 22. og 24. gr.		3 000 000
4. Fyrningar		6 000 000
5. Til óvissra útgjalda		6 500 000
Samtals ...	. . .	323 400 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
II. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		3 000 000
Samtals ...	. . .	3 100 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 12631672		
b. Lán í dönskum bönkum 21383		
c. Lán í Bandaríkjunum 190500		
	12 843 555	
2. Lán ríkisstofnana:		
Landssíminn	2 000 000	
		14 843 555
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		38 000 000
III. Til byggingar stjórnarráðshúss		1 000 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		1 800 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		190 000
VI. Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna		2 275 000
VII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	4 503 000	
2. Til byggingar fávitahælis	427 500	
3. Til byggingar hjúkrunarkvennaskóla	250 000	
		5 180 500
VIII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		3 000 000
IX. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		8 720 000
X. Til sjúkraflugvalla		492 100
XI. Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		665 000
XII. 1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	300 000	
2. Til byggingar sjómannaskólans	500 000	
3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
4. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	427 500	
5. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	2 000 000	
6. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum ..	200 000	
7. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	600 000	
		4 095 000

20. gr.

		kr.	kr.
XIII.	Til bygginga á prestssetrum		1 865 000
XIV.	Til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum		144 000
XV.	Til útihúsa á prestssetrum		734 000
XVI.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		513 000
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		1 000 000
XVIII.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		205 000
XIX.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		342 000
XX.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá		95 000
XXI.	Til atvinnu- og framleiðsluaukningar, þar af 4 millj. kr. til samgöngubóta á landi, eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi		14 000 000
XXII.	Til byggingarsjóðs Listasafns Íslands		500 000
XXIII.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna ..		342 000
XXIV.	Til aukningar landhelgisgæzlu		5 000 000
XXV.	Til kaupa á biskupsbústað		300 000
XXVI.	Til byggingar starfsmannahúss að Bessastöðum ..		330 000
XXVII.	Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		300 000
XXVIII.	Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti ...		445 200
XXIX.	Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana		800 000
	Samtals ...	. . .	107 176 355

21. gr.

I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		1 237 200 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		290 000 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 493 000
5. gr.	Óvissar tekjur		20 000 000
	Samtals ...	. . .	1 549 768 000

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	1 549 768 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	3 000 000
	Samtals ...	1 552 868 000

Yfirlit.

yfirlit.

21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		9 782 463
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 435 010
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		9 550 000
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		40 983 173
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	77 301 522	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	26 290 550	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	1 700 000	105 292 072
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		49 179 086
13. gr.	A.	Vegamál	93 909 898	
—	B.	Samgöngur á sjó	14 091 500	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	24 477 031	
—	D.	Flugmál	9 837 677	
—	E.	Veðurþjónusta	4 452 348	
—	F.	Ýmis mál	3 973 962	150 742 416
14. gr.	A.	Kennslumál	178 493 907	
—	B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	12 579 806	191 073 713
15. gr.		Kirkjumál		13 283 706
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	77 270 200	
—	B.	Sjávarútvegsmál	20 751 528	
—	C.	Iðnaðarmál	4 387 000	
—	D.	Raforkumál	32 961 859	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	8 506 611	143 877 198
17. gr.		Til félagsmála		376 344 630
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		29 931 437
19. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		323 400 000
		Rekstrarafgangur		104 893 096
		Samtals	. . .	1 549 768 000

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	1 444 874 904
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	107 176 355
		Greiðslujöfnuður	816 741
		Samtals	1 552 868 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1961 hjá allt að 20 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1960 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

V. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.

VI. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

VIII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

IX. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

X. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19 a í 50. kafla tollskrár.

XII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappaumbúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.

XIII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. (Endurveiting).

XIV. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XV. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XVI. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XVII. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XVIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vísindatækjum, sem inn eru flutt í sambandi við rannsóknir alþjóðanefndar jarðeðlisfræðiársins. Sama gildir um nauðsynlegt rekstrarefni tækjanna.

XIX. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.
XX. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.
XXI. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 18 700 000 kr.
XXII. Að hefja byggingu æfingarskóla fyrir Kennaraskóla Íslands í samvinnu við Reykjavíkurbæ, þannig að ríkissjóður greiði ⅗ kostnaðarins, en Reykjavíkurbær ⅖ hluta.

23. gr.

Auk þeirra uppbóta, sem greiddar voru á árinu 1959 á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara og lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og greiddar skulu framvegis, eftir því sem við getur átt, er heimilt að greiða sérstaka uppbót til elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega sjóða þessara.

Uppbót þessi má nema allt að 20% af lífeyrisgreiðslum og greiðslum skv. 18. gr. fjárlaga, þó ekki meira en 500 kr. á mánuði fyrir hvern lífeyrisþega. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir greiða uppbót þessa gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

Slíka uppbót er og heimilt að greiða öðrum þeim, sem njóta greiðslna samkv. 18. gr. fjárlaga, úr lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, enda eigi þeir ekki rétt á samsvarandi bótahækkun samkvæmt lögum um almannatryggingar.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1961 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar gengið var frá fjárlögum ársins 1960, var ljóst, að áætlanir um tekjur og gjöld hlutu að vera meiri óvissu háðar en oftast áður. Stórfelldar breytingar voru gerðar á skattakerfinu, tekjuskattur lækkaður og 9% skattur af innlendri framleiðslu og þjónustu felldur niður en álagður 3% söluskattur. Mikil aukning varð á framlögum til félagsmála, niðurgreiðslur fluttust frá útflutningssjóði til ríkissjóðs og nýjar niðurgreiðslur komu til skjalanna. Þá hafði og breyting gengisskráningarinnar nokkur áhrif til hækkunar á útgjöldum, sem erfitt var að áætla með vissu. —

Þegar þetta frumvarp var undirbúið, var aðeins takmörkuð vitneskja fyrir hendi um afkomu yfirstandandi árs, en á þeirri reynslu, sem fengizt hefur, verður þó m. a. að byggja, einkum um tekjuhlið frumvarpsins. — Fjárlög fyrir 1961 verða að vera hallalaus og hefur verið leitazt við að ná því marki, án nýrrar skattheimtu. Í því skyni hefur við undirbúning þessa frumvarps verið reynt að lækka útgjöld eftir því sem kostur hefur verið, án þess þó að gera áætlanir óraunhæfar. Í þessu efni er þröngur stakkur skorinn, vegna þess að halda verður uppi eðlilegri þjónustu og starfsemi ríkisins, og erfitt er að koma á aukinni hagkvæmni í rekstri, nema með alllöngum undirbúningi. Árangur af þessari viðleitni er þó sá, að 10 af 14 útgjaldagreinum fjárlaga lækka, og nema þær lækkanir samtals um 22 millj. króna. Á hinn bóginn verður eigi hjá því komizt, að framlög til heilbrigðismála, félagsmála og kennslumála hækki verulega. Hækkun heilbrigðismála stafar af auknum sjúkrahúsakosti, hækkun félagsmála, sem nemur 55.6 millj. kr., er fyrst og fremst af því að nú verða hinar auknu fjölskyldubætur í gildi allt árið

og að skerðingarákvæði á ellilífeyri falla samkvæmt lögum niður um næstu áramót. Kennslumál hækka m. a. vegna aukins nemendafjölda í skólum.

Nokkrar breytingar verða á tekjuáætlun frá núgildandi fjárlögum og er þá höfð hliðsjón af reynslu í ár, að því er bezt verður séð á þessu stigi. Lækka nokkuð áætlaðar tekjur af verðtolli, söluskatti af innfluttum vörum og leyfisgjöldum af bifreiðum. Aftur á móti hækka áætlaðar tekjur af ríkisstofnunum og ýmsum smærri tekjuliðum. Enn fremur hækka tekjur af 3% söluskattinum vegna þess að hann verður nú í gildi allt árið, þá er og gert ráð fyrir, að eigi verði hjá því komizt til að tryggja hallalausan rekstur á árinu 1961, að 8% bráðabirgðasöluskatturinn af innfluttum vörum verði í gildi árið 1961. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin til athugunar lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vöruflokkum og mun bráðlega leggja fram tillögur um þær lækkanir.

Þær breytingar, sem hér að framan hafa verið raktar, leiða til þess að áætluð gjöld hækka alls um 50.8 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum og áætlaðar tekjur um 51.0 millj. kr.

Um 2. gr.

1. *Tekju- og eignaskattur* er áætlaður 75 millj. kr. og hækkar um 3 millj. kr. frá fjárlögum 1960.
2. *Vörumagnstollur* er áætlaður 35 millj. kr., eða hækkar um 2 millj. kr.
3. *Verðtollur* er áætlaður 343.6 millj. kr., sem er lækkun frá fjárlögum í ár um 21.4 millj. kr. Er það m. a. með hliðsjón af því, að reynslan fyrstu mánuðina eftir að gengisskráningunni var breytt, bendir til þess, að nokkuð dragi úr innflutningi og þá einkum þeirra vara, sem eru í hæstu tollflokkum.
4. *Innflutningsgjald af benzíni* er áætlað 58 millj. kr., eða hækkar um 500 þús. kr.
5. *Gjald af innlendum tollvörum* er áætlað 36 millj. kr., sem er hækkun um 1 millj. kr.
6. *Lestagjald af skipum* hækkar um 100 þús. kr.
7. *Bifreiðaskattur* er áætlaður 18 millj. kr., sem er 1 millj. kr. hækkun.
8. *Aukatekjur* eru áætlaðar 26 millj. kr., og hækka um 3.7 millj. kr.
9. *Stimpilgjald* er áætlað 41 millj. kr., sem er 7 millj. kr. hækkun. Er þá miðað við reynslu yfirstandandi árs.
10. *Vitagjald* lækkar um 400 þús. kr.
11. *Söluskattur af innflutningi* (7%) er nú áætlaður 148 millj. kr. og lækkar frá fjárlögum um 9 millj. kr. af svipuðum ástæðum og getið var hér að framan um verðtoll. Söluskattur af vörusölu og þjónustu innanlands og bráðabirgðasöluskattur af innflutningi (8%) er nú áætlaður 353 millj. kr., en það er 73 millj. kr. hækkun frá fjárlögum nú. Hækkunin stafar af því, að nú verður löggjöf um þetta efni væntanlega í gildi allt árið 1961. Hluti jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattinum er áætlaður 71 millj. kr. og hækkar um 15 millj. kr.
12. *Innflutningsgjald* er nú áætlað 125 millj. kr. Hækkar um 3 millj. kr. frá fjárlögum nú.
13. *Leyfisgjöld* lækka um 22 millj. kr., eru nú áætluð 31 millj. kr. Reynslan á yfirstandandi ári er sú, að verulega hefur dregið úr innflutningi bifreiða. Virðist því ekki fært að áætla þennan lið hærra en hér er gert.
14. *Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna* er áætlað óbreytt, 15 millj. kr.

Niður falla tveir tekjuliðir, sem eru í fjárlögum 1960: Útflutningsleyfagjöld 2.6 millj. kr. og iðgjaldaskattur 9 millj. kr.

Um 3. gr. A.

1. *Póstur og sími.* Sú breyting er hér gerð, að tekjur og gjöld pósts og síma er nú áætlað í einu lagi, en var áður tvískipt. Þá eru og eignabreytingar ekki áætlaðar sérstaklega, en eru taldar með öðrum gjöldum pósts og síma. Er um þetta farið að tillögum póst- og símamálastjóra. Rekstrarhagnaður er áætlaður 2 millj. kr., en það er sama upphæð og veitt er á 20. gr. til afborgana af lánum landssímans. Er því niðurstaðan sú, að tekjur og gjöld stofnunarinnar eru í raun réttri jafnhá. Gjöld eru nú áætluð 167 250 þús. kr., en eru í fjárlögum 1960 159 550 þús. kr., sem er hækkun um 7 700 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 169 250 þús. kr. í stað 156 800 þús. í gildandi fjárlögum og hækka því um 12 450 þús. kr.

2. *Áfengisverzlun ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt, en launaliður hækkar um 300 þús. kr., sem eru aldurshækkanir, hækkun eftirlauna og leiðrétting frá fyrra ári, en þá féllu af vangá niður laun verkstjóra, sem starfað hefur árum saman. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 130 þús. kr. og útsvar um 500 þús. kr. Hagnaður er áætlaður 165 millj. kr., en það er hækkun frá fjárlögum í ár um 10 500 þús. kr.

3. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 280 þús. kr. og útsvar um 1 075 þús. kr. Hagnaður er áætlaður 122 500 þús. kr. og hækkar um 21 500 þús. kr.

4. *Ríkisútvarpið.* Afnotagjöld eru miðuð við 48 500 útvarpsnotendur og eru áætluð 14 500 þús. kr., sem er 5 050 þús. kr. hækkun frá fjárlögum. Aðrar tekjur hækka um 1 055 þús. kr. Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi. Útvarpsefni hækkar um 750 þús. kr. og skrifstofukostnaður um 350 þús. kr. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 200 þús. kr. og til útvarpsstöðva um 500 þús. kr. Til viðgerðarferða hækkar um 40 þús. kr., iðgjöld í lífeyrissjóð um 25 þús. kr. og greiðslur vegna höfundalaganna um 150 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 60 þús. kr. og fyrningar um 250 þús. kr. Þá kemur inn nýr liður, til framkvæmdasjóðs 3 500 þús. kr. Rekstrarafgangur er 604 þús. kr., sem færður er sem aukið rekstrarfé.

5. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Áætlun forstjórans er tekin óbreytt að öðru leyti en því, að fyrningar eru ekki teknar með í gjaldalið. Tekjuafgangur er áætlaður 500 þús. kr., sem er óbreytt frá fjárlögum í ár.

6. *Áburðarsala ríkisins.* Áætlun forstjórans er tekin óbreytt. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

7. *Landssmiðjan.* Starfsmannahald er óbreytt. Gert er ráð fyrir 214 þús. kr. rekstrarafgangi, sem færður er sem aukið rekstrarfé.

8. *Tunnuverksmiðjur* ríkisins. Tillögur hafa ekki borizt frá atvinnumálaráðuneytinu og er áætlunin því óbreytt frá fjárlögum 1960.

9. *Innkaupastofnun ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Tekjur og gjöld eru áætluð jafnhá eins og í þessa árs fjárlögum.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar 75 þús. kr. og hækka frá fjárlögum um 65 þús. kr.

Um 4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl. eru nú áætlaðar 2 493 þús. kr., eða 200 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 20 millj. kr. og hækka frá fjárlögum um 6 300 þús. kr.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1.	Innlend lán	kr. 10 139 365	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 374 527	
			kr. 9 764 838
2.	Lán í dönskum krónum		— 480
3.	Lán í £ (£ 34 180)	kr. 3 651 791	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 3 651 791	
4.	Lán í $ ($ 135 404)	— 5 158 892	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 5 141 747	
			— 17 145
5.	Lán hjá Alþjóðabankanum (£ 42 612 og $ 25 769)	— 5 534 465	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 5 534 465	
			Kr. 9 782 465

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

Innlend lán.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I, 1, a. kr.	
3 875	70 450	Innanríkislán 1940.
108 000	400 000	Innanríkislán 1941.
26 250	150 000	Innanríkislán 1944.
2 333	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
600	10 000	Lán vegna byggingar Þjóðminjasafnshúss.
44 899	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (B-flokkur).
1 438	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.
2 939	1 137	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna bústaðar sakadómara.
176 000	400 000	Lán hjá Landsbanka Ísl. vegna Skipaútgerðar ríkisins.
8 250	75 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna Þjóðleikhússins.
9 900	13 750	Lán hjá Útvegsbanka Ísl. vegna jarðarinnar Drangsnes.
1 057 250	2 304 501	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna framlags til Alþjóðabanka og alþjóðagjaldeyrissjóðs.
191 589	1 112 275	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
8 250	10 000	Lán vegna eignarnáms í Egilsstaðalandi.
2 250	37 500	Lán hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
6 300	105 000	Handhafaskuldabréfalán vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
52 800	480 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna skuldaskilasjóðs útvegsmanna.
8 700	58 000	Lán vegna Syðstabæjarjarðar í Hrísey.
12 320	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I, 1, a. kr.	
6 050	23 333	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
15 600	26 667	Lán hjá Gjafasjóði Sigurgeirs Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
139 286	714 286	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar hjúkrunarkvennaskóla og fávitahælis í Kópavogi.
40 625	125 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
112 125	287 500	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
56 875	125 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar Landsspítalans.
1 804 861	2 343 976	Lán hjá Landsbanka Ísl. vegna Lánadeildar smáíbúða.
3 150 000	1 300 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna tíu togara.
90 000	125 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna viðbótarbyggingar við Landsspítalann.
1 500 000		Vextir vegna yfirdráttarskulda.
10 139 365	12 666 027	
÷ 374 527	÷ 34 355	
9 764 838	12 631 672	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann, upphaflega kr. 24 565 000.00, vegna togara og Svíþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánabréfum vegna togara ..... kr. 125 675.00
2. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánabréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta .. — 69 245.00

Kr. 194 920.00

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar kr. 79 680.00 og endurgreiddir vextir vegna skuldaskilasjóðs kr. 73 649.00.

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 34 355.00 og vextir kr. 26 278.00.

Frádráttarliðir samtals: Vextir kr. 374 527.00, afborganir kr. 34 355.00.

Erlend lán.

1. Lán í Danmörku.

Vextir: 7. gr. 2. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I, 1. kr.	
87	3 874	Lán hjá Forsörgelsesforeningen Bikuben, Kaupmannahöfn 1929 til Vífilsstaðahælis.
87	3 874	danskar kr. eða
480	21 383	ísl. kr. (100 kr. d. = 551.95 ísl. kr.).

2. Lán í Bretlandi.

Vextir: 7. gr. 2. kr. £	Afborganir: 20. gr. Út I. 1. kr. £	
34 180	71 810	Togaralán 1949.
÷ 34 180	÷ 71 810	Sömu upphæðir til frádráttar (innborganir af togurum).

3. Lán í Bandaríkjunum.

$	$	
46 719	82 142	Lán hjá Export-Import Bank, Washington 1948 til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl., $ 2 300 000.
÷ 46 719	÷ 82 142	Sömu upphæðir til frádráttar, innborgaðar af skuldun.
40 550	72 000	Lán hjá Export-Import Bank í Washington 1949—1950 til Laxár- og Sogsvirkjana, $ 2 millj.
÷ 40 550	÷ 72 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innborgaðar af virkjununum.
47 685	37 038	Lán hjá Export-Import Bank 1952 vegna Áburðarverksmiðjunnar.
÷ 47 685	÷ 37 038	Sömu upphæðir til frádráttar, innborgaðar af Áburðarverksmiðjunni.
450	5 000	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á sendiherrabústað í Washington, $ 50 000.
450	5 000	bandarískir dollarar eða
17 145	190 500	ísl. krónur (1 $ = 38.10 ísl. kr.).

4. Lán hjá Alþjóðabankanum.

£ 29 641	£ 42 000	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjunar 1950, £ 875 000-0-0.
÷£ 29 641	÷£ 42 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innborgaðar af virkjununum.
£ 12 971	£ 17 000	Landbúnaðarlán 1951.
÷£ 12 971	÷£ 17 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innborgaðar af skuldun.
$ 25 769	$ 55 000	Lán vegna Áburðarverksmiðjunnar h.f. 1952.
÷$ 25 769	÷$ 55 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innborgaðar af Áburðarverksmiðjunni h.f.

Um 8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins lækkar um 38 þús. kr.

Um 9. gr.

Til alþingiskostnaðar lækkar um 1 millj. kr., þar eð allar líkur benda til, að þinghald á næsta ári geti orðið að mun styttra en undanfarin ár.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið.* Starfsmannahald er óbreytt að öðru leyti en því, að starfsfólk efnahagsmálaráðuneytis tekur nú laun allt árið 1961 í stað hálfs árs í ár.

Einnig er til viðbótar gert ráð fyrir launum eins sendiherra, sem kvaddur hefur verið heim til sérstakra starfa á vegum utanríkisráðuneytisins.

Til útgáfu hagskýrslna lækkar um 7 þús. kr., en annar kostnaður hagstofunnar hækkar um 36 þús. kr. og annar kostnaður þjóðskrárinnar um 32 þús. kr.

Annar kostnaður ráðuneytanna lækkar um 200 þús. kr. og kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins lækkar um 121 þús. kr. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað lækkar um 100 þús. kr.

II. *Utanríkismál.*

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkvæmt launalögum hækka um 175 þús. kr. og laun annarra starfsmanna um 132 þús. kr. Er um þetta farið að tillögu utanríkisráðuneytisins, sem telur hér vera um nauðsynlega leiðréttingu að ræða til samræmis við hliðstæða starfsmenn í öðrum sendiráðum. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi.* Launagreiðslur hækka um 25 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London.* Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkvæmt launalögum lækka um 239 þús. kr. Miðað er við, að starfsfólki fækki um sendiráðsritara. Laun annarra starfsmanna hækka um 13 þús. kr. og annar kostnaður um 12 þús. kr.

4. *Sendiráðið í Washington.* Launagreiðslur hækka um 37 þús. kr. og annar kostnaður um 8 þús. kr.

5. *Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC.* Ákveðið hefur verið í sparnaðarskyni að sameina skrifstofur fastafulltrúa hjá NATO og OEEC og skrifstofu sendiráðsis í París undir stjórn eins sendiherra. Launagreiðslur hækka um 105 þús. kr. og annar kostnaður um 280 þús. kr. en á móti fellur niður liðurinn til skrifstofu fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC að fjárhæð 1 168 þús. kr.

6. *Sendiráðið í Osló.* Launagreiðslur hækka um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 1 þús. kr.

7. *Sendiráðið í Bonn.* Laun og annar kostnaður hækka um 2 þús. kr.

8. *Sendiráðið í Moskva.* Laun og annar kostnaður hækka um 7 þús. kr.

13. *Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins* lækkar um 320 þús. kr.

14. *Til upplýsinga- og kynningastarfsemi* lækkar um 100 þús. kr.

15. *Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis og til landkynningar* hækkar um 55 þús. kr. vegna aukinnar eftirspurnar eftir slíkum myndum, en þær þykja yfirleitt hin bezta landkynning.

III. *Tillög til ýmissa alþjóðastofnana.*

4. *Tillag til Food and Agricultural Organization* hækkar um 11 þús. kr.

7. *Tillag til alþjóðahveitiráðsins* hækkar um 2 þús. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Launaliður lækkar um 50 þús. kr. vegna forfallaþjónustu, sem gert var ráð fyrir í þessa árs fjárlögum, en sú greiðsla fellur nú niður.

2. *Borgardómaraembættið.* Starfsmannahald er óbreytt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting lækkar um 39 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 83 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar.

3. *Borgarfógetaembættið.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 95 þús. kr., en fyrirhugað er að embættið flytji í nýtt húsnæði.

4. *Sakadómaraembættið.* Starfslið er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 57 þús. kr. og er þar miðað við reynslu síðasta árs.

5. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt, en aukavinna hækkar um 45 þús. kr., einkum vegna vaxandi starfa við útlendingaeftirlit. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 9 þús. kr. og annar kostnaður um 36 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 29 þús. kr. og annar kostnaður um 100 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að

laun fulltrúa, sem starfar við embættið til bráðabirgða, í fjarveru fastráðins fulltrúa, sem vinnur að rannsókn oliumálsins, verði greidd af þessum lið.

7. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:*

a. Laun sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra eru áætluð óbreytt.

b. Laun annars starfsfólks hækka um 71 þús. kr. Bætt er við bókara við embættið í Hafnarfirði. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr., en endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 150 þús. kr.

9. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík.* Gert er ráð fyrir launum 40 ríkislögregluþjóna, eins og verið hefur, en auk þess launum 5 sumarmanna, en það veldur hækkun á launum um 88 þús. kr. Einnig hækka laun nokkuð vegna aldurshækkana. Áhættuþóknun hækkar um 10 þús. kr. og álag á næturvinnu og aukavinna um 18 þús. kr. Einkennisföt og tryggingar hækka um 2 þús. kr., en kostnaður vegna kvenlögreglu lækkar um 7 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli.* Tala lögregluþjóna er óbreytt, en laun hækka lítillega vegna aldurshækkana. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót hækkar um 10 þús. kr. og einkennisfatnaður um 60 þús. kr. Bifreiðakostnaður og tryggingar hækka um 24 þús. kr., fæðisstyrkur um 17 þús. kr. og annar kostnaður um 35 þús. kr.

c. *Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Launaliður hækkar um 138 þús. kr., þar eð nú er gert ráð fyrir launum til tveggja lögregluþjóna á Akureyri, sem ekki hafa verið á launaskrá áður. Laun þeirra hafa fram til þessa verið greidd af öðrum kostnaði og er því ekki um kostnaðarauka að ræða. Áhættuþóknun lækkar um 6 þús. kr. og einkennisföt og tryggingar um 13 þús. kr., en álag á næturvinnu hækkar um 24 þús. kr.

o. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* lækkar um 200 þús. kr.

10. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla:*

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Laun hækka lítillega vegna aldurshækkana. Næturvinnuálag hækkar um 73 þús. kr., en aukavinna lækkar um 125 þús. kr., m. a. af því að næturvinnuálagið var talið í þeim lið í þessa árs fjárlögum. Annar kostnaður lækkar um 128 þús. kr. samkvæmt áætlun forstöðumannsins og tekjur hækka um 78 þús. kr.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* Kostnaður lækkar um 24 þús. kr.

d. *Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju.* Kostnaður hækkar um 400 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir að hælið starfi allt árið 1961.

18. *Til útgáfu norræns dómasafns* lækkar um 10 þús. kr.

19. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 345 þús. kr.

20. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 235 þús. kr., en gjaldaáætlun stofnunarinnar hefur ekki verið leiðrétt áður til samræmis við hækkað verðlag vegna efnahagsaðgerða. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

21. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr.

22. *Húsameistari ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr., en inn kemur nýr liður, eftirstöðvar kaupverðs bifreiðar byggingareftirlitsins, 92 þús. kr.

Um 11. gr. B.

I. *Tollar:*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt. Lausavinna hækkar um 48 þús. kr. og húsaleiga, ljós og hiti um 15 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld hækka um 17 þús. kr. og annar kostnaður um 100 þús. kr.

b. 1. *Tollgæzlan í Reykjavík.* Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 108 þús. kr.

og símakostnaður um 12 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 120 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarið.

2. *Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli.* Álag á næturvinnu og helgidagauppbót hækkar um 10 þús. kr. og einkennisfatnaður um 23 þús. kr. Hiti og ljós hækkar um 13 þús. kr. og fæðisstyrkur um 5 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 47 þús. kr. og kostnaður við tolleftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar hækkar um 70 þús. kr.

3. *Tollgæzla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar undanfarið.

II. *Skattar:*

a. *Ríkisskattanefnd.* Annar kostnaður hækkar um 28 þús. kr.

b. *Kostnaður við skattstofur.* Hér er kostnaður við skattstofur áætlaður í einu lagi 6 800 þús. kr. Nefnd hefur nú til athugunar m. a., hvernig framkvæmd skattálagningar skuli hagað framvegis. Hefur nefndinni verið falið að gera tillögur um skiptingu landsins í sérstök skattumdæmi og verði einn skattstjóri í hverju. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að undir- og yfirskattanefndir verði lagðar niður. Af þessu á að geta orðið nokkur sparnaður og er liðurinn lækkaður um 2 089 þús. kr. Við meðferð fjárlagafrv. á Alþingi liggja tillögur nefndarinnar væntanlega fyrir í einstökum atriðum, og verður þá kostnaðurinn sundurliðaður.

Hér fellur niður 225 þús. kr. fjárveiting á þessa árs fjárlögum, framlag til skýrsluvéla.

Um 11. gr. C.

Áætlað er, að kostnaður við eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðs og opinberra embætta lækki um 50 þús. kr.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir launum 63 héraðslækna, 6 aðstoðarlækna og eins staðgengils, sem er óbreytt frá því, sem nú er.

IV. *Ríkisspítalar.* Gert er ráð fyrir, að rekstrarhalli ríkisspítalanna hækki um 4 108 þús. kr.

A. *Landsspítali.* Starfsfólki fjölgar um einn sérfræðing í handaaðgerðum, eina hjúkrunarkonu við aðalsótthreinsun og tvær starfsstúlkur. Af þessum sökum hækka laun um 215 þús. kr. Bifreiðastyrkir hækka um 27 þús. kr.

Matvörur lækka um 12 þús. kr., en til blóðsegavarna hækkar um 100 þús. kr., þar eð nú er gert ráð fyrir þessari starfsemi allt árið 1961 í stað hálfs árs í ár. Annar kostnaður er áætlaður hækka um 1 102 þús. kr. Tekjur hækka um 746 þús. kr.

Rekstrarhalli hækkar um 1 130 þús. kr.

B. *Landsspítalinn, viðbygging.* Hér kemur inn nýr liður, þar eð fyrirhugað er að viðbygging Landsspítalans verði tekin í notkun 1. september 1961. Er gert ráð fyrir launum til 40 nýrra starfsmanna, lækna, hjúkrunarkvenna, starfsstúlkna og ritara tímabilið september til desember. Laun þetta tímabil eru talin nema 654 þús. kr. Bifreiðastyrkir lækna nema kr. 18 000. Matvörur eru áætlaðar 100 þús. kr. og annar kostnaður 262 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 280 þús. kr. og rekstrarhalli 754 þús. kr.

C. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Bætt er við einum svæfingarlækni og hækka laun af þeim sökum um 89 þús. kr. Bifreiðastyrkir hækka um 9 þús. kr.

Fæðiskostnaður er áætlaður lækka um 85 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 181 þús. kr.

Tekjur lækka um 150 þús. kr.

Rekstrarhalli kemur nú að öllu leyti á ríkissjóð, þar eð Reykjavíkurbær hættir þátttöku í rekstri deildarinnar, en bærinn hefur nú komið á fót sérstöku fæðingarheimili. Rekstrarhalli (þ. e. hluti ríkissjóðs) hækkar um 3 154 þús. kr.

D. *Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.* Fæðiskostnaður lækkar um 13 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr. Tekjur eru óbreyttar og rekstrarhalli lækkar um 23 þús. kr.

E. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur lækka um 80 þús. kr. og annar kostnaður um 437 þús. kr. Tekjur hækka um 73 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 565 þús. kr.

F. *Heilsuhælið í Kristnesi.* Matvörur lækka um 47 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Tekjur hækka um 229 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 286 þús. kr.

G. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur lækka um 287 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 386 þús. kr. Tekjur hækka um 120 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 23 þús. kr.

H. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Matvörur lækka um 12 þús. kr. og annar kostnaður um 8 þús. kr. Tekjur lækka um eitt þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 16 þús. kr.

I. *Fávitahælið í Kópavogi.* Starfsfólki fjölgar frá 1. júlí 1961 um 2 hjúkrunarkonur, 3 starfsstúlkur og einn aðstoðarmann við hjúkrun, en þá er áætlað að bætt verði við nokkru húsnæði, sem rúmar 20—25 sjúklinga. Laun þessa fólks nema 130 þús. kr. hálft árið. Matvörur hækka um 53 þús. kr. og annar kostnaður um 155 þús. kr. Tekjur hækka um 470 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 62 þús. kr.

J. *Blóðbankinn.* Annar kostnaður hækkar um 18 þús. kr. og tekjur um 27 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 3 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans.* Starfsfólk er óbreytt, en laun hækka lítillega sökum aldurshækkana. Bifreiðastyrkir hækka um 9 þús. kr. Tekjur hækka um 127 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 79 þús. kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum.* Hækkun er 500 þús. kr., en fjárveiting í ár er í það knappasta vegna nokkurrar aukningar legudaga og færslu sjúkrahúsa í hærri gjaldflokk, umfram það sem áætlað var.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum* hækkar um 180 þús. kr. vegna aukinnar geðverndarstarfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og tilkomu nýrra heilsuverndarstöðva í Hafnarfirði og Kópavogi.

XII. *Embætti skólayfirlæknis.* Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

XXI. *Til námskeiða fyrir embættislækna,* 31 þús. kr., er nýr liður, sem er þegar áfallinn kostnaður.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Starfsmannahald er óbreytt, en laun hækka um 69 þús. kr. vegna aldurshækkana og flokkshækkunar nokkurra verkstjóra. Ferðakostnaður verkfræðinga og til aðstoðar og mælinga hækkar um 85 þús. kr., en frádráttarliður færður á ýmis verk hækkar um sömu upphæð. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 100 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar.

II. *Þjóðvegir.* Vegaviðhald er áætlað 52 millj. kr. og hækkar frá fjárlögum í ár um 2 millj. kr.

VI. *Til áhalda.* Til áhaldakaupa hækkar um 500 þús. kr.

XIV. *Til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkstjóraekkna* hækkar um 66 þús. kr.

XVI. *Gjöld samkvæmt lögum nr. 16/1943, um orlof verkamanna,* hækka um 200 þús. kr.

XVII. *Atvinnuleysistryggingargjöld* hækka um 10 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Rekstrarhalli skipaútgerðarinnar lækkar um 5 millj. kr., þar eð ráðgerðar eru breytingar á rekstri skipaútgerðarinnar, sem leiða munu til verulegs sparnaðar.

Niður fellur 250 þús. kr. fjárveiting í þessa árs fjárlögum, styrkur til byggingar Norðurlandsflóabáts.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnamála.* Laun hækka um 91 þús. kr. Bætt er við einum verkstjóra og teiknara. Hluti af launum verkfræðinga færður á önnur verk hækkar um 20 þús. kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 47 þús. kr. og ferðakostnaður og fæðispeningar um 20 þús. kr.

III. *Laun vitavarða* hækka um 39 þús. kr. vegna fjölgunar vita.

IV. *Rekstrarkostnaður vitanna* lækkar um 395 þús. kr., sem er eingöngu lækkun á rekstri vitaskipsins.

VII. *Til áhalda* hækkar um 500 þús. kr.

IX. *Til hafnarbótasjóðs.* Framlag til hafnarbótasjóðs er áætlað 1 950 þús. kr. lægra en í þessa árs fjárlögum, þar eð niður falla sérstök aukaframlög til tveggja hafna, er ákveðin voru á síðasta Alþingi.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Starfsmannahald er óbreytt, en aukavinna hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 303 þús. kr. Endurgreiðsla vegna alþjóðaflugþjónustunnar til frádráttar hækkar um 200 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

	Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli:			
	Yfirtollvörður	1	VIII.	kr. 68 950
	Varðstjórar	2	IX.	— 128 552
	Tollverðir	5	X.	— 408 447
	Aukaaðstoð			— 40 124
		8		kr. 646 073
	Tollgæzla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
	Yfirtollverðir	6	IX.	kr. 385 655
	Tollverðir	12	X.	— 713 757
	Aðstoð og aukagreiðsla			— 83 000
	Hluti ríkislögreglu ÷ ½ laun 4 tollvarða			— 117 742
		18		kr. 1 064 670

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
11. B. II.	**Ríkisskattanefnd:**			
	Nefndarmenn	3	U.	kr. 112 500
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Fulltrúar	2	VII.	— 147 249
	Ritari	1	XIII.	— 47 514
		7		kr. 385 563
	Skattstofan í Reykjavík:			
	Skattstjóri	1	IV.	kr. 92 323
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Deildarstjórar	4	VII.	— 294 497
	Fulltrúar	17	VIII.—IX.	— 1 144 105
	Bókarar	10	X.—XI.	— 577 318
	Ritarar	4	XIV.	— 190 057
	Ritarar	2	U.	— 96 999
		39		kr. 2 473 599
11. B. II.	**Skattstofur utan Reykjavíkur:**			
	Skattstjórar	9	VI.	kr. 704 700
		9		kr. 704 700
11. B. III.	**Eftirlit með sparisjóðum:**			
	Eftirlitsmaður	1	XII.	kr. 52 274
		1		kr. 52 274
12. I.	**Landlæknisembættið:**			
	Landlæknir	1	III.	kr. 99 920
	Landlæknisritari	1	VII.	— 73 624
	Landlæknisfulltrúi (½ laun)	1	V.	— 42 655
		3		kr. 216 199
12. II.	**Héraðslæknar:**			
	Héraðslæknar	63	V.—X.	kr. 4 743 298
		63		kr. 4 743 298
12. IV.	**Skrifstofa ríkisspítalanna:**			
	Framkvæmdastjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Stjórnarnefnd			— 15 000
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Fulltrúar	2	VII.	— 147 248
	Féhirðir	1	VII.	— 73 624

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
12. IV.	Bókarar	5	X.	kr. 305 020
	Ritarar	3	XIII.—XIV.	— 137 965
	Símastúlka	1	XIV.	— 45 225
	Sendisveinn	1	U.	— 38 358
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 144 206
	Sérstök greiðsla vegna fæðingard. o. fl.			— 38 700
		15		kr. 1 101 946
	Landsspítalinn:			
	Yfirlæknar (3 á ½ launum)	5	IV.	kr. 437 504
	Deildarlæknar	3	V.	— 322 082
	Aðstoðaryfirlæknar	3	IV.	— 343 119
	Aðstoðarlæknar	6	VII.	— 518 920
	Svæfingarlæknir	1	IV.	— 125 398
	Sérfræðingar	5	U.	— 212 287
	Kandidatar	6	U.	— 499 693
	Yfirhjúkrunarkona (⅔ launa)	1	VII.	— 49 083
	Deildarritarar	6	XI.—XIV.	— 323 766
	Símaþjónusta	2	XIII.	— 97 500
	Varayfirhjúkrunarkona (⅔ launa)	1	VIII.	— 45 966
	Deildarhjúkrunarkonur	10	IX.	— 642 758
	Aðstoðarstúlkur á röntgendeild	5	XIV.	— 205 525
	Aðstoðarhjúkrunarkonur	33	X.—XI.	— 1 811 003
	Hjúkrunarnemar	52	U.	— 1 023 673
	Nuddkonur	2	X.	— 120 372
	Rannsóknarkonur	4	X.—XI.	— 221 461
	Röntgenkonur	4	IX.—XI.	— 230 811
	Vinnustúlkur	38	XIV.	— 1 459 605
	Ráðskona	1	VIII.	— 68 950
	Aðstoðarráðskonur	3	XI.—XII.	— 166 535
	Vélamenn	2	XI.	— 148 031
	Umsjónarmaður (⅔ launa)	1	IX.	— 42 851
	Viðgerðarmenn	3	IX.	— 192 827
	Kennari	1	IX.	— 64 275
	Námshjúkrunarkonur	4	U.	— 167 020
	Bókari	1	XI.	— 55 512
	Umsamdar aukagr. til lækna og kandidata			— 33 075
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 1 707 792
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 308 236
		203		kr. 11 645 630
	Landsspítalinn, nýi:			
	Aðstoðarlæknar	2	VII.	kr. 147 249
	Deildarhjúkrunarkonur	3	IX.	— 192 827
	Hjúkrunarkonur	3	IX.	— 180 558
	Aðstoðarhjúkrunarkonur	4	X.—XI.	— 203 347
	Rannsóknarkonur	4	X.	— 205 774
	Hjúkrunarnemar	12	U.	— 279 636
	Starfsstúlkur	9	U.	— 346 824

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
12. IV.	Skjalavörður	1	IX.	kr. 64 275
	Ritari	1	XI.	— 48 500
	Aðstoðarmaður	1	XII.	— 52 274
		40		kr. 1 721 264
	Frá dregst launahl. tímabilið jan.—ágúst			— 1 066 543
				kr. 654 721
	Hjúkrunarkvennaskóli Íslands:			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Kennarar	4	VIII.	— 275 800
	Hjúkrunarkona	1	X.	— 60 186
	Kaup hjúkrunarnema		U.	— 216 446
	Umsjónarkona	1	XIII.	— 47 514
	Vinnukonur	5	XIV.	— 199 395
	Húsvörður	1	XIV.	— 42 937
	Stundakennsla og sérfr.			— 102 000
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 99 788
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 36 000
		13		kr. 1 158 366
	Fæðingardeild Landsspítalans:			
	Yfirlæknir	1	IV.	kr. 138 485
	Deildarlæknir	1	V.	— 107 360
	Svæfingarlæknir	1	VII.	— 89 374
	Aðstoðarlæknar	2	VII.	— 178 118
	Yfirljósmóðir	1	VIII.	— 68 950
	Aðstoðarljósmæður	12	XI.	— 583 065
	Aðstoðaryfirljósmóðir	1	IX.	— 64 276
	Deilda- og skurðstofuhjúkrunarkonur	4	IX.	— 257 103
	Kandidatar	3	IX.	— 260 596
	Forstöðukona (⅓ launa)		VII.	— 24 541
	Aðstoðarforstöðukona (⅓ launa)		VIII.	— 22 983
	Hjúkrunarnemar	13	U.	— 234 480
	Aðstoðarhjúkrunarkonur	12	X.—XI.	— 617 857
	Vinnustúlkur	11	XIV.	— 420 630
	Vélgæzla			— 74 016
	Rannsóknarkona	1	X.	— 64 275
	Umsjónarmaður (⅓ launa)		IX.	— 21 425
	Viðgerðarmaður	1	X.	— 60 186
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 583 263
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 178 453
		64		kr. 4 049 436
	Vífilsstaðahælið:			
	Yfirlæknir	1	IV.	kr. 114 373
	Deildarlæknir	1	V.	— 107 361
	Aðstoðarlæknir	1	VII.	— 89 059

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
12. IV.	Háls-, nef- og eyrnalæknir			kr. 4 200
	Forstöðukona	1	VIII.	— 68 950
	Deildarhjúkrunarkonur	6	IX.	— 385 655
	Aðstoðarhjúkrunarkonur	4	X.—XI.	— 205 952
	Hjúkrunarnemar	5	U.	— 90 185
	Vinnustúlkur	36	XIV.	— 1 382 535
	Þvotta- og saumakonur	3	XIV.	— 123 480
	Ráðskona	1	VIII.	— 68 950
	Aðstoðarráðskona	1	XI.	— 55 512
	Vélgæzlumenn	3	XI.	— 166 535
	Vinnumenn	3	XII.	— 156 823
	Viðgerðarmaður	1	X.	— 60 186
	Bifreiðarstjóri	1	XI.	— 55 512
	Umsjónarmaður	1	IX.	— 64 275
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 581 858
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 97 338
		69		kr. 3 878 739
	Heilsuhælið í Kristnesi:			
	Yfirlæknir	1	IV.	kr. 114 583
	Deildarlæknir (½ árið)			— 42 655
	Ráðsmaður	1	VIII.	— 68 950
	Yfirhjúkrunarkona	1	VIII.	— 68 950
	Ráðskona	1	IX.	— 64 276
	Deildarhjúkrunarkona	1	IX.	— 64 276
	Bifreiðarstjóri	1	XI.	— 55 512
	Kyndari	1	XI.	— 55 512
	Vinnumaður	1	XII.	— 52 274
	Aðstoðarráðskona	1	XIII.	— 52 274
	Starfsstúlkur	14	XIV.	— 538 349
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 122 389
		23		kr. 1 300 000
	Kleppsspítalinn:			
	Yfirlæknir	1	IV.	kr. 114 373
	Deildarlæknir	1	V.	— 107 361
	Aðstoðarlæknir	1	VII.	— 89 059
	Sérfræðingar			— 85 311
	Kandidat	1	VIII.	— 68 950
	Læknanemar	3	U.	— 124 923
	Rannsóknarkonur	2	X.	— 120 372
	Forstöðukona	1	VII.	— 73 624
	Aðstoðarforstöðukonur	2	VIII.	— 137 900
	Deildarhjúkrunarkonur	11	IX.	— 707 030
	Aðstoðarhjúkrunarkonur	13	X.—XI.	— 678 043
	Nuddkona	1	X.	— 60 186
	Hjúkrunarnemar	10	U.	— 225 468
	Sjúkrakennarar	2	IX.	— 128 552
	Hjúkrunarmenn	8	XII.	— 418 194
	Vökukonur	8	XII.—XIII.	— 394 800
	Vinnustúlkur	40	XIV.	— 1 536 151

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
12. IV.	Ráðskona	1	VIII.	kr. 68 950
	Aðstoðarráðskona	1	XI.	— 55 512
	Þvotta- og saumakonur	5	XIII.	— 205 800
	Vélgæzlumenn	3	XI.	— 166 535
	Viðgerðarmaður	1	X.	— 60 186
	Bifreiðarstjóri	1	XI.	— 55 512
	Umsjónarmaður	1	IX.	— 64 276
	Umsamin aukav. aðstoðarl.			— 12 000
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 1 042 572
	Aðalskrifstofa, kostnaðarhl.			— 162 229
		118		kr. 6 963 869
	Fávitahælið í Kópavogi:			
	Forstöðumaður	1	VII.	kr. 73 624
	Læknir	1	VII.	— 73 624
	Deildarhjúkrunarkonur	5	IX.	— 264 336
	Aðstoðarhjúkrunarkonur	2	XI.	— 78 059
	Hjúkrunarmenn	5	XII.	— 235 234
	Vökukonur	3	XIII.	— 150 570
	Ráðskona	1	X.	— 60 186
	Aðstoðarráðskona	1	XII.	— 52 274
	Vinnustúlkur	23	XIV.	— 823 935
	Saumakonur	2	XIV.	— 82 320
	Vélgæzlumenn	2	XI.	— 111 024
	Kennari	1	IX.	— 64 276
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 349 122
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 64 892
		47		kr. 2 483 476
	Blóðbankinn:			
	Forstöðumaður	1	U.	kr. 46 161
	Hjúkrunarkona	1	IX.	— 64 276
	Aðstoðarstúlka	1	X.	— 60 186
	Vinnukona	1	XIV.	— 42 936
	Bókari	1	XI.	— 55 512
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 54 979
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 16 000
		5		kr. 340 050
	Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:			
	Læknir	1	U.	kr. 36 666
	Forstöðukona	1	VIII.	— 68 950
	Vinnustúlkur	4	XIV.	— 153 615
	Prestsþjónusta			— 13 125
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 40 853
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 12 000
		6		kr. 325 209

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
12. V.	**Rannsóknarstofa háskólans:**			
	Forstöðumaður		U.	kr. 46 161
	Læknar	5	V.	— 452 307
	Gjaldkeri	1	X.	— 60 186
	Aðstoðarmenn	3	VIII., X.	— 198 086
	Aðstoðarstúlkur	7	X.—XIII.	— 395 958
	Vinnustúlkur	3	U.	— 73 500
	Sendisveinn	1	U.	— 38 358
	Bókavarzla			— 12 600
	Ritarar	2	XI.	— 111 024
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 187 874
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 48 000
		22		kr. 1 624 054
12. XXVII.	**Matvælaeftirlitið:**			
	Eftirlitsmaður	1	VII.	kr. 73 624
	Aðstoð		U.	— 11 513
	Ritari	1	XIII.	— 47 514
		2		kr. 132 651
13. A. I.	**Vegamál:**			
	Verkfræðideild:			
	Vegamálastjóri	1	III.	kr. 99 920
	Yfirverkfræðingur	1	IV.	— 92 323
	Mælingamaður	1	VI.	— 78 300
	Verkfræðingar	7		— 660 763
	Teiknari	1	X.	— 60 186
	Iðnfræðingur	1	VII.	— 73 624
	Skrifstofa:			
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Gjaldkeri	1	VIII.	— 68 950
	Bókarar	6	X.—XI.	— 368 712
	Ritari	1	XIII.	— 47 514
	Skjalavörður	1	X.	— 60 186
	Birgðavarzla og verkstjórn:			
	Aðalverkstjórar	5	VII	— 368 120
		27		kr. 2 056 898
13. B. I.	**Skipaútgerð ríkisins:**			
	Forstjóri	1	III.	kr. 109 630
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Aðalbókari	1	VII.	— 73 624
	Lögfræðingur	1	VII.	— 73 624
	Eftirlitsmenn	2	VIII.—XI.	— 124 462
	Gjaldkeri	1	VII.	— 73 624
	Fulltrúi	1	VIII.	— 68 950

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. B. I.	Innkaupastjóri	1	IX.	kr. 64 276
	Bókarar	9	IX.—X.—XI.	— 539 922
	Sendisveinar	3	U.	— 67 068
	Símavarzla og ræsting	2		— 63 810
	Ritarar	4	XIV.	— 185 405
	Verkstjóri	1	IX.	— 64 276
	Birgðaverðir	2	X.—XI.	— 120 372
		30		kr. 1 707 343
13. C. I.	**Vitamál:**			
	Vita- og hafnarmálastjóri	1	III.	kr. 99 920
	Verkfræðingar	5	U.	— 439 879
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Gjaldkeri	1	VIII.	— 68 950
	Bókarar	3	X.	— 166 580
	Ritari	1	XIII.	— 44 655
	Teiknarar	2	VII.—X.	— 115 304
	Áhaldavörður	1	VII.	— 73 624
	Efnisverðir	2	IX.	— 128 552
	Umsjónarmaður	1	IX.	— 64 275
	Viðgerðarmaður	1	IX.	— 64 275
	Aukavinna verkfræðinga			— 75 442
	Verkstjóri	1	IX.	— 64 276
		20		kr. 1 484 032
13. D. I.	**Flugmál:**			
	Flugráð:			
	Formaður Flugráðsmenn			kr. 79 830
	Skrifstofa:			
	Flugmálastjóri	1	IV.	— 92 323
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Aðalbókari	1	VIII.	— 68 950
	Fulltrúi	1	IX.	— 64 276
	Bókarar	2	VIII.—X.	— 129 136
	Ritari	1	XIII.	— 47 514
	Bifreiðarstjóri	1	XI.	— 55 512
	Húsvörður	1	XI.	— 55 512
		9		kr. 591 523
13. D. II.	**Reykjavíkurflugvöllur:**			
	Flugvallarstjórn:			
	Flugvallarstjóri	1	V.	kr. 85 311
	Bókari	1	VIII.	— 68 950
		2		kr. 154 261

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. D. II.	**Slökkvistöð:**			
	Slökkviliðsstjóri	1	VIII.	kr. 68 950
	Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1	IX.	— 64 276
	Slökkviliðsmenn	8	X.	— 481 488
		10		kr. 614 714
	Vélaverkstæði:			
	Verkstjóri	1	VIII.	kr. 68 950
	Birgðavörður	1	VIII.	— 68 950
	Vinnuvélastjóri	1	IX.	— 64 276
		3		kr. 202 176
	Trésmíðaverkstæði:			
	Yfirverkstjóri	1	IX.	kr. 64 276
	Verkstjóri	1	X.	— 60 186
		2		kr. 124 462
	Verklegar framkvæmdir:			
	Yfirverkstjóri	1	VII.	kr. 73 624
		1		kr. 73 624
	Rafmagnsverkstæði:			
	Rafvirki	1	IX.	kr. 64 276
		1		kr. 64 276
13. D. IV.	**Aðrir flugvellir:**			
	Flugvallastjórn:			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	kr. 85 311
	Gæzlumaður flughafna	1	VIII.	— 68 950
	Yfirverkstjóri	1	X.	— 60 186
		3		kr. 214 447
13. D. V.	**Flugöryggisþjónustan:**			
	Framkvæmdastjórn:			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	kr. 85 311
		1		kr. 85 311
13. D. V.	**Upplýsingaþjónustan:**			
	Varðstjóri	1	VII.	kr. 73 625
	Flugumferðastjóri	1	IX.	— 53 333
		2		kr. 126 958

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. D. V.	**Flugumferðarstjórn Reykjavíkur:**			
	Flugumferðarstjórar	12	VIII.	kr. 827 400
		12	VIII.	kr. 827 400
	Flugumferðarstjórn Akureyrar:			
	Varðstjóri	1	VIII.	kr. 68 950
	Flugumferðarstjóri	1	VIII.	— 68 950
	Aðstoðarflugumferðarstjóri	1	IX.	— 58 237
		3		kr. 196 137
	Flugumferðarstjórn Vestmannaeyja:			
	Flugumferðarstjórar	2	VIII.	kr. 137 900
		2		kr. 137 900
	Flugumferðarstjórn Egilsstaða:			
	Flugumferðarstjóri	1	VIII.	kr. 68 950
		1		kr. 68 950
	Radioverkstæðið, Reykjavík:			
	Deildarstjórar	2	VII.	kr. 147 248
	Verkstjórar	3	VIII.	— 206 850
	Radioviðgerðarmenn	6	IX.	— 385 654
		11		kr. 739 752
	Radioverkstæðið Akureyri:			
	Yfirverkstjóri	1	VIII.	kr. 68 950
		1		kr. 68 950
	Radioverkstæðið Egilsstöðum:			
	Radioviðgerðarmaður	1	IX.	kr. 64 276
		1		kr. 64 276
	ICAO-deild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	kr. 78 300
		1		kr. 78 300
	Loftferðaeftirlit:			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	kr. 85 310
	Fulltrúi	1	IX.	— 64 276
		2		kr. 149 586

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. D. XI.	**Alþjóðaflugþjónustan:**			
	Yfirflugumferðarstjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Varðstjórar	11	VII.	— 809 864
	Flugumferðarstjórar	3	VII.—VIII.	— 220 873
		15		kr. 1 109 037
13. D. III.	**Keflavíkurflugvöllur:**			
	Flugvallarstjórn:			
	Flugvallarstjóri	1	V.	kr. 85 311
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Fulltrúi	1	VIII.	— 68 950
	Gjaldkeri	1	VIII.	— 68 950
		4		kr. 301 511
	Flugumferðarstjórn:			
	Yfirflugumferðarstjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Varðstjórar	4	VII.	— 294 496
	Flugumferðarstjórar	10	VIII.	— 683 268
	Aðstoðarflugumferðarstjóri	1	IX.	— 54 087
		16		kr. 1 110 151
	Flugumsjón:			
	Yfirflugumsjónarmaður	1	VI.	kr. 78 300
	Varðstjórar	4	VII.	— 294 497
	Flugumsjónarmenn	6	VIII.—IX.	— 390 718
		11		kr. 763 515
	Flugvélaafgreiðsla:			
	Deildarstjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Eftirlitsmenn	5	VIII.	— 344 750
	Hleðslustjórar	8	IX.	— 494 207
	Afgreiðslustúlkur	5	IX.—XI.	— 268 115
		19		kr. 1 185 372
	Samanteknar launagr. vegna flugmála:			
	Flugráð			kr. 79 830
	Skrifstofa flugmálastjórnar			— 591 523
	Reykjavíkurflugvöllur			— 3 012 934
	Aðrir flugvellir			— 750 660
	Keflavíkurflugvöllur			— 3 360 549
	Alþjóðaflugþjónustan			— 1 336 923
				kr. 9 132 419

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. E.	**Veðurþjónusta:**			
	Innanlandsþjónusta:			
	Skrifstofa:			
	Forstjóri	1	IV.	kr. 92 323
	Skrifstofustjóri	1	VII.	— 73 624
	Ritari	1	XIV.	— 40 266
	Bréfritari	1	X.	— 60 186
	Bókari	1	IX.	— 64 276
	Veðurspádeild:			
	Deildarstjóri	1	V.	— 85 311
	Veðurfræðingar	3	VI.	— 234 900
	Aðstoðarmenn	6	X.	— 357 609
	Loftskeytadeild:			
	Deildarstjóri	1	VIII.	— 68 950
	Varðstjórar	4	VIII.	— 275 800
	Loftskeytamenn	5	IX.—X.	— 263 046
	÷ Laun loftskeytadeildar 60%			— 364 678
	Veðurfarsdeild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	— 78 300
	Aðstoðarmenn	2	X.	— 120 372
	Veðurfræðingur, ½ laun	1	VI.	— 39 150
	Jarðeðlisfræðideild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	— 78 300
	Áhaldadeild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	— 78 300
	Veðurfræðingur, ½ laun			— 39 150
	Bifreiðarstjóri	1	X.	— 60 186
	Áhaldavörður	1	VIII.	— 68 950
		33		kr. 1 814 321
	Flugveðurþjónusta:			
	Flugveðurstofan í Keflavík:			
	Deildarstjóri	1	V.	kr. 85 311
	Veðurfræðingar	6	VI.	— 469 800
	Aðstoðarmenn	10	X.	— 576 905
	Aukagreiðsla			— 12 000
	Háloftaathugunarstöðin í Keflavík:			
	Háloftsathugunarmenn	7	VIII.—IX.	— 477 976
	+ Laun loftskeytadeildar 60%			— 364 678
		24		kr. 1 986 670

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. F. I.	**Ferðaskrifstofa ríkisins:**			
	Forstjóri	1	IV.	kr. 92 323
	Fulltrúar	2	VIII.	— 137 900
	Afgreiðslumenn	2	XI.—XIII.	— 96 999
	Verzlunarstjóri	1	VII.	— 73 624
	Aðalgjaldkeri	1	IX.	— 64 276
		7		kr. 465 122
13. F. II.	**Skipaskoðun ríkisins:**			
	Skipaskoðunarstjóri	1	V.	kr. 85 310
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Skoðunarmenn	4	X.	— 240 744
	Bókari	1	X.	— 60 186
	Eftirlitsmenn	4	U.	— 172 096
	Vélaeftirlitsmaður	1	VII.	— 73 625
	Aukaaðstoð			— 12 500
	Skipaeftirlitsmaður	1	VII.	— 73 624
		13		kr. 796 385
13. F. III.	**Stýrimannaskólinn:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Kennarar	5	VIII.	— 326 051
		6		kr. 404 351
13. F. IV.	**Sjómannaskólahúsið:**			
	Húsvörður	1	XII.	kr. 52 274
		1		kr. 52 274
13. F. V.	**Matsveina- og veitingaþjónaskólinn:**			
	Forstöðumaður	1	VII.	kr. 73 624
	Kennari	1	IX.	— 64 276
		2		kr. 137 900
14. A. I.	**Kennslumál:**			
	Háskólinn:			
	Rektor	1	III.	kr. 99 920
	Prófessorar	34	II.—IV.	— 3 156 200
	Háskólabókavörður	1	IV.	— 92 323
	Dósentar	16		— 560 534
	Lektorar			— 100 000
	Aukakennarar	7		— 282 000
	Íþróttakennari	1	VII.	— 73 624
	Háskólaritari	1	VI.	— 78 300
	Fulltrúi	1	IX.	— 64 276
	Ritari	1	XIII.	— 47 514

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. A. I.	Húsvörður	1	XII.	kr. 52 274
	Sendikennarar	6		— 102 066
		70		kr. 4 709 031
14. A. I. b.	**Tilraunastöð Háskólans á Keldum:**			
	Forstöðumaður	1	IV.	kr. 92 323
	Efnafræðingur	1	VI.	— 78 300
	Sérfræðingur	1	VI.	— 78 300
	Dýralæknir	1	VI.	— 78 300
	Aðstoðarmenn	5	VIII.—X.	— 307 356
	Bókari	1	X.	— 60 186
	Ráðsmaður	1	X.	— 60 186
	Bifreiðarstjóri	1	X.	— 60 186
		12		kr. 815 137
14. A. III.	**Fræðslumálaskrifstofan:**			
	Fræðslumálastjóri	1	III.	kr. 99 920
	Íþróttafulltrúi	1	VII.	— 73 624
	Fulltrúar	4	VII.	— 368 120
	Ritarar	2	XIII.—XIV.	— 85 872
	Bókari	1	X.	— 60 186
	Bókafulltrúi	1	VII.	— 73 624
		10		kr. 761 346
14. A. IV.	**Menntaskólinn í Reykjavík:**			
	Rektor	1	V.	kr. 85 310
	Kennarar	25	VI.—VII.	— 1 888 684
	Húsvörður	1	XII.	— 52 274
	Bókari	1	X.	— 60 186
		28		kr. 2 086 454
14. A. V.	**Menntaskólinn á Akureyri:**			
	Skólameistari	1	V.	kr. 85 310
	Kennarar	14	VI.—VII.	— 980 495
	Söngkennsla (½ laun)			— 36 812
	Dyravörður	1	XII.	— 52 274
		16		kr. 1 154 891
14. A. VI.	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**			
	Skólameistari	1	V.	kr. 85 310
	Kennarar	6	VII.	— 437 218
		7		kr. 522 528

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. A. VII.	**Kennaraskólinn:**			
	Skólastjóri	1	V.	kr. 85 310
	Kennarar	11		— 809 864
	Húsvarzla			— 14 575
		12		kr. 909 749
	Handavinnudeild:			
	Kennarar	3	VII.	kr. 220 873
		3		kr. 220 873
14. A. VIII.	**Vélskólinn í Reykjavík:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Kennarar	6	VIII.	— 395 001
		7		kr. 473 301
14. A. IX.	**Iðnskólar:**			
	Iðnskólinn í Reykjavík	16	V.—VIII.	kr. 982 832
	Iðnskólar utan Reykjavíkur	6		— 319 749
		22		kr. 1 302 581
	Listiðnaðardeild Handíðaskólans:			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 78 300
		1		kr. 78 300
14. A. X.	**Almenn barnafræðsla:**			
	1. Skólastjórar og kennarar í Reykjavík	274	VI.—IX.	kr. 15 849 746
	2. Skólastjóri og kennarar á Akranesi	18	VII.—IX.	— 1 003 204
	3. Skólastjóri og kennarar á Ísafirði	13	VII.—IX.	— 651 156
	4. Skólastjóri og kennarar á Sauðárkróki	5	VIII.—IX.	— 279 908
	5. Skólastjóri og kennarar á Siglufirði	12	VII.—IX.	— 731 095
	6. Skólastjóri og kennarar á Ólafsfirði	5	VIII.—IX.	— 247 021
	7. Skólastjórar og kennarar á Akureyri	38	VI.—IX.	— 2 252 678
	8. Skólastjóri og kennarar á Húsavík	7	VIII.—IX.	— 398 928
	9. Skólastjóri og kennarar á Seyðisfirði	5	VIII.—IX.	— 288 431
	10. Skólastjóri og kennarar í Neskaupstað	7	VIII.—IX.	— 405 994
	11. Skólastjóri og kennarar í Vestmannaeyjum	19	VII.—IX.	— 1 024 612
	12. Skólastjóri og kennarar í Keflavík	21	VII.—IX.	— 1 050 026
	13. Skólastjóri og kennarar í Hafnarfirði	28	VI.—IX.	— 1 564 695

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. A. X.	14. Skólastjórar og kennarar í Kópavogi	29	VI.—IX.	kr. 1 651 288
	15. Skólastjórar og kennarar í föstum skólum utan kaupstaða	291	VIII.—IX.	—15 509 493
	16. Farskólakennarar	75	IX.	— 2 758 211
	17. Forfalla- og orlofskennarar	14		— 724 000
		861		kr.46 390 486
14. A. XI.	**Gagnfræðamenntun:**			
	1. Eiðaskóli, skólastjóri og kennarar	7	VI.—VIII.	kr. 473 325
	2. Reykholtsskóli	6	VI.—VIII.	— 394 321
	3. Núpsskóli	5	VI.—VIII.	— 341 635
	4. Reykjanesskóli	5	VII.—VIII.	— 168 026
	5. Reykjaskóli	5	VI.—VIII.	— 327 514
	6. Laugaskóli	7	VI.—VIII.	— 474 762
	7. Skógaskóli	6	VI.—VIII.	— 423 050
	8. Laugarvatnsskóli	6	VI.—VIII.	— 404 840
	9. Gagnfræðaskólar í Reykjavík	198	VI.—VIII.	—12 880 822
	10. Gagnfræðaskólinn á Akranesi	12	VII.—VIII.	— 775 790
	11. Gagnfræðaskólinn á Ísafirði	10	VI.—VIII.	— 665 524
	12. Gagnfræðaskólinn á Siglufirði	8	VII.—VIII.	— 531 347
	13. Gagnfræðaskólinn á Akureyri	22	VI.—VIII.	— 1 465 877
	14. Gagnfræðaskólinn á Húsavík	4	VIII.	— 266 452
	15. Gagnfræðaskólinn í Neskaupstað	3	VIII.	— 189 713
	16. Gagnfræðaskólinn í Vestmannaeyj.	12	VII.—VIII.	— 672 239
	17. Gagnfræðaskólinn í Keflavík	14	VI.—VIII.	— 744 045
	18. Gagnfræðaskólinn í Hafnarfirði	19	VI.—VIII.	— 1 199 422
	19. Miðskólinn í Borgarnesi	2	VIII.	— 137 900
	20. Miðskólinn í Stykkishólmi	2	VIII.	— 134 785
	21. Miðskólinn á Sauðárkróki	4	VII.—VIII.	— 256 518
	22. Miðskólinn á Selfossi	5	VIII.	— 320 795
	23. Miðskólinn í Hveragerði	3	VIII.	— 188 154
	24. Unglingaskólar	29	VIII.	— 1 756 546
	25. Forfalla- og orlofskennarar fyrir gagnfræðastigið	10		— 596 020
		403		kr.25 789 422
XIII.	**Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum:**			
	1. Húsmæðrakennaraskólinn, skólastjóri og kennarar	3	VI.—VIII.	kr. 213 084
	2. Húsmæðraskólinn í Reykjavík	6	VIII.—IX.	— 390 330
	3. Húsmæðraskólinn á Ísafirði	4	VIII.—IX.	— 249 702
		13		kr. 853 116
XIV.	**Íþróttakennaraskólinn**	2	VI.—VIII.	kr. 147 250
XV.	**Málleysingjaskólinn**	4	VII.—VIII.	— 270 002
XXXIII.	**Námsstjórar**	9	VI.	— 704 400
XXXIV.	**Endurskoðun skólakostnaðar**	5	V., VII., XIII.	— 292 745

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. B. I.	**Landsbókasafnið:**			
	Landsbókavörður	1	V.	kr. 85 310
	Bókaverðir	8	VII.	— 578 051
	Ritari	1	XIII.	— 47 514
	Laun staðgengils	1		— 50 000
		11		kr. 760 875
14. B. II.	**Þjóðskjalasafnið:**			
	Þjóðskjalavörður	1	V.	kr. 85 310
	Skjalaverðir	4	VII.	— 294 497
	Æviskrárritari	1	VII.	— 73 624
	Ritari	1	XIII.	— 45 226
		7		kr. 498 657
14. B. III.	**Þjóðminjasafnið:**			
	Þjóðminjavörður	1	V.	kr. 85 310
	Minjaverðir	2	VII.	— 138 192
	Bókari	1	X.	— 60 186
	Húsvörður	1	XII.	— 52 274
		5		kr. 335 962
14. B. IV.	**Listasafn ríkisins:**			
	Safnvörður	1	VII.	kr. 73 624
		1		kr. 73 624
14. B. V.	**Náttúrugripasafnið:**			
	Forstöðumaður	1	V.	kr. 85 310
	Deildarstjórar	2	VI.	— 156 600
	Sérfræðingur	1	VI.	— 78 300
	Bókari	1	X.	— 60 186
	Hamskeri	1	VII.	— 73 625
	Ritari	1	XIV.	— 38 359
		7		kr. 492 380
14. B. IX.	**Safnahúsið:**			
	Dyravörður	1	XII.	kr. 52 274
		1		kr. 52 274
15. I.	**Kirkjumál:**			
	Biskupsembættið:			
	Biskup	1	III.	kr. 99 920
	Biskupsritari	1	VI.	— 78 300
	Bókari	1	XI.	— 55 512
		3		kr. 233 732

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
15. II.	Embætti sóknarpresta og prófasta	120	VI.—VIII.	kr. 8 538 174
		120		kr. 8 538 174
15. III.	**Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:**			
	Söngmálastjóri	1	VI.	kr. 78 300
		1		kr. 78 300
16. A. 26.	**Sandgræðslan:**			
	Sandgræðslustjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Ráðsmaður	1	VIII.	— 68 950
	Sandgræðsluverðir		U.	— 33 000
		2		kr. 180 250
A. 29.	**Skógræktin:**			
	Skógræktarstjóri	1	V.	kr. 85 310
	Skógfræðingur	1	VI.	— 78 300
	Tilraunastjóri	1	VI.	— 78 300
	Skógarverðir (3 á ½ launum)	6	X.	— 428 022
		9		kr. 669 932
A. 30.	**Veiðimál:**			
	Veiðimálastjóri	1	V.	kr. 85 310
	Fulltrúi	1	X.	— 60 186
		2		kr. 145 496
A. 35.	**Dýralæknar:**			
	Yfirdýralæknir	1	V.	kr. 85 310
	Dýralæknar	12	VIII.—X.	— 762 791
		13		kr. 848 101
A. 46. a.	**Bændaskólinn á Hólum:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Kennarar	3	VIII.	— 206 850
		4		kr. 285 150
46. b.	**Bændaskólinn á Hvanneyri:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Kennarar	4	VIII.	— 275 800
		5		kr. 354 100
46. c.	**Garðyrkjuskólinn á Reykjum:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 78 300
	Kennarar og aukakennsla	3	VIII.—XIII.	— 152 967
		4		kr. 231 267

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
16. A. 47.	a. Húsmæðraskólinn, Varmalandi	4	VIII.—IX.	kr. 261 778
	b. Húsmæðraskólinn, Staðarfelli	3	VIII.—IX.	— 176 076
	c. Húsmæðraskólinn, Blönduósi	5	VIII.—IX.	— 286 659
	d. Húsmæðraskólinn, Löngumýri	4	VIII.—IX.	— 248 707
	e. Húsmæðraskólinn, Laugalandi	4	VIII.—IX.	— 261 778
	f. Húsmæðraskólinn, Laugum	4	VIII.—IX.	— 261 778
	g. Húsmæðraskólinn, Hallormsstað ...	3	VIII.—IX.	— 176 076
	h. Húsmæðraskólinn, Laugarvatni	3	VIII.—IX.	— 189 253
	i. Orlofs- og forfallakennarar			— 55 220
		30		kr. 1 917 325
16. B.	**Fiskmat:**			
	Fiskmatsstjóri	1	V.	kr. 85 310
	Fulltrúi	1	VIII.	— 68 950
	Yfirfiskmatsmenn	11	VIII.	— 758 450
	Ritari	1	XIII.	— 47 514
	Umsamin aukaþóknun			— 21 600
		14		kr. 981 824
16. C.	**Öryggiseftirlit:**			
	Öryggismálastjóri	1	V.	kr. 85 310
	Öryggiseftirlitsmenn	2	VI.—VII.	— 151 925
	Skoðunarmenn	3	IX.—X.	— 188 738
	Bókari	1	X.	— 60 186
		7		kr. 486 159
16. D.	**Raforkumál:**			
	Skrifstofa raforkumálastjóra:			
	Raforkumálastjóri	1	III.	kr. 99 920
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 78 300
	Fulltrúi	1	VIII.	— 68 950
	Aðalbókari	1	VII.	— 73 624
	Gjaldkeri	1	VII.	— 73 624
	Bókarar	3	IX.—XI.—XII.	— 170 540
	Hagfræðingur	1	VII.	— 73 624
	Umsjónarmaður	1	VIII.	— 68 950
	Ritarar	3	XIII.	— 137 965
	Skjalavörður	1	IX.	— 64 276
	Sendisveinn	1	U.	— 32 246
		15		kr. 942 019
16 D.	**Orku- og vatnamáladeild:**			
	Deildarverkfræðingur	1	U.	kr. 114 154
	Fulltrúi	1	VII.	— 73 624
	Verkfræðingar	3	U.	— 295 546
	Teiknari	1	IX.	— 64 276

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
	Vatnamælingamaður	1	VII.	kr. 73 624
	Landmælingamaður	1	VII.	— 73 624
		8		kr. 694 848
	Rafmagnseftirlit ríkisins:			
	Rafmagnseftirlitsstjóri	1	V.	kr. 85 310
	Skoðunarmenn	5	IX.	— 321 380
	Bókari	1	IX.	— 64 276
	Ritari	1	XIII.	— 47 514
	Verkfræðingur	1	U.	— 99 492
		9		kr. 617 972
	Jarðhitadeild:			
	Yfirverkfræðingur	1	U.	kr. 118 601
	Verkfræðingur	1	U.	— 114 153
		2		kr 232 754
	Rafmagnsveitur ríkisins:			
	Rafmagnsveitustjóri	1	IV.	kr 92 323
	Deildarverkfræðingar	2	U.	— 228 306
	Birgðavörður	1	IX.	— 64 276
	Verkfræðingar	3	U.	— 306 423
	Deildarstjóri	1	VI.	— 78 300
	Raffræðingar	5	VII.	— 368 120
	Verkstjórar	7	VIII.—IX.—X.	— 451 100
	Bifreiðarstjóri	1	XI.	— 55 512
	Byggingafræðingur	1	VII.	— 73 624
	Rafvirkjar	2	IX.—X.	— 124 462
	Bókarar	3	X.—XI.	— 175 884
	Línumenn	2	XI.	— 111 024
	Vélgæzlumaður	1	IX.	— 64 276
	Rafveitustjórar	5	VII.	— 368 120
	Fulltrúi	1	VIII.	— 68 950
		36		kr. 2 630 700
16. E. I.	**Atvinnudeild háskólans:**			
	Iðnaðardeild:			
	Deildarstjóri	1	U.	kr. 97 442
	Efnafræðingar	4	U.	— 350 419
	Gerlafræðingar	2	VI.	— 156 600
	Jarðfræðingur	1	VI.	— 78 300
	Aðstoðarmenn	7	VIII.-X.-XIII.	— 404 944
	Verkfræðingar	2	U.	— 169 454
	Umsamin aukaþóknun sérfræðinga			— 140 684
		17		kr. 1 397 843

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
	Fiskideild:			
	Deildarstjóri	1	V.	kr. 85 310
	Sérfræðingar	7	VI.	— 558 385
	Aðstoðarmenn	12	VIII.—X.	— 702 545
	Ritari	1	XIV.	— 44 081
	Umsamin aukaþóknun sérfræðinga			— 97 612
		21		kr. 1 487 933
16. E. I.	**Landbúnaðardeild:**			
	Deildarstjóri (½ laun)			kr. 56 868
	Tilraunastjóri	1	VI.	— 78 300
	Sérfræðingar	8	VI.	— 636 685
	Aðstoðarmenn	2	VIII.—X.	— 129 136
	Umsamin aukaþóknun sérfræðinga			— 122 147
		11		kr. 1 023 136
	Sameiginlegur kostnaður:			
	Skrifstofustjóri	1	VII.	kr. 73 624
	Ritarar	3	XI.—XIII.	— 150 540
	Aðstoðarmaður	1	IX.	— 64 275
	Umsamin aukaþóknun			— 12 153
		5		kr. 300 592
16. E. II.	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	kr. 85 310
	Ráðsmeðlimir		U.	— 34 536
	Umsamin aukaþóknun til framkvæmdastj.			— 15 802
	Bókari	1	X.	— 60 186
		2		kr. 195 834
16. E. III.	**Löggildingarstofan:**			
	Forstjóri	1	VIII.	kr. 68 950
	Aðstoðarmenn	4	XI.	— 222 048
		5		kr. 290 998
17. I. 1.	**Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:**			
	Nefndarmenn			kr. 27 000
	Skipulagsstjóri	1	IV.	— 92 323
	Arkitektar	2	VI.	— 156 600
	Verkfræðingar	2	U.	— 170 899
	Ritari	1	XII.	— 48 095
		6		kr. 494 917
	Húsnæðismálastofnun ríkisins:			
	Nefndarmenn			kr. 178 600
	Framkvæmdastjóri	1		— 92 323
		1		kr. 270 923

Sþ. **2. Frumvarp til fjáraukalaga** [2. mál]

fyrir árið 1958.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1958, eru veittar kr. 140 979 368.36 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	5 783 560.00
	af kr. 6 996 438.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
2.	Síminn	—	11 159 931.10
	en tekjur fóru kr. 8 758 885.12 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	5 030 421.43
	af kr. 27 151 743.80 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	974 373.25
	af kr. 19 284 606.78 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	2 960 564.48
	en tekjur fóru kr. 1 923 303.26 fram úr fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	54 864.41
	en tekjur fóru kr. 30 360.76 fram úr fjárlagaáætlun.		
7.	Innkaupastofnun ríkisins	—	53 398.03
	af kr. 361 479.23 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Vífilsstaðabú	—	56 134.69
	en tekjur fóru kr. 54 775.70 fram úr fjárlagaáætlun.		
9.	Kópavogsbú	—	7 360.78
	af kr. 41 108.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Skólabúið á Hólum	—	335 573.76
	en tekjur fóru kr. 307 048.56 fram úr fjárlagaáætlun.		
11.	Skólabúið á Hvanneyri	—	371 109.27
	en tekjur fóru kr. 366 719.62 fram úr fjárlagaáætlun.		
12.	Skólabúið á Reykjum	—	239 969.93
	af kr. 396 904.47 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
		kr.	27 027 261.13

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	8.	gr.		eru	veittar	kr.	62 966.69
—	—	—	—	-	10.	—		—	—	—	3 540 299.60
—	—	—	—	-	11.	—	A.	—	—	—	12 363 708.31
—	—	—	—	-	11.	—	C.	—	—	—	3 129 532.57
—	—	—	—	-	11.	—	D.	—	—	—	387 570.14
—	—	—	—	-	12.	—		—	—	—	5 022 002.62
—	—	—	—	-	13.	—	A.	—	—	—	12 406 756.16
—	—	—	—	-	13.	—	C.	—	—	—	424 121.62
—	—	—	—	-	13.	—	D.	—	—	—	614 842.16
—	—	—	—	-	14.	—	A.	—	—	—	192 320.32
—	—	—	—	-	14.	—	B.	—	—	—	4 296 713.10
—	—	—	—	-	15.	—	A.	—	—	—	341 013.22
—	—	—	—	-	15.	—	B.	—	—	—	480 121.59
—	—	—	—	-	16.	—	B.	—	—	—	2 172 025.24
—	—	—	—	-	16.	—	C.	—	—	—	57 947.25

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	16.	gr. D.	eru	veittar	kr.	3 196 290.67
—	—	—	—	-	17.	—	—	—	—	2 330 095.49
—	—	—	—	-	18.	—	—	—	—	3 720 056.55
—	—	—	—	-	19.	— 2.	—	—	—	8 449 706.50
									kr.	90 215 350.93
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar									—	50 764 017.43
Inn fóru kr. 17 633 839.06 fram úr fjárlagaáætlun.										
									Samtals kr.	140 979 368.36

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1958. Þeir leggja til að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1958 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1958.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1961 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Gjöld samkv. lögum nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1961 innheimta þannig:

a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1960, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1961, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1961, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.

b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.

Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

4. gr.

Lög nr. 90 1954, um tollskrá o fl., breytast þannig á árinu 1961:

I. Innheimta skal:

A. Vörumagnstoll með þessum hækkunum:

a. Af benzíni öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað eins eyris.

b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

B. Verðtoll með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

Innheimta skal og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskrá og hækkunum samkv. þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1961.

II. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2, kaffi óbrennt eða brennt og malað.
—	10	nr. 1—7, korn, ómalað.
—	11	nr. 1—12, mjöl og grjón.
—	17	nr. 1—6, sykur.
—	22	nr. 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	nr. 1—9, tóbak.
—	25	nr. 10, salt.
—	27	nr. 1—4, kol.
—	27	nr. 14, steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar.

III. Heimilt skal að fella niður aðflutningsgjöld af:

a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.

b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.

c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.

e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1961.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1961 með sömu viðaukum og verið hefir undanfarin ár. Enn fremur er gert ráð fyrir að haldist heimild sú er verið hefir til að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum nauðsynjavörum. — Er ákvæði um þetta efni nú að finna í lögum nr. 67/1959. Þess er þó að geta, að nokkur ákvæði um gjaldviðauka í áðurgreindum lögum voru tekin upp í lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, sbr. 17., 19. og 20. gr. þeirra laga, og

nær þetta frv. auðvitað eigi til þeirra. Þá falla og niður ákvæði um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, þar eð sett hafa verið ný lög um söluskatt.

Gjaldviðauki á skipaskoðunargjöld er ekki tekinn í frv., því að þau gjöld hafa nú verið ákveðin í reglugerð nr. 7/1960.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1958 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga ..	kr. 623 400 000.00	kr. 687 396 896.30
2.	— —	3. — A.	— ..	— 172 753 000.00	— 212 961 097.06
3.	— —	3. — B.	— ..	— 10 000.00	— 37 159.01
4.	— —	4. —	— ..	— 2 000 000.00	— 2 342 700.55
5.	— —	5. —	— ..	— 6 500 000.00	— 10 925 918.04
6.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.	fjárlaga	— 2 450 000.00	— 50 353 076.44
				kr. 807 113 000.00	kr. 964 016 847.40

	Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga ..	kr. 4 882 521.00	kr. 3 648 648.67
2.	— —	8. —	— ..	— 1 111 660.00	— 1 174 626.69
3.	— —	9. —	— ..	— 7 052 797.00	— 8 122 750.30
4.	— —	10. — I.	— ..	— 12 483 233.00	— 14 288 240.82
5.	— —	10. — II.	— ..	— 2 065 887.00	— 2 029 031.64
6.	— —	10. — III.	— ..	— 9 216 282.00	— 10 988 429.14
7.	— —	11. — A.	— ..	— 46 098 826.00	— 58 462 534.31
8.	— —	11. — B.	— ..	— 3 449 489.00	— 2 744 173.05
9.	— —	11. — C.	— ..	— 20 727 977.00	— 23 857 509.57
10.	— —	11. — D.	— ..	— 1 050 000.00	— 1 437 570.14
11.	— —	12. —	— ..	— 55 590 952.00	— 60 612 954.62
12.	— —	13. — A.	— ..	— 70 895 020.00	— 83 301 776.16
13.	— —	13. — B.	— ..	— 18 858 600.00	— 15 147 568.79
14.	— —	13. — C.	— ..	— 18 935 630.00	— 19 359 751.62
15.	— —	13. — D.	— ..	— 6 059 257.00	— 6 674 099.16
16.	— —	14. — A.	— ..	— 12 861 566.00	— 13 053 886.32
17.	— —	14. — B.	— ..	— 122 792 176.00	— 127 088 889.10
18.	— —	15. — A.	— ..	— 9 737 471.00	— 10 078 484.22
19.	— —	15. — B.	— ..	— 12 277 972.00	— 12 758 093.59
20.	— —	16. — A.	— ..	— 69 203 509.00	— 68 925 711.73
21.	— —	16. — B.	— ..	— 11 547 128.00	— 13 719 153.24
22.	— —	16. — C.	— ..	— 3 280 000.00	— 3 337 947.25
23.	— —	16. — D.	— ..	— 30 345 449.00	— 33 541 739.67
24.	— —	17. —	— ..	— 106 393 684.00	— 108 723 779.49

25.	Gjöld samkvæmt 18. gr. fjárlaga ..	kr.	21 081 135.00	kr.	24 801 191.55
26.	— — 19. — 1. — ..	—	40 000 000.00	—	213 795.06
27.	— — 19. — 2. — ..	—	3 100 000.00	—	11 549 706.50
28.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	85 782 259.00	—	197 081 668.70
	Greiðslujöfnuður	—	232 520.00	—	27 293 136.30
		kr.	807 113 000.00	kr.	964 016.847.40

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1958, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Ed. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 14 4. apríl 1955 orðist svo (þ. e. a-liður 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933):

Hlutatalan skal ákveðin í reglugerð, sbr. 6. gr., og skiptist hún í 12 flokka á ári hverju, en dráttur fer fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 26 24. apríl 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkv. tilmælum Háskóla Íslands.

Í lögum nr. 26 24. apríl 1957 er hlutatala í happdrætti háskólans tiltekin 55 000 hið mesta. Í lögum nr. 18/1959 um Vöruhappdrætti S.Í.B.S er hámarkshlutatala einnig tilgreind, og er þar miðað við 65 000 hlutamiða. Í lögum nr. 71/1954 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna er hlutatala hins vegar ekki ákveðin í lögunum, heldur veltur hún á ákvörðun fjármálaráðuneytisins. Hlutamiðar hjá happdrætti háskólans eru á þessu starfsári 55 000, og hefur happdrættisstjórnin mælzt til þess að fá heimild til fjölgunar á hlutamiðum. Þykir eðlilegt að verða við þeim tilmælum, en hins vegar mun haganlegast að skipa þessu máli með reglugerðarákvæði, svo sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 71/1954 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og er það efni frumvarps þessa að mæla svo fyrir. Önnur breyting á gildandi lögum felst ekki í því.

Nd. **6. Frumvarp til laga** [6. mál]

um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita Friedrich Karl Lüder verkfræðingi, Kiel, Þýzkalandi, leyfi til þess að reka atvinnu í Hafnarfirði, sem nauðsynleg er í sambandi við vinnslu hraunefnis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi gjört samninga við Friedrich Karl Lüder verkfræðing, Kiel, Þýzkalandi, um vinnslu hraunefnis í landi kaupstaðarins, en slík vinnsla hefur í för með sér atvinnurekstur hér á landi. Eigi er heimild í lögum til þess að veita útlendingum leyfi til atvinnurekstrar í landinu, nema þeir séu þar heimilisfastir. Þar eð umræddur Friedrich Karl Lüder á ekki lögheimili hér á landi, ber brýna nauðsyn til þess, að heimild sé gefin í þessu sérstaka tilfelli, til þess að veita atvinnurekstrarleyfi, þó að atvinnurekandi sé ekki heimilisfastur hér á landi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita Friedrich Karl Lüder verkfræðingi, Kiel, Þýzkalandi, leyfi til þess að reka atvinnu í Hafnarfirði, sem nauðsynleg er í sambandi við vinnslu hraunefnis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

Nd. **7. Frumvarp til laga** [7. mál]

um löggildingu bifreiðaverkstæða.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Dómsmálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að á tilteknum stöðum á landinu eða á landinu öllu megi ekki inna af hendi viðgerðar- eða viðhaldsstörf á bifreiðum eða bifhjólum, gegn greiðslu, hvorki almennar viðgerðir né sérviðgerðir, nema á verkstæðum, sem öðlazt hafa til þess löggildingu Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Úrskurðum Bifreiðaeftirlitsins í slíkum málum má áfrýja til ráðuneytisins.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. gr. þarf þó ekki til reksturs þjónustustöðva, sem annast daglegt eftirlit og minni háttar viðhald bifreiða og bifhjóla.

3. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins skal fylgjast með því, að löggilt bifreiðaverkstæði fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir löggildingu.

4. gr.

Löggilding bifreiðaverkstæðis felur ekki í sér heimild til að láta aðra en þá, sem iðnréttindi hafa, vinna þau störf, sem vernduð eru með lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, með síðari breytingum.

5. gr.

Með reglugerð, er ráðherra setur, skal kveða á um, hvaða skilyrði löggilt bifreiðaverkstæði skuli uppfylla, að því er varðar starfslið, verkstjórn, húsnæði, búnað og reikningshald, um form löggildingarumsóknar og meðferð, afturköllun löggildingar og annað það, er við kemur framkvæmd laga þessara, þar á meðal hvaða starfsemi falli undir 2. gr. laganna.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10 000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarmálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Félags bifreiðaverkstæðaeigenda og Félags bifvélavirkja.

Framangreind samtök hafa um skeið unnið að athugun máls þessa og meðal annars notið í því efni tæknilegra upplýsinga og leiðbeininga norska verkfræðingsins Johans Meyer, er dvaldi hér á landi um hríð s. l. vetur, á vegum Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Nýlega hafa verið sett umferðarlög, þar sem lögfestar eru mun meiri kröfur en áður til gerðar og búnaðar skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Hefur slíkt óhjákvæmilega í för með sér, að einnig verður að gera meiri kröfur til þeirra fyrirtækja, er taka að sér viðgerðir fyrir almenning og eftirlit með slíkum tækjum. Koma hér bæði til hagsmunir eigenda tækjanna og almennt öryggi í umferðarmálum.

Því þykir rétt að leggja til, að nokkurt eftirlit verði haft með verkstæðum, er taka að sér slík viðfangsefni fyrir almenning, og reynt að tryggja, að þau séu búin nauðsynlegum tækjum og rekstri þeirra að öðru leyti hagað þannig, að sem bezt samrýmist hagsmunum almennings.

Við samningu frumvarps þessa er höfð hliðsjón af þeim reglum, sem um þessi mál gilda í Noregi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skulu gefnar eftirgreindar skýringar:

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðuneytið ákveði hvar og í hve ríkum mæli verkstæði þurfi löggildingu til að vinna megi þar hin ýmsu viðgerðar- eða viðhaldsstörf bifreiða og bifhjóla, þar sem eðlilegt þykir, að ráðherra sá, sem fer með bifreiða- og umferðarmál, fjalli um þessi mál, enda heyrir Bifreiðaeftirlit ríkisins, sem ætlað er að veita löggildingar og hafa aðaleftirlit með framkvæmd laganna, undir dómsmálaráðuneytið.

Með orðinu „sérviðgerðir“ er átt við t. d. viðgerðir á rafkerfi bifreiða o. þ. h. og er lagt til, að til slíkra sérviðgerða sé einnig heimilt að krefjast löggildingar verkstæðis.

Um 2. gr.

Eðlilegt þykir að undanþiggja þjónustustöðvar, sem annast daglegt eftirlit ökutækja og vandalitla viðhaldsvinnu, svo sem smurningu, áfyllingu brennsluefnis, sýru eða vatns á rafhlöður, hreinsun bifreiðar og annað slíkt, sem telja verður vanalegt, að eigandi bifreiðar eða bifreiðarstjóri vinni, en stundum er þó gert á sérstökum þjónustustöðvum.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að nánar verði kveðið á um framkvæmd eftirlits með bifreiðaverkstæðum í reglugerð, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Eðlilegt virðist, að maður sá, sem eftirlitið annast, sé meistari í bifvélavirkjun, enda æskilegt, ef við verður komið, að hann hafi nokkra reynslu sem starfsmaður á bifreiðaverkstæði.

Um 4. gr.

Löggilding sú, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, hnígur fyrst og fremst í þá átt, að gerðar verði strangari kröfur til húsnæðis og tækja á verkstæðunum sjálfum, en að sjálfsögðu felur frumvarpið ekki í sér neina breytingu á einkarétti faglærðra iðnaðarmanna til að leysa af hendi hin faglegu störf, né er heldur ætlunin að takmarka þá möguleika, sem verkstæðin nú hafa til þess að láta ófaglærða aðstoðarmenn leysa af hendi einföld störf.

Um 5. gr.

Í reglugerð þeirri, sem gert er ráð fyrir í greininni, myndu m. a. verða ákvæði um menntun og réttindi starfsmanna, húsrými og lágmarkskröfur um véla- og tækjabúnað löggiltra bifreiðaverkstæða. Einnig yrði þar nánar skilgreint hvaða starfsemi fellur undir þjónustu þá, sem um getur í 2. gr. frumvarpsins, og hver mörk eru milli þjónustustöðva og bifreiðaverkstæða.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Talið er nauðsynlegt að gefa bifreiðaverkstæðum hæfilegan frest til þess að koma á hjá sér nauðsynlegum breytingum og afla sér tækja þeirra, sem eru skilyrði til löggildingar.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands (IMSÍ) er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með iðnaðarmál.

2. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Formann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar, en eftirtalin félagasamtök skulu hvert um sig tilnefna einn mann í stjórnina:

Alþýðusamband Íslands,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands,
Landssamband iðnaðarmanna,
Samband ísl. samvinnufélaga,
Verzlunarráð Íslands,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra skipar varaformann úr hópi aðalstjórnarmanna.

3. gr.

Stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands ræður stofnuninni framkvæmdastjóra, að fengnu samþykki ráðherra, er ákveður laun hans.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki stjórnar stofnunarinnar og ráðherra, sem ákveður laun þess, að fengnum tillögum stjórnar og framkvæmdastjóra.

4. gr.

Markmið Iðnaðarmálastofnunar Íslands er að efla framfarir í iðnaði hér á landi og stuðla að aukinni framleiðni í íslenzku atvinnulífi með þeim hætti, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stofnunin skal vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnað varða. Hún skal leitast við að efla samvinnu framleiðenda, stofnana og félagasamtaka til framfara í íslenzkum iðnaði og vörudreifingu og hafa náið samstarf við þá aðila um slík mál.

5. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal annast skipulagningu og stjórn stöðlunarmála, hafa forgöngu um samningu, útbreiðslu og útgáfu íslenzkra staðla og vera forustuaðili á Íslandi í öllu, er að stöðlun lýtur.

6. gr.

Stofnuninni skal heimilt að taka að sér tiltekin verkefni til fyrirgreiðslu hagkvæmni í rekstri og aukinnar framleiðni, fyrir hvern þann aðila, er til hennar leitar, enda komi fullt gjald fyrir samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Skulu slík mál vera trúnaðarmál milli stofnunarinnar og þess, sem unnið er fyrir, og er stofnuninni óheimilt að skýra frá þeim, nema með samþykki aðila.

7. gr.

Reksturskostnaður Iðnaðarmálastofnunar Íslands, umfram reksturstekjur, greiðist úr ríkissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

8. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. febrúar 1954 skipaði þáv. iðnaðarmálaráðherra, Ingólfur Jónsson, 7 manna nefnd „til þess að semja lög og reglur fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands". Skyldi nefndin hafa skilað ráðuneytinu sameiginlegu áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Fullt samkomulag varð innan nefndarinnar um markmið stofnunarinnar og skipulag, og skilaði nefndin sameiginlegu áliti í frumvarpsformi á tilsettum tíma. Var það flutt á reglulegu Alþingi árið 1954, en varð ekki útrætt. Annað frumvarp til laga fyrir stofnunina var flutt á Alþingi árið eftir, en varð þá heldur eigi útrætt.

Hinn 15. júní 1955 gaf þáv. iðnaðarmálaráðherra út drög að starfsreglum fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands, til þess að haga störfum sínum eftir, þar til sett yrðu um hana sérstök lög. Eftir þessum starfsreglum var Iðnaðarmálastofnuninni stjórnað þar til 29. maí 1957 að þáv. iðnaðarmálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, setti stofnuninni nýjar starfsreglur, sem enn eru í gildi.

Með bréfi til Iðnaðarmálastofnunar Íslands, dags. 10. júní s. l., óskaði iðnaðarmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, þess, að stjórn stofnunarinnar léti semja frumvarp til laga fyrir stofnunina og yrði við meðferð málsins sérstaklega tekin til athugunar aðild Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sem hvorug eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar samkvæmt gildandi starfsreglum. Drög að frumvarpi til laga fyrir stofnunina bárust ráðuneytinu í byrjun septembermánaðar, og er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, samið í iðnaðarmálaráðuneytinu á grundvelli tillagna stjórnar Iðnaðarmálastofnunarinnar, með nokkrum breytingum. Er þess vænzt, að það geti orðið undirstaða að framtíðarskipan þessarar stofnunar.

Um gildi og þörf stofnunar, slíkrar sem Iðnaðarmálastofnunar Íslands, fyrir hinn unga og ört vaxandi iðnað landsmanna, þarf vart að fjölyrða. Um starfssvið hennar kunna hins vegar að vera skiptar skoðanir í einstökum atriðum, enda rétt sjónarmið, sem frá upphafi hefur ríkt hjá stjórn stofnunarinnar, að forðast beri að fella verkefni hennar um of í fastar skorður og sömuleiðis, að verkefnaval miðist við allan iðnað landsmanna án takmarkana. Þannig er ætlazt til að Iðnaðarmálastofnunin geti einbeitt sér að verulegu leyti að þeim verkefnum, sem hún álítur mesta þörf fyrir að vinna á hverjum tíma, án þess að starfskröftum hennar sé til fulls ráðstafað fyrirfram í fastaverkefni.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins:

Lagt er til, að nafn stofnunarinnar verði Iðnaðarmálastofnun Íslands, svo sem verið hefur frá upphafi, skammstafað IMSÍ. Til greina kæmi þó, að stytta nafn stofnunarinnar í Iðnaðarstofnun Íslands eða Iðnstofnun Íslands, og má athuga það við meðferð málsins.

Um 2. gr.

Sú breyting er hér gerð frá gildandi starfsreglum fyrir stofnunina. að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands fái aðild að stofnuninni. Er talið sjálfsagt að heildarsamtök vinnuveitenda og launþega verði í hópi þeirra

félagasamtaka annarra, sem tilnefna fulltrúa sína í stjórn stofnunarinnar. Í fyrri frv. um Iðnaðarmálastofnun Íslands var einnig gert ráð fyrir aðild tveggja framangreindra landssambanda.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að efni til þau sömu og í gildandi starfsreglum og í samræmi við það, sem gildir um hliðstæðar stofnanir.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í grein þessari, er höfuðmarkmið Iðnaðarmálastofnunar Íslands að efla framfarir í íslenzkum iðnaði og stuðla að aukinni framleiðni í íslenzku atvinnulífi. Framleiðni er nýtingarhlutfall milli ákveðins framleiðslumagns (eða verðmætis) og magns hinna ýmsu þátta framleiðslunnar, sem til þurfti til þess að skapa það framleiðslumagn, svo sem vinnu, fjármagns, fjárfestingar, orku, o. s. frv. Í daglegu tali er orðið ýmist notað í merkingunni „vinnuframleiðni", eða það hefur víðari merkingu, þ. e. a. s. heildarframleiðni, og er þá átt við, að aukning framleiðni sé í því fólgin, að framleiða meiri og/eða betri vöru með sama eða lækkuðum heildarkostnaði. Að því marki má að sjálfsögðu vinna eftir ýmsum leiðum. Hefur við nána athugun þótt henta betur að kveða á um það í reglugerð, eftir hvaða leiðum skuli unnið að því höfuðmarkmiði, sem áður er lýst, heldur en hafa þá upptalningu í lögunum sjálfum. Í fyrsta lagi verður sú upptalning vart tæmandi hvort sem er og auk þess er handhægara að laga reglugerð eftir breyttum aðstæðum heldur en sjálf lög stofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir, að í reglugerð verði í fyrstu kveðið á um, að Iðnaðarmálastofnun Íslands vinni að settu marki, m. a. að eftirtöldum leiðum:

a. Með því að láta framleiðendum og dreifendum í té tæknilegar og hagrænar leiðbeiningar, er miða að aukinni framleiðni og vöruvöndun. Enn fremur að safna og miðla upplýsingum um markaðsmál iðnaðarins.
b. Með því að fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, sem iðnað stunda og við vörudreifingu fást, leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun, m. a. um vélar, húsakynni, vinnutilhögun og meðferð hráefna.
c. Með því að rannsaka afköst í einstökum greinum iðnaðar og kynna niðurstöðurnar, svo að notum komi fyrir iðnfyrirtæki og tæknifræðsluna í landinu. Enn fremur að gera athuganir til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðar- og vörudreifingar.
d. Með því að annast athuganir vegna nýrra framleiðslugreina og áætlanagerð þar að lútandi, er þörf gerist, til endurbóta og aukinnar framleiðni.
e. Með því að vinna að aukinni fræðslu um iðnaðarmál, svo sem með útgáfu tímarits og leiðbeiningarita, starfrækslu tæknilegs bóka- og kvikmyndasafns og með námskeiða- og fyrirlestrahaldi.
f. Með því að hafa milligöngu um hagnýtingu erlendrar tækniaðstoðar í málum, sem snerta starfsemi stofnunarinnar, m. a. m. aðild af Íslands hálfu að samstarfi Evrópuþjóða í framleiðni-, tækni- og markaðsmálum, og með því að hafa samband og samstarf við erlendar tæknistofnanir og samtök þeirra.
g. Með því að stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslenzks iðnaðar og vörudreifingar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, tæknilegum og verklegum greinum, og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland.

Þótt markmið Iðnaðarmálastofnunarinnar sé fyrst og fremst að stuðla að framfaramálum iðnaðarins í landinu, varða mörg þeirra verkefna, sem henni er ætlað að taka sér fyrir hendur, einnig aðrar atvinnugreinar. Sérstöku máli skiptir í þessu sambandi fræðslustarfsemi og önnur viðleitni til þess að hafa áhrif til bættrar nýtingar vinnuafls, fjármagns, efnivöru, orku o. s. frv., í hvers konar framleiðslu og dreifingu, eða m. ö. o. viðleitni til aukinnar framleiðni (produktivitets). Á stofn-

unin að þessu leyti samstöðu með framleiðslustofnunum O.E.E.C.-landanna og Framleiðniráði Evrópu (European Productivity Agency / O.E.E.C.), sem hafa á undanförnum árum unnið markvisst að því að auka skilning manna á gildi framleiðniaukningar fyrir bætt lífskjör og stuðlað með margvíslegri starfsemi að slíkri framleiðniaukningu.

Samkvæmt a-lið framangreindrar upptalningar er ætlazt til þess að stofnunin stuðli að lækkuðum framleiðslukostnaði og betri iðnaðarframleiðslu með tæknilegum leiðbeiningum og aðstoð. Þetta hefur frá upphafi verið einn af meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar og hefur hann að nokkru bætt úr þeim skorti á ráðgefandi, tæknilegri þjónustu fyrir iðnfyrirtæki, sem hér var tilfinnanlegur áður en stofnunin tók til starfa. Er ætlazt til, að stofnunin veiti í framtíðinni almenna leiðbeiningaþjónustu, einkum litlum fyrirtækjum, en örvi jafnframt öll fyrirtæki til þess að hagnýta sér sérfræðilega leiðbeiningaþjónustu, eftir því sem unnt reynist að láta hana í té. Æskilegt er og, að vinnuathuganir (arbeidsstudier) verði teknar hér upp í ríkum mæli til þess að tryggja hagkvæm vinnubrögð og skapa grundvöll að heilbrigðu ákvæðisvinnukerfi.

Það, sem vikið er að í b-lið hér að framan, er þegar verulegur liður í starfsemi Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Til greina kæmi að koma upp í sambandi við tæknibókasafn stofnunarinnar eins konar upplýsingamiðstöð, með svipuðum hætti og nú er þegar gert í nágrannalöndunum, og leysa þar með sameiginlega þörf rannsóknastofnana og ýmissa fleiri aðila fyrir tæknilega upplýsingaþjónustu á breiðum grundvelli.

Verkefni þau, sem á er drepið í liðum c—g hér að framan, hafa á undanförnum árum að verulegu leyti mótað starfsemi Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Stofnunin gefur út tímaritið Iðnaðarmál og hefur komið sér upp allgóðu tæknibókasafni og safni kvikmynda, haldið námskeið og gengizt fyrir fyrirlestrahaldi. Iðnaðarmálastofnunin hefur einnig um nokkurra ára skeið átt drjúgan þátt í milligöngu um hagnýtingu landsmanna á erlendri tækniaðstoð og er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að allir þessir þættir starfseminnar skipi eigi síðri sess en verið hefur til þessa.

Síðari hluti þessarar greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Stöðlun (standardisering) er ný starfsemi hér á landi, sem Iðnaðarmálastofnuninni var falið að annast samkvæmt starfsreglunum frá 1955. Í öðrum löndum er þetta verkefni í höndum sérstakra stofnana. Tilgangur stöðlunar er m. a. sá, að setja reglur til samræmingar um gæði, form og aðra eiginleika ýmiss konar framleiðsluvöru, í því skyni að auðvelda viðskipti, lækka vöruverð og vernda hagsmuni neytenda. Stöðlun er t. d. talin ein bezta leiðin til skipulegrar og hagkvæmrar framleiðslu og framkvæmda í byggingariðnaði. Hér á landi hefur aðaláherzlan til þessa verið lögð á stöðlun í þessari grein iðnaðar, en þörfin brýn að auka þessa starfsemi til mikilla muna í náinni framtíð.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir, að Iðnaðarmálastofnun Íslands hafi heimild til þess að taka að sér gegn greiðslu, úrlausnir tiltekinna verkefna fyrir fyrirtæki og einstaklinga, er til hennar leita, svo sem hún hefur gert til þessa. Líklegt er talið að sú verði þróunin hér, sem í öðrum löndum, að stofnuð verði einkafyrirtæki verkfræðinga og annarra tæknimenntaðra manna, er leysi Iðnaðarmálastofnun Íslands af hólmi í þessu efni. Á meðan slík fyrirtæki vantar, getur Iðnaðarmálastofnunin hér unnið þarft verk og jafnvel flýtt fyrir þeirri þróun, að sjálfstæð fyrirtæki veiti umrædda þjónustu.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um verkstjóranámskeið.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Halda skal, að fengnu samþykki ráðherra, námskeið í verkstjórn árlega, eða oftar, ef þörf krefur.

2. gr.

Stjórn námskeiðanna annast þrír menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, samkvæmt tilnefningu Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Ráðherra skipar formann námskeiðsstjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra iðnaðarmála fer með yfirstjórn þessara mála.

3. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðin skulu vera þessi:

a. Að nemandinn sé fullra 22 ára að aldri, nema hann hafi lokið sveinsprófi í þeirri starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í, eða fyrir liggi yfirlýsing atvinnuveitanda um að umsækjandi sé ráðinn verkstjóri hjá honum, að námi loknu.
b. Að hann hafi unnið tólf mánuði eða lengur við þá starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í.
c. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða á annan hátt hlotið fullnægjandi menntun, að dómi námskeiðsstjórnar.
d. Að hann fullnægi öðrum inntökuskilyrðum, sem ráðherra setur með reglugerð.

4. gr.

Ráðherra setur ákvæði um það með reglugerð, að fengnum tillögum Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu, prófum, einkunnagjöf og útgáfu prófskírteina skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

5. gr.

Próf skulu haldin að loknu námskeiði.

Ráðherra skipar prófdómendur, að fengnum tillögum stjórnar námskeiðanna.

Skýrslur um prófið, ásamt fullu nafni hvers prófþega, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem hann hefur hlotið, skal rita í bækur, sem ráðuneytið löggildir til þess. Prófdómendur og stjórn námskeiðanna skulu staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

6. gr.

Stjórn verkstjóranámskeiðanna skal hafa samstarf við samtök framleiðenda og aðra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta og gera árlega tillögur um hvar, hvenær og með hvaða sniði verkstjóranámskeið skulu haldin næsta ár á eftir.

Kostnaðaráætlun skal fylgja slíkum tillögum hverju sinni.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal annast framkvæmd námskeiðanna í umboði námskeiðsstjórnar og hafa á hendi fjárreiður þeirra og varðveita gögn þau og muni, sem námskeiðunum tilheyra.

7. gr.

Jafnframt verkstjóranámskeiðum skal stjórn námskeiðanna heimilt að starfrækja bréfaskóla í verkstjórn, ef henta þykir.

8. gr.

Kostnaður við verkstjóranámskeið og bréfaskóla samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Enn vantar talsvert á að hagnýt sérmenntun í ýmsum verklegum efnum sé fullnægjandi hér á landi og sambærileg við það, sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar. Verkstjórar, sem stjórna verulegum hluta vinnuafls þjóðarinnar og bera í daglegu starfi að miklu leyti ábyrgð á framkvæmdum og framleiðslu landsmanna, eiga þess t. d. lítinn kost að afla sér sérmenntunar, enda þótt Verkstjórasamband Íslands hafi með fjárstuðningi ríkissjóðs og Vinnuveitendasambands Íslands leitazt við að bæta úr vöntun þeirri, sem hér um ræðir, með því að halda námskeið öðru hvoru fyrir verkstjóra.

Frumvörp til laga um að bæta úr þessu, hafa þrívegis verið lögð fyrir Alþingi. Fyrst árið 1939, árið 1950 og loks árið 1959, en eigi orðið að lögum.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, er samið í iðnaðarmálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Verkstjórasambands Íslands. Með frumvarpinu er stefnt að því að koma verkstjórnarfræðslu í fast horf með árlegri kennslu fyrir starfandi verkstjóra og verkstjóraefni, í bóklegum og verklegum fræðum, eftir því, sem þörf verður talin á, að dómi þeirra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi og innan þess ramma, sem fjárveitingar leyfa.

Til grundvallar frumvarpinu liggur m. a. álitsgerð Rolf Wattne, yfirverkfræðings og forstöðumanns verkstjórnardeildar Statens Teknologisk Institutt í Oslo, sem dvaldist hér á landi í aprílmánuði 1959 á vegum Iðnaðarmálastofnunar Íslands, í þeim tilgangi að rannsaka þörf íslenzks atvinnulífs fyrir verkstjórnarfræðslu.

Frumvarpið er að efni til áþekkt því frumvarpi, sem flutt var á Alþingi árið 1959, en þó frábrugðið því í tveimur veigamiklum atriðum. Í fyrsta lagi er hér lagt til, að námskeiðunum verði skipuð sérstök stjórn og Iðnaðarmálastofnun Íslands hafi á hendi framkvæmd námskeiðanna í umboði hennar, en samkvæmt frumvarpinu frá 1959 skyldu námskeiðin haldin í sambandi við iðnskóla og stjórn þeirra vera í höndum skólastjóra viðkomandi iðnskóla, auk tveggja manna annarra, tilnefndra af Verkstjórasambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Er þess vænzt, að sá háttur, sem hér er lagt til að á verði hafður, tryggi betur nauðsynlega yfirsýn yfir þörfina fyrir námskeiðahald, svo og að með fastri stjórn á málum þessum skapist betri skilyrði til þess að fylgjast með því, sem gerist í þessum efnum í öðrum löndum. Forgöngumenn málsins meðal verkstjóra og vinnuveitenda, svo og hinn norski sérfræðingur, leggja og allir eindregið til, að þessi háttur sé á hafður.

Hin breytingin er sú, að samkvæmt þessu frumvarpi er fellt niður að lögákveða forgangsrétt til verkstjórnar í opinberri vinnu til handa þeim, sem ljúka verkstjóranámskeiði, eða verkstjórum, sem hafa starfað tiltekinn lágmarkstíma, þegar lögin taka gildi. Hefur verið á það bent, að vafasamt sé að láta próf frá nokkurra mánaða námskeiði veita svo skilyrðislausan forgangsrétt til verkstjórn-

ar. Virðist ekki tímabært að lögleiða hann fyrr en nokkur raun er komin á námskeiðin og hvert gagn menn hafa af þeim.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Um stjórn námskeiðanna vísast til þess, sem að framan segir. Ef það verður ofan á að hafa hana svo sem hér er lagt til, þykir eðlilegt, að yfirstjórn þeirra heyri undir iðnaðarmálaráðherra.

Um 3. gr.

Hér eru talin þau skilyrði, sem rétt þykir að setja til þátttöku í verkstjóranámskeiðunum.

Rétt þykir að setja það skilyrði, að þátttakendur hafi náð 22 ára aldri og þá væntanlega nægilegum þroska til þess að geta, með viðunandi árangri, sagt fyrir verkum. Þó þykir rétt að krefjast ekki 22 ára aldurs, ef atvinnurekandi hefur ráðið umsækjanda til starfa hjá sér að námi loknu. Sama gildir, ef umsækjandi hefur lokið sveinsprófi í þeirri grein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í.

Í b-lið greinarinnar er það skilyrði sett, að umsækjandi hafi unnið a. m. k. 12 mánuði við þá starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í. Þykir rétt að krefjast þessa, og ekki líkur til, að nemandi hafi full not af sérkennslu námskeiðanna, nema hann sé kunnugur starfsháttum í umræddri grein.

Krafa c-liðs um almenna undirbúningsmenntun er ekki fastmótuð, því enda þótt æskilegt þyki að krefjast, er fram líða stundir, miðskólaprófs, er líklegt að til að byrja með berist þátttökuumsóknir frá ýmsum verkstjórum, sem komnir voru af skólaaldri, er núgildandi fræðslukerfi tók gildi og áttu því ekki jafn greiðan aðgang að framhaldsnámi og unglingar eiga nú. Ekki virðist æskilegt að meina slíkum mönnum aðgang að verkstjóranámskeiðum, en rétt að leggja það undir mat námskeiðsstjórnar, hvort henni þykir umsækjandi hafa aflað sér menntunar, sem sé fullnægjandi til að hann geti haft veruleg not af kennslu á verkstjóranámskeiði.

Í d-lið er ráðherra fengin heimild til að setja fleiri inntökuskilyrði, ef þurfa þykir, þar sem starfræksla þessi á öll eftir að mótast.

Um 4. gr.

Eins og að líkum lætur eru störf þau, sem verkstjórar stjórna, svo margvísleg, að varla er gerlegt að taka upp í lög um verkstjóranámskeið ákvæði um námsefni, kennslutilhögun og ýmislegt annað varðandi námið og prófin. Er því ætlazt til að ráðherra setji reglugerð um þessi efni. Gert er ráð fyrir að námskeiðin verði tvíþætt, annars vegar almennar námsgreinar, sem allir verkstjórar hafa gagn af, svo sem stjórn á mönnum og vinnutilhögun, kennsla í meðferð uppdrátta og línurita, skýrslugerð, kostnaðaráætlanir og efnisreikningur, bókhald og vinnuskýrslugerð og hjálp í viðlögum.

Hinn þáttur námskeiðanna er stórum fjölbreyttari og erfiðari í framkvæmd, en það er sérnám fyrir verkstjóra í ákveðnum starfsgreinum. Er ljóst, að varla verður unnt að halda uppi sérkennslu nema í fáum greinum árlega og verður þá að sjálfsögðu að byrja þar, sem þörfin er mest. Líka er hugsanlegt, að unnt sé að meira eða minna leyti að sameina sérkennslu í tveimur eða fleiri skyldum starfsgreinum.

Um allt þetta er gert ráð fyrir að ákvæði komi í reglugerð, en áður en slík ákvæði verða sett verði þeim þremur aðilum, sem tilnefna menn í stjórn námskeiðanna, gefið tækifæri til að fjalla um reglugerðina og koma fram tillögum sínum.

Um 5. gr.

Vegna þess hve margar og ólíkar kennslugreinar getur verið um að ræða, eftir því fyrir hvaða starfsgrein námskeið eru haldin hverju sinni, þykir rétt að prófdómendur séu skipaðir til aðstoðar kennurum og forstöðumönnum námskeiðanna í stað þess, að kennarar gefi einir einkunnir. Virðist eðlilegt að valdir verði sem prófdómendur menn, sem búa eða dvelja sem næst námskeiðsstað, eftir því sem fáanlegir eru menn með nægjanlegri sérþekkingu.

Kennarar og prófdómendur skulu undirrita skýrslur um einkunnagjafir, hver í sinni grein, og afhenda námskeiðsstjóra, sem síðan færir í löggiltar bækur allar einkunnir og annað, er máli skiptir, að prófi loknu.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um verksvið stjórnar þeirrar fyrir verkstjóranámskeið, sem ráðherra skipar samkvæmt 2. gr. Skal hún samkvæmt þessari grein leitast við að mynda sér sem bezta yfirsýn um mál þessi á hverjum tíma, m. a. með nánu samstarfi við samtök framleiðenda og aðra, sem málið varðar, svo sem opinberar stofnanir, sem marga verkstjóra hafa í þjónustu sinni, t. d. Vegagerð ríkisins, Landssíma Íslands og Rafmagnsveitur ríkisins.

Að athuguðum málavöxtum gerir svo stjórn námskeiðanna árlega tillögur til ráðuneytisins um það, hvar, hvenær og með hvaða sniði skuli halda verkstjóranámskeið næsta ár á eftir og gerir kostnaðaráætlun.

Lagt er til, að Iðnaðarmálastofnun Íslands annist framkvæmd námskeiðanna, eins og námskeiðsstjórn hefur ákveðið og annist fjárreiður og bókhald.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er tekið í frv. samkvæmt tillögu Iðnaðarmálastofnunar Íslands, enda er talið, að vel geti að gagni komið að halda uppi bréflegri fræðslustarfsemi fyrir verkstjóra.

Komið hefur verið upp bréfaskólum fyrir verkstjóra víða erlendis, t. d. í Noregi, og það þótt gefa góða raun.

Um 8.—9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svofelld:

Viðurlögum samkvæmt VII. kafla laga þessara verður ekki beitt, nema um þau sé mælt í heimildum þeim, sem greinir í 1. málsgrein.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, 2. gr. a, svo hljóðandi:

Viðurlögum þeim við brotum, sem um getur í VII. kafla laga þessara, verður ekki beitt, nema um þau hafi verið mælt í heimildum þeim, er greinir í 1. gr., á þeim tíma, er brot var framið, og skal gæta meginreglna 2. gr. við ákvörðun þeirra.

3. gr.

1. málsgr. 42. gr. laganna orðist svo:

Reynslutíma má ákveða allt að 2 árum, en þó ekki lengri en til loka refsitíma.

4. gr.

64. gr. laganna falli niður.

5. gr.

1. málsliður 65. gr. laganna orðist svo:

Þyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknis hefur verið leitað, að sakborningur, sem framið hefur brot undir áhrifum áfengis, geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða í dómi, að hann skuli lagður inn á viðeigandi hæli til lækningar.

6. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Nú fremur opinber starfsmaður refsiverðan verknað, og má þá í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild til að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess.

Nú er maður dæmdur sekur um brot, og má þá í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild, er hann hefur öðlazt, til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna, að veruleg hætta sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Þegar brot er stórfellt, má einnig svipta mann ofangreindum rétti, ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna.

Svipta má mann réttindum þeim, er greinir í 2. málsgr., um tiltekinn tíma, allt að 5 árum, eða ævilangt.

Sérákvæði í lögum um sviptingu réttinda, er greinir í 1. og 2. málsgrein, skulu halda gildi sínu.

Svipting réttinda telst frá þeim tíma, sem ákveðinn er í dómi, og í síðasta lagi frá birtingu fullnaðardóms.

Nú er íslenzkur ríkisborgari eða maður, sem búsettur er hér á landi, sviptur réttindum erlendis með dómi vegna refsiverðs verknaðar, og getur ákæruvald þá höfðað opinbert mál á hendur honum til réttindasviptingar. Sama er, ef manni hefur verið dæmd refsing erlendis, þótt réttindasvipting hafi ekki verið dæmd. Ákvörðun um framangreinda réttindasviptingu hlítir íslenzkum lögum.

7. gr.

Á eftir 68. gr. laganna komi ný grein, 68. gr. a, svofelld:

Nú er manni synjað um opinbert starf eða opinbert leyfi til þess að stunda starf fyrir þá sök, að hann hafi framið refsiverðan verknað, og má þá bera synjun stjórnvalda undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Nú hefur maður verið sviptur réttindum ótímabundið með dómi í opinberu máli, og er þá heimilt, þegar 5 ár eru liðin frá uppsögu dóms, að bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, hvort fella skuli niður réttindasviptingu. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar. Sérákvæði í lögum um brottfall réttindasviptingar skulu halda gildi sínu.

8. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1957 (þskj. 217) en varð ekki útrætt. Fylgdi því þá ítarleg greinargerð frá nefnd þeirri, sem fjallar um endurskoðun hegningarlaganna, en sú nefnd hafði samið frumvarpið ásamt 18 lagafrumvörpum til breytinga á sérlögum sem standa í tengslum við ákvæði frumvarpsins (þskj. 218—235, 1957). Er vísað til þeirrar greinargerðar, en frumvörp þessi fylgja nú einnig þessu frumvarpi.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851, um eftirlaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

5. og 6. gr. falli niður.

2. gr.

Ákvæði 5. töluliðs 7. gr. og 4. töluliðs 11. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er lagt til, að þau ákvæði tilsk. 31. maí 1855 séu niður felld, sem mæla fyrir um skerðingu lífeyrisréttinda, vegna þess að lífeyrisþegi hafi framið refsiverðan verknað. Eru þessi ákvæði mjög óeðlileg, enda er frá þeim horfið í yngri lögum um lífeyrisréttindi.

Að öðru leyti má vísa til grg., sem fylgdi ofangreindu frv., er það var lagt fyrir Alþingi 1957 (þskj. 217).

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Hver sóknarmaður, karl og kona, sem telst til þjóðkirkjunnar og er lögráða, hefur kosningarrétt á safnaðarfundi og er kjörgengur til sóknarnefndar.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð sé ekki framar skilyrði kosningarréttar á safnaðarfundi eða kjörgengis í sóknarnefnd. Sjónarmið þau, sem liggja til grundvallar frv. þessu, eru reifuð í greinargerð fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, og þykir mega vísa þangað, sbr. þskj. 217, 1957.

Ef frv. þetta nær samþykki, er afleiðing þess sú, að óflekkað mannorð er ekki framar skilyrði kosningarréttar við prestskosningar, með því að 1. gr. l. 32/1915, um veitingu prestakalla, tengir kosningarétt við þær kosningar við kosningarrétt á safnaðarfundi. Það dugir því að breyta efni 5. gr. l. 36/1907 að þessu leyti, og er ekki þörf á að breyta 1. gr. l. 32/1915 að formi til. Þá verður afleiðingin af samþykkt þessa frv. einnig sú, að kirkjuþingsmenn þeir, er greinir í 5. gr. l. 43/1957, þurfa ekki að hafa óflekkað mannorð, en samkv. 15. gr. l. 43/1957, virðist óflekkað mannorð ekki vera kjörgengisskilyrði, að því er tekur til kirkjuráðsmanna.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum nr. 32 2. nóv. 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um leyfi samkv. 1. gr., ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er fjallað um tiltekin sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv., einkum athugasemda við 6. gr. þess frv., sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ákvæði 4. töluliðs 10. gr. falli niður.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er lagt til, að þau ákvæði l. 51/1921 séu niður felld, sem mæla fyrir um skerðingu lífeyrisréttinda vegna þess, að lífeyrisþegi hafi framið refsiverðan verknað. Eru þessi ákvæði mjög óeðlileg, enda er frá þeim horfið í yngri lögum um lífeyrisréttindi.

Að öðru leyti má vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í 2. málsgr. 4. gr. laganna falli niður orðin „með óflekkað mannorð".

2. gr.

Í 1. málsgr. 32. gr. laganna falli niður orðin „hafi óflekkað mannorð".

3. gr.

Í 34. gr. laganna falli niður orðin „með óflekkað mannorð".

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, og eru náin tengsl milli þessara frumvarpa tveggja.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði þess, að maður geti verið stofnandi, stjórnandi eða endurskoðandi í hlutafélagi. Er ekki sýnilegt, að flekkað mannorð sé því til fyrirstöðu, að menn gerist stofnendur, stjórnendur eða endurskoðendur í öðrum félögum, sem stefna að fjárhagslegu markmiði. Þykir einsætt að breyta hlutafélagalögunum að þessu leyti.

Í greinargerð fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum eru rakin almenn rök og sjónarmið, sem liggja til þess að fækka þeim lagaáhrifum, er tengd eru við hugtakið óflekkað mannorð. Þykir því að öðru leyti mega vísa til þeirrar greinargerðar; sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 5. gr. laganna breytast orðin „1.—4." á tveimur stöðum í: 1.—3.

3. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður á tveimur stöðum orðin „2. málsl. 4. tölul. og".

4. gr.

Í 7. gr. laganna falli niður orðin „fyrsta málsl. 4. tölul."

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði verzlunarleyfis. Í greinargerð fyrir fyrrnefndu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, er varða þá tilhögun, sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað; sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breytingu á lögum nr. 21 15. júní 1956, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 5. gr. laganna breytast orðin „3. gr. 1.—6. tölul." í: 1.—3. og 5.—6. tölul. 3. gr. Orðin „1.—6." síðar í greininni breytast í: 1.—3. og 5.—6.

3. gr.

Í 1. málsgr. 6. gr. breytast orðin „3. gr. 1.—4. og 6. tölul." í: 3. gr. 1.—3. og 6. tölul.

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánum tengslum við það.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði leyfis til veitingasölu og gistihúsahalds. Í greinargerð fyrir fyrrnefndu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, sem varða þá tilhögun, sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 105/1936, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 1. málsgr. 5. gr. laganna falli niður orðin „eða í 1. málslið 4. töluliðs."

3. gr.

Í 5. gr. l. nr. 105/1936 breytast orðin „1.—5. tölul." í : 1.—3. og 5. tölul.

4. gr.

Í 9. gr. l. nr. 105/1936 falli niður orðin „og 1. málsl. 4. tölul."

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánum tengslum við það.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði iðjuleyfis eða iðnaðar. Í greinargerð fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, er varða þá tilhögun, sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

4. töluliður 1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. er lagt til, að breytt verði ákvæðum um skilyrði þess að öðlast leyfi til að stunda tannlækningar, sbr. 1. gr. frv., svo og ákvæðunum um sviptingu slíks leyfis, sbr. 2. gr. frv.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofannefndu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

a. Í 1. málsgr. 2. gr. laganna falli niður orðin „hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti".

b. Aftan við 1. málsgr. 2. gr. laganna komi nýr málsliður, svofelldur:
Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánum tengslum við það.

Í frv. þessu er lagt til, að breytt verði ákvæðunum um skilyrði fyrir lækningaleyfi.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér á milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun hegningarlaganefndar á lagaákvæðunum um ýmis atvinnuréttindi, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

a. Í 1. tölulið 3. gr. laganna falli niður orðin „óflekkað mannorð".
b. Aftan við 3. gr. bætist nýr töluliður, 9. töluliður, svo felldur:
Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að breytt verði nokkuð ákvæðunum um skilyrði þess að öðlast leyfi til leiðsögu skipa.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun hegningarlaganefndar á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

a. Ákvæði 3. töluliðs 1. málsgr. 6. gr. laganna falli niður.
b. Í 2. málsgr. 6. gr. falli niður orðin „óflekkað mannorð og".

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum. Í greinargerð fyrir því frv., er það var lagt fyrir Alþingi 1957 (þskj. 217), eru reifuð þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þessu frv., og þykir mega vísa þangað, sbr. III. kafla d. í greinargerðinni.

Ef óflekkað mannorð er fellt niður sem kosningarréttarskilyrði og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar, svo sem lagt er til í frv. þessu, þá hefur það áhrif á lög, sem tengja kosningar í nefndir við kjörgengis- eða kosningarréttarskilyrði laga nr. 81/1936. Svo er þessu t. d. háttað um sýslunefndir, sbr. l. 12/1927, 31. gr., og um einstakar nefndir, sem kosnar eru af sveitarstjórnum, svo sem niðurjöfnunarnefndir, sbr. l. 66/1945, 17. gr., barnaverndarnefndir, sbr. l. 29/1947, 6. gr. o. fl., sjá einnig t. d. l. 19/1948, 60. gr., um forðagæzlumenn.

Nd. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

a. Ákvæði 5. töluliðs 2. gr. laganna falla niður.
b. Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um leyfi til fasteignasölu, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

a. Í 1. málsgr. 10. gr. laganna breytast orðin „1.—5." í: 1.—4.
b. Ákvæði 2. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að ákvæðum um skilyrði þess að öðlast leyfi til fasteignasölu svo og um missi þessa leyfis, verði breytt. Hér er um sérhæfð réttindi að ræða. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, er hegningarlaganefnd hefur framkvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 74 11. júní 1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

a. Í 1. tölulið 2. gr. laganna falli niður orðin „og hafa óflekkað mannorð".
b. Á eftir 5. tölulið 2. gr. bætist nýr töluliður, svofelldur:
Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að ákvæðum um skilyrði þess að hljóta löggildingu til þess að sýsla um niðurjöfnun sjótjóna sé breytt.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér á milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar með ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, sem hegningarlaganefnd hefur framkvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í 4. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs i.

2. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

3. gr.

Í 8. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

4. gr.

Í 10. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

5. gr.

Í 12. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

6. gr.

a. Ákvæði d-liðs 1. málsgr. 14. gr. laganna falli niður.
b. Á eftir 1. málsgr. sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um skipstjóraréttindi samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

7. gr.

a. Ákvæði d-liðs 16. gr. laganna falli niður.
b. Aftan við sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um stýrimannaskírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

8. gr.

Í 23. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

9. gr.

Í 25. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

10. gr.

Í 27. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

11. gr.

a. Í 29. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.
b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svofelld:
Heimilt er að synja manni um skírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

12. gr.

Í 32. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

13. gr.

Í 34. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

14. gr.

Í 36. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

15. gr.

Í 38. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

16. gr.

Í 40. gr. laganna falli niður ákvæði d-liðs.

17. gr.

Í 42. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

18. gr.

Í 44. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

19. gr.

52. gr. laganna falli niður.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er fjallað um atvinnuréttindi við siglingar. Meginreglan er sú samkvæmt frv., að óflekkað mannorð skiptir engu máli við þessi réttindi, og er ekki lagt til, að refsidómur geti tálmað því, að maður fái slík réttindi. Frá þessu víkur þó um hin mikilvægustu réttindi þessarar tegundar, sbr. 14., 16. og 29. gr. laganna (6., 7. og 11. gr. frv.). Um þau er horfið frá kröfu um óflekkað mannorð, en í stað þess kemur tilvísun til ákvæða 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga með sama hætti og gert er í frv. um breytingu á lögum um niðurjöfnunarmenn sjótjóns o. fl. lögum.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem reifuð eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þeirri endurskoðun, sem hegningarlaganefnd hefur nú framkvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi, sbr. þskj. 218, 1957.

Nd. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 89 29. des. 1953, um löggilta endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

a. 6. töluliður 1. gr. laganna falli niður.
b. Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að ákvæðunum um skilyrði þess að öðlast löggildingu til endurskoðendastarfa sé breytt.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem reifuð eru helztu sjónarmið, er liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, er hegningarlaganefnd hefur nú framkvæmt á lagaákvæðunum um ýmis atvinnuréttindi, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

a. 5. töluliður 3. gr. laganna fellur niður, og breytist röð tölulíða samkvæmt því.
b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, svofelld:

Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. málsgrein 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu felst sú efnisbreyting á skilyrðum þess að verða starfsmaður ríkisins, að horfið er frá kröfu um óflekkað mannorð. Í stað þess kemur það almenna ákvæði, að sá maður, sem hlotið hefur dóm fyrir refsiverðan verknað, telst ekki fullnægja starfsskilyrðum, ef verknaður þessi er með þeim hætti, að sökunautur teljist ekki lengur verður eða hæfur til að rækja þann starfa, sem hann sækir um, sbr. 1. málsgr. 6. gr. frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Um skýringar á þessu ákvæði má vísa til athugasemda við þá grein frv., en í greinargerð fyrir því frv. eru rakin í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, er hegningarlaganefnd hefur nú framkvæmt á lagaákvæðum um atvinnuréttindi ýmiss konar, sbr. þskj. 217, 1957.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein, svofelld:

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið, og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæzla sé dæmd.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum. Í III. kafla d. í greinargerð fyrir því frv., er það var lagt fyrir Alþingi 1957 (þskj. 217), eru reifuð þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þessu frv., og þykir mega vísa þangað.

Ef haggað er við 2. gr. l. 52/1959, svo sem lagt er til í frv. þessu, hefur það ekki eingöngu áhrif á kosningarrétt og kjörgengi við kosningar til Alþingis, heldur einnig við forsetakosningar og við kosningar samkv. 26. og 79. gr. 2. málsgr. stjórnarskrár, svo og væntanlega við þjóðaratkvæði um einstök þing- eða þjóðmál, sem skotið kann að vera undir dóm kjósenda (sbr. áður fyrr atkvæðagreiðslu um aðflutningsbann á áfengi og þegnskylduvinnu).

Ed. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um héraðsfangelsi.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsyn á, að fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga sé reist í héraðinu og skal hún þá beina til dómsmálaráðherra beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni.

Beiðninni skal fylgja skýrsla um nauðsynina. Ef ráðuneytið telur málaleitunina á rökum reista, skal það láta semja áætlun um kostnað og gera uppdrátt af húsinu.

2. gr.

Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir héraðsfangelsa, en annar stofnkostnaður greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög standa að sama héraðsfangelsi, skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára.

3. gr.

Beiðni sveitarfélaga samkvæmt 1. gr. skal dómsmálaráðherra senda Alþingi, og ákveður það við afgreiðslu fjárlaga, hvort við henni skuli orðið.

Nú samþykkir Alþingi slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan þriggja ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi.

4. gr.

Dómsmálaráðherra hefur þá íhlutun um byggingu héraðsfangelsa, sem nauðsynleg er til að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

5. gr.

Þarfnist héraðsfangelsi verulegra endurbóta eða viðauka, skal að öllu svo með fara sem segir í 1.—4. gr.

6. gr.

Nú telur dómsmálaráðherra þörf á stofnun héraðsfangelsis eða viðbót við eða endurbót á héraðsfangelsi, sem fyrir er, en sveitarstjórn hefur eigi hafizt handa um aðgerðir, eða hann telur áform hennar í þessum efnum ófullnægjandi, og skal

hann þá leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um lausn málsins. Veiti Alþingi fé til framkvæmdanna, skal sveitarsjóði skylt að greiða sinn hluta kostnaðarins innan þriggja ára með jöfnum ársgreiðslum, ef eigi semst um annað.

7. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.

8. gr.

Rekstrarkostnaður héraðsfangelsa greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um rekstur héraðsfangelsa, eftir því sem þurfa þykir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29 1. febrúar 1936, um fangelsi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli og byggist, eins og það frumvarp, á tillögum Valdimars Stefánssonar, sakadómara, sem falið var á s. l. vori „að gera áætlun um að koma fangelsismálum landsins í nútímahorf, eftir því sem fært þykir miðað við allar aðstæður hér á landi." Er í þessu frumvarpi fjallað um þau fangelsi, sem ætlazt er til, að ríkisvaldið og sveitarfélögin annist í sameiningu um að byggja og reka. Er með reglum frumvarpsins reynt að leysa úr þeim vanda, sem oftast verður á vegi, þegar þessir tveir aðilar eiga að vinna saman að byggingaframkvæmdum: Hvernig tekin skuli fullnaðarákvörðun um framkvæmdir og hvernig tryggja skuli fé til þeirra, þannig að ekki safnist skuldir, sem verði fjötur um fót hóflegu framhaldi á nauðsynlegum aðgerðum. Þykir vel við eiga, að úrslitaákvörðun um þetta sé hjá Alþingi.

Ekki þykir þörf á að skýra einstakar greinar þessa frumvarps, en vísað er til almennrar greinargerðar í athugasemdum við frumvarp til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Ed. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkið skal eiga og reka þessi fangelsi:

1. Ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar.
2. Vinnuhæli.
3. Unglingafangelsi.

2. gr.

Stofna skal í Reykjavík eða nágrenni hennar ríkisfangelsi, sem rúmi 100 fanga. Skal því skipt í þessar deildir: Einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, kvennafangelsi og gæzluvarðhald. Dómsmálaráðherra kveður nánar á um skiptinguna.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða ítrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

3. gr.

Í vinnuhæli ríkisins að Litla-Hrauni í Árnessýslu skal vera rúm fyrir 60 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum öðrum en þeim, sem 4. gr. tekur til.

4. gr.

Stofna skal í sveit unglingafangelsi fyrir 25 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð 22 ára aldri. Skal um fangelsi þetta fara svo sem ákveðið er í 4. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

5. gr.

Afplánun meðlaga eða barnalífeyris samkvæmt framfærslulögum fer fram í vinnuhæli eða unglingafangelsi eftir aldri barnsfeðra.

6. gr.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsamála, ákveður nánar staðsetningu og gerð fangelsa, setur reglugerð um rekstur þeirra og skipar forstjóra þeirra.

7. gr.

Veita skal úr ríkissjóði 1 milljón króna á ári hverju hið minnsta til fangelsabygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem lög þessi mæla fyrir um.

8. gr.

Þegar hið nýja ríkisfangelsi samkvæmt 1. gr. 1. tölulið tekur til starfa, skal hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík lagt niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 26 7. marz 1928, um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli. Þegar hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík verður lagt niður samkvæmt 8. gr., fellur úr gildi tilskipun frá 4. marz 1871, um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 19. apríl 1960 var Valdimari Stefánssyni, sakadómara, falið að undirbúa tillögur um og gera áætlun um að koma fangelsismálum landsins í nútímahorf eftir því sem fært þykir, miðað við allar aðstæður hér á landi. Var honum í því sambandi falið að kynna sér ástand fangelsa landsins og heimilað að kynna sér fangelsismál á Norðurlöndum, til að leita fyrirmynda að umbótum í þessum málum hér á landi.

Hinn 25. ágúst s. l. lét sakadómari ráðuneytinu í té skýrslu um athuganir sínar og gerir þar tillögur um aðgerðir til úrbóta. Á grundvelli þeirra tillagna hafa síðan verið samin tvö lagafrumvörp, er fjalla um hina tvo höfuðþætti tillagnanna, frumvarp þetta til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli og frumvarp til laga um héraðsfangelsi.

Í lok skýrslu sakadómara rekur hann í stuttu máli höfuðatriði greinargerðar sinnar. Þar segir:

„Til glöggvunar skal hér tekið saman í stuttu máli það, sem að framan segir um fangelsaþörf landsins og nauðsynlegar framkvæmdir í fangelsabyggingum, svo telja megi, að fangelsimálum landsins sé að húsakosti til komið í nútímahorf.

I. Aðalfangelsi landsins.

1. Unglingafangelsi fyrir 25 fanga verði byggt í sveit, en í grennd við kaupstað eða kauptún.
2. Vinnuhæli ríkisins, sem nú rúmar 29 fanga, verði áfram á Litla-Hrauni, en bætt verði við það 31 klefa, svo það rúmi alls 60 fanga.
3. Ríkisfangelsi verði byggt í útjaðri Reykjavíkur eða næsta nágrenni. Þar verði:

Gæzluvarðhald	25	klefar
Varðhald	30	—
Einangrunarfangelsi	20	—
Kvennafangelsi	10	—
Öryggisgæzla	5	—
Geðveilladeild	10	—
Alls	100	klefar

Um leið og ríkisfangelsið tekur til starfa, verði hegningarhúsið við Skólavörðustíg lagt niður.

II. Héraðsfangelsi.

1. Byggð verði allt að 60 klefa fangageymsla í Reykjavík í stað núverandi lögreglustöðvarkjallara. Leysist við byggingu nýrrar lögreglustöðvar.
2. Fangelsi eru á þessum stöðum:
   Hafnarfirði,
   Keflavík,
   Keflavíkurflugvelli,
   Borgarnesi,
   Stykkishólmi,
   Ísafirði,
   Siglufirði,
   Þórshöfn og
   Egilsstöðum.
   Sum þessara fangelsa eru ekki fullgerð. Úr því þarf að bæta. Að því loknu teljast þau fullnægjandi.
3. Fangelsi eru ennfremur á
   Akranesi,
   Sauðárkróki,
   Akureyri og í
   Vestmannaeyjum,
   en ófullnægjandi. Einkum eru fangelsin á Akureyri og Vestmannaeyjum gersamlega óviðunandi. Í Vestmannaeyjum þarf að bæta við fangelsið svo það taki 12—15 fanga og mun það væntanlega heppilegast með því að byggja hæð ofan á núverandi fangelsi.
   Á hinum stöðunum þarf að byggja ný fangelsi í stað þeirra, sem fyrir eru: Á Akureyri 12—15 klefa og á Akranesi og Sauðárkróki 6—8 klefa.
4. Í undirbúningi er viðunandi lausn fangelsamála á þessum stöðum:
   Húsavík og
   Neskaupstað.
5. Byggja þarf ný fangelsi á þessum stöðum:
   Raufarhöfn og
   Seyðisfirði
   10—12 klefa á hvorum stað,
   Selfossi
   um 8 klefa.

Minni fangelsi, 4 klefa, á þessum stöðum:
Grindavík,
Sandgerði
Hellissandi,
Ólafsvík,
Grafarnesi,
Patreksfirði,
Bolungavík,
Blönduósi,
Ólafsfirði,
Eskifirði,
Höfn í Hornafirði,
Þingvöllum.

Álitamál er hvar brýnust sé þörfin til úrbóta í héraðsfangelsamálunum utan Reykjavíkur. Hygg ég að á þessum stöðum sé skjótastra aðgerða þörf:
Vestmannaeyjum,
Ólafsvík,
Akureyri,
Raufarhöfn,
Seyðisfirði.

Ríkissjóður mun væntanlega bera allan kostnað af aðalfangelsum landsins, unglingafangelsi, vinnuhæli og ríkisfangelsi. Bæjarsjóður Reykjavíkur hefur frá gildistöku laga nr. 29, 1936, greitt að hálfu reksturskostnað hegningarhússins í Reykjavík. Ríkisfangelsi það, sem lagt er til að byggt verði og taki við af hegningarhúsinu, verður að mestu refsivistarstofnun fyrir landið allt og virðist eigi sanngjarnt, að bæjarsjóður taki þátt í kostnaði við það. Hins vegar ber bæjarsjóði, að óbreyttri löggjöf, eftir sem áður að taka þátt í kostnaði af fangageymslunni í lögreglustöðinni og í hinni væntanlegu lögreglustöð þegar til kemur.

Um héraðsfangelsin gegnir öðru máli en um ríkisfangelsin. Samkvæmt 2. og 8. gr. laga nr. 29, 1936, greiðist stofnkostnaður og rekstrarkostnaður þeirra að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Í Danmörk, Noregi og Svíþjóð var þetta fyrirkomulag áður, þ. e. a. s. þátttaka sveitarsjóðanna í fangelsakostnaðinum, en er nú úr lögum numið þar fyrir löngu: Í Danmörk 1938, í Noregi 1904 og í Svíþjóð 1921. Frá þessum tímum ber ríkissjóður í þessum löndum einn allan kostnað af fangelsunum, bæði ríkis- og héraðsfangelsum. Skilst mér einhugur ríkja um, að þetta sé eðlilegt og heppilegt fyrirkomulag og til stórbóta frá því, sem áður var. Ríkið hefur lög- og dómgæzluna með höndum og verður að sjá um, að hún fari sómasamlega úr hendi, þ. á m. að nægileg fangelsi séu til. Þarf það ekki eftir breytinguna að eiga undir misjafnlega áhugasömum sveitarstjórnum eða misjafnlega getumiklum sveitarsjóðum, hvernig fangelsismálum er fyrir komið í hlutaðeigandi sveitarfélögum.

En hér víkur þessu öðruvísi við eins og áður segir. Samkvæmt 3. og 6. gr. laga nr. 29, 1936, eru það bæjar- og sveitarstjórnir, sem frumkvæði hafa að byggingu fangelsa og breytingum á þeim. Gera má að vísu ráð fyrir, að flestar bæjar- og sveitarstjórnir hafi skilning á þörfum sveitarfélags síns í fangelsamálum og fari að ráðum hlutaðeigandi yfirvalds í þeim efnum. Fari þær fram á framkvæmdir í þessum málum er það ríkisins, með íhlutun dómsmálaráðherra samkvæmt 5. gr. laganna, að leggja fram fé til móts við sveitarsjóðina eftir því, sem veitt er til þess á fjárlögum. Málið vandast, ef bæjar- eða sveitarstjórn hefur ekki skilning á fangelsaþörf héraðsins eða bæjar- eða sveitarsjóður er þess vanmegnugur að leggja fram fé til nauðsynlegra framkvæmda til móts við ríkissjóð. Gæti slíkt leitt til ófarnaðar, sem að óbreyttri löggjöf yrði vandleystur.

Varðandi 700-íbúa takmarkið í 1. gr. laga nr. 29, 1936, skal þess getið, að fáeinir þeir staðir, sem áður er rakið að þörf sé fangahúsa á, að hafa eigi þann íbúafjölda.

Hins vegar eru það verstöðvar með fjölda aðkomufólks um vertíð (Hellissandur, Grafarnes, Raufarhöfn og Höfn í Hornafirði) eða þá samgöngumiðstöð heils héraðs og aðsetursstaður yfirvalds (Blönduós). Eru og fordæmi að fangelsisbyggingum í kauptúnum, sem ekki ná 700-íbúa markinu, svo sem í Egilsstaðakauptúni og á Þórshöfn á Langanesi. Tala fastra íbúa er ekki einhlít um fangelsisþörfina. Þar kemur ýmislegt fleira til.

Öllum má ljóst vera, að þær umbætur í fangelsismálunum, sem um ræðir hér að framan, kosta mikið fé, en á þessu stigi er eigi unnt að áætla byggingarkostnað og annan stofnkostnað. Er það eigi unnt fyrr en teikningar hafa verið gerðar. Rekstrarkostnaður aðalfangelsanna hlýtur að verða mun meiri en nú er í vinnuhælinu og hegningarhúsinu í Reykjavík og er hætt við, að seld framleiðsla fangelsanna hrökkvi skammt til að jafna þann mun, enda þótt talsvert lið geti að henni orðið.

Þetta verður að horfast í augu við, og þar sem fram að þessu hefur mikið á það skort, að refsiframkvæmdin væri í samræmi við það, sem til er ætlazt í hegningarlögunum, má ekki miða við venjulegan rekstrarkostnað síðustu ára sem hinn eðlilega rekstrarkostnað fangelsanna.

Ríkið hefur þurft mörgum framkvæmdum að sinna og ekki er unnt að gera allt í einu. Eitthvað verður að sitja á hakanum í bili og bíða síns tíma. Þannig hefur farið um fangelsamálin, en ekki mega þau gjalda þess á komandi tímum, að þau hafa fram að þessu orðið útundan.

Meðferð fanga er þjóðfélaginu mikill ábyrgðarhluti og eigi ómerkur mælikvarði á menningarástand þess. Er þess að vænta, að ráðamenn þjóðfélagsins geti orðið sammála um, að gagngerðar umbætur í þessum málum þoli ekki lengur bið."

Í þessu frumvarpi eru talin þau fangelsi, sem ríkisvaldið verður að annast um að rekin séu svo að telja megi að viðunandi lausn sé fengin að því er varðar þörf á almennum fangelsum. Er þá gert ráð fyrir að brýnust sé þörf á því að byggt verði ríkisfangelsi, sem greint er frá í 2. gr. frumvarpsins. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að bráðabirgðalausn, sem viðunandi sé um eitthvert árabil, fáist að því er varðar unglingafangelsi samkvæmt 4. gr. — Til áherzlu um áframhald á framkvæmdum er í 7. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir lágmarksframlagi til fangelsabygginga á hverju ári. Ljóst er að mun meira fé þarf til einstakra áfanga, ef ekki á að miða hægar um framkvæmd laganna en viðunandi er. Ekki þykir nauðsyn á að skýra einstakar greinar frumvarpsins.

Nd. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson, Einar Ágústsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Garðar Halldórsson, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, mega eigi vera hærri en 5.5%.

2. gr.

32. gr. laganna falli niður, og falla jafnframt úr gildi allar þær ákvarðanir um vexti og lánstíma, sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Síðasti málsliður 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 63 1957 orðist þannig:

Stjórnum banka og sparisjóða skal skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem um innlán og útlán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samtímis koma í gildi lög nr. 73 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og lög nr. 75 1952, um breyt. á þeim lögum.

Greinargerð.

Síðastliðið haust var um tvær meginleiðir valið í efnahagsmálum: Annars vegar þá leið, sem Framsóknarflokkurinn vildi fara og barðist fyrir. Halda áfram framfarasókninni og leggja höfuðáherzlu á að auka framleiðsluna og koma í veg fyrir kjaraskerðingu. Jafna hallann í efnahags- og framleiðslukerfinu, sem af forustumönnum stjórnarliðsins var metinn 250 millj. eða svo, með því að skattleggja eyðsluna og með hóflegri hækkun yfirfærslugjaldsins. Draga þannig úr uppbótakerfinu í áföngum. Halda fjárfestingunni hæfilegri með því að velja úr og láta bíða þær framkvæmdir, sem minnsta almenna þýðingu höfðu, en hafna með öllu þeirri leið að gera framkvæmdir almennings svo dýrar, að menn fengju með engu móti við þær ráðið. Halda áfram hóflegum lántökum erlendis til arðgæfra framkvæmda, jafnóðum og eldri lán væru greidd niður. Þessari leið var algerlega hafnað. Var þó með þessu móti hægt að leysa vandann með smávægilegum ráðstöfunum, miðað við það, sem gert var.

Hins vegar var sú leið, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir, samdráttar- og kjaraskerðingarleiðin. Sú leið að magna dýrtíðina og koma þannig í framkvæmd kjaraskerðingu og stórfelldum samdrætti. Erlendar lántökur til framkvæmda og þar með framleiðsluaukningar voru settar í bann, en undirbúin stórfelld gjaldeyrislántaka til almennra vörukaupa. Gengið var fellt, mörg hundruð millj. króna nýjar álögur lögfestar með almennum neyzlusköttum til að hækka verð á almennum neyzluvörum og dregið þar með úr kaupmætti almennings. Ofan á þetta var svo bætt stórfelldari vaxtahækkun en dæmi munu til úr nálægum löndum a. m. k. og enn þar á ofan beitt mörgum ráðum til þess að draga saman lánastarfsemi í landinu, þ. á m. lán til framleiðslunnar.

Það var fyrirsjáanlegt, að þessar ráðstafanir hlytu að leiða til mikilla erfiðleika í framleiðslu- og efnahagslífi þjóðarinnar. Stórfelld ný verðhækkunaralda hlaut að rísa, sem yrði almenningi og framleiðslufyrirtækjum landsmanna óstæð með öllu. Þetta hefur nú þegar komið fram, og bólaði á því strax í vor, þegar ekki var einu sinni hægt að koma síldarflotanum af stað nema með því að leggja út í uppbótagreiðslu á nýjan leik á saltaða síld. Ekkert óvenjulegt hefur þó komið fyrir. Kunnugt var, þegar efnahagslöggjöfin var sett, að verðfall var orðið á síldar- og fiskimjöli.

Engum dyljast þau stórfelldu vandkvæði, sem þessar ráðstafanir hafa leitt af sér og hverjar byrðar dýrtíðin leggur á almenning. Framleiðslustarfsemi til sjávar og sveitar er lömuð og kyrrstaða fram undan. Er þó ekki nema lítið enn fram komið af því, sem þessar ráðstafanir hljóta að leiða af sér á næstu missirum, ekki sízt ef ríkisstjórninni helzt uppi að halda áfram sem nú horfir, þangað til áhrifin eru komin fram að fullu. Menn hugleiði m. a. í því sambandi, hvernig horfir um nýjar framkvæmdir almennings í landinu á næstunni til framleiðsluaukningar og til þess að viðhalda fullri atvinnu, ef fjármálastefna ríkisstjórnarinnar á að verða ráðandi framvegis.

Þetta frv. fjallar um ráðstafanir, sem knýjandi er að koma í framkvæmd nú þegar til þess að draga nokkuð úr því öngþveiti, sem fram undan er. En þær eru þessar:

Færa vextina í það horf, sem þeir voru, áður en efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru gerðar.

Hætta tafarlaust að draga sparifé landsmanna inn í Seðlabankann út úr sparisjóðunum, innlánadeildum kaupfélaganna og viðskiptabönkunum. Þessi aðferð er nú notuð til að þrengja að einstaklingum og atvinnufyrirtækjum með tilbúnum lánsfjárskorti, sem byggist á því að frysta helminginn af sparifjáraukningu landsmanna. Jafnframt því lætur ríkisstjórnin Seðlabankann lána miklu minna en áður út á verðmæti landbúnaðar- og sjávarafurða. Hefur þetta gengið svo langt, að Seðlabankinn er látinn lána sömu krónutölu út á sjávar- og landbúnaðarafurðir og áður þrátt fyrir verðhækkanirnar, og þar að auki er bannað að lána hærri heildarfjárhæð út á landbúnaðarafurðir en í fyrra, þótt framleiðslan aukist.

Til þess að koma svo í veg fyrir, að viðskiptabankar, sparisjóðir eða kaupfélög geti greitt úr fyrir mönnum, er þess krafizt, að þessar stofnanir skili til frystingar í Seðlabankanum 50% af öllum nýjum spariinnlögum og innlögum í innlánsdeildir. Þannig er sparifé landsmanna tekið úr umferð til að þrengja að lánveitingum.

Þessar aðfarir ásamt vaxtaokrinu og öðru, sem gengur í sömu átt, eru vel á veg komnar með að skapa allsherjar upplausn og stöðvun í atvinnu- og framleiðslulífi landsmanna. Þetta var fyrir fram sjáanlegt og margsinnis á bent, að þessar ráðstafanir fengju með engu móti staðizt.

Þegar ríkisstjórnin bætti vaxtahækkuninni ofan á gengislækkunina, nýju tollana og lánasamdráttinn, varð að afnema þýðingarmestu ákvæði okurlaganna til þess að koma vaxtahækkuninni í framkvæmd.

Þá voru einnig afnumin vaxtaákvæði allra þeirra lagabálka, sem upp höfðu verið byggðir um stofnlán til sjávarútvegs, landbúnaðar og til íbúðabygginga.

Nú er fram komið, svo að ekki verður um villzt, að engin framleiðsla né atvinnurekstur á Íslandi getur risið undir þessum okurvöxtum, hvað þá almenningur, sem þarf á lánsfé að halda til íbúðabygginga, framleiðslutækja og annara brýnustu nauðsynja.

Ríkisstjórnin sagði, að vaxtahækkunin ætti að verða til að draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og þ. á m. vaxtahækkunin sjálf hafa á hinn bóginn þrengt svo kosti almennings og atvinnufyrirtækjanna, að eftirspurn eftir lánsfé til að bjarga frá framleiðslustöðvun og eignamissi er meiri en nokkru sinni fyrr. Er alveg augljóst, að fjöldi landsmanna missir framleiðslutæki sín, íbúðir og aðra staðfestu, ef haldið verður áfram sem nú horfir.

Að dómi þeirra, sem þetta frumvarp flytja, ber því að nema nú þegar úr gildi þau lagaákvæði, sem sett voru til þess að innleiða vaxtaokrið, og einnig þau ákvæði seðlabankalaganna, sem misnotuð hafa verið til þess að draga helminginn af öllum nýjum sparifjárinnlögum landsmanna inn í Seðlabankann, og taka fé þannig úr umferð, á sama tíma og fjöldi einstaklinga er að missa alla fótfestu við atvinnurekstur og lífsnauðsynlegustu framkvæmdir, m. a. vegna vaxtakostnaðar og tilbúins lánsfjárskorts.

Þetta gætu orðið fyrstu skrefin til að draga úr afleiðingum þess, sem gert hefur verið, og þótt það nái auðvitað skammt til að forða mönnum frá þeim, þá mundu þessar ráðstafanir hafa mikla þýðingu til að draga úr þeirri hættulegu upplausn, sem fram undan blasir við, ef ekkert er gert annað en berja höfðinu við steininn.

Verði frumvarpið samþykkt, gerist þetta m. a.:

1. Útlánsvextir fara niður í 8% hæst, eins og þeir voru.
2. Vextir af afurðavíxlum færast niður í 5.5% hæst úr 9%—9½% nú.
3. Vextir og lánstími ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs, byggingarsjóðs sveitanna, byggingarsjóðs fyrir kauptún og kaupstaði, raforkusjóðs og byggingarsjóðs verkamanna verða eins og áður.
4. Ríkisstjórnin verður að hætta að láta frysta í Seðlabankanum helminginn af sparifjáraukninguninni, og útlánamöguleikar aukast að sama skapi.

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um athuganir á hafnarframkvæmdum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu. Rannsóknum þessum verði hraðað svo, að þeim verði lokið á árinu 1961, ef mögulegt er.

Greinargerð.

Strandlengja Suðurlands hefur verið hafnlaus og það valdið miklum örðugleikum fyrir Sunnlendinga. Fyrir nokkrum árum var hafizt handa um hafnargerð í Þorlákshöfn. Þótt þeim framkvæmdum hafi miðað hægt áfram, má þó segja, að þar sé kominn vísir að höfn. Má vænta þess, að á næsta sumri komi verulegur skriður á hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn, þar sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að verja í því skyni um 45 millj. kr. af erlendu lánsfé, sem tekið verður vegna þessara framkvæmda. Er því ljóst, að hafnargerð í Þorlákshöfn verður örugglega framkvæmd, og er það vitanlega mjög til hagsbóta.

En strandlengjan frá Þorlákshöfn að Hornafirði er löng, og er nauðsynlegt að fá fleiri hafnir á þessu svæði, ef nokkur kostur er.

Tillaga þessi fer fram á, að rannsókn verði látin fram fara á hafnargerð í Þykkvabæ og við Dyrhólaey.

Árið 1952 lét varnarliðið gera allýtarlega athugun á hafnargerð í Þykkvabæ. Mun sú athugun hafa leitt í ljós, að hafnargerð þar er möguleg. Hitt er ekki vitað, hve hár kostnaður var áætlaður við framkvæmdina. Líklegt má telja, að áætlun varnarliðsins hafi miðazt við stærri höfn en nauðsynleg væri, miðað við íslenzka atvinnuvegi. Ef til vill mætti fá upplýsingar um áætlanir varnarliðsins og styðjast að einhverju leyti við þær niðurstöður, sem þar fengust. Er ekki að efa, að höfn í Þykkvabæ gæti orðið stór lyftistöng fyrir Sunnlendinga, bæði sem fiskihöfn og samgöngubót. Þá er og rétt að hafa í huga stórvirkjun í Þjórsá og iðjuver, sem upp myndu rísa í því sambandi.

Ekki þarf að minna á, að strandlengjan frá Þykkvabæ til Dyrhólaeyjar er mjög löng, og væri því mikið atriði fyrir austurhluta Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, ef takast mætti að gera höfn þar. Höfn við Dyrhólaey gæti gegnt tvíþættu hlutverki, því að bæta samgöngurnar og einnig sem bátahöfn, þar sem Dyrhólaey liggur mjög vel við fiskimiðum.

Á árinu 1956 var samþykkt tillaga til þingsályktunar, sem þáverandi þm. V.-Sk., Jón Kjartansson, flutti, um athugun á hafnarbótum við Dyrhólaós. Athugun sú mun ekki hafa farið fram, hvað sem valdið hefur.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja kapp á, að rannsókninni verði hraðað, svo að fyrir liggi nákvæm niðurstaða um, hvort kleift sé eða hagkvæmt að leggja í hafnarframkvæmdir á tilteknum stöðum.

Ed. **33. Frumvarp til laga** [33. mál]

um lagagildi reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Hermann Jónasson, Finnbogi R. Valdimarsson, Sigurvin Einarsson, Björn Jónsson, Ólafur Jóhannesson, Karl Kristjánsson, Alfreð Gíslason, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, skal hafa lagagildi. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.


Fylgiskjal.

Reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Fiskveiðilandhelgi Íslands skal afmörkuð 12 sjómílum utan við grunnlínu, sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1.	Horn	66°27′4	n.br.,	22°24′5 v.lg.
2.	Íraboði	66°19′8	—	22°06′5 —
3.	Drangasker	66°14′3	—	21°48′6 —
4.	Selsker	66°07′5	—	21°31′2 —
5.	Ásbúðarif	66°08′1	—	20°11′2 —
6.	Siglunes	66°11′9	—	18°50′1 —
7.	Flatey	66°10′3	—	17°50′5 —
8.	Lágey	66°17′8	—	17°07′0 —
9.	Rauðinúpur	66°30′7	—	16°32′5 —
10.	Rifstangi	66°32′3	—	16°11′9 —
11.	Hraunhafnartangi	66°32′3	—	16°01′6 —
12.	Langanes	66°22′6	—	14°32′0 —
13.	Skálatóarsker	65°59′7	—	14°37′5 —
14.	Bjarnarey	65°47′1	—	14°18′3 —
15.	Almenningsfles	65°33′1	—	13°40′6 —
16.	Glettinganes	65°30′6	—	13°36′4 —
17.	Norðfjarðarhorn	65°10′0	—	13°31′0 —
18.	Gerpir	65°04′7	—	13°29′8 —
19.	Hólmur	64°58′9	—	13°30′7 —
20.	Setusker	64°57′7	—	13°31′6 —
21.	Þursasker	64°54′1	—	13°36′9 —
22.	Yztiboði	64°35′2	—	14°01′6 —
23.	Selsker	64°32′8	—	14°07′1 —
24.	Hvítingar	64°23′8	—	14°28′1 —
25.	Stokksnes	64°14′1	—	14°58′5 —
26.	Hrollaugseyjar	64°01′7	—	15°58′8 —
27.	Tvísker	63°55′6	—	16°11′4 —
28.	Ingólfshöfði	63°47′8	—	16°38′6 —
29.	Hvalsíki	63°44′1	—	17°33′7 —
30.	Meðallandssandur I	63°32′4	—	17°56′0 —
31.	Meðallandssandur II	63°30′6	—	18°00′0 —
32.	Mýrnatangi	63°27′4	—	18°12′0 —



Sjómælingadeild Vita- og hafnamálaskrifstofunnar

33.	Kötlutangi	63°23′4 n.br.,	18°43′0 v.lg.
34.	Lundadrangur	63°23′5 —	19°07′6 —
35.	Geirfuglasker	63°19′0 —	20°30′1 —
36.	Einidrangur	63°27′4 —	20°37′2 —
37.	Selvogur	63°49′1 —	21°39′4 —
38.	Hópsnes	63°49′3 —	22°24′6 —
39.	Eldeyjardrangur	63°43′8 —	22°59′6 —
40.	Gáluvíkurtangi	64°44′9 —	23°55′3 —
41.	Hraunvör	64°49′6 —	24°01′0 —
42.	Skálasnagi	64°51′3 —	24°02′6 —
43.	Bjargtangar	65°30′2 —	24°32′3 —
44.	Kópanes	65°48′3 —	24°06′3 —
45.	Barði	66°03′7 —	23°47′6 —
46.	Straumnes	66°25′7 —	23°08′5 —
47.	Kögur	66°28′3 —	22°55′8 —
48.	Horn	66°27′9 —	22°28′5 —

Auk þess skulu dregnar markalínur í kringum eftirfarandi staði 12 sjómílur frá þeim:

49.	Kolbeinsey	67°07′5 n.br.,	18°36′0 v.lg.
50.	Hvalbakur	64°35′8 —	13°16′7 —
51.	Geirfugladrangur	63°40′6 —	23°17′3 —

Loks skal dregin markalína í kringum Grímsey, 12 sjómílur frá yztu annesjum og skerjum hennar.

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

2. gr.

Í fiskveiðilandhelginni skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, skal heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, en þó utan þeirra fiskveiðitakmarka, sem ákveðin voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

Fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skulu sett sérstök ákvæði um heimild þessa og þar tilgreint nánar um veiðisvæði og veiðitíma.

4. gr.

Botnvörpuskip skulu hafa öll veiðarfæri í búlka innanborðs, þegar þau eru stödd á svæðum, sem þeim er óheimilt að veiða á.

5. gr.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 frá 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur sjávarútvegsmálaráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi með síðari breytingum, eða ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952, og fellur með gildistöku hennar úr gildi reglugerð nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1958.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 30. júní 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Greinargerð.

Verndun fiskimiðanna umhverfis landið er lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar. Stærð fiskveiðilandhelginnar er nú ákveðin með reglugerð, sem ríkisstjórn Íslands hefur sett samkvæmt heimild í svonefndum landgrunnslögum frá 1948. Þeirri reglugerð er, eins og öðrum reglugerðum, hægt að breyta, án þess að samþykki Alþingis komi til. Þetta fyrirkomulag verður að teljast óheppilegt til frambúðar og tímabært, eins og á stendur, að lögfesta ákvæði reglugerðarinnar um stærð fiskveiðilandhelginnar.

Sþ. 34. Fyrirspurnir. [34. mál]

I. Til fjármálaráðherra um lántökur ríkisins.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hve mikið er búið að borga inn til íslenzkra banka af umsömdu 6 milljón dollara láni í Bandaríkjunum, og hve miklu nemur sú fjárhæð í íslenzkum krónum?
2. Hefur ríkisstjórnin ráðstafað nokkru af lánsfé þessu umfram það, sem heimilað var í 22. gr. fjárlaga 1959?
3. Er ríkisstjórnin að leita fyrir sér um nýjar lántökur, og ef svo er, þá hverjar og í hvaða skyni?

II. Til fjármálaráðherra um vörukaupalán í Bandaríkjunum.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hve mikil vörukaupalán (P.L. 480) hafa verið tekin samtals í Bandaríkjunum og hve mikið á þessu ári?
2. Hve mikið af þessu fé verður til útlána innanlands?
3. Hve mikið er búið að lána út innanlands og hverjum?
4. Hvað er áætlað, að þessi vörukaupalán muni nema miklu til ársloka og á næsta ári, og hvað verður til ráðstöfunar innanlands?
5. Hyggst ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi fyrirætlanir sínar um ráðstöfun þessa lánsfjár innanlands?

III. Til viðskiptamálaráðherra um lántökur erlendis.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hve mikið fé hefur nú verið tekið að láni hjá Evrópusjóðnum og með hvaða skilmála um endurgreiðslu?
2. Hve mikið hefur verið tekið að láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og með hvaða kjörum?
3. Hverjar lántökur opinberra aðila hafa verið leyfðar á þessu ári af bönkum og ríkisstjórn?
4. Hve miklu nema þær lántökur einkaaðila samtals, sem leyfðar hafa verið á þessu ári af ríkisstjórn og bönkum?

Nd. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla að níu tíundu hlutum.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður níu tíundu hluta upphitunarkostnaðar.

3. gr.

2. málsgr. 16. gr. laganna orðist þannig:

Annan kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður þannig: Vegna heimangönguskóla að hálfu, en sveitarfélög að hálfu — vegna heimavistarskóla greiðir ríkissjóður að níu tíundu hlutum, en sveitarsjóður einn tíunda hluta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga. Er það því flutt hér á ný. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp samhljóða þessu frv. flutti Pétur Ottesen, þm. Borgfirðinga, á Alþingi árin 1956 og 1957. Náði það þá ekki fram að ganga. Um rök fyrir frv. leyfa flm. sér að vísa til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi frv. Péturs Ottesens. En þar segir á þessa leið:

„Á síðastliðnu hausti áttu fund með sér í Reykjavík fulltrúar frá nokkrum af þeim sýslufélögum, sem standa undir kostnaði af héraðsskólum og húsmæðraskólum í sveitum: Frá Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu Björn Björnsson sýslumaður. Frá Árnessýslu Páll Hallgrímsson sýslumaður og Bjarni Bjarnason skóla-

stjóri. Frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Jón Steingrímsson sýslumaður. Frá Norður-Ísafjarðarsýslu Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður. Frá Vestur-Ísfjarðarsýslu þeir Jóhannes Davíðsson, Hjarðardal, og Sturla Jónsson, Suðureyri. Frá Vestur-Húnavatns- og Strandasýslu Sæmundur Guðjónsson skólastjóri. Munu þeir og hafa haft samráð við ráðamenn í öðrum sýslufélögum, sem eins stendur á um í þessu efni, og má ganga út frá, að þau sýslufélög standi einnig að þeirri ályktun, sem fyrrnefndir fulltrúar samþykktu á fundi sínum í Reykjavík.

Fer ályktun þeirra hér á eftir ásamt greinargerð, er henni fylgir:

„Vér undirritaðir fyrir hönd hlutaðeigandi skóla og sýslufélaga beinum hér með þeirri áskorun til ríkisstjórnar og alþingismanna, að á Alþingi því, er nú situr að störfum, verði gildandi lögum varðandi gagnfræðanám og húsmæðrafræðslu breytt þannig, að héraðsskólar og húsmæðraskólar í sveitum verði kostaðir og reknir að fullu af ríkinu, — en til vara, að ríkissjóður greiði öll kennaralaun við skóla þessa og 90% af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði þeirra."

Greinargerð sú, er fyrr getur, hljóðar svo:

„Með lögum frá 1946 virðist vera gengið út frá, að nokkrum sýslufélögum í landinu verði lagðar þær skyldur á herðar að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað héraðsskóla og húsmæðra, ákveðið hlutfall á móti ríkissjóði. Engin samráð voru þó höfð við forráðamenn þessara sýslufélaga um álögur þessar, og ekki var þeim jafnframt séð fyrir auknum tekjum, sem réttlætt gátu þessar álögur.

Eftir ákvæðum eldri laga um skóla þessa var styrkur úr ríkissjóði það ríflegur, að hann ásamt skólagjöldum stóð undir rekstri og að nokkru leyti undir stofnkostnaðarframlagi.

Sýslufélög og jafnvel einstök hreppsfélög veittu smávegis styrki til þessara skóla. Var það frjálst framlag og fór þá að sjálfsögðu eftir efnum og ástæðum í hvert sinn.

Við setningu skólalöggjafarinnar 1946 var ekki gengið formlega frá því, hvaða sýslufélög tækju þessa skóla að sér. Var það raunar ekki fyrr en frá leið, að sýslunefndum varð ljóst, hvað hér var í efni.

Í hlut sumra sýslufélaga komu tveir skólar, í annarra hlut einn skóli.

Við framkvæmd hinnar nýju skólalöggjafar voru stofnaðir nýir framhaldsskólar á flestum hinna þéttbýlli staða. Í Árnessýslu, sem stendur undir héraðsskóla og húsmæðraskóla ásamt ríkinu, eru t. d. 4—5 framhaldsskólar, sem kostaðir eru af sjóðum viðkomandi hreppa á móti ríkissjóði. Það er hvorki til þess ætlazt né heldur mögulegt, að sýslusjóður veiti styrk til þessara skóla einstakra hreppsfélaga. Aftur á móti verða þessi sömu hreppsfélög að bera hlutfallslega kostnað af skólunum á Laugarvatni. Sama ástand og hér hefur verið lýst er einnig innan sýslufélaga, er að hinum héraðs- og húsmæðraskólunum standa. Verður af þessu misræmi og réttmæt óánægja.

Nokkur sýslufélög sleppa algerlega við allan kostnað af þessu hliðstæða skólahaldi.

Heill landsfjórðungur, Austurland, fær allan kostnað við Eiðaskóla greiddan úr ríkissjóði, og sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli í Dalasýslu.

Þá viljum vér benda á það, að skólar þessir eru yfirleitt ekki nema að litlu leyti sóttir af nemendum úr þeim sýslum, sem kostnaðinn bera. Veldur þar að sjálfsögðu mestu fámenni sveitanna. Skal einnig á það bent, að varla mundu kaupstaðir landsins telja sér skylt að standa undir skólahaldi, sem væri um 50—75% vegna nemenda úr öðrum héruðum að því er héraðsskólana snertir — en 50—97% þegar húsmæðraskólar eru meðtaldir.

Að lokum skal það svo nefnt, sem veigamest er, en það er féleysi sýslusjóðanna, hjá sumum m. a. vegna fámennis, hjá öðrum vegna margvíslegra bundinna útgjalda og hjá öllum vegna takmarkaðra tekjustofna.

Afleiðing þessa ástands eru skuldir og vanskil við skólana annars vegar, en ónógt viðhald mannvirkja og skortur á hæfilegri aðbúð og búnaði hins vegar.

Vér teljum hvorki sanngjarnt né mögulegt að ætla einstökum sýslufélögum að standa undir kostnaði, sem að mestu leyti er vegna annarra skólahéraða, en láta önnur sýslufélög og heilan landsfjórðung sleppa við hliðstæð gjöld.

Skal á það bent, að hér er um svo greinilega sérstöðu að ræða innan íslenzka skólakerfisins, að engin ástæða er til þess að gera ráð fyrir, að sú breyting, sem hér hefur verið farið fram á að gerð verði, geti orðið fordæmi um aðra skóla.“

Ég hef, eins og frv. þetta ber með sér, tekið upp varatillögu þá, sem um ræðir í ályktuninni, bæði að því er tekur til framlags ríkissjóðs til stofnkostnaðar þeirra skóla, sem þar um ræðir, viðhaldskostnaðar og rekstrarkostnaðar. Þá legg ég til, að sama gildi um húsmæðraskólana, hvort sem þeir eru í sveit eða kaupstað. Húsmæðraskólar í kaupstöðum eru sóttir af nemendum víðs vegar að, eins og sveitaskólarnir.

Það má að sjálfsögðu með hliðsjón af þeirri þróun, sem orðið hefur í skólamálum hér á landi síðustu árin, færa fyrir því sterk rök, að ríkissjóður beri allan kostnað af rekstri þessara skóla. Þetta er nú gert að því er snertir Eiðaskólann. Er með þessu létt af Austfirðingafjórðungi öllum kostnaði við rekstur héraðsskóla. Sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli, en sá skóli er í næsta nágrenni við húsmæðraskólann á Varmalandi, sem Mýra- og Borgarfjarðarsýslur verða að bera kostnað af á móti ríkinu. En þrátt fyrir þetta hef ég ekki í þessum tillögum mínum gengið lengra en svo, að áfram hvílir á sýslufélögum þeim, sem að héraðs- og húsmæðraskólunum standa, nokkur þungi af viðhaldi og rekstri þeirra. Er þá eðlilegt að sýslufélög þessi hafi eftir sem áður í sinni hendi íhlutun um málefni skólanna, og verður að telja það undir öllum kringumstæðum hyggilegt.

Það eru færð fyrir því mjög skýr rök í greinargerð sýslufulltrúanna, að sýslufélög þau, er hér um ræðir, verði mjög hart úti og ósanngjarnlega, þegar þess er gætt, að nemendur úr öðrum sýslufélögum, sem engu þurfa til að kosta, eru í miklum meiri hluta í skólunum, og eigi dregur það úr ósamræminu, að ríkið ber allan kostnað af hliðstæðum skólum, eins og að er vikið hér að framan.

Það mælir því öll sanngirni með því, að sú breyting verði hér á gerð, sem í frv. þessu felst. Mér hefur borizt bréf um þetta mál frá mjög merkum skólamanni, Þóri Steinþórssyni í Reykholti, þar sem hann mælir eindregið með fyrrnefndum tillögum og ræðir mál þetta nokkru nánar. Verður að því vikið í framsögu.“

Nd. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Flm.: Gísli Jónsson, Jónas G. Rafnar, Sigurður Ágústsson, Gunnar Gíslason, Alfreð Gíslason, bæjarfógeti.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Erfðafjárskattgreiðslu skal skipta í eftirfarandi flokka:

A-flokkur: Það hjóna, sem lifir hitt, niðjar hins látna, kjörbörn og fósturbörn, foreldrar hins látna, afar hans og ömmur.

B-flokkur: Systkini hins látna, arftakar hans, sem arf taka samkvæmt sérstakri erðaskrá eða gjafabréfi, hvort sem um er að ræða einstaklinga, félög, stofnanir eða sjóði.

C-flokkur: Allir aðrir arftakar, sem falla ekki undir ákvæði A- og B-flokka.

Af erfðafé, sem hverfur til arftaka, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. af arfi til A-flokks erfingja 10% — tíu af hundraði —;
2. af arfi til B-flokks erfingja 25% — tuttugu og fimm af hundraði —;
3. af arfi til C-flokks erfingja 50% — fimmtíu af hundraði —.

Skal erfðafjárskatturinn renna allur í erfðafjársjóð, sem stofnaður var með lögum nr. 12 30. jan. 1952.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Er það því flutt hér á ný. Fylgdi frv. þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum nr. 12 30. jan. 1952 er svo fyrir mælt, að erfðafjárskattur samkvæmt lögum nr. 30. 27. júní 1921 og arfur samkvæmt 33. gr. erfðalaganna frá 1949 skuli renna í sérstakan sjóð, er nefnist „erfðafjársjóður". Skal sjóðnum varið til að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Skyldi sjóðurinn fá þessar tekjur frá 1. jan. 1953. Er sjóðurinn í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins, en félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

Það verður ekki um það deilt, að með breyttum þjóðfélagsháttum og vaxandi skilningi á kjörum gamalmenna og öryrkja vex þörf erfðafjársjóðsins til fjáröflunar, ef hann á að geta sinnt þeim verkefnum, sem lögin mæla fyrir um, svo að verulegu gagni megi koma, enda er það og ljóst, að því betur sem sjóðurinn getur sinnt þeim verkefnum, því léttari verða heildarútgjöld ríkisins til félagsmálanna í landinu. Hitt sýnist og bæði rétt og sjálfsagt, að meginhluti tekna sjóðsins komi frá erfðafé, eftir að framfærsluskyldan hefur í vaxandi mæli verið flutt af ættingjum yfir á Tryggingastofnun ríkisins, eins og gert hefur verið með lögum um almannatryggingar. Með tilvísun til þessa þykir því rétt að leggja til, að erfðafjárskatturinn sé allverulega hækkaður af því fé, sem rennur til útarfa samkvæmt gildandi erfðalögum frá 1949, en jafnframt sé skatti af erfðafé til nánustu vandamanna breytt til meira samræmis með tilliti til fjölskyldutengsla og þess, sem almennt á sér stað um fjármálatengsl innan hverrar fjölskyldu. Hefur því þótt rétt að leggja til, að breytt verði nokkuð um flokkun arftaka frá því, sem gildandi lög mæla fyrir um, þegar ákveða skal erfðafjárskatt af því fé, sem til þeirra fellur.

Með 1. gr. þessa frv. er lagt til, að arftakar séu flokkaðir í þrjá flokka í stað fjögurra flokka samkvæmt gildandi lögum. Arftakar fyrsta flokks greiði 10% — tíu af hundraði — í erfðafjársjóð af því fé, sem til þeirra fellur sem arfur, en þeir eru sem hér segir: Það hjóna, sem lifir hitt, niðjar hins látna, kjörbörn og fósturbörn. Samkvæmt gildandi lögum greiða þessir sömu aðilar nú erfðafjárskatt svo sem lægsti skattstigi laganna mælir fyrir um. Þá er og lagt til í frv., að foreldrum hins látna, afa og ömmu hans sé gert að greiða erfðafjárskatt af því fé, sem þannig fellur til þeirra, samkvæmt skattstiga lægsta flokks, en þessir aðilar greiða nú erfðafjárskatt samkvæmt hærri skattstiga. En allir þessir erfingjar eru í svo nánum tengslum við fjölskylduna, að allt mælir með því, að sami skattstigi sé látinn gilda um þá alla, er reikna skal þeim skatt af erfðafé. 10% skattur sá, sem lagt er til að aðilum í þessum flokki sé gert að greiða, er nokkru hærri en lægsti núgildandi erfðafjárskattstigi er, en þegar litið er á skattstigann í heild, sem þessum aðilum er ætlað að greiða eftir, þá verður meðalskattgreiðsla þeirra mjög lík því, sem nú gildir um þessa aðila.

Systkinum hins látna svo og öllum þeim arftökum, sem arf taka samkvæmt erfðaskrám eða gjafabréfum, er samkvæmt frv. ætlað að greiða erfðafjárskatt samkvæmt skattstiga annars flokks, eða 25% — tuttugu og fimm af hundraði —. Er þetta örlítið hærra en systkini látins arfleifanda nú greiða í erfðafjárskatt af fé, sem til þeirra fellur þannig. Hins vegar hækkar skattur af erfðafé, sem fellur í hlut arftaka samkvæmt erfðaskrám eða gjafabréfum, úr tæpum 10% í 25%.

Veigamesta hækkunin er af því fé, sem fellur til arftaka samkvæmt þriðja gjaldflokki, en þar sem hér er um að ræða eingöngu útarfa, þykir rétt að hækka skattinn

á þeim arfahluta, svo sem lagt er til í frv., eða í 50% af því fé, sem fellur til þessara arftaka.

Nái frv. þetta fram að ganga, er ljóst, að með því er stofnað til þess, að betur verður búið í framtíðinni að gamalmennum og öryrkjum en verið hefur; að bjargað er þúsundum dagsverka, sem þetta fólk mun enn leggja fram í þjóðarbúið, þegar því er gefin æskileg aðstaða til þess að starfa undir hagstæðum skilyrðum, svo lengi sem kraftar þeirra leyfa; að með því er stórum hluta af erfðafé safnað saman til að koma í framkvæmd mjög aðkallandi verkum, sem annars mundi tefjast um of að framkvæma; að létt yrði undir með félitlum sveitarfélögum að koma upp þeim byggingum, sem hér um ræðir, og skapa með því þeim þegnum sínum, sem venjulega eiga við mesta erfiðleika að stríða, betri lífskjör en ella.

Þess er því vænzt, að frv. fái skjóta og góða afgreiðslu á þessu þingi."

Ed. 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Flm.: Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á árunum 1961—1965, að báðum árum meðtöldum, skal verja árlega 6 milljónum króna umfram fjárveitingar á fjárlögum til nýbyggingar þjóðvega á Vestfjörðum og Austurlandi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka innlent lán til vegagerðar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Vegafé samkvæmt 1. gr. skal varið til þeirra byggðarlaga á Vestfjörðum og Austurlandi, sem lakast vegakerfi hafa að dómi vegamálastjóra.

4. gr.

Alþingi skiptir fjárframlögum samkvæmt 1. gr. milli einstakra þjóðvega að fengnum tillögum vegamálastjóra og þingmanna hlutaðeigandi kjördæma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Þess vegna er það nú flutt að nýju. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Viðunandi vegakerfi í byggðum landsins er eitt meginskilyrði fyrir því, að atvinnulíf geti þrifizt og byggð haldizt.

Athugun leiðir því miður í ljós, að ýmis byggðarlög hafa dregizt svo mjög aftur úr í þessu efni, að ekki verður við unað lengur. Þetta stafar af því, að í sumum héruðum, sem eru mjög vel byggileg, er kostnaður við að koma þeim í vegasamband og leggja þar vegi um byggðirnar og milli þeirra tiltölulega meiri en á öðrum svæðum landsins, sem þéttbýlli eru.

Fjárveitingar til vegagerðar og brúa hafa a. m. k. oftast í aðalatriðum verið við það miðaðar, að skipting þess fjár yrði sem jöfnust milli hinna gömlu héraðakjördæma. Þetta hefur af ástæðum, sem áður eru nefndar, leitt til þess, að þar sem strjálbýlið er mest og jafnframt kostnaðarsamast að koma á vegasambandi,

er nú vegasambandslaust á stórum svæðum. Afleiðingin er yfirvofandi brottflutningur þess fólks, sem býr á þessum landssvæðum, því að það sér fram á, að ef ekki er gert sérstakt heildarátak í þessum efnum, en aðeins unnið að vegagerðinni með svipuðum hraða og verið hefur, þ. e. eftir þeirri meginreglu, að fjárveiting sé svipuð til þessara kjördæma og annarra kjördæma, þar sem vegir eru komnir á flesta bæi, þá líður langur tími þangað til vegasamband er komið á. En vegleysið þýðir það, að skref er að sumu leyti stigið aftur á bak. Hestarnir voru áður algengasta farartækið. Nú er meir og meir horfið frá að nota þá. Þetta þýðir, að í veglausum byggðarlögum, sem eru ekki heldur tengd við aðalvegakerfi landsins, eru mjög takmarkaðir möguleikar til ferðalaga á landi og til nauðsynlegra viðskipta. Í þau byggðarlög er ekki hægt að koma stórvirkum vélum til ræktunar- og framleiðslustarfa. Þeir, sem hafa ekki vegasamband, hafa því allt aðra aðstöðu en aðrir þegnar þessa þjóðfélags. Í því er ekkert réttlæti. Við það unir fólk ekki heldur til lengdar að láta setja sig skör neðar en aðra. Það flytur burt af þessum svæðum. Þegar þetta hefur gerzt, er ekki auðvelt að koma landinu í byggð aftur.

Frumvarp þetta er borið fram í því skyni að reyna að byrgja brunninn í tíma, enda verður ekki séð, með hvaða hætti öðrum hægt er að hrinda þessu réttlætismáli fram svo fljótt, að viðunandi geti talizt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að verja 30 millj. króna á næstu fimm árum til að rétta nokkuð hlut Vestfjarða og Austurlands í samgöngumálum. Er þó fjarri því, að þessi fjárhæð dugi til að skapa jafnvægi milli héraða í þessum málum, en til mikilla bóta ætti hún að geta orðið.

Lagt er til, að þessi fjárhæð skiptist milli þjóðvega í þeim byggðarlögum landsins, sem verst eru sett í vegamálum, samkv. skýrslum vegamálastjóra, er hann lagði fyrir samvinnunefnd samgöngumála á Alþingi síðastliðinn vetur. Frekari dreifing fjárins yrði til þess að draga úr því jafnvægi milli byggðarlaga, sem frumvarp þetta stefnir að.

Þá er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka innlent lán til þessara vegaframkvæmda. Er það gert til þess, að lagning nýrra vega samkv. þessu frumvarpi dragi á engan hátt úr fjárveitingum til vegamála á fjárlögum.“

Nd. 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á lögum nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

Flm.: Einar Sigurðsson.

1. gr.

2. og 3. málsgr. 6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á lögum nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt, að lagt er til í því, að niður falli úr 6. gr. laganna 2. og 3. málsgrein, en í þessum málsgreinum segir:

„Óheimilt er að reisa ný minkabúr, eftir að lög þessi koma til framkvæmda. Þeim, sem þá eiga löglega umbúin minkabúr, önnur en steinsteypt, er þó heimilt að

láta þau standa allt að þremur misserum, en þó aldrei lengur en Búnaðarfélag Íslands telur þau fullgilda vörzlu.

Þar, sem minkar eru nú geymdir í steinsteyptum húsum, má ala þá áfram í þeim allt að 5 ár, eftir að lög þessi koma til framkvæmda, sbr. þó 11. gr. laga nr. 56 25. maí 1949.“

Ef þessi breyting á lögunum verður samþykkt, verður loðdýrarækt og loðdýraeldi, þar á meðal minkarækt og minkaeldi, heimilað hér á landi að fullnægðum þeim skilyrðum, sem lögin setja. Um það segir meðal annars svo í 3. gr. laganna:

„Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hlíti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd laganna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits Búnaðarfélags Íslands.“

Loðdýrarækt hefur ætíð verið arðbær atvinnugrein á Norðurlöndum og víðar um heim. Sérstaklega hefur þó minkaeldi verið arðvænt. Hér á landi hefur þó ekki eins vel tekizt til, og hefur minkaeldi verið bannað með lögum um skeið af ástæðum, sem naumast eru frambærilegar. Hér ætti að vera sérstaklega hagstætt að stunda þessa atvinnugrein sökum þess, að fiskmeti er hér nóg fyrir hendi, en það er aðallega notað til þess að fóðra minka og hefur nú nokkur allra síðustu árin verið útflutningsvara í þessu skyni. Kaupa Norðurlandaþjóðirnar, einkum Svíar, hér fiskúrgang handa eldisdýrum sínum og fiskimjöl, þegar fiskúrgangurinn hefur ekki hrokkið til.

Vöxturinn í framleiðslu minkaskinna hefur verið ótrúlega mikill á undanförnum árum. Kanada- og Bandaríkjamenn standa þar fremstir, en Norðurlöndin eru einnig drjúg, og eru Svíar og Norðmenn næstir. Ekki er vitað um þessa framleiðslu í Sovétríkjunum. Svíar hafa t. d. fimmfaldað framleiðslu sína af minkaskinnum á s. l. fimm árum. Nemur nú útflutningur Svía og Norðmanna hvors um sig á ári um 500 millj. ísl. króna, og er það ¼ hluti af heildarútflutningi Íslendinga, slagar hátt upp í freðfiskútflutninginn, sem er langstærsti liðurinn í útflutningnum. Má af þessu marka, hve geysimikilvægt það væri fyrir landsmenn að hagnýta sér þá tekjulind, sem minkaeldi gæti verið. Það er engan veginn sagt, að Íslendingar gætu ekki komizt lengra í þessum efnum en þessar nágrannaþjóðir okkar, a. m. k. hafa þeir til þess miklu betri skilyrði, þar sem þeir hafa það mikilvægasta, fóðrið, í miklu ríkari mæli en þær.

Lauslega áætlað falla hér til í landinu árlega 150000 lestir af fiskúrgangi, sem hentugur er fyrir minkafóður, en það er úrgangur úr þorski og ýsu og öðrum slíkum fiski. Úrgangur úr karfa og öðrum feitum fiski er ekki nothæfur, þar sem hann gerir skinnin gráleit vegna fitunnar. Það væri auðvitað sjálfsagt að nota allan fiskúrganginn til fóðurs minka í landinu sjálfu, en til þess þyrfti sjálfsagt jafnmörg dýr og eru nú bæði í Svíþjóð og Noregi, eða um 2 millj. dýra.

Loðskinn hafa löngum verið eftirsótt tízkuvara hjá kvenþjóðinni og verða sjálfsagt um langan aldur. Nú er alltaf verið að ná lengra í því að kynbæta minkinn, og ganga hinar ótrúlegustu sögur um verð á hinum beztu skinnum. Hefur heyrzt talað um jafnvel 3000 krónur fyrir skinnið, ef til vill enn meira. Í þeim tölum, sem hér hafa verið nefndar, hefur 600 króna meðalverð fyrir skinnið verið lagt til grundvallar, sem virðist vera meðalverð hjá Norðmönnum. Það eru engar líkur til þess, að ekki verði áfram mikil eftirspurn eftir minkaskinnum.

Minkaeldi og allur aðbúnaður hefur tekið miklum framförum, síðan það var hér á landi. Nú er það eins og annað í atvinnuháttum menningarþjóða orðið mjög sjálfvirkt og krefst miklu minna mannahalds en áður. Aðbúnaður er einnig orðinn þannig, að telja má svo til útilokað, að dýr sleppi út. Þar sem minkaeldi er rekið af myndarskap, er ekki óalgengt, að menn hafi bú með 2000 dýrum. Það er á margan hátt hægt að standa að minkaeldi. Það getur verið sjálfstæður atvinnurekstur, en

það getur líka verið haft til að styðja annan atvinnurekstur, eins og búskap. Algengt er í Noregi og víðar, að bændur hafi minkaeldi jafnframt búskap sínum og hafi af því góðar tekjur. Mikilvægasta breytingin frá fyrri tíð er fyrst og fremst kynbæturnar, frágangur búranna og frystitæknin. Nú er frystiklefi jafnsjálfsagður við minkabú og hlaðan á kúa- eða fjárbúinu. Hér skal svo ekki farið frekar út í, hve mikilvæg atvinnugrein þetta gæti verið fyrir bændur og vel fallin til þess að geta keppt við vinnumarkaðinn í bæjunum, en aðeins bent á, hve afraksturinn af mink er mikill borið saman við fóðurtilkostnað, sem er lauslega áætlað ekki nema 200 krónur á skinn.

Það er ekki ósjaldan talað um, að auka þurfi fjölbreytni útflutningsins, og er það hverju orði sannara. Það mundi að vísu kosta mikið að ætla að koma t. d. upp — segjum á næstu 5—10 árum — 1½—2 millj. minka í eldi, eins og Svíar og Norðmenn hafa til samans, en myndarlegt átak væri það og mikilvægt fyrir þjóðina efnahagslega. Jafngilti það 1000 millj. kr. auknum útflutningi. En það er ef til vill fátt, sem krefðist jafnlítils stofnkostnaðar, borið saman við afrakstur, eins og minkaeldi.

Ef frumvarp þetta verður að lögum og leyft verður aftur minkaeldi, þyrfti ríkisstjórnin að gera tillögur um stofnlán til minkabúa. Þar kæmi aftur mikið í aðra hönd: Atvinna fyrir fjölda manns, arðbær atvinnurekstur fyrir eigandann og mikilvæg gjaldeyrisöflun fyrir þjóðina í heild. Ríkissjóður mundi líka uppskera sinn hlut, þar sem þessi útflutningur eins og annar mundi gefa honum miklar tolltekjur. Þá mundi jafnmikilvægur atvinnuvegur, rekinn í jafnstórum stíl og hér er aðstaða til, bæta lífskjörin almennt í landinu.

Í þessu sambandi tekur varla að minnast á villiminkinn. Hann er staðreynd, sem ekki verður umflúin, og það er sjálfsagt að halda áfram að reyna að útrýma honum, enda þótt sú barátta kosti nú orðið á fjórðu milljón króna. Það er engin ástæða til þess að halda eftir reynslu nágranna okkar af minnkaeldi, að svo til nokkur minkur sleppi út, eins og búið er orðið um búrin. Menn mega ekki halda, að verið sé að kaupa mink og ala hann til þess að sleppa honum lausum.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, þyrfti ríkisstjórnin að senda 2—3 verkfræðinga til þess að kynna sér, hvernig minkabúrum og minkaeldi er bezt fyrir komið hjá öðrum þjóðum, og láta þá leiðbeina um byggingu búranna. Þá væri mikilvægt, að minkaframleiðendur mynduðu þegar með sér traustan félagsskap, til þess að tæknilegum og viðskiptalegum málefnum þeirra væri vel borgið."

Nd. 39. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Garðar Halldórsson, Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Fyrir orðin „til Akureyrar" í C. 1 komi: um Akureyri.
2. C. 47 orðist svo:
   Hörgárdalsvegur ytri: Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl á Hörgárdalsveg innri, með álmu um Sörlatungu á Hörgárdalsveg innri utan við Púfnavelli.
3. C. 49 orðist svo:
   Hauganesvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi, með álmu að Árskógssandi.

4. C. 51 orðist svo:
   Svarfaðardalsvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Skallá.
5. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
   Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan Skíðadalsárbrúar að Skíðadalsárbrú norðan við Kóngsstaði.
6. Á eftir C. 53 komi nýr liður:
   Ósvegur: Af Hjalteyrarvegi á móti barnaskóla sveitarinnar, um Búland og Ós á Dalvíkurveg norðan við Hof.
7. C. 54 orðist svo:
   Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri og ofan við tún á Gæsum og Skipalóni um Hlaðir á Dalvíkurveg sunnan Hörgárbrúar.
8. Á eftir C. 55 komi nýr liður:
   Efribyggðavegur: Af Eyjafjarðarbraut við Hólshús, um Finnastaði, Möðrufell og Miklagarð á Djúpadalsveg við Litla-Garð.
9. C. 57 orðist svo:
   Vatnsendavegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda og vestur yfir Eyjafjarðará þar á Eyjafjarðarbraut.
10. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
    Sölvadalsvegur: Af Vatnsendavegi hjá Gnúpufelli, fram Sölvadal að Þormóðsstöðum.
11. Á eftir C. 60 komi nýr liður:
    Vaglaskógarvegur: Af Norðurlandsvegi við Fnjóskárbrú að austan um Vaglaskóg að Lundi.
12. Á eftir C. 64 komi nýr liður:
    Fremstafellsvegur: Af Kinnarvegi hjá Landamóti um Fellsenda, Fremstafell og Hriflu á Norðurlandsveg hjá Kvíslarbrú.
13. Á eftir C. 65 komi tveir nýir liðir:
    a. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun um Hvamma að Yztahvammi og þaðan að Haga.
    b. *Sandsbæjavegur:* Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.
14. C. 67 orðist svo:
    Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú, vestan Skjálfandafljóts að Halldórsstöðum, með álmu frá Stóruvöllum yfir Skjálfandafljótsbrúna þar á Bárðardalsveg eystri sunnan Sandvíkur.
15. Á eftir C. 69 komi tveir nýir liðir:
    a. *Uppsveitarvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut norðan við Meiðavelli í Kelduhverfi um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.
    b. *Vestur-Sandsvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut hjá Lindarbrekku um Vestur-Sand að Bakkahlaupi.
16. C. 74 orðist svo:
    Austur-Sandsvegur: Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastað um Sandárbrú og Austur-Sand að Bakka.
17. Á eftir C. 76 komi nýr liður:
    Frambæjavegur: Af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarðsárbrú um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúðá.
18. Á eftir C. 77 komi nýr liður:
    Tunguselsvegur: Af Þistilfjarðarvegi við Hafralónsá um Hallgilsstaði að Tunguseli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegir þeir, sem hér er lagt til að teknir verði í tölu þjóðvega, eru flestir sýsluvegir.

Ekki þarf að rökstyðja þörfina á bættum samgöngum. Sveitir eða sveitahlutar verða varla lengi í byggð hér eftir án vegasambands.

En hvort tveggja er, að óhjákvæmilegt er að taka enn upp allmarga sýsluvegi, þótt sýsluvegasjóðirnir hafi þegar meiri vegi að annast en þeir rísa undir, og fjárráð þeirra eru svo takmörkuð, að óhjákvæmilegt er að létta nokkuð á þeim með því að bæta inn á þjóðvegakerfið einhverju af núverandi sýsluvegum og vegum, sem annars yrði að gera að sýsluvegum. Fáist slíkt ekki fram né heldur aukin fjárráð sýsluvegasjóðanna, er víða vá fyrir dyrum í dreifbýlinu.

Vegir þeir, sem hér um ræðir, eru í ýmiss konar ástandi, allt frá algerri vegleysu til þess að vera að mestu eða nálega öllu fullgerðir.

Ed. 40. Frumvarp til laga [40. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1961 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.

Ed. 41. Frumvarp til laga [41. mál]

um Listasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Menningarsjóður greiðir listasafninu a. m. k. 500 þús. krónur árlega af tekjum sínum til listaverkakaupa.

2. gr.

Aðalhlutverk listasafnsins skal vera:

a. að afla svo fullkomins safns íslenzkrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna,

b. að afla viðurkenndra erlendra listaverka, og skal verja í því skyni allt að tíu af hundraði af því fé, sem safninu er fengið til listaverkakaupa,
c. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda og rita, eða með öðrum þeim hætti, er henta þykir og fé er veitt til,
d. að láta gera kvikmyndir um verk hinna fremstu íslenzku myndlistarmanna, ævi þeirra og starfsháttu, eftir því sem fjárráð og aðrar aðstæður leyfa,
e. að afla heimilda um íslenzka myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost,
f. að efna til farandsýninga um landið,
g. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenzka myndlist, eftir því sem óskað er og við verður komið.

3. gr.

Sýningarsalir safnsins skulu opnir almenningi án gjalds á auglýstum tíma.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Skulu launin vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn.

5. gr.

Mynda skal safnráð fimm manna, þannig:

Íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem eru eða verið hafa félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara, og er æskilegt, að þeir séu fulltrúar mismunandi liststefna, og einn myndhöggvara.

Verði kennsla í listsögu hafin í Háskóla Íslands, skal kennarinn í þeirri grein eiga sæti í safnráði, en heimspekideild velur varamann hans. Þangað til nefnir deildin mann og varamann í ráðið til fjögurra ára í senn, svo og ef kennarinn í listsögu á þegar sæti í safnráði.

Forstöðumaður listasafnsins skal eiga sæti í safnráði samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður ráðsins. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, er kosningarrétt hafa til safnráðs samkvæmt framansögðu. Skal skráin liggja frammi í listasafninu hæfilegan tíma fyrir kjördag, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá, og koma fram leiðréttingum.

Rísi ágreiningur um, hverjir skuli vera á kjörskrá, fellir Menntamálaráð Íslands um það fullnaðarúrskurð.

Forstöðumaður listasafnsins boðar síðan alla þá, sem á kjörskrá eru, til fundar með auglýsingu í ríkisútvarpi og dagblöðum. Hann setur fund og gengst fyrir kjöri fundarstjóra, en víkur síðan af fundi. Fundarstjóri stýrir kosningu safnráðsmanna, og skal hún fara fram skriflega.

6. gr.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar, ef safnstjóri er henni andvígur. Ef ágreiningur rís milli safnstjóra og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð hvors aðila í gerðabók ráðsins.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun safnráðs.

7. gr.

Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði:

a. kaup á listaverkum til safnsins,
b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast,
c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir,
d. önnur mál, er forstöðumaður æskir að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd og safnið varða.

8. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga, hvað safnið á eftir sama höfund.

9. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil, að safnráðsmenn og höfundur séu um það sammála.

10. gr.

Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf, má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf.

Gjöf skal fylgja gjafabréf.

11. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til.

12. gr.

Safnráð tekur ákvörðun um það hverju sinni, hvort heimila skuli afnot af sýningarsölum safnsins fyrir aðrar sýningar en þær, er íslenzka ríkið stendur að.

13. gr.

Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt.

14. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenzkum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu, sem leiðir af ákvæðum 9. og 10. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkunum á vegum safnsins og öðrum listsýningum, sbr. 11. gr. Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess, en til eftirgerðar í öðru skyni þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundarréttar, enda á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er brjóta í bág við þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp sama efnis var lagt fyrir Alþingi 1959, en varð þá eigi útrætt. Í greinargerð þess sagði:

Hinn 11. janúar 1957 fól menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, Birgi Thorlacius, ráðuneytisstjóra, Birni Th. Björnssyni, listfræðingi, Gunnlaugi Scheving, listmálara, dr. Gunnlaugi Þórðarsyni, stjórnarráðsfulltrúa, og frú Selmu Jónsdóttur, umsjónarmanni listasafnsins, að semja frumvarp til laga um listasafn. Nefndin gerði frv., sem síðan var borið undir Bandalag íslenzkra listamanna, Félag íslenzkra myndlistarmanna, félagið „Óháðir listamenn", Nýja myndlistarfélagið, þjóðminjavörð og Menntamálaráð Íslands, og eru umsagnirnar birtar sem fylgiskjöl.

Ráðuneytið hefur, að höfðu samráði við nefndina, tekið til greina ábendingar Félags ísl. myndlistarmanna, sem fjallaði um frumvarpið fyrir hönd Bandalags ísl. listamanna, og sumar athugasemdir þjóðminjavarðar. Þá telur nefndin það ekki skipta miklu máli, hvort sú tilhögun um skipan safnráðs verði höfð, sem félagið „Óháðir listamenn" aðhyllist, eða sú, sem ofan á varð í nefndinni, er frv. var samið. Hefur ráðuneytið ekki breytt því atriði.

Frá Nýja myndlistarfélaginu hafa engar athugasemdir borizt.

Menntamálaráð Íslands er andvígt frumvarpinu og telur það að taka stjórn safnsins undan Menntamálaráði brjóti í bág við það, sem til hafi verið ætlazt með lögum um Menningarsjóð og Menntamálaráð. Þarna gætir misskilnings, því að í þeim lögum segir í 7. gr. að meðal verkefna Menntamálaráðs sé „að hafa yfirumsjón með Listasafni ríkisins, **þar til lög verði sett um safnið.**"

Þegar frv. að lögum um Menningarsjóð og Menntamálaráð var lagt fyrir þingið, segir nefndin, sem undirbjó það, að hún geri ráð fyrir því, að ákveðnum hluta af tekjum Menningarsjóðs verði hér eftir sem hingað til varið til kaupa á listaverkum handa Listasafni ríkisins enda „þótt samdar kunni að verða nýjar reglur um listaverkakaup og **þau falin öðrum aðila en fram að þessu hefur haft þau með höndum.**"

Greinargerð sú, er nefndin lét fylgja frumvarpinu til ráðuneytisins, fer hér á eftir í aðalatriðum, svo og umsagnir um frumvarpið:

„Nefndin hefur rætt verkefni þetta á allmörgum fundum, kynnt sér tiltæk gögn um ríkislistasöfn á Norðurlöndum og orðið ásátt um að skila frumvarpi því, sem skráð er hér að framan. Eru nefndarmenn sammála um frumvarpið að öðru leyti en því, að tveir nefndarmenn æskja að skipan safnráðs sé með öðrum hætti en ráðgert er í 5. gr. og vísast um það til umsagnar um þá grein hér á eftir.

Fyrstu drögin að listasafni hér á landi voru hin 38 málverk, sem hingað voru gefin árið 1885 fyrir atbeina Björns Bjarnarsonar (1853—1918), síðar sýslumanns og alþingismanns Dalasýslu. Flest voru málverkin eftir danska málara eða 29 þeirra, 6 eftir Norðmenn, 1 eftir Svía, 1 eftir Austurríkismann og 1 eftir Þjóðverja. Meðal gefenda var Kristján konungur IX., en listamenn gáfu hin málverkin flest. Meginhluti myndanna kom til landsins árið 1885, en hin síðustu árið 1887. Málverkin voru send landshöfðingja, en hann kom þeim í alþingishúsið til varðveizlu.

Næst bættust við myndir þær, 29 að tölu, er Edvald J. Johnsen, læknir (1838—1893), ánafnaði safninu eftir sinn dag, og bárust þær til landsins árið 1895. Árið 1896 bættust enn í safnið tvö málverk. En fyrsta myndin, sem listasafnið eignaðist eftir Íslending, var höggmyndin „Útilegumaður" eftir Einar Jónsson frá Galtafelli (1874—1954). Gaf Ditlev Thomsen, ræðismaður, safninu myndina árið 1902. Hún er nú í listasafnshúsi Einars Jónssonar. Árið 1911 gáfu nokkrir menn í Reykjavík safninu olíumálverkið „Áning" eftir Þórarin B. Þorláksson (1867—1924), og var það fyrsta málverkið, sem safnið eignast eftir íslenzkan mann.

Samkvæmt málaleitan þjóðminjavarðar til Stjórnarráðs og Alþingis fólu forsetar þingsins honum með bréfi, dagsettu 16. september 1915, „alla umsjón, niðurskipun og skrásetning allra málverka og listaverka þeirra, er Alþingi á eða landið" og kváðust ætlast til, að safn þetta yrði „framvegis sem sérstök deild af þjóðmenja-

safni landsins“ og að ekki yrði keypt „neitt af listaverkum til þessa safns, nema með samráði við þjóðmenjavörðinn.“ Veitti Alþingi um leið fé til aðstoðar við umsjón með sýningu listasafnsins á næstu tveimur árum. Í byrjun næsta árs eða 24. janúar 1916 gaf Stjórnarráðið út svofelld fyrirmæli eftir tillögu þjóðminjavarðar: „Listasafn Íslands, hér undir telst málverkasafn landsins og önnur listaverk, sem landið á, skal vera undir umsjón þjóðmenjavarðar og vera ein deild af Þjóðmenjasafninu. Öll listaverk, sem landið síðar kann að eignast, skulu jafnóðum lögð til listasafnsins.“

Þannig var listasafnið komið í umsjá þjóðminjavarðar, Matthíasar Þórðarsonar, og lét hann sér jafnan mjög annt um það. Alþingi veitti nokkurt fé til kaupa á erlendum listaverkum, auk þess sem safnið eignaðist svo að segja árlega myndir eftir hina upprennandi íslenzku listamenn. Við áramót 1915—1916 eru taldar í höggmyndasafninu 7 myndir, en 91 í málverkasafninu.

Safninu hafa fyrr og síðar borizt ýmsar góðar gjafir. Má þar til nefna, auk þeirra, sem þegar eru greindar, fimm íslenzk og tvö erlend olíumálverk, er Guðjón Sigurðsson, úrsmiður (1864—1915), arfleiddi safnað að og komu í eigu þess árið 1915. Árið 1919 barst safninu gjöf sú, er Helgi prestur Sigurðsson að Melum (1815—1888) ánafnaði því í arfleiðsluskrá sinni 24. júlí 1888. Eru þetta 43 myndir eftir hann sjálfan, flest skólateikningar, en þrjú olíumálverk og mynd sú, er hann gerði af Jónasi Hallgrímssyni látnum.

Árið 1947 gaf Christian Gierlöff, rithöfundur í Oslo, safninu fimmtán svartlistarmyndir eftir norska málarann Edvard Munch. Sama ár gáfu nokkrir menn í Reykjavík átta olíumálverk eftir danska málarann Carl V. Meyer. Frú Kristín Andrésdóttir, ekkja Markúsar Ívarssonar, forstjóra, og dætur hennar afhentu safninu 56 málverk að gjöf 27. ágúst 1951, en þann dag var safnið opnað í húsi þjóðminjasafnsins. Eru málverk þessi öll eftir íslenzka listamenn. Sama ár gaf Magnús Grönvold, yfirkennari í Oslo, safninu 27 blýantsteikningar eftir bróður sinn, Bent Grönvold, og síðar sama ár gaf Ragnar Moltzau, útgerðarstjóri í Oslo, safninu 51 svartlistarmynd eftir norska listamenn. L. Foght, forstjóri í Kaupmannahöfn, gaf safninu 11 olíumálverk og 24 svartlistarmyndir árið 1953. Eru þær myndir allar eftir danska listamenn.

Síðast en ekki sízt ber að geta þess, að Ásgrímur Jónsson, listmálari, ákvað árið 1952 að ríkissjóður skyldi eftir sinn dag eignast öll málverk sín og húseign. Mælir hann jafnframt svo fyrir, að málverkin skuli varðveitt í húsi hans „þar til listasafn hefur verið byggt, þar sem myndum mínum sé tryggt svo mikið rúm, að gott yfirlit sé unnt að fá um safn mitt.“ Mun þessi mikla gjöf því væntanlega koma í listasafnið þegar húsrýmið svarar til þess, sem gefandinn mælti fyrir um.

Árið 1928 voru sett lög um Menntamálaráð og Menningarsjóð og í þeim ákveðið, að listasafnið skyldi vera undir stjórn Menntamálaráðs og fé varið úr Menningarsjóði til listaverkakaupa. Hefur á tímabilinu 1928—1957, að báðum þeim árum meðtöldum, verið varið rúml. 1.3 millj. króna til listaverkakaupa.

Áður en listasafnið fékk til umráða húsnæði, er það nú hefur í þjóðminjasafnsbyggingunni, voru eigi tök á að hafa safnið til sýnis. Voru þá sum málverk þess lánuð í skóla og ýmsar aðrar opinberar byggingar, en flest hafa þau nú aftur verið flutt í safnið. Fól Menntamálaráð listmálurunum Gunnlaugi Scheving og Þorvaldi Skúlasyni, ásamt frú Selmu Jónsdóttur, — er hafði verið ráðin umsjónarmaður við safnið í októbermánuði 1950, — að koma myndum safnsins fyrir í sýningarsölum þess. Að því búnu var safnið opnað 27. ágúst 1951 af Birni Ólafssyni, þáverandi menntamálaráðherra, að viðstöddum mörgum listamönnum og öðrum.

Efnt hefur verið til ýmissa sérsýninga í safninu, svo sem á myndum Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Jóhannesar Sv. Kjarval. Þá var undirbúin og sýnd í safninu í nóvember 1950 íslenzka listsýningin, er send var til Noregs, árið 1952 listsýning sú, er síðan var opnuð í Brüssel, og einnig listsýning, er opnuð var í Kaupmannahöfn árið 1954 í sambandi við hina opinberu heimsókn forsetahjónanna

til Danmerkur. Sama ár var sýning norskrar myndlistar í húsakynnum safnsins og sýning á danskri myndlist árið 1956, er dönsku konungshjónin endurguldu heimsókn forsetahjónanna.

Árið sem listasafnið var opnað, var aðgangseyrir að safninu fimm krónur fyrir manninn. Komu í safnið frá því að það var opnað í lok ágústmánaðar 1951 til ársloka 817 menn á 123 sýningardögum. Um áramótin næstu (1951—1952) var hætt að selja aðgang að safninu og hefur eigi verið gert síðan. Aðsókn að safninu hefur verið sem hér segir: Árið 1952 6079 gestir á 91 sýningardegi, árið 1953 9162 gestir á 194 sýningardögum, árið 1954 7884 gestir á 147 sýningardögum, árið 1955 7788 gestir á 161 sýningardegi og árið 1956 5571 gestur á 137 sýningardögum, — en safnið var lokað nokkra fyrstu mánuði ársins.

Sést af þessu stutta yfirliti, að menn hafa sýnt safninu örlæti og áhuga á undanförnum árum.

Undirbúningsnefnd þessa frumvarps hefur aflað sér gagna um opinber listasöfn á Norðurlöndum, og skulu hér dregin saman helztu atriðin, sem varða stjórn þeirra:

Statens Museum for Kunst, Kaupmannahöfn.

Lög eru engin til um safn þetta, heldur hefur því verið stjórnað samkvæmt starfsvenjum, sem myndazt hafa smátt og smátt. Kaup á listaverkum hefur svonefnd „Gallerikommission“ annazt, en forstjóri safnsins er sjálfkjörinn í nefndina og formaður hennar. Aðrir nefndarmenn eru þrír, einn skipaður af viðkomandi ráðuneyti (löngum prófessor í listsögu við háskólann) og tveir, málari og myndhöggvari, kosnir af dönskum listamönnum. Árið 1944 var komið á fót nefnd til að undirbúa tillögur um framtíðarskipan safnsins, og hefur álit hennar verið gefið út prentað. Í álitsgerðinni leggur meiri hlutinn til að safninu verði skipt í þrjár sjálfstæðar deildir eða sérsöfn: 1) safn gamalla málverka, 2) höggmyndasafn, 3) safn nútímalistar. Fyrir hverri deild sé forstöðumaður, sem hafi einn á hendi alla stjórn deildarinnar (eða safnsins), nema listaverkakaup. Um þau eigi að fjalla sérstök nefnd, sem sé skipuð forstöðumanninum, einum manni skipuðum af ráðuneytinu og nokkrum („et antal“) listamönnum, völdum af samtökum myndlistarmanna. Sé forstöðumaðurinn formaður nefndarinnar, svo sem tíðkazt hefur. Hlutverk þessarar nefndar sé enn fremur að ákveða um móttöku gjafa, er safninu kunna að bjóðast.

Minni hluti nefndarinnar telur hlutdeild myndlistarmanna í nefndinni (Gallerikommissionen) næga eins og verið hefur og varar mjög við því að gera safnstjórnina ómyndugа með því að gera vald hinna kjörnu myndlistarmanna of mikið í nefndinni. Enn fremur telur minni hlutinn að ákvarðanir um móttöku gjafa eigi að heyra undir safnstjóra einan og þá listfróða menn, er hann kynni að vilja kveðja sér til ráðuneytis.

Ekki er oss kunnugt að lög hafi enn verið sett um safnið.

Nationalgalleriet, Oslo.

Lög um safnið eru frá 1925. Safnstjóri er skipaður af konungi, en ásamt honum er stjórn safnsins í höndum 10 manna safnráðs, sem skiptist í þrjá hópa, þannig:

1. Tveir málarar og einn myndhöggvari úr stjórn Félags norskra myndlistarmanna.
2. Tveir málarar og einn myndhöggvari, valdir meðal þeirra, sem eiga verk í safninu.
3. Einn listfræðingur, skipaður af menntamálaráðuneytinu. Einn fornfræðingur, skipaður af menntamálaráðuneytinu. Tveir áhugamenn um myndlist („kunstforstandige personer“), annar skipaður, en hinn kjörinn af félaginu „Nationalgalleriets Venner“.

Hópur nr. 2 er kosinn ag þeim meðlimum ráðsins, er skipa 3. hóp, og fer sú kosning fram áður en myndlistarmenn hafa valið sína fulltrúa (þ. e. 1. hóp). Þegar ráðið er fullskipað, kýs það sér formann og varaformann.

Helzta hlutverk safnráðs er að annast kaup á listaverkum, en allur daglegur rekstur, ákvarðanir um sérsýningar, fyrirkomulag og slíkt, er í höndum safnstjóra. Safnráðið ákveður enn fremur um heildarskiptingu þess fjár, sem safnið hefur til listaverkakaupa, milli hinna einstöku greina. Fundir þess eru haldnir að boði formanns, safnstjóra eða minnst tveggja meðlima.

Þegar um kaup á listaverkum er að ræða, er um það fjallað í sérnefndum innan ráðsins á þenna hátt:

1. a. Nútíma málverk: safnstjóri og hinir 4 málarar ráðsins.
   b. Nútíma höggmyndir: safnstjóri og hinir 2 myndhöggvarar ráðsins.
2. a. Gömul málverk: safnstjóri, listfræðingurinn og tveir af málurunum, hvor úr sínum hópi.
   b. Gamlar höggmyndir: safnstjórinn, listfræðingurinn og annar af hinum tveim myndhöggvurum ráðsins.
3. Fornlist: safnstjóri, fornfræðingurinn og annar af myndhöggvurum ráðsins.

Safnstjórinn er ávallt formaður þessara undirnefnda. Ákvörðun verður því aðeins tekin gegn atkvæði hans, að allir hinir nefndarmennirnir séu sammála.

Sömu reglur gilda um mótttöku gjafa sem um kaup.

Nationalmuseum, Stokkhólmi.

Lög þau sem gilda um safnið eru að uppistöðu frá árinu 1921, en hefur verið breytt 1944, 1945, 1946, 1954, 1955 og 1956. Samkvæmt núgildandi lögum er safninu skipt í fjórar deildir: 1) deild nútíma málara- og höggmyndalistar, 2) deild fyrir koparstungur og teikningar, 3) deild eldri málara- og höggmyndalistar, 4) deild listiðnaðar. Auk þessa heyra undir safnið öll listaverk í eigu ríkisins, sem geymd eru utan safnsins, svo sem í konungshöllunum, þinghúsinu o. s. frv.

Yfir öllu safninu er safnstjóri („överintendent"), en yfir hverri deild sérstakur deildarstjóri („intendent"). Safnráð er samansett af safnstjóranum, sem er formaður þess, og hinum fjórum deildarstjórum. Enn fremur má kveðja á fundi þess aðra starfsmenn safnsins, ritara, bóka- og ljósmyndavörð, viðgerðamann listaverka og aðra, eftir því hvaða mál eru rædd. Rísi ágreiningur milli deildarstjóra og safnstjóra, eiga báðir aðilar rétt á því að láta bókfæra málsrök sín í gerðabók ráðsins.

Safnráðið kemur saman að boði safnstjóra, en þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Undir safnráð heyrir: 1) kaup á listaverkum, 2) viðtökur gjafa, 3) viðgerð listaverka, 4) sala eða lán listaverka úr safninu.

Ateneum, Helsinki.

Safn þetta er ekki ríkisstofnun nema að nokkru leyti. Það var stofnað af „Finska konstföreningen" árið 1849 og stjórnað af því félagi fram til ársins 1940. Það hefur jafnan notið allmikilla styrkja úr ríkissjóði og frá Helsinkiborg og lengst af hefur það verið til húsa í Ateneumbyggingunni (ásamt listaháskóla Finnlands, „Finlands konstakademi"), en sú bygging er eign finnska ríkisins. Árið 1940 var safnið sett undir stjórn listaháskólans, þó með sérstökum forstjóra, og hefur akademi-ráðið haft svipað vald um stjórn safnsins og safnráð annarra safna, sem hér hafa verið nefnd. Eigi eru tiltæk gögn um skipun akademi-ráðsins.

Af upplýsingum þessum má draga saman þessa heildarniðurstöðu:

1. Við öll söfnin er safnráð, til tryggingar því, að sem flest sjónarmið og sem hlutlægast mat komi fram við kaup á listaverkum.

2. Við tvö ríkissöfnin (danska og sænska) er forstjóri safnanna sjálfkjörinn formaður safnráðanna, en í norska safnráðinu er hann sjálfkjörinn formaður undirnefndanna, sem ákveða um listaverkakaupin. Í safnráði norska ríkissafnsins hefur safnstjóri enn fremur þau völd umfram aðra safnráðsmenn, að atkvæði allra annarra þarf gegn atkvæði hans, verði ágreiningur.
3. Í ráðum norska og danska safnsins eiga myndlistarmenn allmikla hlutdeild, helming fulltrúanna í danska safnráðinu, en sex af ellefu í því norska. Að ráði sænska ríkissafnsins eiga myndlistarmenn hins vegar enga aðild.
4. Verksvið safnráðanna er yfirleitt aðeins kaup listaverka og móttökur gjafa. Um aðra starfsemi safnsins er safnráð aðeins til ráðuneytis safnstjóra.

Með frumvarpinu um Listasafn Íslands hefur verið farin mjög svipuð leið og hér er mörkuð, en þó leitazt við að sníða það eftir séraðstæðum okkar Íslendinga. Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Safnið hefur ýmist verið nefnt Listasafn Íslands eða Listasafn ríkisins. Álítum við rétt að lögfesta heitið Listasafn Íslands.

Á árunum 1928—1957 hefur verið varið til listaverkakaupa handa safninu sem hér segir:

1928	kr.	17 950.00	1945	kr.	28 450.00
1929	—	11 444.00	1946	—	45 000.00
1930	—	37 955.00	1947	—	24 600.00
1931	—	11 365.00	1948	—	24 600.00
1932	—	5 592.00	1948	—	36 700.00
1933	—	14 550.00	1949	—	53 000.00
1934	—	4 500.00	1950	—	59 300.00
1935	—	2 475.00	1951	—	42 000.00
1936	—	3 950.00	1952	—	66 900.00
1937	—	9 540.00	1953	—	90 600.00
1938	—	17 395.00	1954	—	231 840.00
1939	—	8 050.00	1955	—	141 700.00
1940	—	14 775.00	1956	—	42 000.00
1941	—	10 950.00	1957	—	208 500.00
1942	—	33 700.00			
1943	—	20 350.00	Samals	kr.	1 333 231.00
1944	—	38 100.00			

Um 2. gr.

a. Þarfnast ekki skýringa.
b. Meginþorri þeirra erlendu mynda, sem safnið á nú, hefur því borizt að gjöf, og því ógerningur að mynda með þeim neitt samfellt yfirlit. Hins vegar er æskilegt, að safnið geti í framtíðinni einnig aflað sér erlendra listaverka að eigin vali. Með ákvæðum um, að allt að tíu af hundraði þeirrar fjárhæðar, sem ár hvert er ætluð til listaverkakaupa, skuli varið til kaupa á erlendum listaverkum, er hlutur íslenzkrar listar sáralítið skertur, en hins vegar veitt nokkur fjárráð til að hefjast handa um kaup á erlendum verkum.
c. Verkefni listasafna er yfirleitt tvíþætt: Annars vegar að varðveita og sýna listaverkin, hins vegar almennt fræðslustarf um myndlist með útgáfustarfsemi, fyrirlestrum o. fl. Þar sem við Háskóla Íslands fer eigi fram kennsla í listsögu, er æskilegt að safnið sinni fræðslustarfsemi á þessu sviði eftir því sem við verður komið.
d. Mörg erlend listasöfn hafa hin síðari ár látið gera kvikmyndir um myndlist þjóða sinna, og hafa þær í senn orðið hin ákjósanlegasta listkynning heima fyrir, t. d. í skólum, og landkynning erlendis. Æskilegt er að ekki dragist öllu

lengur að gera kvikmyndir um brautryðjendur íslenzkrar nútímalistar. Yrðu slíkar myndir, ef vel tækist til um gerð þeirra, góð fræðslutæki og ómetanleg gögn íslenzkri menningarsögu. Í fjárlögum fyrir árið 1957 voru ætlaðar 20 þús. kr. til kvikmyndagerðar undir stjórn Þjóðminjasafnsins. Nefndin telur æskilegt, að Listasafninu verði einnig tryggð nokkur fjárhæð í þessu skyni. Vel virðist geta komið til greina að láta gera kvikmynd um forna íslenzka list, t. d. um myndskreyting handritanna. Skipuleg heimildaöflun um íslenzka myndlist, forna og nýja, er að sjálfsögðu nauðsynleg forsenda þeirra framkvæmda, sem nefndar eru hér að framan, í liðunum c—d.

f. Sjálfsagt er að sýna íslenzka myndlist sem víðast um landið. Virðist einsætt að láta listasafnið efna til farandsýninga, ýmist með eigin myndum eða í samstarfi við listamenn. Skólahús ýmis og félagsheimili virðast kjörnir áfangastaðir fyrir slíkar farandsýningar.

g. Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að skipaður verði forstöðumaður safnsins, safnvörður og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, og að laun þeirra verði hin sömu og annarra hliðstæðra starfsmanna við íslenzk ríkissöfn, svo sem Landsbókasafn, Þjóðminjasafn og Náttúrugripasafn. Nú starfar við safnið umsjónarmaður, er ráðinn var þangað í október 1950 og skipaður í starfið árið 1953. Auk þess hafa verið gæzlukonur við safnið á sýningardögum og önnur keypt aðstoð við ýmis verkefni.

Um 5. gr.

Sjálfsagt virðist að forstöðumaður listasafnsins eigi sæti í safnráði og að myndlistarmenn séu með í ráðum um stjórn safnsins. En þar sem þeir hafa ekki með sér neitt sameiginlegt félag og allmargir þeirra eru ófélagsbundnir, er í frumvarpinu farin sú leið að ætla öllum myndlistarmönnum, sem fullnægt hafa inntökuskilyrðum myndlistarfélaganna og verið hafa eða eru félagsmenn í þeim, rétt til þess að kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð, myndhöggvara og tvo listmálara, á fundi, sem forstöðumaður listasafnsins annast um að kveðja saman. Félög myndlistarmanna eru nú þrjú, Félag íslenzkra myndlistarmanna, Nýja myndlistarfélagið og Félag óháðra listamanna. Um val fimmta mannsins í safnráð hefur nefndin eigi orðið sammála. Meiri hlutinn (Birgir Thorlacius, Björn Th. Björnsson og Selma Jónsdóttir) lítur svo á, að fyrr eða síðar muni verða hafin kennsla í myndlistarsögu við háskólann og sé þá einsætt að ætla kennaranum í þeirri grein fast sæti í ráðinu og fela heimspekideild að nefna til varamann hans, en þangað til nefni deildin aðalmann og varamann í ráðið, — og eins ef svo skyldi skipast, að forstöðumaður safnsins yrði jafnframt kennari í listsögu við háskólann. Minni hlutinn (Gunnlaugur Scheving og dr. Gunnlaugur Þórðarson) leggja hins vegar til, að sá hluti frumvarpsgreinarinnar, er að þessu lýtur, orðist svo: „Fimmta mann í safnráð skipar menntamálaráðherra, svo og varamann hans. Skipun þeirra skal fara fram í þann mund, er ráðherra skipar formann útvarpsráðs eftir hverjar alþingiskosningar". Er það álit minni hlutans, að á þenna hátt sé áhugamönnum um myndlist tryggður fulltrúi í safnráði svo sem er í Noregi, og ráðuneytinu veitt beinni hlutdeild um stjórn safnsins. Þá sé þess enn fremur að gæta, að æviseta fleiri en eins manns í safnráði sé að ýmsu leyti óæskileg.

Um 6. gr.

Þar sem forstöðumaður safnsins ber að sjálfsögðu mesta ábyrgð á safninu, annast daglegan rekstur þess og hlýtur að móta mest þá stefnu sem fylgt er í störf-

um þess, virðist eðlilegt að veita honum þá aðstöðu í safnráði sem frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, þ. e. að samhljóða atkvæði allra annarra safnráðsmanna þurfi til ályktunar, ef forstöðumaður er henni andvígur. Þá er talið að það sé til bóta að krefjast skriflegrar greinargerðar hvors aðila um sig í gerðabók ráðsins ef slíkur ágreiningur verður, svo að deiluefni og málsrök liggi jafnan ljóst og ótvírætt fyrir. — Rétt virðist að safnráðsmenn fái þóknun fyrir störf sín.

Um 7. gr.

Meginhlutverk safnráðs verður að sjálfsögðu val mynda til safnsins. Sjálfsagt virðist þó, að safnráð taki einnig ákvarðanir um, hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast, hvort efna eigi til sérsýninga, og hafi safnráð og forstöðumaður yfirleitt samstarf og samráð um málefni þau, er miklu varða fyrir safnið.

Um 8. gr.

Með grein þessari er að því stefnt, að listaverkakaup safnsins miðist einvörðungu við það, að safnið eignist á hverjum tíma þær myndir, sem því er fengur í sakir listgildis þeirra og að engin önnur sjónarmið ráði myndavali.

Um 9. gr.

Vera má að safnstjórn bjóðist betra verk einhvers myndlistamanns en safnið á, en hafi hins vegar ekki fjárráð eða aðrar aðstæður til að bæta því við, nema láta aðra mynd af hendi eftir sama höfund. Má vera að safnið eigi t. d. allmörg verk frá einhverju ákveðnu tímabili á starfsferli listamannsins, en fá eða engin frá öðru skeiði. Þykir því sjálfsagt að heimila safnstjórn skipti á myndum, ef höfundur er á lífi og samþykkur ráðstöfuninni. Að öðru leyti þykir ekki rétt að heimila sölu mynda úr eigu safnsins.

Um 10 gr.

Það er kunnugt vandamál listasafna erlendis, að þeim berast tilboð um gjafir, gegn ákveðnum skilyrðum, er eigi samrýmast tilgangi safnanna. Virðist rétt að setja hér þau ákvæði, að gjafir til safnsins lúti sömu reglum og önnur listaverk þess, svo og að gjöfinni skuli fylgja formlegt gjafabréf.

Um 11. gr.

Um skeið voru myndir listasafnsins lánaðar í skóla og aðrar opinberar byggingar. Eftir að safnið hefur fengið sýningarsali getur verið að því mikið óhagræði að hafa myndirnar í lánum, jafnvel þótt þær séu í öruggri vörzlu. Listaverk þau, sem til safnsins eru keypt, eiga menn að geta séð í safninu. Skreyting opinberra bygginga er mál, sem leysa þarf með öðrum hætti en þeim að höggva skarð í listasafnið. Hins vegar þykir óhjákvæmilegt að veita safnstjórn heimild til að lána myndir á listsýningar, ef sérstök ástæða er til.

Um 12. gr.

Nefndin hafði hugsað sér að koma í veg fyrir, að salir safnsins yrðu lánaðir til sýninga og starfsemi safnsins þannig trufluð. En hún viðurkennir réttmæti þess sem þjóðminjavörður tekur fram í sinni umsögn um frv. og leggur því til að safnráð meti þetta hverju sinni. Nauðsynlegt er að unnt sé að efna til sýninga, sem ríkið er aðili að, t. d. þegar það býður heim erlendum listsýningum svo sem var 1956 í sambandi við komu dönsku konungshjónanna. Meðan Listasafnið er í húsi Þjóðminjasafnsins, skal að sjálfsögðu hafa samráð við þjóðminjavörð um sérsýningar, sem safnið efnir til í húsinu.

Um 13. gr.

Listasafnið er nú, svo sem kunnugt er, til húsa í þjóðminjasafnsbyggingunni. Gera verður ráð fyrir því, að það safn þurfi á öllu sínu húsi að halda þegar fram líða stundir, og hljóti að því að reka, að hér verði reist sérstakt hús fyrir listasafn, enda var gert ráð fyrir því í lögum um Menntamálaráð og Menningarsjóð nr. 7/1928, 2. gr., c, og l. nr. 54/1928, 2. gr. Nefndin leggur áherzlu á, að byggingu listasafnshúss verði hraðað, enda hefur verið gert ráð fyrir því í lögum í rösk þrjátíu ár.

Um 14. gr.

Hér er í upphafi sett sú aðalregla, að réttur safnsins yfir listaverkum, sem það eignast, sé í samræmi við íslenzk höfundalög á hverjum tíma, þ. e. þau ákvæði laganna, sem lúta af afsali eða annarri afhendingu listaverks til fullrar eignar. Frá þeirri reglu eru þó gerð nokkur sérstaklega tiltekin frávik, eins og hér segir:

Réttur safnsins verður að því leyti þrengri en venjulegra afsalshafa, að höml-ur eru lagðar á sölu eða aðra afhendingu listaverkanna samkvæmt 9. og 10. gr. Á hinn bóginn öðlast safnið rýmri rétt, bæði til opinberrar sýningar og eftirmyndunar, en almennt fylgir listaverki við afsal þess. Safnið fær fyrst og fremst rétt til opinberrar sýningar á listaverkunum í samræmi við tilgang sinn, sbr. a- og f-liði 2. gr., en auk þess almenna heimild til að lána þau á listsýningar, sbr. 11. gr. Þá fær safnið einnig rétt til eftirmyndunar á listaverkunum til eigin afnota og til sölu innan veggja safnsins. Hins vegar þykir rétt, að höfundar hafi íhlutunarrétt um aðrar eftirmyndanir, sem eru óviðkomandi starfsemi og tilgangi safnsins.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Fylgiskjal I.

FÉLAG ÍSLENZKRA MYNDLISTARMANNA

Reykjavík, 9. október 1958.

Stjórn F.Í.M. leyfir sér hér með að endursenda hinu háa ráðuneyti frumvarp að lögum um Listasafn Íslands, sem það hefur fengið til umsagnar. Hefur stjórnin tekið það til ýtarlegrar athugunar. Að þeirri athugun lokinni vill stjórnin nota tækifærið til þess að láta í ljós ánægju sína yfir því að löggjöf um þetta efni skuli vera í undirbúningi, en leyfir sér jafnframt að gera stutta athugasemd við 14. gr. laganna, er fjallar um höfundarrétt. Stjórnin telur að grein þessi mætti vera fyllri og vildi leggja til að eftirfarandi sjónarmið kæmi fram: Þegar listasafnið sjálft hyggst gera eftirmyndir af myndum í eigin þágu, þ. e. a. s. til sýnis eða sölu innan veggja þess, sé höfundarréttur þess óskoraður. Hins vegar ef það eða einhver utanaðkomandi aðili hyggst gera eftirmyndir af einhverju verki listasafnsins til sýnis og sölu utan veggja þess, þá beri hlutaðeigandi listamanni ákveðin þóknun fyrir.

Að lokum vill stjórnin endurtaka ánægju sína yfir framkomnu frumvarpi og væntir þess að málinu verði hraðað svo sem unnt er.

Virðingarfyllst

F. h. Félags íslenzkra myndlistarmanna

Sigurður Sigurðsson,
formaður.

Til Menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

MENNTAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 14. október 1958.

Menntamálaráð Íslands hefur athugað og rætt frumvarp það um Listasafn Íslands, sem ráðinu var sent til umsagnar. Ráðið telur sér ekki fært að mæla með frumvarpinu. Leyfir Menntamálaráð sér að vekja athygli á því, að með samþykkt fyrrgreinds frumvarps yrði brotið verulega í bág við stefnu þá á sviði menningarmála, sem mörkuð var með lögum frá síðasta ári um Menningarsjóð og Menntamálaráð. Með þeim lögum var að því stefnt, að sameina sem flesta þætti menningarmála undir yfirstjórn Menntamálaráðs, en umrætt frumvarp um Listasafn Íslands gerir ráð fyrir að eitt aðalverkefnið, sem ráðinu er fengið með umræddum lögum, yfirstjórn Listasafns ríkisins og kaup listaverka til þess, verði tekið úr höndum ráðsins og fengið safnstjórn, sem skipuð yrði að meirihluta fulltrúum myndlistarmanna. Er í frumvarpinu einungis ráð fyrir því gert, að Menningarsjóður leggi Listasafninu til ákveðna fjárupphæð árlega, en afskifti Menntamálaráðs af safninu verði ekki önnur en þau, að úrskurða um kjörskrá, þá er kosið yrði til safnstjórnar. Verði þannig með sérstökum lögum haldið áfram á þeirri braut að skipta tekjum Menningarsjóðs, myndi starfsgrundvöllur Menntamálaráðs þrengjast mjög. Heildartekjur sjóðsins eru í ár áætlaðar tæpar 3 millj. kr. A. m. k. 800 þús. kr. eru þegar lögbundnar, og renna í Vísindasjóð. Með samþykkt lagaákvæðis þess efnis, að eigi lægri upphæð en 500 þús. kr. skuli árlega greidd úr Menningarsjóði til listaverkakaupa, hefði hér um bil helmingnum af tekjum sjóðsins verið ráðstafað, án þess að Menntamálaráð hafi þar nokkur áhrif á.

Ráðið leyfir sér hins vegar að benda á, að sú er brýnust nauðsyn safnsins, að húsnæðismálum þess verði komið í bætt horf. Þyrfti þegar að hefja undirbúning þess máls, og tjáir Menntamálaráð sig fúst til að veita því hvern þann stuðning, er það gæti í té látið. Þá fyrst, er listasafnsbygging rís af grunni , virðist tímabært að taka ákvarðanir um framtíðarskipan yfirstjórnar safnsins.

Virðingarfyllst,

f. h. Menntamálaráðs Íslands

Helgi Sæmundsson
formaður.

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 2. nóvember 1958.

Samkvæmt bréfi frá menntamálaráðuneyti Íslands, dags. 23. maí s. l., þar sem ráðuneytið æskir umsagnar af hálfu fél. „Óháðir listamenn“ varðandi frumvarp til laga um Listasafn Íslands.

Sendum við menntamálaráðuneytinu því hér með, athugasemdir okkar, um þau atriði frumvarpsins, sem okkur þykir mestu máli skipta.

Ath. við 5. gr.

Við getum ekki séð, hvers vegna kennari í listasögu við Háskóla Íslands ætti að vera sjálfkjörinn í safnráð Listasafnsins, enda munu engin dæmi til þess annars

staðar. Við lítum svo á, að ekki komi til mála, að binda sjálfkjör í safnráð, við embætti utan stofnunarinnar sjálfrar, og þar sem forstöðumaður Listasafnsins er sjálfkjörinn í safnráð, vegna stöðu sinnar, teljum við ófært með öllu ,að hafa annan sjálfkjörinn mann til viðbótar, eða svo sjálfkjörna í 5 manna nefnd. Að öðru leyti vísum við til álits minnihluta nefndarinnar, þeirra Gunnlaugs Schevings og dr. Gunnlaugs Þórðarsonar í greinargerð nefndarinnar um sömu gr. frumvarpsins, þ. e. 5. gr. og leggjum áherzlu á að sjónarmið þeirra, þ. e. minnihlutans verði tekið til greina.

Tillaga minnihlutans
(þeirra Gunnlaugs Schevings og dr. Gunnlaugs Þórðarsonar).

„Fimmta mann í safnráð skipar menntamálaráðherra, svo og varamann hans. Skipun þeirra skal fara fram í þann mund, er ráðherra skipar formann útvarpsráðs eftir hverjar alþingiskosningar."

Við leggjum því til, að sá hluti frumvarpsgreinarinnar er að þessu lýtur, verði hafður orðrétt, eins og málsgrein minnihlutans hljóðar.

Ath. við 14. gr.
Hvort þessi gr. samrýmist lögum um höfundarrétt?

F. h. Fél. Óháðir listamenn

Finnur Jónsson. Guðm. Einarsson. Gunnlaugur Blöndal.
Ríkarður Jónsson.

Til menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal IV.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Reykjavík, 3. september 1958.

Háttvirt menntamálaráðuneyti hefur sent mér til umsagnar frumvarp um listasafn ásamt meðfylgjandi greinargerð.

Í heild lízt mér vel á frumvarpið, og ég tel mig ekki geta sett út á það í neinum verulegum atriðum. Í 5. gr. virðist mér, að fram þyrfti að koma skilgreining á hvað sé „félag myndlistarmanna", því að varla mun það vera ætlun frumvarpssemjenda, að allir fristundalistamenn, sem í félagi eru vegna listar sinnar, skuli eiga kosningarétt til safnráðs. Í staðinn fyrir „hæfilegan tíma" í 2. línu á 2. bls. væri að líkindum réttara að nefna alveg ákveðna tímalengd, sem kjörskrá skal liggja frammi. En um bæði þessi atriði er ef til vill ætlunin, að sett verði nánari ákvæði í reglugerð.

Þá athugasemd vildi ég gera um orðalag í 5. gr., að í stað „svo og eigi kennarinn í listsögu þegar sæti í safnráði" komi: „svo og ef kennarinn í listsögu á þegar sæti í safnráði", af því að það orðalag er skýrara.

12. gr. virðist mér vera miðuð við listasafnið í núverandi húsakynnum og á að því leyti fyllilega rétt á sér. Þegar safnið verður búið að fá sitt eigið hús, finnst mér hins vegar hart aðgöngu að banna með lögum að öðrum en ríkinu sjálfu séu lánaðir sýningarsalir. Þvert á móti tel ég listasafnið eiga að geta ráðið nokkra bót á sýningarörðugleikum listamanna með því að hafa sérsýningasal eða sali, sem þeir geta fengið leigða. Bann við slíkri starfsemi losar að vísu safnmennina við mikið ónæði, en sviptir líka listirnar í landinu dýrmætri þjónustu,

sem eðlilegt er að listasafnið veiti. Ég get borið um það, að það væri starfsliði Þjóðminjasafnsins mikið hagræði, ef bannað væri að lána bogasalinn hér, en hins vegar hefur hann þegar leyst vandræði margra, sem þurft hafa að halda sýningar, svo að ég hef ekki talið rétt að neita mönnum um hann, eins og sýningarskilyrði eru hér á landi. Söfnin eiga að þjóna almenningi hvert á sínu sviði.

Safni stafar engin veruleg hætta af því, þótt því sé leyfilegt að lána sali fyrir sérsýningar. Ef þurfa þykir, er hvenær sem er hægt að taka fyrir slíka starfsemi. Önnur hætta er miklu alvarlegri, og hún er sú að troðið sé inn í húsakynni safnsins óviðkomandi aðiljum til dvalar um ófyrirsjáanlegan tíma, kannske heilum stofnunum, sem torvelt er að losna við aftur. Húsakynni safns mætti gjarnan friðlýsa með lögum fyrir þess konar notkun, því að hún er starfsemi safnsins stórhættuleg. Söfn þurfa svigrúm, olnbogarými, og mega ekki vera svo aðkreppt um geymslupláss, að þar sé eins og drepið í smjöröskjur. Ég ann listasafninu svo góðs hlutar, að ég vildi óska fyrir þess hönd, að þegar það fær sitt eigið hús, verði það ekki þegar í upphafi svipt afnotarétti þess að svo eða svo miklu leyti og því gert að hýsa aðilja, sem kreppa að starfsemi þess og hindra eðlilegan þroska.

Úr því að ég er farinn að tala um þetta mál, vil ég víkja nokkrum orðum að 13. gr., sem segir að reisa skuli sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt. Hér er í rauninni um að ræða aðalatriði og frumskilyrði þess að listasafnið geti þrifizt, og lagasetning um það er að mínu áliti lítils virði meðan ekki er bætt úr húsnæðisþörf þess. Gildir hér hið sama og um náttúrugripasafnið. Um það er lagabálkur, en það vantar hús. Við höfum þá bráðlega tvö ríkissöfn, sem styðjast við vönduð lög, en eru húsnæðislaus. Um Þjóðminjasafnið eru hins vegar engin lög, en það hefur hús, sem gerir því kleift að rækja sitt hlutverk. Húsnæði með sýningarsölum er lífsskilyrði fyrir öll söfn, og þó má segja, að brýnust sé þörf listasafna, sem eru fyrst og fremst sýningarsöfn, þar sem náttúrugripa- og minjasöfn eru í tiltölulega ríkara mæli vísindaleg öðrum þræði, og þá hlið starfseminnar getur starfsliðið unnið við bráðabirgðaskilyrði, þótt engir séu sýningarsalir. Þegar í stað þyrfti að fara að undirbúa byggingu sérstaks húss fyrir listasafnið. Í Þjóðminjasafnshúsinu getur það ekki verið nema til bráðabirgða. Ég get ekki séð að þar séu því nein vaxtarskilyrði búin eða þar geti það staðið við svo sem neitt af því sem því er ætlað eftir lagafrumvarpinu. Ég veit ekki einu sinni hvar ætti að koma fyrir þeim nýja starfsmanni, sem ráð er fyrir gert. Í fám orðum sagt: listasafnið kemst aldrei úr kútnum, meðan það er hér. Og það sem sárgrætilegra er, að það kreppir að Þjóðminjasafninu í þess eigin húsi. Þjóðminjasafninu veitir ekkert af öllu því plássi, sem listasafnið hefur nú, og skal ég sýna fram á það, ef óskað er. Það eru nú bráðum 10 ár, sem þetta tvíbýli hefur staðið hér í húsinu, og ég hef ekki undan því kvartað. En nú finnst mér vera kominn tími til þess, að ég segi afdráttarlaust þá meiningu mína, að listasafnið eigi að víkja héðan hið allra fyrsta og það sé tilgangslítið að setja um það lög eða reglugerðir, sem stefna að aukinni starfsemi þess, meðan það er hér.

Lagafrumvarpið um Listasafn Íslands er gott út af fyrir sig, en missir marks, ef ekki kemst mjög bráðlega skriður á byggingu þess húss, sem verður frumskilyrði þess að lögin geti verkað eðlilega.

Með sérstakri virðingu

Kristján Eldjárn.

Nd. 42. Frumvarp til laga [42. mál]

um fræðslumyndasafn ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Yfirstjórn fræðslumyndasafns ríkisins er í höndum menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn safnsins til fjögurra ára í senn, samkvæmt tillögum stjórna Sambands íslenzkra barnakennara, Landssambands framhaldsskólakennara, Menntamálaráðs Íslands og útvarpsráðs, en ráðherra skipar formann safnstjórnar án tilnefningar. Ef stjórnarmaður forfallast eða lætur af störfum, skal skipa mann í stjórnina á sama hátt.

Forstöðumaður fræðslumyndasafns á sæti á fundum safnstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt. Getur hann skotið þeim ákvörðunum stjórnarinnar, er mjög varða fjárhag safnsins, undir úrskurð ráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk fræðslumyndasafns ríkisins er, eftir því sem við verður komið:

a. Að festa kaup á erlendum og innlendum kvikmyndum og kyrrmyndum í þágu fræðslumála og annarra menningarmála.
b. Að eignast tæki til fræðslumyndagerðar, svo og sýningartæki eftir þörfum, og leiðbeina fræðslustofnunum, er þess æskja, um val og útvegun sýningartækja.
c. Að lána skólum og öðrum fræðslustofnunum myndir og tæki til notkunar við kennslu. Enn fremur að lána eða leigja þessum aðilum, svo og félögum, er hafa menningarmál á stefnuskrá sinni og standa öllum opin án tillits til stjórnmálaskoðana, myndir og tæki til afnota í sambandi við félags- og skemmtanalíf.
d. Að láta þýða eða gera íslenzkar skýringar við erlendar fræðslumyndir.
e. Að verja hluta af tekjum safnsins til útvegunar á hljómplötum og tónböndum til notkunar við fræðslu og félagslíf í skólum. Skal um þetta höfð samvinna við Ríkisútvarpið.
f. Að hafa samráð við Menntamálaráð Íslands um gerð fræðslu- og menningarmynda. Enn fremur getur safnið ráðizt í töku kynningarmynda um einstaka þætti atvinnulífs og félagslífs, og er heimilt að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í myndagerðinni.
g. Að efla íslenzka fræðslumyndagerð á annan hátt — svo sem með því að styrkja efnilega menn til þess að afla sér þekkingar í þeim efnum, er safninu megi síðar að gagni verða.

3. gr.

Alþingi veitir í fjárlögum ár hvert fé til rekstrar safninu, og skal sú fjárveiting eigi vera lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Stjórn safnsins gerir árlega áætlun um tekjur þess og gjöld, og skal fjárhagsáætlunin háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Enn fremur getur safnið aflað sér tekna með kvikmyndasýningum, og skulu þær sýningar undanþegnar skemmtanaskatti.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar forstöðumann safnsins, að fengnum tillögum safnstjórnar, og setur ráðuneytið honum erindisbréf og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Skal hann annast daglega stjórn safnsins. Hann skal árlega semja skýrslu um rekstur og hag safnsins og senda hana menntamálaráðuneytinu í lok hvers starfsárs. Reikningar safnsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Safnstjórnin ræður annað starfsfólk safnsins í samráði við forstöðumann, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett fyllri ákvæði um starfsemi og rekstur safnsins, meðal annars kveðið á um meðferð, vörzlu og útlán eða leigu mynda og tækja og um myndasýningar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 1 21. janúar 1944, að svo miklu leyti sem þau fjalla um kennslukvikmyndir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um fræðslumyndasafn flutti menntamálanefnd efri deildar 1959 að beiðni menntamálaráðherra, en frv. varð eigi útrætt. Frv. er samhljóða fyrra frv., nema hvað nú er heimilað að taka leigu fyrir myndir. Frv. fylgdi greinargerð, sem hér birtist óbreytt að öðru leyti en tekur til heimildarinnar um leigu fyrir myndir.

Fyrstu lög, sem sett voru hér á landi um kennslukvikmyndir, eru frá árinu 1937, en nú gilda um þau efni lög nr. 1/1944, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir. Var kennslukvikmyndasafninu þar ákveðinn viss hluti skemmtanaskatts. Hlutdeild kennslukvikmyndasafns í skemmtanaskatti var breytt með lögum nr. 115/1951, og með lögum nr. 57/1957 er breytt til og kennslukvikmyndasafni eigi lengur ætlaðar tekjur af skemmtanaskatti. Í fjárlögum fyrir árið 1958 eru safninu ætlaðar kr. 250 000.00.

Fer hér á eftir yfirlit um tekjur og gjöld safnsins á árunum 1938—1955:

Ár	Tekjur	Kvikm. keyptar	Kvikm.-taka	Áhöld	Önnur gjöld	Samtals
1938—1939	8 625.69	264.03	„	1 364.48	684.00	2 312.53
1940	7 946.85	3 960.90	984.42	1 744.98	389.92	7 080.22
1941	11 892.48	3 110.41	964.20	2 027.14	444.95	6 546.80
1942	18 120.83	438.27	6 942.60	533.75	807.00	8 721.62
1943	36 162.41	1 115.93	2 046.54	627.30	652.50	4 442.27
1944	74 893.27	249.17	9 521.64	10 998.15	37.50	20 806.46
1945	162 991.62	19 897.75	948.65	2 700.00	12 857.18	36 403.58
1946	161 282.96	22 801 62	4 410.00	18 559.52	60 767.13	106 538.27
1947	174 818.69	15 903.57	„	11 320.51	33 505.62	60 729.70
1948	8 534.19	31 558.82	5 225.24	6 233.77	145 502.74	188 520.57
1949	373 001.83	121 505.88	2 038.00	21 026.86	138 308.64	282 879.38
1950	384 784.20	105 463.26	3 851.20	14 627.56	372 123.25	496 065.27
1951	271 404.51	86 236.08	5 765.37	65 634.93	96 960.79	254 597.17
1952	383 094.96	72 491.07	23 790.58	122 754.48	233 627.59	452 663.82
1953	243 119.35	34 696.37	41 725.62	42 295.14	150 957.11	269 674.84
1954	307 225.46	160 291.40	„	„	49 329.25	209 620.65
1955	188 587.12	117 118.49	„	11 332.30	82 198.69	210 694.48
Samtals kr.	2 816 486.42	797 103.04	108 214.06	333 780.57	1 379 153.86	2 618 251.53

Rétt er að geta þess, að í liðnum önnur gjöld eru fólgin öll starfslaun við safnið frá 1954, en fyrir þann tíma var slíkur kostnaður greiddur af skrifstofufé fræðslu-

málaskrifstofunnar. Árið 1956 voru tekjur safnsins kr. 186 590.53 (hluti af skemmtanask. ársins 1955), en gjöldin námu kr. 178 505.48. Gjöldin skiptust þannig:

Vinnulaun	kr. 77 471,26
Keyptar kvikmyndir	— 87 646.60
Flutningsgjöld	— 1 850.80
Tryggingar	— 5 377.25
Ýmis gjöld	— 6 159.57

Í safninu eru nú alls um 1070 kvikmyndir, þar af 27 íslenzkar. Flestar íslenzku myndanna eru í 2—3 eintökum, en flestar erlendu myndanna aðeins í einu eintaki. Verulegur hluti myndanna er orðinn svo slitinn, að þær þarf að endurnýja. Á það einkum við um skemmtimyndir.

Myndir safnsins skiptast þannig eftir efni:

Dýrafræði	127 myndir
Eðlisfræði	16 —
Félagsmál	113 —
Fréttamyndir	22 —
Grasafræði	21 —
Heilsufræði og líkamsfræði	95 —
Iðnaður og námugröftur	59 —
Íþróttir	63 —
Landafræði	250 —
Landbúnaður	36 —
Listir	29 —
Saga	37 —
Samgöngur	19 —
Skemmtimyndir	111 —
Trúmál	32 —
Tækni	32 —
Veiði	18 —

Notendur safnsins eru einkum skólar af öllum stigum. Um 120 skólar og 30 félög og stofnanir fá myndir lánaðar að staðaldri. Árið 1956 lánaði safnið alls 3273 myndir. Skiptust þær þannig eftir efni:

1955 skemmtimyndir,
1132 myndir um annað efni og
186 kyrrmyndir.

Kennslutækni hefur fleygt fram á ýmsan hátt á undanförnum árum. Einn þáttur þeirrar þróunar er fólginn í því, að kvikmyndir og svonefndar myndræmur hafa á síðari árum í æ ríkari mæli verið teknar í þjónustu kennslutækninnar. Slíkar myndir stuðla að því að gera námsefnið lifandi og aðlaðandi fyrir nemendur og gera kleift að lýsa atburðum, náttúrufyrirbærum, vinnubrögðum og fleiru, sem erfitt eða ógerlega væri að skýra nægilega vel með öðrum hætti.

Hljómplötur og tónbönd eru nú talin nauðsynleg hjálpargögn við kennslu, og nær ómissandi við kennslu tungumála og tónlistarfræðslu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að fræðslumyndasafnið efli þennan þátt skólastarfsins eftir föngum, og er enn fremur nauðsynlegt, að notkun þessara kennslugagna verði skipulögð og samræmd.

Með þessu frumvarpi er fræðslumyndasafnið ekki einskorðað við skóla og kennslumál, enda þótt því sé ætlað að gegna mikilvægu og sívaxandi hlutverki í þeim efnum. Eitt af því, sem torveldað hefur, að fræðslumyndasafnið gæti gegnt hlutverki sínu, er skortur á íslenzkum fræðslumyndum. Ýmsir einstaklingar hafa lítillega og af vanefnum fengizt við gerð slíkra mynda, en engin föst og skipuleg

starfsemi af því tagi hefur náð að festa rætur. Fræðslumyndasafninu er nauðsyn, að íslenzk kvikmyndagerð verði efld á ákveðinn og skipulegan hátt. Eru með þessu frumvarpi lögð drög að því, að svo megi verða. Fræðslumyndasafnið ræður yfir nokkurri tækja- og áhaldaeign til kvikmyndagerðar, og stefna ber að því, að safninu bætist fullkomnari tæki og að því vaxi svo fiskur um hrygg, að því verði kleift að ráða í þjónustu sína hæfa kvikmyndagerðarmenn. Ýmsir íslenzkir áhugamenn hafa þegar náð býsna langt á þessu sviði, þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Hæfileika og reynslu þessara manna gæti fræðslumyndasafnið fært sér í nyt og stuðlað að því, að störf þessa dreifða hóps færist í skipulegra og markvissara horf.

Hinu má ekki gleyma, að kvikmyndagerð er margþætt og vandasöm listiðn og eigi verður til lengdar stuðzt við áhugamenn eingöngu. Því er gert ráð fyrir, að safnið geti styrkt efnilega menn til sérmenntunar í þessum efnum.

Efni í íslenzkar kvikmyndir mega heita ótæmandi. Nauðsynlegt er að kvikmynda ýmsa þjóðlífshætti og vinnubrögð, sem eru að hverfa með þjóðinni. Varðveita þarf lifandi myndir af brautryðjendum og öðrum merkum mönnum. Lítið sem ekkert hefur verið gert að því að taka kynningarmyndir vegna helztu framleiðsluvara okkar, og ætti að geta tekizt góð samvinna við framleiðendur og útflytjendur um gerð slíkra mynda, því að ekki mun fé, er þannig væri varið, á glæ kastað, svo mikið er auglýsinga- og áróðursgildi kvikmynda. Að sjálfsögðu þarf að gera fleiri landkynningarmyndir, og svo mætti lengi telja.

Einu atriði enn er rétt að vekja athygli á. Sjónvarp mun væntanlega halda hér innreið sína innan tíðar, svo sem raun hefur á orðið í mörgum öðrum löndum. Íslenzkt sjónvarp hlýtur að vísu að styðjast að miklu leyti við erlendar kvikmyndir á dagskrá sinni, en mikilsvert er, að hér skapist vísir að skipulegri íslenzkri kvikmyndagerð, og reyndar má telja það eitt af grundvallarskilyrðum fyrir rekstri íslenzks sjónvarps. Af kostaðnarsökum er fyrirsjáanlegt, að kvikmyndir verða megindagskrárefni íslenzka sjónvarpsins, og ódýrasta og heppilegasta innlenda sýningarefnið mundi þá væntanlega verða sýning 16 mm kvikmynda, einkum fréttamynda alls konar.

Hinn 8. júní 1955 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, nefnd til þess að semja frv. til laga um fræðslumyndasafn ríkisins. Í nefndinni áttu sæti: Ásgeir Pétursson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Einar Pálsson, leikari, og Pálmi Jósefsson, skólastjóri. Auk þess tók Aðalsteinn Eiríksson, námsstjóri, þátt í störfum nefndarinnar. Nefndin skilaði frv., ásamt grg., til ráðuneytisins hinn 18. sept. 1956.

Ráðuneytið hefur gert nokkrar breytingar á frv. nefndarinnar. Í stjórn safnsins hefur verið bætt fulltrúum tilnefndum af Menntamálaráði Íslands og útvarpsráði með tilliti til fyrirhugaðs samstarfs safnsins og þessara aðila. Svo er og bætt við ákvæði um aðstöðu forstöðumanns á safnstjórnarfundum. Þá er hlutverk safnsins ítarlegar rakið en gert var í frv. nefndarinnar, m. a. er nú tekið fram í frv., að kvikmyndagerð skuli vera meðal verkefna safnsins, en nefndin lét nægja að víkja að því efni í grg. Er safnstjórn heimilað að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í þeirri starfsemi. Enn fremur er heimilað að styrkja menn til náms, sem safninu má að gagni verða. Nefndin gerði ráð fyrir, að fé til safnsins skyldi fengið af skemmtanaskattstekjum, en síðan frv. nefndarinnar var samið, hafa verið sett lög, er ráðstafa tekjum af skemmtanaskatti á annan veg, og bar því nauðsyn til að breyta þessu ákvæði. Samkvæmt frv., eins og það nú liggur fyrir, ákveður Alþingi í fjárlögum fjárveitingar til safnsins. — Aðalbreytingar ráðuneytisins eru m. ö. o. fólgnar í því, að hlutverk safnsins er gert víðtækara og verkefni þess fjölbreyttari, stjórn safnsins breytt og gert ráð fyrir framlagi í fjárlögum til safnsins í stað tekna af skemmtanaskatti. Þá hefur grg. með frv. verið aukin og henni breytt í samræmi við breytingar ráðuneytisins og viðauka við frv.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Æskilegt er, að fulltrúar kennarasamtaka eigi sæti í stjórn safnsins. Þá er svo ráð fyrir gert, að menntamálaráð og ríkisútvarp eigi fulltrúa í safnstjórninni. Í lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, er gert ráð fyrir, að tekjum menningarsjóðs skuli m. a. varið til stuðnings gerð íslenzkra menningar- og fræðslukvikmynda. Samvinna þyrfti því að takast milli fræðslumyndasafns og menntamálaráðs í þessu efni, og ætti seta fulltrúa af hálfu menntamálaráðs í stjórn safnsins að stuðla að því, að slík samvinna megi takast.

Um 2. gr.

Í greininni eru talin helztu viðfangsefni, sem safninu er ætlað að sinna. Er safninu að sjálfsögðu ætlað, svo sem verið hefur, að sjá skólum fyrir kennslukvikmyndum, enn fremur kyrrmyndum alls konar, en notkun slíkra mynda við kennslu hefur farið mikið í vöxt, og eru tæki til sýninga á slíkum myndum í vörzlu margra skóla.

Þá er lögð áherzla á, að safnið láti gera eða stuðli að gerð íslenzkra fræðslumynda, og er ætlazt til, að safnið eignist sjálft hæfileg tæki til kvikmyndagerðar, bæði til afnota fyrir fasta starfsmenn safnsins og kvikmyndagerðarmenn, er kynni að vera falin gerð einstakra kvikmynda. Einnig þarf að bæta húsnæðisaðstöðu safnsins, svo að því verði kleift að sinna kvikmyndagerð.

Safninu er enn fremur ætlað að verða til eflingar heilbrigðu félags- og skemmtanalífi í skólum og æskulýðsfélögum.

Um ⅔ hlutar af myndlánum safnsins hafa verið skemmtimyndir alls konar, og sýnir það ljóslega þörfina í þessum efnum. Þá er og gert ráð fyrir, að safnið láni skólum hljómplötur og tónbönd í sama skyni. Þá skal safnið eftir megni sjá skólum fyrir hljómplötum og tónböndum vegna tungumálanáms, svo og vegna tónlistarfræðslu, og virðist heppilegt að hafa samvinnu við Ríkisútvarpið. Er útvarpsráði ætlað að nefna einn fulltrúa í stjórn safnsins.

Þá þykir rétt að heimila safninu að hafa samvinnu við ýmsa aðila um gerð upplýsinga- og kynningarmynda. Eru þá einkum höfð í huga útflutningsfyrirtæki og bankar, ferðaskrifstofur og fjölmenn heildarsamtök, er kynnu að hafa áhuga á að taka fjárhagslegan þátt í gerð mynda, er fjölluðu um hagsmuna- og hugðarefni þeirra.

Hörgull á sérmenntuðum kvikmyndagerðarmönnum hlýtur að verða þróun íslenzkrar kvikmyndagerðar fjötur um fót. Því er heimildarákvæði í frv. til þess að styrkja menn til náms í þeim fræðum.

Um 3. gr.

Þar sem fræðslumyndasafnið nýtur nú eigi lengur hluta af skemmtanaskatti, er gert ráð fyrir, að Alþingi veiti í fjárlögum fé til safnsins. Þá þykir og rétt, að safninu verði tryggt eigi lægra fjárframlag en það naut, áður en núgildandi skipan var tekin upp. Skv. upplýsingum frá ríkisbókara nema 4% af skemmtanaskatti ársins 1957 um 230 þús. kr., en í gildandi fjárlögum eru safninu ætlaðar 250 þús. kr. Í aths. við 2. gr. frv. er vikið að þeim möguleika, að stofnanir og samtök taki fjárhagslegan þátt í gerð einstakra mynda. Í þessari gr. er einnig heimilað, að safnið efni sjálft til kvikmyndasýninga.

Um 4. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um starf forstöðumanns. Laun forstöðumanns og annarra fastra starfsmanna, er kynnu að verða ráðnir í þjónustu safnsins, yrðu væntanlega á sínum tíma ákveðin í launalögum.

Um 5. gr.

Í reglugerð um safnið mætti setja reglur um útlán eða leigu mynda og tækja.

Nd. **43. Frumvarp til laga** [43. mál]

um úthlutun listamannalauna.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Allir íslenzkir listamenn skulu koma til álita við úthlutun listamannalauna og val í listráð (sbr. 2. gr.), án tillits til aldurs, efnahags eða borgaralegra starfa. Búseta skiptir ekki heldur máli við úthlutun listamannalauna, en til setu í listráði skulu ekki aðrir eiga rétt en þeir, sem búsettir eru hérlendis.

Listamannalaunum skal úthluta sem hér segir:

Tíu listamenn skulu hafa föst heiðurslaun, 35000.00 kr. á ári. Skulu þeir skipa listráð og vera ríkisvaldinu til ráðuneytis um listmál. Árlega skal úthluta listamannalaunum í þrem flokkum: 20000.00 kr., 12000.00 kr. og 6000.00 kr. Ekki færri en 25 listamenn skulu njóta 20000.00 kr. launa.

2. gr.

Til listráðs sé í fyrsta sinn kosið af 12 manna kjörráði, er svo skal skipað, að menntamálaráðherra, háskólaráð, menntamálaráð og stjórn Bandalags íslenzkra listamanna kjósi hvert um sig til þess 3 menn. Jafnheimilt er þessum aðilum að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna.

Þessir aðilar tilkynna kosningarúrslit í ábyrgðarbréfi til ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis, er skipar kjörstjórn kjörráðs og listráðs ásamt ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis og skrifstofustjóra Alþingis. Óheimilt er kosningaraðilum og kjörstjórn að láta uppi við aðra, hvernig kosning féll. Ef tveir eða fleiri kosningaraðilar hafa kosið sama mann eða sömu menn, skal kjörstjórn úrskurða, hvaða aðili eða aðilar endurkjósi, unz kjörráð er fullskipað. Kjörstjórn sendir í ábyrgðarbréfum tilkynningar þeim, sem til kjörráðs voru kosnir, en þeir séu bundnir um það þagnarskyldu. Ef einhver þeirra eða einhverjir hafna kjöri, skal sá aðili, er að kosningunni stóð, endurkjósa, unz kjörráð er endanlega fullskipað.

Hver hinna 12 kjörmanna kýs síðan 10 menn til listráðs og sendir ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis atkvæði sín í ábyrgðarbréfi. Kjörstjórn telur atkvæði. Eru þeir 10 menn rétt kjörnir til listráðs, sem flest atkvæði hlutu.

Ef jöfn atkvæði hafa fallið á 2 menn eða fleiri, svo að ekki sé úr því skorið, hverjir fylli tuginn, skal kjörráð kjósa um þá. Ef þá falla enn jöfn atkvæði á menn sitt hvorum megin við tugarmörk, skal kjörráð aftur kjósa um þá. Sé þá enn ekki úr því skorið, hverjir tuginn fylli, skal hlutkesti kjörstjórnar ráða.

Að lokinni kosningu gefur kjörstjórn út kjörbréf þeim til handa, sem kosnir voru til listráðs. Kjörstjórn gefur einnig út opinbera tilkynningu um, hverjir kosningu hlutu til listráðs, án þess að geta atkvæðafjölda, svo og hverjir skipuðu kjörráð og fulltrúar hverra þeir voru.

3. gr.

Þegar sæti losnar í listráði, skal kosið um mann í það með sama hætti og frumkosning fór fram. Engan má þó kjósa, nema hann hafi einhvern tíma hlotið hæstu listamannalaun.

4. gr.

Árlegum listamannalaunum skal úthlutað af 5 manna nefnd, sem skipuð er til þriggja ára. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar og hina fjóra nefndarmennina samkvæmt tilnefningu þessara aðila: heimspekideildar Háskóla Íslands, menntamálaráðs, listráðs og fulltrúaráðs Bandalags íslenzkra listamanna.

Þessum aðilum er jafnheimilt að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna eða félagsskapar. Menntamálaráðherra skipar varamenn með hliðstæðum hætti og aðalmenn.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp sama efnis var lagt fyrir Alþingi 1959, en varð eigi útrætt. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

Hinn 2. október 1956 skipaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að gera tillögur um, hvernig veiting listamannalauna verði felld í fastara form og betur að skapi þeirra, er launanna njóta, en verið hefur. Formaður nefndarinnar var skipaður Helgi Sæmundsson, ritstjóri. En auk hans áttu sæti í nefndinni sjö listamenn, þeir Guðmundur G. Hagalín, rithöfundur, Gunnlaugur Ó. Scheving, listmálari, Jóns Leifs, tónskáld, Páll Ísólfsson, tónskáld, Snorri Hjartarson, skáld, Þorsteinn Hannesson, óperusöngvari og Ævar R. Kvaran, leikari, svo og prófessorinn í nútímabókmenntum við Háskóla Íslands, dr. Steingrímur J. Þorsteinsson.

Nefndin skilaði tillögum um skipan listamannalauna til ráðuneytisins 25. janúar 1957. Voru þær í frumvarpsformi og fylgdi greinargerð og skýringar á einstökum greinum frumvarpsins. Var nefndin sammála um tillögur sínar. Eftir að menntamálaráðuneytið hafði athugað frv. nefndarinnar rækilega og rætt það við ýmsa aðila, gerði það á því nokkrar breytingar og sendi Bandalagi íslenzkra listamanna frv. það, sem hér liggur fyrir, til umsagnar 17. september 1958. Stjórn Bandalagsins svaraði 22. október 1958 og lýsti sig í öllum höfuðatriðum samþykka frumvarpinu.

Heildartillögur nefndarinnar fylgja hér með sem fylgiskjal í því formi, sem þær bárust ráðuneytinu. Enn fremur fylgir með sem fylgiskjal áðurgreind umsögn Bandalags ísl. listamanna.

Skal nú rakið, að hvaða leyti frv. það, sem hér liggur fyrir, er frábrugðið upphaflegum tillögum nefndarinnar:

1) Ýmsum hefur þótt nefndin gera ráð fyrir of mikilli fækkun þeirra, sem njóta listamannalauna, en nefndin gerði ráð fyrir að flokkar listamannalauna skyldu vera þrír, og launin ákveðin upphæð í hverjum flokki. Þessi tillaga hefði þýtt það, að launþegum hefði fækkað úr rúmlega 100 í um það bil 60. Í frumvarpi því, sem hér er fram lagt, er þessari flokkun þannig háttað, að 10 listamenn skulu hljóta föst heiðurslaun, 35 þús. kr. á ári. Skulu þeir skipa listráð og vera ríkisvaldinu til ráðuneytis um listmál. Árlega skal úthluta listamannalaunum í þrem flokkum: 20 þús., 12 þús. og 6 þús. kr. Ekki færri en 25 listamenn skulu njóta 20 þús. kr. launa.

Er þannig leitazt við að taka tillit til þess sjónarmiðs, að aukin festa verði í úthlutuninni frá því, sem verið hefur, og að ákveðin tala listamanna sé á tilteknum launum, en hins vegar er tala launþega ekki bundin við neitt hámark, svo að algerlega er á valdi úthlutunarnefndar, svo sem verið hefur, hvort eða um hversu mikla fækkun launþega yrði að ræða.

2) Nefndin hafði ætlað 12 mönnum sæti í listráði, en ráðuneytið hefur fækkað listráðsmönnum í 10. Val manna í slíkt ráð þarf að sjálfsögðu vel að vanda, og virðist því varlegast að hafa ráðið ekki mjög fjölskipað, a. m. k. meðan starfsemi þess er að mótast. Með fækkun ráðsmanna er lögð áherzla á þennan skilning.

3) Í frumvarpi nefndarinnar er menntamálaráðherra ætlað sæti í kjörstjórn kjörráðs og listráðs. Ekki er venja, að ráðherrum sé gert lögskylt samkvæmt stöðu þeirra að eiga sæti í nefndum af þessu tagi, og er því í frv. því, sem hér liggur fyrir, ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis ætlað sæti í kjörráði, ásamt ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis og skrifstofustjóra Alþingis.

4) Nefndin gerði ráð fyrir, að listamannalaun skyldu vera skattfrjáls. Sú grein hefur verið felld niður, þar eð ekki þykir eðlilegt að breyta ákvæðum skattalaga í frumvarpi um úthlutun listamannalauna.

Í frv. því, sem lagt var fyrir Alþingi 1959 var gert ráð fyrir því, að listamannalaun skyldu, eins og önnur laun, breytast samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar. Þar eð það á sér nú ekki lengur stað, hefur sú grein verið felld niður.

Fylgiskjal I.

Tillögur um frumvarp til laga um úthlutun listamannalauna.

1. gr.

Flokkar listamannalauna skulu vera þrír:
1. flokkur 20 þúsund krónur í grunnlaun.
2. flokkur 15 þúsund krónur í grunnlaun.
3. flokkur 10 þúsund krónur í grunnlaun.

Listamannalaunum til 2. og 3. flokks skal úthlutað árlega og skiptast þannig, að um 60% þess fjár, sem úthlutunarnefnd ráðstafar, renni til 2. flokks, en um 40% til 3. flokks.

Listamenn, sem fengið hafa laun í 2. flokki 5 ár í röð eða 8 sinnum alls, skulu þaðan í frá njóta fastra ævilauna. En laun í 3. flokki geta aldrei orðið föst.

Allir íslenzkir listamenn skulu koma til álita við úthlutun listamannalauna og val í listráð sbr. 2. gr.), án tillits til aldurs, efnahags eða borgaralegra starfa. Búseta skiptir ekki heldur máli við úthlutun listamannalauna, en til setu í listráði skulu ekki aðrir eiga rétt en þeir, sem búsettir eru hérlendis.

2. gr.

1. flokkur sé skipaður 12 mönnum ævilangt, og mynda því þeir listráð. Til þess sé í fyrsta sinn kosið af 12 manna kjörráði, er svo skal skipað, að menntamálaráðherra, háskólaráð Háskóla Íslands, menntamálaráð og stjórn Bandalags íslenzkra listamanna kjósa hvert um sig til þess 3 menn. Jafnheimilt er þessum aðilum að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna.

Þessir aðilar tilkynna kosningarúrslit í ábyrgðarbréfi til ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis, er skipar kjörstjórn kjörráðs og listráðs ásamt menntamálaráðherra og skrifstofustjóra Alþingis. Óheimilt er kosningaraðilum og kjörstjórn að láta uppi við aðra, hvernig kosning féll. Ef tveir eða fleiri kosningaraðilar hafa kosið sama mann eða sömu menn, skal kjörstjórn úrskurða, hvaða aðili eða aðilar endurkjósi, unz kjörráð er fullskipað. Kjörstjórn sendir í ábyrgðarbréfum tilkynningar þeim, sem til kjörráðs voru kosnir, en þeir séu bundnir um það þagnarskyldu. Ef einhver þeirra eða einhverjir hafna kjöri, skal sá aðili, er að kosningunni stóð, endurkjósa, unz kjörráð er endanlega fullskipað.

Hver hinna 12 kjörmanna kýs síðan 12 menn til listráðs og sendir ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins atkvæði sín í ábyrgðarbréfi. Kjörstjórn telur atkvæði. Eru þeir 12 menn rétt kjörnir til listráðs, sem flest atkvæði hlutu.

Ef jöfn atkvæði hafa fallið á 2 menn eða fleiri svo, að ekki sé úr því skorið, hverjir fylli tylftina, skal kjörráð kjósa um þá. Ef þá falla enn jöfn atkvæði á menn sitt hvorum megin við tylftarmörk, skal kjörráð aftur kjósa um þá. Sé þá enn ekki úr því skorið, hverjir tylftina fylli, skal hlutkesti kjörstjórnar ráða.

Að lokinni kosningu gefur kjörstjórn út kjörbréf þeim til handa, sem kosnir voru til listráðs. Kjörstjórn gefur einnig út opinbera tilkynningu um, hverjir kosningu hlutu til listráðs, án þess að geta atkvæðafjölda, svo og hverjir skipuðu kjörráð og fulltrúar hverra þeir voru.

3. gr.

Þegar sæti losnar í listráði, skal kosið um mann í það með sama hætti og frumkosning fór fram. Engan má þó kjósa, nema hann hafi einhvern tíma hlotið listamannalaun 2. flokks.

4. gr.

Listamannalaunum 2. og 3. flokks skal úthlutað af 5 manna nefnd, sem skipuð er til þriggja ára. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar og hina fjóra nefndarmennina samkvæmt tilnefningu þessara aðila: heimspekideildar Háskóla Íslands, menntamálaráðs, listráðs og fulltrúaráðs Bandalags íslenzkra listamanna. Þessum aðilum er jafnheimilt að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna. Menntamálaráðherra skipar varamenn með hliðstæðum hætti og aðalmenn.

5. gr.

Öll listamannalaun skulu vera skattfrjáls.

Greinargerð og athugasemdir.

1.

Hinn 2. október 1956 skipaði menntamálaráðherra eftirtalda menn í nefnd „til þess að gera tillögur um, hvernig veiting listamannalauna yrði felld í fastara form og betur að skapi þeirra, er launanna njóta, en verið hefur um skeið“: Guðmund Gíslason Hagalín, rithöfund, Gunnlaug Scheving, listmálara, Helga Sæmundsson, ritsstjóra, Jón Leifs, tónskáld og formann Bandalags íslenzkra listamanna, Pál Ísólfsson, tónskáld, Snorra Hjartarson, skáld, Steingrím J. Þorsteinsson, prófessor, Þorstein Hannesson, óperusöngvara, og Ævar Kvaran, leikara. Var Helgi Sæmundsson skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin kom fyrst saman á fund hinn 21. október, en alls hélt hún tólf fundi. Á fyrsta fundi nefndarinnar var Guðmundur Gíslason Hagalín kosinn ritari hennar og Snorri Hjartarson vararitari. Fimm undirnefndir voru kosnar og þeim falin verkefni, sem þær unnu að á milli funda aðalnefndarinnar. Loks afgreiddi nefndin í einu hljóði tillögur þær um skipan listamannalauna, sem hér fara á undan.

2.

Þá er Alþingi tók að veita laun eða viðurkenningu fyrir listræn afrek, var fáum listamönnum til að dreifa hér á landi öðrum en skáldum og rithöfundum, og í vitund þjóðarinnar höfðu þeir algera sérstöðu. En á fyrsta og öðrum áratug aldarinnar tóku mjög athyglisverðir fulltrúar annarra listgreina að koma fram með þjóðinni, og hlutu þeir þá náms- og starfsstyrki af opinberu fé. Síðan hefur veigamiklum listamönnum á vettvangi myndlistar, tónlistar og leiklistar fjölgað mjög ört og þeir hlotið í vitund þjóðarinnar ekki óvirðulegri sess en skáld og rithöfundar.

Öll ákvörðun listamannalauna var fyrstu áratugina í höndum Alþingis. Svo var sá háttur upp tekinn, að Alþingi ákvarðaði á fjárlögum laun til fárra listamanna, en upphæð, sem þingið ákvað, var árlega úthlutað til þorra þeirra, sem þóttu verðugir launa. Úthlutun var stundum á valdi menntamálaráðherra, en oftast í höndum stjórnskipaðra eða þingkjörinna nefnda. Upp úr 1930 fjölgaði mjög þeim listamönnum, sem nutu launa á fjárlögum, og þótti ýmsum í hópi þingmanna of langt gengið á þeirri braut að festa þar slík laun, og var þá brugðið á það ráð að nema burt af fjárlögum laun til listamanna og hækka að sama skapi þá upphæð, sem árlega var úthlutað. Menntamálaráð skipti síðan upphæðinni milli listgreina, en úthlutun til einstakra listamanna var falin samtökum þeirra. Þessi skipan hélzt til ársins 1946. Þá var úthlutun falin nefnd, sem Alþingi kaus, og hefur hún síðan verið í höndum slíkrar nefndar, sem ýmist hefur verið skipuð þremur eða fjórum mönnum.

Þá er Alþingi tók að veita listamannalaun, komu upp með þjóðinni margar óánægjuraddir. Þorri manna skorti í þann tíð skilning á gagnsemi og þá um leið

réttmæti slíkra launa. En smátt og smátt hefur andúð almennings á listamannalaunum rénað, og má nú heita, að raddir hinna óánægðu meðal gjaldþegnanna séu jafnfáar og raddir listunnenda voru áður fyrrum.

Snemma kom í ljós, að njótendur launanna voru ekki allir ánægðir með þann skerf, sem þeir hlutu, og einnig gætti þess fljótlega, að listunnendum þætti þeim, er ákvarða skyldu launin, ærið mislagðar hendur. Og óánægja þessara aðila hefur ekki rénað. Ákvarðanir Alþingis um skipan þessara mála og gerðir úthlutunaraðila hafa sætt mikilli gagnrýni. Hennar hefur gætt í samtölum manna á milli, á fundum listamanna og í fjölmörgum blaðagreinum. Menn hafa verið óánægðir með fjárframlög Alþingis og skiptingu fjárins milli listgreina, hafa talið matið á verðleikum ótvíræðra listamanna skeikult og látið í veðri vaka, að ýmsum hafi verið úthlutað listamannalaunum, sem væru þeirra ekki verðugir. Á Alþingi hafa og verið mjög skiptar skoðanir um þessi mál, og síðan 1948 hafa komið fram þrjú frumvörp til breytinga á skipan þeirra.

Hið fyrsta þessara frumvarpa flutti núverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, árið 1948, og síðan flutti hann það á ný 1949, 1950 og 1951. Var fyrirsögn þess Frumvarp til laga um laun skálda og rithöfunda og annarra listamanna og listarráð. Árið 1949 flutti Magnús Kjartansson Frumvarp til laga um úthlutun listamannalauna — og aftur árið 1950. Árið 1951 tóku þeir upp þetta frumvarp Jónas Árnason og Ásmundur Sigurðsson. Loks flutti Gunnar Thoroddsen Frumvarp til laga um listamannalaun á þinginu 1955—'56. Ekkert þessara frumvarpa var afgreitt.

3.

Hver einstakur nefndarmaður kynnti sér vandlega öll þessi frömvörp, og síðan ræddi nefndin þau á fundum sínum og gerði sér grein fyrir þeim höfuðsjónarmiðum, sem þar koma fram. Í frumvarpi Gylfa Þ. Gíslasonar og frumvarpi þeirra Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnasonar og Ásmundar Sigurðssonar er gert ráð fyrir fækkun launaflokka frá því, sem verið hafði hjá úthlutunarnefnd. Í frumvarpi Gylfa Þ. Gíslasonar eru þeir 4 og aðeins 3 í hinu frumvarpinu. Í frumvarpi Gunnars Thoroddsens eru ákvæði um 4 fasta launaflokka, sem í séu samtals 36 menn, en auk þeirra launa, sem þeir hljóti, er kveðið á um árlega úthlutunarupphæð. Í frumvarpi Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnasonar og Ásmundar Sigurðssonar eru engin ákvæði um upphæð listamannalauna, en hins vegar um hlutföll milli launaflokka, og eru þau 5:3:1, en í frumvörpum þeirra Gylfa Þ. Gíslasonar og Gunnars Thoroddsens eru tilnefndar ákveðnar upphæðir í hverjum launaflokki, kr. 18 þús., 9. þús., 6. þús. og 3 þús. í frv. G. Þ. G. og kr. 20 þús., 15 þús., 12. þús. og 8 þús., að viðbættri vísitöluuppbót, í frumvarpi G. Th. Í frumvarpi G. Þ. G. er það ákvæði, að launin í 1. flokki, sem skulu vera veitt allt að 12 mönnum, skuli vera heiðurslaun. Skulu þeir, sem hafa hlotið þau í 5 ár, njóta þeirra ævilangt og skipa listarráð, sem sé menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir. Í frv. þeirra M. K., J. Á. og Á. S. er kveðið svo á, að listamaður, sem hafi komizt fimm sinnum í annan hvorn hærri flokkanna, verði ekki lækkaður í flokki úr því. Samkvæmt frv. G. Th. skal tekið tillit til tekna og efnahags listamanna, þegar þeim eru ákvörðuð laun, en slík ákvæði eru ekki í hinum frumvörpunum.

Samkvæmt frv. G. Þ. G. skal sameinað Alþingi ákveða, hverjir listamenn hljóti heiðurslaun, en árlega úthlutun listamannalauna annast menntamálaráð, sem þó skal leita umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands um tillögur sínar, áður en þær eru endanlega samþykktar. Í frumvarpi M. K., J. Á. og Á. S. er úthlutun falin nefnd, sem skipuð sé menntamálaráði, formanni Bandalags íslenzkra listamanna og einum manni, kosnum af háskólaráði. Samkv. frv. G. Th. skulu þeir sex menn, sem njóta hæstra launa, kosnir af sameinuðu Alþingi, en hina skal menntamálaráðherra ákveða eftir tilnefningu menntamálaráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands eða fimm manna, sem hún kýs. Listamannafé, sem veitt er í fjárlögum til úthlutunar árlega, skal, samkv. frv. G. Th., úthlutað af þingkjörinni nefnd, eftir

nánari ákvæðum í fjárlögum, en að fengnum tillögum menntamálaráðs og 5 manna nefndar, kosinnar af fulltrúaráði Bandalags íslanzkra listamanna.

Auk þessara frumvarpa athugaði nefndin Frumvarp til laga um Akademíu Íslands, sem Björn Ólafsson, þáverandi menntamálaráðherra, flutti 1950 og 1951 og hlaut ekki afgreiðslu. Það er eingöngu miðað við varðveizlu og ræktun íslenzkrar tungu og varð ekki haft til hliðsjónar við starf nefndarinnar, svo sem henni var markaður vettvangur.

Einstakir nefndarmenn og nefndin sem heild tók til náinnar athugunar úthlutun listamannalauna síðustu 6 árin, glöggvaði sig á skiptingu fjárins milli listgreina, launaflokkum, upphæðum og launþegum.

Árið 1951 var úthlutað kr. 501 000.00 til 89 einstaklinga í 6 flokkum:

39 skáld og rithöfundar ..	hlutu	255 000.00	eða	50.9%	Meðaltal kr.	6 538.00
29 myndlistarmenn	—	166 200.00	—	33.1%	—	—	5 731.00
11 tónlistarmenn	—	46 800.00	—	9.4%	—	—	4 255.00
10 leikarar	—	33 000.00	—	6.6%	—	—	3 300.00

Árið 1952 var úthlutað kr. 609 200.00 til 101 einstakl. í 6 flokkum:

49 skáld og rithöfundar ..	hlutu	324 200.00	eða	53.2%	Meðaltal kr.	6 616.00
31 myndlistarmaður	hlaut	207 600.00	—	34.1%	—	—	6 697.00
12 tónlistarmenn	hlutu	49 200.00	—	8.1%	—	—	4 100.00
9 leikarar	—	28 200.00	—	4.6%	—	—	3 133.00

Árið 1953 var úthlutað kr. 608 400.00 til 103 einstakl. í 5 flokkum:

41 skáld og rithöfundar ..	hlutu	286 800.00	eða	47.1%	Meðaltal kr.	6 995.00
36 myndlistarmenn	—	230 400.00	—	37.9%	—	—	6 400.00
18 tónlistarmenn	—	66 000.00	—	10.8%	—	—	3 666.00
8 leikarar	—	25 200.00	—	4.2%	—	—	3 150.00

Árið 1954 var úthlutað kr. 618 000.00 til 102 einstakl. í 5 flokkum:

47 skáld og rithöfundar ..	hlutu	314 400.00	eða	50.9%	Meðaltal kr.	6 689.00
32 myndlistarmenn	—	214 800.00	—	34.8%	—	—	6 713.00
16 tónlistarmenn	—	66 600.00	—	10.8%	—	—	4 162.00
7 leikarar	—	22 200.00	—	3.5%	—	—	3 171.00

Árið 1955 var úthlutað kr. 776 100.00 til 113 einstakl. í 5 flokkum:

56 skáld og rithöfundar ..	hlutu	409 200.00	eða	52.7%	Meðaltal kr.	7 307.00
35 myndlistarmenn	—	268 100.00	—	34.6%	—	—	7 660.00
16 tónlistarmenn	—	77 200.00	—	9.9%	—	—	4 825.00
6 leikarar	—	21 600.00	—	2.8%	—	—	3 600.00

Árið 1956 var úthlutað kr. 927 320.00 til 115 einstakl. í 5 flokkum:

56 skáld og rithöfundar ..	hlutu	466 220.00	eða	50.3%	Meðaltal kr.	8 325.00
35 myndlistarmenn	—	329 700.00	—	35.6%	—	—	9 420.00
16 tónlistarmenn	—	93 000.00	—	10%	—	—	5 812.00
8 leikarar	—	38 400.00	—	4.1%	—	—	4 800.00

Öll árin var úthlutað samtals kr. 4 040 020.00 eða að meðaltali á ári kr. 673 334.00. Þar af hlutu:

Skáld	2 055 820.00	eða	50.9%.	Meðalt. launþ. á ári	48.	Meðalupph.	7 078.00
Myndlistarmenn	1 416 800.00	—	35 %.	—	—	—	34.	—	7 103.00
Tónlistarmenn ..	398 800.00	—	9.9%.	—	—	—	14.	—	4 471.00
Leikarar	168 600.00	—	4.2%.	—	—	—	8.	—	3 526.00

Tala einstaklinga, sem fengið hafa styrk þessi 6 ár, er 188.
Þar af skáld og rithöfundar 86.
Myndlistarmenn ..... 50.
Tónlistarmenn ..... 28.
Leikarar ..... 24.

4.

Nefndin varð fljótlega einhuga um ýmis þau atriði, er fram koma í þessu frumvarpi. Allir nefndarmenn voru þegar á einu máli um, að við veitingu listamannalauna bæri ekki að taka tillit til annars en skynsamlegs mats á listrænum störfum listamannsins og gildi þeirra fyrir listþróun og menningarlíf með þjóðinni. Ef ráðizt væri í mat á efnum og ástæðum listamannsins, mundi það leiða til ósamræmis og óréttlætis og vekja óánægju og úlfúð. Hvernig sem háttað væri högum listamannsins, væri æskilegt og vænlegt til árangurs, að hann fyndi sem gleggst, að þjóðfélagið vildi styðja hann og örva til starfa, launa honum og votta honum þakklæti fyrir unnin afrek. Þá var og nefndin þegar í upphafi starfa sinna öll á þeirri skoðun, að óviðurkvæmilegt væri, að ríkið skattlegði þau laun, sem það veitti listamönnum. Eins og það væri fjarstæðukennt að klípa af þeim starfsstyrk, sem veittur væri ungum listamanni, væri það ósæmandi að skerða þá upphæð, sem veitt væri til að votta þroskuðum listamanni virðingu og þakkir og örva hann til nýrra afreka, sem hann fær oft seint launuð eða aldrei.

Þegar nefndin hafði kynnt sér ýtarlega úthlutun listamannalauna á undanförnum árum, komst hún brátt að þeirri sameiginlegu niðurstöðu, að fækka bæri bæði launþegum og launaflokkum. Henni þótti auðsýnt, að ýmsir þeir listiðkendur hefðu hlotið laun, sem hvorki hefðu unnið listræn afrek né sýnt þá kunnáttu eða þær listrænar gáfur, sem vektu vonir um slík afrek. Hún leit og þannig á, að launin í hinum lægstu launaflokkum hefðu verið of lág til þess að þau gætu breytt aðstöðu launþegans til listrænna starfa, og enn fremur mætti að nokkru rekja þá óánægju, sem ríkti út af úthlutun listamannalauna meðal listunnenda og listamanna, til hinna mörgu launaflokka.

Þó að nefndarmenn væru sammála um þessi atriði, komu fram í fyrstu ýmsar skoðanir um fjölda launaflokka, tölu launþega og hæð launa. Hafði Jón Leifs þar mesta sérstöðu. Hann vildi, að allir listamenn, sem til greina kæmu, fengju sömu launaupphæð, en 12 menn fengju hana ævilangt, aðrir til tveggja ára í senn, en á hverju ári yrði upphæðin veitt 5 listamönnum, sem hefðu ekki fengið laun á seinustu árum.

Eftir að undirnefnd hafði haft launaflokkana til athugunar, sameinaðist nefndin um þær tillögur, sem felast í 1. gr. frumvarps þessa, og er nánari grein gerð fyrir rökum hennar og afstöðu í skýringum við greinar frumvarpsins.

Þó að nefndin hafi ekki sett í frumvarpið ákvæði um fjölda launþega í 2. og 3. flokki, en aðeins gert tillögur um, að hlutfallið milli heildarupphæða launa í þessum flokkum verði um 60:40, miðaði hún tillögur sínar, eftir nána athugun á úthlutun listamannalauna, við það, að í hvorum þessara flokka yrðu 24 listamenn eða í báðum flokkunum samtals 48. Virðist henni úthlutun lítt framkvæmnleg, ef lægri tala listamanna kæmi til greina. Yrðu þá útgjöld ríkissjóðs til listamannalauna samkvæmt lögunum eins og hér segir, með þeirri vísitölu á laun, sem nú er (80):

Kr.	36 000×12	= kr.	432 000
—	27 000×24	= —	648 000
—	18 000×24	= —	432 000
		Samtals kr.	1 512 000

Það er því tillaga nefndarinnar, að þessi upphæð verði ákveðin á fjárlögum ársins 1957 til listamannalauna. Hún er hlutfallslega mun lægri en sú upphæð, sem

var á fjárlögum til slíkra launa árið 1943, og miðað við hækkun á menntamálagreinum fjárlaga frá 1948—1957 (14 og 15. gr.), ætti hún að vera nokkru hærri en hér er lagt til. Var nefndin sammála um, að listamenn gætu ekki sætt sig við, að heildarupphæð til listamannalauna færi minnkandi, samtímis því sem fjöldi hlutgengra listamanna hefur aukizt og nýjar listgreinar komið fram hér á landi og náð þroska

Um val listamanna í listráð og um úthlutun listamannalauna var fjallað ýtarlega á fundum nefndarinnar, og kom nefndarmönnum saman um það höfuðsjónarmið, að reisa yrði sem sterkastar skorður við því, að þetta yrði háð áhrifum kunningsskapar, skoðunum manna á stjórnmálum og meira og minna tímabundnum tískuviðhorfum við listum. Jón Leifs lagði áherzlu á, að stefna bæri að því í framtíðinni, að úthlutun listamannalauna yrði falin sérfræðingum í hinum ýmsu listgreinum. Undirnefnd var kosin til að gera tillögur um kjör listamanna í listráð og um úthlutun listamannalauna. Voru tillögur hennar, sem náðu samþykki með litlum breytingum, miðaðar við það heildarsjónarmið, sem hér hefur verið getið, og eru þau grundvöllur ákvæðanna um þessi efni í frumvarpinu. Er nánar vikið að þeim ákvæðum í skýringum nefndarinnar á greinum frumvarpsins.

Fram kom í nefndinni, að æskilegt væri, að bæði skapandi og túlkandi listamenn ættu kost á allháum upphæðum til að kynna sér listir erlendis eða kynna þar list sína. Nefndin taldi, að taka bæri fullt tillit til þessa, en samþykkti ekki að bera fram ákveðnar óskir í þá átt. Hins vegar samþykkti hún í einu hljóði að óska þess, við menntamálaráðherra og Alþingi, að jafnframt úthlutun listamannalauna verði stofnað til verðlauna fyrir sérstök listafrek eða viðurkenningar til handa listamönnum, er unnið hafa merkilegt starf, sem megi verða æskilegt fordæmi. Skuli einnig miðað við það, að verðlaun þessi eða viðurkenning sé ungum listamönnum eggjun til dáða, og hún sé svo ríflega í té látin, að um muni.

Út af tillögum nefndarinnar í heild skal það að lokum fram tekið, að gott samkomulag hefur ríkt um störf og niðurstöður. Nefndin gerði sér far um að samræma ýmis sjónarmið og hafa það, sem kallazt gæti meðalvegur, en þó orðið framtíðargrundvöllur þessara mála. Vonar nefndin, að tillögur hennar komist í meginatriðum í framkvæmd í trausti þess, að þar með reynist skipan listamannalauna öruggari og sanngjarnari en verið hefur og íslenzkri list til eflingar og nýrra sigra og þjóðinni til vegsauka.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nefndin valdi orðið listamannalaun sem heildarheiti þeirra launa, sem gert er ráð fyrir að þjóðin veiti samkvæmt frumvarpi þessu, enda var þetta heiti notað í skipunarbréfi nefndarinnar. Þá valdi nefndin orðið listráð, en ekki listarráð, sem áður hefur verið notað í þeirri merkingu, sem þarna á við.

Um tölu launaflokka, upphæð launa og ákveðin hlutföll milli heildarlauna í 2. og 3. flokki réð það sjónarmiði, að óbrotið form, en sem fastast, hentaði bezt og vel verði gert við þá listamenn, sem laun hljóta hverju sinni. Þessi skipan hefur í för með sér allmikla fækkun þeirra, sem hljóta árlega listamannalaun, en með þessu móti er unnt að tryggja, að meira muni en áður um listamannalaunin, einnig fyrir þá, sem þau hreppa annað eða þriðja hvert ár.

Það virðist óumdeilanlegt, að þeir listamenn, sem njóta í hæsta flokki fastra ævilauna, eigi að hljóta, að fenginni slíkri viðurkenningu, aðstöðu til að búa við sæmilegt fjárhagslegt öryggi, og liggur sú skoðun til grundvallar tillögu nefndarinnar um upphæðina í 1. flokki. Var hún og ákvörðuð með hliðsjón af þeim heiðurslaunum, sem Alþingi sjálft hefur samþykkt á fjárlögum til tveggja rithöfunda.

Vegna þess, að allir viðurkenndir listamenn þjóðarinnar geta ekki hlotið sæti

í listráði, svo sem skipan þess er ætluð, er það ákvæði til orðið, að þeir listamenn, sem fengið hafa laun í 2. flokki 5 ár í röð eða 8 sinnum alls, skuli þaðan af njóta fastra ævilauna.

Fyrir fram er auðvitað allt á huldu um skipan listráðs, ef stofnað verður. Hins vegar telur nefndin sjálfsagt, að allir listamenn komi til álita við val manna í það, jafnt og úthlutun í 2. og 3. flokki. Með þessu er eftir föngum reynt að koma í veg fyrir, að gert sé upp á milli listgreina. Hingað til hefur þótt við brenna, að sumar þeirra væru settar skör lægra við úthlutun listamannalauna en gild rök lægju til, og er tími kominn til leiðréttingar í þessu efni. Loks leggur nefndin áherzlu á, að listræn sjónarmið ein ráði vali manna í listráð og úthlutunarflokka.

Um 2. gr.

Hugmyndin um listráð er ekki ný, og hún er um margt álitleg. Nefndin taldi ekki rétt að setja inn í frumvarpið ákvæði um hlutverk ráðsins, enda var hún sammála um, að ekki bæri að ætla því mörg störf eða tímafrek. Hún gerir þó ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið feli því verkefni með reglugerð, sem samkomulag náist um með ráðuneytinu og listráði. Auk þess ætlar nefndin listráði að tilnefna fulltrúa í úthlutunarnefnd (sbr. 4. gr.)

Ákvæðin um kjör listráðs eru svo ýtarleg, að naumast mun þörf á skýringum. Fyrirkomulagið kann að virðast flókið fljótt á litið, en þess ber að gæta, að hér þarf að vanda vel til, þar eð um verður að ræða framtíðarskipan, sem tryggi hlutaðeigendum föst ævilaun án þeirra skilyrða löggjafar og samfélags, sem venjulega eru sett í því sambandi. Hér eiga listræn sjónarmið ein að ráða úrslitum. Reynt er að finna dómbæra og óhlutdræga aðila til að velja innan og utan stofnana sinna menn, sem kjósa til listráðs, og þannig um búið, að þessir menn komi ekki saman á fund, þegar þeir kjósa, og þurfi ekki að verjast neinum áróðri. Þar með er leitazt við að tryggja, eins og unnt er, að annarleg sjónarmið komi hér ekki við sögu. Enn mun þess lítill kostur að fela hér þennan vanda mönnum, sem talizt geta sérfróðir um listir vegna náms eða prófa. Nefndin gerði sér hins vegar far um að taka til hins sérfræðilega viðhorfs það tillit, sem hún taldi fært.

Um 3. gr.

Kjörgengi í listráð, eftir að það hefur verið kosið í fyrsta sinn, er því bundið, að listamenn hafi einhvern tíma hlotið listamannalaun í 2. flokki. Með þessu ætti að vera tryggt, að til setu í listráði komi til greina þeir einir, sem þegar hafi notið viðurkenningar fyrir list sína. — Væntir nefndin þess, að þetta fyrirkomulag reynist sanngjarnt og nægilegar skorður við annarlegum sjónarmiðum.

Um 4. gr.

Um ákvæði varðandi val nefndar, er úthluti listamannalaunum 2. og 3. flokks, skal skírskota til þess, sem þegar hefur verið sagt um kjörráð listráðsins. Hæfilegt virðist, að nefndin sé skipuð 5 mönnum. Þriggja manna nefnd sýnist helzt til fámenn, og heppilegt mun, að nefndarmenn séu fleiri en 4 af þeirri ástæðu, að tveir á móti mega sín þá meira en tveir með við afgreiðslu mála. Enn fremur mun henta, að nefndin sé skipuð hverju sinni til þriggja ára. Undanfarið hefur Alþingi kosið úthlutunarnefnd til eins árs í senn. Það fyrirkomulag hefur augljósa ókosti Úthlutunarnefnd er þá ekki unnt að gera ráð fyrir nema eins árs starfi, svo að hún getur ekki skipulegt úthlutun um eitthvert ákveðið árabil. Sá háttur mundi þó harla æskilegur, og slíkum vinnubrögðum verður komið við, ef úthlutunarnefnd fær þriggja ár starfstíma hverju sinni, eins og hér er gert ráð fyrir.

Um 5. gr.

Til skýringar þessari grein skal látið nægja að vísa til þess, sem fram kemur í 4. kafla greinargerðarinnar.

Fylgiskjal II.

BANDALAG ÍSL. LISTAMANNA

Reykjavík, 22. okt. 1958.

Herra menntamálaráðherra
Gylfi Þ. Gíslason,
Reykjavík.

Á fundi sínum, hinn 15. þ. m. tók stjórn B. Í. L. til meðferðar frumvarp það um úthlutun listamannalauna, er þér höfðuð sent henni til umsagnar, og var gerð um það eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn B. Í. L. er í öllum höfuðatriðum samþykk frumvarpinu og mælir með því, en vill þó gera eftirfarandi athugasemdir:

a) Stjórnin telur áríðandi að ekki sé veitt til úthlutunar árlega lægri upphæð, en gert er ráð fyrir í tillögu nefndar þeirrar, er Menntamálaráðuneytið skipaði 2. okt. 1956, eða kr. 1 512 000.00.

b) Stjórnin telur að listamannalaun ættu að vera skattfrjáls, en þar sem ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að svo verði, telur hún rétt að athugaður verði sá möguleiki, að þeir listamenn, sem ekki fá föst laun geti, þá er þeir hljóta þau, dreift þeim á fleiri en eitt ár við framtal til skatts.

Virðingarfyllst,

Snorri Hjartarson (sign.)
form.

Þorst. Hannesson (sign.)
ritari.

Nd. 44. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Áburðarverksmiðjan selur framleiðsluvörur sínar innanlands á kostnaðarverði, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita áburðarverksmiðjunni einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum áburði, enda selji hún áburðinn á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

a. Til fyrningarsjóða 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.

Heimilt er þó verksmiðjustjórn, með samþykki landbúnaðarráðherra, að

ákveða tillag í fyrningarsjóð, þannig að samanlagðar fyrirningarafskriftir véla eða húsa, sem orðin eru ónýt og brotavirði þeirra verði jafn hátt kostnaðarverði sams konar eigna, er afla þarf í þeirra stað.

b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð. Áburðarsala ríkisins hættir þar með störfum. Eignum hennar skal varið til þess að auka húsnæði búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans vegna jarðvegsrannsókna og búa hana tækjum til efnagreininga, sérstaklega með hliðsjón af ákvörðun á áburðarþörf lands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Megintilgangur frumvarpsins er að koma á hagkvæmara og ódýrara fyrirkomulagi en verið hefur við verzlun með tilbúinn áburð.

Það er ástæðulaust að láta sérstakt ríkisfyrirtæki vera millilið um sölu framleiðsluvara Áburðarverksmiðjunnar h/f og því síður ástæða til að halda slíku fyrirtæki við til þess eins að flytja inn áburð. Kostnaður við rekstur Áburðarsölu ríkisins árið 1959 var kr. 674 441.91, en bruttótekjur það sama ár voru kr. 1.015 032.00.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að verzlun með tilbúinn áburð sé öll hjá sama aðila til að tryggja, að alltaf séu til hæfilegar birgðir af réttum tegundum áburðar, þegar til hans þarf að taka.

Um 1. gr.

Í samræmi við framanritað gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan annist sjálf sölu framleiðsluvara sinna til kaupenda á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

Í 2. mgr. er ríkisstjórninni síðan heimilað að veita verksmiðjunni einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum áburði. Áburður þessi skal sömuleiðis seldur á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

Með þessu móti yrði unnt að minnka verulega milliliðakostnað við áburðarverzlun.

Mál þetta hefur verið rætt við Áburðarverksmiðjuna h/f, og er hún fús til að taka þessa verzlun að sér.

Um 2. gr.

Upphaflegt kostnaðarverð áburðarverksmiðjunnar var um 130 millj. króna. Endurnýjunarverð verksmiðjunnar nú er 245 millj. kr., og þá ekki tekið tillit til hækkana, sem leiðir af lögunum um efnahagsmál.

Vegna þessa er nauðsynlegt að rýmka fyrningarheimildir verksmiðjunnar, eins og greinin gerir ráð fyrir.

Um 3. gr.

Jafnframt því sem frumvarp þetta fengi lagagildi, mundi Áburðarsala ríkisins hætta störfum.

Eignum áburðarsölunnar verður hvorki betur né eðlilegar varið en til að efla jarðvegsrannsóknir í landinu og þá sérstaklega með það fyrir augum að nýta tilbúinn áburð betur en nú er gert.

Á s. l. ári keyptu bændur hér á landi áburð fyrir nál. 80 millj. króna. Þessi fjárhæð verður án efa mun hærri í ár, bæði vegna stækkunar ræktaðs lands og vegna nokkurrar hækkunar áburðarverðs.

Betri þekking á hvaða áburður og hvaða magn áburðar hæfir á hverjum stað, mundi nýta þessa miklu fjármuni mun betur en nú er gert.

Fyrir það fé, sem Áburðarsala ríkisins á, er unnt að reisa rannsóknarstofur og önnur þau húsakynni, sem slíkri starfsemi eru nauðsynleg, sbr. greinargerð dr. Björns Jóhannessonar, sem prentuð er sem fylgiskjal hér á eftir. Vel menntaða starfsmenn skortir hins vegar ekki á þessu sviði.

Landbúnaðarráðuneytið mundi að sjálfsögðu fara með yfirstjórn þessara framkvæmda.

Fylgiskjal.

Jarðvegsrannsóknir: Þörf fyrir bætta vinnuaðstöðu.

Áður en vikið verður að starfsaðstöðu er rétt að gera stutta grein fyrir helztu viðfangsefnum jarðvegsrannsókna.

1. Jarðvegskortagerð og almennar jarðvegsrannsóknir.

Þessar rannsóknir hafa grundvallarþýðingu fyrir hvers konar notkun jarðvegs og skipulag byggða. Þær skila að vísu ekki árangri að kvöldi vinnudags, en það væri áreiðanlega rangt að sinna þeim ekki fyrir þær sakir. Fyrir nokkrum árum var hér á ferð búnaðarmálastjóri frá Suður-Englandi. Ég sagði honum frá viðleitni okkar að gera jarðvegskort af landinu. Hann mælti þá strax og hiklaust: „Jarðvegskort eru mikilvægari fyrir landbúnaðinn en nokkurt annað hjálpargagn. Ég óska ykkur til hamingju með að hafa ráðist á þetta viðfangsefni. Ég vildi aðeins óska, að við í Englandi hefðum sinnt þessum málum meira en raun ber vitni."

Geta má þess, að lokið er útivinnu við jarðvegskortagerð á svæðinu milli Þjórsár og Ytri-Rangár og í Eyjafirði, en í Borgarfirði er hún komin nokkuð áleiðis. Hins vegar er ekkert fé handbært til að prenta kort af þessum svæðum.

2. Gróðurkort og afréttarrannsóknir.

Undirritaður og samstarfsmenn hans hófu undirbúning að þessum rannsóknum árið 1953, og er nú að koma greinilega í ljós, hve brýnar þær eru. Víða er nú orðið svo þröngt í sumarhögum (dæmi: afréttir Austur-Skagfirðinga, Fljótshlíðinga og Eyfellinga), að fallþungi dilka er stórum minni en eðlilegt er að krefjast. Skynsamleg eða hagfelldasta lausn þessa vandamáls er óhugsandi nema fyrir liggi rannsóknir á afréttarlöndunum samhliða rannsóknum á möguleikum til auknings á sumarhögum fyrir sauðfé.

Gefið hefur verið út gróðurkort af Gnúpverjaafrétti, og kort af Biskupstungnaafrétti er fullgert til prentunar.

Einn starfsmaður jarðvegsrannsókna, Ingvi Þorsteinsson, er nú við framhaldsnám varðandi haglendi við Montana Háskóla í Bandaríkjunum; hann hlaut styrk frá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (F. A. O.) til þessa náms.

3. Rannsóknir varðandi efnagreiningaþjónustu vegna áburðarþarfar.

Á s. l. ári keyptu íslenzkir bændur tilbúinn áburð fyrir nálega 80 milljónir króna, og hækkar sú krónutala væntanlega allverulega við fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir. Er naumast óvarlegt að áætla, að á yfirstandandi ári muni áburðarkaup að meðallagi nema um 15.000.00 krónum á hvern bónda í landinu. Það skiptir því ekki litlu máli, að áburðurinn — að þetta mikla fjármagn — sé réttilega notaður, en vitað er að á þessu eru miklir misbrestir. Bændur hafa því eðlilega lagt mikla áherzlu á að fá auknar leiðbeiningar um notkun áburðarins. *En hvorki þeir né ríkisvaldið hafa gert sér ljóst, að slík þjónustu verður ekki innt af hendi nema:*

a. að framkvæmdar hafi evrið nauðsynlegar rannsóknir til að sannreyna gildi þeirra efnagreiningaaðferða og vinnubragða, sem helzt kemur til greina að nota og
b. að skapa viðhlítandi vinnuaðstöðu í rannsóknastofum og í héraði til að framkvæma þjónustuna.

Því miður krefjast þessar forsendur sérfræðiþekkingar, peninga og tíma. En um það er ekki að fást. *Án þessara forsendna verður umrædd þjónusta ekki látin í té svo að í lagi sé.*

Rétt er að gera í stuttu máli grein fyrir því, hvernig þessi mál horfa í dag.

Sérfræðiþekking.

Auk undirritaðs vinnur nú dr. Bjarni Helgason, jarðvegsfræðingur, að jarðvegsrannsóknum við Atvinnudeildina, en Ingvi Þorsteinsson er við framhaldsnám, eins og fyrr var getið. Dr. Bjarni er bersýnilega mjög dugandi starfsmaður og vel að sér, og er íslenzkum landbúnaði happ í að fá slíkan starfsmann. Menntun íslenzkra búfræðikandidata er nefnilega ekki við það miðuð, að þeir verði færir um að vinna sem vísindamenn á sviði jarðvegsfræði, og því eru vandfundnir hér á landi vel hæfir menn til sjálfstæðra rannsókna í þessari fræðigrein. Búfræðikandidatar eru hins vegar fyrst og fremst þjálfaðir sem ráðunautar, og er að sjálfsögðu mikilvægt að hafa hæfa menn við leiðbeiningastörfin. En eftir atvikum í íslenzku þjóðfélagi má segja, að jarðvegsrannsóknir hafi allvel hæfu starfsliði á að skipa, og er þá miðað við, að dr. Bjarni Helgason verði ráðinn til frambúðar að Búnaðardeild. Ef hæft starfslið er ekki fyrir hendi, er þýðingarlítið og oftast unnið fyrir gýg að veita miklu fé til rannsókna. En að því er tekur til jarðvegsrannsókna virðist mér sem skortur á hæfu starfsliði sé ekki til fyrirstöðu í þessu efni.

Starfsaðstaða í dag.

Vinnuskilyrði eru ófullnægjandi, jafnvel fyrir þær rannsóknir sem nú er unnið að, og þau eru algjörlega ónóg fyrir almenna efnagreiningaþjónustu vegna áburðarþarfar. Jarðvegsrannsóknir hafa nú aðeins um 100 fermetra gólfrými fyrir rannsóknastofur, teikniherbergi, skrifstofur og sýnishornageymslur.

Leiðbeiningaþjónustan.

Á Búnaðarþingi 1957 flutti undirritaður erindi um framkvæmd leiðbeiningaþjónustu vegna áburðarnotkunar og birtist það í Búnaðarritinu næsta ár. Í samræmi við það fyrirkomulag, sem þar er lýst, hefur verið gerð tilraun með framkvæmd leiðbeiningaþjónustu í Hraungerðishreppi, og sams konar tilraun er hafin í Gnúpverjahreppi:

1. Svokölluð Áburðarbók hefur verið samin og gefin út af Búnaðarfélagi Íslands, en þessi bók er ómissandi við nefnda þjónustu.
2. Gerð hafa verið kort af túnum í umræddum hreppum; túnunum er síðan skipt í spildur eða vinnueiningar.
3. Héraðsráðunauturinn, Kristinn Jónsson á Selfossi, hefur haft samvinnu við Búnaðardeild um framkvæmd umræddra tilrauna, og hann hefur séð um töku jarðvegssýnishorna.
4. Sýnishornin eru efnagreind á rannsóknastofu jarðvegsrannsókna, og niðurstöðurnar síðan sendar Kristni Jónssyni.
5. Kristinn Jónsson, eða héraðsráðunautur í umræddri sveit, ráðleggur síðan bændunum um áburðarnotkun á grundvelli efnagreininganna og þeirra upplýsinga, sem lesa má af Áburðarbókinni.

Bændur í Hraungerðishreppi telja sér talsverðan hag að þessum leiðbeiningum, og skortir þó enn mikið á, að nægar rannsóknir hafi verið gerðar til að meta réttilega gildi efnarannsóknanna.

En með þessum tilraunum er vegurinn varðaður. Á þennan eða mjög áþekkan hátt verður að framkvæma leiðbeiningaþjónustuna. Árangurinn úr Hraungerðishreppi spyrst, og kröfur bænda um slíka þjónustu verða æ háværari. En meðan ekki er séð fyrir betri vinnuaðstöðu fyrir jarðvegsrannsóknir er ókleift að sinna eða verða við slíkum kröfum. Það er nú bændanna og ríkisvaldsins að svara þeirri

spurningu, hvort koma eigi slíkri þjónustu á laggirnar, þannig að unnt sé að veita hana almennt og á **viðhlítandi** hátt. Ef þessir aðilar svara spurningunni játandi, þá hefur slíkt svar því aðeins raunhæft gildi, að þessir aðilar, annar hvor eða báðir, leggi af mörkum nægilegt fé til sköpunar nauðsynlegrar vinnuaðstöðu á rannsóknastofu og í héraði.

4. Hver er „nauðsynleg rannsóknaaðstaða"?

Sé miðað við næstu 10 ár, tel ég að vinnurými jarðvegsrannsókna megi ekki áætla minna en 700 m² gólfflöt. Þar af eru 400 m² áætlaðir í rannsóknastofur, teikniherbergi, bókaherbergi, skrifstofur fyrir starfslið og kaffiherbergi. 300 m² eru áætlaðir fyrir geymslur og grófvinnuherbergi (þurrkun, mölun og meðferð sýnishorna).

Reiknað er með, að slík bygging yrði reist á landi því, sem Rannsóknaráð ríkisins og Raforkumálaskrifstofan hafa fengið til umráða í austanverðu Keldnaholti. Eru helzt fyrirhugaðar einnar hæðar byggingar, en þeim fylgir sá kostur, að hægt yrði að taka byggingar í notkun fyrr og með minni byrjunar tilkostnaði en ef um væri að ræða fleiri hæða byggingar.

Kostnaður 700 m² rannsóknabyggingar er lauslega áætlaður 3 milljónir króna, og eru þá meðtaldar innréttingar í rannsóknastofur. Hins vegar er hér ekki talinn með kostnaður vegna vatns- og skolpleiðslna, rafleiðslna né vegagerðar og lóðavinnu.

Allmikið af tækjum þyrfti að kaupa og leggja sérstök leiðslukerfi fyrir loft, vatn og rafmagn. Á þessu stigi málsins er mjög erfitt að áætla kostnað vegna slíks útbúnaðar og tækjakaupa, en ekki er ósennilegt, að hann yrði nálægt 1 milljón króna..

Þá yrði brýn nauðsyn að reisa lítið gróðurhús vegna jarðvegsrannsókna, búið hitunar- og ljósakerfi, ásamt geymsluhúsi. Kostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður kr. 500 000.00.

Heildarkostnaður er þannig áætlaður fjórar og hálf milljón króna, og er þá miðað við væntanlegt verðlag eftir að fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir hafa gengið í gildi.

Á meðan stæði á byggingum og undirbúningi á Keldnaholti yrði að vinna í núverandi húsnæði jarðvegsrannsókna. Möguleikar eru á að bæta við það einni lítilli rannsóknastofu, sem nú er notuð til skordýrarannsókna, en slíka vinnu má framkvæma hvar sem vera skal, því að hún útheimtir ekki önnur tæki en smásjár og stækkunargler.

Reykjavík, 10. febrúar 1960.

Björn Jóhannesson.

Nd. 45. Frumvarp til laga [45. mál]

um lántökuheimild og ráðstöfun lánsfjár til hafnarframkvæmda.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Af láni því, sem ríkisstjórninni var heimilað að taka samkv. LVIII. tölul. 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959, skal endurlána 30 milljónir króna til hafnarframkvæmda auk þeirra 28 millj. króna, sem þegar hefur verið skipt milli einstakra hafna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán erlendis að upphæð allt að tveim milljónum dollara eða jafngildi þeirra í annarri erlendri mynt.

3. gr.

Fé það, er tekið verður að láni samkv. 2. gr., skal endurlána til hafnarframkvæmda.

4. gr.

Fjórir menn, einn tilnefndur af hverjum þingflokki, skipta, að fengnum tillögum vitamálastjóra, fé því, er endurlánað verður samkv. 2. og 3. gr., milli einstakra hafna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. sama efnis var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt.

Með ákvæði í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 var ríkisstjórninni heimilað að taka erlent lán, sem næmi, að viðbættum þágildandi yfirfærslubótum, um 150 millj. ísl. króna. Fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd lögðu til, að 50 millj. af þessu fé yrðu endurlánaðar til hafnarframkvæmda. Sú tillaga náði ekki fram að ganga á Alþingi, en samþykkt var að endurlána til hafnarframkvæmda 28 millj. kr. Þessari upphæð var sumarið 1959 skipt milli 19 hafna, að frádregnum 500 þús. kr., sem vitamálaskrifstofunni voru ætlaðar til áhaldakaupa.

Á sumarþinginu 1959 var af hálfu Framsóknarflokksins flutt sérstakt frumvarp þess efnis, að hluti hafnanna af fjárlagaláninu yrði 50 milljónir í stað 28 millj. Frumvarpið varð ekki útrætt, en efni þess er tekið upp í 1. gr. þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, með þeirri breytingu, að í stað 22 milljóna er hér gert ráð fyrir 30 milljónum. Er það gert með tilliti til breytingarinnar á skráningu erlends gjaldeyris, en hluti af láninu var ekki tekinn fyrr en eftir gengisbreytinguna.

Þar að auki er í þessu frumvarpi lagt til, að veitt verði heimild til að taka viðbótarlán erlendis og að sú upphæð verði einnig endurlánuð til hafnarframkvæmda. Ekki er ætlazt til, að lán það, sem nú mun vera í ráði að taka vegna Þorlákshafnar, sé innifalið í þessari upphæð, enda er sú lántaka heimiluð í fjárlögum.

Samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður, yrði þá hægt að endurlána hafnarsjóðum samtals 106 millj. kr. af erlendu lánsfé til viðbótar þeim lánum, sem úthlutað var sumarið 1959. Ef gert er ráð fyrir, að þetta lánsfé yrði notað á 2—3 árum og framlög ríkissjóðs til hafnargerða og hafnarbótasjóðs yrðu svipuð eða hærri en nú í ár, næmu þau á þessum tíma a. m. k. 34—52 millj. kr. Að viðbættu því fé, sem ætla má að hafnarsjóðir gætu lagt fram með lántökum innanlands eða á annan hátt, og að viðbættu Þorlákshafnarláninu yrði þá væntanlega hægt að gera nokkurt átak í hafnarframkvæmdum á þessum tíma.

Þörfin fyrir hafnarbætur er nú víða í sjávarplássum landsins mjög brýn. Framtíð margra þessara staða er að verulegu leyti og sums staðar fyrst og fremst undir því komin, að ekki dragist lengi úr þessu að skapa þar þau hafnarskilyrði, sem til þess þarf, að fiskibátar og fiskiskip, sem bezt henta á hverjum stað, geti athafnað sig þar eftir þörfum og notið þar öryggis og að hægt sé að afgreiða þar á viðunandi hátt vöruflutningaskip, sem eðlilegt er að hafi þar viðkomu. Sums staðar getur verið hætta á, að mannvirki liggi undir skemmdum, ef ekki er hægt að halda verki áfram. Þá er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að hafnarmannvirki, sem vegna fjárskorts verður að vinna að í litlum áföngum, verða af þeim sökum oft mun dýrari en vera þyrfti, ef hægt væri að vinna meira í hvert sinn. Þetta verður augljóst, þegar flytja þarf dýr tæki milli staða með ærnum kostnaði. Skiptir miklu, að slík tæki geti verið sem lengst í einu á hverjum stað til þess að gera flutnings-

kostnaðinn sem minnstan hlutfallslega. Fjárskortur hefur það líka stundum í för með sér, að vinna verður verkið með úreltum aðferðum eða lélegum tækjum.

Árlega eru nú í fjárlögum veitt fjárframlög til nál. 60 hafna víðs vegar um land. Í flestum þessara hafna — og raunar fleiri — er áætluðum framkvæmdum að meira eða minna leyti ólokið, og sums staðar eru þær á byrjunarstigi. Í lögum um hafnargerðir og lendingarbætur er gert ráð fyrir ríkisframlagi og ríkisábyrgð vegna slíkra framkvæmda á 113 stöðum. Fyrirsjáanlegt er, að kostnaðurinn við að byggja upp höfn skiptir víða milljónum, sums staðar milljónatugum. Gefur þetta út af fyrir sig nokkra hugmynd um þau verkefni, sem fram undan eru.

Hið innlenda fjármagn er takmarkað, og þess er vissulega þörf á mörgum sviðum. Hafnarframkvæmdum verður naumast sinnt, svo að viðunandi sé, fyrst um sinn, nema erlent fjármagn komi til í stærri stíl en verið hefur til þessa. Og þar sem þessar framkvæmdir eru eitt af höfuðskilyrðum þess, að aukin verði framleiðsla og gjaldeyrisöflun í byggðum landsins, virðist fyllilega réttlætanlegt að taka nokkurt fé að láni erlendis til þeirra. Þar eins og annars staðar verður að sjálfsögðu að gæta hófs, og verður að telja, að það sé gert, þó að frumvarp það verði að lögum, sem hér liggur fyrir.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um verndun geitfjárstofnsins.

Flm. Gísli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Garðar Halldórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera í samráði við Búnaðarfélag Íslands ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að eytt verði hinum forna geitfjárstofni, sem enn er í landinu.

Greinargerð.

Í greinargerð þeirri eftir Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra um búpening á Íslandi, sem prentuð er í II. bindi minningarrits Búnaðarfélags Íslands 1937, segir svo:

„Geitur hafa verið fluttar hingað með landnámsmönnum, og er víða getið um þær í sögunum. Eigi er vitað um, að geitur hafi verið fluttar inn á síðari öldum, og munu því geitur þær, er vér höfum, vera komnar af hinum upprunalega kynstofni. Tala geitfjár hefur verið:

1703	818	1915	1127
1853	914	1930	2983
1901	340	1935	2311

Flestar hafa geitur orðið 1930. — ¾ af öllu geitfé er í Þingeyjarsýslu, þá eru næstflestar geitur í Norður-Múlasýslu (137) og Ísafjarðarsýslu (135). Í nokkrum kauptúnum eru geitur.“

Í síðustu búnaðarskýrslum hagstofnunnar er gerð grein fyrir geitfjárstofninum eins og hann var árið 1957. Þar segir svo á bls. 28:

„Geitfé sýnist ætla að verða aldauða hér á landi innan skamms. — Framtaldar geitur 1957 voru alls 98, þ. e. 17 í Suður-Þingeyjarsýslu, 60 í Norður-Þingeyjarsýslu, 11 í Norður-Múlasýslu og 10 í Suður-Múlasýslu.“

Þar sem sagt er, að geifé hafi orðið flest hér á landi árið 1930, er auðvitað aðeins átt við síðari tíma, frá því í byrjun 18. aldar, því að frá fyrri tímum er engar tölur til um fjölda búfjár í landinu. Vera má, að geitfjárrækt hafi aldrei verið sérlega gildur þáttur í þjóðarbúskapnum. En víða hefur þessi búfjártegund þó komið við sögu. Um það vitna örnefni hér og þar: Hafrafell, Kiðagil Kiðjaberg, Geitafell, Geita-

vík, Geitaskarð, Geithals, Geithellnar o. s. frv. Ekki er fyrir það að synja, að enn kunni að geta orðið góð not af geitfé, þar sem staðhættir leyfa, t. d. í sambandi við ostagerð. En hvað sem því líður, þá er það ekki vansalaust, að íslenzki geitfjárstofninn verði látinn deyja út í landinu.

Hyggilegasta leiðin til þess að koma í veg fyrir eyðingu geitfjárstofnsins er sennilega sú að semja við hlutaðeigandi bændur um að halda við geitfjáreign sinni, gegn því að hið opinbera sjái um, að þeir verði skaðlausir af. Kostnaður við þetta yrði sjálfsagt ekki mikill, en hér þarf að hefjast handa nú þegar, áður en það er um seinan.

Mál þetta var til umræðu á búnaðarþingi s. l. vetur. Verður að telja sjálfsagt að hafa samráð við Búnaðarfélag Íslands um lausn þess og fela því framkvæmdina.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um rannsókn virkjunarskilyrða í Fjarðará.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluánna og Miðhúsaárinnar, ef fært þætti, ásamt stækkun Heiðarvatnsins.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Rafvæðingin er eitthvert mikilvægasta framfaramál þjóðarinnar. Í raforkuáætluninni var gert ráð fyrir að fullnægja raforkuþörf Austurlands með virkjun Grímsár, þar sem fengust 3500 hö. Eins og annars staðar fer raforkuþörfin vaxandi á Austurlandi, og þarf að fara að hugsa fyrir næstu virkjun þegar í stað. Draga ekki hvað sízt til sín raforku hin stóru iðjuver, sem rísa í kaupstöðunum, svo sem síldarbræðslur og frystihús, jafnframt vaxandi notkun almennings á rafmagni.

Af þessum ástæðum er þessi þingsályktunartillaga flutt um, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta þegar á þessu sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluánna og Miðhúsaárinnar, ef fært þætti, ásamt stækkun Heiðarvatnsins. En því er bent hér á Fjarðará, að verkfræðingarnir Höskuldur Baldvinsson og Sigurður Thoroddsen bentu 1947 á hana sem ákjósanlegasta til að ráðast í virkjun á, enda þótt Grímsá yrði fyrir valinu. Telja þeir, að virkjun Fjarðarár á tveim stöðum mundi gefa 6200 og 3200 hestöfl. Þá var aðeins reiknað með að hækka stífluna í Heiðarvatni um 9 metra, en hins vegar ekki að hagnýta fyrrgreindar ár á vatnasvæði Fjarðarár til aukningar á vatnsmagninu. Gizka mætti á, að það mundi auka vatnsmagnið um 50%, ef framkvæmanlegt væri að veita þeim í Fjarðará. Fengist um 15000 hestafla orka við fullnaðarvirkjun Fjarðarár, ef þetta fengi staðizt. Til samanburðar má geta þess, að Grímsárvirkjunin er 3500 hestöfl. Mikill kostur við virkjun Fjarðarár er, að unnt er að taka hana í áföngum, eftir því sem raforkuþörfin vex.

Að beina Kötluánum í Heiðarvatnið, sem Fjarðará rennur m. a. úr, er ekki talið erfitt né kostnaðarsamt. Hins vegar er erfiðara að segja um hagnýtingu Miðhúsaárinnar í þessu skyni, en vel virðist það í skjótu bragði vera framkvæmanlegt, en nauðsynlegt er að fá úr því skorið til fulls og hvað það mundi kosta með tilliti til framtíðarvirkjana á Austurlandi.

Upptök Fjarðarár eru um 10 km frá Seyðisfirði, og hefur hún um 500 m fallhæð á aðeins 8 km vegalengd. Hún var eitt fyrsta vatnsfall hér á landi, sem var virkjað í smáum stíl til að sjá Seyðfirðingum fyrir rafmagni. Fyrir liggja áratuga vatnsmælingar í ánni, og er þar því á traustum grunni að byggja hvað það snertir.

Út í hugleiðingar um virkjun annarra vatnsfalla á Austurlandi til að bæta enn frekar úr framtíðarþörf Austfirðinga fyrir rafmagn skal ekki farið hér. Fjarðará virðist hafa marga kosti til að bera til virkjunar, og má í því sambandi minna á álit hinna velmetnu verkfræðinga. En þegar taka þarf ákvörðun um næstu virkjun, er nauðsynlegt, að fyrir liggi rannsókn á virkjunarskilyrðum Fjarðarár, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn nálægra vatnsfalla og aðstöðu til stækkunar Heiðarvatns með vatnsmiðlun fyrir augum.“

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um lán til veiðarfærakaupa.

Flm.: Jón Skaftason, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort unnt sé að skipuleggja hjá einni eða fleiri lánastofnunum veitingu fastra lána til kaupa á sérstaklega verðmiklum veiðarfærum, sem hafa þá endingu, að fært sé að taka þau að veði fyrir slíkum lánum.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis var borin fram á síðasta Alþingi, en náði þá ekki samþykki, en ætla má, að nauðsyn þessa máls hafi enn skýrzt á þessu sumri. Mörg útgerðarfyrirtæki keyptu í vor mjög dýr tæki til síldveiða fyrir Norðurlandi, en veiði varð minni en vonir stóðu til. Veiðarfæri þessi munu yfirleitt hafa verið keypt fyrir bráðabirgðalán, sem áttu að falla í gjalddaga með haustinu. Er nú þeim, sem þessi lán hafa tekið, mikill vandi á höndum. Jafnvel þótt um sæmilega veiði væri að ræða, virðist auðsætt, að ókleift sé að greiða svo verðmikil veiðarfæri af afla eins árs og að hér þurfi að koma til skipulögð veðlánastarfsemi, þannig að lán út á veiðarfæri af þessu tagi greiðist með afborgunum miðað við endingu veiðarfæranna.

Það mun ekki óalgengt, að síldveiðarfæri á eitt skip hafi að þessu sinni kostað 700—800 þús. kr., og má á því sjá, hvílíkt viðfangsefni hér er um að ræða.

Nd. 49. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Garðar Halldórsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verja skal árlega fé úr ríkissjóði til endurnýjunar á þeim ræktunarvélum og tækjum, er notið hafa framlags skv. lögum þessum, sbr. þó 8. gr.

Framlag til endurnýjunar hverrar vélar eða tækis skal nema helmingi kostnaðarverðs hinnar nýju vélar eða tækis, að frádregnu því framlagi, er veitt var til hinnar fyrndu vélar eða tækis.

Framlag ríkissjóðs til ræktunarvéla og tækja, sem keypt verða, án þess að um endurnýjun sé að ræða, skal vera helmingur kostnaðar, enda telji vélanefnd þörf á kaupunum til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 26 8. maí 1955.

Greinargerð.

Frv. sama efnis var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá ekki samþykki.

Með setningu laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsgerðarsamþykktir í sveitum, var lögð undirstaða að því að byggja upp véla- og verkfærakost landbúnaðarins til nýræktar með framlögum til kaupa á jarðvinnsluvélum og tækjum. Námu framlög þessi hálfu kostnaðarverði véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað. Til þess að standa undir kostnaði ríkissjóðs við framkvæmd laganna var þegar í upphafi ákveðið að verja kr. 3 000 000.00 úr framkvæmdasjóði ríkisins (l. nr. 55 4. júlí 1942), en í árslok 1949 var þessi upphæð nær til þurrðar gengin, og hefur síðan verið tekin inn á fjárlög fjárveiting, svo sem hér greinir:

Árið	1950	1 000 000.00 kr.
—	1951	500 000.00 —
—	1952	500 000.00 —
—	1953	500 000.00 —
—	1954	600 000.00 —
—	1955	600 000.00 —
—	1956	2 000 000.00 —
—	1957	2 000 000.00 —
—	1958	2 000 000.00 —
Árin	1950—1958 samtals	9 700 000.00 kr. á fjárlögum.

Alls hefur því ríkissjóður tryggt fjármagn að upphæð 12.7 millj. kr. til framlags til véla- og verkfærakaupa ræktunarsambanda og félaga skv. lögunum um jarðræktarsamþykktir í sveitum.

Framlagi ríkissjóðs hefur verið varið til kaupa á eftirtöldum vélum, sem skiptist þannig eftir árum:

	Beltavélar			Aðrar		
	30 he.	40 he.	60 he.	beltavélar	Traktorar	Skurðgröfur
1945/1949	28	26	7	15	25	5
1950	2	13	5		2	4
1951	2	1	1		1	
1952	1	2			5	
1953		1				
1954		3	5			
1955		8	7			
1956		5	10			
1957		3	3			
1958		1				
1959	1	1	2			
1945—1959	34	64	40	15	33	9

Yfirlit þetta sýnir líka, hvaða þróun hefur átt sér stað í vélakaupum á því tímabili, sem lögin hafa verið í gildi. Á fyrstu 5 árunum er um 47% keypt af beltavélum af minnstu gerð (30 he.), en 53% af stærri gerðunum.

Ef tilsvarandi samanburður er gerður á síðasta 5 ára tímabili, kemur í ljós, að

rúmlega 2% er keypt af minnstu gerð beltavélanna, en tæp 98% af þeim stærri, og enn fremur, að meiri eftirspurn og kaup eru þá á beltavélum 60—80 hestafla en 40—50 he. Þegar um endurnýjun vélakostsins verður að ræða, mun þetta koma greinilegar í ljós, en stefnan í þessum málum er ótvíræð.

Á yfirlitsskýrslunni er liðurinn „aðrar beltavélar". Er þar um að ræða jarðýtur af gerðinni Cletrac, sem reyndust það illa til jarðvinnslu, að við endurskoðun áætlunar um véla- og verkfærakost ræktunarsambanda og félaga á árinu 1954 var þeim félögum, sem enn voru að baslast með þessar vélar, veitt heimild til kaupa á nýjum vélum í þeirra stað með fullu framlagi úr ríkissjóði.

Af yfirlitsskýrslunni má enn fremur sjá, að eftir árið 1952 hefur ekki verið veitt framlag til kaupa á hjóladráttarvélum og framlög til skurðgröfukaupa eru niður felld á árinu 1950.

Lokið er nú að mestu þeim kaupum á vélum og verkfærum, sem styrkja ber skv. lögum um jarðræktarsamþykktir, og er því ekki úr vegi að athuga, hvað áunnizt hefur og hverjar muni vera framtíðarhorfur í þessum málum

Ef litið er á nýræktina, sést, að hún hefur vaxið jafnt og þétt með auknum og bættum véla- og verkfærakosti, svo sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

Ár	Nýrækt ha.
1945	1162
1949	1296
1954	2545
1958	3855
1959	4444

Samfara aukningunni í ræktun hefur verið lögð áherzla á betri ræktun, sem ætti að tryggja meiri endingu hins ræktaða lands, en þetta hefur aðeins verið framkvæmanlegt með auknum og bættum véla- og verkfærakosti.

Með lögunum um jarðræktarsamþykktir var lagður grundvöllur að véla- og verkfærakosti, sem með hæfilegri fyrningu átti að geta endurnýjað sig sjálfur, svo sem líka hefði verið, ef hið sírýrða verðgildi íslenzkra peninga hefði ekki átt sér stað. Dæmið er hvað ljósast, ef athugaðar eru þær breytingar á verðlagi, sem átt hafa sér stað á tímabilinu og eiga við beltavél af miðlungsstærð:

Ár	Kostnaðarverð kr.	Hlutföll
1945	43 500.00	100
1947	46 000.00	106
1949	65 000.00	150
1950	136 000.00	313
1951	183 000.00	421
1955	184 000.00	423
1956	226 000.00	520
1957	282 000.00	648
1959	385 000.00	885
1960	622 500.00	1431

Af yfirliti þessu um verðbreytinguna er ljóst, að fyrningarsjóðir ræktunarsambanda og félaga hrökkva skammt, þegar til endurnýjunar kemur, hvað þá heldur þegar við bætist, að sá vélakostur, sem upphaflega var valinn, voru vélar af minnstu gerð, en við endurnýjun er óskað eftir stærri gerðum.

Með núverandi verðlagi kostar beltavél af stærstu gerð með ýtu um og yfir 1 millj. kr., og tilheyrandi jarðvinnsluverkfæri ásamt flutningavagni kosta allt að 150 þús. kr.

Ef viðhalda á þeirri þróun, sem verið hefur í ræktun jarðar á síðari árum, er nauðsynlegt að styrkja ræktunarsambönd og félög áfram til þess að endurnýja véla- og verkfærakost sinn, því að af eigin rammleik geta þau það ekki.

Sú leið, sem valin er með breytingu á 9. gr. l. nr. 7 12. jan. 1945, þykir réttmæt og eðlileg.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ræktunarsambönd, sem kunna að eiga eftir að nota rétt sinn til framlags samkv. gerðum áætlunum, haldi honum, og sama gildir um ný ræktunarsambönd, sem stofnuð kunna að verða.

Nd. 50. Breytingartillögur [39. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Karli Guðjónssyni.

Framan við 1. tölulið koma nýir töluliðir:

1. Á eftir A. 14 kemur nýr liður:
   Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ingólfsfjalls um nýbýlahverfið, fram hjá Hvammi, Gljúfri og Sogni á Suðurlandsveg hjá Gljúfurholti.
2. Á eftir A. 19. kemur nýr liður:
   Búrfellsvegur: Af Sogsvegi hjá Ásgarði um Búrfell, Hæðarenda og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
3. A. 21 orðast svo:
   Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
4. Á eftir A. 30 koma tveir nýir liðir:
   a. *Skarðsvegur:* Af Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.
   b. *Laxárdalsvegur:* Af Gnúpverjavegi neðan Hamarsheiðar, hjá Mástungum og Skáldabúðum að Laxárdal.
5. Á eftir A. 32 kemur nýr liður:
   Urriðafossvegur: Af Suðurlandsbraut skammt frá Þjótanda um Urriðafoss, Egilsstaðahverfi á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.
6. Á eftir A. 37 kemur nýr liður:
   Háfsósabraut: Af þjóðveginum hjá Fífilbrekku um Kálfholt, hjá Sauðholti á þjóðveginn hjá Sandhólaferju.
7. Á eftir A. 39 kemur nýr liður:
   Bugavegur: Af Vetleifsholtsvegi við Vetleifsholt um Hellatún á þjóðveginn við Ás.
8. Á eftir A. 41 koma fjórir nýir liðir:
   a. *Útkróksvegur:* Af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
   b. *Lækjarvegur:* Af þjóðvegi við Stúfholt um Læk að Akbraut.
   c. *Hvammsvegur:* Af þjóðveginum hjá Múla um Hellur að Hvammi.
   d. *Bjallavegur:* Af þjóðveginum við Bjallalæk, um Bjalla og Hrólfsstaðahelli að Húsgarði.
9. Á eftir A. 46 kemur nýr liður:
   Keldnavegur: Af þjóðveginum austan við Reyðarvatn um Keldur að Reynifelli.
10. Á eftir A. 47 kemur nýr liður:
    Árgilsstaðavegur: Af þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
11. Á eftir A. 49 kemur nýr liður:
    Sigluvíkurvegur: Af þjóðveginum við Fljótsveg um Sigluvík að Skúmsstöðum.

12. Á eftir A. 50 koma tveir nýir liðir:
    a. *Krossvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Sel og Hildisey að uppþurrkunarskurðinum sunnan Kross.
    b. *Affallsvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Kanastaði á þjóðveginn hjá Úlfsstaðahverfi.
13. A. 53 orðast svo:
    Fljótshliðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlið, um Múlakot og Barkarstaði að Fljótsdal.
14. Á eftir A. 53 koma tveir nýir liðir:
    a. *Vatnsdalsvegur:* Af þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
    b. *Markarfljótsvegur:* Frá Markarfljótsbrú vestan Dímonar á Fljótshlíðarveg hjá Árkvörn.
15. Á eftir A. 54 kemur nýr liður:
    Hólmabæjavegur: Frá vegamótum á Markarfljótsaurum um Dalsel, Borgareyrar og Svanavatn á Landeyjaveg syðri norðan Miðeyjar.
16. Á eftir A. 57 kemur nýr liður:
    Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi sunnan Lambafells um Raufarfells- og Rauðafellsbæi á Suðurlandsveg vestan Kaldaklifsár.
17. Á eftir A. 59 kemur nýr liður:
    Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Pétursey, með byggðinni sunnan Péturseyjar á Suðurlandsveg vestan við eyna.
18. Á eftir A. 65 kemur nýr liður:
    Meðallandsvegur syðri: Af Meðallandsvegi austan við Efri-Ey um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágu-Kotey, Nýjabæ, Rofabæ, Strönd á Meðallandsveg ofan Strandar.
19. A. 66 orðast svo:
    Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti, inn Holtsdal, um Skaftárdal að Búlandi í Skaftártungu.
20. Á eftir A. 73 kemur nýr liður:
    Dalavegur í Vestmannaeyjum: Frá Kirkjutorgi til flugvallar.

Nd. 51. Breytingartillaga [44. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný gr., er orðist svo:

Á eftir 1. mgr. 13. gr. laganna komi 3 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Hlutafjársöfnun er engum takmörkum háð, og skal jafnan gefa út ný hlutabréf á nafnverði án tillits til efnahags félagsins á hverjum tíma.

Nú er hlutafjáreign annarra hluthafa en ríkissjóðs meiri en helmingur alls hlutafjárins, og takmarkast þá atkvæðisréttur ríkissjóðs svo sem fyrir er mælt í lögum um hlutafélög, nema því aðeins, að lán þau, sem á félaginu hvíla og ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, að viðbættu hlutafé ríkissjóðs, séu hærri en hlutafjáreign annarra hluthafa.

Þótt slíkar breytingar verði á hlutafjáreign, gefur það ekki meiri hluta hluthafa rétt til að setja félaginu ný lög eða breyta þessum lögum, sem aðeins verður gert af Alþingi.

Nd. **52. Frumvarp til laga** [52. mál]

um bann gegn vinnustöðvun íslenzkra atvinnuflugmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Óheimilt skal að hefja verkfall það, sem Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hefur boðað til hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum 6. júlí 1960, svo og aðrar slíkar vinnustöðvanir hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum, fyrir 1. nóvember 1960.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um bann gegn vinnustöðvun íslenzkra atvinnuflugmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hafi boðað til vinnustöðvunar hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum frá og með 6. þ. m. að telja.

Komi slík vinnustöðvun til framkvæmda, mundi hún valda algerri stöðvun á flugi þeirra tveggja íslenzkra flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi, en rekstursafkoma félaga þessara mun ekki þola slíka stöðvun nú og væri framtíð þeirra teflt í mikla hættu, ef starfsemi þeirra væri þannig stöðvuð.

Slík stöðvun mundi nú, er þúsundir erlendra ferðamanna hafa pantað far hjá félögum þessum, verða flugfélögunum og þjóðinni allri álitshnekkir og stórspilla samkeppnisaðstöðu íslenzkra flugfélaga á alþjóðavettvangi.

Loks mundi stöðvun á starfsemi flugfélaganna, þar með á flugi á innlendum flugleiðum, valda innlendum aðilum tilfinnanlegum óþægindum og tjóni.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir framangreinda stöðvun á starfsemi íslenzkra flugfélaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Óheimilt skal að hefja verkfall það, sem Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hefur boðað til hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum 6. júlí 1960, svo og aðrar slíkar vinnustöðvanir hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum, fyrir 1. nóvember 1960.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. júlí 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um undirbúning löggjafar um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa heildarlöggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga, Skal, svo sem henta þykir, höfð hliðsjón af löggjöf um þetta efni, sem nú er unnið að á hinum Norðurlöndunum.

Greinargerð.

Um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga eru ýmis ákvæði í sérlögum, en um veigamikil atriði í þessu efni hefur verið stuðzt við hinar almennu reglur skaðabótaréttarins og dómvenjur. Með vaxandi afskiptum almannavaldsins af högum borgaranna hefur þörfin á heilsteyptri löggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga orðið brýnni. Er það því skoðun flutningsmanns tillögu þessarar, að mjög sé tímabært að hefjast nú handa um undirbúning slíkrar löggjafar.

Á hinum Norðurlöndunum er líkt ástatt á þessu sviði og hjá okkur. Er einmitt nú unnið að löggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og innan Norðurlandaráðsins hefur málið verið til meðferðar í laganefndinni. Þótt enn sé ekki full niðurstaða fengin um ýmis veigamikil atriði í væntanlegri löggjöf, hafa þó allir verið í senn sammála um nauðsyn löggjafarinnar og að hún verði á öllum Norðurlöndunum byggð á sömu grundvallarreglum.

Fyrst og fremst þarf í löggjöf þessari að setja ákvæði um rétt borgaranna til bóta frá ríki eða sveitarfélagi fyrir tjón, sem starfsmenn hins opinbera valda vegna mistaka eða vanrækslu. Ýmis önnur atriði koma einnig til álita, svo sem að hvaða marki á að veita bætur, ef menn verði fyrir tjóni vegna breytinga á ákvörðunum stjórnvalda, sem löglega eru teknar.

Sjálfsagt sýnist vera að samræma svo sem verða má íslenzka löggjöf um þetta efni löggjöf hinna Norðurlandanna. Er vafalaust engum annmörkum bundið að fá afnot af frumvörpum, greinargerðum og öðrum gögnum, sem þar eru þegar fyrir hendi í sambandi við undirbúning löggjafar um málið.

Nd. 54. Frumvarp til laga [52. mál]

um fjáröflun til lækkunar á byggingarkostnaði.

Flm.: Einar Ágústsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Ríkissjóður skal árlega greiða til byggingarefnarannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans fjárhæð, er jafngildi 1% af þeim fjárhæðum, sem byggingarsjóður lánar til íbúðabygginga á vegum Húsnæðismálastofnunar ríkisins eða á annan hátt.

Fé þetta skal notað í því skyni að leitast við að finna leiðir til lækkunar á byggingarkostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á vegum byggingarefnarannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans hefur nýlega verið gefið út afar fróðlegt rit, sem nefnist „Lækkun húsnæðiskostnaðar". Þetta rit lýsir niðurstöðum af athugun erlends sérfræðings, sem starfað hefur hjá stofnuninni undanfarna mánuði í þeim tilgangi að leggja grundvöll að rannsóknum til lækkunar á byggingarkostnaði. Með honum hafa starfað, auk starfsmanna stofnunarinnar og rannsóknaráðs ríkisins, ýmsir innlendir sérfræðingar. Þetta rit sýnir ýmsar alvarlegar staðreyndir. T. d. verjum við Íslendingar um það bil 12% af þjóðarframleiðslu okkar til íbúðabygginga, og er það meira en helmingi meira en flestar aðrar þjóðir gera. Þrátt fyrir það fáum við færri íbúðir fyrir hverja þúsund íbúa en t. d. Vestur-Þjóðverjar, sem verja þó aðeins rúmlega 6% af þjóðarframleiðslu sinni í þessu skyni. Annað línurit sýnir, að hér á landi kostar það 5 meðalárslaun að eignast meðalíbúð, en á hinum Norðurlöndunum kostar meðalíbúð aðeins rúmlega þreföld meðalárslaun. Einnig má nefna, að í Svíþjóð hefur mánaðarlegur húsnæðiskostnaður lækkað frá því að samsvara 12 vinnudögum meðalmanns árið 1931 í 5 vinnudaga 1955. Hér á landi aftur á móti hefur þetta staðið nokkurn veginn í stað eða farið jafnvel heldur hækkandi og er um 14 vinnudagar meðalmanns.

Um ofangreindar staðreyndir segir framkvæmdastjóri rannsóknaráðs ríkisins svo m. a. í inngangsorðum að umræddu riti: „Þær staðreyndir, sem sýndar eru á meðfylgjandi línuritum, hljóta að vekja hvern Íslending til umhugsunar um endurbætur á sviði íbúðabygginga. Því ber að fagna, að hér eru íbúðir yfirleitt vandaðar og lítið um léleg íbúðahverfi. En hvernig höfum við efni á að verja næstum helmingi meira af þjóðarframleiðslu okkar til íbúðabygginga en aðrar þjóðir gera, en fá þó fyrir þessa peninga litlu eða ekkert fleiri íbúðir en þær? Hefur einstaklingurinn efni á því að verja 5 meðalárslaunum til kaupa á meðalíbúð? Það er helmingi meira en tíðkast hjá ýmsum öðrum þjóðum. Eða er það eðlilegt, að við nýtum okkar íbúðir miklu verr en aðrar þjóðir? Þessar og margar fleiri spurningar hljóta að vakna, en svör við þeim hljóta að leiða til þeirrar ákveðnu niðurstöðu, að við Íslendingar verðum að skipuleggja víðtæka starfsemi til lækkunar á byggingarkostnaði."

Í umræddu riti fullyrðir hinn erlendi sérfræðingur, að væri fimm af hundraði af því fjármagni, sem íslenzk stjórnarvöld lána nú til íbúðabygginga, varið til byggingarrannsókna og tilrauna og til kynningar á niðurstöðum þeirra og til almennrar upplýsingaþjónustu, mætti lækka byggingarkostnaðinn í náinni framtíð um margfalda þessa upphæð.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja nauðsynlegt, að þegar séu gerðar ákveðnar ráðstafanir til lækkunar á húsnæðiskostnaði. Í umræddu riti er bent á ýmsar ástæður fyrir hærri húsnæðiskostnaði á Íslandi en í nágrannalöndunum. Þó að það sé viðurkennt, að verulegur hluti af þessum háa húsnæðiskostnaði stafi af háum vaxtakostnaði, skorti á fjármagni, háum opinberum gjöldum, óhagstæðum lánum o. s. frv., verður jafnframt að álykta, að bæta megi verulega ástand þessara mála með bættu skipulagi íbúða og bættum verkfræðilegum atriðum ásamt öflugri kynningarstarfsemi, því að það er staðreynd, að hér er nýting íbúða stórum lakari en erlendis og lítill gaumur gefinn bættri tækni og verkfræðilegum undirbúningi. Því er nauðsynlegt að afla rannsóknastarfseminni fjármagns til rannsókna til lækkunar á byggingarkostnaði.

Í lögum um húsnæðismálastofnun o. fl. frá 1957 er þeirri stofnun m. a. falið að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu á nýjungum í byggingariðnaði. Þó hefur ekki verið talið eðlilegt, að Húsnæðismálastofnun ríkisins komi upp rannsóknastofum, enda er kjarni að slíkri starfsemi fyrir í landinu, þar sem eru byggingarefnarannsóknir iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans. Þetta hefur húsnæðismálastjórn viðurkennt og mun hafa ákveðið að veita 200 þús. kr. á ári til rannsókna hjá þessari stofnun. Þetta fjármagn hrekkur þó hvergi til, enda afar lítið í ljósi þeirra staðreynda, að hér á landi er árlega byggt fyrir meira en 1000 millj. ísl. króna. Til greina koma ýmsar leiðir til öflunar slíks fjármagns. Erlendis tíðkast það t. d., að lágt gjald sé lagt á byggingarvörur, sem renni til byggingarrannsókna. Það telst ekki æskileg leið hér á landi, þar sem byggingarvörur eru þegar skattlagðar mjög hátt, og mundi þetta álag að öllu færast yfir á byggjandann. Því er sú leið valin af flutningsmönnum þessa frumvarps að leggja þessa greiðsluskyldu á ríkissjóð, enda er augljós þjóðarnauðsyn að lækka byggingarkostnaðinn í landinu og lækka á þann hátt þann hluta þjóðarteknanna, sem að undanförnu hefur þurft til byggingar íbúðarhúsa.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um síldariðnað á Austurlandi.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig koma megi á fót á Austurlandi fjölbreyttari hagnýtingu síldar en fæst með bræðslu hennar og söltun, eins og nú tíðkast.

Greinargerð.

Öllum er ljóst, að mikil vá er nú fyrir dyrum hjá síldarútgerðinni vegna hins mikla verðfalls á mjöli og lýsi. Er fyrirsjáanlegt, að mjög hlýtur að draga úr þeirri útgerð á næstu árum, ef ekkert verður að gert til þess að auka verðmæti síldarafurðanna frá því, sem nú er, svo að hægt sé að greiða hærra verð fyrir síldina til útgerðarinnar.

Það er sjálfsagt þó nokkuð margt, sem komið gæti til greina í þessum efnum, og má m. a. nefna niðursuðu, niðurlagningu og reykingu síldarinnar. Allar hafa þessar verkunaraðferðir átt erfitt uppdráttar á Íslandi, þótt aðrar þjóðir hafi verið stórtækar í þessum efnum. Íslandssíldin er viðurkennd gæðavara, og er Austfjarða- og Suðurlandssíldin, sem er hvor tveggja ekki alveg eins feit og Norðurlandssíldin, prýðisvel fallin til þessara hluta. Hér skal ekki rakin saga þessara mála hér á landi, en það er engum vafa undirorpið, að Íslendingar geta orðið liðtækir í

slíkri framleiðslu fyrir heimsmarkaðinn eins og aðrar þjóðir. Það væri því mjög mikilvægt, ef ríkisstjórnin vildi beita sér fyrir, að myndarlegt átak yrði gert í þessum efnum á Austurlandi. Hér er sérstaklega bent á Austurland, vegna þess að síldin virðist nú halda sig þar einna mest, og svo er þar lítið um atvinnu að vetrarlagi, einkum á norðlægari fjörðunum. Slíkur iðnaður væri tilvalinn til að bæta þar úr árstíðabundnu atvinnuleysi.

Sþ. 56. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um sjálfvirka símstöð fyrir Austurland.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Landssími Íslands láti fara fram athugun á, hvort ekki væri tæknilega og fjárhagslega tiltækilegt að koma upp sjálfvirku símasambandi á Austurlandi, sem næði til þéttbýlustu staðanna.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur þróun símamálanna verið í þá átt að koma upp sjálfvirkum símstöðvum og símasambandi sem víðast. Á Austurlandi hefur þó ekki bólað á nokkru í þessa átt, nema ef vera skyldi, að í hinu nýja símstöðvarhúsi, sem er í byggingu á Eskifirði, er gert ráð fyrir, að unnt verði að koma fyrir sjálfvirkri símstöð í kjallara þess.

Ef miðað væri við þéttbýlasta svæðið, væri hugsanlegt, að sjálfvirkt símasamband næði fyrst um sinn til kaupstaða og kauptúna þeirra, sem liggja næst hvert öðru og eru jafnframt flestir fjölmennustu staðir á Austurlandi, en það væru:

Vopnafjörður, íbúatala 1. des. 1959	346
Seyðisfjörður, íbúatala 1. des. 1959	723
Neskaupstaður, íbúatala 1. des. 1959	1456
Eskifjörður, íbúatala 1. des. 1959	729
Reyðarfjörður, íbúatala 1. des. 1959	435
Fáskrúðsfjörður, íbúatala 1. des. 1959	614
Egilsstaðir, íbúatala 1. des. 1959	246
Samtals	4549

Verulega hefur nú síðustu árin lifnað yfir atvinnulífi Austurlands, með því að síld hefur á ný tekið að veiðast þar í vaxandi mæli að sumarlagi, og hefur í kjölfar þess fylgt nokkur síldariðnaður. Enn fremur hefur með tilkomu stærri báta reynzt unnt að stunda þorskveiðar að vetrarlagi með sæmilegum árangri frá hinum suðlægari fjörðum. Fólksfjölgun hefur því átt sér stað hin síðari ár á Austurlandi.

Allir, sem kynnzt hafa hinum sjálfvirka síma, viðurkenna yfirburði hans yfir hið eldra fyrirkomulag, fljót afgreiðsla, síminn opinn allan sólarhringinn, og þá er hann ekki sízt þægilegur, þegar ná þarf til fjarlægra staða, en þessir kaupstaðir allir eru meira og minna menningarleg og viðskiptaleg heild. Það væri því til ómetanlegs gagns og þæginda, að komið væri upp sjálfvirkri símstöð fyrir Austurland, sem næði til sem allra flestra staða. Því er það, að þessi tillaga er flutt um að fela ríkisstjórninni að láta þá athugun fara fram, sem getið er í tillögugreininni. Ekki þótti fært að leggja beint til, að sjálfvirka símanum yrði komið upp, áður en þessi athugun hefði farið fram, svo að unnt væri að kanna kostnaðarhliðina.

Ed. 57. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 4. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. okt. 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Karl Kristjánsson. Björn Jónsson.

Nd. 58. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í stað „50 millj. kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna komi „150 millj. kr. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt“.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

„Þegar Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna hinna gífurlegu skipasmíða undanfarin ár, hefur Fiskveiðasjóði hvergi nærri dugað hans eigið fé, og þær tekjur, sem sjóðnum eru ætlaðar í lögum til að anna lánaþörfinni. Útlán sjóðsins hafa því að verulegu leyti verið endurlán erlendra lána, sem tekin hafa verið með aðstoð Framkvæmdabankans.

Þessi erlendu lán, sem ríkissjóður hefur ábyrgzt skv. heimild í 3. gr. laga 40/1955 um Fiskveiðasjóð Íslands, hækkuðu í íslenzkum krónum við gengisbreytinguna á s. l. vetri í rúmar 64.5 millj. króna.

Vegna þessa, og svo þess, að fyrirhugaðar eru frekari erlendar lántökur til Fiskveiðasjóðs, er nauðsynlegt að hækka hið lögleyfða hámark ábyrgða ríkissjóðs á lánum Fiskveiðasjóðs í kr. 150 millj. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt, svo sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins.

Öll útlán sjóðsins fram til þessa hafa verið veitt í íslenzkum krónum, og nemur gengistap sjóðsins af endurlánuðu erlendu lánsfé nú rúmum 28 milljónum króna.

Stefnir ákvæði 2. gr. frumvarpsins að því að forða sjóðnum frá að bera framvegis gengisáhættu á erlendum lánum, sem hann endurlánar.

Sþ. 59. Fyrirspurnir. [56. mál]

I. Til raforkumálaráðherra um lagningu rafstrengs til Vestmannaeyja.

Frá Karli Guðjónssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Birni Fr. Björnssyni.

Hvað líður lagningu rafstrengs þess til Vestmannaeyja, sem samkvæmt rafvæðingaráætluninni átti að leggja sumarið 1960?

II. Til ríkisstjórnarinnar um virkjunarrannsóknir.

Frá Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Karli Guðjónssyni.

Hvað líður virkjunarrannsóknum á vatnasvæðum Hvítár og Þjórsár?

Nd. 60. Breytingartillögur [39. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Einari Ingimundarsyni, Birni Pálssyni, Gunnari Jóhannssyni og Gunnari Gíslasyni.

Við 1. gr. Á eftir 1. tölulið komi nýir töluliðir:

1. Á eftir C. 39 komi nýr liður:
   Bæjarvegur: Frá Hofsósi á Siglufjarðarveg hjá Mannaskaðahóli.
2. Á eftir C 40 komi nýr liður:
   Siglunesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Hóli við Siglufjörð um Nesskriður á Siglunes.

Nd. 61. Breytingartillögur [39. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Pétri Péturssyni.

Framan við efnisliði 1. gr. komi nýir liðir:

1. Á eftir B. 25 komi nýr liður:
   Gufuárvegur: Af Borgarnesbraut við Gufuá um Staðarhús að Laxholti.
2. Á eftir B. 28 komi nýr liður:
   Neðranesvegur: Af Borgarfjarðarbraut á Lundabörðum um Kaðalsstaði að Neðranesi.
3. Á eftir B. 29 komi þrír nýir liðir:
   1. *Ásbjarnarstaðavegur:* Af Þverárhlíðarvegi í Kleifum um Sleggjulæk að Selhaga.
   2. *Hlíðarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi um Karlsbrekku, Grjót og Sigmundarstaði á Þverárhlíðarveg hjá Hermundarstöðum.
   3. *Veiðilækjarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi hjá Lindarhvoli um Höll og Svartagil á Glitstaðaveg.

4. B. 32 orðist svo:
   Króksvegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Króki um Hárekssstaði og Skarðshamra á Glitstaðaveg.
5. Á eftir B. 32 komi nýr liður:
   Hreðavatnsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Bifröst um Hreðavatn, Jafnaskarð og Stóru-Skóga á Vesturlandsveg á Kolás.
6. Á eftir B. 34 komi nýr liður:
   Straumfjarðarvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Vogalæk að Straumfirði.
7. B. 36 orðist svo:
   Grímsstaðavegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú um Grímsstaði, Syðri-Hraundal á Staðarhraunsveg hjá Svarfhóli.
8. Á eftir B. 39 komi nýr liður:
   Seljavegur: Af Hraunhreppsvegi á Kolás um Selja í Hólstanga.
9. B. 40. orðist svo:
   Staðarhraunsvegur: Af Stykkishólmsvegi á Raftás um Staðarhraun að Hítardal.
10. Á eftir B. 40 komi nýr liður:
    Hítarárvegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Brúarfossi um Lækjabug að Skiphyl.
11. Á eftir B. 41 komi fimm nýir liðir:
    1. *Snorrastaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
    2. *Syðri-Rauðamelsvegur:* Af Hnappadalsvegi neðan Mýrdalsréttar um Rauðhálsa að Syðri-Rauðamel.
    3. *Stórahraunsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Haffjarðarár að Stórahrauni.
    4. *Höfðavegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan Haffjarðarár upp með ánni að Höfða.
    5. *Ytri-Rauðamelsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Gerðubergs að Ytri-Rauðamel.
12. B. 46 orðist svo:
    Skógarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Stóru-Þúfu, um Miklaholt, Ytra- og Syðra-Skógarnes, Hausthús og Hömluholt á Stykkishólmsveg hjá Hömluholtsmel.
13. Á eftir B. 46 komi nýr liður:
    Borgarvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Kleifár í Miklaholtshreppi að Borg.
14. B. 48 orðist svo:
    Krossavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hofstöðum um Melkot, Krossa og á Ólafsvíkurveg hjá Gaul.
15. B. 49 orðist svo:
    Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slitvindastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.
16. Á eftir B. 49 komi nýr liður:
    Staðastaðarvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Staðarár að Staðastað.
17. Á eftir B. 53 komi nýr liður:
    Miðhúsavegur: Af Útnesvegi vestan Ytri-Tungu að Miðhúsum.
18. Á eftir B. 57 komi nýr liður:
    Krossnesvegur: Af Eyrarsveitarvegi utan Háls um Kvíabryggju að Krossnesi, með álmu að Lárkoti.
19. Á eftir B. 60 komi tveir nýir liðir:
    1. *Hofstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog, að Hofstöðum, Jónsnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.
    2. *Helgafellsvegur:* Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.

20. Á eftir B. 62 komi nýr liður:
Haukabrekkuvegur: Af Skógarstrandarvegi innan Stóra-Langadalsár að Haukabrekku og Stóra-Langadal.
21. Á eftir B. 63 komi nýr liður:
Drangavegur: Af Skógarstrandarvegi vestan Hrappsár að Dröngum.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um rannsókn á slysum við akstur dráttarvéla.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka orsakir hinna tíðu slysa, sem átt hafa sér stað við akstur dráttarvéla, og gera tillögur til úrbóta þar um.
Jafnframt verði nú þegar gerðar allar þær varúðarráðstafanir, sem tiltækilegar eru, til þess að koma í veg fyrir þessi hörmulegu slys.

Greinargerð.

Hin tíðu slys, sem orðið hafa af völdum dráttarvéla undanfarin ár, hafa vakið fjölda manna til umhugsunar um, hvort reglum þeim, sem gilda um akstur dráttarvéla, sé ekki að einhverju leyti ábótavant eða dráttarvélar þær, sem notaðar eru, séu ófullkomnar, nema hvort tveggja sé.
Hér skal ekki lagður á það dómur, hverjar orsakir þessara slysa raunverulega eru, en tillagan gerir ráð fyrir því, að ríkisstjórnin láti rannsaka, hvort hér er um að ræða aðila, sem óheimilt er að stjórna dráttarvélum, eða settar reglur um akstur dráttarvéla brotnar.
Þá er og ætlazt til þess, að ríkisstjórnin láti rannsaka, hvort hér er um sérstakar tegundir dráttarvéla að ræða eða óforsvaranlegan aðbúnað þeirra, sem vélunum aka, og má m. a. vekja athygli á því, að flestar þeirra dráttarvéla, sem í notkun eru, eru óyfirbyggðar.
Þá er og gert ráð fyrir því í tillögunni, að ríkisstjórnin geri tillögur til úrbóta varðandi lausn þessa máls.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um útboð opinberra framkvæmda.

Flm.: Magnús Jónsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, eftir því sem við verður komið, bjóða út í ákvæðisvinnu þau verk, sem ríkissjóður og ríkisstofnanir þurfa að láta vinna hverju sinni, og verði þeim aðilum, sem hagstæðust tilboð gera, falið að annast framkvæmdirnar.

Greinargerð.

Á Alþingi árið 1957 var flutt tillaga um þetta efni, sem ekki hlaut endanlega afgreiðslu. Var ástæðan fyrst og fremst sú, að sumar ríkisstofnanir, svo sem vegamálaskrifstofan og vita- og hafnamálaskrifstofan, sendu neikvæðar umsagnir

um málið og töldu yfirleitt óheppilegt að bjóða út framkvæmdir, er þessar stofnanir hefðu með höndum.

Þótt viðurkenna megi ýmsar röksemdir áðurgreindra stofnana, þá er það skoðun flutningsmanna tillögu þessarar, að rétt sé, að Alþingi marki þá meginstefnu, að leita skuli tilboða í opinberar framkvæmdir, svo sem við verður komið. Að sjálfsögðu verður útboðum ekki ætíð við komið af ýmsum ástæðum, og einnig kann að vera nauðsynlegt að láta ríkisstofnanir annast ýmis verk til þess að tryggja starfsliði þeirra næg verkefni, ef ekki er vegna starfsemi viðkomandi stofnunar auðið að fækka starfsliði hennar. Flestar ríkisstofnanir hafa mjög ófullnægjandi vélakost, en til eru nú í landinu ýmis byggingarfyrirtæki, sem hafa bæði yfir allmiklum vélakosti og tæknilegri þekkingu að ráða. Eru því til staðar hjá ýmsum tæknilegar forsendur til þess að geta unnið flest þau verk, sem hið opinbera venjulega þarf að láta framkvæma.

Árlega er á vegum ríkis og ríkisstofnana unnið að mannvirkjagerð fyrir hundruð milljóna. Mannvirki þessi þurfa að sjálfsögðu að vera vönduð, en það skiptir einnig höfuðmáli, að þau séu sem ódýrust. Útboð er líklegasta leiðin til að tryggja þann þátt málsins, enda hefur breytingin á söluskattinum bætt aðstöðu sjálfstæðra verktaka. Föst venja hefur verið að leita tilboða í ýmsar tegundir opinberra framkvæmda, en full ástæða er til að athuga, hvort eigi skuli ganga lengra í því efni.

Ýmsar verklegar framkvæmdir ríkisins eru þess eðlis, að þær hljóta að verða unnar af viðkomandi ríkisstofnunum, svo sem viðhald mannvirkja og nýbyggingarframkvæmdir, sem verða vegna fjárskorts að vinnast í svo mörgum áföngum, að útboði verður ekki við komið. Að sjálfsögðu er svo undirbúningur útboða, verklýsingar og síðan eftirlit með framkvæmdum í höndum viðkomandi stofnana. Æskilegt er, að ríkisstjórnin láti setja um það fastar reglur, hverjar opinberar framkvæmdir skuli boðnar út.

Í sambandi við þessa tillögu má á það benda, að sparnaðarnefnd, sem ríkisstjórnin skipaði árið 1954, taldi sjálfsagt, að verklegar framkvæmdir ríkissjóðs yrðu boðnar út í ákvæðisvinna, nema sérstakar ástæður væru því til hindrunar.

Ed. 64. Frumvarp til laga [59. mál]

um launajöfnuð kvenna og karla.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Eggert G. Þorsteinsson, Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

Á árunum 1962—1967 skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu.

2. gr.

Hinn 1. jan. 1962 skulu laun kvenna í starfsgreinum skv. 1. gr. hækka um 1/6 hluta launamismunarins og síðan árlega hinn 1. jan. ár hvert fram til 1967 hækka sem nemur launamismuninum, eins og hann er í upphafi hvers árs, deildum með fjölda þeirra hækkana, sem eftir er að veita hverju sinni. Fullum launajöfnuði skal náð 1. jan. 1967.

3. gr.

Hin árlega launahækkun skal ákveðin af þriggja manna nefnd — launajafnaðarnefnd — einum skipuðum af félagsdómi og er hann formaður nefndarinnar, öðrum

skipuðum af Alþýðusambandi Íslands og hinum þriðja skipuðum af Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn mann til vara. Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár í senn. Ákvarðanir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir og verða ekki bornar undir dómstóla. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Stéttarfélög þau, er semja um kaup og kjör fyrir konur í starfsgreinum skv. 1. gr., skulu í nóvembermánuði ár hvert, í fyrsta sinn 1961, sækja um launahækkanir til nefndarinnar og láta fylgja með eintök af viðkomandi kjarasamningum. Tekur nefndin síðan ákvörðun um launahækkun í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. og birtir hana.

Stéttarfélögum er heimilt í stað þess að láta launajafnaðarnefnd ákvarða launahækkun að semja um hækkunina við vinnuveitendur, enda staðfesti nefndin slíka samninga.

5. gr.

Lög þessi skerða ekki á nokkurn hátt rétt stéttarfélaganna til að semja um það við vinnuveitendur, að launajöfnuði skuli náð á skemmri tíma en lögin mæla fyrir um.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Baráttan fyrir jöfnum launum kvenna og karla er ekki einvörðungu kjarabarátta af hálfu kvenna, heldur engu að síður barátta fyrir fullkomlega jöfnum mannréttindum. Þegar endanlegur sigur hefur unnizt í þessari baráttu, er jafnréttisbaráttunni lokið, því að á öðrum sviðum mannréttinda hafa konur fyrir löngu öðlazt sama rétt og karlar.

Ástæðurnar fyrir mismun á launum karla og kvenna eru oftast taldar þær, að karlmenn búi yfir meira líkamlegu atgervi en konur og séu hæfari og afkastameiri til flestra starfa heldur en þær og þeim beri því hærra kaup. Þetta eru þó ekki sterk rök, þegar málið er athugað nánar. Í fyrsta lagi er þess að gæta, að sérlega erfið störf, sem karlmenn einir vinna, eru yfirleitt greidd með hærra kaupi en almennu karlmannakaupi í viðkomandi starfsgrein. Á því síður að vera því nokkuð til fyrirstöðu, að konur fái sama kaup og karlar í almennri vinnu. Í öðru lagi er vitað, að ýmis störf henta konum ýmist jafnvel eða betur en karlmönnum, en samt fá þær lægra kaup fyrir þau. Í þriðja lagi er launamismunurinn meiri en svo, að hann verði réttlættur með mismun á afköstum og hæfni. Í heild mun afkastamismunur karla og kvenna við sömu störf vera minni en innbyrðis afkastamismunur milli einstaklinga af sama kyni, sem hafa þó allir sömu laun, nema í þeim undantekningartilfellum, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða. Rökin fyrir launamismun hafa því ekki við mikið að styðjast.

Sterkustu rökin fyrir launajafnrétti eru þau, að það er jafnkostnaðarsamt fyrir konur sem karla að lifa í þessu landi. Konur geta ekki búið við sömu lífskjör og karlar nema hafa sömu laun. Þær njóta engra lögbundinna forréttinda um útgjöld eða framfærslu.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því, að lágmarkslaun kvenna og karla fyrir sömu störf verði hin sömu. Launajafnréttið er viðurkennt við opinber störf, þótt misbrestur sé talinn vera á í framkvæmd. En úr því að launajöfnuður er viðurkenndur við hin æðri embætti og önnur vel launuð störf, hversu miklu ríkari ástæður eru þá ekki fyrir hendi til þess að viðurkenna launajöfnuð við lægst launuðu

störfin í þjóðfélaginu, en það eru einmitt þau störf, sem þetta frumvarp nær fyrst og fremst til.

Svo sem kunnugt er, hefur Ísland fullgilt hina svonefndu jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar á hvert aðildarríki að stuðla að því, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks. Samþykktin er öllu fremur almenn stefnuyfirlýsing en að hún leggi aðildarríkjunum beinar skyldur á herðar. Hún nær líka skammt að því leyti, að hún miðar einvörðungu að launajöfnuði fyrir jafnverðmæt störf. Launajöfnuður á þeim grundvelli einum yrði ófullkominn og mjög örðugur í framkvæmd, þar sem sífellt þyrfti að framkvæma mat á verðmæti hinna margbreytilegustu starfa, sem konur og karlar inna af höndum. Væru slíkar matsgerðir án efa mikið vandaverk og líklegt, að um gildi þeirra og áreiðanleik risu miklar deilur. Þetta frumvarp grundvallast því á reglunni um sömu laun fyrir sams konar störf, en hafnar að leysa málið á hinum flókna og ófullnægjandi grundvelli reglunnar um sömu laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Á Alþingi því, er sat veturinn 1957—58, var samþykkt þingsályktunartillaga um launajafnréttismálið. Ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að athuga, að hve miklu leyti konum og körlum séu raunverulega greidd sömu laun fyrir jafnverðmæta vinnu. Enn fremur skyldi nefndin gera tillögur um ráðstafanir til að tryggja fullkomið launajafnrétti. Á grundvelli þessarar tillögu var svo nefndin skipuð af þáverandi félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarssyni. Síðan hefur verið hljótt um þessa nefnd, og er þó ærið langur tími liðinn, síðan hún tók til starfa. Mun nefndin eitthvað hafa kannað launagreiðslur, en hins vegar engar tillögur gert um, hvernig tryggja ætti fullkomið launajafnrétti, og þeirra ekki að vænta á næstunni, svo að vitað sé. En það er einmitt þetta verkefni, sem nefndin hefur vanrækt, sem leyst er með þessu lagafrumvarpi. Markmið frumvarpsins er að tryggja fullt launajafnrétti, og það er gert með því, eins og frumvarpið ber með sér, að lögbjóða árlega hækkun á launum kvenna í öllum fjölmennustu atvinnugreinum þjóðarinnar á næstu sex árum, unz fullum launajöfnuði verði náð 1. jan. 1967.

Það má telja augljóst mál, að launajöfnuður verði ekki tryggður á annan hátt hér á landi en með löggjöf. Sú leið að leysa þetta með frjálsum samningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda er naumast fyrir hendi. Kemur það til af því, að verkakvennafélögin hafa ekki bolmagn til að knýja fram kröfuna um launajafnrétti. Á það m. a. rætur sínar að rekja til þess, að konur geta ekki sinnt málefnum stéttarfélags síns á sama hátt og karlar, þar sem þær eru svo bundnar við húsmóðurstörfin og önnur heimaverkefni. Konurnar hafa líka minni áhuga á kjaramálum en karlar, þar sem þær reikna flestar með að taka ekki þátt í atvinnulífinu nema um nokkurra ára skeið, en að því loknu helga sig algerlega húsmóðurstörfunum. Hér við bætist svo það, að heildarsamtök verkalýðsins hér á landi fara ekki með samningsrétt fyrir meðlimi sína, heldur er það hvert og eitt verkalýðsfélag. Þetta fyrirkomulag á sinn þátt í því að torvelda það, að unnt sé að leysa launajafnréttismálið með samningum. Lausn á þessu máli verður því ekki komið fram á annan veg en með lagasetningu, enda er það sú aðferð, sem mest er lagt upp úr í jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

Frumvarp þetta nær til allra þeirra starfa, sem almennast er að konur vinni við hlið karla. Sjálfsagt mætti við nánari athugun tína til einhverjar fámennar starfsgreinar, sem frumvarp þetta tekur ekki til. Kynnu menn þá að spyrja, hvort konur í þeim starfsgreinum ættu ekki einnig rétt á launajöfnuði. Vissulega ætti það svo að vera. Þessu er þó sleppt í frumvarpinu til að gera lögin ekki of erfið í framkvæmd og flókin, enda mundi frumvarpið, ef að lögum yrði, að sjálfsögðu bæta mjög samningsaðstöðu allra kvenna, hvort sem þær vinna störf sín yfirleitt við hlið karla eða ekki, eða með öðrum orðum hvort sem taxti er til fyrir hlið-

stæð störf karlmanna eða ekki. Lögin mundu því í reynd hafa áhrif í launajafnréttisátt fyrir allar konur, enda er það einn megintilgangur frumvarpsins.

Á því er ekki vafi, að það er farsælast fyrir alla aðila, að launajöfnuðurinn nái fram að ganga smátt og smátt á nokkrum árum. Hversu mörg ár það eigi að vera, getur verið mikið matsatriði. Í Svíþjóð hafa t. d. nýlega tekizt heildarsamningar milli verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda um, að launajöfnuður skuli ganga í gildi á næstu fimm árum. Hér er lagt til, að það verði á næstu sex árum. Væri fullur launajöfnuður lögboðinn þegar í stað í einum áfanga, mundi það geta valdið mjög mikilli röskun í atvinnulífinu. Afleiðingin af því gæti orðið atvinnuleysi meðal kvenna. Eðlilegast er, að atvinnuvegirnir fái nokkurt ráðrúm til að samlagast hinum nýju viðhorfum í kjaramálum kvenna. Til þess ættu sex ár að vera nægur tími.

Ef frumvarp þetta yrði lögfest, væri sigur unninn í hagsmuna- og réttlætismáli. Ávinningurinn félli þó ekki einvörðungu í skaut hinum fjölmenna hópi kvenna, sem stundar störf utan heimilis. Það yrði einnig ávinningur fyrir þjóðina í heild að fá stærri hóp kvenna til að taka þátt í framleiðslu- og uppbyggingarstörfum. Slíkt er nauðsyn fyrir fámenna þjóð í víðáttumiklu landi, þar sem mörg verkefni bíða óleyst.

Um 1. gr.

Þær starfsgreinar, sem hér eru taldar, ná fyrst og fremst yfir þau störf, sem kaupgjald er greitt fyrir skv. kjarasamningum verkakvennafélaganna, félaga verksmiðjufólks og verzlunarmannafélaganna. Greinin mundi einnig ná til svonefndra millitaxta, og ættu þeir að hækka jafnoft og hinir almennu taxtar.

Um 2. gr.

Launamismunur í almennri verkamannavinnu og almennri verkakvennavinnu er nú kr. 4.53 á klst. Að óbreyttum samningum ættu laun kvenna að hækka samkvæmt þessari grein um 76 aura á klst. hinn 1. jan. 1962. Væri launamismunurinn 1. jan. 1965 t. d. kr. 2.40, ættu laun kvenna að hækka þann dag um 80 aura á klst. Sama gildir að sjálfsögðu um vikukaup og mánaðarkaup.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Eðlilegast þykir að láta launajafnaðarnefnd veita stéttarfélögum kaupgjaldshækkunina fyrir konur að undangenginni umsókn, þar sem viðkomandi kjarasamningur fylgi með. Að öðrum kosti væri ógerlegt fyrir nefndina að henda reiður á því, hvar réttur til kauphækkana væri fyrir hendi. Mundi Alþýðusambandið að sjálfsögðu geta aðstoðað stéttarfélögin við að koma umsóknunum á framfæri. — Verkalýðsfélögunum er heimilað að semja um þessa sérstöku kauphækkun við vinnuveitendur í stað þess að láta launajafnaðarnefnd ákvarða hana. Væri oft hægðarauki að slíkri heimild fyrir báða aðila, svo sem t. d. þegar gerð nýrra kjarasamninga stendur yfir síðari hluta árs, skömmu áður en hækkun til launajafnaðar skal veita. Þessa samninga verður nefndin að staðfesta, til þess að tryggt sé, að hækkunin samkvæmt samningi sé eigi lægri en frumvarpið mælir fyrir um.

Um 5. gr.

Ákvæðið er sett til að fyrirbyggja allan hugsanlegan misskilning í þessu efni.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 65. Frumvarp til laga [60. mál]

um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður. Sjóðurinn er eign ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að framleiðslu- og atvinnuaukningu og jafnvægi í byggð landsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. 20 millj. kr. framlag úr ríkissjóði 1961.
2. Fé það, sem ríkissjóður hefur lánað til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu samkv. 20. og 22. gr. fjárlaga, enda hafi lánin ekki verið gefin eftir fyrir gildistöku laga þessara.
3. Inneign ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum fyrir gildistöku þessara laga.

Kröfur ríkissjóðs vegna lána samkv. 2. tölul. og greiðslu vanskilaskulda samkv. 3. tölul. þessarar greinar skal afhenda Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði með sömu skilyrðum og skuldabréf vegna harðinda- og óþurrkalána voru afhent bjargráðasjóði, sbr. 22. gr. XL fjárlaga fyrir árið 1957.

Nú ákveður sjóðsstjórnin innheimtu á skuld, sem fallin er í gjalddaga fyrir gildistöku þessara laga, og getur skuldunautur þá leitað úrskurðar ríkisstjórnarinnar um innheimtuna.

3. gr.

Tekjur Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag ríkissjóðs á árunum 1962—1971, 20 millj. kr. á ári.
3. Skuldir, sem ríkissjóður eignast samkv. 3. tölul. 2. gr. eftir gildistöku þessara laga. Skulu um þennan lið gilda sömu ákvæði og um 3. lið 2. gr. um stofnfé.

4. gr.

Lán úr sjóðnum má veita til að kaupa eða koma upp atvinnutækjum eða aðstöðu til hvers konar framleiðslu- og atvinnuaukningar, sem til þess er fallin að efla atvinnulífið í landinu og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Um tryggingu fyrir láni fer eftir ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni og samkvæmt því, sem tiðkazt hefur um lán þau, sem tilgreind eru í 2. tölul. 2. gr.

Lánin má veita sveitarfélögum, samvinnu- og hlutafélögum og einstaklingum og þá fyrst og fremst í þeim landshlutum, sem verst eru á vegi staddir í atvinnumálum. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar, áður en lán er veitt félagi eða einstaklingi.

Lánstími skal vera 10—20 ár, og ákveður stjórnin hann hverju sinni.

Vextir skulu vera 4—6%, einnig samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

Ef atvinnutæki, sem sett hefur verið að veði fyrir láni úr Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði, flyzt burt úr sveitarfélagi, sem það var í, þegar lánið var tekið, er lánið allt fallið í gjalddaga, nema stjórn sjóðsins samþykki flutninginn.

Ef sérstaklega stendur á, er stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs heimilt að veita sveitarfélagi vaxtalaust lán eða óafturkræft framlag til þess að

bæta úr atvinnuörðugleikum, ef ⅘ sjóðsstjórnar eru því samþykkir. Einnig má breyta láni eða vanskilaskuld samkv. 3. tölul. 2. gr. í óafturkræft framlag, ef ⅘ sjóðsstjórnar samþykkja og telja, að endurgreiðslur séu lántakanda um megn.

5. gr.

Stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Fjórir skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Þó skal stjórnin kosin í fyrsta sinn á þingi því, er samþykkir lög þessi.

Fimmta stjórnarnefndarmanninn, ásamt varamanni hans, kýs stjórn Framkvæmdabanka Íslands til fjögurra ára í senn.

Stjórnin velur sér formann.

Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar, gegn þóknun, er ráðherra ákveður. Einnig veitir bankinn sjóðsstjórninni aðstoð við þau störf, er henni kunna að verða falin samkv. 6. gr., gegn þóknun, sem ákveðin er á sama hátt.

Ráðherra ákveður laun sjóðsstjórnarmanna, og skulu laun og annar kostnaður greidd úr Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði.

Stjórnin birtir, eigi síðar en 31. marz ár hvert, skýrslu um ráðstöfun fjár úr sjóðnum næsta ár á undan og með hvaða kjörum og til hvers fénu hefur verið ráðstafað, svo og reglur, er hún setur sér um störf sín.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs að gera árlega skýrslu um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í einstökum byggðarlögum, eftir því sem ástæða þykir til, og tillögur og áætlanir um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Lán úr sjóðnum skulu veitt með hliðsjón af slíkum tillögum og áætlunum, séu þær fyrir hendi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt til þess að koma föstu skipulagi á tiltekinn þátt þeirrar starfsemi, sem að því miðar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og tryggja, svo sem unnt er, að ráðstafanir, sem hér er um að ræða, verði ekki felldar niður.

Um mörg undanfarin ár hefur verið veitt í fjárlögum eða heimilað að greiða úr ríkissjóði svonefnt atvinnuaukningarfé, sem varið hefur verið til eflingar atvinnulífi, þar sem þess var talin mest þörf, aðallega við sjávarsíðuna. Hefur því einkum verið úthlutað sem lánum út á síðari veðrétt í skipum, fiskiðjuverum og öðrum atvinnutækjum, sem nauðsyn hefur þótt til bera að koma upp í hlutaðeigandi byggðarlögum eða endurbæta. Í fjárlögum voru á árunum 1953—56 ætlaðar í þessu skyni 5 millj. kr. á ári, en varð í reyndinni nokkru meira. Síðar var sú upphæð hækkuð, og er að því vikið annars staðar í greinargerðinni.

Þá er og þess að geta, að ríkið hefur oft, bæði fyrr og síðar, gengið í ábyrgð fyrir lánum samkvæmt lagaheimildum frá Alþingi. Mörg þessara ríkisábyrgðarlána hafa verið tekin og ábyrgð veitt í svipuðum tilgangi og atvinnuaukningarlánin (lán til kaupa á togurum og fiskibátum, hafnarbótalán o. s. frv.), en mikið af ríkisábyrgðum er þó til orðið af öðrum ástæðum, sem ekki verða raktar hér. Allmikið er um það, að ríkið hafi orðið að greiða afborganir og vexti af lánum, sem það er í ábyrgð fyrir, a. m. k. öðru hverju, einkum þeim, sem tekin hafa verið til atvinnuuppbyggingar, beint eða óbeint. Hafa þannig safnazt óumsamdar skuldir

við ríkissjóð. Í seinni tíð hafa í fjárlögum verið áætlaðar vaxandi upphæðir til greiðslu afborgana og vaxta af ríkisábyrgðarlánum í vanskilum. Þessu valda að verulegu leyti hinir stöðugu erfiðleikar atvinnuveganna vegna verðbólgunnar innanlands. En hér kemur það jafnframt til greina, að uppbyggingarþörf atvinnulífsins í einstökum landshlutum hefur verið miklu meiri en getan til að standa straum af framkvæmdunum, a. m. k. fyrst um sinn, á meðan árangur þeirra var ekki að fullu kominn í ljós, enda stundum fremur um óbeinan en beinan árangur að ræða frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Á öndverðu ári 1956 var af hálfu ríkisstjórnarinnar flutt á Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en frv. þetta var samið af alþingismönnunum Gísla Guðmundssyni og Gísla Jónssyni, sem skipaðir höfðu verið samkv. ályktun Alþingis til þess að gera áætlanir og tillögur um slíkar ráðstafanir. Frv. varð ekki útrætt. Hins vegar skipaði ríkisstjórnin haustið 1956 sérstaka nefnd (atvinnutækjanefnd) til þess að gera tillögur um útvegun nýrra atvinnutækja og dreifingu þeirra um landið. Skyldi sú nefnd einkum gera tillögur um uppbyggingu atvinnulífsins í þeim landshlutum, sem verst væru á vegi staddir í atvinnulegum efnum. Nefnd þessi hefur m. a. gert skýrslur þær um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í bæjum og þorpum, sem alþingismenn fengu í hendur 1958 og 1959, en auk þess ýmsar tillögur og áætlanir, sem voru afhentar ríkisstjórninni. Um sama leyti og nefndin var skipuð, var atvinnuaukningarfé í fjárlögum fyrir árið 1957 hækkað úr 5 millj. kr. upp í 15 millj. kr., en í fjárlögum fyrir 1958 var það 13½ millj. kr. Var sú upphæð haustið 1958 tekin upp í frv. til fjárlaga fyrir árið 1959, en var á Alþingi lækkuð niður í 10 millj. kr. Er sú upphæð óbreytt á fjárlögum 1960.

Í frv. því, sem fyrr var nefnt og flutt var á Alþingi 1956, var lagt til, að stofnaður yrði sérstakur lánasjóður til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Gert var ráð fyrir ríkisframlagi til sjóðsins og að honum yrðu afhentar skuldir, sem þá voru eign ríkissjóðs eða yrðu eftirleiðis vegna atvinnuaukningarlána og ríkisábyrgða. Gert var ráð fyrir, að yfir sjóðinn yrði sett sérstök stjórn. Skyldi hún jafnframt safna skýrslum og gera áætlanir og tillögur um framkvæmdir, eftir því sem nánar var fyrir mælt í frv. En til þess var ætlazt, að Framkvæmdabanki Íslands annaðist daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn.

Frv. þetta er að nokkru leyti byggt á frv. frá 1956. Hæsta fjárveiting til atvinnuaukningar var árið 1957 15 millj. kr.

En til samræmis við þá breytingu á verðgildi peninga, sem gerð var snemma á þessu ári, er lagt til, að ríkissjóður leggi Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði til 20 millj. kr. stofnfé á árinu 1961 og síðan sömu upphæð á ári hverju næstu 10 árin. Ef frv. þetta nær samþykki Alþingis, verður þetta framlag fastákveðið með lögum og skylt að taka það í fjárlög hverju sinni. Er að því mikið öryggi og trygging fyrir því, að áfram verði unnið að jafnvægi í byggð landsins.

Innheimta þeirra atvinnuaukningarlána, sem veitt hafa verið til þessa, mun hafa verið nokkuð á reiki. Við eru fyrir lánum þessum, en ekki hefur verið til þess ætlazt, að hart væri að lántakendum gengið, heldur færi það nokkuð eftir ástæðum, enda lánin yfirleitt veitt af félagslegri nauðsyn í almannaþágu, en ekki til að skapa einstökum atvinnurekendum gróðamöguleika. Svipað er að segja um mikið af þeim greiðslum, sem ríkissjóður hefur innt af hendi, þegar lántakendur gátu ekki staðið í skilum með vexti og afborganir af ríkisábyrgðarlánum. Aðstaða lántakenda að þessu leyti breytist ekki, þó að Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður verði eigandi skuldanna í stað ríkissjóðs. En eðlilegt má telja, að þeim skuldum, sem ekki er talið rétt að innheimta á einhvern hátt, verði hreinlega breytt í óafturkræft framlag, þegar það þykir tímabært, og að sjóðsstjórnin hafi heimild til þess. Er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir, að skuldirnar verði afhentar Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði með sömu skilyrðum og skuldabréf vegna óþurrka voru afhent bjargráðasjóði, sbr. 22. gr. XL fjárlaga fyrir árið 1957. En skilyrði þessi

voru þau, „að stjórn bjargráðasjóðs veiti lántakendum, er þess óska, ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana af lánum sínum, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf, að fengnu áliti hlutaðeigandi sveitarstjórnar“ (sbr. bréf fjármálaráðuneytisins til bjargráðasjóðs, dags. 26. apríl 1957).

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lánstími sé 10—20 ár og vextir 4—6%. Að öðru leyti þykir rétt að ætla sjóðsstjórninni að ákveða lánskjörin eftir starfsreglum, sem hún setur sér sjálf, og ástæðum hverju sinni. Gert er ráð fyrir í 5. gr., að stjórnin sé skipuð 5 mönnum, 4 kjörnum af Alþingi og einum tilnefndum af stjórn Framkvæmdabanka Íslands, enda hafi hann með höndum daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn.

Samkv. 6. gr. er ríkisstjórninni heimilað að fela stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs að halda áfram athugunum þeim og skýrslugerð, sem unnið hefur verið að um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í einstökum byggðum landsins.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um öflun lánsfjár til Hvalfjarðarvegar.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á lántöku til að ljúka vegarlagningu fyrir Hvalfjörð og gera veginn hæfa undirstöðu undir varanlegt slitlag.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi þá tillögunni:

„Sá hluti Vesturlandsvegar, sem liggur fyrir Hvalfjörð, er (að undanskildum fjallvegi um Uxahryggi) eini tengiliður milli alls vegakerfis á Suður- og Suðvesturlandi annars vegar og Vestur-, Norður- og Austurlandi hins vegar. Á þessum vegi byggjast allar samgöngur á landi milli þriggja landsfjórðunga og Reykjavíkur ásamt Suðurlandi. Um þennan veg fara miklir farþega- og vöruflutningar, og fer sú umferð vaxandi ár frá ári. Auk þess er stöðugt verið að taka í umferð stærri og þyngri bifreiðar, sem þurfa betri og sterkari veg.

Þrátt fyrir þetta er Hvalfjarðarvegur einn veikasti hlekkurinn í vegakerfinu umhverfis landið. Samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra eru enn 20.5 km af veginum ólagðir, en notazt við ruddan og mjög ófullkominn veg. Er þetta sérstaklega bagalegt um vetur, þegar skriðuföll eru tíð og snjóþyngsli. Er þá slysahætta mjög mikil, en kostnaður við að halda veginum opnum gífurlegur.

Fjárveitingar til Hvalfjarðarvegar hafa verið mjög af skornum skammti, miðað við mikilvægi hans. Í fyrra var opnaður nýr kafli hjá Bjarteyjarsandi, og var að honum mikil bót. En við þá framkvæmd safnaðist skuld svo mikil, að fjárveiting líðandi árs rennur öll til greiðslu hennar. Eru því horfur á, að ekkert verði unnið við Hvalfjarðarveg fram yfir viðhald á þessu ári.

Búast má við, að leiðin fyrir Hvalfjörð styttist um 20—25% hvað aksturstíma snertir, þegar upphleyptur vegur kemur fyrir þá 20 km ruðninga, sem nú er notazt við. Rétt væri að athuga, hvort hugsanlegt er að stytta leiðina enn til muna, t. d. með brúargerð yfir fjörðinn í Þyrilsnes.

Sökum þess, hverjar fjárhagshorfur eru varðandi Hvalfjarðarveg, væri eðlilegt, að ríkisstjórnin aflaði nokkurs lánsfjár til að bæta þennan burðarás í vega-

kerfi landsins. Þyrfti að stefna að því að ljúka lagningu vegarins sem allra fyrst og gera hann allan þannig úr garði, að hann verði viðunanleg undirstaða fyrir varanlegt slitkerfi, t. d. með steinsteypu eða malbikun, strax og unnt er að ráðast í slíka framkvæmd.“

Nd. 67. Frumvarp til laga [62. mál]

um eftirlit með happdrættum og almennum fjársöfnunum.

Flm.: Pétur Pétursson.

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra einstaklinga eða félaga, sem efna til happdrætta, merkjasölu eða samskota, þar sem leitað er til almennings um þátttöku.

2. gr.

Þeir aðilar, sem um getur í 1. gr., skulu strax að fjáröflun lokinni birta skýrslu um árangurinn í Lögbirtingablaði. Í skýrslunni skal vera vinningaskrá, ef því er að skipta, heildarupphæð fjáröflunar, kostnaður, hvert fé hafi runnið eða eigi að renna.

Sé um skyndisöfnun að ræða, skal skýrslan birt strax að söfnun lokinni, en annars einu sinni á ári og eigi síðar en 1. apríl fyrir liðið ár.

3. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd til þess að hafa með höndum eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

Telji nefndin, að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir hagnaði af fjáröflun samkv. 1. gr. eða að honum hafi ekki verið varið í samræmi við yfirlýstan tilgang, að öllu eða einhverju leyti, skal nefndin tilkynna það tafarlaust dómsmálaráðuneytinu. Dómsmálaráðuneytið getur svipt hlutaðeigandi aðila leyfi til þess að hafa fjársöfnun með höndum um lengri eða skemmri tíma eða fyrir fullt og allt, ef um ítrekað brot er að ræða.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, og má setja í reglugerðina ákvæði um gjaldskyldu þeirra, er standa fyrir fjáröflun skv. 1. gr., til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit skv. 3. gr. og um skilyrði, er fullnægja þarf til þess að mega standa fyrir slíkri fjáröflun.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða allt að 100 000 kr. sektum.

Mál út af brotum þessum skulu rekin að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þinginu 1958 flutti ég frumvarp þetta, en það náði þá ekki fram að ganga. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi þá frumvarpinu:

Á hverju ári fá fjölmargir aðilar leyfi til þess að safna fé meðal almennings með happdrættum, merkjasölu, undanþágu frá greiðslu á sköttum o. s. frv. Þetta er

vitaskuld gert til þess að styrkja þau málefni, sem þessir aðilar berjast fyrir, og er hér einkum um að ræða ýmiss konar menningar-, félags- og mannúðarstarfsemi.

Á þennan hátt er geysimiklu fé safnað árlega. Nema þær upphæðir milljónatugum. Það virðist því einsýnt, að hið opinbera hafi eftirlit með því, hvernig fé þessu sé varið, og er það raunar sjálfsögð ráðstöfun, er almenningur á heimtingu á.

Með þessu er ekki verið að tortryggja þá aðila, sem nú annast þessi mál, heldur þvert á móti verið að koma í veg fyrir hugsanlega tortryggni og slúðursögur.

Nd. 68. Breytingartillögur [39. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Einari Sigurðssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr.

a. Framan við 1. tölul. komi nýir töluliðir:
   1. Á eftir A. 68 komi nýr liður:
      Salthöfðavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.
   2. Á eftir A. 69 komi nýr liður:
      Borgarvegur: Af Mýravegi hjá Árbæ, um Einholt, Baldurshaga, Nípugarða og Borg á Mýraveg hjá Hólmsárbrú.

b. Við greinina bætist nýir töluliðir:
   1. Á eftir D. 2 komi nýir liðir:
      a. *Gunnarsstaðavegur:* Af Strandavegi austan við Hölknárbrú í Gunnarsstaði.
      b. *Eyjavegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Fögruhlíð, um Árteig og Eyjasel á sama veg hjá Bakkagerði.
      c. *Másselsvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi milli Kaldár og Sauðár að Másseli.
   2. Aftan við D. 5 bætist: með álmu frá Oddsgili í Hauksstaði.
   3. Á eftir D. 6 komi nýr liður:
      Selárdalsvegur: Af Strandavegi norðan Selárbrúar, um Fagurhól, Ljótsstaði á Strandaveg hjá Torfastöðum.
   4. Við D. 7 bætist: og þaðan á Vopnafjarðarveg utan við Þorbrandsstaði.
   5. D. 9 orðist svo:
      Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal, í Heiðarenda inn Jökuldal, yfir Hákonarstaðabrú og á Jökuldalsveg hjá Hákonarstöðum.
   6. Á eftir D. 11 komi nýr liður:
      Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi eystri um Litla-Steinsvað, Kleppjárnsstaði, Brekku, Lindarhól, á Kirkjubæjarveg, með álmu í Galtastaði fremri.
   7. Aftan við D. 12 bætist: og þaðan á Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.
   8. Á eftir D. 12 komi nýir liðir:
      a. *Lagarfljótsvegur:* Af Úthéraðsvegi hjá Fljótskletti, um Tjarnarland og Steinsvað á Hróarstunguveg eystri hjá Lagarfossi.
      b. *Rauðholtsvegur:* Af Úthéraðsvegi um Hreimsstaði, Rauðholt og á Hjaltastaðaveg austan Selfljótsbrúar.
   9. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.

10. Á eftir D. 14 komi nýr liður, svo hljóðandi:
Skógargerðisvegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatnsfæti um Urriðavatn að Skógargerði.
11. D. 17 orðist svo:
Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð og Húsavík til Borgarfjarðar.
12. D. 20 orðist svo:
Fjallabæjavegur: Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig, Brennistaði, Hjartarstaði, Ánastaði, og þaðan á Hjaltastaðaveg nálægt Hjaltastöðum. Af Fjallabæjavegi um Ormsstaði, Ásgeirsstaði, Tókastaði og á Úthéraðsveg hjá Mýnesi.
13. Á eftir D. 27 komi nýr liður:
Karlsskálavegur: Af Vaðlavíkurvegi að Karlsskála.
14. D. 28 orðist þannig:
Skóga- og Fljótsdalsvegur: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga og Fljótsdal og á Upphéraðsveg nálægt Valþjófsstað með álmum að Víðivallagerði, um Keldárbrú að Glúmsstöðum.
15. D. 36 orðist svo:
Norðurdalsvegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum og af Norðurdalsvegi um Skarð í Tóarsel.
16. Á eftir D. 38 komi nýr liður:
Þvottárvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri að Þvottá.

Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um að hraða framkvæmdum í rafmagnsmálum á Snæfellsnesi.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sem allra fyrst fara fram rækilega athugun á því, á hvern hátt er hægt að hraða framkvæmdum í rafmagnsmálum á Snæfellsnesi, annaðhvort með virkjun þar eða með því að tengja þann landshluta við aðalraforkukerfi landsins.

Greinargerð.

Fyrir allmörgum árum var reist fremur lítið raforkuver (Fossárvirkjun) skammt frá Ólafsvík. Mun í upphafi hafa verið gert ráð fyrir, að þetta raforkuver dygði að mestu til rafmagnsnotkunar fyrir kauptúnin á norðanverðu Snæfellsnesi og um nálægar sveitir. Sú hefur þó ekki orðið raunin á. Raforkuverið er fyrir nokkrum árum orðið of lítið. Lögð hefur verið lína frá því til Hellissands og til Grundarfjarðar, en á þessum stöðum og í Ólafsvík hefur framleiðsla aukizt mjög mikið. Nýjar verkunarstöðvar hafa verið reistar, bátar keyptir til kauptúnanna og rafmagnsþörfin orðin miklu meiri en sjálfsagt hefur verið gert ráð fyrir í upphafi.

Það ber því brýna nauðsyn til þess að taka þetta sérstaka mál til athugunar. Á norðanverðu Snæfellsnesi eru fjögur myndarleg kauptún, og framleiðsla þeirra er mjög mikil, miðað við fólksfjölda á þeim stöðum, enda má segja, að þetta sé eini atvinnuvegurinn, sem stundaður er í þessum kauptúnum, því að iðnaður er mjög lítill annar en fiskiðnaður.

Það hefur hvað eftir annað sýnt sig á vetrarvertíð, þegar mikil vinna er í frystihúsunum, að rafmagnsleysið hefur haft truflandi áhrif á framleiðsluna.

Þessi tillaga er flutt með það fyrir augum, að fljótlega verði gerð ýtarleg athugun á því, á hvern hátt verði bezt að leysa þessi mál í framtíðinni á þessu tiltekna svæði. Í kauptúnunum eru um tíu fiskverkunarstöðvar, og má af því nokkuð marka, hversu mikil framleiðslugeta þessara staða er. Nýir bátar og stærri hafa komið til kauptúnanna á undanförnum árum, og aflinn hefur vaxið gífurlega frá ári til árs. Ef ekki verður að gert, er fyrirsjáanlegt, að rafmagnsleysið mun hafa veruleg áhrif til erfiðleika í framleiðslunni, og þegar um jafnmikla framleiðslu er að ræða eins og hér er, kann það að hafa ófyrirsjáanleg áhrif. Þar við bætist, að sveitirnar á sunnanverðu Snæfellsnesi eru mjög þéttbýlar, og virðist því auðsætt, að lína verði lögð eftir nesinu að sunnanverðu svo fljótt sem verða má. Ég tel nauðsynlegt, að sérfræðingar rannsaki það ýtarlega nú þegar, á hvern hátt heppilegast verður að leysa þessi mál, hvort það yrði með því að reisa sérstök orkuver á Snæfellsnesi eða með því að flýta tengingu þessa héraðs við aðalorkukerfi landsins. Í þessari tillögu er aðeins beðið um, að þessi athugun verði látin fara fram hið allra fyrsta með það fyrir augum, að framkvæmdum í raforkumálum héraðsins verði hraðað sem mest.

Ed. 70. Frumvarp til laga [64. mál]

um kornrækt.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands fer með stjórn þeirra mála, er lög þessi varða, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Aðilum, sem mynda með sér félagssamtök um að gera kornrækt að framleiðslugrein, þar sem bygg, hafrar eða aðrar korntegundir eru ræktaðar svo, að þær nái þroska, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að akurlendið sé þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn nái fullum þroska.
2. Að aðilar myndi með sér félagssamtök, kornræktarfélag, er skuldbindi sig til að rækta um 10 ára tímabil korn á minnst 10 hektörum lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum.

   Nú tekst einstaklingur á hendur skuldbindingar samkvæmt 1. málsgr., og skal þá veita honum sama stuðning og félagi, enda hlíti hann sömu skilyrðum og kornræktarfélag.
3. Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur ráði yfir landi, sem sé að minnsta kosti helmingi stærra en það land, sem samið er um að rækta korn á, og að allt landið sé nægilega þurrt og hæft til kornræktar.
4. Að aðilar skuldbindi sig til að hlíta reglum þeim, sem settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkorns, uppskeru, meðferð alla og annað til tryggingar því, að framleiðslan verði sem bezt vara.
5. Að aðili geri skýrslur, sem fyrirskipaðar verða, um allt, er varðar reksturinn. Einnig geri hann uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um kornræktina og einstaka þætti hennar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið.
6. Að samningsaðili skili aftur til þess, er annast framkvæmd laga þessara, þeim vélum og tækjum, sem stofnstyrkur hefur verið greiddur á, ef kornrækt fellur niður, og skulu þá dómkvaddir menn meta endurgreiðslu.

4. gr.

Þeim, sem tekið hafa að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af þeim stofnum, sem bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi skilríki frá seljanda um uppruna sáðkornsins, og ber hann ábyrgð á gæðum þess, hreinleika og spírunarhæfni.

Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu hafa forgangsrétt til að rækta útsæði af völdum stofnum, enda hlíti þeir reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Styrkur til kaupa á kornyrkjuvélum, allt að 50% af kaupverði þeirra, þar með talinn kostnaður við samsetningu vélanna og flutningskostnaður til kaupanda, enda standi eitt félag eða fleiri að kaupunum. Sama gildir um einstaklinga, eftir því, sem við á. Ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar geta notið sömu hlunninda, sbr. 2. lið 3. gr. Heimilt er að veita framlag til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum og þreskivélum eða uppskeru- og þreskivélasamstæðu og kornmyllum, enn fremur til kaupa á þurrktækjum fyrir þreskt korn.
2. Greiða skal sama framlag úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands til kornræktar og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar og síðan árlega helming þess.
3. Heimilt er að verja árlega allt að kr. 10 000.00 til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.

6. gr.

Á fyrsta ári, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal gefa 5 félögum bænda eða einstaklingum, sem vilja taka að sér árlega ræktun korns á minnst 10 hektörum lands yfir áætlunartímabilið, kost á aðstoð löggjafar þessarar og síðan 5 félögum eða einstaklingum árlega.

Auglýsa skal eftir þátttöku fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst, og samningar skulu gerðir það tímanlega, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. október haustið áður en ræktun hefst.

7. gr.

Gefa skal út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar og um meðferð uppskerunnar, og sé eintak af þeim afhent samningsaðila, um leið og samningur er gerður.

8. gr.

Stofnframlag til vélakaupa, sbr. 5. gr., má vera allt að kr. 200 000.00 til hvers samningsaðila. Almennt framlag samkv. jarðræktarlögum greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningar um kornyrkju ná til.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal endurskoða þau innan 10 ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. báru fram á síðasta þingi frv. til laga um kornrækt. Það var samþykkt í Ed., en varð eigi útrætt í Nd.

Frv. þetta er nálega samhljóða því frv., sem fjallað var um í fyrra, eins og Ed. gekk frá því.

Sú reynsla, sem fengin er af kornrækt á Sámsstöðum og víðar, hefur sýnt, að unnt er í hinum veðursælli sveitum landsins að rækta korn, svo að það nái fullum þroska, og að kornrækt geti orðið ein af framleiðslugreinum landbúnaðarins.

Árlega eru fluttar inn fóðurvörur fyrir allháar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri. Með aukinni ræktun korns mætti draga úr þeim innflutningi eða jafnvel fella hann niður og spara erlendan gjaldeyri sem því nemur. Það virðist því sjálfsagt, að ríkisvaldið hvetji bændur til að hefja kornrækt með því að veita þeim fjárhagslega aðstoð til þess.

Frv., sem flutt var í fyrra, fylgdi allýtarleg greinargerð, og vísast til hennar um nánari skýringar.

Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um umferðaröryggi á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður.

Flm. Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson, Alfreð Gíslason, bæjarfógeti.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vegamálastjóra gera athugun á því, á hvern hátt hægt sé að tryggja betur öryggi vegfarenda á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður en nú er gert, og verði þær úrbætur, sem gerðar verða, miðaðar við lagningu tvöfaldrar akbrautar.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, þá er vegurinn frá Reykjavík suður með sjó einn fjölfarnasti vegur landsins.

Meðfram vegi þessum hafa myndazt byggðahverfi, svo sem við Hraunsholt og Silfurtún, auk þess sem vegurinn liggur í gegnum þétta byggð Kópavogskaupstaðar.

Það kemur æ betur í ljós við vaxandi umferð um veg þennan svo og aukna byggð, að brýna nauðsyn ber til, að gerðar verði allar þær ráðstafanir, sem bezt tryggja öryggi gangandi fólks og farartækja, sem um veginn fara.

Byggð hagar svo til, að gangandi fólk, börn og fullorðnir verða að fara í gegnum þá miklu umferð vélknúinna farartækja, sem um veginn fara, þar sem skólar, verzlanir og ýmsar stofnanir eru staðsettar sitt hvorum megin við þessa miklu umferðaræð.

Ýmislegt hefur verið gert til þess að tryggja öryggi í umferðinni, og er þar þýðingarmest lýsing vegarins milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, sem framkvæmd var eftir ályktun Alþingis.

Að sjálfsögðu verður vegur þessi gerður að tvöfaldri akbraut, en á meðan svo er ekki, er aðkallandi að gera aðrar öryggisráðstafanir, sem þá yrðu miðaðar við þær breytingar, sem á veginum verða við lagningu tvöfaldrar akbrautar.

Í fyrsta lagi má benda á, að gerð verði sérstök bifreiðastæði utan vegarins fyrir áætlunarbifreiðar.

Í öðru lagi má benda á, að göng verði gerð undir veginn, göngubrýr yfir veginn eða sett verði upp umferðarljós fyrir gangandi fólk.

Ýmsar fleiri ráðstafanir, svo sem öryggisgirðingar meðfram veginum, lagning gangstéttar o. fl., er sjálfsagt að gera, og gerir tillaga þessi ráð fyrir, að sérfræðingum vegamálaskrifstofunnar verði falin umrædd athugun og geri þeir þar um tillögur til úrbóta.

Þegar slík rannsókn hefur farið fram og tillögur liggja fyrir, má ætla, að fleiri byggðarlög, sem svipað stendur á fyrir, muni hafa gagn þar af, en því er

athugun þessi miðuð við áður nefnt svæði, að umferð er þar einna mest hér á landi og sérstakar aðstæður þær, að ekki er unnt að bíða með úrbætur.

Rétt er að geta þess, að fyrirsvarsmenn byggðarlaga þeirra, sem að veginum liggja, hafa haft þessi mál til athugunar, en augljóst er, að framkvæmdir þessara mála svo og kostnaður verður að vera á vegum vegamálastjórnarinnar.

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um auknar gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka í samráði við ferðaskrifstofu ríkisins, hverjar ráðstafanir er hægt að gera til þess að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar af ferðamannaþjónustu, svo og að gera viðeigandi ráðstafanir að rannsókn lokinni. Meðal annars sé rannsakað:

1. hvernig hægt er að efla starfsemi ferðaskrifstofu ríkisins;
2. með hverjum hætti hægt er að auka landkynningu erlendis;
3. hvort hægt er að bæta úr gistihúsaskortinum hér yfir sumarmánuðina með því að búa heimavistarskólana viðeigandi húsgögnum og nota þá sem gistihús yfir sumarið;
4. hvernig stuðla má að því, að reist verði og starfrækt hressingar- og heilsuhæli við hverasvæðin.

Greinargerð.

Það er alkunna, að hjá sumum þjóðum er ferðamannaþjónusta þýðingarmikill og arðsamur atvinnuvegur, er aflar þjóðarbúinu mikilla gjaldeyristekna. Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa á síðari árum stóraukið eða jafnvel margfaldað tekjur sínar af erlendum ferðamönnum, enda hefur ferðamannastraumurinn til Norðurlandanna aukizt stórkostlega. Er nú svo komið í þessum löndum, að mikill fjöldi manna hefur atvinnu sína beint eða óbeint í sambandi við ferðamannaþjónustu. Og ferðamannaþjónustan er orðin þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskap þeirra, er gefur drjúgar gjaldeyristekjur.

Við Íslendingar höfum af ýmsum ástæðum orðið eftirbátar frændþjóða okkar í þessu efni. Ferðalög útlendinga hingað til lands hafa að vísu talsvert aukizt og gjaldeyristekjur landsins af erlendum ferðamönnum hafa farið eitthvað vaxandi. Það má því segja, að miðað hafi í rétta átt. En þróunin hefur verið hægfara. Og í þessum efnum hefur hér ríkt allt of mikið tómlæti. Hefði okkur þó sannarlega ekki veitt af því að drýgja gjaldeyristekjur okkar með auknum tekjum af erlendum ferðamönnum. Atvinnuvegir okkar eru einmitt of fábreyttir. Það væri mikil búbót að því, ef örugg atvinnugrein eins og ferðamannaþjónusta gæti færzt verulega í aukana. Slík atvinnugrein jafngildir útflutningsatvinnuvegi. Við Íslendingar þurfum í þessu efni að feta í fótspor frændþjóða okkar og stórauka gjaldeyristekjur okkar af ferðamönnum.

Það eru óefað skilyrði fyrir hendi til þess að gera Ísland að eftirsóttu ferðamannalandi. Það má vafalaust stórauka ferðamannastrauminn hingað til lands, ef rétt er á haldið. Kemur þar margt til greina, svo sem sérstæð náttúrufegurð, saga þjóðarinnar og heilsulindir, sem landið á í laugum og hverum. Og þeirri hindrun, sem áður stóð í vegi, — fjarlægðinni — hafa flugsamgöngurnar að miklu leyti þokað til hliðar. Gengisskráningin er og eigi lengur óhagstæð útlendingum. Hins vegar hafa hótelvandræðin verið hér þrándur í götu. Í þeim málum mun væntanleg nokkur úrbót á næstunni. Þó verður þar hvergi nærri um neina fullnægjandi lausn að ræða, ef gert er ráð fyrir nokkurri verulegri fjölgun skemmtiferðamanna.

Og auðvitað verður öll fyrirgreiðsla og þjónusta við hina erlendu ferðamenn að vera í fullkomnu lagi. Annars er ekki árangurs að vænta.

Ef auka á ferðamannastrauminn hingað til lands að ráði og þar með gjaldeyristekjur af ferðamönnum, þá þarf að stórauka landkynningu erlendis, ráða bót á hótelvandræðunum, nýta möguleikana í sambandi við heilsulindir landsins, bæta ferðamannaþjónustuna, skipuleggja samgöngur og gera margvíslegar aðrar ráðstafanir hér innanlands til bættrar fyrirgreiðslu og þjónustu við ferðamenn. Allt þetta mál þarf rækilegrar athugunar við.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að hér sé um að ræða stórmál, sem sinna verður af meiri skilningi en að undanförnu. Í því þarf að gera myndarlegt átak. Án þess verður Ísland ekki gert að ferðamannalandi á næstunni. Þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að reyna að koma af stað verulegri hreyfingu í þessu þýðingarmikla máli.

Nánari grein fyrir málinu verður gerð í framsögu.

Nd. 73. Breytingartillögur [39. mál

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Jónssyni, Birgi Finnssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Á undan 1. tölulið komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. B. 76 orðist svo:
   Reykhólasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, kringum Reykjanes á Vesturlandsveg hjá Kinnarstöðum.
2. Á eftir B. 77 komi nýr liður:
   Djúpvegur: Af Barðastrandarvegi á Kletthálsi um Kollafjarðarheiði á Ögurveg nálægt botni Ísafjarðar.
3. Í stað orðanna „að Litlanesi“ í B. 80 komi: um Litlanes og Hjarðarnes út fyrir Hörgsnes á Barðastrandarveg í Vatnsfirði.
4. Á eftir B. 82 komi tveir nýir liðir:
   a. *Bitrufjarðarvegur:* Af Strandavegi í botni Bitrufjarðar yfir Bitrufjarðarháls að Kleifum í Gilsfirði.
   b. *Tröllatunguvegur:* Af Strandavegi við Hvalsá um Tröllatungu, yfir Tröllatunguheiði á Gautsdalsveg nálægt Valshamri.
5. Í stað orðanna „með álmu frá Melum í Norðurfjarðar“ í B. 84 komi: með álmum frá Melum um Norðurfjörð að Munaðarnesi og Felli.
6. Á eftir B. 86 komi nýr liður:
   Gilsstaðavegur: Af Selstrandarvegi um Selárbrú að Gilsstöðum.
7. Aftan við B. 87 bætist: með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
8. Á eftir B. 89 komi nýr liður:
   Laugardalsvegur: Af Ögurvegi hjá Strandseljum fram Laugardal, um Blámýrar, Laugaból, Birnustaði, Hrafnabjörg og Hagakot á Ögurveg austan Laugardalsár.
9. Á eftir B. 93 komi tveir nýir liðir:
   a. *Reiðhjallavegur:* Af Bolungavíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjallavirkjun.
   b. *Skálavíkurvegur:* Frá Bolungavík um Skálavík ytri að Meiri-Bakka.
10. Á eftir B. 101 komi nýr liður:
    Klúkuvegur: Af Hjarðardalsvegi í Valþjófsdal upp dalinn, yfir Klúku og á Ingjaldssandsveg á Sandsheiði.

11. Í stað orðanna „að Hvammseyri“ í B. 113 komi: um Hvammseyri að Suðureyri.
12. Við B. 115 bætist: með álmu af veginum ofan Bjarngötudals niður Skógardal um Móberg að Melanesi.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um hlutleysi Íslands.

Flm.: Einar Olgeirsson, Alfreð Gíslason, læknir, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Finnbogi Rútur Valdimarsson, Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson, Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi Íslendinga ályktar að lýsa yfir því sem stefnu þjóðarinnar, að Ísland skuli á ný verða hlutlaust land, svo sem ákveðið var og lýst yfir, er Ísland öðlaðist fullveldi 1918.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar úrsögn Íslands úr Norður-Atlantshafsbandalaginu og rökstyðja hana með því, að íslenzka þjóðin vilji vera hlutlaus þjóð, vopnlaus og friðhelg í styrjaldarátökum og eigi ljá land sitt undir herstöðvar né eiga á hættu, að landið dragist inn í styrjöld.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að snúa sér til ríkisstjórna allra ríkja utan hernaðarbandalaga í heiminum með tilmælum um, að fulltrúar þeirra komi saman á ráðstefnu til þess að ráðgast um, hvernig þessi ríki gætu bezt beitt sameiginlega áhrifum sínum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar til þess að tryggja hlutleysi og sjálfstæði sitt, koma á fullum friði og algerri afvopnun í heiminum og upplausn allra hernaðarbandalaga.

Greinargerð.

Það vofir geigvænleg hætta yfir mannkyninu: glötun af eigin völdum.

Á því skeiði mannkynsþróunarinnar, er vér nú lifum á, eru efnahagslegir möguleikar til þess að útrýma endanlega allri fátækt, skorti og vanþekkingu úr veröldinni, ef auði mannanna, viti og tækni er til þess beitt. En í staðinn vofir það yfir, að óendanleg eymd og ógæfa verði leidd yfir mannkynið með því að beita kjarnorkunni miklu til heimsstyrjaldar og eyðingar í stað friðsköpunar og allsnægta.

Mannkyninu hefur opnazt tæknilegur möguleiki til þess að byrja að leggja undir sig alheiminn, ferðast til annarra hnatta, ef það aðeins kann að stjórna sér sjálft. En þá vofir það yfir gervöllum mannheimi, að þjóðunum lendi saman í heimsstyrjöld, sem yrði ragnarök jarðar: mundi þurrka út þorra þeirra þjóða, er nú lifa, en gera þá, sem eftir lifðu eða ófæddir eru, marga hverja að vanskapningum, en hrinda öllum fjöldanum aftur á villimannsstig. (Beztu vísindamenn heims hafa þegar varað mannkynið við, sbr. fylgiskjal I).

Aldrei hafa möguleikar mannkynsins því verið meiri, aldrei hætturnar geigvænlegri.

Það er því heilög skylda hverrar þjóðar gagnvart sjálfri sér og öllum öðrum að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að möguleikar mannkynsins hinir miklu verði hagnýttir, en hættunum afstýrt.

Oss Íslendingum ber öllum þjóðum fremur að hefja raust vora á alþjóðavettvangi til þess að boða frið og sátt milli þjóða, en gera vígbúnað og styrjaldir útlægar úr veröldinni.

Vér höfum aldrei háð stríð né haft her til baráttu við aðrar þjóðir, svo að vér erum sjálfir sönnun þess, að hægt er að lifa án hers og herbúnaðar.

Vér hófum göngu vora á ný sem fullvalda þjóð með því að lýsa yfir ævarandi hlutleysi í ófriði (sbr. fylgiskjal II), og þótt eitt sinn hafi verið hrasað á þeirri göngu, þá er tími enn til þess fyrir oss að flytja þann boðskap friðar, uppréttir og einarðir, sem Ísland virtist frá upphafi einvalið til að boða.

Vér höfum enga hagsmuni fjandsamlega öðrum þjóðum. Vér höfum enga volduga auðhringi, sem flytja út arðinn af striti almennings til þess í krafti þess gróða að arðræna aðrar þjóðir enn fátækari og varnarminni. Vér höfum sjálfir verið arðrændir sem nýlenda öldum saman og þekkjum því kjör þeirra þjóða, sem nú hrista af sér hlekkina hver á fætur annarri.

Vér höfum öllu að tapa — eigum eins og Englendingar, þótt fleiri séu, útþurrkunina vísa, ef til heimsstyrjaldar kemur. Allt tal um vörn í kjarnorkustríði er blekking. (Það viðurkenna jafnvel trúnaðarmenn Atlantshafsbandalagsins, sbr. fylgiskjal III). Og vér höfum allt að vinna: efnahagslegar allsnægtir og afkomuöryggi, ef friður og afvopnun kemst á og alþjóðleg samvinna og samhjálp leysir núverandi kalt stríð og innbyrðis baráttu þjóðanna af hólmi.

Öll þjóðleg erfð vor, saga vor, staða vor meðal annarra þjóða býður oss Íslendingum að skipa oss meðal þeirra þjóða heims, er boða hlutleysi, afvopnun og frið, — og frekar ber oss að skipa oss í forustu slíkrar fylkingar en dragast þar á eftir, er aðrir hafa rutt brautina.

Eftir þær þjóðfrelsisbyltingar, sem nú hafa losað þorra Afríku- og Asíuþjóða úr stjórnmálahelsi því, sem auðvald Evrópu hafði á þær lagt, er svo komið, að þær þjóðir heims, sem nú eru innan sameinuðu þjóðanna og ekki hafa skipað sér í ákveðið hernaðarbandalag, eru orðnar um 40, og er ekki annar hópur þjóða stærri að þjóðatölu en þessi, ef hann bæri gæfu til þess að standa saman og beita áhrifum sínum einhuga að ákveðnu verkefni.

Í hópi þessara ríkja eru aðeins 6 Evrópuríki (Austurríki, Finnland, Írland, Júgóslavía, Sviss og Svíþjóð), en því fleiri Evrópuríki, sem í þann hóp bætast, því meir mundi að þeim kveða á alþjóðavettvangi, sökum þess að einmitt í Evrópu og Norður-Ameríku hefur yfirdrottnunarstefna auðvalds yfir öðrum þjóðum heims verið hvað sterkust, svo sem vér Íslendingar höfum flestum Evrópuþjóðum fremur fengið að kynnast.

Um leið og ríkisstjórn Íslands samkvæmt þessari þingsályktun hæfi að undirbúa úrsögn Íslands úr hernaðarbandalagi Norður-Atlantshafsríkja og gera aðrar ráðstafanir til þess að gera landið hlutlaust á ný, þá bæri henni því að snúa sér til þessara ríkja, sem óbundin eru hernaðarbandalögum, og freista þess að koma á ráðstefnu þeirra. Það er þegar orðið ljóst, hvert vald þessi ríki hafa, ekki síst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, ef þau standa saman. Það er því engum efa bundið, að tækist þeim að finna sameiginlega lausn á höfuðvandamáli heimsins: algerri afvopnun til að útiloka heimsstríð, þá væru öll líkindi til, að slík lausn yrði samþykkt af öllum öðrum.

Það er því Íslandi verðugt verkefni á vettvangi alþjóða að vinna að því að koma slíkri afvopnun á ásamt öllum þeim öðrum ríkjum, sem engin kjarnorkuvopn eiga og miða eigi gildi sitt og áhrif við vopnavald.

Í því skyni, að oss Íslendingum megi auðnast að sameina krafta vora til þess að vinna að svo háleitu verkefni, er þessi tillaga fram borin.

Sögulegur aðdragandi þess, að Ísland hvarf frá hlutleysi til herstöðvar.

Það er nauðsynlegt, um leið og ákvörðun er tekin um að stefna að því, að hlutleysi verði tekið upp á ný sem stefna Íslands í friðarmálum, að gera sér ljósar allar aðstæður, er ollu því, að frá þeirri stefnu var horfið, og hvers vegna það er orðin hin brýnasta nauðsyn að hverfa að þeirri stefnu á ný.

Það eru nú liðin 42 ár, síðan Ísland varð fullvalda ríki og lýsti yfir herleysi sínu og hlutleysi í ófriði, en þessi mál höfðu lengi áður verið rædd af framsýnustu foringjum í sjálfstæðisbaráttu vorri, og hafði niðurstaða þeirra orðið sú, að Ísland

yrði að vera hlutlaust land og friðhelgt. Einkum hafði þetta borið mjög á góma í deilunum 1908.

Allan fyrri hluta þessa 42 ára tímabils, raunar allt fullveldistímabilið, datt vart nokkrum Íslending í hug, að land vort gæti horfið frá hlutleysisstefnunni. Hún var í augum flestallra Íslendinga sama og sjálfstæðið, — svo sem og í rauninni er rétt.

Hvernig ber það þá að, að Ísland skuli vera gert að herstöð og íslenzkir forráðamenn að einhverju leyti skuli samþykkja slíkt?

Upphaflega er þetta gert að Íslendingum forspurðum og síðar undir nauðung.

Það er nauðsynlegt að horfast í augu við þá sögulegu atburði nú af fullu raunsæi.

Þann 10. maí 1940 höfðu Bretar hernumið Ísland. Ríkisstjórnin og þjóðin mótmæltu því hernámi sem broti á hlutleysi Íslands.

Þann 9. júlí 1941 samþykkti Alþingi með 39 atkv. gegn 3 þann verknað ríkisstjórnarinnar að biðja um hervernd Bandaríkjanna, og höfðu þá bandarískir hermenn þegar gengið á land á Íslandi.

Hver var aðdragandi þess, að Alþingi var látið biðja um hernámið?

Þann 24. júní 1941 höfðu íslenzku ríkisstjórninni raunverulega verið settir úrslitakostir um að gera innan 24 klukkustunda samning við Bandaríkjastjórn um „hervernd“ landsins. Mótsagnakenndar yfirlýsingar um málið, útgefnar í London, Washington og Reykjavík, sýndu, að verið var að reyna að dylja bak við opinberar yfirlýsingar, hvað raunverulega hafði gerzt.

Hvað hafði gerzt?

Eins og þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Cordell Hull, viðurkennir í endurminningum sínum, þá hafði Bandaríkjastjórn rætt þetta mál við aðra aðila í marga mánuði, áður en hún sendi herlið til Íslands „Bandaríkjunum til verndar“ („in our own protection“), eins og hann orðar það, í júlí 1941.

Í september 1940 höfðu Bandaríkin og Bretland gert það samkomulag sín á milli, að Bretland afhenti Bandaríkjunum herstöðvar sínar í Vesturheimi: í Nýfundnalandi, Bermuda, Bahama-eyjum, Jamaica, St. Lucia, Trinidad og brezku Guyana, sumpart að „gjöf“, sumpart á leigu til 99 ára. Í staðinn fengu Bretar 50 gamla tundurspilla. Litlum efa var það bundið, að Brezka ríkisstjórnin átti einskis annars úrkosta en ganga að þessum „samningi“, svo illa sem hún þá var stödd og svo dýrmætir sem jafnvel gamlir tundurspillar voru henni þá.

En varð hún ekki að ganga að fleiru?

Varð hún ekki einnig að afhenda Ísland úr „áhrifasvæði“ Breta inn á áhrifasvæði Bandaríkjanna? Brezka stjórnin gat ekki afhent Bandaríkjastjórn herstöðvar til 99 ára á Íslandi, en hún gat fengið henni í hendur aðstöðu til þess að reyna að knýja slíkar herstöðvar fram.

Hinar mótsagnakenndu yfirlýsingar brezkra stjórnarvalda í júní—júlí 1941 benda á, að ekki séu enn öll kurl komin til grafar í þessu máli.

Brezki sendiherrann í Reykjavík er í bréfum til íslenzku ríkisstjórnarinnar látinn „ráðleggja“ henni að biðja um hervernd Bandaríkjanna, **því að brezki herinn verði að fara af Íslandi.** En Churchill segir í ræðu sinni í brezka þinginu 9. júlí, að íslenzka ríkisstjórnin hafi boðið Bandaríkjastjórn að setja her á land, brezka stjórnin geti ekkert við þessu gert, en muni hins vegar halda her sínum í landinu. Það er auðfundið, að brezka herveldinu sviður að verða að láta líka Ísland sem skiptimynt í óhagstæðum viðskiptum við Bandaríkin, en það reynir að dylja ófarirnar og láta sem ekkert sé.

Þann 1. okt. 1945 krefst svo Bandaríkjastjórn þriggja herstöðva á Íslandi til 99 ára: flugvallarins í Keflavík, lendingarstaðar fyrir sjóflugvélar við Reykjavík og flotastöðvar í Hvalfirði. Og um leið rýfur Bandaríkjastjórn „samninginn“ frá 1941 og heitið um að fara af landi brott að afloknu stríðinu.

Þá kom í ljós, hvað á bak við allt það bjó, er áður hafði gerzt og eftir átti að gerast.

Bandaríki Norður-Ameríku vildu tryggja sér herstöðvar og þar með raunveruleg yfirráð á Íslandi heila öld fram í tímann, hvað sem allri þróun mála liði annars í heiminum.

Þá var þetta hvorki tengt baráttu fyrir „lýðræði", Atlantshafsbandalagi né neinu öðru, sem síðar hefur verið haft að yfirvarpi. Þá var þetta óhulin eiginhagsmunakrafa ameríska herveldisins um yfirráð sér til handa.

Og það er — og hefur ætíð verið síðan — hið eiginlega innihald og tilgangur í þessu máli, hvernig svo sem reynt hefur verið að færa þetta í annan búning. Hernám Íslands eftir stríð og herstöðvarnar hér eru ávöxtur yfirdrottnunarstefnu ameríska stjórnarvalda, hvaða yfirskin og ógnanir svo sem hafa verið notaðar allan þennan tíma til þess að ná þessum ítökum til handa ameríska auðmannastétt.

Nýsköpunarstjórnin neitaði því veturinn 1945—46 eftir baráttu, sem síðar verður minnzt á, að verða við kröfu Bandaríkjastjórnar um herstöðvar til 99 ára. Ólafur Thors, forsætisráðherra þeirrar stjórnar, lýsti þessum kröfum og svari þjóðarinnar svo 20. sept. 1946 í þingræðu (Alþt. 1946, aukaþing, B. 140):

„Í fyrra báðu Bandaríkin okkur um Hvalfjörð, Skerjafjörð og Keflavík. Þau fóru fram á langan leigumála, kannske 100 ár, vegna þess að þau ætluðu að leggja í mikinn kostnað. Þarna áttu að vera voldugar herstöðvar. Við áttum þarna engu að ráða. Við áttum ekki svo mikið sem að fá vitneskju um, hvað þar gerðist. Þannig báðu Bandaríkin þá um land af okkar landi til þess að gera það að landi af sínu landi. Og margir óttuðust, að síðan ætti að stjórna okkar gamla landi frá þeirra nýja landi. Gegn þessu reis íslenzka þjóðin".

Þjóðin hélt sig staðfesta neitun á öllum herstöðvum með alþingiskosningunum 1946, er svo að segja allir frambjóðendur lýstu sig andvíga herstöðvum. (Sbr. og yfirlýsingu utanríkismálanefndar í nafni alls Alþingis 1946 við inngöngu Íslands í Sameinuðu þjóðirnar, fylgiskjal IV).

En Bandaríkjastjórn tekur nú að beita brögðum og blekkingum samfara ógnunum og fjármálavaldi til þess að ná því takmarki smátt og smátt, sem ekki tókst í einu áhlaupi 1945.

Keflavíkursamningurinn er samþykktur á Alþingi 5. október 1946 með 32 atkvæðum gegn 19 atkvæðum (10 sósíalista, 2 Alþýðuflokksmanna, 7 framsóknarmanna). Og raunverulega var þá þeirri hótun beitt af hálfu Bandaríkjastjórnar, að hún færi ekki með her sinn, nema þessi samningur (um að dulbúa herinn) væri gerður.

1947—48 eru ameríska auðvaldi tryggð efnahagsleg yfirráð á Íslandi með Marshallsamningunum, sem notuð eru til hins ýtrasta.

1949 er Ísland síðan látið ganga í Atlantshafsbandalagið — hernaðarbandalag voldugustu nýlendu- og auðdrottna heims — og hlutleysið í ófriði þar með afmáð. Þá greiddu 37 þingmenn atkvæði með inngöngunni, en 13 á móti: þingflokkur Sósíalistaflokksins allur: 10 þingmenn, 2 Alþýðuflokksmenn og 1 framsóknarmaður. Utanríkisráðherrann lýsti þá forsendum af hálfu samþykkjenda á þessa leið í viðtali við Morgunblaðið 22. marz 1949 um viðræður ráðherra við Bandaríkjastjórn:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf, og mundum því aldrei samþykkja, að erlendur her né herstöðvar væru í landi okkar á friðartímum. Dean Acheson utanríkisráðherra og starfsmenn hans skildu fyllilega þessa afstöðu okkar. Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus."

Þann 5.—7. maí 1951 gekk amerískur her á land á Íslandi. Yfirvarp hans var, að í Kóreu væri stríð. Fasistinn Syngman Rhee, einræðisherra, er flúið hefur nú landið með smán eftir ljótan glæpaferil, hafði í náinni samvinnu við ameríska hernaðarsinna og herforingjaklíkur komið af stað stríði við Norður-Kóreu. Ríkis-

stjórn Íslands hafði samtímis landgöngunni gert „varnarsamning“ við Bandaríkin, sem hana brast stjórnarfarslega heimild til. Alþingi var eigi kvatt saman, er þessir atburðir gerðust. Er þing kom saman um haustið, mótmælti þingflokkur Sósíalistaflokksins þessu stjórnlagarofi með yfirlýsingu (sbr. fylgiskjal V). En Sósíalistaflokkurinn hafði við hernámið gefið út ávarp til þjóðarinnar í þessu tilefni (sbr. fylgiskjal VI).

Þar með var komið upp opinberum amerískum herstöðvum á Íslandi — og enn býr þjóðin við spillingu og hættur þess hernáms.

Þessi þingsályktunartillaga er fram borin til þess að losa þjóðina að fullu og öllu við her, herstöðvar og þátttöku í hernaðarbandalagi.

Sú barátta, sem háð hefur verið síðustu 20 ár út af þessari hættu, sýnir og sannar, að það er í samræmi við vilja og þrá þjóðarinnar að verða aftur hlutlaus, losna við erlendan her og búa ein að landi sínu.

Barátta þjóðarinnar gegn her og herstöðvum.

Allan þann tíma, sem þessi ásókn amerísks auðvalds eftir íslenzkum herstöðvum hefur staðið, hefur verið barizt gegn þessu og sýnt fram á, hve gífurleg hætta var hér á ferðinni fyrir þjóðmenningu vora og þjóðfrelsi á friðartímum og sjálfa tilveru þjóðarinnar í stríði.

Einstaklingar, samtök og heilir stjórnmálaflokkar hafa háð þessa baráttu.

Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn — stóð gegn hernámssamningunum 1941, hindraði 99 ára hersetuna á árinu 1945 með því að hóta sprengingu nýsköpunarstjórnarinnar og hefur alla tíð staðið einbeittur gegn hernáminu, jafnt inngöngunni í Atlantshafsbandalagið 1949 sem hernáminu 1951. Í tæp 20 ár hefur sá flokkur og blað hans, Þjóðviljinn, barizt í fylkingarbrjósti gegn hersetu og þátttöku Íslands í hernaðarbandalagi fyrir hlutleysi og sjálfstæði landsins.

Finnbogi R. Valdimarsson afhjúpaði í blaði sínu „Útsýn“ 1945 tilræði Bandaríkjastjórnar við sjálfstæði Íslands, skipulagði þá baráttu, sem háð var um tíma gegn hernámi landsins af vinstra armi Alþýðuflokksins, og fylkti sér síðan í fremstu röð þeirrar baráttu annars staðar, eftir að hann gat eigi háð hana lengur í Alþýðuflokknum.

Málsmetandi menn úr öllum flokkum tóku þátt í þeirri baráttu, er háð hefur verið allt frá 1945. Sameinuðust þar jafnt stúdentar sem verkamenn og samtök þeirra sem aðrir góðir Íslendingar. Frá upphafi þeirrar baráttu er grein Ólafs prófessors Lárussonar um „Hervernd“ (fylgiskjal VII).

Um blaðið „Þjóðvörn“, sem hóf útkomu 1946, sameinuðust árið 1949 eftirfarandi menn í ritnefnd til þess að vinna að sama málstað: Friðrik Á. Brekkan, Hallgrímur Jónasson, Kristján Eldjárn, Jón Hjaltason, Jón Jóhannesson, Matthías Jónasson, Pálmi Hannesson, Sigríður Eiríksdóttir, séra Sigurbjörn Einarsson.

Þjóðvarnarflokkur Íslands lýsti því sem stefnu sinni allt frá stofnun, 1953, að vinna að brottflutningi hersins úr landinu og hlutleysi Íslands.

Alþýðubandalagið hefur, allt frá því að það var stofnað, 1956, barizt fyrir brottflutningi alls hers af Íslandi og úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og nú síðast í kosningastefnuskrá sinni 1959 orðað þá kröfu á eftirfarandi hátt:

„Stefnt sé að því að gera Ísland aftur hlutlaust land, án herstöðva og utan hernaðarbandalaga. — Ísland lýsi því yfir, að það kappkosti að ástunda vináttu við allar þjóðir nær og fjær og vilji af alhug leggja fram sinn skerf til þess að varðveita frið og boða sættir, hvar sem fulltrúar þess koma fram á alþjóðavettvangi.“

Á síðasta þingi flutti þingflokkur Alþýðubandalagsins, með sérstöku tilliti til þess, hvernig Bretland sem „bandamaður“ Íslands í Atlantshafsbandalaginu hefur hagað sér í landhelgismálinu, svo hljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar — með sérstöku tilliti til þess, að Bretar hafa með vopnavaldi brotið rétt á Íslendingum og að bæði þeir og Bandaríkjamenn hafa á alþjóða-

vettvangi beitt öllu áhrifavaldi sínu gegn því lífshagsmunamáli, sem 12 mílna fiskveiðilandhelgin er Íslendingum — að fela ríkisstjórninni að tilkynna nú þegar ráði Atlantshafsbandalagsins úrsögn Íslands úr bandalaginu og enn fremur að segja tafarlaust upp varnarsamningnum við Bandaríkin í því skyni, að allur her verði hið fyrsta á brott og herstöðvar á Íslandi verði lagðar niður.“

Hvað eftir annað hafa hin ýmsu landssamtök og félög gert samþykktir, er stefndu að því að fá herinn fluttan burt og landið á ný hlutlaust. Alþýðusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, stúdentasamtökin og fleiri hafa hvað eftir annað gert slíkar samþykktir.

Áhugamenn hafa hvað eftir annað komið upp samtökum til þess að vinna að þessum málum:

1953 voru mynduð slík samtök undir nafninu „Andspyrnuhreyfingin gegn her í landi“.

1958 voru stofnuð samtök rithöfunda og menntamanna til þess að berjast fyrir framkvæmd á samþykkt Alþingis 1956 um uppsögn herstöðvasamningsins og fyrir hlutleysi landsins. Hétu þau „Friðlýst land“.

Á yfirstandandi ári hafa vaxið upp ein víðtækustu samtök meðal þjóðarinnar, Samtök hernámsandstæðinga, sem þátt taka í menn og konur úr öllum flokkum og stéttum. Hundruð manna um allt land hafa verið kosin í sérstakar nefndir til þess að skipuleggja baráttuna fyrir brottflutningi hersins, afnámi herstöðva og hlutleysi Íslands. Þessi hreyfing vakti alþjóðarathygli með Keflavíkurgöngunni og var svo skipulögð með Þingvallafundinum 10. sept. 1960, er gaf út það ávarp til þjóðarinnar, sem prentað er sem fylgiskjal VIII.

Það er engum efa bundið, að það er því eigi aðeins í **þágu** þjóðarinnar allrar — lífs hennar, frelsis og heiðurs, að þessi þingsályktunartillaga er fram borin, heldur mun það og vera **vilji** meiri hluta þjóðarinnar, að stefnt sé að því marki, sem hér er mótað.

Fylgiskjal I.

Nokkur ummæli kunnra manna um kjarnorkustríð.

Albert Einstein:

„Ameríkumönnum finnst erfitt að trúa því, af því að þeir eru hugvitssöm þjóð, að engar fyrirsjáanlegar varnir séu til gegn kjarnorkusprengjum. En þetta er óhrekjanleg staðreynd. Vísindamenn vita ekki einu sinni um neitt svið, sem gefi oss von um viðhlítandi vörn.“

[Úr yfirlýsingu Einsteins 1946.]

„Ég hef beðið eftir réttri stundu til þess að hrópa viðvörunarorð mín út yfir veröldina. Ég mun leggja í hróp mitt alla þá orku, sem ég á enn eftir. Vetnissprengjan er leikfang djöfulsins.“

[Úr blaðaviðtali hans á 75 ára afmælisdaginn 1954.]

Albert Schweitzer:

„Yfir afkomendum vorum vofir mesta og skelfilegasta hættan. ... Þeir einir, sem aldrei hafa verið viðstaddir fæðingu vanskapaðs barns, aldrei þurft að vera vitni að því áfalli, sem móðir þess verður fyrir, og hlýða á kveinstafi hennar, geta dirfzt að halda því fram, að eins og málum sé nú háttað, verði að sætta sig við áhættuna, sem er samfara því að halda áfram tilraunum með kjarnorkuvopn.“

[Úr ávarpi hans frá Ósló 23. apríl 1957.]

Ávarp Nóbelsverðlaunahandhafa, frá Mainau 15. júlí 1955:

Vér undirritaðir erum vísindamenn úr ýmsum löndum, höfum ólík trúarbrögð, mismunandi stjórnmálaskoðanir. Að formi til tengir oss saman sá heiður að hafa hlotið verðlaun Nóbels. Með ánægju höfum vér helgað líf vort vísindunum. Það er að voru áliti leið til gæfuríkara lífs fyrir mennina. Vér lítum með skelfingu þá staðreynd, að einmitt þessi vísindi eru að gefa mannkyninu tæki til að afmá sjálft sig. Með því að beita til fulls í hernaði þeim vopnum, sem tiltækileg eru nú, er hægt að sýkja jörðina svo með geislaverkun, að heilar þjóðir séu afmáðar. Hlutlausir jafnt sem hernaðaraðilar geta dáið þannig.

Ef styrjöld brýzt út með stórveldunum, hver tryggir þá, að hún verði eigi slík banvæn barátta? Þjóð, sem leggur út í algert stríð, undirbýr sína eigin eyðingu og stofnar öllum heiminum í hættu.

Vér neitum því ekki, að ef til vill er friðnum við haldið í dag af ótta við þessi vopn. Engu að síður álítum vér það tálvon, ef ríkisstjórnir halda, að þær geti afstýrt ófriði til lengdar sökum ótta við þessi vopn. Ótti og spenningur hafa oft komið af stað stríðum. Eins finnst oss það tálvon að halda, að minni háttar deilur verði framvegis ætíð útkljáðar með gamaldags vopnum. Engin þjóð, sem er í ægilegri hættu stödd, mun neita sér um að nota hvaða vopn sem vísindi tækninnar geta framleitt.

Allar þjóðir verða að komast að þeirri niðurstöðu að afsala sér ofbeldi sem aðferð í stjórnmálum. Ef þær eru ekki reiðubúnar til þess, munu þær hætta að vera til.

Edgar Douglas Adrian lávarður,
Cambridge.
Kurt Alder,
Köln.
Max Born,
Bad Pyrmont.
Walther Bothe,
Heidelberg.
Percy William Bridgeman,
Cambridge.
Adolf Butenandt,
Tübingen.
Arthur H. Compton,
Saint Louis.
Henrik Dam,
Kaupmannahöfn.
Clinton Joseph Davisson,
Charlottesville.
P. A. M. Dirac,
Oxford.
Edward A. Doisy,
Saint Louis.
Gerhard Domagk,
Wuppertal.
Joseph Erlanger,
Saint Louis.
Hans K. von Euler-Chelpin,
Stokkhólmi.
James Franck,
Chicago.
Otto Hahn,
Göttingen.
P. S. Hench,
Rochester, Minnesota.
Gustav Hertz,
Leipzig.
Georg von Hevesy,
Stokkhólmi.
C. Heymans,
Gent.
Frederic Joliot-Curie,
París.
Irene Joliot-Curie,
París.
E. C. Kendall,
Princeton.
Sir Hans Krebs,
Oxford.
Richard Kuhn,
Heidelberg.
Max von Laue,
Berlín.
Fritz Lipman,
Boston.
A. E. Moniz,
Lissabon.
Paul Hermann Müller,
Basel.
H. J. Muller,
Bloomington.
William Murphy,
Boston.
Wolfgang Pauli,
Zürich.

Linus Pauling,
Pasadena.
C. F. Powell,
Bristol.
Sir Chandrasekhara Venkata Raman,
Bangalore.
Th. Reichstein,
Basel.
Bertrand Russel lávarður,
Richmond.
L. Ruzicka,
Zürich.
F. F. Sillanpää,
Helsinki.
Frederick Soddy,
Brighton.
W. M. Stanley,
Berkeley.
Herman Staudinger,
Freiburg.
Richard Laurence Millington Synge,
Bucksborn.
Max Theiler,
New York.
A. Tiselius,
Uppsölum.
Harold C. Urey,
Chicago.
G. H. Whipple,
Rochester.
Heinrich Wieland,
Starnberg.
Adolf Windaus,
Göttingen.
Hideki Yukawa,
Kyoto.
Fritz Zernike,
Groningen.

Úr ávarpi 9235 vísindamanna, afhentu Sameinuðu þjóðunum 15. jan. 1958:

„Alþjóðlegt samkomulag um stöðvun tilrauna með kjarnorkusprengjur gæti nú verið fyrsta stig til almennari afvopnunar og endanlegs raunverulegs afnáms kjarnorkuvopna, er afstýrði möguleika kjarnorkustríðs, sem yrði tortíming mannkyninu.

Vér eigum sameiginlegt með öðrum mönnum mikla umhyggju fyrir velferð allra mannlegra vera. Sem vísindamenn höfum vér þekkingu á hættunum, sem felast í kjarnorkunni, og því sérstaka ábyrgð á því að gera þær hættur kunnar. Vér álítum óhjákvæmilegt, að til tafarlausra aðgerða sé gripið til að koma á alþjóðlegu samkomulagi um stöðvun allra tilrauna með kjarnorkuvopn."

[Ávarpinu fylgdi bréf frá Linus Pauling, þar segir hann, að 36 handhafar Nóbelsverðlauna séu meðal undirritaðra, 101 meðlimur vísindaakademíu Bandaríkjanna, 216 meðlimir vísindaakademíu Sovétríkjanna, 35 meðlimir Royal Society í London o. s. frv.]

Fylgiskjal II.

19. grein sambandslaganna 1918.

„Danmörk tilkynnir erlendum ríkjum, að hún, samkvæmt efni þessara sambandslaga, hafi viðurkennt Ísland fullvalda ríki, og tilkynnir jafnframt, að Ísland lýsi yfir ævarandi hlutleysi sínu og að það hafi engan gunnfána."

Fylgiskjal III.

Ummæli nokkurra kunnra stjórnmálamanna og herforingja Atlantshafsbandalagsríkja.

„Eisenhower Bandaríkjaforseta varð að orði, er hann hafði fylgzt með heræfingum með kjarnorkuhernaðarsniði, að ef til slíkrar styrjaldar kæmi, yrðu allar varnir gagnslausar."

Dr. Albert Schweitzer í útvarpserindi sínu 29. apríl 1958.

„Jafnvel hin stærstu lönd munu, ef þau lenda í slíkri (kjarnorku-)styrjöld, hrapa niður á stig hinna frumstæðustu landa, máske á fáeinum dögum, vegna óstjórnlegs manntjóns og eyðileggingar framleiðslutækja."

Dr. Francis Perrin, yfirmaður franskra kjarnorkurannsókna, í apríl 1957 á fundi Efnahagssamvinnustofnunnar Vestur-Evrópuríkjanna (OEEC).

„Heimsstríð á þessari öld mun jafngilda útþurrkun og endalokum menningarinnar."

Sir John Slessar, hershöfðingi í brezka flughernum.

„Styrjöld, þar sem beitt er kjarnorkuvopnum, verður yfirleitt ekki nein þolraun, — heldur sjálfsmorð beggja aðila."

Tedder lávarður, flughershöfðingi Breta.

„Við höfum sýnt mikla dirfsku og ákveðið að reyna ekki að gera það, sem óframkvæmanlegt er. Við ákváðum að reyna ekki að verja landið, heldur einungis sprengjuflugvélastöðvarnar."

Duncan Sandys, landvarnaráðherra Bretlands, í ræðu í ágúst 1957.

„Viðurkenna verður hreinskilnislega, að eins og nú standa sakir getur ekki verið um að ræða að veita landsmönnum neina vörn gegn afleiðingum kjarnorkuárásar."

Hvítbók brezku stjórnarinnar 1957.

Fylgiskjal IV.

Í nefndaráliti utanríkismálanefndar, 23. júlí 1946, þskj. 11, segir út af inngöngu Íslands í Sameinuðu þjóðirnar og kvöðum 43. gr. sáttmálans:

„Sú grein áskilur meðlimunum samningsrétt við öryggisráðið um kvaðir skv. greininni, og leggur nefndin þann skilning í ákvæðið, að engar slíkar kvaðir sé unnt að leggja á íslenzka ríkið, nema að fengnu samþykki þess sjálfs. Íslendingar eru eindregið andvígir herstöðvum í landi sínu og munu beita sér gegn því, að þær verði veittar."

Fylgiskjal V.

Yfirlýsing þingflokks Sósíalistaflokksins, lesin af formanni hans á þingfundi 2. okt. 1951.

„Frá því Alþingi var slitið síðasta vor hafa gerzt þau tíðindi í landi voru, að stjórnarskrá lýðveldisins hefur verið brotin af ríkisstjórninni og landið verið ofurselt erlendum her, sem að undirlagi ríkisstjórnarinnar hefur hernumið landið.

Alþingi hafa með þessu stjórnlagarofi verið settir tveir kostir.

Annar er sá að sætta sig við framið ofbeldi. En engin aðgerð Alþingis eftir á getur löghelgað þann verknað, sem valdhafarnir auðsjáanlega óttuðust að aldrei fengist drýgður, ef þing og þjóð yrðu látin ráða því áður að lögum. Alþingi getur tekið þann kost og þar með kropið valdinu, svo sem það gerði á niðurlægingartíma þjóðar vorrar hinum fyrra. En aldrei getur það afsalað þjóðinni þeim rétti, sem hún var rænd með stjórnlagarofinu og hernáminu 5.—7. maí, réttinum til að ráða landinu og byggja það ein og frjáls.

Hinn kosturinn er sá að ómerkja aðgerðir ríkisstjórnarinnar og ógilda þar með þann hernámssamning, sem hún gerði við eitt sterkasta herveldi heims, eftir að hafa árum saman þegið fjárgjafir af ríki því og gert íslenzka ríkið þeim fjárgjöfum háð að hennar áliti.

Þessi er sú, leið, sem þjóð og þing fyrr eða síðar munu velja.

Baráttan á Alþingi mun því héðan af fyrst og fremst mótast af því markmiði, svo sem var á undanförnum öldum, að endurheimta til þings og þjóðar fullt vald yfir landinu og algert fjárforræði í hendur þjóðarinnar. Barátta Íslendinga mun því beinast fyrst og fremst gegn því herveldi, sem lagt hefur undir sig landið, og þeirri landstjórn, sem það heldur uppi með fé sínu og segir fyrir verkum.

Ég vil lýsa yfir því fyrir hönd Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins í byrjun þessa þings, að þeirri baráttu verður haldið áfram, unz sigur er unninn og hið erlenda herveldi verður að sleppa tökum á þjóð vorri og innrásarher þess að hrökklast burt af landi voru fyrir einhuga kröfum vopnlausrar en sameinaðrar þjóðar vorrar.

Þessa yfirlýsingu vildi ég flytja hinu fyrsta Alþingi lýðveldisins, sem nú hefur störf sín í hernumdu landi á friðartímum."

Fylgiskjal VI.

Ávarp til Íslendinga frá miðstjórn Sósíalistaflokksins 8. maí 1951.

Ríkisstjórn Íslands hefur með „samningi" við Bandaríki Norður-Ameríku kallað ameríska her inn í land vort og tryggt honum herstöðvar þær, er ameríska auðvaldið heimtaði af Íslendingum 1. október 1945 til 99 ára og Íslendingar neituðu þá um.

Samningsgerð þessi er brot á lögum og stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins. Samkvæmt lögum skal leggja öll mikilvæg utanríkismál fyrir utanríkismálanefnd. Samkvæmt stjórnarskránni, 21. gr., þarf samþykkis Alþingis við til að leggja slíkar kvaðir á land og þjóð, sem í þessum samningi felast. Samningur þessi er því hvorki löglega né siðferðislega skuldbindandi fyrir þjóð vora. Hann er einkasamningur spilltustu höfðingja landsins við framandi hervald, gerður á þeirra persónulegu ábyrgð.

Tilgangur þessa samnings af hálfu hins ameríska auðvalds er að leggja land vort undir sig til langframa og geta notað það sem herstöð til árása á meginland Evrópu. Tilgangur hinnar spilltu höfðingjaklíku lands vors með því að fá herinn inn í landið er að geta notað hann gegn íslenzku þjóðinni, — ef valdhafarnir álíta auði sínum eða völdum hættu búna.

Afleiðing þessa samnings getur á friðartímum orðið glötun frelsis vors, sjálfstæðis og þjóðernis, en á ófriðartímum kallar samningur þessi yfir landið hörmungar hernaðaraðgerða, eyðileggingu flestra efnahagsverðmæta og ófyrirsjáanlegt manntjón og gæti leitt til eyðingar lands og þjóðar, — allt á ábyrgð þeirra manna, er nú að þjóðinni forspurðri hafa tekið örlagaríkustu ákvarðanir í sögu hennar.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna gerir þennan samning við ríkisstjórn, sem hún hefur gert sér handgengna og háða með fjárgjöfum, er skipta hundruðum milljóna króna. Slíkir ráðherrar eru þess ekki umkomnir að geta komið fram sem sjálfstæðir aðilar fyrir Íslands hönd.

Þingmenn stjórnarflokkanna og Alþýðuflokksins eru kallaðir til Reykjavíkur til þess að gjalda jáyrði við þeim staðreyndum, sem gerðar eru. Samtímis eru bandarísk herskip að ósk Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra látin liggja í Reykjavíkurhöfn og amerískir hermenn hafðir í landi, eftir fyrirmynd Hendriks Bjelke höfuðsmanns við undirskrift Kópavogsskuldbindingarinnar. Þó mun það hernám hugans, sem forheimskunarmálgögnin hafa framið, hafa nægt til þess að tryggja

samþykki þingmanna Marshall-flokkanna, án þess að benda þyrfti þeim á byssustingina. En aðferðin er jafntáknræn fyrir ofbeldi ameríska auðvaldsins við Ísland og undirlægjuhátt keyptra þýja þess.

Í nafni íslenzku þjóðarinnar ákærum vér ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku fyrir að hafa sent vopnaðan her inn í friðsamt land, fyrir að níðast á fámennri, varnarlausri þjóð, til þess að ná landi hennar sem herstöð. Það dregur ekki úr sök bandaríska auðvaldsins á þessu níðingsverki gagnvart Íslandi, þótt auðvald Ameríku hafi náð slíkum tökum á valdhöfum lands vors með fjárgjöfum, blekkingum og grýlusögum, að það hafi getað látið þá undirskrifa fyrirskipanir hins ameríska hervalds og traðka á lögum og stjórnarskrá landsins.

Framkoma ríkisstjórnar Bandaríkjanna gagnvart þjóð vorri frá því árið 1941 hefur verið óslitin röð ofbeldis og svika á gefnum loforðum eða samningum.

25. júní 1941 er ríkisstjórn Íslands kúguð til þess með 24 klukkutíma úrslitakostum að afhenda Bandaríkjunum Ísland til hersetu.

Að stríði loknu reynir Bandaríkjastjórn 1. okt. 1945 að kúga Íslendinga, meðan hún enn hefur her í landinu, til þess að afhenda þrjá staði á landinu undir hennar yfirráð í 99 ár sem herstöðvar.

Þegar Íslendingar neita þessum yfirgangi, rýfur Bandaríkjastjórn samninga sína og neitar að fara burt með her sinn af landinu, nema Keflavíkursamningurinn sé gerður.

Eftir að Keflavíkursamningurinn er gerður 5. október 1946, taka Bandaríkin til að brjóta hann, hrifsa undir sig öll yfirráð á vellinum og svíkjast um að greiða Íslandi hundruð milljóna í tolla og skatta, sem þeim ber.

Þannig hefur ameríska auðvald ár frá ári aukið ágang sinn, eftir að undan því var látið 5. október 1946 unz nú er svo komið að Bandaríkin sölsa undir sig yfirráð íslenzkra atvinnumála, heimta að ráða kaupgjaldi Íslendinga, banna að Alþingi Íslendinga samþykki lög um hagsmuni landsmanna, — og knýja nú loks fram afhendingu landsins sem opinberrar herstöðvar.

Ameríkskir auðdrottnar hafa þannig með fláttskap og ofbeldi unnið að því á undanförnum áratug að leggja undir sig land vort í áföngum. Þeir hafa notið til þess aðstoðar spilltustu valdhafa landsins, svo sem Hákon gamli gerði forðum daga, er hann vélaði af oss frelsi vort.

En hvernig sem réttindum vorum er rænt og valdi þjóðarinnar yfir landinu hnekkt, þá mun þjóð vor aldrei viðurkenna það réttarrán, aldrei lúta því framandi valdi, sem nú er að sölsa Ísland undir sig.

Íslendingar! Örlagaríkustu atburðir í sögu þjóðar vorrar kalla oss til varðstöðu um málstað lands vors.

Hernám það, sem ameríska auðvaldið hefur nú framið, á að þess hyggju að vera langvarandi og leiða til fullkominnar undirokunar vor Íslendinga undir Bandaríkin.

Mætið þessu hernámi með þeirri mótspyrnu einni, sem vér fámennir og vopnlausir, friðsamir og frelsisunnandi getum veitt.

Látið ekki æðrast, þótt ofbeldi sé beitt, og látið ekki heldur ögra yður til verka, sem innrásarherinn mundi nota sem átyllu til frekari árása.

Berjizt um hvert atriði réttar vors til yfirráða í landi voru, þegar innrásarherinn hyggst ræna þeim rétti.

Standið saman um, að Íslendingar haldi óskertu dómsvaldi í landi sínu! Hindrið, að Bandaríkjamenn fái sjálfir að dæma í eigin sök, geri þeir sig seka um rán, nauðganir og manndráp eins og þeir gerðu hér síðast.

Standið saman um að hindra, að amerískt auðvald eða umboðsmenn þess leggi skatta á Íslendinga til þess að greiða herkostnað af innrás og hervirkjum Bandaríkjamanna í landi voru.

Standið órofa vörð um tungu vora, þjóðerni og menningu gegn þeirri skrílmenningu ameríska mammonsríkisins, sem nú gerir innrás í land vort.

Standið vörð gegn því hernámi hugans og hjartans, gegn forheimskuninni og þýlyndinu, sem leppblöðin og leppflokkar amerísks auðvalds boða, — því það hernám er öllu öðru hættulegra.

Íslendingar! Hefjizt handa, hver á sínum stað, til þess að vinna aftur það, sem nú hefur glatazt:

Vinna aftur land vort úr höndum ameríska auðvaldsins, — vinna það með því að sameina þjóðina í órofa fylkingu — gegn þeirri ríkisstjórn, sem svikið hefur Ísland í hendur erlends hervalds, — gegn því stórveldi, sem notað hefur sér varnarleysi og fámenni Íslands og fláttskap valdhafa þess til þess að níðast á því.

Full og óskoruð yfirráð Íslendinga yfir öllu landi voru og öllum málum vorum!

Burt með allan erlendan her af Íslandi!

Ísland fyrir Íslendinga!

Hvað sem á dynur, hvort sem hin nýja sjálfstæðisbarátta vor stendur lengur eða skemur, látið boðorðið forna sameina þjóðina á ný:

Aldrei að víkja frá algerum rétti vor Íslendinga einna til að ráða þessu landi og byggja það einir og frjálsir!

Fylgiskjal VII.

Hervernd
eftir Ólaf Lárusson prófessor.

Þegar Bandaríkjaflugmaðurinn varpaði kjarnorkusprengjunni á Hirosima í vor, gerðist atburður, sem valda mun mikilvægum þáttaskiptum í hernaðarsögunni. Fram til þess hafði hernaður verið tvíþættur, sóknarstríð og varnarstríð. Síðan kjarnorkusprengjan kom til sögunnar, er fyllsta ástæða til að ætla, að annar þessara þátta, varnarstríðið, muni hverfa að mestu eða með öllu. Allt bendir til þess, að eftirleiðis verði ekki um neina vörn að ræða í ófriði.

Gegn kjarnorkusprengjunni verður engri vörn við komið, og það er vafasamt, að mennirnir geti nokkurn tíma fundið upp varnir, er stoði gegn þeim. Þetta hafa vísindamennirnir, sem gerðu þær fyrstir, játað, t. d. Albert Einstein, og það er hverjum leikmanni auðskilið. Orkan, sem þar er leyst úr læðingi, er svo gífurleg, að öll mannaverk eru sem fis fyrir átökum hennar, hinar traustustu víggirðingar fá ekki veitt henni neitt viðnám.

En það eru fleiri hernaðarnýjungar komnar til sögunnar en kjarnorkusprengjan. Nú er svo komið, að enginn staður á jörðinni er lengur óhultur fyrir árásum. Flugsprengjur Þjóðverja hafa verið fullkomnaðar, og herfræðingar segja, að í ófriði muni eftirleiðis hægt að senda flugsprengjur með hraða ljóssins og með öruggri miðun milli hvaða staða á hnettinum sem er. Armorum vis (máttur vopnanna) nær nú til allrar jarðarinnar, vopnin taka hvert á land sem vera skal.

Saga hinna síðustu ára hefur sýnt það, að í ófriði er öllum vopnum beitt til hins ýtrasta, og af staðreyndum þeim, sem nú var getið, virðist mega ráða nokkuð um það, hversu ófriður mundi háður, ef sú vitfirring skyldi grípa leiðtoga þjóðanna, að þeir hæfu ófrið á ný. Ófriðarþjóðirnar mundu leggja allt kapp á að demba sem fyrst eins miklu af kjarnorkusprengjum og þeim væri frekast unnt yfir herstöðvar óvinanna, iðnaðarstöðvar þeirra og samgöngumiðstöðvar. Þær gætu sent þessi skeyti heiman að frá sér. Hvort skotstöðvar þeirra verða nær óvinunum eða fjær, mundi litlu eða engu máli skipta, sprengju, sem fer með hraða ljóssins, munar ekki um vegalengdirnar hér á jörðinni. Úrslitin mundu á því velta, hver skjótvirkari yrði, og mundi þá eigi verða reiknað með mánuðum eða vikum, dögum eða klukkustundum, heldur mínútum og jafnvel sekúndum. Sá, sem yrði fljótari til, hefði fleiri skotstöðvar og ætti meiri birgðir af sprengjum, mundi geta eytt land hins á skammri stundu og þó sjálfur hljóta mikil svöðusár og máske banvæn, ef óvinunum hefur gefizt stundar tími til þess að beita líka vopnum sínum. Stríðið

yrði skammvinnt, en mannskæðara og hryllilegra en nokkrar þær hörmungar aðrar, sem gerzt hafa í harmsögu mannkynsins fram til þessa.

Að sjálfsögðu mundi hver ófriðarþjóð reyna til þess fyrst og fremst að eyðileggja herstöðvar óvinanna. Þangað mundi fyrstu skeytunum verða beint, og hversu rammbyggilega sem um þær væri búið, mundu allar þær varnir reynast gagnslausar. Fáeinar sprengjur mundu nægja til að afmá þær með öllu og tortíma öllum lifverum, sem í þeim væru. Herstöðvarnar eru ekki lengur varnarstöðvar. Héðan í frá verða þær aðeins árásarstöðvar.

Sennilega líður ekki á löngu, þar til stórveldin ráða öll yfir kjarnorkusprengjum, og þjóð, sem ræður yfir því vopni, getur á skammri stundu útrýmt hvaða þjóð sem er, ef henni aðeins gefst ráðrúm til þess. Þetta er sverðið, sem hangir nú yfir höfuðsvörðum allra manna hér á jörð. Þannig varð „frelsið frá ótta“ (freedom from fear), sem mannkyninu var gefið fyrirheit um ekki alls fyrir löngu.

Þessi ógn vofir yfir öllum þjóðum. Þær eru allar jafningjar í hættunni, svo ótrúlegt sem það hefði virzt fyrir fáum mánuðum. Þær eru allar jafnvarnarlausar. Hin smæsta kotþjóð og hin stærsta stórþjóð eiga það jafnt yfir höfði sér, að þeim verði útrýmt með skjótu bragði. Aflsmunarins gætir nú aðeins í mættinum til að eyðileggja aðra.

Þannig standa sakir nú, en allir vita, hvílíkur hraði er í þróun tækninnar nú um stundir. Hin mikilvirkustu morðtól geta verið orðin úrelt, þegar minnst vonum varir, ekki svo, að varnir fáist gegn þeim, heldur á hinn veginn, að önnur enn mikilvirkari komi í þeirra stað.

Það þýðir ekki að loka augunum fyrir þessum staðreyndum, þótt óhugnanlegar séu, og þær hljóta að hafa mikil áhrif á sambúð þjóðanna hér á jörðu eftirleiðis.

Þegar stórveldi býður smáþjóð hervernd sína, þá er eðlilegt, að spurt sé: „Hvaða vernd getið þér veitt?“ Eins og nú er komið, verður þeirri spurningu eigi svarað hreinskilnislega á annan veg en þann, að í rauninni geti það enga vernd veitt, ef til alvörunnar kemur. Hversu öflugt herlið og hversu mikinn vígbúnað annan sem það hefði, mundi það þó ekki geta varnað því, að kjarnorkusprengjum yrði skotið eða varpað á hið verndaða land, og það mundi eigi kunna nein ráð til þess að eyða eyðileggingarmætti þessara vítisvéla eða draga úr honum. Herverndin mundi reynast hinni vernduðu þjóð harla fánýt.

En hún væri verri en fánýt, verri en engin. Verndarþjóðin mundi hafa herstöðvar á hinu verndaða landi. Ef hún lenti í ófriði, yrði landið ófriðarsvæði og herstöðvar verndaranna skotmark óvinanna. Hin verndaða þjóð yrði að taka afleiðingum þess, og þær gætu orðið henni harla þungbærar. Hugsum oss, að erlent ríki hefði herstöðvar, t. d. í Fossvogi, og að ríki þetta lenti í ófriði. Ein lítil kjarnorkusprengja, 1—2 kg, eins og þær, er varpað var á Japan, sem beint væri að þessari herstöð, mndi leggja hvert einasta hús í Reykjavík og Hafnarfirði í rústir og drepa allar lifandi verur, sem þar væru staddar. Hvað yrði um íslenzku þjóðina eftir slíkt áfall, jafnvel þótt hún yrði eigi fyrir neinum öðrum ófarnaði í styrjöldinni? Mundi henni þykja mikið til verndarinnar koma?

Það hafa þráfaldlega komið fram raddir um það, að vér Íslendingar værum svo vanmáttugir, að vér yrðum að halla oss að einhverju stórveldi og leita verndar þess. Vér gætum eigi varið oss sjálfir í ófriði. Það er satt, að vér getum eigi varið land vort, en nú er svo komið, að engin önnur þjóð er þess megnug að verja land sitt. Engin þjóð getur komið í veg fyrir það, að flugsprengjum sé skotið á land hennar eða að óvinaflugvélar fljúgi yfir það og varpi niður sprengjum. Ég las í dag í blaði grein úr enska blaðinu Observer, og er þar haft eftir sérfróðum vísindamanni, að 10 kjarnorkusprengjur mundu sálga öllum íbúum New York-borgar, og hvað mörgum sprengjum tókst flugmönnum Bandamanna að varpa á þýzku borgirnar í einni loftárás? Hvað varnarleysið snertir er oss nú orðið ekki vandara um en öðrum. Veikleiki vor er nú í því fólginn, að vér erum þess eigi megnugir að eyða

lönd annarra. Við þann veikleika sættum vér oss fúslega, því að vér höfum enga löngun til að gera öðrum þjóðum mein. Ég hefi hér að framan bent á það, að hverju haldi erlend hervernd mundi koma oss. Þeir menn, sem prédika um gagnsemi hennar fyrir oss, fara með staðleysu stafi. Verndin yrði oss gagnslaus, en slíkt samband við ófriðarþjóð mundi óhjákvæmilega gera oss að ófriðarþjóð og draga yfir oss allt það böl, sem því er samfara.

Ég veit vel, hverju þeir, sem fylgja því, að vér leitum undir verndarvæng einhvers stórveldis, muni svara þessu. Þeir munu segja, að oss sé nauðugur einn kostur. Ef vér eigi tryggjum oss þessa vernd sjálfir, þá muni einhvert annað herveldi taka land vort á sitt vald, hvað sem vér segjum, og oss sé betra að ráða því máli til lykta með vinsamlegu samkomulagi við þjóð, er oss sé geðfelld, en að vera hernumin gegn vilja vorum.

Vér getum eigi varnað því, að land vort verði hernumið, ef eitthvert herveldi telur sér þess þörf. En það er ekki víst, að vér séum nokkru bættari, þótt vér sjálfir felum öðrum að vernda oss. Eitthvert annað ríki getur orðið verndarríkinu yfirsterkara og hrifsað land vort úr höndum þess.

Margir munu telja það óhjákvæmilegt, að erlent herlið tæki sér bækistöðvar hér á landi, ef ófriður skyldi koma upp, þar sem yfirráðin yfir siglingaleiðunum um Atlantshafið skiptu máli. Hin síðari ár hefur mikið verið gert úr hernaðarþýðingu þeirri, sem Ísland hefði, vegna legu sinnar í miðju Atlantshafinu, og Bandamenn hafa gefið það fyllilega í skyn, að sér hafi verið mikill styrkur að því að hafa herstöðvar hér á landi, og skal ég ekki rengja það. Það var þó eigi fyrr en í síðustu heimsstyrjöld, að menn uppgötvuðu þetta, og hernaðarþýðing lands vors á sér því eigi langan aldur, og svo má fara, að hún vari eigi lengi. Það er hugsanlegt, að bardagaaðferðir og styrjaldarrekstur taki þeim breytingum, að herstöðvar hér á landi skipti litlu eða engu máli, jafnvel í baráttu um Atlantshafið. Vér skulum vona, að svo fari, og það er ýmislegt, sem bendir til þess. Flugþol flugvélanna eykst svo að segja með hverjum degi, og að sama skapi minnkar þörfin fyrir viðkomustaði. Hin nýju langdrægu og aflmiklu skottól hafa gert allar vegalengdir hér á jörðu þýðingarlausar. Og enn má benda á eitt atriði. Heimsstyrjöldin fyrri stóð í full 4 ár, hin síðari í nálega 6 ár. Allan þennan tíma þurftu Bandamenn að halda uppi stórkostlegum flutningum yfir Atlantshafið, flytja milljónaheri og ógrynni af alls konar varningi yfir hafið milli heimsálfanna. Þessar siglingar þeirra urðu greiðari og öruggari vegna þess, að þeir höfðu bækistöðvar hér á landi. Ef heimsstyrjöld brýzt út á ný, eru fullar ástæður til að ætla, að flutningaþörfin yfir hafið sjóleiðis verði miklu minni. Flugvélar mundu að nokkru leyti koma í stað skipa. Stríðið mundi verða mjög skammvinnt. Sigurvegararnir mundu eigi þurfa á miklum liðstyrk að halda til þess að hernema lönd hinna sigruðu þjóða, eftir að búið væri að eyða þeim að mestu. Það þyrfti ekki að flytja neina milljónaheri yfir hafið og því síður að halda árum saman uppi stórkostlegum flutningi hergagna og annarra nauðsynja. Allt mundi þetta leiða til þess, að hernaðarleg þýðing Íslands yrði minni en fyrr, og það mætti verða til þess, að þjóðin yrði látin í friði og fengi að standa fyrir utan hildarleikinn.

En það er einmitt hin eina von þjóðanna nú að fá að vera hlutlausar, ef til ófriðar skyldi draga. Í blöðum ýmissa smáþjóða og í ræðum stjórnmálamanna þeirra kvað það æði oft við, meðan á ófriðnum stóð, að hlutleysisstefna sú, er þær hefðu fylgt, hefði orðið þeim til tjóns, og að sjálfsagt væri að hverfa frá henni í framtíðinni. Síðan kjarnorkusprengjan kom til sögunnar, ber minna á því tali, og það mun mála sannast, að hlutleysisstefnan hafi aldrei átt meiri rétt á sér en nú, því að nú er hún orðin smáþjóðunum lífsnauðsyn, þar sem fokið er í öll skjól, sem þær áður gátu vænzt verndar í. Þessa skyldum vér Íslendingar gæta vel, ekki síður en aðrir. Smáþjóðirnar eiga ekki aðra ósk betri en þá að fá að vera í friði, fá að lifa lífi sínu og eiga land sitt óáreittar. Það er ekki til mikils mælzt, og oss finnst, að þeir, sem

stórir eru og hafa allt til alls og nóg af öllu, ættu að skilja þessa ósk hinna smáu og virða hana, og vér skulum vona, að þeir geri það. Stórveldin hafa nú háð tvær heimsstyrjaldir á einum mannsaldri. Þær hafa komið hart við margar smáþjóðir, sem ekkert hafa til saka unnið og engu hafa valdið um það, að stríðið brauzt út. Nú telja margir, að hilli undir þriðju heimsstyrjöldina, og allir eru á einu máli um það, að sú styrjöld muni verða óendanlega miklu geigvænlegri en hinar fyrri, og virtist þó ekki bætandi á ógnir þeirra. Allir eru sammála um það, að hin nýja styrjöld mundi hafa í för með sér hrun siðmenningarinnar, þessa mikla fjársjóðs, sem mannkynið hefur aflað sér með þrautum og erfiði á þúsundum ára og hafið hefur manninn upp frá því að vera dýr, bætt lífskjör hans og auðgað anda hans og gert heimkynni hans, guðs grænu og góðu jörð, smám saman að betri og betri dvalarstað. Þetta allt er nú í húfi og ef til vill jafnvel líf mannkynsins alls, og þegar svo er komið, getum vér, smáþjóðafólkið, með hinum fyllsta rétti krafizt þess af þeim, sem ráða friði eða stríði, að þeir láti nú staðar numið og slíðri sverðin og neyti þess valds, sem þeir hafa náð yfir öflum náttúrunnar, mönnunum til velfarnaðar og blessunar, en ekki til böls og tortímingar.

Fylgiskjal VIII.

Ávarp til Íslendinga frá Þingvallafundinum 1960.

Vér höfum komið hér saman til að andmæla hersetu í landi voru og vara þjóð vora við hinni geigvænlegu tortímingarhættu, sem oss stafar af herstöðvum.

Í rúm tuttugu ár höfum vér búið að landi voru í tvíbýli við erlendan her, öllu þjóðlífi voru til meins. Erlend herseta er ekki samboðin frjálsu þjóðfélagi. Áhrif hennar eru djúptæk á mál, menningu og siðferði þjóðarinnar, og má þegar sjá greinileg merki þess í aukinni lausung, fjármálaspillingu og málskemmdum. Annarlegar tekjur af dvöl hersins og viðskiptum við hann hafa komið gjörvöllu fjármálakerfi landsins úr skorðum. Siðgæðisvitund þjóðarinnar er að verða hættulega sljó, og æ fleiri ánetjast spillingunni og gerast samábyrgir um hana.

Íslenzk þjóð og erlendur her geta ekki búið saman í landinu til frambúðar. Annar hvor aðilinn hlýtur að víkja, nema báðum verði útrýmt samtímis.

Íslendingar hafa aldrei borið vopn á neina þjóð né lotið heraga. Þá sérstöðu vora meðal þjóða heimsins er oss bæði skylt og annt um að varðveita. Sjálfstæði vort unnum vér án vopna, og án vopna munum vér bezt tryggja öryggi vort á tímum sem þessum, þegar langdrægar eldflaugar og vetnisvopn hafa gert allar varnir úreltar.

Erlend herseta býður heim geigvænlegri tortímingarhættu, ef til átaka kemur milli stórveldanna. Á einni svipstund er unnt að granda lítilli þjóð sem oss Íslendingum, eins og vopnabúnaði er nú háttað. Og sérfróðir menn fullyrða, að styrjöld með vetnisvopnum gæti hafizt hvenær sem er fyrir einskæra slysni eða misskilning.

Þingvallafundurinn 1960 — skipaður kjörnum fulltrúum herstöðvaandstæðinga úr öllum héruðum landsins, úr öllum stéttum og flokkum — brýnir fyrir íslenzku þjóðinni að gera sér ljóst, að sjálf tilvera hennar og menning er í veði, ef herstöðvasamningnum við Bandaríkin verður ekki sagt upp hið bráðasta. Vér brýnum fyrir henni að gera sér ljóst, að hún er ekki lengur óhult í landi sínu, við friðsöm störf sín til sjávar og sveita, heldur er land hennar orðið hernaðarabili í átökum stórvelda og skotspónn í fremstu víglínu, ef til styrjaldar dregur. Vér bendum á, að þung ábyrgð hvílir á þeim mönnum, sem beita sér gegn því, að þessari ógnþrungnu hættu sé bægt frá þjóðinni.

Vér skorum á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að segja upp „herverndarsamningnum“ svonefnda við Bandaríkin þegar í stað og leyfa ekki framar herstöðvar á Íslandi.

Vér skorum á alla Íslendinga að sameinast um kröfuna um brottför hersins og ævarandi hlutleysi Íslands.

Vér, íslenzkir karlar og konur, úr öllum stéttum, úr öllum flokkum, strengjum þess heit á helgasta sögustað Íslands, Þingvelli, að beita til þess kröftum vorum og áhrifum, hvert í sínu byggðarlagi, að sú krafa nái fram að ganga sem allra fyrst.

Ed. 75. Frumvarp til laga [68. mál]

um, að ríkissjóður taki á sig greiðslu á erlendum lánum, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.

Flm.: Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða án endurgreiðslukröfu eftirtalin erlend lán, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja:

I. Lán vegna ræktunarsjóðs:
   1. Frá 1/9 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1951: $ 776 962.30.
   2. Frá 1/12 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1953: £ 182 015.0.0.
   3. Frá 15/6 1959 að telja: Vörukaupalán, tekið 1957: $ 1191 537.39.
   4. Frá 1/10 1959 að telja: Vörukaupalán, tekið 1958: § 646 748.40.
   5. Frá 1/10 1959 að telja: Vörukaupalán, tekið 1958: $ 281 712.49.

II. Lán vegna Byggingarsjóðs sveitabæja:
   1. Frá 1/9 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1951: $ 494 037.70.
   2. Frá 1/12 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1953: £ 126 485.0.0.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu fluttu sömu menn á síðasta Alþingi, en málið komst þá ekki lengra en til nefndar. Full var þörfin í fyrra á því að létta skuldabyrðar Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja. Ekki er hún minni nú, því að lengur verður þessu alls eigi frestað, nema stórtjón hljótist af fyrir það fólk, sem þessar stofnanir starfa fyrir.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu í fyrra og nægir til skýringar að endurprenta hana:

„Aldrei hefur verið við öðru búizt, þegar Ræktunarsjóður Íslands og Byggingarsjóður sveitabæja hafa verið látnir taka lán, en að ríkið þyrfti við og við að létta lánabyrðina.

Þessir sjóðir lána fé út með lægri vöxtum yfirleitt heldur en þeir verða að borga fyrir fé, sem handa þeim er aflað, — og lána það einnig oftast út (byggingarsjóður ævinlega) til lengri tíma.

Það hefur verið venja, að ríkissjóður hefur með nokkru millibili — eða þegar rekstrarhalli sjóðanna hefur farið að segja til sín — tekið kúfinn af skuldum þeirra, svo að þeir gætu starfað án halla. Annars mundu sjóðirnir hafa komizt í þrot með rekstur sinn, eins og eðlilegt er.

Árið 1953 ákvað Alþingi með lögum, að ríkissjóður skyldi létta:

1. af ræktunarsjóði ca. 14.4 millj. kr.
2. af byggingarsjóði ca. 14.4 millj. kr.

Eftir fjögur ár — eða 1957 — ákvað Alþingi aftur með heimild í fjárlögum, að ríkissjóður létti:

1. af ræktunarsjóði ca. 32.3 millj. kr.
2. af byggingarsjóði ca. 4.3 millj. kr.

Nú er enn svo komið, — sem enginn þarf að undrast, — að sjóðirnir búa við mikinn hallarekstur. Rekstrarhalli ræktunarsjóðs s. l. ár var kr. 3 066 000.00 og rekstrarhalli byggingarsjóðs kr. 1 892 849.42. Er því tími til þess kominn, að ríkissjóður hlaupi undir bagga, eins og venjulegt hefur verið og skylda hans er, þar sem sjóðirnir eru stofnanir ríkisins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ríkissjóður verði látinn taka á sig að greiða eftirstöðvar af fimm erlendum lánum fyrir ræktunarsjóð og tveim fyrir byggingarsjóð. Er tekið fram í frumvarpinu, frá hvaða degi greiðslurnar reiknist, og upphæðir eftirstöðvanna tilgreindar í þeirri erlendu mynt, sem á að borga lánin.

Árgjöldin af lánunum, reiknuð skv. nýrri skráningu íslenzku krónunnar, verða vegna ræktunarsjóðs ca. 10.8 millj. kr. samtals og vegna byggingarsjóðs ca. 3.1 millj. kr. Árgjöld þessi eru að sjálfsögðu þriðjungi hærri en þau voru s. l. ár vegna nýrrar gengisskráningar. Herðir sú skráning á nauðsyn þeirra aðgerða, sem hér er lagt til að strax verði gerðar.

Reiknast svo til, að halli sjóðanna sé úr sögunni um skeið, ef frv. þetta nær fram að ganga, en alls ekki lengra gengið með frv. en nauðsyn sjóðanna krefur.“

Nd. 76. Frumvarp til laga [69. mál]

um vega- og brúasjóð.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Björn Pálsson, Garðar Halldórsson, Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist vega- og brúasjóður.

2. gr.

Greiða skal af bifreiðum sérstakt innflutningsgjald og skatt, sem renna í vega- og brúasjóð, þannig:

a. af benzíni kr. 1.47 innflutningsgjald af hverjum lítra;
b. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, kr. 72.00 — sjötíu og tvær krónur — á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra;
c. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, kr. 180.00 — eitt hundrað og áttatíu krónur — í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra. Af vöru- og sérleyfisbifreiðum skal þó aðeins greiða kr. 135.00. Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr;
d. af bifhjólum kr. 120.00 — eitt hundrað og tuttugu krónur — árlega af hverju hjóli.

3. gr.

Hlutverk vega- og brúasjóðs er að annast kostnað við:

a. nýbyggingu þjóðvega,
b. endurbyggingu þjóðvega,
c. gerð fjallvega,
d. nýbyggingu nýbýla- og ræktunarvega,
e. byggingu brúa,
f. endurbyggingu gamalla brúa.

4. gr.

Alþingi skiptir fé sjóðsins á fjárlögum að fengnum tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt b- og c-liðum 2. gr. eru skólabifreiðar. Sama gildir um bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar. Enn fremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðar eingöngu af slökkviliði eða til sjúkraflutninga eða til aksturs á snjó.

Eigendur landbúnaðarbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt b-lið 2. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

6. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilgreingu á benzíni svo og önnur atriði, er þurfa þykir vegna innheimtu innflutningsgjalds og skatts samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Eindagi skatts þess, sem ræðir í b—d-lið 2. gr., er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar, sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu bifreiðamerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta ár á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt b—d-lið 2. gr. að réttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga, eða síðast var það, ef bifreið er ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

8. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

9. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—500 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Mál út af broti gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin a-, c- og e-liðir 1. málsgr. og 2. málsgr. 1. gr., 2. gr., 1.—2. málsgr. 3. gr., 1.—2. málsgr. 4. gr., 5. gr. og 7.—8. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., og 17. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skattar samkvæmt b—d-liðum 2. gr. skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1961. Á árinu 1962 skal ⅓ þeirra renna í vega- og brúasjóð, ⅔ hlutar í ríkissjóð. Á árinu 1963 skulu ⅔ hlutar renna í vega- og brúasjóð og ⅓ hluti í ríkissjóð.

Greinargerð.

Góðar og öruggar samgöngur eru undirstaðan undir eðlilegu viðskiptalífi og því veigamikill þáttur í nútíma þjóðfélagi, þar sem viðskipti þegnanna eru jafnmikil og ör og raun er á orðin. Ekki sízt eru samgöngubætur áhugamál þjóðar, sem býr í jafnstrjálbýlu landi og við Íslendingar.

Miklar framfarir hafa orðið í samgöngumálum þjóðarinnar á síðustu áratugum. Ber þar hvort tveggja til, að ný og betri samgöngutæki hafa komið til, svo sem betri skip, fleiri og betri bifreiðar og flugvélar, og að samgöngukerfið hefur verið skipulagt, aukið og bætt.

Mikið átak hefur verið gert í vegabótum hér á landi á síðustu áratugum, svo sem sjá má á því, að árið 1924 eru akfærir vegir taldir 612 km, en í árslok 1958 eru þeir taldir vera 10726.3 km. En þrátt fyrir þetta má telja, að verkefni í vegabótum séu nær því óþrjótandi, enda er ástand vega mjög víða lítt við unandi, þótt akfærir séu taldir. Er það augljóst, þegar á það er litið, að í árslok 1958 var 30% af þjóðvegum aðeins ruddir vegir og 8.9% ófærir bílum. Enn þá er því búið við algerar vegleysur. Enn fremur má á það benda, að elztu lögðu vegirnir eru einmitt þar, sem umferðin er mest, og því ekki gerðir fyrir þann fjölda bifreiða, sem um þá fer nú orðið, né þann þunga, sem orðinn er á stærstu bifreiðum. Endurlagning þeirra er því knýjandi nauðsyn.

Ástand sýslu- og hreppavega er þó mun verra, þar sem 19% af sýsluvegum og 34.8% af hreppavegum eru algerar vegleysur og um 40% ruddir vegir af þeim, sem akfærir eru taldir.

Þá skal á það bent, að allir vegir okkar eru malarvegir og því viðhaldsfrekir.

Sú þróun hefur átt sér stað hjá okkur síðustu árin, að bifreiðaeign landsmanna hefur farið ört vaxandi. Árið 1950 var tala bifreiða alls 10716, en 1959 20256 eða hefur nær tvöfaldazt. Þessi þróun hefur leitt til þess, að álagið á vegunum hefur vaxið mjög mikið síðustu árin, því að auk fjölda bifreiða hefur burðarþol fólks- og vöruflutningabifreiða aukizt mjög mikið og vöruflutningar á landleiðum vaxið að sama skapi. Þessi þróun hefur því kallað á aukið fjárframlag til samgöngubóta á landi, þ. e. til vega- og brúagerða.

Að sjálfsögðu hefur af hendi ríkissjóðs verið varið verulegu fé til vegamála, og skulu hér sem sýnishorn tekin eftirtalin ár, en þá voru veittar til þeirra neðangreindar fjárhæðir samkvæmt rekstraryfirliti ríkisreiknings, fjárlaga og fjárlagafrv. 1961. Þó eru þar teknar með 1960 og 1961 4 millj. kr. til vegamála á 20. gr. fjárlaga. Eru tölurnar þessar og prósenttölur, miðað við rekstrarútgjöld þessara ára:

1950	27.683 millj. kr.	10.4 %
1951	34.760 —	11.4 —
1960	94.964 —	6.9 —
1961	97.910 —	6.8 —

Af þessu sést, að dregið hefur úr framlögum til vega- og brúagerða í landinu í hlutfalli við rekstrarútgjöld ríkissjóðs. Hér er um að ræða þróun, sem við Íslend-

ingar getum ekki unað við og megum ekki una. Framlag til nýbyggingar þjóðvega og brúa hefur þó lækkað meira en þessar tölur benda til, þar sem fé til viðhalds þjóðvega hefur farið vaxandi. Þessi þróun er því fráleitari, þegar málið er skoðað nokkru nánar. Ríkissjóður hefur mætt þessum gjöldum að mestu með tolltekjum og sköttum af bifreiðum og rekstrarvörum til þeirra. Ef tímabilið 1949—1954 er athugað, kemur í ljós, að gjöldin eru nokkru hærri en tekjur ríkissjóðs af bifreiðum og rekstrarvörum til þeirra. Svo mun vera fram til ársins 1954. Hins vegar hefur það gerzt hin síðari ár, að tekjur ríkissjóðs af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra eru verulega hærri en gjöldin. Ef tekin eru þau ár, sem áður var vitnað til, kemur þetta greinilega í ljós.

Flutningsmönnum hefur að vísu ekki tekizt að fá yfirlit yfir áætlaðar heildartekjur ríkissjóðs af bifreiðum og varahlutum til þeirra árin 1960 og 1961, en miðað við, að aðrar tekjur en benzín og þungaskattur yrðu svipaðar og 1958, mundi dæmið líta þannig út:

1950	um	30	millj. kr.
1954	—	28	— —
1960	—	176	— —
1961	—	176.4	— —

Af þessu er ljóst, að dæminu hefur gersamlega verið snúið við síðustu árin, þar sem vegfarendur hafa raunverulega lagt ríkissjóði fé. Út af fyrir sig væri ekkert við því að segja, ef sæmilega hefði verið fyrir vegamálunum séð, en svo er ekki, eins og þegar hefur verið sýnt fram á. Auk þeirra verkefna, er áður eru nefnd, að koma þeim í vegasamband, er við vegleysur búa, breyta ruddum vegum í lagða, verður að hefjast handa um vegi úr varanlegu efni, þar sem umferð er mest. Framsóknarmenn fluttu á Alþingi í fyrra tillögu til þingsályktunar um stuðning ríkisins við varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum. Það er mál, sem bíður úrlausnar fyrr eða síðar. Öll þessi verkefni krefjast mikils fjármagns, en lausn þeirra er aðkallandi.

Eins og þegar er fram tekið, hefur fjárveitingu til vegamála hrakað stórlega þrátt fyrir stórhækkaðar tekjur af bifreiðum og bifreiðahlutum. Flutningsmönnum er ljóst, að hér stefnir að algerri kyrrstöðu um nýbyggingu þjóðvegakerfisins, og við það má ekki una, enda ómetanlegt tjón fyrir þjóðina, hvernig sem á er litið. Þessu verður að breyta, og að því stefnir þetta frv., og skal nú nokkur grein gerð fyrir því.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er stefnt að því, að tveir tekjustofnar, þ. e. innflutningsgjald af benzíni og þungaskattur af bifreiðum, verði látnir ganga til nýbyggingar í vega- og brúagerð.

Flutningsmenn frv. telja, að þróun síðustu ára hafi sannað það, að ekki verði séð fyrir eðlilegri fjárþörf til nýbyggingar í þjóðvegakerfi landsins, ef fjárveiting til þess á að ákveðast á fjárlögum hverju sinni, þess vegna beri að verja ákveðnum tekjustofni til nýbyggingar í þjóðvegakerfinu og ekki megi verja honum til annars. Flutningsmenn þessa frv. telja, að enginn hlutur sé eðlilegri en sá, að þeir, sem um vegina fara, verði látnir byggja þá upp, en að því stefnir þetta frv.

Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, mundi fjárveiting til framkvæmda í vegagerð hækka í ár um ca. 23 millj. kr.

Í öðru lagi verður, ef þessi háttur verður upp tekinn, hægt að gera framkvæmdaáætlun í vegagerð lengra fram í tímann en nú er, þar sem þá lægi nokkurn veginn fyrir frá ári til árs, hve mikið fé er til framkvæmdanna.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að stofna sérstakan sjóð, er annist nýbyggingu og endurbyggingu í þjóðvegakerfi landsins.

Um 2. gr.

Tekjur vega- og brúasjóðs eru innflutningsgjald af benzíni og þungaskattur af bifreiðum. Gert er ráð fyrir, að gjöld þessi verði óbreytt eins og þau eru nú.

Um 3. gr.

Í þessari grein greinir frá hlutverki sjóðsins, en það er nýbygging og endurbygging þjóðvega og brúa ásamt gerð fjallvega og nýbýla- og ræktunarvega. Með stofnun vega- og brúasjóðs félli að sjálfsögðu niður framlag ríkissjóðs til þessara mála.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að Alþingi skipti fé vega- og brúasjóðs á fjárlögum hverju sinni að fengnum tillögum vegamálastjóra, eins og nú á sér stað um framkvæmdarfé til vega- og brúagerða.

Um 5.—10. gr.

Greinarnar eru hliðstæðar ákvæðum um þetta efni í lögum um bifreiðaskatt o. fl., nr. 68/1949.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Enda þótt fjárveiting til vegagerðar hafi dregizt svo aftur úr sem sýnt hefur verið fram á í greinargerð hér að framan, þótti þó ekki rétt að hækka framlag til vegagerðar nú meira en nemur innflutningsgjaldi af benzíni vegna þeirrar rýrnunar á tekjum ríkissjóðs, er af frv. leiðir umfram minnkuð útgjöld. Þess vegna er frestað framkvæmd á því, að tekjur af þungaskatti renni til sjóðsins, þar til á árunum 1962—1964. Með því móti ætti þessi tekjumissir ekki að verða ríkissjóði tilfinnanlegur og ráðrúm til að bæta hann upp.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um athugun á möguleikum til fiskveiða við vesturströnd Afríku.

Flm.: Davíð Ólafsson, Einar Sigurðsson, Jón Árnason, Kjartan J. Jóhannsson, Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvaða möguleikar eru á, að íslenzk fiskiskip geti hafið fiskveiðar við vesturströnd Afríku.

Leiði sú athugun í ljós, að möguleikar á slíkum veiðum séu fyrir hendi, beiti ríkisstjórnin sér fyrir því, að tilraun verði gerð.

Greinargerð.

Merkileg þróun hefur á undanförnum árum átt sér stað í fiskveiðum í heiminum. Eitt einkenni þessarar þróunar er hin mikla aukning veiðisvæða, sem átt hefur sér stað. Stærri skip og stórbættur útbúnaður bæði til fiskileitar og veiða eiga hér veigamestan þátt.

Íslendingar hafa fylgzt með í þessari þróun. Á undanförnum árum hefur veiðisvæði togaraflotans íslenzka verið aukið mjög, og nægir í því sambandi að minna á miðin við Austur-Grænland og undan Nýfundnalandi. Hefur nær eingöngu verið um að ræða karfaveiðar á þessum nýju veiðisvæðum. Sameiginlegt öllum hinum

nýju karfamiðum er, að í upphafi hefur aflinn verið mjög mikill, en tiltölulega skjótt hefur tekið að draga úr honum, og síðan hefur aðeins verið um stopular veiðar að ræða. Hefur þróunin á yfirstandandi ári verið sérstaklega uggvænleg í þessu tilliti og hefur leitt til stórminnkandi afla togaranna.

Á undanförnum árum hafa ný skip í bátaflotanum farið stækkandi. Allmikið hefur verið byggt af skipum 150—250 rúml. Þessi skip eru of dýr, bæði í stofnkostnaði og rekstri, til þess að þau geti byggt afkomu sína eingöngu á veiðum hér við land. Má í því sambandi t. d. benda á, að Norðmenn eiga allmikið af slíkum skipum og gera þau út á síldveiðar við Noreg á veturna, en síðan til veiða á fjarlægum miðum, m. a. við Grænland og Nýfundnaland, auk síldveiða við Ísland. Hlýtur óhjákvæmilega að því að koma, að íslenzk skip af þessum stærðum leiti til fanga á fjarlægari mið.

Undanfarin ár hefur athygli manna beinzt mjög að hafsvæðinu undan vesturströnd Afríku, þar sem auðug fiskimið hafa fundizt. Virðist þar vera um að ræða fjölmargar fisktegundir, en ekki kannað til hlítar um magn þeirra né notagildi. Margar þjóðir hafa sent fiskiskip sín á þessi svæði, og fer sá floti ört vaxandi, sem þangað leitar. Er þar um að ræða veiðiskip frá löndum beggja vegna Atlantshafs og jafnvel allt frá Japan.

Snemma á þessu ári sendu Norðmenn rannsóknarleiðangur á þetta svæði og töldu árangur af þeim athugunum, sem þá voru gerðar, svo góðan, að þeir hafa nú nýlega sent þangað heilan flota skipa ásamt móðurskipi og rannsóknarskipi. Eru skipin af sömu stærð og þau skip, sem stunda veiðar við Grænland og Nýfundnaland. Takist þessi tilraun vel, er talið, að lengja megi úthaldstíma þessara skipa um 2—3 mánuði á ári.

Leiðangur þessi er farinn með stuðningi norska ríkisins, þ. e. a. s. ábyrgzt er viss upphæð á hvert skip.

Er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast sem bezt með því, sem þarna er að gerast. Við eigum talsverðan flota skipa, sem hentað gæti til veiða á þessum slóðum, bæði vélbáta og stóra togara.

Áður en ráðizt yrði í framkvæmdir, yrði nauðsynlegt að rannsaka allar aðstæður, og er eðlilegast, að slík rannsókn verði framkvæmd af hinu opinbera. Er því þessi tillaga flutt.

Ed. 78. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyt. á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Kjartan J. Jóhannsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „nálægt Bakka að Gautsdal“ í B. 75 komi: nálægt Bakka um Valshamar, Gautsdal og Ingunnarstaði á Vesturlandsveg við Tinda.
2. Á eftir B. 76 komi nýr liður:
   Borgarvegur: Af Vesturlandsvegi á Hrísmelum um Hafrafell að Borg.
3. B. 77 orðist svo:
   Gufudalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gröf, Hallsteinsnes og Djúpadal, um Grónes og Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
4. Á eftir B. 82 komi nýr liður:
   Trékyllisheiðarvegur: Af Strandavegi nálægt Bólstað um Trékyllisheiði í Kúvíkur.

5. Á eftir B. 88 komi nýr liður:
   Grunnavíkurvegur: Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúni í Grunnavík.
6. Á eftir B. 106 komi nýr liður:
   Hokinsdalsvegur: Af Arnarfjarðarvegi nálægt Dynjanda um Mosdal hjá Laugabóli til Hokinsdals.
7. Fyrir orðin „til Álftamýrar" í B. 108 komi: til Stapadals.
8. Á eftir B. 111 komi nýr liður:
   Botnsvegur: Frá Trostansfirði fyrir mynni Norðdals að Langabotni.
9. B. 116 orðist svo:
   Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri, um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita.
10. Aftan við B. 117 bætist: og þaðan um Hænuvík á Örlygshafnarveg við Geitagil.
11. Á eftir B. 117 komi nýr liður:
    Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá um Holt og Hreggsstaði að Siglunesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Liðin eru 5 ár, síðan vegalögum var síðast breytt. Á þessu tímabili hafa ýmsar aðstæður í samgöngumálum breytzt, og í mörgum héruðum landsins er nú brýn nauðsyn á að taka vegakafla í þjóðvegatölu, sem ekki var aðkallandi fyrir 5 árum.

Þá hafa möguleikar sumra sýslusjóða til þess að standa undir vegagerð rýrnað á síðari árum, og veldur það því, að óhjákvæmilegt er að taka nokkra sýsluvegi í þjóðvegatölu. Til þess að bæta úr þessum ágöllum samgöngumálanna er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við stærstu byggingarsamvinnufélögin í landinu endurskoða gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög.

Greinargerð.

Lögin um byggingarsamvinnufélög miða að því að veita því fólki sérstaka aðstoð, sem myndar með sér byggingarsamvinnufélag til þess að eignast þak yfir höfuðið. Hefur verið stofnaður fjöldi byggingarsamvinnufélaga og margir notið góðs af þeim samtökum.

Með lögum þessum eru félagsmönnum samvinnubyggingarfélaga veitt mikil réttindi, en um leið eru lagðar á þá miklar skyldur. Ekki er nema sanngjarnt, að þeir taki á sig nokkrar kvaðir, sem njóta sérstakrar aðstoðar hins opinbera til að eignast húsnæði. Um það má þó jafnan deila, hversu þungar þær kvaðir eiga að vera. Mikil reynsla er nú fengin af þessu skipulagi, og hefur sú reynsla ótvírætt sannað nauðsyn þess, að skipulagið í heild verði tekið til endurskoðunar. Í framkvæmd hafa félagsmenn samvinnubyggingarfélaga ekki notið nema að nokkru leyti þeirrar aðstoðar, sem lögin gera ráð fyrir, og hlýtur því eðlilega að vakna sú spurning, hvort ekki sé sanngjarnt, að kvaðirnar léttist að sama skapi. Mörg atriði koma til

greina í þessu sambandi og því hæpið að gera breytingar á einstökum atriðum án þess að athuga málið í heild. Sjálfsagt er, að samvinnubyggingarfélögin sjálf eigi aðild að slíkri endurskoðun, en þar sem þau eru ekki öll í einu landssambandi, er ekki hægt að haga samvinnunni við þau á annan hátt en þann að velja þau stærstu þeirra til samráðs.

Ed. 80. Frumvarp til laga [73. mál]

um stuðning við bændur til bústofnsaukningar og vélakaupa.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Karl Kristjánsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og efnalitlum bændum lán eða styrk til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu bráðabirgðalána og lausaskulda, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er:

a. 20 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu fjórum árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
b. 30 milljón króna lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

3. gr.

Bústofnslánasjóður veitir lán:

a. frumbýlingum og efnalitlum bændum til bústofnskaupa, enda hafi þeir of lítinn bústofn að dómi sjóðsstjórnar;
b. frumbýlingum og efnalitlum bændum til búvélakaupa;
c. efnalitlum bændum til að greiða víxilskuldir og aðrar lausaskuldir, er búrekstur þeirra fær ekki undir risið að mati sjóðsstjórnarinnar, enda séu slíkar skuldir eigi við nána venzlamenn lánsumsækjanda.

4. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru:

a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum — eða lausaskuldir hans séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum að óbreyttum ástæðum ókleift að standa við skuldbindingar sínar og reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli;
c. að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda;
e. að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum tryggingum:

1. gegn veði í fasteign;
2. gegn veði í vélum og verkfærum;

3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887;
4. gegn hreppsábyrgð;
5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.

Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.

6. gr.

Heimilt er stjórn bústofnslánasjóðs að veita lánsumsækjanda styrk úr sjóðnum allt að 30 þúsundum króna, enda verði búrekstri hans eigi að öðrum kosti komið á heilbrigðan grundvöll að dómi sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

8. gr.

Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 12 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

9. gr.

Umsóknir um lán og stuðning samkvæmt lögum þessum skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðsstjórnin ákveður.

10. gr.

Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 stjórnarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum flokki, en sá fimmti, sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

11. gr.

Bústofnslánasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi.

12. gr.

Bústofnslánasjóður skal vera í vörzlum Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbankinn hefur á hendi reikningshald fyrir sjóðinn, annast afgreiðslur lána, innheimtur á þeim svo og önnur nauðsynleg skrifstofustörf í því sambandi gegn þóknun, er ráðherra ákveður.

13. gr.

Árlega skal semja reikning bústofnslánasjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðendum Búnaðarbankans.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

Kostnað af framkvæmd laga þessara, þar með talin þóknun til stjórnarnefndarmanna, greiðir ríkissjóður.

15. gr.

Í reglugerð fyrir bústofnslánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja og eigi fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að settur sé á stofn sérstakur lána- og styrktarsjóður — bústofnslánasjóður — í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn, er hafi það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán eða stuðning til bústofns- og vélakaupa eða til greiðslu þungbærra lausaskulda, sem efnahag þeirra eru ofviða og standa í vegi fyrir því, að búrekstur þeirra komist á heilbrigðan grundvöll.

Samkvæmt því er hlutverk bústofnslánasjóðs í rauninni þríþætt, þ. e. a. s. í fyrsta lagi lánveitingar til bústofnskaupa, í öðru lagi lán til búvélakaupa og í þriðja lagi lán eða stuðningur til greiðslu óviðráðanlegra lausaskulda. Í sumum tilfellum fer þetta allt saman.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er ákveðið 50 millj. kr., þar af 20 millj. kr. óendurkræft framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ríkisábyrgð.

Fimm manna nefnd á að hafa á hendi stjórn sjóðsins og ákvörðunarvald um lánveitingar. Skulu fjórir nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, en hinn fimmti, sem jafnframt er formaður, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Þörfinni á þvílíkum lánum eða stuðningi, er að ofan greinir, verður tæplega í móti mælt. Mörgum bændum er bráðnauðsynlegt að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komizt sæmilega af og staðið straum af þeim margháttuðu framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á jörðum sínum. Og með jarðræktarframkvæmdum og aukinni vélanotkun hafa einmitt víða skapazt skilyrði til að framfleyta stærri áhöfn á hverri jörð en áður. En bústofn kostar mikið fé. Efnalitlir bændur hafa alls eigi það fé handa á milli, sem til þess þarf að festa kaup á hæfilegum bústofnsauka, allra sízt eftir hinar harkalegu efnahagsaðgerðir s. l. vetur. Og þeir eiga ekki heldur aðgang að sérstökum föstum lánum í því skyni. Á því þarf að verða breyting. Þeir þurfa að eiga kost á hagkvæmum lánum til bústofnsaukningar. Þörf frumbýlinga, flestra hverra að minnsta kosti, er þó enn þá augljósari. Kostnaður við bústofnun í sveit er mjög mikill og hefur stórlega aukizt á þessu ári vegna gífurlegra verðhækkana, vaxtaokurs og annarra opinberra aðgerða. Þeir munu þess vegna vera fáir frumbýlingarnir, sem hafa, eins og nú háttar til, ráð á nægilegu fjármagni til að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum og hæfilegum bústofni. Eins og nú er komið, er efnalausum mönnum í rauninni algerlega ókleift að reisa bú í sveit. En jafnvel þótt menn eigi dálitlar eignir, hrökkva þær hvergi nærri til bústofnunar í sveit við núverandi aðstæður. Og enn óyfirstíganlegri verða erfiðleikarnir, þegar hvergi er lán að fá nema með okurkjörum. Langflest ung hjón eiga því aðeins um tvennt að velja, að byrja búskap í sveit af vanefnum og með allt of litlum bústofni og rétta svo kannske seint eða aldrei úr kútnum eða þá að stofna til heimilis í kaupstað eða kauptúni, þótt hugur þeirra hafi fremur staðið til sveitabúskapar. Það er sannarlega ekki undarlegt, þó að þau velji oft síðari kostinn, og koma þar reyndar fleiri ástæður til greina. Má reyndar segja, að þau séu beinlínis til þess neydd, eins og nú standa sakir. Það er engum efa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum hin mesta hjálp þrátt fyrir ríkjandi öngþveiti og erfiðleika, ef þeir ættu kost á föstum, hagstæðum bústofnslánum. Slík frumbýlingslán mundu óefað stuðla að því þrátt fyrir allt, að fleiri hjón en ella reistu bú í sveit.

Tillögur um bústofnslán hafa nokkrum sinnum áður komið fram á Alþingi, enda þótt sýnilegur árangur þar af sé næsta lítill. Þó munu nú vera í gildi a. m. k. tvenn lagaákvæði, sem gera ráð fyrir bústofnslánum, þ. e. ákvæði l. nr. 31/1930,

um sveitabanka (bústofnslánafélög), og ákvæði l. nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þar sem ræktunarsjóði er heimilað að veita lán til bústofnsauka. Fyrri lögin hafa aldrei komið til framkvæmda, og heimild síðarnefndu laganna mun ekki hafa verið notuð, enda tæplega við því að búast, meðan ræktunarsjóðurinn hefur átt fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem honum voru fyrst og fremst ætluð. Bæði þessi lagaákvæði eru því óvirk að þessu leyti.

Þá er hér gert ráð fyrir því, að bústofnslánasjóður veiti frumbýlingum og öðrum bændum, sem á þurfa að halda, lán eða stuðning til nauðsynlegra búvélakaupa. Flestir, sem nokkuð þekkja til, munu sammála um, að búskapur verði ekki stundaður með neinum árangri nú á dögum nema með nauðsynlegum búvélum. Aðstaða þeirra bænda, sem ekki hafa nauðsynleg tæki og vélar, er algerlega vonlaus. En vélar hafa einmitt stórhækkað í verði vegna efnahagsaðgerðanna s. l. vetur, svo sem alkunnugt er og hér þarf eigi að rekja. Efnalitlum bændum er því ókleift að kaupa vélarnar nú, nema þeir eigi kost á hagkvæmum lánum í því skyni. En slík lán er nú hvergi að fá. Úr því vandræðaástandi er bústofnslánasjóði að einhverju leyti ætlað að bæta.

Á undanförnum árum hafa margir bændur lagt í fjárfrekar framkvæmdir, svo sem byggingar, ræktun, vélakaup o. fl. Þau föstu lán, sem kostur hefur verið á, hafa engan veginn nægt til greiðslu kostnaðarins við slíkar framkvæmdir. Allmargir þeirra hafa því safnað lausaskuldum eða orðið að grípa til bráðabirgðalána og þá oftast víxillána. Hjá mönnum hefur gætt bjartsýni og framkvæmdavilja. Einkanlega á þetta við um bændur, sem hafa verið að byrja búskap á þessum árum. Þeir hafa jafnframt jarðakaupum og framkvæmdum á jörðinni orðið að festa kaup á bústofni og vélum. Þeir hafa ekki átt völ á föstum lánum í þessu skyni. Hjá þeim hafa því óhjákvæmilega safnazt meiri eða minni lausaskuldir, ýmist í bönkum, verzlunum eða við einstaklinga. Við óbreyttar aðstæður hefðu langflestir þessara ungu bænda eflaust komizt klakklaust frá þessum skuldum. En vegna efnahagsaðgerðanna s. l. vetur hefur aðstaða þessara manna gerbreytzt. Hin stórkostlega vaxtahækkun og stórhækkaður framleiðslukostnaður hafa ásamt lánsfjárskorti gersamlega kippt fótum undan mörgum ungum bændum og kollvarpað öllum þeirra áætlunum um skuldagreiðslur og heilbrigðan rekstrargrundvöll á næstu árum. Ýmsum þeirra er um megn að standa undir víxillánum og öðrum vaxtaháum lausaskuldum. Það er blátt áfram hætta á, að sumir þeirra gefist upp og verði að hrökklast frá jörð og búi. Slíkt væri skaði, ekki aðeins fyrir þá sjálfa, heldur og í mörgum tilfellum fyrir lánardrottna þeirra og þjóðfélagið í heild. Hér er um aðkallandi raunverulegt vandamál að ræða, sem ekki þýðir að loka augunum fyrir. Það hvílir vissulega skylda á þjóðfélaginu til að rétta þessum mönnum hjálparhönd, því að vandræði þeirra stafa fyrst og fremst af opinberum aðgerðum — efnahagsaðgerðum núverandi ríkisstjórnar. Langflestir þessara manna munu rétta við og komast á kjöl, ef þeir geta fengið sæmilega hagstætt fast lán í stað víxilskulda og annarra kostnaðarsamra bráðabirgðalána. Þeir þurfa ekki á annarri aðstoð að halda. Efnahagur sumra mun hins vegar vera svo illa kominn af áðurgreindum ástæðum, að þeim nægir ekki lán. Þeir þurfa á frekari fyrirgreiðslu að halda, ef koma á búrekstri þeirra og fjárhag á sæmilega heilbrigðan og traustan grundvöll. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er gerð raunhæf tilraun til að leysa vandræði þessara manna, bæði með lánum og beinum styrk úr bústofnslánasjóði. Það er þó gert ráð fyrir því, að til beinna styrkveitinga komi ekki nema í algerum undantekningartilfellum.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að efla aðrar lánastofnanir landbúnaðarins og hækka fjárhæð einstakra lána, t. d. hjá veðdeild Búnaðarbankans, í samræmi við verðbreytingar og aðrar breyttar aðstæður. En þó að það sé gert, er það ekki nægilegt þeim mönnum til bjargar, sem hér eru hafðir í huga.

Einstakar frumvarpsgreinar þurfa ekki skýringa við.

Ed. 81. Frumvarp til laga [74. mál]

um jarðgöng á þjóðvegum.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Þar sem svo hagar til, að torfæra eða hætta er á þjóðvegi, sem ekki er auðveldara að ryðja úr vegi eða brúa á annan hátt, skal að undangenginni rannsókn og nákvæmri staðsetningu gera jarðgöng.

2. gr.

Fé til framkvæmda fæst þannig:

a. Ef jarðgöng eru ekki yfir 35 metra að lengd, skal kostnaður greiðast af fé því, sem á fjárlögum er veitt til vegarins.
b. Ef jarðgöng eru lengri en 35 metrar, skal kostnaður greiðast úr brúasjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jarðgangagerð á þjóðvegum er svo til ný hér á landi, aðeins áratugur síðan fyrstu og til þessa einu jarðgöngin voru gerð. Það vantar því alveg í löggjöfina ákvæði um, hvernig kostnaður af þeim skuli greiðast. Hér er stungið upp á, að með þau skuli fara eins og um algengustu torfæruna á þjóðvegum, óbrúaðar ár. Virðist í alla staði eðlilegt að fara eins að um þessa torfæru, hamra eða fjallseggjar, sem eru óbrúanlegar nema með því að gera jarðgöng í gegnum þær.

Þetta hefur verið athugað nokkuð og komið í ljós, að í sumum landshlutum eru engin stórfljót, sem þurft hefur eða þarf að brúa, en einmitt þar er aðkallandi að gera jarðgöng. Sums staðar er það meira að segja talin eina leiðin til þess að fá viðunandi vegi á milli byggðarlaga, sem þurfa að hafa sem beztar og öruggastar samgöngur sín á milli. Þannig hagar t. d. til á milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar og á milli Siglufjarðar og Skagafjarðar. Á þessum stöðum báðum hefur nákvæm mæling og staðsetning væntanlegra jarðganga þegar verið gerð af vegamálastjórninni. Einnig hefur komið mjög til álita að gera jarðgöng á vegi milli Hnífsdals og Bolungavíkur. Það er því orðið tímabært að ákveða, hvernig kostnaður skuli greiddur.

Vega- og brúagerðir eru sumpart greiddar með beinum framlögum úr ríkissjóði og að nokkru leyti með sérstökum skatti af benzíni. Þessi framlög haldast frá ári til árs og eru fjárhagsgrundvöllur þeirra vega- og brúaframkvæmda, sem gerðar eru í landinu. Þau einu jarðgöng, sem enn hafa verið gerð, gegnum Arnarneshamar, voru gerð fyrir framlag til vegarins, sem þau eru á. Virðist eðlilegt, að svo verði áfram um tiltölulega stutt jarðgöng, en um lengri jarðgöng er jafneðlilegt að greiða kostnað við þau úr brúasjóði.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur verið notuð olía til rykbindingar moldarvega í Bandaríkjunum og víðar erlendis. Nýlega er farið að blanda ofaníburð með sementi til þessa að fá betra slitlag, vantsheldara og ryklausara en annað.

Svíar hafa í allmörg ár notað olíu til að bera á moldarvegi til þess að gera þá ryklausa. Þar hefur þetta gefizt svo vel, að slíkir vegir eru nú víða í Svíþjóð. Norðmenn eru einnig byrjaðir á þessu og telja þetta gefa mjög góða raun. Virðist því orðið tímabært að gera tilraun með þetta hér.

Kalksamband það, sem nokkuð hefur verið notað hér, hefur verið til mikilla bóta, en reynzt nokkuð dýrt og stundum enzt illa. Hitt atriðið, að blanda sementi í ofaníburð, er nýrra af nálinni, en hefur þó nokkuð verið gert erlendis og talið gefast vel, þar sem vel hagar til. Þetta væri mjög athyglisvert hér, einkum af því að ofaníburður er hér sums staðar með miklu bindiefnisinnihaldi („pozzolan"), en það gæti sparað sementsnotkun, en blandan þó verið nægilega sterk. Virðist því að óreyndu líklegt, að þetta gæti gefizt vel, þar sem undirstaða er góð undir vegunum. Líklegt er, að allangur tími líði, þar til hægt verður að steypa eða malbika mikið af þjóðvegum okkar vegna kostnaðar, og er því mikilsvert að fá úr því skorið með tilraunum, hvort unnt er að fara þessa millileið, sem gæti verið til mikilla bóta og brúað bilið, þar til þjóðvegir yfirleitt verða steyptir eða malbikaðir án óbærilegs kostnaðar.

Ed. 83. Breytingartillögur [71. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Árnasyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Á undan 1. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir B. 10 komi nýr liður:
   Botnsdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Botnsárbrú um Litlabotn að Stórabotni.
2. Á eftir B. 11 komi nýr liður:
   Grafardalsvegur: Af Draghálsvegi hjá Geldingadraga um Dragháls að Grafardal.
3. Á eftir B. 12 komi nýir liðir:
   a. *Vatnshamravegur:* Af Skorradalsvegi neðan Miðfossa um Vatnshamra, Kvígsstaði og Heggsstaði á þjóðveginn hjá Skjólborg.
   b. *Sarpsvegur:* Af Skorradalsvegi hjá Fitjárbrú um Sarp og Efstabæ á Uxahryggjaveg fyrir framan Gilstreymi.
4. Á eftir B. 16 komi nýir liðir:
   a. *Katanesvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum um Katanes á Vesturlandsveg fyrir ofan Kalastaðakot.
   b. *Reynisvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Heynesi að Eystri- og Vestri-Reyni.
   c. *Hvítanesvegur:* Af Akrafjallsvegi um Hvítanes að Vallanesi.
5. Á eftir B. 21 komi nýir liðir:
   a. *Hvanneyrarvegur:* Frá þjóðveginum á móts við Hvanneyri að Hvanneyri.
   b. *Eyrarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk um Múlastaði og Eyri á Flókadalsveg hjá Skógum.
   c. *Bæjarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Brún um Bæ og Nýjabæ að Laugarholti.
   d. *Stórakroppsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá flugvellinum á Kálfanesmelum, yfir Geirsá, um Runna og Stóra-Kropp á Bæjarsveitarveg fyrir vestan Hamra.

6. Fyrir orðin „að Auðsstöðum“ í B. 23 (Reykdælavegur) komi: um Auðsstaði á Reykdælaveg hjá Uppsölum.
7. Á eftir B. 23 komi nýir liðir:
   a. *Hálsasveitarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Giljum á Borgarfjarðarbraut í Hálsasveit framanverðri.
   b. *Skáneyjarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Nesi um Birkihlíð að Skáney.
8. Á eftir B. 64 komi nýr liður:
   Snóksdalsvegur: Af Skógarstrandarvegi sunnan Miðár á Vesturlandsveg hjá Gröf í Miðdölum.
9. Á eftir B. 69 komi nýr liður:
   Neðribyggðarvegur: Af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi um Neðribyggð á þjóðveginn hjá Hellu.
10. Aftan við B. 72 bætist:
    með álmum: a) að Bjarnarstöðum, Þverdal og Kverngrjóti; b) að Kjarlaksvöllum.
11. B. 73 orðist svo:
    Hjarðarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals um Hjarðarholt á Laxárdalsveg hjá Svalhöfða.

Sþ. 84. Fyrirspurn [76. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar frá 18. maí 1960 um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 18. maí 1960 um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans?

Nd. 85. Frumvarp til laga [77. mál]

um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Björn Pálsson, Ágúst Þorvaldsson, Garðar Halldórsson.

1. gr.

Síðari málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 7½ millj. króna á ári næstu 25 ár.

2. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 40 þús. kr. á hvert býli, er greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu er lokið, sbr. 17. gr. Til þessara ráðstafana leggi ríkissjóður fram minnst 2 millj. kr. árlega.

3. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 38. gr., greiðir ríkissjóður 7½ millj. kr. á ári næstu 3 ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á verðlagi í landinu undanfarin ár og þó einkum vegna laga um efnahagsmál, sem samþykkt voru á þessu ári. Þessar verðlagsbreytingar valda því, að Landnám ríkisins skortir fé til að leysa þau verkefni, sem því eru ætluð. Samkv. 5. gr. laga um landnám er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins til að undirbúa ræktun lands vegna byggðahverfa og einstakra býla hækki úr 5 milljónum í 7½ milljón króna eða um 50%. Verðlag á girðingarefni og jarðræktarvélum mun hafa tvöfaldazt, síðan lögin voru samin. Veldur þetta því, að allur kostnaður við undirbúning jarðræktar stórhækkar. Eru því 7½ milljón nú tiltölulega lægri fjárhæð en 5 milljónir voru 1957. Þeir, sem reist hafa nýbýli, hafa fengið framlag til jarðræktar frá Landnámi ríkisins, allt að 35 þús. kr. Auk þess hafa þeir fengið 25 þús. kr. framlag til að reisa íbúðarhús eða alls 60 þús. kr. Þetta framlag hefur sennilega verið of lítið í byrjun, því að ýmsir, sem hafa byggt sér nýbýli, eru að gefast upp. Það gefur auga leið, að eins og verðlag er nú, er 60 þús. kr. framlag til að reisa nauðsynlegar byggingar á býli og rækta nægilega stórt tún allt of lítil fjárhæð. Verði frumvarp þetta samþykkt, fær sá, sem íbúðarhús reisir, 40 þús. kr. framlag og 50 þús. kr. til ræktunarframkvæmda. Þetta er að okkar áliti of lítill styrkur, en þó nokkur úrbót frá því sem verið hefur.

Á síðasta þingi var samþykkt lagaheimild til að veita bændum, sem hefðu þröngan fjárhag, jafnt framlag til að byggja íbúðarhús og þeir fá, sem reisa nýbýli. Slík framlög áttu að greiðast af því fé, sem Landnám ríkisins hefur til umráða samkvæmt 41. gr., en ekki var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu. Við höfum fengið það upplýst hjá landnámsstjóra, að í mesta lagi geti hann varið 750 þús. kr. til íbúðarhúsabygginga á eldri býlum á þessu ári og engu á næstu árum, nema fjárframlag samkvæmt 41. gr. verði aukið.

Verðlag á byggingarefni hefur hækkað um 50—70% á þessu ári. Þeir bændur, sem eru að byggja íbúðarhús nú eða eiga það eftir, eru yfirleitt efnalitlir og hafa erfiða aðstöðu. Þeir, sem betur eru staðir, hafa þegar byggt. Augljóst er, að fátækir bændur hafa ekki fjármagn til að reisa íbúðarhús án aðstoðar með því verðlagi, sem nú er. Í mörgum tilfellum hafa þessir bændur lagt mikið fé í ræktun, útihúsabyggingar og vélakaup. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er því óskynsamlegt að láta þau verðmæti fara forgörðum af því, að ógerlegt er fyrir þá að reisa íbúðarhús vegna þess, hve verðlag er óhagstætt. Það borgar sig því betur fyrir þjóðfélagið að leggja fram 1—2 millj. kr. næstu 3 ár til styrktar þessum bændum heldur en þeir yfirgefi jarðir sínar og tugmilljóna verðmæti verði ónýt. Við leggjum því til í þessu frumvarpi, að framlag ríkissjóðs samkvæmt 41. gr. verði hækkað úr 5 millj. kr. í 7½ millj. kr. næstu 3 ár vegna þess, að verkefni landnámssjóðs hefur aukizt, og einnig af því, að kostnaður við jarðrækt hlýtur að verða mun meiri en verið hefur.

Nd. 86. Frumvarp til laga [78. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Fríða Hjörleif Guðmundsdóttir, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. á Íslandi 11. september 1934.
2. Hannam, William Leifur, nemandi í Reykjavík, f. í Englandi 17. desember 1941.

3. Ipsen, Karl Christian August, bifvélavirki í Reykjavík, f. í Danmörku 7. nóvember 1908.
4. Ipsen, Guðrún Bjarnadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 8. júlí 1911.
5. Jacobsen, Fridlev, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 2. ágúst 1929.
6. Krause, Elfriede Else Marie, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 25. febrúar 1908. (Fær réttinn 16. júlí 1961).
7. Krause, Karl Heinz, verkfræðingur í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 9. september 1919.
8. Ploder, Johan Kurt, hljómlistarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 21. ágúst 1927.
9. Ulbrich, Erna Martina Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. júlí 1934.
10. Zoëga, Guðrún Ólafía Þórunn, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 28. október 1907.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. 472 á 74. löggjafarþingi, 17. marz 1955. Umsækjandi nr. 6 fullnægir þó ekki skilyrðunum fyrr en 16. júlí 1961, og er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að hann öðlist ekki réttinn fyrr en hann hefur fullnægt skilyrðunum.

Nd. 87. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til laga um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 25. okt. 1960.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Eðvarð Sigurðsson.
Davíð Ólafsson. Einar Ágústsson.

Sþ. 88. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa.

Flm.: Jónas Pétursson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra fram fara rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hvort skilyrði til hafnargerðar séu þar fyrir hendi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrædd. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

„Inn af Héraðsflóa liggur eitt af stærstu samfelldu byggðarlögum landsins. Það mun almennt talið eitt hið nauðsynlegasta fyrir byggðarlögin að eiga greiðan aðgang að höfn. En nú er svo háttað, að við Héraðsflóa er engin höfn, og hefur þetta víðlenda hérað því orðið að hafa öll aðalviðskipti yfir fjallvegi. Hér verður enginn dómur á það lagður, hvort fært reynist að leysa hafnarmál Fljótsdalshéraðs við Héraðsflóann, en öll rök virðast hníga að því, að réttmætt sé og nauðsynlegt að rannsaka það mál til hlítar. Má benda t. d. á stað einn yzt í Jökulsárhlíð, sem nefndur er Múlahöfn. Aðstaða mun þar að vísu mjög erfið á landi. Einhverjar athuganir munu hafa farið fram á nefndu svæði, sem hafa ekki virzt gefa jákvæða niðurstöðu. En við teljum hér um svo mikilvægt mál að ræða, að eðlilegt og nauðsynlegt sé, að fullkomin rannsókn fari fram."

Nd. 89. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 19 14. febr. 1951, um sveitarstjóra.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Garðar Halldórsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „500 íbúar" í 1. gr. laganna komi: eða atvinnurekstur er svo mikill, að störf oddvita séu að dómi ráðuneytisins mun meiri en almennt gerist.

2. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef tveir hreppar eða fleiri, sem hafa samtals fleiri en 500 íbúa, koma sér saman um að ráða einn sveitarstjóra sameiginlega, er þeim það heimilt. Fer sveitarstjóri þá með stjórn og framkvæmd mála hvers hrepps á þann hátt, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður, og á sæti á fundum hennar samkvæmt 6. gr. Um sveitarstjóra, sem ráðinn er á þennan hátt, gilda að öðru leyti ákvæði þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 19 1951 var hreppum, sem hafa fleiri íbúa en 500, heimilað að ráða sér sveitarstjóra, og hafa margir þeirra notfært sér þá heimild. En vafamál er að miða við íbúafjöldann einan. Til eru t. d. hreppar, sem hafa 500 íbúa eða færri, þar sem svo er ástatt, að fjöldi aðkomufólks dvelst þar tíma úr árinu vegna atvinnu sinnar. Atvinnurekstur sá, sem þar er um að ræða, og fjöldi aðkomufólksins hefur í för með sér mikil umsvif fyrir oddvita. Þá eru þess dæmi, að hreppar, sem hafa 500 íbúa eða færri, hafa með höndum framkvæmdir og rekstur fyrirtækja, sem oddviti þarf að hafa umsjón með. Þykir því rétt að bæta við 1. gr. laganna ákvæði þess efnis, að ráðuneytið geti heimilað hreppsnefnd að ráða sveitarstjóra, þar sem atvinnurekstur er svo mikill, að störf oddvita séu að dómi ráðuneytisins mun meiri en almennt gerist, þótt hreppurinn hafi ekki fleiri íbúa en 500. Þar sem svo stendur á, er líklegt, að sveitarstjóra yrðu falin ýmis störf, sem hreppurinn ella þyrfti að greiða fé fyrir sérstaklega eða vel gætu samrýmzt aðalstarfinu, þótt ekki væru þau beinlínis á vegum hreppsnefndar. Þyrfti ráðning sveitarstjóra þá ekki að hafa í för með sér útgjaldaaukningu fyrir hreppinn. En mikill ávinningur gæti verið að hafa í hreppnum mann, sem gæti gefið sig eingöngu að opinberum störfum af þessu tagi.

Það vita þeir, sem til þekkja, að störf oddvita fara stöðugt vaxandi, m. a. vegna margs konar upplýsingasöfnunar og skýrslugerðar, sem þeim er ætluð. En þeir,

sem veljast til oddvitastarfs, verða yfirleitt að sinna því sem aukastarfi og hafa oft lítinn tíma til þess. Uppi hafa verið raddir um að leysa þennan vanda með því að sameina hreppa. En ekki mun það mælast vel fyrir að svipta núverandi hreppsfélög sjálfstæði sínu og yfirleitt ekki ástæða til slíks. Hitt má telja sanngjarnt og eðlilegt, að leyfa þeim hreppum, sem það kynnu að vilja, að ráða sér í félagi sameiginlegan starfsmann til að hafa á hendi það, sem vinna þarf utan funda, án þess að vald hinna einstöku hreppsnefnda eða sjálfstæði væri í nokkru skert. Sveitarstjóri mundi þá hafa aðsetur eftir samkomulagi, en mæta á fundum þeim, sem hver hreppsnefnd héldi, og taka þar við fyrirmælum hennar. Hann mundi og afla þeirra gagna, er hreppsnefndirnar þurfa á að halda, er þær taka afstöðu til mála. Kaupgreiðslu til sveitarstjóra yrðu hreppsfélögin svo að skipta á milli sín með samkomulagi, um leið og ráðning er ákveðin. Rétt þykir að setja það skilyrði til samræmis, að hlutaðeigandi hreppar hafi fleiri en 500 íbúa samtals.

Þó að heimild sú, sem hér er um að ræða, um að ráða sveitarstjóra í félagi, verði að líkindum ekki mikið notuð fyrst um sinn, gæti hún e. t. v. einhvers staðar orðið til hagræðis nú þegar. Ef hún verður leidd í lög, er jafnframt dregið úr þeirri hættu, að menn, sem bezt eru færir um að vera oddvitar, skorist undan því vegna annríkis að taka að sér þessa trúnaðarstöðu.

Nd. 90. Frumvarp til laga [81. mál]

um áætlunarráð ríkisins.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist áætlunarráð ríkisins.

2. gr.

Hlutverk ráðsins er að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerðar skulu í samráði við ríkisstjórn.

Áætlanir þessar skulu vera tvenns konar:

1. Heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil.
2. Áætlanir um eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

3. gr.

Heildaráætlanir þær, sem um ræðir í 1. tölulið 2. gr., skulu miðaðar við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að auðlindir lands og þjóðar verði sem bezt hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga.
3. Að atvinnuvegir landsmanna verði efldir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreytilegast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn beztu hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar, mestu afkastagetu landsmanna og beztu nýtingu fáanlegra markaða og skapa þannig forsendur fyrir sem beztum lífskjörum þjóðarinnar.

Í þessum heildaráætlunum skal áætluð þróun hverrar atvinnugreinar, eins og bezt samrýmist heildarhagsmunum þjóðarinnar, svo og hver höfuðatvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að tryggja, að þeim tilgangi, sem vinna skal að samkvæmt þessari grein, verði náð.

Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðarþróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

4. gr.

Áætlanir þær, sem um ræðir í 2. tölulið 2. gr., skal gera um allan rekstur þjóðarbúskaparins fyrir ár hvert, bæði rekstur og þróun hinna einstöku atvinnugreina innanlands og viðskipti þjóðarinnar út á við.

Áætlanir þær, sem fjalla um tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd, skulu gerðar í samráði við ráðherra þann, sem fer með viðskiptamál, og skal síðan leggja þær til grundvallar fyrir viðskiptin á næsta ári. Þessar áætlanir skulu gerðar með það mark fyrir augum að ná sem hagstæðustum viðskiptum og greiðslujöfnuði við önnur lönd, skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á við og gera henni kleift að framfylgja heildaráætlununum um uppbyggingu atvinnulífsins og þeim fyrirætlunum um örugga og batnandi lífsafkomu almennings, sem unnið er að hverju sinni.

Á sama hátt skal áætlunarráð og við samningu áætlana sinna hafa samráð við hin einstöku ráðuneyti um hinar ýmsu atvinnugreinar, er undir þau heyra.

Áætlunarráðinu ber hins vegar ætíð að hafa heildarhagsmuni þjóðfélagsins fyrir augum og gæta þess, að í öllum áætlunum þess sé fullt samræmi, svo sem bezt fullnægir þeim tilgangi, er því ber að vinna að. Er ráðið því alls ekki bundið við tillögur hvers ráðuneytis í áætlunum sínum.

5. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal áætlunarráð vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins.

Til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga, skal áætlunarráð a. m. k. ársfjórðungslega boða til fundar með fulltrúum, er kosnir séu af eftirfarandi samtökum og stofnunum eða stjórnum þeirra til þess að mæta í slíku fulltrúaráði: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, raforkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur og áætlunarráð rétt til að bjóða fleirum. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina sem bezt um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtingu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar á grundvelli beztu rannsókna á hinum ýmsu sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.

6. gr.

Í þeim hlutum áætlananna, sem fjalla um vinnuafl og fjármagn til atvinnurekstrar og nýrra framkvæmda, skal eigi aðeins gerð grein fyrir, hver nauðsyn sé á hvoru tveggja og í hve ríkum mæli, heldur og hvernig útvega skuli, ef fyrirsjáanlegur skortur er á vinnuafli eða fjármagni. Skal áætlunarráð um þessi efni kappkosta að hafa gott samráð við verkalýðssamtökin, bankana og önnur þau samtök og stofnanir, sem framkvæmd áætlananna í þjóðarbúskapnum kemur síðan sérstaklega til að byggjast á.

7. gr.

Þegar áætlunarráð hefur lokið samningu þeirra áætlana, er um ræðir í 2. gr., skulu þær lagðar fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar.

Þegar ríkisstjórnin hefur staðfest slíkar áætlanir, er það síðan verkefni hennar, hinna einstöku ráðuneyta, seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins, undir

yfirstjórn ríkisstjórnarinnar, að sjá um framkvæmdina á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðað.

8. gr.

Áætlunarráði er heimilt að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

Fela má áætlunarráði starf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi að svipuðum verkefnum: atvinnumálanefndar ríkisins og rannsóknarnefndar á milliliðagróða — og skulu þá nefndir þessar lagðar niður.

Þá skal og fela áætlunarráði þau verkefni, sem Framkvæmdabanki Íslands nú hefur um áætlanir í fjárfestingarmálum, ráðleggingar til ríkisstjórnar í efnahagsmálum o. s. frv.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. hefur áður verið flutt á Alþingi, og er nánar gerð grein fyrir baráttunni um þetta mál á fylgiskjali I, sem er að mestu samhljóða greinargerð, er áður var flutt fyrir þessu máli.

Að þessu sinni skal því aðeins stuttlega bent á aðalástæðuna til þess, að þetta mál er nú orðið óhjákvæmileg ráðstöfun fyrir íslenzkan þjóðarbúskap, ef ekki á illa að fara.

Þrátt fyrir andstæðar skoðanir hagfræðinga um lausnir í efnahagsmálum Íslands sem og annarra þjóða, virðast þeir allir vera nokkurn veginn sammála um, að hin hlutfallslega mikla fjárfesting á Íslandi síðustu áratugi hafi eigi veitt í aðra hönd slíkar lífskjarabætur sem eðlilegt væri.

Hver er orsökin til þessa?

Segja má, að tvær höfuðorsakir valdi þessu:

1. Fjárfestingin hefur verið stjórnlaus, að undantekinni hinni mjög takmörkuðu tilraun, er gerð var á nýsköpunarárunum. Hver aðili hefur lagt í fjárfestingarframkvæmdir eftir áhuga sínum, getu, gróðavonum, valdadraumum, lánsmöguleikum o. s. frv. Nefndir ríkisins og bankar hafa stundum þvælzt fyrir, stundum aðstoðað, — en aldrei hefur verið unnið eftir fyrir fram gerðri heildaráætlun. Fjárfesting í bátum og togurum hefur að vísu verið ótvíræður hagur þjóðarbúinu, en skort hefur kerfisbundna, hnitmiðaða uppbyggingu hraðfrystihúsa, fiskimjölsverksmiðja, niðursuðu- og niðurlagningar-verksmiðja, er margfölduðu verðmæti fisksins, en væru um leið miðuð við að hagnýta þessi fyrirtæki til fulls á þann hátt, er gefur mesta möguleika til beztrar afkomu. Sama gildir um mikið af annarri fjárfestingu: of lítil orkuver, of litlar verksmiðjur, — allt of lítið fylgzt með í nýjungum iðnaðarins. Og allt hið stjórnlausa og skipulagslausa í fjárfestingunni, sem síðan gerir reksturinn dýrari, veldur því, að síðan er komið til verkafólksins og sagt: reksturinn borgar sig ekki, hann þolir ekki kaupið þitt, þú verður að lækka það. „Grísir gjalda, gömul svín valda“. — Það dettur engum nema fáráðlingum í hug, að launþegar muni sætta sig við það að bera afleiðingarnar af stjórnleysi í atvinnulífi þjóðarinnar, sízt þegar verkalýðurinn hefur hvað eftir annað varað við þessu ófremdarástandi og bent á úrslausnir.

2. Hin höfuðorsök þess, að lífskjarabætur hafa ekki orðið slíkar sem eðlilegt væri, er sú, að yfirstéttin í landinu hefur legið á því lúalagi að auka í sífellu verð-

bólgu undanfarin 18 ár og slegið með því tvær flugur í einu höggi: 1) rýrt kaupmátt launanna — og 2) skrifað niður í verðgildi lán þau, er atvinnurekendur fengu hjá ríkisbönkunum. Verkamenn hafa varizt þessari skipulögðu verðbólgu afturhaldsins með verkföllum, er leiddu til kauphækkunar, og með vísitölugreiðslu á kaup, en hafa þó ekki haldið í horfinu, svo sem tafla sú um kaupmátt launa, sem hér er birt sem fylgiskjal II, sýnir. — Keyrir þó fyrst um þverbak, þegar núverandi ríkisstjórn kom til valda og afnam vísitölu með lögum, en skipulagði hina ægilegustu dýrtíð.

Það er tilgangurinn með þessu frv., ef að lögum verður, að bæta úr því stjórnleysi, sem ríkt hefur um fjárfestinguna, en skipuleggja hana af fyrirhyggju og hagsýni miðað við þjóðarhag.

Reynsla þeirra landa, sem lengst hafa stundað áætlunarbúskap, svo sem Sovétríkjanna, er sú, að nú sé hægt að bæta raunveruleg lífskjör launþega um 6—8% á ári — og þá náttúrlega án verðbólgu, því að vörur fara sífellt lækkandi í hinum sósíalistísku löndum. Jafnhliða þessum kjarabótum er þar haldið uppi mikilli fjárfestingu.

Það er vitanlega eitt af því, sem áætlunarráð í samráði við ríkisstjórn verður að kappkosta, að skapa möguleika fyrir sífellda, örugga, árlega launahækkun og lífskjarabót hjá alþýðu manna. Slíkt er einn höfuðtilgangurinn með fjárfestingunni og allri stjórn á henni.

Fyrir íslenzka alþýðu og allt þjóðfélag vort er það orðin hin brýnasta nauðsyn, að tekin sé upp heildarstjórn á fjárfestingunni og sem mest komið á áætlunarbúskap í landinu.

Fylgiskjal I.

Saga þessa máls, sniðin upp úr eldri greinargerð um málið.

Frumvarpið um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stíga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróazt til þess ástands, sem þau nú eru í, einkum að því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins, — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

1. Kreppa auðvaldsskipulagsins knýr fram höftin.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálunum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum, og gjaldeyrisvandræðin margfölduðust. Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfiskútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting“ gjaldeyrisins hefur staðið síðan. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðarráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvaldsskipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa samkeppni“ hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarúrræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppnis-

kerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hagsmuni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta" gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

2. Alþýðan krefst heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun" hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu **eftir nákvæmri áætlun**, er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, **hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn**, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit."

Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka", ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin" á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegun nýrra skipa, að taka við af því „framtaki" útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun" atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbærastan rekstur, þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegun framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til

þess að koma heildarstjórn á íslenzkan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslenzks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi, en þau ákvæði urðu einungis pappírsákvæði, þegar áhrif amerískrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd, hefur þó enginn árætt aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug hefur verið búið við það millibilsástand, að ríkið tekur að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyðist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hefur lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn býður. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins“ ráða, hvaða tæki Íslendingar keyptu með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni.“

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvort tveggja var svikið. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil.“

Vorið 1957 lagði Einar Olgeirsson til, að við endurskipulagningu bankamálanna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sinnt.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það höfuðáherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

Nú stendur þjóð vor enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hafði tekizt, fyrir verk Alþýðubandalagsins í vinstristjórnarsamvinnunni, að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir stóðu þá. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sem hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þarf að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannsókna.

Af 4900 millj. kr. framleiðslutekjum þjóðarinnar er á árinu 1957 varið 1600 millj. kr. til fjárfestingar, og 700 millj. kr. fara til rekstrar ríkis og bæja. Aðeins 2600 millj. kr. voru eftir til neyzlu landsmanna. Það er lægra hlutfall en víðast hvar

annars staðar. Og skýrslur sýna, að fjárfestingin í hlutfalli við þjóðarframleiðslu hefur farið vaxandi, en neyzla í hlutfalli við þjóðarframleiðslu farið minnkandi:

	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
Neyzla í hlutfalli við þjóðarframl. (einstaklinga og stjórnarvalda)	79.3	80.6	86.0	81.7	77.4	74.0	71.6	72.9	70.4
Myndun fastra fjármuna í hlutfalli við þjóðarframl.	24.3	23.9	22.6	22.9	25.8	26.9	29.1	32.0	34.3

Og hið hörmulega er, að þessi fjárfesting er tilviljanakennd og stjórnlaus, óhugsuð og laus við að vera skiplögð frá því sjónarmiði að bæta lífskjör þjóðarheildarinnar sem mest, með því að auka hagnýta framleiðslu hennar, og vinnur því ekki nema að nokkru leyti það verk, sem er höfuðtilgangur hverrar fjárfestingar: að bæta og tryggja lífskjörin til frambúðar.

Hér fer á eftir skýrsla um ráðstöfun á þjóðarframleiðslu Íslendinga í krónum á hvern íbúa landsins á verðlagi 1957:

	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
Neyzla einstakl.	16640	14030	14470	13350	14730	15300	16100	16780	15590
— stjórnarvalda	3490	3770	3380	3160	3390	3510	3660	4030	4290
Fjármunamyndun	6160	5290	4700	4720	6150	6780	8860	8770	9360

Það er jafnnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvernig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn. Slíkt er ekki aðeins nauðsynlegt vegna sjávarútvegsins, sem öll afkoma þjóðarinnar byggist á, heldur og vegna þeirra stórframkvæmda, sem þjóðarinnar bíða á næstunni: stóriðju í krafti mikilla virkjana á fossum og jarðhita. Þjóðin hefur þegar beðið stórtjón af því, að lagt hefur verið í stórframkvæmdir án þess að tryggja henni rafmagn, áburðarverksmiðja sniðin of lítil, af því að ekki var hugsað um framtíðarrafmagn handa henni um leið.

Þjóðin er orðin óþolinmóð yfir þeim glundroða, sem ríkisafskipti án jákvæðrar skipulagningar skapa. Það er um það að ræða að stíga annaðhvort sporið áfram í átt til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum í þágu þjóðarinnar allrar — eða hvert sporið af öðru aftur á bak til þess stjórnleysisástands í efnahagslífinu, atvinnuleysis og fátæktar, sem var hlutskipti Íslendinga á kreppuárunum eftir 1930.

Það er ótvírætt, að stjórn eða stjórnleysi á fjárfestingu landsmanna hefur úrslitaáhrif á jafnt launakjör allra launþega sem á verðbólguna í landinu.

Skýrslur um launakjör verkamanna sýna, að kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarverkamanns er minni en hann hefur verið nokkru sinni síðan 1945, að tveim árum undanteknum, árunum 1951 og 1952 (sbr. fylgiskjal II). Það þýðir, að þrátt fyrir alla baráttu verkalýðsins frá 1948 til þessa dags hefur verkamaðurinn ekki megnað nema rétt að verjast áföllum að miklu leyti, en ekki getað bætt kaupmátt tímakaups síns. Það er þrennt, sem amar að honum: Í fyrsta lagi lætur auðvaldið aldrei neitt af sínum gróða, hvernig sem barizt er, — það bara veltir af sér afleiðingum kauphækkana yfir á þjóðfélagið með því að hækka verð framleiðslunnar og auka þannig verðbólgu. Í öðru lagi þjarmar of mikil og oft röng og óhagsýn fjárfesting að lífskjörum launþega. Tafla sú, sem hér er birt að framan, sýnir, hvernig fjárfestingin hefur vaxið á kostnað neyzlu allra landsmanna. Í þriðja lagi hefur svo frá 1948 til 1956 verið vanrækt að kaupa stórvirk framleiðslutæki til sjávarútvegsins, og er enn ekki búið að bæta þjóðinni upp afleiðingar þeirrar vanrækslu þrátt fyrir viðleitni síðustu ára og starf Alþýðubandalagsins á því sviði.

Jafnt ráðstafanir atvinnurekenda til þess að velta af sér kauphækkunum yfir á almenning í hækkuðu vöruverði sem og ráðstafanir ríkisvalds og bæjarfélaga undanfarinn áratug til að auka í sífellu álögur á almenning, bæði til aukinnar

eyðslu og fjárfestingar (taflan hér að framan sýnir, hvernig álögur ríkis og bæja vaxa á kostnað neyzlunnar) — eru höfuðundirrót verðbólgunnar á Íslandi.

Til þess að kjör alþýðu fari raunverulega að batna og verðbólgan sé stöðvuð, þarf samfara baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum kjörum að fara skynsamleg heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, fyrst og fremst að því er varðar fjárfestingarstefnuna, þannig að af framsýni sé ákveðið, hvaða atvinnugreinar skuli efla, í hvaða hlutfalli og hvernig.

Fylgiskjal II.

Hér birtist tafla yfir kaupmátt tímakaups 1945—1959, miðað við kaupmáttinn 1945. [Þess skal getið út af kaupgjaldi 1944, að í rannsókn þeirra hagfræðinganna Jónasar Haralz og Ólafs Björnssonar prófessors 1948 er kaupmáttur tímakaups (miðað við okt. 1938 = 100) 156 í des. 1947 og 155 í des. 1944]:

Kaupmáttur tímakaupsins.

Ár	Meðal-tímakaup Dagvinna kr.	Vísitala neyzluvöru (1945 = 100)	Vísitala tímakaups (1945 = 100)	Kaupmáttur tímakaups (1945 = 100)
1945	7.04	100.0	100.0	100.0
1946	7.92	112.5	112.5	100.0
1947	8.88	122.8	126.1	102.7
1948	8.74	125.9	124.1	98.6
1949	9.17	129.0	130.3	101.0
1950	10.39	159.8	147.6	92.4
1951	12.59	211.1	178.8	84.7
1952	14.30	239.1	203.1	84.9
1953	15.26	236.8	216.8	91.6
1954	15.34	239.7	217.9	90.0
1955	17.19	250.9	244.2	97.3
1956	19.11	279.3	271.4	97.2
1957	19.67	291.6	279.4	95.8
1958	21.30	312.5	302.5	96.8
1959	22.19	315.8	315.2	99.8

Meðaltímakaup: Miðað er við Dagsbrúnartaxta. Reiknað er meðaltal af tímakaupi, sem gilti hvern mánuð viðkomandi ár. Mánuðir lagðir að jöfnu. Sjúkrapeningar og orlofsfé innifalið.

Vísitala neyzluvöru: Miðað er við gömlu vísitöluna til marz 1959, eftir þann tíma við hina nýju. Húsnæðisliður vísitalnanna er ekki tekinn með, og ekki er heldur tekið tillit til breytinga á fjölskyldubótum né breytinga á tekjuskatti og útsvari „vísitölufjölskyldunnar."

Kaupmáttur tímakaupsins: Þegar miðað er við ársmeðaltal, verður árið 1947 hæst með vísitöluna 102.7. Á árinu urðu töluverðar breytingar, bæði á kaupi og verðlagi. Kaupmáttur var hæstur í júlí 1947, og vísitala kaupmáttar var þá 107.1 eða um 4.3% hærri en ársmeðaltalið.

Enn fremur birtist hér tafla um mánaðarlega breytingu kaupmáttar tímakaups á árunum 1947, 1955, 1958 og 1959:

Mánaðarlegar breytingar kaupmáttar tímakaups miðað við vísitöluneyzluvöru árin 1947, 1955, 1958 og 1959.

(Kaupmáttur árið 1945 = 100).

Mánuður	1947	1955	1958	1959	1960	
Janúar	100	90	97	109	99	
Febrúar	99	90	97	97	99	
Marz	103	91	96	99	98	
Apríl	101	102	96	100	93	
Maí	101	102	96	100	92	
Júní	101	101	100	100	89	
Júlí	107	100	97	99	88	
Ágúst	106	100	95	99	88	
September	107	102	95	99	88	(87.5)
Október	103	97	97	99	86.2	
Nóvember	105	96	96	99		
Desember	104	100	104	99		

Töflur þessar hefur gert Torfi Ásgeirsson, hagfræðingur, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um milliþinganefnd í skattamálum.

Flm.: Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd í skattamálum, sem semji frumvarp að heildarskattalöggjöf. Við samningu þessa frumvarps verði m. a. höfð þessi meginsjónarmið:

a. Að tekju- og eignarskattur og útsvör verði sameinuð og lögð á í einu lagi og renni í sameiginlegan sjóð ríkisins og sveitarfélaganna.
b. Að settar verði reglur um skiptingu tekjuskatts og eignarskatts þessa á milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar, enn fremur reglur um skiptingu á hluta sveitarfélaganna.
c. Að opinber gjöld fari aldrei fram yfir sanngjarnt hámark af hreinum tekjum gjaldenda.
d. Að veltuútsvar verði fellt niður.
e. Að skattstigi verði lögboðinn.
f. Að ríkisskattanefnd verði breytt í stjórnarvaldadómstól í skattamálum.
g. Að þyngd verði viðurlög við skattsvikum.
h. Að innheimta skatta verði færð á eina hönd.
i. Að skattar verði innheimtir með tímabilsgreiðslum.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis var borin fram á síðasta þingi, en náði þá ekki samþykki. Skattamál ríkisins og sveitarfélaganna eru yfirgripsmikil og vandmeðfarin. Sá háttur hefur tíðkazt hér á landi, að beinir skattar til ríkisins, t. d. tekju- og eignarskattur, eru á lagðir af skattstjórum og skattanefndum og innheimtir af bæjarfógetum og sýslumönnum. Útsvörin, sem eru aðaltekjustofn sveitarfélaganna, eru á lögð af niðurjöfnunarnefndum og hreppsnefndum, en innheimt á skrifstofum hinna ýmsu

sveitarfélaga. Þessi skipting beinu skattanna og hið tvöfalda álagningar- og innheimtukerfi, sem henni fylgir, er óeðlilegt, þungt í vöfum, dýrt í framkvæmd og bindur vinnuafl að óþörfu, sem mikil þörf er fyrir í framleiðsluatvinnuvegunum. Víða erlendis er búið að afnema þetta tvöfalda álagningar- og innheimtukerfi, og þykir hin nýja skipan og sameining skattanna hafa ótvíræða kosti umfram eldra skipulagið.

Það sjónarmið í skattamálum, að gjaldendur greiði sömu skatta af sömu tekjum og eignum án tillits til búsetu, er lýðræðislegast, sanngjarnast og veldur minnstum deilum. Sú skipan, sem hér hefur verið og er á þessum málum, þverbrýtur þessa meginreglu, þegnunum er stórlega mismunað eftir því, hvar þeir eiga búsetu, eins og sýnt mun fram á í framsögu.

Um réttláta skiptingu tekju- og eignarskatts þessa milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna er ekkert hægt að fullyrða að sinni. Þar kemur svo margt til greina, og yrði það verkefni væntanlegrar milliþinganefndar að gera tillögur um hana. Hins vegar telja flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar eðlilegt, að hluta sveitarfélaganna af skatti þessum verði skipt þeirra í milli eftir sömu reglum og hluta sveitarfélaganna af söluskatti er nú skipt.

Þá þykir sjálfsagt, að í lög verði tekin ákvæði, er tryggi, að aldrei verði hægt að krefja gjaldanda um hærri opinber gjöld hverju sinni en hreinum tekjum nemi, eins og nú er hægt að gera, enda verði skattaeftirlit skerpt frá því, sem nú er, og viðurlög við skattsvikum þyngd.

Veltuútsvörin, eins og þau eru hér tíðkuð, munu vera íslenzkt fyrirbæri, sem enga hliðstæðu á erlendis. Rökstuðningurinn fyrir þeim er sá hjá mörgum, að þau séu nauðsynleg nauðvörn sveitarfélaganna gegn undandrætti tekna í atvinnurekstrinum. Sé slíkt rétt, þá hljóta veltuútsvörin að verka sem viðbótarskattur á alla þá mörgu aðila í atvinnurekstri, sem telja rétt og heiðarlega fram. Auk þess má benda á, að skattyfirvöld hafa heimild til að áætla tekjur og eignir hjá þeim gjaldendum, sem skila tortryggilegum framtölum.

Sjálfsagt er að lögbjóða skattstiga og lögfesta sérstakar lækkunarástæður, svo að ljóst liggi fyrir almenningi, hvernig skattar hans séu ákveðnir.

Það væri auðvelt að benda á marga aðra ágalla núgildandi fyrirkomulags í skattamálum sveitarfélaganna og ríkisins og ótvíræða kosti þess skipulags, sem hér er lagt til að upp verði tekið, en það verður látið bíða og að því vikið í framsöguræðu.

Sþ. 92. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Halldór E. Sigurðsson, Karl Kristjánsson, Einar Ágústsson, Garðar Halldórsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að undirbúa löggjöf um það, hversu semja skuli fyrir ár hvert og fyrir nokkur ár í senn áætlun um framleiðslu og framkvæmdir í landinu með tilliti til vaxandi fólksfjölda, nauðsynlegra framfara og jafnvægis í byggð landsins. Skipa skal í nefndina einn mann eftir tilnefningu hvers þingflokks og bankastjóra Framkvæmdabankans, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Þjóðinni fjölgar nú ört. Hún er og vill vera á framfaraleið. Landið og miðin umhverfis það búa yfir miklum möguleikum. En vinnuafl og fjármagn á sín tak-

mörk. Nauðsyn ber til þess, að þjóðin og þeir, sem forustu hafa í málum hennar, geri sér grein fyrir því á hverjum tíma með nokkrum fyrirvara, að hverju skuli stefna í framleiðslu og framkvæmdum og hvernig þeim skuli haga, hvað óhjákvæmilegt sé og æskilegast, hvað helzt megi mæta afgangi og hvers vænta megi, ef með forsjá er á málum haldið. Með skipulagi þarf jafnframt að tryggja jafnvægi í byggð landsins. Nokkrum sinnum hafa verið kosnar eða skipaðar nefndir til að gera áætlanir á afmörkuðu sviði, og sumar ríkisstofnanir hafa gert slíkar áætlanir um starfsemi sína. Í því sambandi hafa verið gerðar athuganir, rannsóknir og tillögur, sem geta orðið til mikils gagns, ef rétt er á haldið. Nú virðist tími til þess kominn, að þau vinnubrögð verði upp tekin, að jafnan verði samin heildarframleiðslu- og framkvæmdaáætlun (landsáætlun) fyrir hvert ár og fyrir nokkur ár í senn og að reynt verði að fara eftir henni, svo sem tök eru á. Í sambandi við framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þarf svo sennilega að gera viðbótaráætlanir, t. d. neyzluáætlun, áætlun um vinnuafl á hverjum tíma, gjaldeyrisáætlun o. fl. Þessi verkefni eru svo mikilvæg og vandasöm, að ákveða verður í löggjöf, hvernig um þau skuli fjalla og hverjir þar skuli að vinna. Lagt er til, að nefnd verði falið að undirbúa slíka löggjöf.

Nánar í framsögu.

Sþ. 93. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um fjáröflun til byggingarsjóða.

Flm.: Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson, Garðar Halldórsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega nú þegar byggingarsjóði ríkisins það lánsfé, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt til að bæta úr brýnustu þörfum; enn fremur að útvega nú þegar byggingarsjóði Búnaðarbankans fé til þess, að hann geti bætt úr aðkallandi þörfum vegna íbúðabygginga í sveitum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga efnislega samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Er tillagan því flutt hér á ný, sökum þess að því fer mjög fjarri, að vandamál það, sem henni var ætlað að ráða bót á, hafi verið leyst.

Á árinu 1960 hefur til þessa aðeins verið úthlutað lánum að fjárhæð 45 millj. kr., eða lægri fjárhæð en tíðkazt hefur að lána úr sjóðnum árlega, síðan lög um hann voru sett, að árinu 1959 einu undanskildu.

Augljóst er, hve víðs fjarri fer því, að lánaupphæð þessi sé viðunandi nú, sérstaklega þegar þess er gætt, hversu byggingarkostnaður hefur stóraukizt á þeim árum, sem sjóðurinn hefur starfað.

Sérstaklega hefur hækkunin orðið tilfinnanleg á þessu ári, þar sem byggingarefni hefur hækkað gífurlega í verði af völdum gengislækkunar og söluskatts.

Þá hefur kostnaður allur vaxið risaskrefum vegna vaxtahækkunar þeirrar, sem lögfest var með lögum nr. 4/1960, svo að fyrirsjáanlegt er, að greiðsluþrot fjölmargra húsbyggjenda eru á næsta leiti, ef ekki verða fundnar leiðir til úrbóta nú þegar. Þarf að vera hægt að gera hvort tveggja, að veita þeim umsækjendum lán, sem enga úrlausn hafa fengið til þessa, og hækka lánsupphæð til manna, sem sýnilega eru að tapa eignarhaldi á húsum sínum vegna fjárskorts.

Í tillögu þessari er ekki bent á ákveðnar leiðir til fjáröflunar, en þar getur verið um ýmsar leiðir að ræða, eins og framsóknarmenn hafa áður bent á í tillögum sínum. Rétt þykir að gefa ríkisstjórninni frjálsar hendur að þessu sinni um að

velja leiðir þær, sem hún telur heppilegastar og framkvæmanlegastar í þessu skyni, enda á hún að hafa bezta aðstöðu til að gera það.

Nánar í framsögu.

Ed. 94. Frumvarp til laga [85. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Bjargráðasjóður er allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því.

Það er hallæri, ef sveitarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum eða skepnum frá harðrétti eða felli.

2. gr.

Árlegar tekjur bjargráðasjóðs eru þessar:

a. Framlag sveitarfélaga, er skal vera 5 krónur fyrir hvern meðlim sveitarfélagsins, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrárinnar 1. des. næsta ár á undan.
b. Framlag ríkissjóðs, er nemur 5 krónum fyrir hvern mann, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrárinnar 1. des. næsta ár á undan.
c. Vextir af fé sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands og formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist úr sjóðnum.

4. gr.

Bjargráðastjórn hefur á hendi alla stjórn sjóðsins, reikningshald hans og annað það, er sjóðinn varðar. Rétt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra, sem annast þá í umboði stjórnarinnar allt reikningshald og daglega afgreiðslu á vegum sjóðsins.

Bjargráðastjórn skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

5. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins og endurskoðendur ríkisreikninganna skulu endurskoða reikningana án sérstaks endurgjalds, og skal þeirri endurskoðun vera lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Sveitarstjórn skal lúka framlagi til bjargráðasjóðs, sbr. 2. gr. a., á manntalsþingum. Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og skila því til sjóðsins eigi síðar en 1. október ár hvert.

Framlag ríkissjóðs, sbr. 2. gr. b., greiðist sjóðnum fyrir 30. júní ár hvert.

7. gr.

Helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur, samkvæmt 2. gr. a, skal vera séreign þess kaupstaðar, er framlagið greiddi, eða sýslu vegna þeirra framlaga, sem hreppar sýslunnar hafa greitt, og leggjast vextir af því fé við séreignina. Annað fé sjóðsins, sbr. 2. gr., skal vera sameign allra landsmanna.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóði.

8. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu áliti bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætta er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

9. gr.

Bjargráðastjórn er heimilt:

a. að veita sveitarfélögum og sýslufélögum styrk eða lán út sjóðnum, ef um er að ræða hallæri í sveitarfélaginu eða sýslunni vegna óvenjulegra harðinda, langvarandi aflaleysis eða vegna tjóns af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu.
b. að veita einstaklingum, sem fyrir tjóni hafa orðið af náttúruvöldum, styrk eða lán úr sjóðnum, enda hafi ekki verið vátryggt fyrir tjóninu. Lán skal tryggt með ábyrgð sveitarfélags eða annarri öruggri tryggingu.

Ef handbært fé sjóðsins verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu styrkja eða lána, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, er stjórn sjóðsins heimilt að veita sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra og sýslufélögum lán gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

10. gr.

Fé bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara, skal ávaxtað í banka með ríkisábyrgð.

11. gr.

Sá, sem óskar láns eða styrks úr bjargráðasjóði, samkvæmt 9. gr. a—b, skal senda sjóðstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal. Bjargráðastjórn getur krafizt upplýsinga varðandi slíkar beiðnir frá þeim aðilum, sem slíkar upplýsingar geta veitt, og er þeim skylt að veita þær, svo sem föng eru á.

12. gr.

Nú hrekkur fé sjóðsins eigi til þess að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur, sbr. 9. gr. a—b, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði.

Tryggja má slík lán með veði í eignum og tekjum sjóðsins.

13. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 19 2. marz 1950, um Bjargráðasjóð Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkomulag hefur orðið milli bjargráðastjórnar og stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga um frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Helztu breytingar, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eru þessar:

1. Framlag sveitarfélaga og ríkissjóðs til bjargráðasjóðs hækkar verulega eða úr 2 krónum í 5 krónur fyrir hvern mann hjá hvorutveggja, sveitarfélögunum og ríkissjóði. Þannig verður að gera ráð fyrir því, að árlegt framlag ríkissjóðs hækki úr kr. 360 000.00 í kr. 900 000.00, ef miðað er við áætlað framlag ríkissjóðs á árinu 1961. Sama hækkun verður á samanlögðum framlögum sveitarfélaganna.
2. Sú breyting verður á stjórn bjargráðasjóðs, ef frumvarpið verður að lögum, að í stjórnina bætist einn maður frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, svo að stjórnin verður þá skipuð fjórum mönnum í stað þriggja eins og nú er.
3. Samkvæmt núgildandi ákvæðum skipar ráðherra framkvæmdastjóra bjargráðasjóðs, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að sjóðstjórnin ráði framkvæmdastjórann, sjá 4. gr. frumvarpsins.
4. Loks er gert ráð fyrir því í 9. gr. frumvarpsins, að stjórninni sé heimilt að veita sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra og sýslufélögum lán úr sjóðnum, ef handbært fé hans verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu styrkja eða lána, sem verið hefur hlutverk sjóðsins að veita hingað til.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 19/1950.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir framlögum til sjóðsins frá sömu aðilum og verið hefur, sjá 2. gr. og 3. gr. laga nr. 19/1950, en framlögin hins vegar hækkuð verulega, svo sem áður er gerð grein fyrir.

Um 3. gr.

Hér eru ákvæði um skipun sjóðstjórnar, sbr. 4. gr. 1. mgr. laga nr. 19/1950. Eins og áður segir, er með frumvarpinu lagt til, að formanni Sambands íslenzkra sveitarfélaga verið bætt í stjórnina.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar fjalla um verksvið bjargráðastjórnar, sbr. 5. og 6. gr. núgildandi laga nr. 19/1950. Svo sem áður er tekið fram, er hér lagt til, að stjórnin ráði sé framkvæmdastjóra, en samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 189 2. nóv. 1951, um Bjargráðasjóð Íslands, skipar félagsmálaráðherra bjargráðasjóði forstjóra.

Þetta ákvæði haggar að sjálfsögðu ekki skipun núverandi forstjóra sjóðsins á meðan hans nýtur við.

Um 5. gr.

Það eru nýmæli í þessari grein, að settir eru frestir fyrir reikningsskilum og endurskoðun, svo og ákvæði um birtingu reikninga sjóðsins.

Ákvæði þessi geta naumast orkað tvímælis, og reynsla hefur sýnt, að slík ákvæði eru nauðsynleg.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. svara til ákvæða 7. gr. laga nr. 19/1950, og ákvæði 2. mgr. virðist eðlilegt.

Um 7. gr.
Efnislega samhljóða ákvæðum 9. gr laga nr. 19/1950.

Um 8. gr.
Grein þessi er samhljóða 1.—2. mgr. 12. gr. laga nr 19/1950.

Um 9. gr.
Ákvæði a- og b-liða um veitingu lána og styrkja eru að efni til hin sömu og nú gilda, sjá 11. gr. og 13. gr. 1. mgr. laga nr. 19/1950.
Nýmæli eru í 2. mgr., sem áður er vikið að.

Um 10. gr.
Þarfnast ekki skýringa. Sjá 4. gr. 2. mgr. laga nr. 19/1950.

Um 11. gr.
Ákvæði þetta er hliðstætt núgildandi ákvæðum, sjá 2. mgr. 13. gr. laga nr. 19/1950.

Um 12. gr.
Efnislega eins og ákvæði 14. gr. núgildandi laga nr. 19/1950.

Um 13.—14. gr.
Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um stuðning ríkisins við jarðhitaleit og jarðhitaframkvæmdir.

Flm.: Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf fyrir næsta Alþingi um fjárhagslegan stuðning við sveitarfélög til jarðhitaleitar og jarðhitaframkvæmda.

Greinargerð.

Það mun viðurkennt, að jarðhitinn sé einhver dýrmætasti fjársjóður landsins og til margvíslegra nota. Nú er það orðið nokkuð algengt, að ýmis sveitarfélög nýti hann m. a. til fjarhitunar húsa. Eru að því mikil þægindi fyrir þá, sem þess njóta, og það sparar stórar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri fyrir þjóðarbúið.
Þegar hafa nokkur sveitarfélög ráðizt í miklar hitaveituframkvæmdir, og má þar til nefna Reykjavík, Selfoss, Sauðárkrók og Ólafsfjörð. Hin sveitarfélögin eru þó fleiri, sem ekkert hafa getað aðhafzt í þessum efnum af völdum fjárskorts, og er þó vitað, að jarðhitasvæði eru í næsta nágrenni þeirra. Eru ótvíræðir þjóðfélagshagsmunir við það bundnir, að sveitarfélögum þessum sé gert kleift að nýta heita vatnið til fjarhitunar húsa. En til þess að svo megi verða, er nauðsynlegt, að þau eigi kost á fjárhagslegri aðstoð frá ríkisvaldinu, t. d. í formi hagkvæmra lána til langs tíma.

Sþ. 96. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd sérfróðra manna til að rannsaka, hvort og að hve miklu leyti bændastéttin og landbúnaðurinn njóti beint eða óbeint styrkja, framlaga og fríðinda af hálfu hins opinbera umfram aðrar stéttir og aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. Skal nefndin semja skýrslu um athuganir sínar og niðurstöður, og skal sú skýrsla birt almenningi. Nefndin skal ljúka störfum, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Engum blandast hugur um það, að styrkir og framlög ýmiss konar af opinberri hálfu til einstakra stétta og atvinnuvega geta átt fyllsta rétt á sér. Um bændastéttina og landbúnaðinn heyrist því oft haldið fram, að styrkir til þessara aðila keyri mjög úr hófi fram og séu langt umfram það, sem aðrir verði aðnjótandi. Þessu andmæla þó bændur yfirleitt og telja slíkt tal bera vott um fjandskap við bændastéttina og vanþekkingu á högum hennar. Verður að telja nauðsynlegt að fá úr þessu skorið með hlutlausri rannsókn, enda verði niðurstöður hennar birtar öllum almenningi. Hlýtur bændastéttin einnig að telja það hagsmunamál sitt að fá þannig tækifæri til að hrinda af sér ámæli í þessum efnum.

Með þingsályktunartillögu þessari er ekki lagður neinn dómur á, að það þurfi að vera óheilbrigt, þótt landbúnaðurinn kunni að vera styrktur umfram aðra atvinnuvegi landsmanna.

Nd. 97. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í 4. gr. laganna komi: fimm.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni, frá því að þau voru keypt. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að greiða hærra verð, ef hluthafar krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, er þingflokkarnir tilnefni hver einn mann í, samþykkt það mótatkvæðalaust.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrst fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera hlutafélag. Höfðu þó nefndir þær, sem um málið fjölluðu í báðum deildum, lagt til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, verksmiðjan ótvírætt ríkiseign og ríkisrekin. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Á síðustu árum hafa hins vegar verið gerðar tilraunir til þess að túlka lögin þannig, að hlutafélagið ætti verksmiðjuna. Og á þessu þingi liggja beinlínis fyrir tillögur um að gefa einkaaðilum hana með því að láta þá kaupa á nafnverði hlutabréf, sem væru, ef hlutafélagið ætti hana, tvítugföld að verðmæti miðað við nafnverð.

Verksmiðjan mun nú vera 245 millj. kr. virði.

Þetta frv. er flutt til þess að taka af öll tvímæli um það, að þetta stærsta fyrirtæki Íslands er ríkiseign. Tilgangur þessa frv. er að vernda almenningseign gegn ásókn einstakra aðila, er sölsa vilja eign þessa undir sig.

Ég hef áður flutt þetta frv. í svipuðu formi og mun skýra allar aðstæður nánar í framsögu.

Nd. 98. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Flm.: Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist:

Ríkissjóður ábyrgist greiðslur lífeyris skv. lögum þessum.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjald til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 55 ára að aldri, á rétt á árlegum eftirlaunum úr sjóðnum.

Upphæð eftirlaunanna er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn er lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Eftirlaun:	Starfstími:	Eftirlaun:
10 ár	12,5%	21 ár	33,0%
11 —	14,0%	22 —	35,5%
12 —	15,5%	23 —	38,0%
13 —	17,0%	24 —	41,0%
14 —	18,5%	25 —	44,0%
15 —	20,0%	26 —	47,0%
16 —	22,0%	27 —	50,0%
17 —	24.0%	28 —	53,0%
18 —	26,0%	29 —	56,5%
19 —	28,0%	30 —	60,0%
20 —	30,5%		

Það telst eitt starfsár skv. grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem togarasjómaður 9 mánuði eða meir á sama almanaksári.

Við ákvörðun meðallauna skv. lögum þessum skulu hlunnindi, sem sjóðfélagi hefur notið, svo sem skattfríðindi, fæði o. fl., metin sem laun.

Upphæð eftirlauna má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómanna á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

3. gr.

Í stað „65 ára aldurs“ í 2. málsgr. 12. gr. laganna komi: 55 ára aldurs.

4. gr.

Þar, sem orðið „ellilífeyrir“ kemur fyrir í lögunum, komi orðið: eftirlaun.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Setning laga um lífeyrissjóð togarasjómanna var spor í þá átt að gera viðunanlegri kjör þeirra, sem gera störf á togurum að lífsstarfi.

Í 11. grein laganna er togarasjómönnum tryggður nokkur lífeyrir, eftir að þeir hafa starfað í 10 ár og hafa náð 65 ára aldri. Aldursmark þetta er hið sama og í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, en hundraðshlutinn, sem greiddur er af meðallaunum síðustu 10 starfsára, lægri, þar sem togarasjómenn fá skv. núgildandi lögum 50% af meðallaunum sínum eftir 30 ára starf, en opinberir starfsmenn 60%. Er þó öllum ljóst, að störf togarasjómanna eru á engan hátt sambærileg við störf annarra, sem fengið hafa tryggð sérstök lífeyrisréttindi. Verður að telja eðlilegt, að aldursmark í lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna sé lægra en í öðrum lífeyrissjóðum og hundraðshlutinn af meðallaunum a. m. k. jafnhár, svo mjög sem störf togarasjómanna eru erfiðari en annarra lífeyrisþega, og kemur þar m. a. til átakameiri og áhættusamari vinna, lengri vinnutími og verri aðbúnaður. Vegna alls þessa er óeðlilegt að ætla togarasjómönnum að endast jafnlengi við störf sín og t. d. skrifstofumönnum.

Flutningsmenn frumvarps þessa telja, að auk þess að sanngirni mæli með því, að aldursmark skv. 11. grein núgildandi laga um lífeyrissjóð togarasjómanna verði lækkað, þá komi hitt og til, að hlunnindi þau, er togarasjómenn fá skv. núgildandi lögum fyrst við 65 ára aldur, séu of fjarlægt mark, til þess að þau verði hvatning ungum mönnum, að þeir geri sjómennsku á togurum að lífsstarfi.

Tilgangurinn með setningu laganna um lífeyrissjóð togarasjómanna var að gera kjör þeirra viðunanlegri og m. a. talið, að þau gætu stuðlað að því, að ungir menn fengjust til að starfa að staðaldri á togurunum, en á því er þjóðinni hin mesta nauðsyn, svo stór þáttur sem veiðar togaranna eru í öflun þjóðarteknanna. Telja flutningsmenn frumvarps þessa, að breyting sú, er þeir leggja til að gerð verði á lögunum, sé nauðsynleg til þess, að þau beri árangur í því efni.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um skipulagningu fiskveiða með netjum.

Flm.: Birgir Finnsson, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Matthías Á. Matthiesen, Kjartan J. Jóhannsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu reglna um takmörkun á veiðitíma, veiðarfæranotkun og veiðisvæðum þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Við þann undirbúning verði haft samráð við fiskmatsráð, Fiskifélag Íslands og samtök útvegsmanna og sjómanna.

Ef í ljós kemur, að lagasetningu þurfi um þetta efni, verði frumvarp þar að lútandi lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga um sama mál var fram borin á síðasta þingi, en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu. Allsherjarnefnd mælti einróma með samþykkt tillögunnar með lítils háttar orðalagsbreytingu.

Að þessu sinni er tillagan fram borin með nokkuð breyttu orðalagi, og tekið er upp það atriði til viðbótar, að sérstök svæði verði skipulögð vegna netjaveiða. Með því er átt við, að netjaveiði verði leyfð á tilteknum tímum á afmörkuðum svæðum og gangi þá fyrir öðrum veiðiaðferðum, en svo sem kunnugt er, hafa stundum orðið átök á miðunum milli þeirra skipa, sem veitt hafa á sömu slóðum með ólíkum veiðarfærum, og hefur þetta valdið bæði afla- og veiðarfæratjóni. Er talið af mörgum, að koma megi í veg fyrir slíkt með því að ætla þeim skipum, er veiða með netjum, sérstök svæði.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með þáltill. á þskj. 371 frá síðasta þingi, en þar segir m. a. svo:

„Það er alkunna, að fiskveiðar í net eru nú stundaðar hér við land með þeim hætti, að ástæða er til að óttast, að vandræði geti hlotizt af, ef ekki er spyrnt við fótum.

Hin fullkomnu fiskleitartæki í svo að segja hverjum bát og nælonnetin hafa stóraukið aflamagnið, og nú er svo komið, að fiskurinn á hvergi griðland. Jafnframt hefur netjaúthaldið verið lengt á kostnað línuveiðanna.

Er það álit kunnugustu manna, að í þessu efni gæti meira kapps en forsjár, og er talið, að um hættu á ofveiði geti verið að ræða. Einkum eru netjaveiðarnar á hrygningarsvæðunum um hrygningartímann taldar viðsjárverðar í þessu tilliti.

Sá háttur, sem á er hafður við þessar veiðar, veldur því einnig, að aflinn, sem komið er með að landi með ærnum tilkostnaði, er oft gerður að lélegu eða ónothæfu hráefni til vinnslu. Netjafjöldinn, sem hver bátur á liggjandi í sjó, er svo mikill, að áhafnirnar komast ekki yfir að draga öll netin daglega, og einnig tíðkast það, að net séu látin liggja í sjó yfir helgidaga. Afleiðingin verður margra nátta sjódauður fiskur, sem oftast er erfitt að halda aðgreindum frá þeim fiski, sem inn-

byrtur er lifandi. Þetta hráefni er naumast hæft til annars en fiskimjölsvinnslu, þó að menn freistist til að salta það eða herða vegna þess, hve lítill verðmunur er á ferskfiski eftir gæðum. Blasir þarna við sú hætta, að ef þannig er haldið áfram, kunnum við að stórspilla aðstöðu okkar á fiskmörkuðum.

Framanrituð tillaga til þingsályktunar er fram borin með það í huga, að þessi háskalega þróun verði stöðvuð og fundnar verði leiðir til úrbóta. Telja flutningsmenn það hægt, t. d. með því að takmarka veiðitíma þannig, að ekki megi hefja netjaveiðar fyrr en t. d. 15. marz eða 15. apríl, og jafnframt séu settar reglur, er komi í veg fyrir það, að net séu látin liggja í sjó meira en einn sólarhring í einu, ef veður hamlar ekki drætti. Loks verði takmarkaður sá netjafjöldi, sem hverju skipi er leyfilegt að leggja í sjó í einu."

Það er ætlun flutningsmanna, að reglur í þá átt, sem fjallað er um í framangreindri þáltill., verði settar fyrir komandi vetrarvertíð, sé þess nokkur kostur.

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um rannsókn á hlutdeild hinna einstöku atvinnugreina í þjóðarframleiðslunni.

Flm.: Jónas Pétursson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn á eftirtöldum atriðum:

1. Hluta hverrar atvinnugreinar í þjóðartekjunum, svo sem landbúnaðar, fiskveiða, iðnaðar og þjónustustarfa alls konar.
2. Skiptingu þjóðarinnar eftir atvinnu, þ. e. mannfjölda, sem starfar við hverja atvinnugrein og framfæri hefur af henni og hvers konar þjónustustörfum.
3. Heildarfjármagni, sem bundið er í atvinnuvegunum hverjum um sig, notkun rekstrarfjár, þætti ríkis og lánsstofnana í verðmætasköpuninni.

Rannsókn þessi verði framkvæmd af Framkvæmdabanka Íslands með aðstoð Hagstofu Íslands. Leitazt skal við að láta hana ná yfir nokkurt tímabil, t. d. síðastliðin 10—15 ár. Verði rannsókn þessari hraðað eftir föngum, og þegar niðurstöður hennar liggja fyrir, skal birta hana þjóðinni í ljósu og aðgengilegu formi.

Greinargerð.

Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu teljum það mikið nauðsynjamál, að framkvæmd verði gagnger og nákvæm rannsókn á því, hvern hlut atvinnuvegir landsmanna í heild eiga í framfærslu og lífsafkomu þjóðarinnar. Nauðsynlegt er, að fólkið í landinu fái réttar hugmyndir um það, hverjar þær stoðir eru, sem efnahagsafkoma þess og þjóðarinnar hvílir á. Þess er ekki að dyljast, að sumt í þeirri rannsókn, sem hér er lagt til að framkvæmd verði, er vandasamt verkefni og flókið, annað auðveldara og liggur að verulegu leyti fyrir í hagskýrslum. En hagskýrslur eru ekki aðgengilegur fróðleikur, auk þess sem þær svara ekki öllum spurningum, sem vikið er að í tillögu okkar. Teljum við því rétt og nauðsynlegt, að niðurstöður þessarar rannsóknar séu birtar fólkinu í svo ljósu og aðgengilegu formi sem kostur er, með skýrslugerð og umsögn og þó ekki sízt með línuritum, stuðlum og myndagerð. Á þessu ári fer fram aðalmanntal með þjóðinni. Er því nú hentugt tækifæri til þess að fá fram nákvæmar upplýsingar samkvæmt 2. tölulið tillögunnar. Vafalaust má eitthvað deila um skiptingu atvinnunnar og þá einkum að því er tekur til ýmissa þjónustustarfa og einnig um hlut iðnaðarins sem tengdur er undirstöðuatvinnuvegunum, fiskveiðum og landbúnaði. En við treystum því, að öll vandamál, sem fylgja þessari rannsókn, verði leyst rökrænt og sanngjarnlega. Eitt dæmi viljum við benda hér á, smátt að vísu, sem orkað getur tvímælis við

framkvæmd þessarar rannsóknar. Það er skógræktarstarfsemin. Við lítum svo á, að hana eigi að telja í sérstökum lið eða a. m. k. ekki með landbúnaði. Skógræktin er starfsemi í þágu langrar framtíðar, sem ekki mun gefa teljandi af sér næstu áratugi. Hún er nánast hliðstæð uppeldismálum og listum. Vafalaust koma ýmis slík dæmi til álita, þótt ekki verði hér talin.

Oft heyrist um það rætt af ókunnugleika, stundum í áróðursskyni, að þessi eða hin framleiðslugreinin sé annarri mikilvægari, jafnvel sú eina, er veruleg verðmæti færi inn í sameiginlegt þjóðarbú. Stundum er horft á útflutningsframleiðsluna eina, stundum á fjárstuðning þann, sem hið opinbera veitir atvinnuvegunum í ýmsu formi. Fram er komin á Alþingi þingsályktunartillaga „um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins". Í tillögunni sjálfri er hins vegar sagt „umfram aðrar stéttir og aðra atvinnuvegi". Slík rannsókn mundi því líka verða allvíðtæk án þess þó að leiða nokkuð í ljós t. d. um gildi landbúnaðarins í lífsafkomu þjóðarinnar, samanborið við aðrar atvinnugreinar og í hlutfalli við fólksfjölda. En án þeirra upplýsinga verða allir dómar um réttmæti opinbers stuðnings á sandi byggðir. Í greinargerð fyrir þessari þingsályktunartillögu kemur að vísu fram, að raunar sé þetta ekki tilgangur þess, að hún er flutt. En hver er þá tilgangurinn með flutningi hennar?

Við leggjum á það ríka áherzlu, að sú rannsókn, er við viljum að gerð verði, geti farið fram sem allra fyrst. Niðurstöður hennar skapa grundvöll fyrir réttu mati á efnahagslegu gildi atvinnugreinanna, eiga að fyrirbyggja sleggjudóma, vanmat eða ofmat, kryt og ofsjónir. Hún á að styðja að því, að gagnkvæmur skilningur ríki meðal fólksins í landinu, hvaða störf eða verkefni sem það hefur með höndum.

Ed. 101. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. nóv. 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, með fyrirvara.
Magnús Jónsson.	Björn Jónsson, með fyrirvara.	

Sþ. 102. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um aðstoð við niðurlagningar- og niðursuðuiðnað síldar.

Flm.: Björn Jónsson, Gunnar Jóhannsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera eftirtaldar ráðstafanir til stuðnings niðurlagningu og niðursuðu á síldarafurðum:

1. að veita ríkisábyrgð fyrir 90% stofnkostnaðar niðurlagningar- og niðursuðuverksmiðja, er komið verður upp á árunum 1961 og 1962;
2. að tryggja með lántökum — eða með því að heimila töku erlendra lána, sem fáanleg væru til framkvæmda — allt að 50 millj. kr. lánsfé hvort áranna 1961 og 1962;

3. að hlutast til um, að viðskiptabankar veiti afurðalán vegna framleiðslu framangreindra verksmiðja með sama hætti og tíðkast um aðrar útfluttar sjávarafurðir;
4. að ráða 2—3 sérfræðinga í niðursuðuiðnaði í þjónustu ríkisins og veiti þeir án endurgjalds ráðleggingar og hvers konar tæknilega aðstoð við byggingu verksmiðja og framleiðslustörf þeirra.

Greinargerð.

Á Alþingi 1946 voru sett lög um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins. Með þeim lögum var gert ráð fyrir, að ríkið hæfist handa um að koma á fót niðursuðuverksmiðju, sem fyrst og fremst syði niður sumarveidda Norðurlandssíld.

Á Alþingi 1947 var lögum þessum breytt þannig, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins var falin framkvæmd þess verkefnis, sem lögin höfðu gert ráð fyrir að sérstök stjórn, skipuð af ráðherra, skyldi hafa með höndum. Augljóst er, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur engan áhuga haft á því verkefni, sem hér var um að ræða, enda hefur hún ekkert gert málinu til framdráttar allan tímann.

Síðan lögin um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins voru sett 1946, hafa frumvörp og margar tillögur komið fram á Alþingi, sem miðað hafa að því, að hafizt yrði handa um framkvæmdir í þeim efnum að vinna meira úr Norðurlandssíldinni en gert hefur verið.

En þrátt fyrir samþykktir Alþingis varðandi málið hefur lítið sem ekkert orðið um framkvæmdir.

Frumvörp og tillögur, sem fram hafa komið á Alþingi til stuðnings því máli að koma á fót niðursuðu- og niðurlagningariðnaði síldar, bera þess vitni, að Alþingi hefur fyrir löngu komið auga á nauðsyn þess, að aukin vinnsla verði tekin upp hér innanlands á þeirri dýrmætu matvöru sem Norðurlandssíldin er.

Það verkefni, sem flm. þessarar tillögu leggja höfuðáherzlu á að leyst verði, er að allverulegur hluti þeirrar síldar, sem saltaður er á Norður- og Austurlandi yfir sumarmánuðina, verði tekinn og fullunninn sem neyzluvara, áður en hún er flutt út, og verðmæti saltsíldarinnar þannig stóraukið frá því, sem nú er.

Reynslan hefur sýnt, að yfir sumartímann er saltað í 150—300 þúsund tunnur af síld. Megnið af þessari síld er grófsaltað, en nokkuð sykur- eða kryddsaltað. Og þannig er síldin flutt út til markaðslandanna. Í ýmsum tilfellum er þessi síld tekin til framhaldsvinnslu erlendis. Þar er hún lögð niður í dósir eða aðrar hentugar smáumbúðir, soðin niður eða lögð í sósur og olíur og síðan seld við margföldu því verði, sem við fáum fyrir okkar saltsíld. Þannig hafa Svíar árum saman unnið úr íslenzku Norðurlandssíldinni dýrmæta útflutningsvöru. Það er slíkur niðursuðu- og niðurlagningariðnaður, sem við leggjum áherzlu á að byggja upp hér í landinu sjálfu.

Það er engin ástæða til að byggja slíkan iðnað upp á aðeins einum stað og í formi dýrrar og afkastamikillar verksmiðju. Síldarsöltunarbæirnir á Norður- og Austurlandi eru margir. Þeir hafa hráefnið við höndina, og flestir þeirra hafa mikla möguleika til þess að fá nægilegt vinnuafl yfir veturinn til þess að fullvinna síldina.

Slíkur síldariðnaður sem þessi kallar miklu fremur á sérfróða kunnáttumenn sem stjórnendur en á miklar verksmiðjubyggingar eða annan stofnkostnað. Nokkuð þarf þó af vélum á hvern framleiðslustað og víðast hvar nokkrar nýjar byggingar, en stofnkostnaður mun vera lítill borið saman við verksmiðjur, sem einvörðungu eru hugsaðar til niðursuðu á nýjum fiski.

Samkvæmt tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að tekið verði á málinu með nokkuð öðrum hætti en hingað til. Með lögunum frá 1946 var ætlazt til, að ríkið byggði eina stóra niðursuðuverksmiðju og ræki hana síðan. Slíkt hefði auðvitað verið æskilegt á margan hátt, en litlar líkur virðast nú vera til þess, að úr slíku verði í bráð. Í tillögum, sem Alþingi hefur samþykkt um málið, hefur verið skorað á ríkisstjórnina að rannsaka möguleika á síldarniðursuðu almennt. Eins og

áður segir, hefur árangur af þessu enginn orðið. Í tillögu okkar er hins vegar lagt til, að Alþingi ákveði strax fjórar tilteknar ráðstafanir til stuðnings því að koma á fót síldarniðursuðu og síldarniðurlagningu.

Þessar ráðstafanir eru:

1. að ríkið veiti 90% ríkisábyrgð á byggingarkostnaði slíkra verksmiðja eða vinnslufyrirtækja;
2. að ríkisstjórnin hlutist til um að útvega allt að 50 millj. kr. lán þeim, sem ráðast í framkvæmdir í þessum efnum, hvort áranna 1961 og 1962;
3. að ríkisstjórnin sjái um, að viðskiptabankarnir láni út á þessa framleiðslu rekstrarlán með sömu kjörum og út á aðrar sjávarafurðir;
4. að ríkið ráði 2—3 sérfræðinga í niðursuðuiðnaði, sem síðan veiti þessum uppvaxandi iðnaði ókeypis leiðbeiningar og ráðleggingar.

Það er álit okkar, að væri þetta gert, mundi niðursuðu- og niðurlagningariðnaður síldar hefjast hér á landi og innan nokkurra ára verða þýðingarmikill þáttur í atvinnulífi landsins og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Lægi það ótvírætt fyrir, að þeir, sem réðust í framkvæmdir í þessum efnum, nytu þeirrar fyrirgreiðslu, sem segir í tillögu okkar, teljum við, að ýmsir einstaklingar, hlutafélög og bæjarfélög mundu hefjast handa um að koma á fót slíkum síldariðnaði.

Sþ. 103. Fyrirspurnir. [93. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um greiðslu fyrir yfirvinnu kennara.

Frá Karli Guðjónssyni.

Hvers vegna lætur ríkisstjórnin ekki koma til framkvæmda greiðslu álags á laun kennara fyrir yfirvinnu á hliðstæðan hátt og slíkt er veitt öðrum ríkisstarfsmönnum?

II. Til sjávarútvegsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar frá 4. maí 1960 um niðursuðu sjávarafurða á Siglufirði.

Frá Gunnari Jóhannssyni, Skúla Guðmundssyni og Einari Ingimundarsyni.

Hvað líður rannsókn á því, hvort hagkvæmt muni vera og líklegt til eflingar niðursuðuiðnaði í landinu að nota heimild laga nr. 47 7. maí 1946 til að reisa verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu sjávarafurða?

Sþ. 104. Breytingartillögur [87. mál]

við till. til þál. um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins.

Frá Garðari Halldórssyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd fimm manna sérfróðra um landbúnað til að rannsaka, hve miklu fjármagni þurfi að verja af hálfu hins opinbera á næstu tíu árum til landbúnaðarins með óafturkræfum framlögum og

lánveitingum, til þess að landbúnaðurinn geti fullnægt neyzluþörf þjóðarinnar á landbúnaðarvörum. Nefndin skal semja skýrslu um athuganir sínar og niðurstöður, og skal sú skýrsla birt almenningi.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um fjármagnsþörf landbúnaðarins.

Nd. 105. Frumvarp til laga [94. mál]

um landsútsvör.

Flm.: Karl Guðjónsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingarfélög, verzlunarstofnanir ríkisins og þau fyrirtæki önnur, sem ráðuneytið úrskurðar að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði, skulu skyld að greiða landsútsvar, er renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð landsútsvaranna milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

2. gr.

Samband íslenzkra sveitarfélaga skipar 5 manna nefnd, er annast niðurjöfnun landsútsvara, en félagsmálaráðuneytið sér um innheimtu þeirra.

3. gr.

Landsútsvar skal lagt á eftir sömu reglum og lög ákveða á hverjum tíma um útsvör fyrirtækja í Reykjavík.

4. gr.

Kærur vegna álagðra landsútsvara koma fyrst til úrskurðar nefndar þeirrar, sem jafnar þeim niður, en heimilt er útsvarsgreiðanda að kæra útsvarið áfram til ríkisskattanefndar, ef hann vill ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndarinnar.

5. gr.

Þau fyrirtæki, sem gjaldskyld eru um landsútsvar, skulu ekki skyld til að greiða sveitarútsvar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Greinargerð.

Það má öllum ljóst vera, að í eðli sínu er það hin mesta mismunun á útsvarsskyldu þjóðfélagsþegnanna, að fyrirtæki, sem verzla við fólkið í landinu almennt, eru látin greiða útsvör af allri veltu sinni til aðeins eins sveitarfélags, svo sem nú tíðkast.

Það er næstum alltaf stærsta sveitarfélag landsins, sem þannig fær aðstöðu til að ná útsvari af verzlun langt út fyrir sín takmörk, og ósjaldan er í Reykjavík jafnað niður útsvörum á viðskipti, sem fara fram langt utan endimarka borgarinnar og íbúum hennar óviðkomandi að öllu nema útsvarsskyldunni.

Þannig leggur Reykjavík t. d. útsvör á alla veltu sölusamtaka eins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, svo að dæmi sé nefnt, enda þótt minnstur hlutinn af þeirri vöru, sem þau samtök selja, hafi nokkru sinni til Reykjavíkur komið

eða eigi að nokkru leyti skylt við höfuðborgina, annað en það, að sölusamtök þessi hafa þar aðsetur.

Þá virðist það líka takmörkuð sanngirni, að Reykjavík ein allra sveitarfélaga hafi aðstöðu til að ná útsvari af ríkisverzlun eins og t. d. Tóbakseinkasölunni. En með sérstökum lögum er Reykjavík gefin aðstaða til að hirða í útsvar 5% af hagnaði þess fyrirtækis, þótt hagnaðurinn sé hins vegar fenginn af allri tóbakssölu í landinu. Sama máli gegnir einnig um Áfengisverzlun ríkisins að öðru leyti en því, að örlítið brot af útsvari hennar rennur til þeirra staða utan höfuðborgarinnar, þar sem hún hefur útsölur. En af þessum tveim fyrirtækjum ríkisins mun Reykjavík nú hafa um 13 millj. kr. í útsvar.

Um önnur þau fyrirtæki, sem landsútsvar mundi ná til að frumvarpi þessu samþykktu, gegnir sama eða svipuðu máli og þau, sem hér hefur verið drepið á.

Vel má vera, að Reykjavík hafi þörf fyrir öll þau útsvör, sem gildandi útsvarslöggjöf nú gerir henni kost á. Engu að síður er rangsleitni þessa fyrirkomulags gagnvart öðrum sveitarfélögum augljós.

Það kom líka glögglega fram á s. l. vetri, þegar ríkisstjórnin beitti sér fyrir nýrri útsvarslöggjöf með ákveðnum útsvarsstigum, að útsvarsþörf sveitarfélaganna utan Reykjavíkur kallaði á hærra útsvar á hvern einstakling en nauðsyn var að ætla Reykjavíkurbúum að greiða, svo vel hafði verið séð fyrir tekjuþörf Reykjavíkur með útsvarsaðstöðu hennar gagnvart almennum viðskiptum landsmanna.

Það er tilgangur þessa frumvarps að jafna þessa aðstöðu, svo að framvegis geti landsmenn búið við jafnan útsvarsstiga í lögum, hvar sem er á landinu.

Augljóst er, að þörf væri breytinga á útsvarslögunum frá síðasta þingi að þessu frumvarpi samþykktu. Hér eru þó ekki gerðar tillögur í þá átt, og ber þar hvort tveggja til, að óeðlilegt væri að gera breytingar á þeim lögum í þessum sérstöku lögum um landsútsvör, og þó ekki síður hitt, að útsvarslögin á síðasta þingi voru bráðabirgðabreyting, sem ætla verður að komi til endurskoðunar á þessum vetri, og gefst þar væntanlega tækifæri til að koma breytingum á framfæri í samræmi við það, hverja afgreiðslu þetta frumvarp fær.

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um flugbraut í Vestmannaeyjum.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram fullnaðarathugun á skilyrðum til byggingar nýrrar flugbrautar í Vestmannaeyjum og að stuðla að aukinni fjárveitingu og öflun lánsfjár til að hefja framkvæmdir verksins.

Greinargerð.

Vestmannaeyjakaupstaður hefur algera sérstöðu meðal byggðarlaga landsins að því er varðar samgöngur. En atvinnuhættir eru þar slíkir, að brýna nauðsyn ber til, að þær séu svo góðar sem frekast er kostur. Flugið hefur markað tímamót á þessu sviði, og verður eigi annað séð en það verði enn um langa framtíð aðalleiðin til fólksflutninga til og frá eyjunum. Frá árinu 1946 hefur verið þar ein flugbraut í stefnu frá austri til vesturs, og mun hafa verið unnt að fljúga þangað að meðaltali rúmlega annan hvern dag ársins. Hina dagana er flugvöllurinn lokaður sökum óheppilegrar vindáttar til mikils óhagræðis, sérstaklega í staðviðrum, þegar ekki verður flogið dögum saman eða jafnvel um langa hríð. Hefur það oft

valdið verulegu tjóni í byrjun vetrarvertíðar, þegar þörf er á auknum mannafla til atvinnulífsins.

Lauslegar athuganir hafa farið fram á skilyrðum til að leggja aðra flugbraut í stefnu frá norðri til suðurs eða þvert á núverandi braut, og er talið líklegt, að með tilkomu slíkrar brautar verði unnt að fljúga þangað að jafnaði helming þeirra daga, sem völlurinn er lokaður nú, auk mikils öryggis, sem hún mundi veita. Staðhættir benda til þess, að þrjú brautarstæði komi til greina. Aðflugstilraunir, sem gerðar hafa verið á vegum Flugfélags Íslands, hníga að því, að ein þessara hugsanlegu brauta væri betri en hinar að því er varðar lendingarskilyrði, en einmitt sú lega væntanlegrar brautar mundi verða kostnaðarmest í gerð. Veltur því á miklu, að mjög ýtarlegar rannsóknir fari fram á öllum skilyrðum til byggingar slíkrar brautar, og væri æskilegt, að þeim athugunum verði lokið hið allra fyrsta. Að þeirri athugun lokinni væri þá unnt að hefjast handa um framkvæmd verksins með þeim verkfærum, sem fyrir hendi eru á staðnum, unz tiltækileg verða þau stórvirku áhöld, sem nú eru bundin við flugvallargerð annars staðar. Þá er einnig nauðsynlegt að sjá fyrir fjármagni til undirbúningsvinnu og verksins í heild, og er því jafnframt lagt til, í tillögu þessari, að ríkisstjórnin stuðli að aukinni fjárveitingu þegar á fjárlögum næsta árs og athugi síðan möguleika á útvegun fjár að láni eða með öðrum hætti, svo að verkið strandi eigi á fjárskorti, en geti orðið unnið í einum áfanga, svo sem hagkvæmast væri.

Sþ. 107. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni einkafyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi.

Greinargerð.

Íslenzk löggjöf hefur ekki ákvæði, sem lúta að heimild hins opinbera til að hafa eftirlit með tilraunum fyrirtækjasamtaka til aðgerða, sem gætu haft óæskileg áhrif á vöruval og verðlag í landinu. Með flutningi þessarar tillögu er lagt til, að ríkisstjórnin láti rannsaka starfsemi þeirra fyrirtækjasamtaka, sem hafa einkasöluaðstöðu eða líkleg þykja til að geta öðlazt hana, og láti síðan undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um opinbert eftirlit með slíkum samtökum einkafyrirtækja.

Myndun fyrirtækjasamtaka hefur verið eitt meginvandamálið í markaðsþróun síðustu áratuga, einkum meðal þeirra þjóða, sem hafa vilja í heiðri lögmál frjálsrar verðmyndunar og athafnafrelsi einstaklinga. Sérstaklega kveður að þessum vanda í þeim ríkjum, sem nú eru með lækkun tolla og afnámi innflutningshafta að taka upp frjálsari viðskiptahætti sín á milli.

Víðari markaðsheild á Vesturlöndum ásamt greiðari samgöngum og fullkomnara vörudreifingarkerfi eykur til muna hagkvæmni sérgreiningar og stórrekstrar, sem á hinn bóginn skapar skilyrði til enn víðtækari verkaskiptingar yfir landamærin, en það er einmitt ein aðalundirstaða efnahagslegra framfara.

En samtímis því, að aukin sjálfvirkni í vélvæðingu og nýjar uppfinningar,

sem gera byltingu á sviði tækniframfara, leiða til enn frekari stóriðju, þá safnast framleiðsla hverrar einstakrar vörutegundar saman á færri og stærri hendur, sem fá með þessum hætti einokunaraðstöðu og efnahagsleg völd.

Þessi þróun stafar meðal annars af því, að markaðshættir nútímans mótast í vaxandi mæli af einkasölusamkeppni með miklum fjölbreytileika vörutegunda, þar sem hver framleiðandi keppir að því að gefa afurð sinni einhverja sérstöðu, sem veitir honum tækifæri til að reka sjálfstæða verðstefnu án verulegs tillits til verðákvörðunar annarra.

Reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt, að rík tilhneiging hefur verið til samvinnu fyrirtækja í stað samkeppni. Hafa fyrirtækin myndað með sér efnahagssamsteypur (trusts) eða efnahagssamtök (cartels) til að sölsa undir sig einhvers konar einkasöluaðstöðu á markaðinum. Í stað inn fyrir verðsamkeppni kemur þá formlegur verðsamningur eða leynilegt samkomulag, og er þannig úr sögunni frjáls samkeppni um verð, og í hennar stað kemur samkeppni á sviði sölustarfs, viðskiptagæða, þjónustu og auglýsinga.

Af þessum ástæðum má fullyrða, að stórum hafi dregið úr gildi frjálsrar samkeppni um verð í nútíma verzlunarháttum. Er ekki aðeins, að sjálfstæð einkafyrirtæki geti í krafti samtaka sinna með hömlum á framboði eða framleiðslu dregið úr eða útilokað samkeppni, heldur geta þau einnig staðið gegn auknum afköstum, hagnýtingu tækninýjunga og eðlilegri framþróun, sem ella mundi leiða til meiri heildarframleiðslu og aukinnar hagsældar. Einstök afbrigði fyrirtækjasamtaka geta haft að markmiði, auk þess að halda uppi verði, að takmarka gæði, samræma söluskilmála, leggja höft á innflutning og hömlur á framboð, skipta með sér sölusvæðum og viðskiptavinum og ákvarða sölukvóta í því skyni að bæta hag meðlima sinna á kostnað neytenda.

Samræmdar aðgerðir, sem að yfirlögðu ráði hafa þvílík markmið, geta ekki talizt einkamál viðkomandi fyrirtækja, sem geta verið mikilsverður hlekkur í þjóðarbúskapnum og eiga því skyldum að gegna við samfélagið.

Ríkisvaldið hefur því víðast hvar látið þetta vandamál til sín taka, annaðhvort bannað slík samtök með öllu, eins og í Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan, eða tekið upp strangt eftirlit með starfsemi þeirra, eins og á Norðurlöndum, Englandi, Írlandi, Hollandi, Belgíu, Kanada og víðar. Fyrirtækjum er þá yfirleitt gert að tilkynna alla samninga sína hinu opinbera og gefa þær upplýsingar, sem það biður um.

Íslenzki markaðurinn er þröngur og hefur vegna smæðar sinnar og mikils innflutnings þá sérstöðu, að hér væri auðvelt fyrir kaupmenn, innflytjendur eða framleiðendur með framleiðendasamtökum og innkaupasamböndum að öðlast einkasöluaðstöðu og efnahagsleg völd.

Hins vegar hefur ríkisvaldið um langt skeið með verðlagseftirliti og sérstakri skipan innflutnings- og gjaldeyrismála tryggt sér aðstöðu til að fylgjast allnáið með verðmyndun innanlands, sem af þeim sökum hefur ekki lotið neinum lögmálum frjálsrar verðmyndunar. Hefur af þessum ástæðum ekki verið talin ástæða til frekari íhlutunar um verðmyndun með markaðsrannsóknum og nánara eftirliti af hálfu hins opinbera.

Enda þótt verðlagseftirlit sé mikilsvert tæki til að vernda hagsmuni neytenda, þá hefur það að óbreyttri löggjöf engin skilyrði til að ná þeim tilgangi, sem hér er gert ráð fyrir. Ríkisstjórnin stefnir að frjálsum innflutningi og heitir landsmönnum, að með því vilji hún stuðla að meira vöruframboði og frjálsara neyzluvali, en svo fremi getur hún náð þessu marki, að innflytjendur sjálfir láti ekki samtök sín viðhalda þeim óæskilegu höftum, sem hún vill afnema, og komi þannig beinlínis í veg fyrir, að ráðstafanir hennar í þessum efnum nái tilætluðum árangri.

Sþ. 108. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um landhelgismál.

Flm.: Hermann Jónasson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að ekki komi til mála að veita nokkurri erlendri þjóð rétt til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún hefur verið ákveðin, og felur því ríkisstjórninni að tilkynna stjórn Bretlands, að frekari samningsviðræður um fiskveiðilandhelgi Íslands komi ekki til mála.

Greinargerð.

Hinn 10. ágúst s. l. tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að fallast á tilmæli Breta um að taka upp samningaviðræður við þá um landhelgismálið. Þessa ákvörðun tók ríkisstjórnin án þess að leita samráðs við stjórnarandstöðuna og rauf þar með það samstarf, sem verið hafði milli allra stjórnmálaflokkanna á Alþingi um landhelgismálið.

Sú ákvörðun að taka upp samningaviðræður við Breta um landhelgismálið var í algerri mótsögn við áður markaða stefnu Alþingis og þjóðarinnar í landhelgismálinu. Alþingi hafði samþykkt 5. maí 1959 með samhljóða atkvæðum allra alþingismanna, „að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið".

Með þeirri samþykkt hafði Alþingi útilokað með öllu, að fiskveiðilandhelgin yrði minni en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið, án undantekningar. Samningaviðræður við Breta, sem byggðar eru á því að ræða um tilslakanir frá 12 mílunum, eru því tvímælalaust í ósamræmi við yfirlýsingu Alþingis.

Þá hefur það verið skýrt mörkuð stefna Íslendinga frá upphafi í landhelgismálinu, að samningar við einstakar þjóðir um stærð fiskveiðilandhelginnar kæmu ekki til mála. Frá þeirri stefnu hefur ríkisstjórnin vikið með því að taka upp samningaviðræður við Breta um landhelgismálið.

Samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið á Alþingi síðustu daga frá ríkisstjórninni sjálfri, hefur í viðræðunum við Breta verið um það rætt að heimila þeim fiskveiðiréttindi innan fiskveiðilandhelginnar.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að samningar á slíkum grundvelli séu stórháskalegir fyrir hagsmuni landsins og í fullu ósamræmi við markaða stefnu þjóðarinnar í landhelgismálinu og að af þeim ástæðum sé nauðsynlegt, að Alþingi grípi nú þegar í taumana og stöðvi slíkt undanhald með nýrri ályktun. Íslendingar hafa þegar unnið sigur í landhelgismálinu og náð fram í full tvö ár þeirri friðun á fiskimiðunum í öllum aðalatriðum, sem stefnt var að með 12 mílna fiskveiðilandhelginni.

Bretar hafa einir allra þeirra þjóða, sem veiðar stunda við Ísland, beitt okkur ofbeldi vegna 12 mílna fiskveiðilandhelginnar. Þeir hafa tekið Íslendinga eina út úr, allra þeirra þjóða, sem þegar hafa tekið sér 12 mílna fiskveiðilandhelgi, og beitt herskipaflota sínum gegn okkur. Það á því ekki að koma til mála að verðlauna ofbeldisárásir Breta með því að veita þeim sérstök fríðindi innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi.

Fyrir nokkrum dögum var tilkynnt í London, að framhaldsviðræður fulltrúa Breta og íslenzku ríkisstjórnarinnar hæfust n. k. mánudag, þann 14. nóv.

Samninga um réttindi Bretum til handa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi verður að stöðva nú þegar. Flutningsmenn leggja því ríka áherzlu á, að tillaga þessi fái sem hraðasta afgreiðslu á Alþingi.

Sþ. 109. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson, Garðar Halldórsson, Björn Jónsson, Magnús Jónsson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi.

Greinargerð.

Hagnýting orkunnar í fallvötnum og jarðhitasvæðum landsins er viðfangsefni, sem þjóðin hlýtur að leggja mikla áherzlu á næstu árin til þess að tryggja bætt lífskjör og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Jökulsá á Fjöllum, öðru nafni Jökulsá í Axarfirði, er eitt af lengstu og mestu vatnsföllum landsins. Hún á upptök sín í norðanverðum Vatnajökli og fellur til sævar í Axarfirði. Langt er síðan byrjað var að mæla vatnsmagn árinnar á ýmsum tímum árs, og á grundvelli þeirra mælinga voru einnig fyrir löngu gerðar lauslegar áætlanir um fallorku hennar. Fyrir nokkrum árum var á vegum raforkumálastjórnarinnar hafin ýtarleg rannsókn virkjunarskilyrða í Jökulsá, og hefur henni verið haldið áfram. Af upplýsingum, sem fyrir liggja, mun mega ráða, að hagkvæmt sé og hlutfallslega ódýrt að virkja ána í tveimur orkuverum, öðru við Dettifoss og hinu við Vígabergsfoss, samtals a. m. k. 300—400 þús. kw. Til samanburðar má geta þess, að hér er um að ræða 3—4 sinnum meiri orku en fæst úr Soginu fullvirkjuðu. Líkur benda til, að varla muni annars staðar á landinu hægt að framleiða svo mikið orkumagn á lægra verði.

Athugun á virkjunarskilyrðum í Jökulsá var gerð með það í huga að sannreyna, hvort hægt væri að framleiða hér á landi raforku við það hagstæðu verði, að samkeppnisfært væri við raforkuverð, sem stóriðjufyrirtæki erlendis búa við. Þótti líklegt eftir bráðabirgðaathugunum að dæma, að virkjun Jökulsár mundi hagstæðust. Rannsóknir þessar hafa þegar leitt í ljós, að úr Jökulsá megi vinna raforku á svipuðu kostnaðarverði og stóriðjuver, svo sem alúmíníumverksmiðjur, greiða fyrir orkuna víða erlendis.

Samkvæmt bréfi raforkumálastjóra til fjárveitinganefndar Alþingis 6/5 1960 hefur raforkumálaráðherra mælt svo fyrir, að viðbótaráætlanir skuli gerðar til þess að sannreyna, hversu mikið afl — eða ársorku — megi fá úr ánni á svo lágu verði.

Þótt Jökulsárvirkjun mundi verða öflugur varasjóður fyrir núverandi og fyrirhugaðar orkuveitur á Norður- og Austurlandi, er flutningsmönnum tillögu þessarar ljóst, að í þá virkjun verður naumast ráðizt í náinni framtíð, nema jafnhliða verði komið upp iðjuverum, er hagnýti orkuna. Þegar hafa verið gerðar ýmsar bráðabirgðaathuganir á því, hvers konar efnaiðnaður helzt kæmi til greina í því sambandi, en þó er eftir að rannsaka þá hlið málsins til hlítar. Það virðist þó ótvírætt, að slík iðjuver muni kosta miklu stærri fjárhæðir en nokkurt núverandi fyrirtæki hérlendis kostar. Það er því mikilvægt að gera sér jafnframt grein fyrir því, hvernig afla skuli fjármagns til þessara miklu framkvæmda.

Þótt unnið sé nú að áætlanagerð um virkjun Jökulsár og nokkuð hafi verið hugleitt um iðjuver í sambandi við virkjunina, telja flutningsmenn tillögu þessarar hér vera um svo stórfellt hagsmunamál að ræða fyrir byggðirnar í nágrenni væntanlegrar virkjunar og þjóðina í heild, að rétt sé, að Alþingi lýsi þeim vilja sínum, að ríkisstjórnin leggi allt kapp á að hraða sem mest fullnaðarathugun

málsins, því að jafnan eru ýmsar hugmyndir um framkvæmdir á döfinni og því nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að hvaða verkefnum á að einbeita sér. Framleiðsla þjóðarinnar þarf að verða bæði meiri og fjölbreyttari, og þær athuganir, sem þegar hafa verið gerðar, virðast ótvírætt benda í þá átt, að orkuver við Jökulsá muni geta lagt traustan og mikilsverðan grundvöll að umbótum á því sviði og stuðlað að jafnvægi í byggð landsins.

Nd. 110. Frumvarp til laga [99. mál]

um breyting á lögum nr. 51 7. apríl 1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

Flm.: Geir Gunnarsson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:
Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að úr lögum um ríkisútgáfu námsbóka verði felld ákvæði um námsbókagjald. Við afgreiðslu efnahagsmála á síðasta þingi var lýst yfir því, að ríkisstjórnin hefði í hyggju að fella niður þetta gjald, og í útreikningum í hinni hvítu bók ríkisstjórnarinnar á áhrifum viðreisnarinnar á lífskjör almennings var tölulega gert ráð fyrir niðurfellingu námsbókagjaldsins, sbr. bls. 20:

„Af lækkuninni eiga 8.5% rót sína að rekja til aukningar fjölskyldubóta, 1.6% til niðurgreiðslna á innfluttum vörum og 0.2% til þess, að ríkisstjórnin hefur í hyggju að fella niður námsbókagjald."

Við þetta loforð hefur ekki verið staðið, heldur hafa efndirnar orðið þær, að námsbókagjald var á þessu ári hækkað úr 95 kr. í 160 kr., eða um 68%.

Álagning námsbókagjalds er úrelt og óréttlát. Ósanngjarnt er að láta greiða ríkisútgáfu á námsbókum með sérstökum nefskatti á barnafjölskyldur. Auk þess veldur álagning og innheimta skattsins óþarfri skriffinnsku, sem að meira eða minna leyti étur upp skattinn.

Frumvarp þetta er flutt til þess að fá úr því skorið, hvort ríkisstjórnin fæst til þess að standa við loforð sitt um niðurfellingu námsbókagjalds, loforð, sem efnt hefur verið með þeim hætti sem að framan greinir.

Nd. 111. Frumvarp til laga [100. mál]

um fæðingarorlof.

Flm.: Margrét Sigurðardóttir.

1. gr.

Allar konur, sem taka laun fyrir vinnu sína, skulu eiga rétt á orlofi vegna barnsburðar samkvæmt lögum þessum. Þó skulu þær konur, sem samkvæmt öðrum lögum eða samningum stéttarfélaga njóta jafngóðra eða betri kjara um fæðingarorlof, halda þeim réttindum.

2. gr.

Fæðingarorlof skal vara 90 daga, þ. e. við barnsburð skal greiða viðkomandi móður sem svarar 3 mánaða launum í þeirri atvinnugrein, sem viðkomandi kona vinnur, sé um fastráðna konu að ræða. Sé hins vegar um að ræða konu, sem vinnur fyrir tímakaupi, eða ef hún vinnur aðeins nokkurn hluta árs, skal greiða henni sem svarar ¼ af launum hennar samkvæmt skattframtali síðasta árs.

3. gr.

Til þess að standa straum af framkvæmd laga þessara skal mynda sjóð, sem sé í vörzlu Tryggingarstofnunar ríkisins.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

a) Iðgjöld, sem séu greidd af öllum þeim aðilum í landinu, sem hafa launþega í þjónustu sinni. Skulu iðgjöldin miðuð við vinnuvikur, unnar í þjónustu þeirra.
b) Framlag ríkissjóðs, er sé jafnhátt og sú upphæð, sem atvinnurekendum er gert að greiða hverju sinni.

Upphæð iðgjalda samkv. a-lið skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn.

4. gr.

Framkvæmd laga þessara skal vera í höndum Tryggingastofnunar ríkisins og undir stjórn tryggingaráðs.

5. gr.

Heimilt skal ráðherra, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1961.

Greinargerð.

Sú skipan hefur orðið æ algengari með okkar þjóð, svo sem hjá öðrum menningarþjóðum, að þegnarnir njóti nokkurs öryggis um störf sín og laun, þó að óhjákvæmileg forföll vegna sjúkdóma og slysa komi til. Má nú heita, að allir launþegar í okkar þjóðfélagi njóti nokkurs öryggis í þessum efnum. En til eru þó þau — ef svo má segja — „eðlilegu“ forföll frá vinnu, sem réttsýnir menn hljóta að viðurkenna að ekki skuli valda launamissi, en það eru barnsfæðingar. Vegna þeirra eru ekki til nein öryggisákvæði, sem nái til allra kvenna, sem launaða vinnu stunda. Má þó segja, að svo sjálfsagt sem það er að tryggja, að menn, sem verða fyrir sjúkdómum og slysum, haldi launum sínum vissan tíma, sé hitt þó ekki síður sjálfsagt og ætti að vera þjóðfélaginu ánægja að sjá til þess, að kona, sem er fjarverandi frá vinnu sinni vegna þess, að hún er að fæða nýjan þjóðfélagsþegn til lífsins, þurfi ekki að óttast um atvinnuöryggi sitt og afkomu þess vegna.

Að skilningur er á þessum málum hér á landi, sést bezt á því, að ríkið hefur tryggt konum í sinni þjónustu 3 mánaða fæðingarorlof. Fastráðnar konur hjá Reykjavíkurbæ munu einnig njóta þeirra réttinda, og ef til vill er sami háttur hafður á hjá fleiri bæjarfélögum. Verkalýðs- og stéttarfélög, sem fara með umboð kvenna, hafa og reynt að fá ákvæði um þetta efni í kjarasamninga sína, en flestum orðið lítið ágengt. Þó munu starfsstúlknafélagið „Sókn“ og stéttarfélagið „Fóstra“ hafa náð samningum um fæðingarorlof til handa þeim konum, sem komnar eru á full laun í starfsgrein sinni. Alþýðusamband Íslands hefur og sýnt fullan skilning á því, hversu þýðingarmikið hagsmunamál þetta er. Tók Alþýðusambandið þegar á síðasta þingi sínu, fyrir tveim árum, undirbúning málsins föstum tökum og skipaði milliþinganefnd í málið. Hefur sú nefnd skilað áliti, og er það prentað sem fylgiskjal með þessu frumvarpi.

Þrátt fyrir þann áhuga og skilning á máli þessu, sem fyrir hendi er hér á landi, er málið ekki lengra á veg komið en það, að allar þær konur, sem taka laun sín sem tímakaup eða vinna ákvæðisvinnu, allar iðnverkakonur, verzlunar- og skrifstofustúlkur, aðrar en ríkisstarfsmenn og þær aðrar, sem þegar hefur verið getið, njóta ekki fæðingarorlofs.

Til þess að ráða bót á þessu er þetta frumvarp flutt. Þar er gert ráð fyrir því, að þær konur, sem vinna allt árið, fái hámarksorlof 90 daga, hvort sem þær eru fastráðnar eður ei. Þær konur, sem hins vegar vinna gegn tímakaupi eða aðeins nokkurn hluta ársins, skulu njóta orlofsgreiðslunnar hlutfallslega eftir vinnulaunum sínum, eins og þau koma fram á skattframtali.

Rétt þótti, að þau útgjöld, sem af þessu leiðir, skuli ekki borin af ríkinu einvörðungu, og er þess vegna lagt til, að atvinnurekendur greiði tilskilda upphæð í iðgjöldum, sem sé miðuð við vinnuvikur, sem unnið er í þjónustu þeirra. Er þetta svipaður háttur og hafður er á iðgjöldum til slysatrygginga. Á móti komi svo samsvarandi greiðslur frá ríkissjóði. Hins vegar þótti ekki fært að gera atvinnurekendur persónulega ábyrga fyrir greiðslu fæðingarorlofsfjár til þeirra kvenna, sem hjá þeim vinna. Þótti á allan hátt eðlilegra, að sjóður, sem myndaður yrði í þessum tilgangi, yrði í umsjá Tryggingastofnunar ríkisins og hún annaðist síðan allar greiðslur orlofsfjárins.

Þess má að lokum geta, að fyrir liggur frá Alþjóðavinnumálastofnuninni samþykkt nr. 103, endurskoðuð á Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf 1952, um orlof vegna barnsburðar. Flutningsmanni þessa frumvarps er ekki kunnugt um, hve margar þjóðir hafa fullgilt þá samþykkt, en hitt er kunnugt, að ýmis menningarþjóðfélög, sem bezt búa að þegnum sínum, hafa þegar veitt konum þessi réttindi. T. d. er í Svíþjóð svipað fyrirkomulag um þetta efni og hér er lagt til. Víðast, þar sem fæðingarorlof tíðkast, munu þau bundin við 3 mánuði, en þó mun sums staðar um lengri orlof að ræða, svo sem í Tékkóslóvakíu, þar sem fæðingarorlof er 4 mánuðir.

Ef frumvarp þetta yrði að lögum, skapaðist raunverulegur grundvöllur til fullgildingar þeirrar samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem þegar er nefnd. Væri það ánægjulegur vottur þess, að Ísland keppir að því að vera meðal þeirra þjóða, sem bezt búa að þjóðfélagslegu öryggi þegna sinna og skapa þar með traustan grundvöll að nútíma menningarþjóðfélagi.

Fylgiskjal.

Álit milliþinganefndar um mæðravernd o. fl.

Bréf nefndarinnar.

Reykjavík, 7. september 1960.

Nefnd sú, sem kosin var á 26. þingi Alþýðusambands Íslands árið 1958 og hafði það starf að safna efni og gera tillögur um, hvernig verði af Íslands hálfu fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 103, um mæðravernd (endurskoðuð 1952), tók til starfa 17. marz 1959 og ákvað á þeim fundi að reyna að afla sér upplýsinga um, hve margar konur hefðu á árinu 1958 notið þeirrar mæðraverndar, sem um er getið, ef hún hefði verið komin til framkvæmda hér á landi. Var þeim Margréti Auðunsdóttur og Jónu Guðjónsdóttur falið að fara þess á leit við þáverandi félagsmálaráðherra, Friðjón Skarphéðinsson, að hann yrði nefndinni hjálplegur um upplýsingar um málið. Hinn 25. maí barst nefndinni meðfylgjandi bréf. Árið 1958 munu hafa verið um 2000 fæðingar hér í Reykjavík. Eins og sjá má, þá er sáralítill hluti af konum, sem átt hafa börn á árinu, sem hafa unnið utan heimilis, og þar sem 40% af þeim, sem vinna úti, voru ógiftar, mætti ætla, að margar hefðu þurft á aðstoð að halda. Þá telur nefndin það hlutverk verkalýðs-

hreyfingarinnar að tryggja verkakonum ekki lakari kjör en konur hafa, sem eru í þjónustu hjá ríkinu og bæjarfélögum.

Þá leggur nefndin til, að A. S. Í. sendi verkalýðsfélögunum, sem fara með samninga kvenna, afrit af bréfi því, sem Skattstofan sendi nefndinni, og hvetja þau til að krefjast í næstu samningum einhverra réttinda fyrir sínar félagskonur. Benda má á það, að nokkur verkalýðsfélög hafa sömu réttindi í þessu efni og eru hjá því opinbera. En þar sem ekki er hægt að tryggja öllum verkakonum þetta með samningum (þ. e. tímavinnukonum), þá fer nefndin þess á leit við þá miðstjórnarmenn A. S. Í., sem jafnframt eru alþingismenn, að þeir beiti sér fyrir því á næsta Alþingi, annaðhvort með sérstöku frumvarpi eða endurskoðun á tryggingalögum, að fullgilt verði af Íslands hálfu samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 103, um mæðravernd (endurskoðuð 1952).

Þar sem hér á landi er tiltölulega lítill hluti kvenna, sem eiga börn og vinna utan heimilis, þá yrði fjárhagslegur kostnaður af þessu sáralítill, og mætti afla fjár á þann hátt, sem bent er á í tillögu, sem nokkrar konur fluttu á 25. þingi A. S. Í. 1956 og er á þskj. 62, um tryggingamál, og fylgir hér með.

Með félagskveðjum,

milliþinganefnd 26. þings A. S. Í.

Margrét Auðunsdóttir. Guðný Jónsdóttir. Jóna Guðjónsdóttir.
Birgitta Guðmundsdóttir. Ingibjörg Arnórsdóttir.

Til Alþýðusambands Íslands,
Reykjavík.

Fskj. 1.

Bréf frá Skattstofu Reykjavíkur:

Fr. Margrét Auðunsdóttir,
Barónsstíg 63.

Reykjavík, 24. maí 1960.

Samkvæmt beiðni hefur Skattstofan látið fara fram lauslega athugun á því, hve margar af þeim konum í Reykjavík, sem eignuðust börn á árinu 1958, hefðu haft einhverjar launatekjur á því ári og fyrir hve langan tíma.

Samkvæmt þeirri athugun má ætla, að ca. 350 konur hafi haft einhverjar tekjur, 40% af þeim ógiftar.

Flestar hafa tekjur aðeins hluta úr árinu. 20% hafa tekjur sem svarar til ársvinnu, og unnu flestar hjá stórum verzlunarfyrirtækjum, bönkum eða eru í opinberri þjónustu.

Virðingarfyllst,

f. h. skattstjórans í Reykjavík,

Jón Zóphóníasson.

Fskj. 2.

Nefndin leggur til, að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

„25. þing A. S. Í. skorar á Alþingi að tryggja með löggjöf, að allar konur, sem vinna utan heimila sinna, njóti sömu réttinda að því er varðar forföll frá vinnu

vegna barnsburðar og nú tíðkast um konur, sem taka laun skv. lögum um laun starfsmanna ríkisins, þ. e., að þær fái þriggja mánaða leyfi frá starfi á fullu kaupi.

Telur þing A. S. Í., að ófullnægjandi sé, að einungis fastráðnir ríkisstarfsmenn njóti þessara sjálfsögðu réttinda, og telur raunar enn brýnni þörf á, að konur við hin erfiðari störf, t. d. framleiðslustörfin í frystihúsum landsins og í verksmiðjum, svo og þjónustustörf, svo sem á sjúkrahúsum, barnaheimilum, veitingastöðum og víðar, öðlist þennan rétt.

Skal í þessu sambandi á það bent, að eðlilegt mætti teljast, að viðkomandi atvinnurekandi greiddi þann kostnað, sem af þessu mundi leiða, svo sem hækkun tryggingaiðgjalda af starfsfólki sínu, en greiðsla til viðkomandi mæðra yrði í höndum Tryggingastofnunar ríkisins. Varðandi konur, sem einungis eða aðallega vinna í tímavinnu, mætti telja eðlilegt, að þær fengju í bótagreiðslu samkvæmt þessu ákvæði fjórðung framtalins árskaups miðað við skattaframtal næstliðins árs.

Sþ. 112. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um eflingu iðnrekstrar.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að leggja fyrir rannsóknaráð ríkisins að taka til rækilegrar athugunar og rannsóknar í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, hvaða iðngreinar geta hérlendis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll en hliðstæðar iðngreinar hafa í nágrannalöndum Íslands. Áliti verði skilað sem allra fyrst og það birt almenningi, svo að orðið geti til leiðbeiningar þeim, sem vilja hefja nýjan iðnrekstur.
2. Að hlutast til um, að stofnlán til iðnfyrirtækja verði aukin, einkum þó til þeirra fyrirtækja, sem vilja hefja eða auka iðnrekstur til framleiðslu á útflutningsvöru.
3. Að stuðla að því, að iðnfyrirtæki, sem komin eru á það stig að geta hafið útflutning samkeppnishæfan, fái þegar sérstaka fyrirgreiðslu um rekstrarlán í því skyni.

Greinargerð.

Íslendingar þurfa flestum þjóðum fleira að sækja til annarra landa af því, sem nútímamaður þarfnast. Til endurgjalds hefur þjóðin, eins og sakir standa, nær eingöngu sjávarafla.

Öllum hugsandi mönnum er ljóst, að nauðsynlegt er að fjölga atvinnuvegunum og greinum þeirra. Finna leiðir til þess að framleiða meira og fleira, ekki aðeins til innanlandsþarfa, heldur einnig til útflutnings til öflunar erlends gjaldeyris. Ör fjölgun þjóðarinnar rekur hart eftir í þessum efnum.

Hinir fornu atvinnuvegir okkar, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa mikil vaxtarskilyrði, og einboðið er að efla þá. En með þeim verður ekki allur vandi leystur. Stóraukinn iðnaður verður líka að koma til sögunnar, ef vel á að ganga.

Löngum hefur verið um það rætt, að eðlilegast sé, að Íslendingar stundi framleiðslu iðnvöru úr innlendum hráefnum. Víst er það rétt, og á því sviði þarf að herða róðurinn kappsamlega. Ekki má þó einskorða sig við þetta, heldur taka fullt tillit til þess líka, hvað auðveldast og hagfelldast er til vinnslu og árvissastur grundvöllur fyrir, að því er öflun hráefnis líður og sölu framleiðslunnar.

Vitað er að mikill hluti af útflutningi sumra nágrannaþjóða okkar er iðn-

vörur, unnar úr innfluttum hráefnum þar. Ýmiss konar iðnaðar ætti að geta haft svipaða aðstöðu hér á landi og sams konar framleiðsla í nágrannalöndunum. Þess vegna er í 1. lið tillögunnar lögð sérstök áherzla á athugun þess, hver reynslan er þar. Flestra hráefna, sem eru innflutt til iðnaðar í nágrannalöndunum, virðist líklegt að Íslendingar geti aflað sér á svipuðu verði og nágrannarnir, eins og nú er komið flutningatækni.

Flutningsmenn tillögunnar telja heppilegast, að rannsóknaráði ríkisins sé falið að rannsaka þessi málefni í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands og skila opinberu áliti, er geti orðið almenningi og áhugamönnum til leiðbeiningar. Kemur við athugun þessa ekki sízt til greina vinnsla úr heimsmarkaðshráefnum, svo sem málmum, plasti, spunaefnum o. s. frv.

Til hliðsjónar er nauðsynlegt að hafa við rannsókn þessara málefna, hve mikil þörf þjóðinni er á auknum gjaldeyri og árvissu atvinnulífi.

Í 2. lið tillögunnar er skorað á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að iðnaðurinn fái aukið stofnfé til athafna sinna. Ef hann á að vaxa og taka að sér stærri hlutverk í efnahagslífi þjóðarinnar, verður þjóðfélagið og stjórn þess að taka fullt tillit til hans þannig.

Í 3. lið tillögunnar er sérstaklega vikið að því, að ætlazt sé til, að greitt skuli fyrir þeim fyrirtækjum, sem komin eru á það stig að geta flutt út vel unnar vörur, ef þau fengju rekstrarlán til þess að gera tilraunir með útflutninginn. Ýmsar vörur geta komið nú þegar til greina í því sambandi, svo sem gæruskinn, úlpur, gólfteppi, áklæði. Mjög er æskilegt, að iðnrekendur fái sem fyrst að reyna sig við framleiðslu útflutningsvöru og læra af reynslunni. Uppbygging iðnaðar og öflun markaða tekur venjulega langan tíma.

Ed. 113. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. nóv. 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Björn Jónsson. Karl Kristjánsson.

Nd. 114. Frumvarp til laga [102. mál]

um sömu laun kvenna og karla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Margrét Sigurðardóttir, Eðvarð Sigurðsson, Gunnar Jóhannsson, Karl Guðjónsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum skulu konum greidd sömu laun og körlum.

2. gr.

Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.

3. gr.

Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.

4. gr.

Öll störf í hraðfrystihúsum, verksmiðjum og við iðju og iðnað o. s. frv. skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á þinginu 1948 flutti Hannibal Valdimarsson í efri deild frumvarp til laga „um réttindi kvenna". Þetta frumvarp var um algert jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum þjóðlífsins. Í umræðum, sem þá urðu um málið, viðurkenndu flestir þingmenn, er í þeim tóku þátt, að misrétti kvenna í launamálum væri augljóst, og létu sumir þeirra líklega um fylgi við frumvarpið, ef það fjallaði einungis um launajafnrétti kvenna og karla. — Málið var svæft í nefnd.

Á þinginu 1953 flutti Hannibal frumvarpið aftur, og var efni þess nú einungis um launajafnrétti kvenna. Heiti þess var: „Frv. til l. um sömu laun kvenna og karla", og er frumvarp það, sem hér er flutt, samhljóða því. — Að þessu sinni gerðust þeir Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson meðflutningsmenn að frumvarpinu. — Ekki náði málið samt fram að ganga.

Á næsta þingi, 1954, flutti Hannibal „frumvarpið um sömu laun kvenna og karla" í þriðja sinn. Að þessu sinn flutti hann frumvarpið einn. — Eins og áður snerust íhaldsöflin gegn því, og náði það ekki fram að ganga.

Nú er málið flutt í fjórða sinn, og viljum við, þingmenn Alþýðubandalagsins, sem nú berum það fram, vænta þess, að eftir öll þessi ár, sem málið hefur verið á dagskrá, hafi mönnum aukizt svo skilningur á þessu jafnréttis- og mannréttindamáli, að það fái að þessu sinni meirihlutastuðning á Alþingi og verði gert að lögum.

Samkvæmt lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, skulu konur, sem eru opinberir starfsmenn, hafa sömu laun og karlar. Þetta er líka þannig í framkvæmd að því er snertir sumar stéttir embættismanna. Engum dettur nú t. d. í hug, að konan í kennarastétt eigi að hafa lægri laun fyrir sitt kennarastarf en karlmaðurinn, stéttarbróðir hennar. Það mundi og þykja fjarstæða, að kona í læknisstarfi eða kona, sem væri lögfræðingur, ætti að hafa lægri embættislaun eða vinna samkvæmt lægri taxta lækna eða lögfræðinga en karlmenn í þessum stéttum. — Sama má segja um margar aðrar stéttir embættis- og menntamanna.

Hins vegar verður því þó ekki á móti mælt, að hitt er líka til, að konur búi við áberandi launamisrétti við ýmiss konar störf í þjónustu hins opinbera — ríkis og bæjarfélaga. Verður þetta strax augljóst, þegar litið er á, hve sárafáar konur taka laun samkvæmt hæstu launaflokkum launalaga þrátt fyrir háan starfsaldur, — og á hinn bóginn, hversu yfirgnæfandi margar konur gegna störfum í lægstu launaflokkunum.

2. gr. þessa frumvarps er ætlað að taka af öll tvímæli um þetta. Með henni er það útilokað, að konur verði misrétti beittar við færslu milli launaflokka.

Þó að ótrúlegt sé, er launamisrétti kvenna óvíða meira en við verzlunar- og skrifstofustörf. Með 3. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um það, að öll skrifstofustörf og afgreiðslustörf í verzlunum skuli greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af körlum eða konum.

4. gr. fjallar um hvers konar erfiðisvinnu í þjónustu atvinnuveganna, svo sem störf í hraðfrystihúsunum, í verksmiðjum og yfirleitt við iðju og iðnað. Segir þar, að öll slík störf skuli greidd sama kaupi, hvort sem unnin séu af konum eða körlum.

Er gert ráð fyrir, að launajafnréttið komist á með þeim hætti, að við gildistöku laganna skuli öll sérákvæði í kaupgjaldssamningum stéttarfélaga um lægra kaup konum til handa falla úr gildi.

Við almenn erfiðisstörf í þjónustu atvinnuveganna ríkir nú álíka ósamræmi um kaupgreiðslur kvenna eins og um launagreiðslur kvenna í opinberri þjónustu.

Stéttarfélögin hafa náð samningum við atvinnurekendur um, að konum skuli greitt karlmannskaup við ýmis störf. Þannig hafa konur, sem flaka fisk í hraðfrystihúsunum, víðast hvar karlmannskaup, en konur, sem önnur störf vinna í sömu fyrirtækjum og afkasta þó eigi minna verki en karlmenn mundu afkasta í þeirra sporum, hafa tæp 80% af kaupi karla.

Yfirleitt er almennt kaup verkakvenna nú um 78% af tímakaupi karlmanna við almenna verkamannavinnu. — Þetta er óviðunandi ranglæti, enda skapar slíkt launamisrétti slíka úlfúð og óánægju á vinnustað, að miklum leiðindum veldur, og er atvinnulífinu auk þess tvímælalaust til tjóns.

Á alþjóðlegum vettvangi hefur Ísland hvað eftir annað skuldbundið sig til að koma á launajafnrétti kvenna.

Sumarið 1946 gerðist Ísland aðili að bandalagi Sameinuðu þjóðanna og tók á sig allar skyldur, sem því væru samfara, samkvæmt sáttmála bandalagsins. En í upphafi hans segir svo:

„Vér, hinar Sameinuðu þjóðir, staðráðnar í ..... að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi, jafnrétti karla og kvenna og allra þjóða, hvort sem eru stórar eða smáar.“

Síðar í sáttmálanum segir:

„Hinar Sameinuðu þjóðir skulu ekki setja neinar takmarkanir á val karla og kvenna til þátttöku í hvaða störfum sem er við jöfn skilyrði.....“.

Sams konar ákvæði og þó öllu ákveðnari eru einnig í mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna.

Um það verður þannig ekki deilt, að með aðild sinni að bandalagi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland skuldbundið sig til að stefna að algeru jafnrétti kvenna og karla, og mætti það vel verða heiður þessarar litlu þjóðar að stíga þar lokaskrefið á undan flestum öðrum þjóðum bandalagsins, sem stærri eru.

Eins og kunnugt er, er Ísland líka aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Sú stofnun hefur gefið út hina svonefndu jafnlaunasamþykkt. Er Ísland eitt þeirra ríkja, sem hefur fullgilt hana og þannig skuldbundið sig til að stuðla að fullu launajafnrétti kvenna. — Nú hafa nágrannalönd okkar, Noregur og Danmörk, einnig fullgilt jafnlaunasamþykktina.

Verkalýðshreyfingin um heim allan hefur á stefnuskrá sinni að koma á fullu launajafnrétti kvenna. Þannig gerði Alþjóðasamband frjásra verkalýðsfélaga (I. C. F. T. U.), sem Alþýðusamband Íslands er meðlimur í, samþykkt um launajafnréttismál kynjanna á þingi sínu í Stokkhólmi sumarið 1953. Var þar lagt fyrir alþýðusamböndin hvert í sínu landi að berjast ötullega fyrir því, að sama kaup verði greitt konum sem körlum.

Íslenzk verkalýðshreyfing hefur líka margsinnis lýst því yfir á þingum sínum, að launajafnrétti kvenna sé ekkert sérmál þeirra, heldur sé það almennt jafnréttis- og mannréttindamál, sem verkalýðssamtökin í heild hafi gert að sínu máli.

Vissulega hefur málinu miðað nokkuð í áttina á seinni árum, einkum vegna

baráttu verkalýðsfélaganna, en þó virðist svo sem seinfær ætli að verða samningaleiðin, og verður þá ekki annað séð en að löggjafarvaldinu beri skylda til að koma til liðs við réttan málstað. Og í trausti þess, að svo verði, er frumvarp þetta enn á ný fram borið.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um skipun nefndar til þess að rannsaka fiskverð.

Flm.: Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að rannsaka þann mismun, sem er á fiskverði í Noregi og á Íslandi. Nefndin skal einnig leitast við að gera sem ljósastan samanburð á rekstrarkostnaði sambærilegra fiskvinnslufyrirtækja hérlendis og í Noregi.

Greinargerð.

Hinn gífurlega mikli munur, sem er á fiskverði í Noregi og hér á landi, hefur að vonum vakið mikla athygli og mikið umtal.

Þegar fyrst var skýrt frá þessum mikla mismun á s. l. vetri, töldu margir, að hér hlyti eitthvað að vera málum blandið.

En nú þarf ekki lengur að deila um það, hvað raunverulegt fiskverð er í Noregi og hvað það er hér á landi.

Alþýðusamband Íslands hefur í riti sínu, Vinnunni, birt skýrslu um norskt fiskverð á s. l. vetri, og einn af starfsmönnum Fiskifélags Íslands hefur nýlega birt grein í tímaritinu Ægi um norska fiskverðið. Hjá báðum þessum aðilum kemur í ljós, að um gífurlegan verðmismun er að ræða, þannig að íslenzka fiskverðið nálgast ekki það fiskverð, sem Norðmönnum er greitt.

Samkvæmt upplýsingum starfsmanns Fiskifélagsins var verð á nýjum fiski s. l. vetur í Noregi sem hér segir:

Nokkrar aðal-fisktegundir	Norskar kr.	Ísl. kr.
Þorskur yfir 43 cm	0,85—0,90	= 4,54—4,81
Ýsa, stór til frystingar	0,80	= 4,28
Langa	0,85	= 4,54

Þetta norska verð er miðað við slægðan og hausaðan fisk.

Sambærilegt verð á fiski hér á landi er þannig:

Þorskur	kr.	3,16—3,29
Ýsa, stór	—	3,16
Langa	—	2,93

Þetta verð er miðað við slægðan og hausaðan fisk eins og í Noregi og er því algerlega sambærilegt.

Það verð, sem hér er rætt um, er það verð, sem fiskkaupendur (frystihúsin) greiða fiskiskipunum fyrir aflann bæði í Noregi og hér.

Samkvæmt þessu greiða frystihúsin í Noregi fiskibátunum þar 45% hærra verð fyrir þorsk en frystihúsin hér telja sig geta greitt íslenzkum fiskibátum fyrir nýjan þorsk. Á sama hátt borga norsku frystihúsin 35% hærra verð fyrir ýsuna en þau íslenzku gera og 55% hærra fyrir löngu.

Hér er um gífurlega mikinn verðmun að ræða, svo mikinn, að óhjákvæmilegt er að fá á því skýringu, í hverju munurinn liggur.

Hver er ástæðan til þess, að norska frystihúsið getur greitt svona miklu hærra verð fyrir aflann en það íslenzka?

Þessi mikli verðmunur nemur því, að frystihús, sem vinnur úr 3000 lestum hráefnis (slægt með haus) hér á landi, — en það má teljast meðalstórt frystihús, — gefur um 3,5 millj. kr. minna fyrir þann afla, sem það vinnur úr á ári, heldur en jafnstórt norskt frystihús gerir.

Fyrir vetrarvertíðarbát, sem veiðir 600 lestir, miðað við slægðan fisk með haus, nemur þessi verðmunur rétt um 700 þús. kr. í aflaverðmæti.

Þessi verðmunur þýðir í raun og vera það, að meðalfrystihúsið hér á landi ætti að hafa 3,5 millj. kr. hagstæðari rekstur en norska frystihúsið, svo framarlega sem aðrir rekstrarkostnaðarliðir væru sambærilegir.

En hvað er þá að segja um annan rekstrarkostnað frystihúsa í Noregi og hér á landi?

Í upplýsingum starfsmanns Fiskifélagsins, sem vitnað var í hér að framan, kemur í ljós, að vinnulaun þess fólks, sem vinnur við fiskvinnsluna í Noregi, eru hærri þar í landi en sambærileg vinnulaun hér. T. d. er hið almenna tímakaup karlmanna þar 23,21 kr. (ísl.) á móti 20,67 kr. hér, og tímakaup kvenna er þar kr. 18,61 (ísl.) á móti kr. 16,14 hér. Kaup karla þar er því 12,3% hærra en hér og kvennakaupið er 15,3% hærra þar.

Sú skýring, sem einu sinni var óspart notuð til afsökunar á lágu fiskverði hér, — miklu hærri vinnulaun hér á landi, — er því ekki fyrir hendi í þessu tilfelli. Vinnulaunin í frystihúsunum í Noregi eru mun hærri, en ekki lægri en hér, svo að hið lága íslenzka fiskverð verður ekki skýrt með því, að of há vinnulaun hafi étið upp fiskverðið.

En hvað um aðra kostnaðarliði í frystihúsarekstrinum? Hvað er að segja um vexti af rekstrarlánum, vexti af stofnlánum, afborganir stofnlána, útflutningsgjöld til ríkis og ýmiss konar sjóða, sölukostnað og annað þess háttar, og hvernig er samanburður á hinu endanlega markaðsverði fyrir íslenzkan og norskan fisk?

Of lágt fiskverð fyrir bátaflotann hefur lengi verið eitt erfiðasta viðfangsefnið í íslenzkum efnahagsmálum. Reynt hefur verið með ýmsu móti að hækka fiskverðið til fiskiskipanna, en fiskkaupendur hafa jafnan sagt, að þeir gætu ekki greitt svo hátt verð sem fiskiskipin þyrftu að fá.

Þó að einstakir menn viti að vísu full deili á því, hvernig stendur á hinum mikla fiskverðsmismun í Noregi og hér á landi, þá er það ekki nóg. Opinber óhlutdræg rannsókn á að fara fram í þessum efnum, og niðurstöður rannsóknarinnar á að birta almenningi.

Hér er ekki um neinn galdur að ræða, heldur mjög auðskýranlegar staðreyndir.

Stjórnarvöld landsins geta ekki vikizt undan því að láta þessa rannsókn fara fram, svo að öllum megi ljóst verða, á hvern hátt hægt er að hækka íslenzka fiskverðið til mikilla muna og leysa þar með vandræði fiskiskipaflotans og mæta einnig óhjákvæmilegri launahækkun þess fólks, sem að framleiðslunni vinnur jafnt á sjó og í landi.

Nd. 116. Frumvarp til laga [104. mál]

um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal og halda skóla, er nefnist félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert. Heimilt er þó að skipta þeim námstíma í tvö þriggja mánaða námskeið og sé námsskrá þá breytt í samræmi við þá tilhögun.

Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið, og fer kennsla þá aðallega fram í fyrirlestrum og með námshópastarfi.

2. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum: íslenzk tunga og bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga atvinnuveganna — og þjóðfélagsfræði. Þá skal veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtaka atvinnurekenda svo og meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum um að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að kennt skuli eitt Norðurlandamála svo og vélritun og grundvallaratriði bókfærslu. Söngur skal iðkaður í tengslum við kennslu og starf skólans. Kennsla fer fram í fyrirlestrum að því leyti, sem betur þykir henta.

Öllu starfsliði skólans ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

3. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu félagsmenn í verkalýðsfélagi.

4. gr.

Stjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Skulu fjórir nefndarmanna tilnefndir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, en félagsmálaráðherra tilnefnir hinn fimmta, og er hann formaður nefndarinnar. Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara.

Félagsmálaráðuneytið gefur út reglugerð fyrir skólann að fengnum tillögum skólanefndar.

5. gr.

Kostnaður við byggingu skólahúss greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við rekstur skólans.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1960—1961.

Greinargerð.

Árið 1954 bar Hannibal Valdimarsson fyrst fram á Alþingi frumvarp um skóla verkalýðssamtakanna, og enn flutti hann frumvarp um sama efni á þingi 1955, en hvorugt hlaut endanlega afgreiðslu. — Þá fluttu þeir Björn Jónsson, Finnbogi R. Valdimarsson og Alfreð Gíslason frumvarpið um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna á þinginu 1957—1958, og var málið sem áður svæft í nefnd, og er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, samhljóða því.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er að meginefni hið sama og frv. Hannibals Valdimarssonar, en þó breytt í nokkrum atriðum. Þannig er nú í frv. heimild til að skipta námstímanum í tvö 3 mánaða námskeið, ef betur reynist henta sú skipan en að halda skólann í 6 mánaða samfelldu starfi. Er þessi breyting að nokkru gerð til að koma til móts við skoðanir, sem fram hafa komið á Alþingi um fræðslu fyrir alþýðusamtökin. Þá eru gerðar minni háttar breytingar aðrar, svo sem um stjórn skólans og greiðslu kostnaðar við rekstur hans.

Tilgangur þessa frv. er að öllu hinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill,

möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar, hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagssamtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálum þjóðanna.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, tryggginga- og skattalöggjöf, og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðsfélögunum um **land allt og eftirlit með** framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því víðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með síauknum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaxandi kynslóð næga fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið hærra en verið hefur, það, að hver félagi verkalýðssamtakanna kunni góð skil á öllum helztu viðfangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið drepið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til víðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að stjórn skólans sé að mestu í höndum verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Þykir þetta jafnsjálfsagt og t. d., að sérskóli samvinnuhreyfingarinnar er að öllu leyti undir hennar eigin stjórn. Verkalýðshreyfingin er óháð ríkisvaldinu og mundi því ekki una því, að það hefði eitt á hendi stjórn á skóla hennar eða á öðrum málum hennar, enda þótt ríkisvaldið sýni henni þá viðurkenningu og trúnað að veita henni fjárhagslegt fulltingi til þess menningarstarfs, sem hér ræðir um.“

Ed. 117. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Karl Kristjánsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, þannig:

Hinn 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórinn í Reykjavík) leggja fram skýrslur

um álagðan söluskatt samkv. þessum kafla laganna, er sýni heildarupphæð söluskattsins hjá hverjum skattgreiðanda fyrir sig á undangengnu þriggja mánaða tímabili. Skýrslur þessar skulu liggja frammi almenningi til sýnis í hverju umdæmi í skrifstofu innheimtumanns eða á öðrum hentugum stað eigi skemur en þrjár vikur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn almenni söluskattur hefur þann mikla annmarka, að ekki er trygging fyrir því, að hann komi allur til skila í ríkissjóðinn. Talið er, að þeir, sem eiga að heimta hann í viðskiptum við almenning, geri það yfirleitt að vísu, en aftur á móti verði vanhöld á, að ríkissjóði — þ. e. innheimtumönnum hans: sýslumönnum, bæjarfógetum og tollstjóranum í Reykjavík — sé skilað öllu því, sem almenningur hefur goldið.

Eftirlit af ríkisins hálfu til að koma í veg fyrir þessi vanhöld er torvelt, enda sumir skattgreiðendurnir ekki bókhaldsskyldir.

Gjaldendurnir, sem borga hinum svonefndu skattgreiðendum féð, geta ekki á neinn hátt — eins og lögin um söluskattinn eru — fylgzt með því, hverju skattgreiðendur í þeirra umhverfi skila í ríkissjóðinn. Engar skýrslur eru um það birtar.

Almenningur unir þessu ástandi illa, sem vonlegt er. Enn fremur kunna skilsamir skattgreiðendur því ekki vel, að öðrum líðist undanbrögð og fjárdráttur, eins og talið er, að þarna eigi sér stað.

Nauðsynlegt er að herða eftirlitið af ríkisins hálfu. Lögum þarf ekki að breyta til þess. Hins vegar er líka mikilsvert til áhrifa og aðstoðar við eftirlit ríkisins, að almenningur geti betur fylgzt með en nú er og veitt aðhald. Til þess að það geti orðið, þarf lagabreytingu þá, sem felst í þessu frumvarpi.

Verði frumvarpið að lögum, verða skýrslur um álagðan söluskatt lagðar fram almenningi til sýnis hverju sinni, eins og skrár um tekju- og eignarskatt og útsvör. Geta þá kunnugir fengið tækifæri til athugasemda og skattgreiðendur vitað, að þær vofa yfir þeim. Yrði því nokkru nær um aðhald til fullra skila.

Sþ. 118. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela skipulagsnefnd ríkisins í samráði við rannsóknaráð ríkisins, hagstofustjóra, Framkvæmdabankann, nýbýlastjóra, raforkumálastjóra og aðra sérfróða aðila ásamt þar til kjörnum fulltrúum viðkomandi sýslufélaga að gera svo fljótt sem auðið er frumdrög að heildarskipulagi Suðurlandsundirlendis, miðað við 10—15 ára tímabil. Skal að því stuðlað, að mannvirkjagerð hins opinbera og önnur fjárfesting á svæðinu miðist við að fá sem hagkvæmasta nýtingu orkulinda og annarra lands- og sjávargæða.

Greinargerð.

Fyrirfram-heildarskipulagning landssvæða ryður sér mjög til rúms erlendis, og er nauðsynlegt, að Íslendingar fylgist með þeirri þróun. Þjóðin hefur ekki efni á að láta byggð og atvinnulíf þróast á jafn-tilviljunarkenndan hátt og verið hefur til þessa. Er því nauðsynlegt að auka hlutverk ríkisvaldsins og skipulagsstjórnarinnar á þessu sviði. Ýtarlegar rannsóknir þurfa að fara fram á hugsanlegri nýtingu auðlinda landsins, svo að unnt sé að gera víðtækari skipulagsáætlanir en hingað til

hefur tíðkazt, um lengri tíma í senn og þó sérstaklega um stærri svæði, heil byggðarlög eða landshluta.

Þá er og ekki aðeins rétt, að skipulagsstjórnin fylgist með eða áætli þróun byggðar í landinu, heldur láti hún einnig rannsaka og gera áætlanir um æskilega þróun byggðarinnar svo að ríkisvaldið á þeim grundvelli geti með sérstökum aðgerðum beinlínis stuðlað að hraðari uppbyggingu þeirra landssvæða, sem undangengnar rannsóknir leiða í ljós að séu bezt til búsetu fallin, og hafi þannig forustu um að beina fjárfestingu inn á þær brautir, sem mest gildi hafa.

Lög um skipulagsmál frá árinu 1921 hafa til þessa einvörðungu miðazt við skipulag einstakra þorpa og kaupstaða, og eru löngu úrelt. Eru þau nú í endurskoðun hjá sérstakri nefnd, og mun Alþingi, þegar þeirri endurskoðun lýkur, fá tækifæri til að fjalla um skipulagsmálin í heild sinni. Með tillögu þessari er stefnt að því, að nú þegar verði lagður grundvöllur að þeim vinnubrögðum, sem óhjákvæmilega verður að viðhafa á þessu sviði, ef vel á að takast. Lagt er til, að byrjað verði á Suðurlandsundirlendinu, sem er eðlilega afmarkað landssvæði, auðugt að orkulindum með mikla framtíðarmöguleika, svo að mikilvægt er, að nú þegar verði reynt að gera sér sem bezta grein fyrir þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru, og hvernig þeir verði bezt nýttir, miðað við framtíðarþarfir.

Með framkvæmd tillögunnar, ef samþykkt yrði, tekur skipulagsstjórn ríkisins að sér að skipuleggja frá grunni lítt byggð svæði, svo sem kringum hafnarstæði, fyrirhuguð orkuver o. s. frv., og auk þess yrðu gerðar heildartillögur um nýbýlahverfi á sviði landbúnaðar og garðyrkju, viðskipta- og samgöngukerfi, staðsetningu félagsheimila, skóla, heilbrigðisstofnana og íþróttamannvirkja og aðrar opinberar framkvæmdir.

Loks fengist af slíkri heildarskipulagningu heils landshluta dýrmæt reynsla, sem kæmi að miklu gagni við skipulagningu annarra byggðarlaga. Jafnframt yrði að fenginni slíkri reynslu mun auðveldara að semja sérstök lög um heildarskipulagningu landsins alls (national planning), svo sem æskilegt væri að gera svo fljótt sem kostur er.

Nd. 119. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 4. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er flutt samkv. tilmælum Háskóla Íslands. Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar. Eftir að hafa kynnt sér efni þess hefur nefndin orðið sammála um að flytja við það eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna breytist svo, að í stað töluorðsins „55000“ komi: 65000.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 26 24. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Alþingi, 11. nóv. 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Lúðvík Jósefsson.

Ed. 120. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Á eftir orðunum „sérstaks endurgjalds“ komi: frá sjóðnum.
2. 14. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1961. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 19 2. marz 1950, um Bjargráðasjóð Íslands.

Alþingi, 10. nóv. 1960.

Unnar Stefánsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Auður Auðuns.
Alfreð Gíslason. Karl Kristjánsson.

Sþ. 121. Fyrirspurn. [107. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 1. júní 1960 um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja?

II. Til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 31. maí 1957 um athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum?

III. Til menntamálaráðherra um rannsóknarmál ríkisins.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

Hvað líður endurskoðun lagasetningar um rannsóknarmál ríkisins?

Sþ. 122. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um undirbúning brúarbyggingar yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Flm.: Unnar Stefánsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa byggingu brúar yfir Ölfusá á Óseyrarnesi og lagningu vegar, sem tengi Þorlákshöfn við þorpin Eyrarbakka og Stokkseyri og nærsveitir.

Greinargerð.

Ráðuneyti Emils Jónssonar lét á árinu 1959 afla erlends lánsfjár til hafnargerðar í Þorlákshöfn. Tæknilegum undirbúningi er nú svo langt komið, að þess má vænta, að framkvæmdir við byggingu hafnarinnar geti hafizt að vori. Undirbúningsvinna, sem farið hefur fram með nýtízkulegum hætti á rannsóknarstofnun tækniháskólans í Hannover í Vestur-Þýzkalandi og á vitamálaskrifstofunni, miðast við, að í Þorlákshöfn verði gert lokað bátalægi og fullkomin hafskipahöfn. Þegar svo langt er komið undirbúningi að höfn fyrir Suðurlandi, er nauðsynlegt, að nú þegar verði hafizt handa um tæknilegar rannsóknir á skilyrðum fyrir byggingu brúar á Ölfusá hjá Óseyrarnesi til þess að bæta samgöngur héraðsins við hafnarsvæðið. Sérstaklega er þörf að hraða slíkri athugun með tilliti til þess, að hagkvæmt mundi vera, að bygging brúarinnar færi fram samtímis eða í framhaldi af hafnargerð, svo að nota mætti þau stórvirku tæki, sem þar yrðu fyrir hendi, ef á annað borð teldist fært að ráðast í slíka samgöngubót á næstu árum.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, og sagði þá í greinargerð, sem henni fylgdi:

„Hafnargerð í Þorlákshöfn er þjóðhagslega mikilvægt verkefni, vegna þess að hún skapar skilyrði til útgerðar, sem er líkleg til að færa þjóðarbúinu hreinar auknar tekjur vegna aukinnar framleiðslu útflutningsvara. Þorlákshöfn liggur betur en aðrar hugsanlegar verstöðvar við beztu fiskimiðum við landið, og þaðan er arðvænlegust útgerð 20—50 tonna báta, en af þeirri stærð eru til í landinu margir bátar án fullrar afkastagetunýtingar.

Bætt útgerðarskilyrði í Þorlákshöfn gera kröfu til mikillar fjárfestingar í fiskvinnslustöðvum, framleiðslutækjum svo og íbúðarhúsum vegna skorts á vinnuafli þar að óbreyttum aðstæðum. Þar eru nú búsettir aðeins rúmlega hundrað manns, en umhverfis höfnina er að mestu eyðisandur og klappir. Hins vegar eru nokkru austar á strandlengjunni í gróðursælum sveitum handan Ölfusár þorpin Eyrarbakki og Stokkseyri með meira en þúsund íbúa, sem búið hafa við ónóga atvinnu heima fyrir vegna breyttra atvinnuhátta í héraði og erfiðra hafnarskilyrða.

Að óbreyttum samgönguaðstæðum þykir sennilegt, að með öruggri aðstöðu í Þorlákshöfn muni útgerð bátanna flytjast þangað, en leggjast algerlega niður frá þessum þorpum. Í þeim eru nú fyrir hendi frystihús með 80 tonna vinnslugetu, geymslurými fyrir 500 tonn fisks, hjallarými, þurrkhús og önnur framleiðslutæki, ónotað íbúðarhúsnæði og mikið vinnuafl.

Er af þessu ljóst, að hagkvæmt muni að tengja hina nýju verstöð í Þorlákshöfn við þorpin á suðurströndinni og hina þéttu byggð í nærsveitum austan árinnar með beinu vegarsambandi. Slík samgöngubót mundi hvort tveggja í senn stórbæta skilyrði til áframhaldandi útgerðar frá Eyrarbakka og Stokkseyri vegna lendingaröryggis og minnka fjárfestingarþörf í Þorlákshöfn vegna í fyrsta lagi möguleika á hagnýtingu framleiðslutækja, sem fyrir eru á þessum stöðum, og í öðru lagi betri hagnýtingar vinnuafls með aukinni þátttöku íbúa þorpanna og nærsveita í framleiðslustörfum í Þorlákshöfn og skapa þannig þjóðhagslega hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta en ella gæti orðið.

Til viðbótar aukinni arðsemi við útgerð og aflavinnslu mundi beint vegarsamband yfir Ölfusárós hafa í för með sér verulegan sparnað vegna minni flutningskostnaðar. Stytzti vegur frá Þorlákshöfn til Eyrarbakka nú er 50 km, en mundi verða 12 km með tilkomu nefndrar brúar. Flutningaleiðin frá Þorlákshöfn til verzlunarmiðstöðvar héraðsins, Selfoss, mundi styttast um fjórðung, eða úr 36 km í 24 km, og samsvarandi til annarra byggðarlaga austan árinnar. Hér er um að ræða mikilvæga hagkvæmni, því að um þessa einustu hafskipahöfn á allri suðurströnd landsins mun fara meginhluti vöruviðskipta héraðanna, bæði inn- og útflutningur, sem mun á næstu árum stóraukast með aukinni landbúnaðarframleiðslu, virkjun fallvatna og hveraorku til stóriðnaðar og hagnýtingu annarra náttúruauðlinda, sem er forsenda þeirrar skoðunar margra, að íbúafjöldi þessa héraðs muni á næstunni vaxa örar en í öðrum byggðarlögum landsins.

Fyrir því má fullvíst telja, að brú verði byggð á nefndum stað, en hins vegar álitamál, hvenær hagkvæmni og arðsemi slíkrar framkvæmdar verði talin nægileg til þess, að skynsamlegt sé að hefjast handa. Brú á Óseyrarnesi var tekin á brúalög árið 1953 og vegurinn að henni í tölu þjóðvega árið 1955. Vegamálaskrifstofan hefur gert nokkrar byrjunarathuganir á brúarstæðinu, og leiða þær í ljós, að undirstaða sé ákjósanleg, hraun þrjá metra undir venjulegu vatnsyfirborði, og að brúin þyrfti að vera 440 metra löng.

Við hin nýju viðhorf, sem nú skapast með tilkomu hafnar í Þorlákshöfn, er fullkomlega tímabært, að fram fari rannsóknir á tæknilegri hlið málsins og fjárhagslegri og annar nauðsynlegur undirbúningur, sem miði að því, að framkvæmdir geti hafizt í beinu framhaldi af þeim fyrsta áfanga, sem nú er fyrirhugaður af hinni mikilvægu hafnargerð í Þorlákshöfn, enda munu kostir hennar ekki njóta sín til fulls, fyrr en brú verður byggð á Ölfusárós, eins og hér er gert ráð fyrir.“

Sþ. 123. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1958 flutti Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem þá átti sæti á Alþingi sem varaþingmaður, svo hljóðandi tillögu í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Í greinargerð, sem fylgdi tillögu Sveins, var hún ýtarlega rökstudd. Greinargerðinni lauk með þessum orðum:

„Iðnaðurinn er nú orðinn einn af þremur aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, og er eðlilegt, að hann sitji við sama borð sem landbúnaður og sjávarútvegur í þessu efni, enda fullvíst, að hann verði þjóðinni giftudrjúgur til bættrar lífsafkomu.“

Tillögu Sveins var að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings, og gerði hún nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar, en ekki efni, og var hún þannig breytt afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis 3. júní 1958.

Þótt liðin séu nú rúmlega 2½ ár, síðan þessi tillaga var samþykkt á Alþingi, hefur enn ekki verið gert neitt raunhæft til þess að framfylgja henni.

Það má vera öllum ljóst, að vegna efnahagsráðstafana þeirra, sem voru gerðar á síðastliðnum vetri, þarf iðnaðurinn stóraukið rekstrarfé, ef hann á ekki að dragast verulega saman og það að valda atvinnuleysi. Því er enn meiri þörf fyrir það nú en fyrir rúmum tveimur árum, að ráðstafanir séu gerðar til, að iðnaðurinn njóti jafnræðis við aðra atvinnuvegi að því er snertir endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Iðnaðurinn er nú óumdeilanlega einn af þremur aðalatvinnuvegum landsmanna við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er nú líka almennt viðurkennt í orði, en enn skortir mikið á, að það sé gert í verki. Úr því misrétti verður að bæta og tryggja iðnaðinum fullkomlega jafnræði við aðra aðalatvinnuvegi landsins.

Í samræmi við þetta sjónarmið, hef ég talið rétt að leggja fyrir Alþingi áðurnefnda tillögu Sveins Guðmundssonar, eins og hún var upphaflega orðuð af honum, og vænti þess, að hún njóti ekki minni stuðnings á Alþingi en fyrir tveimur árum. Reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita, að Alþingi endurnýi viljayfirlýsingu sína í þessum efnum.

Nd. 124. Frumvarp til laga [5. mál]

um breyting á lögum nr. 26 24. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. nóv.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist svo, að í stað töluorðsins „55000“ komi: 65000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 125. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um vita, leiðarmerki og öryggi sjófarenda.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög um vita og leiðarmerki með hliðsjón af þeim búnaði, sem nú tíðkast á fiski- og farskipum hér við land; einnig að fá tillögur kunnáttumanna á þessu sviði um, hvernig því fé, sem fer til þessara mála, verði bezt varið til öryggis sjófarenda við landið.

Einnig skal athuga, eftir því sem við á, þá þýðingu, sem slík tæki kunna að hafa fyrir flugsamgöngur.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að mikil breyting hefur orðið á siglingatækjum og útbúnaði skipa á undanförnum áratugum. Þessi breyting er svo gagnger, að heita má, að gerbreyting hafi orðið á þessu sviði á flestum skipum. Áður voru varla notuð önnur tæki á skipum hér við land en áttaviti, dýptarlóð og leiðmælir, leiðmælirinn þó ekki nema á lengri leiðum. Nú eru flest skip og bátar búin sjálfvirkum dýptarmælum, miðunarstöðvum og ratsjám. Þetta gerbreytir þörfinni fyrir venjulega vita

og vekur til umhugsunar um það, hvort ekki megi spara eitthvað á þeim eða hvort einhverju af því fé, sem til þeirra fer, væri ekki betur varið til þess að koma upp stöðvum, sem kæmu að enn betra gagni eða veittu meira öryggi, með þeirri tækni, sem nú er kunn.

Nd. 126. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. þetta á nokkrum fundum sínum.

Frv., sem er stjórnarfrv., felur í sér nokkrar breytingar og viðauka við 1., 2., 42., 65. og 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og auk þess er lagt til í frv., að 64. gr. laganna verði með öllu felld niður. Frv. nákvæmlega sama efnis og þetta var flutt af allsherjarnefnd Nd. á Alþingi 1957—58 (101. mál, þskj. 217), en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt þessari grein, og er þá sú uppsögn ógild, og á leiguliði heimtingu á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs, frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum.

10. gr.

Landskuld samkvæmt 6. gr. skal jafnan miða við búrekstrargildi jarðar, sbr. 2. málsgr. 7. gr. Miða skal landskuld við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða þeirra hlunninda, sem jörðin gefur af sér, og greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði eða gangverði þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert.

III. KAFLI
Um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða.

11. gr.

Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús í íbúðarhæfu ástandi og peningshús í nothæfu lagi, hvort tveggja að dómi úttektarmanna.

Vítalaust er þó landsdrottni, ef íbúðarhús er fullnægjandi fyrir meðalfjölskyldu og þá vinnuhjálp, er ætla má að þurfi, til þess að jörðin verði nytjuð með venjulegum hætti, og ef peningshús fylgja fyrir ¾ þess búfjár, sem úttektarmenn meta að jörðin geti borið, miðað við ástand hennar, þegar ábúandi tekur við ábúðinni.

Nú er ekki fyrir hendi hinn tilskildi húsakostur, er viðtaka fer fram, og skal þá í byggingarbréfi ákveðinn sá frestur, er landsdrottinn hefur, til þess að úr sé bætt, og tilgreint, með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta, ef eigi má ætla, að hann með eðlilegu viðhaldi sé nothæfur í 10 ár.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, sem vegna kostarýrðar, skorts á ræktunarskilyrðum eða annnarri aðstöðu til búrekstrar verða ekki gerðar búhæfar, sbr. lög nr. 48 1957, 38. gr., svo og jarðir innan takmarka kaupstaða, sjávar- og sveitarþorpa, er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að skipta niður í ræktunarlóðir, enda geri landsdrottinn fyrir sitt leyti kost á löndum til þess með þeim leigumála, sem þessir aðilar samþykkja.

12. gr.

Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, hefur landsdrottinn rétt til að ákveða, að hann sjálfur kosti alla endurbyggingu á jörðinni. Hann ræður þá

byggingarfyrirkomulagi. Landsdrottni er þá heimilt að endurbyggingu fullgerðri að hækka landskuld. Skulu úttektarmenn meta, hverju sú hækkun nemur. Við matið skal þess gætt, að landskuldarhækkun ber aðeins að reikna af húsakosti, sem er við hæfi jarðarinnar, og miðast, að því er tekur til peningshúsa, við þann bústofn, sem jörðin ber, og íbúðarhúsakost með hliðsjón af búsþörfum. Leiguliða er þó skylt að leggja til við endurbyggingu rif niðurlagðra húsa, gröft allan, þar með talið frárennsli og aðfærsla vatns til búsþarfa, svo og öflun og aðflutning á öllu byggingarefni endurgjaldslaust, enda dragast framlög þessi frá stofnverði því, sem leiga er metin eftir.

Nú er jörð á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og hefur verið tekin á áætlun um raforkuframkvæmdir, og er þá landsdrottni skylt að borga kostnað þann, er leiðir af heimtaug og raflögn í þau jarðarhús, sem raftaugar eru lagðar í, nema annað hafi verið tekið fram í byggingarbréfi.

Nú hafa jarðnytjar á leigujörð aukizt svo við ræktun, að jarðarhús þau, sem úttektarmenn hafa áður talið nægileg samkvæmt 11. gr., 1. málsgr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir, og landsdrottinn vill ekki framkvæma aukningu þeirra samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, og er leiguliða þá heimilt að gera hús, sem þörf krefur að dómi úttektarmanna. Þó skal landsdrottni, áður en bygging er hafin, gerður kostur á að kynna sér teikningar, sem byggt verður eftir. Verði þá ágreiningur við ábúanda um stærð þeirra eða fyrirkomulag, skal leitað álits viðkomandi héraðsráðunautar og byggingarfulltrúa, og með hliðsjón af umsögn þessara aðila úrskurða úttektarmenn, hvernig byggt skuli. Þegar bygging er fullgerð, skulu úttektarmenn meta húsagerðina til verðs að frádregnu tilskildu framlagi leiguliða og leiguliðabót, sem til verksins er lögð. Kveðja skal landsdrottin eða umboðsmann hans til að vera viðstaddan, þegar leitað er álits sérfræðinganna um matsgerðina og þegar úrskurður er felldur, og getur hann krafizt nægra sannanagagna um kostnaðinn að dómi úttektarmanna. Skal landsdrottni gerður kostur á að greiða leiguliða húsagerðarkostnaðinn samkvæmt því mati. Nú greiðir landsdrottinn leiguliða húsagerðarkostnaðinn, og má hann þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar allt að almennum útlánsvöxtum þeirra sjóða Búnaðarbanka Íslands, er lán veita til byggingar sveitabýla. Skulu vextirnir reiknast á matsverð íbúðarhúss eftir vöxtum byggingarsjóðs, en á önnur penings- og útihús eftir vöxtum ræktunarsjóðs auk vátryggingargjalds af húsunum. Hafni landsdrottinn kaupum, er hann skyldur að veita leiguliða leyfi til að veðsetja jörðina til tryggingar þeim lánum, sem heimilt er að veita til byggingarinnar úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði í Búnaðarbanka Íslands. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa hinnar leigðu fasteignar. Landsdrottinn getur þó krafizt, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar. Landsdrottinn skal innan tveggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu. Hafi landsdrottinn hafnað að innleysa húsin samkvæmt matinu, á leiguliði endurgjaldskröfu á landsdrottin fyrir húsin, er hann flyzt af jörðinni. Skal þá af úttektarmönnum metinn hæfilegur endingartími húsanna, og skiptist matsfjárhæðin á þann tíma, og á leiguliði endurgreiðslurétt fyrir þau ár, sem eftir eru af fyrningartímanum, er hann flyzt af jörðinni.

Nú er annar hvor aðili, landsdrottinn eða leiguliði, óánægður með úrskurðaða stærð og skipan húsanna, sem ákveðið er að reisa á jörðinni, og samkomulag næst ekki þar um, og getur þá hvor aðili um sig krafizt, að matið sé lagt í gerð, þannig að aðilar tilnefna sinn manninn hvor, en hlutaðeigandi sýslumaður tilnefnir oddamann, sem jafnframt er formaður gerðardómsins.

13. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar eigi meiri eða dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald að dómi úttektarmanna. Skylt er landsdrottni að kaupa hús úr varanlegu efni, sem ekki er unnt að flytja af jörðinni, en séu þau ekki nauðsynleg vegna búrekstrar viðtakanda á jörðinni, skal taka tillit til þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Fjárhæð þá, sem landsdrottni er gert að greiða samkvæmt mati, skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu fjórum árum, að viðbættum almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands.

Þau hús, sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar og unnt er að flytja, er jarðeigandi ekki skyldur að kaupa af fráfaranda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim, hefur fráfarandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skylt að sjá um, að þau séu rifin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé minnst mein að.

14. gr.

Leiguliði greiðir fyrningargjaldið af húsum landsdrottins, nefnist það leiguliðabót, og skal hún tilgreind í byggingarbréfi og hvernig hún skuli greidd. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra að frádregnu framlagi leiguliða. Skal hundraðsgjaldið vera ⅓—⅔% af steinhúsum, en ¾—1½% af húsum úr öðru efni. Sýslumenn innheimta gjald þetta árlega á manntalsþingi fyrir allar jarðir, þegar ekki er öðruvísi um samið í byggingarbréfi. Leiguliðabót, sem ekki er innheimt sem að framan greinir, er í vörzlu leiguliða með 5% ársvöxtum frá eindaga, sem skal vera í lok hvers fardagaárs, þar til hann fer frá jörðinni og úttekt fer fram, þá skulu úttektarmenn meta ástand húsanna og gera á þau álag, ef þau hafa hrörnað umfram eðlilega fyrningu. Nú hefur leiguliði gert meira en að varna eðlilegri fyrningu húsa, og ber honum þá að fá það greitt eftir mati úttektarmanna af þeirri leiguliðabót, er stendur inni hjá honum. Álag það, sem hér um ræðir, hefur lögtaksrétt. Leiguliðabót, sem innheimt er af sýslumanni á manntalsþingum, fylgir lögtaksréttur. Innheimtar fjárhæðir skal greiða í sérstakan sjóð, er nefnist Endurbyggingarsjóður húsa á leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn bankastjórnar og landbúnaðarráðuneytisins. Hver jörð hefur sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar.

Er leigujörð kemst í sjálfsábúð, fellur niður greiðsla leiguliðabótar, en séreign hennar skal standa óhreyfð, þar til hús jarðarinnar verða endurreist.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari reglur um sjóðinn að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

15. gr.

Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki hrörni umfram eðlilega fyrningu að áliti og mati úttektarmanna. Setur landbúnaðarráðherra reglur um viðhald húsa á leigujörðum að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Nú hefur leiguliði eigi haldið við jarðarhúsum samkvæmt ákvæðum, er þar að lúta, og skulu úttektarmenn gera honum að bæta það, er vantar, svo að í lagi sé, og setja honum frest til, að úr sé bætt. Sé það vanrækt, varða vanefndir útbyggingu.

16. gr.

Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð og gefa skýrslu um til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga

umgengni og viðhald húsa, hversu ákvæðum þar að lútandi sé fylgt og jörðin setin yfirleitt.

17. gr.

Jarðarhús öll á leigujörðum skulu vátryggð gegn eldsvoða, og skal eigandi bera kostnaðinn. Um aðrar tryggingar gegn skaða af náttúruhamförum hvers konar geta aðilar komið sér saman, enda skal þess getið í byggingarbréfi. Skylt er leiguliða að annast vátryggingar fyrir hönd landsdrottins á eign hans í húsum og sjá um greiðslu iðgjalda gegn endurgreiðslu. Við sameign aðila í húsum greiðir ábúandi iðgjöld af sínum eignarhluta.

18. gr.

Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á ¾ þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár gegn almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærslurétti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir.

Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. málsgr., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, en jafnframt sé eðlilegt tillit tekið til framlags jarðareiganda til umbóta á jörðinni í tíð leiguliða, einnig búrekstrargildis jarðarinnar, þegar kaupin eru gerð, og breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninga, eftir að fasteignamat síðast fór fram.

IV. KAFLI

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

19. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nytja jörðina og reka þar bú, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað.

20. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju, þegar hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Þó er viðtakanda heimill hagi, þegar 3 vikur eru af sumri, ef hann óskar. Fardagar eru, þegar 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur seinastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þegar sjö vikur eru af sumri, eða umboðsmaður hans, og hvorugur hefur gert ráðstafanir til að hagnýta hana, hefur leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nytja sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

21. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. Verði tún eða engjar jarðarinnar fyrir ágangi af búfénaði fráfaranda á tímabilinu frá byrjun gróanda og þar til hann yfirgefur jörðina, skal hann bæta viðtakanda það afraksturstjón, er af þessu kann að leiða, samkvæmt mati úttektarmanna. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa flutt burt svo fljótt sem hann má og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

22. gr.

Ef fráfarandi á fyrningar heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefur aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorgur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. Bannað er að flytja búfjáráburð af jörðinni undan þeim búpeningi, sem fóðraður er aðallega á heyi, sem aflað er á jörðinni sjálfri. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til þeirra jarða, sem landsdrottni er ekki skylt að húsa, sbr. 3. gr.

23. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt búfjáráburð allan á tún, áður en hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu í tæka tíð, ef ekki er um annað samið milli viðtakanda og fráfaranda. Hann skal og hreinsa hús, hlöður og heystæði, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bætir hann viðtakanda eftir mati úttektarmanna.

Ef æðarvarp, eggver, sellátur, uppsátur og fiskreitir eru á jörð eða önnur þvílík hlunnindi fylgja jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð, nema öðruvísi sé um samið. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum. Sama gildir um veiðirétt.

24. gr.

Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða leigu eftir þau, 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá, og skila þeim fullgildum við brottför.

25. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðarjarðar sinnar, en það eru leiguliðanot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja, er jörðin sjálf gefur af sér, án þess að hún eða sá hluti hennar, sem afraksturinn gefur, rýrni eða eyðileggist við notkunina. Enn fremur felst í leiguliðanotum réttur til aðgerða, er auka framleiðsluhæfni jarðarinnar, annað tveggja tímabundið eða varanlega.

Teljast því til leiguliðanota öll hús og mannvirki svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, sellátur, eggver og annað, sem leiguliðanotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað og sveitarstjórn samþykki eða lög mæli öðruvísi fyrir.

Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja frá jörðinni, enda sé býlið vel lífvænlegt til búrekstrar að dómi úttektarmanna, þó að þau hlunnindi séu undan tekin, og eigi bannað í lögum að skilja hlunnindi þessi við jörðina. Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskverkunarreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það eigi valda leiguliða verulegum skaða eða takmarki ekki aðstæður hans til ræktunar á jörðinni, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu eftir mati úttektarmanna.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguliðaréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

26. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunninda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum hlunnindum eða landsnytjum, sem jörð hans þarf með. Heimilt er honum að

láta í té landsnytjar heimilismönnum, sem vinna á búi hans. Enn fremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefur aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum og sömuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess ætíð, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun jarðarinnar rýrni ekki eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar, ella greiði hann fullar skaðabætur eftir mati úttektarmanna.

27. gr.

Skyldur er leiguliði að halda við húsum jarðar, þar með talið vatns-, hita- og raflagnir, eldunar-, hreinlætis- og hitunartæki, að þau eigi gangi úr sér umfram eðlilega fyrningu. Honum ber einnig að halda við ræktun jarðar og hlunnindum. Hann skal á sinn kostnað annast viðhald heimreiðar-, ræktunar- og engjavega, sem jörð fylgja, girðinga, framræsluskurða og lokræsa, þannig að þessi mannvirki gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu.

Ef leiguliði vanrækir slíkt viðhald, situr illa ábúðarjörð sína að öðru leyti, svo að hún verður fyrir varanlegum skemmdum af þeim sökum, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema málsbætur séu, að bæta má fébótum og hann hafi lofað að bæta úr á næsta ári og setji tryggingu fyrir. Greini landsdrottin og leiguliða á um viðhald jarðar eða hvað telja skuli jarðníðslu, geta þeir lagt ágreining í gerð að undangenginni skoðun samkvæmt ákvæðum 16. gr.

28. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu. Landskuld og leigur og önnur afgjöld skal hann greiða fyrir 31. desember ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.

Nú hefur leiguliði eigi greitt afgjöldin 31. júlí, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað. Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöldin að fullu fyrir 1. nóvember næstan eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir næstu jól á eftir.

29. gr.

Ef landskuld og leigur greiðast í öðru en peningum, er leiguliði skyldur til þess, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðarafgjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldunum. Greiðist jarðarafgjöldin í peningum, er leiguliða hins vegar skylt að koma þeim til landsdrottins, þó að hann búi í meiri fjarlægð.

30. gr.

Hvarvetna þar, er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum. Útbygging skal vera tvímælalaus og sannanleg. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

31. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum og varðar útbyggingu, ef hann:

1. Brýtur ákvæði 15. gr.
2. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 20. gr.
3. Brýtur fyrirmæli 26. gr.
4. Brýtur fyrirmæli 27. gr.
5. Greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 28. gr.

6. Vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 40. gr., meira en eitt ár.
7. Brýtur fyrirmæli 44. gr.

Þá hefur leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum án útbyggingar, ef hann vísvitandi spillir jörð, húsum eða mannvirkjum, eftir að útbyggingarfrestur er liðinn, svo sem með því að rífa viði úr húsum til eldsneytis eða gera önnur þvílík spellvirki að dómi úttektarmanna. Þó skal leiguliði halda ábúðarrétti sínum næsta ár, ef hann greiðir fullar skaðabætur þegar í stað eða setur fullt veð fyrir, hvort tveggja að mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála þannig, að sannað verði.

33. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, án þess að valdi ástæður, sem landsdrottinn á sök á, geldur hann landsdrottni jarðarafgjald næsta ár og ber alla ábyrgð á jörðinni, eins og hann sitji hana sjálfur, nema landsdrottinn leysi hann frá þeim skyldum. Nú hefur leiguliði sagt jörð lausri í tæka tíð, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann þá landsdrottni skaða þann, er af hefur hlotizt, eftir mati úttektarmanna.

34. gr.

Nú hefur landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 30. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefjast útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI

Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður.

35. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni eða umboðsmanni hans aðvart og krefst skoðunar á skemmdunum. Skoðun sé framkvæmd af héraðsráðunaut, sem skilar skriflegri skoðunargerð. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári, enda nemi kostnaður eigi meiru en þriggja ára eftirgjaldi jarðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggi þó aldrei meira til en svarar eins árs afgjöldum af jörðinni.

Verði land jarðar fyrir meiri skemmdum og til langframa, skulu úttektarmenn ásamt héraðsráðunaut meta, hve mikill hluti jarðarafgjaldsins verði að teljast leiga eftir landið sjálft og hve mikið landverð jarðarinnar mundi eiga að lækka að fasteignamati vegna skemmdanna, og síðan meta, hve mörg ár sjálf landleigan á að lækka að sama skapi.

Á sama hátt skal ábúandi tilkynna landsdrottni, ef skóga-, mosa- eða sinubruni verður, svo að land eða mannvirki spillist, ræktun, vegir, beitilönd, einnig ef hlunnindi verða fyrir skemmdum vegna umferðar óviðkomandi manna, þannig að verulegt tjón hljótist af, og skal skoðunargerð fara fram, eins og að framan greinir.

Leiguliði á sókn þess máls, nema öðruvísi semjist milli leiguliða og landsdrottins.

36. gr.

Nú verða verulegar breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist mjög, t. d. þannig, að tekjur af jarðarnytjum eða hlunnindum hverfa eða stóraukast frá því, sem áður var, án þess að einstök fyrirmæli þessara laga nái til þess, og getur þá hvor aðila krafizt, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð með hliðsjón af samningsbundnum leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa, síðan hann var gerður. Nú telur annar hvor aðili leigumála jarðar óviðunandi samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum, einnig þótt leigumáli hafi verið settur samkvæmt eldri gildandi ábúðarlögum.

VI. KAFLI

Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Þegar reki fylgir jörð, er leiguliða skylt að hirða það, sem rekur, og draga úr flæðarmáli, svo að eigi taki út aftur. Hið sama gildir, þar sem sérstakt ítak á reka er í ábýlisjörð hans. Skal hann þá marka þann við viðarmerki eiganda ítaksins. Til endurgjalds fyrir björgun og umhirðu rekans ber leiguliða ⅓ hluti hans, nema byggingarbréf taki annað fram.

38. gr.

Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa ⅔, en leiguliði ⅓ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum og bjarga, sem lög ákveða. Gera skal hann landsdrottni strax aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, sem hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða.

39. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

VII. KAFLI

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

40. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju eða öllu leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, á leiguliði rétt til þeirra framlaga, sem á framkvæmdirnar kunna að verða greiddar samkvæmt ákvæðum sérstakra laga.

Til afgjaldsgreiðslu og við úttekt reiknast umbæturnar kostnaðarverði að frádregnum framlögum, sem á þær hafa verið greiddar. Vanræki leiguliði að framkvæma umsamdar umbætur, á landsdrottinn heimtingu á greiðslu jarðarafgjalds í peningum, eftir því sem úttektarmenn meta. Nú næst ekki samkomulag milli landsdrottins og leiguliða, hverjar jarðabætur skuli gerðar á leigujörð, og ræður þá landsdrottinn, enda kosti hann umbæturnar að öllu leyti sjálfur. Ákveði leiguliði að gera jarðabæturnar á sinn kostnað, er honum það heimilt, enda hafi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands áætlað framkvæmd þeirra, talið þær jörðinni og leiguliða nauðsynlegar og að þær stuðli að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta að hækka megi landskuld á jörðinni, þannig að hann

fái tólffaldaða landskuldarhækkunina, en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna að frádreginni fyrningu og jarðræktarframlögum.

41. gr.

Hafi leigujörð tún yfir 10 ha og leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti meira en nemur tvöföldu eftirgjaldi jarðarinnar, og skal hann þá jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum ræktunarsjóðs.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún er samkvæmt skriflegu, rökstuddu áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, og er leiguliða þá heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðabót eins og segir í 40. gr. og eftir mati sömu manna. Jarðareigandi á þó rétt til að skjóta ágreiningi um þetta til yfirdóms, sbr. 53. gr.

42. gr.

Nú vill landsdrottinn gera meiri háttar jarðabót á jörð, sem hefur tún yfir 10 ha, og jörðin er í fastri byggingu, og skal hann þá um það leita samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina, enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum ræktunarsjóðs af kostnaðarverði jarðabótarinnar. Úttektarmenn skulu um hverja tegund jarðabótar leiguliða áætla hæfilegan endingartíma, sem jafnan skal vera 10—20 ár fyrir ræktun, fyrir opna skurði 6—20 ár og girðingar 6—10 ár. Skiptist matsfjárhæð á hinn metna endingartíma. Kemur þá til frádráttar sú fyrning, er fellur á þann tíma, sem leiguliði hefur haft umbótarinnar not, að frádregnum jarðabótaframlögum. Nú telur leiguliði sér ekki hagkvæmt að auka bú sitt, svo að hann geti fullnýtt umbótina, og úttektarmenn telja honum ekki fært að greiða afgjaldshækkunina samkvæmt framansögðu, og er þá landsdrottni rétt að leita úrskurðar landnámsstjóra, hvort jörðin geti skipzt í tvö býli, gegn því að hann bæti leiguliða missinn með umbótum á þeim hluta jarðarinnar, er hann heldur, eða gegn hæfilegri lækkun eftirgjaldsins.

43. gr.

Leiguliðabót samkvæmt 14. gr. skal vera forgangskrafa í bú leiguliða og ganga jafnhliða þeim kröfum, sem nefndar eru í 6. lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878. Krafa sú, sem leiguliði á á hendur landsdrottni samkvæmt 12. gr., 13. gr., 40. gr., síðustu málsgr., og 41. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins, og gengur hún næst á eftir forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

VIII. KAFLI

Um kaupskyldu á leigujörðum.

44. gr.

Nú býður landsdrottinn leiguliða ábýlisjörð hans til kaups með þeim kjörum, er segir í 18. gr., en leiguliði neitar eða hefur ekki svarað kauptilboði innan missiris, og hefur leiguliðinn þá fyrirgert ábúðarrétti sínum, og getur eigandi þá byggt honum út af jörðinni fyrir næstu jól að frestinum liðnum.

Geti ábúandi ekki keypt ábúðarjörð sína eða vilji það ekki, hefur sveitarstjórn heimild til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, er hún var boðin ábúanda, og skal landsdrottinn þá senda sveitarstjórn samrit af tilboði sína til ábúanda.

IX. KAFLI
Um úttektir á leigujörðum.

45. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Áður en úttektin fer fram, skal byggingarbréfið liggja frammi til athugunar fyrir úttektarmenn, hvort það sé lögum samkvæmt. Þegar úttektarmenn hafa fullvissað sig um, að svo sé, skulu þeir rita samþykki sitt á byggingarbréfið. Nú telja úttektarmenn, að byggingarbréfið sé ekki lögum samkvæmt, og skulu þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir sínar þar að lútandi á byggingarbréfið. Úttekt á jörð skal fara fram fyrir 20. júní. Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart með nægum fyrirvara, hvenær úttekt fer fram, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti verið viðstaddir og gætt réttar síns.

46. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmanninn skipar sýslumaður og tvo varamenn að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forfall eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

47. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun, fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka útnefningu.

Úttektarmenn skulu, áður en þeir byrja störf sín, undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

48. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er metið til skatts í viðkomandi sýslu. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfaranda og viðtakanda.
2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og greiði sá, er krafizt hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkvæmt 13. gr., að hálfu hvor.

49. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðarbók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 16. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt, skoðunargerð eða mati er lokið, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar. Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðabók gegn hæfilegu gjaldi.

50. gr.

Úttektarmenn skulu í starfi sínu gera sér glögga grein fyrir, hvað er eðlileg fyrning húsa og mannvirkja, sem á jörðinni eru, og hvað verði að teljast nauðsynlegt viðhald, sem leiguliða beri að inna af hendi, svo að eignin gangi ekki meira úr sér en fyrningin segir til um. Úttektarmenn skulu þá lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi jarðarhúsa og geta þeirra breytinga, er á þeim hafa orðið í ábúðartíð fráfarandi leiguliða. Á sama veg skulu þeir gera grein fyrir stærð túns, þar með talið nýræktir og beitiland, ef ræktað er, ræktunarástandi og öðru ásigkomulagi landsins, hvenær nýrækt var gerð og af hverjum. Sama gildir um girðingar, skurði, lokræsi, flóðgarða, vegi, brýr og önnur mannvirki, sem fylgdu jörðinni í hendur fráfarandi leiguliða eða gerð hafa verið í ábúðartíð hans og fylgja jörðinni.

Lýsing þessi skal bera það með sér, ef tún og engjar eða hús og önnur mannvirki hafa spillzt vegna skorts á nauðsynlegu viðhaldi, sömuleiðis ef leiguliði hefur bætt lönd og mannvirki jarðarinnar umfram viðhaldsskyldu hans.

Að þessum athugunum loknum og að fengnum upplýsingum og skilríkjum frá landsdrottni og leiguliða, er úttektarmenn telja sér þörf á við starf sitt, ber að meta viðskipti leiguliða við jörðina til tekna og gjalda svo og framlag landsdrottins, ef um það er að ræða, til umbóta á jörðinni, allt eftir því sem lög þessi mæla fyrir.

Nú hefur fráfarandi gert þær jarðabætur á jörð, að úttektarmenn meta honum greiðslu úr hendi landsdrottins fram yfir það, sem álaginu nemur, og skal það þá staðgreitt að lokinni úttektargerð, nema aðilar semji um annað. Um húsabætur leiguliða sjá 13. gr.

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort þau séu fullgild. Í úttektargerð skal þess sérstaklega getið, ef úttektarmenn telja hús jarðarinnar ekki fullgild jarðarhús og hvað á skorti í því efni.

51. gr.

Þegar ábúandi fer af leigujörð, skulu úttektarmenn meta þær umbætur, sem hann hefur gert á húsum, ræktun og öðrum mannvirkjum á leigutíma sínum. Séu þessi mannvirki meira virði alls á jörðinni en þau voru, þá er ábúandi fluttist á hana, skal landsdrottinn greiða fráfaranda mismuninn og taka að sér þau lán, sem hann hefur gefið veðleyfi fyrir, ef einhver eru, til greiðslu mannvirkjanna. Séu mannvirkin minna virði, að mati úttektarmanna, en þau voru, er leiguliði tók við jörðinni, skal hann greiða landsdrottni mismuninn, og kallast það leiguliðabót. Sá mismunur, er greiðast skal og ekki eru skuldir fyrir, er lögtakskræfur. Við matsgerðir þessar ber úttektarmönnum að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafa á mannvirkjagerð.

52. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef leiguliðar óska þess og landsdrottinn samþykkir það, skipta í milli þeirra húsum og matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef til eru og þess eðlis, að skipt verði, sömuleiðis túni, engi, skógi og hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðilar koma sér saman um að æskja skipta á.

53. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafizt yfiráttektar eða yfirmats. Í hverri sýslu skal vera sérstakur yfiráttektar- og virðingardómur. Skal hann þannig skipaður:

Sýslumaður skipar tvo menn í dóminn eftir tilnefningu sýslunefndar til 6 ára og varamenn til sama tíma. Sýslumaður eða fulltrúi hans er sjálfkjörinn formaður dómsins. Heimilt er sýslumanni að kveðja, ef ástæða þykir til, að auki í dóm tvo meðdómendur, jarðræktarráðunaut og byggingarfulltrúa viðkomandi sýslu.

Skylt er formanni dómsins að tilkynna gagnaðila, að krafizt hafi verið yfirmats, og veita honum nægan frest, svo að hann geti gætt réttar síns.

Yfirdómendur eiga sömu laun fyrir starfa sinn sem úttektarmenn og auk þess hæfilegan ferðakostnað, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef bótum er breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 48. gr.

X. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

54. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að kr. 10000.00. Mál út af brotum á lögum þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

55. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um jarðir, sem byggðar hafa verið, meðan lög nr. 1 12. jan. 1884, lög nr. 87 19. júní 1933 og lög nr. 8 5. febr. 1951 voru í gildi, fer samkvæmt þeim lögum, eftir því sem við á, að því er tekur til ákvæða byggingarbréfa, sem út eru gefin undir þeim lögum, þangað til leiguliðaskipti verða á slíkum jörðum eða nýtt byggingarbréf er gefið út. Falla áðurgreind lög úr gildi, jafnóðum og leiguliðaskipti verða.

56. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 8 5. febr. 1951 svo og önnur lagafyrirmæli, sem koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt af landbúnaðarnefnd á síðasta þingi að beiðni landbúnaðarráðherra, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Landbúnaðarnefnd skilaði þá áliti og breytingartillögum. Þær tillögur eru nú felldar inn í frumvarpið. Er það þannig flutt á ný að beiðni landbúnaðarráðherra, og fylgir því hin sama greinargerð og áður.

Skýringar við einstakar greinar.

I. KAFLI
Um bygging jarða.

Um 1. gr.

Í þessari grein er skilgreint nokkru nánar en gert er í núgildandi lögum, hver skilyrði séu fyrir því, að sérmetin fasteign falli undir ákvæði laganna og teljist lögbýlisjörð.

Í fyrsta lagi verða landrými og búrekstrarskilyrði að vera þau, að jörðin framfleyti 10 kúgildum í stað 9 í gildandi lögum og að á jörðinni sé nauðsynlegur húsakostur, til þess að hægt sé að nytja jörðina.

Þá er í öðru lagi það skilorð sett, að hver lögbýlisjörð hafi þinglýst landamerki, með þeirri undantekningu þó, ef sameiginleg beitarlönd eru, að þá sé þó alltaf úrskipt tún, engi og ræktunarland.

Þá er í upphafi greinarinnar ákveðið, að þau lönd, sem eru innan skipulagðra svæða kaupstaða og kauptúna, teljist ekki lögbýli, heldur aðeins þær jarðir, sem eru utan þessara svæða, þó að þær séu í sama lögsagnarumdæmi.

Þá þótti nefndinni ástæða til, að tímatakmark yrði sett fyrir því, hve lengi eyðijörð skal halda lögbýlisréttindum, eftir að hús hennar eru fallin eða hafa verið

rifin. Þetta tímatakmark er sett 25 ár, reiknað frá þeim tíma, er síðasti ábúandi flytur af jörðinni. Eftir þann tíma teljast slíkar jarðir í flokki óbyggðra landa.

Þá er einnig tekið upp, að lögbýli verði þau nýbýli, sem nýbýlastjórn hefur samþykkt eða kann að samþykkja samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/1957, að því tilskildu, að landumráð geri mögulegt að framfleyta 10 kúgildum í stað 9 kúgilda, sem miðað er við í núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Þessi grein er breytt að því einu, að hafi maður ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, þá er það því aðeins heimilt, að þær til samans framfleyti minni bústofni en 60 kúgildum í stað 46 í gildandi lögum, með þeim fyrirvara þó, að sú jörð, sem minni eða minnst er, nái ekki því lágmarksákvæði 1. greinar að framfleyta 10 kúgildum og sameiningin sé samþykkt af nýbýlastjórn eftir meðmælum sveitarstjórnar og að fenginni umsögn úttektarmanna.

Um 3. grein.

Að meginmáli er greinin eins og í gildandi lögum, en frestur fyrir jarðareiganda, hvenær hann skuli hafa byggt jörð, er styttur um einn mánuð og settur 15. febrúar í stað 15. marz, kröfur auknar um, að jörð fylgi leigufær hús, og ef jörð hefur ekki byggzt 3 ár í röð, þá ber landeignda að bjóða jörðina, fyrst og fremst hreppnum eða Landnámi ríkisins, til kaups eftir mati, en rétt hafa þessir aðilar til að hafna kaupum, semjist ekki á grundvelli matsins.

Um 4. grein.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum, en Landnámi ríkisins gefinn hliðstæður réttur um að ganga í kaupin eins og hreppsnefndir nú hafa.

Um 5. grein.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. grein.

Í greinina eru sett ákvæði um, hvað megi undanskilja leiguliðaafnotum. Er þar lagt til grundvallar það sjónarmið, að verðmæt efni jarðar, sem ekki endurnýja sig, megi undanskilja leigu og að landsdrottinn geti áskilið sér aðstöðu til að hagnýta þau efni með öðrum hætti, en leiguliða tryggðar bætur fyrir jarðrask og átroðning vegna þeirrar starfrækslu.

Um 7. grein.

Greinin er að mestu óbreytt, þarfnast ekki skýringa.

Um 8. grein.

Greinin ekki breytt, þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Um ábúðartíma og eftirgjald.

Um 9. grein.

Næstsíðasti málsliður greinarinnar var tekinn upp í 6. grein, 10. grein í núgildandi lögum felld óbreytt inn í 9. grein, þar sem hún efnislega á heima.

Um 10. grein.

Ný grein. Þar er ákveðið, að landskuld skuli ákveðin með hliðsjón af búrekstrargildi jarðarinnar og ákvarðist við byggingu jarða í fríðu, en greiðist í

peningum eftir verðlagsskrárverði í viðkomandi sýslu. Virðist, að sá grundvöllur sé réttlátur gagnvart báðum aðilum. Ef afurðaverð er lágt, þá lækkar afgjaldið, hækki afurðaverð, hækkar afgjaldið að krónutölu.

III. KAFLI
Um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða.

Um 11. grein.

Nokkrar breytingar eru lagðar til um skyldur landsdrottins, hver húsakostur skuli fylgja ábúð. Miðast hann við það lágmark, er telja verður nauðsynlegt, til þess að ábúandi geti séð fólki sínu og fénaði fyrir húsnæði, og að hús séu í því lagi, að ætla megi, að þau séu nothæf í 10 ár með eðlilegu viðhaldi. Það má telja, að samkvæmt núgildandi lögum séu minni kröfur um þetta gerðar, því að ⅔ hlutar landverðs að fasteignamati grundvalla vart þann húsakost, að búandi geti hafið búskap á jörð án þess að byrja strax á byggingum, sem getur verið lítt framkvæmanlegt fyrir þá, sem eru að hefja búskap.

Um 12. gr.

Í þessari grein er landsdrottni gefið val á því að kosta allar byggingar sjálfur með rétti til landskuldarhækkunar eftir mati úttektarmanna. Leiguliða má þó ekki gera að greiða meiri hækkun á landskuld en af húsakosti, sem er við hæfi jarðarinnar og í samræmi við, hvað jörðin framfleytir. Haldið er ákvæðum að mestu óbreyttum um vinnuframlag leiguliða, og má ekki reikna afgjaldshækkun af því.

Þá eru sett ákvæði um það, ef landsdrottinn vill ekki kosta endurbyggingu eða aukningu jarðarhúsa. Er leiguliða veittur réttur til að framkvæma það á sinn kostnað og tryggt annað tveggja, að hann fái húsagerðina strax greidda gegn landskuldarlækkun, en hafni landsdrottinn því, er hann skyldur að veita veðleyfi, og um það eru tekin upp óbreytt ákvæði um þetta eftir þeirri breytingu, er gerð var á ábúðarlögunum með lögum nr. 79 2. des. 1952. Í þriðja lagi er leiguliða tryggður endurkröfuréttur á landsdrottin, þegar hann fer frá jörð, eftir mati úttektarmanna, að frádreginni fyrningu þeirra ára, sem ábúandi hefur notað húsin.

Gagnvart ágreiningsatriðum varðandi þessa grein og matsgerðir, sem samkvæmt henni eru gerðar, er báðum aðilum gefinn réttur til að fá skipaðan gerðardóm til að gera endanlega út um ágreiningsatriðin.

Um 13. grein.

Fyrri hluta greinarinnar í núgildandi lögum er haldið óbreyttum. Lögð er sú skylda á landsdrottin að kaupa öll hús úr varanlegu efni, sem ábúandi á við brottför á jörð, en séu húsin ekki nauðsynleg vegna búrekstrar, skulu þau metast lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Þá þótti rétt, að allt að þriggja ára gjaldfrestur væri gefinn, ef matsfjárhæð fer yfir hina ákveðnu upphæð, sem í greininni getur. Séu ónauðsynleg hús flytjanleg, hvílir ekki kaupskylda á landsdrottni.

Um 14. grein.

Ákvæðum um leiguliðabót er haldið óbreyttum, að því er tekur til fjárhæðar leiguliðabótar og ávöxtun hennar og réttar til þessarar séreignar jarðanna, þegar endurbyggt verður. Þar sem komið hefur fram, að mikill misbrestur hefur orðið á, að leiguliðabót hafi verið innheimt á öllum leigujörðum, þá þótti ástæða til að setja ákvæði um, að óinnheimt leiguliðabót mætti standa í vörzlu leiguliða á 5% ársvöxtum, þar til hann fer frá jörðinni, en hann verður þá að svara henni ásamt vöxtunum, hafi hann ekki gert framkvæmdir, sem leiguliðabótin á að ganga til, og hann því hafi átt rétt til hennar að einhverju eða öllu leyti.

Um 15. grein.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum að öðru en því, að vanefndir eftir settan frest frá úttektarmönnum að bæta úr, ef hús ganga úr sér umfram eðlilega fyrningu, varða útbyggingu.

Um 16. grein.

Greinin er ekki breytt, þarfnast ekki skýringa.

Um 17. grein.

Vátrygging á öllum húsum er gerð að skyldu. Þar sem nú er hægt að fá tryggingu gegn tjóni á húsum af náttúruhamförum, þótti rétt, að á það væri bent, að aðilar geti komið sér saman um slíka tryggingu. Enn fremur eru sett ákvæði um, að ábúandi greiði tryggingu af eignarhluta sínum í húsum jarðar.

Um 18. grein.

Greinin heldur sér óbreytt, en tilgreint er nánar en gert er í núgildandi lögum, til hverra atriða skuli tekið tillit, þegar úttektarmenn meta kaupverð, er sala fer fram, samkvæmt ákvæðum greinarinnar.

IV. KAFLI

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

Um 19. grein.

Í greininni er leiguliða gert að skyldu að eiga lögheimili á jörð, sem hann tekur í ábúð. Hann verður að nytja jörðina og reka búskap á henni.

Um 20. grein.

Greininni er ekki breytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. grein.

Greinin er óbreytt að öðru leyti en því, að eigi er beit bönnuð á túni og engjum frá gróanda og þar til ábúandi fer frá jörð, en honum aftur gert að skyldu að bæta afraksturstjón, er af því hlýzt. Er þetta gert með tilliti til, að þegar tekin er upp beitiræktun og tún orðin stór á jörðum, geti vorbeit verið fráfarandi mjög nauðsynleg.

Um 22. grein.

Sú ein breyting er á greininni, að ekki þótti rétt að banna að flytja allan búfjáráburð af jörðinni. Áburð, sem verður til af fóðri, sem aflað er á sjálfri jörðinni, er eðlilegt að fráfarandi láti af hendi. Búrekstur getur verið með þeim hætti, að mikils fóðurs sé aflað með öðrum hætti eða keypt, og þykir því ekki sanngjarnt, að fráfarandi megi ekki selja eða flytja burt af áburði sem því fóðri svarar.

Um 23. grein.

Felld er niður skylda fráfaranda um að flytja áburð á tún, en lagt til, að það verði eftir samkomulagi milli viðtakanda og fráfaranda. Það er engan veginn undantekningarlaust, að viðtakandi telji sér hagkvæmt að nota búfjáráburð til yfirbreiðslu á tún, vilji fremur hagnýta hann í nýræktir, og þá er ástæðulaust að halda þessu skylduákvæði. Að öðru leyti eru ekki efnisbreytingar á greininni.

Um 24. grein.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 25. grein.

Hér er skilgreint nokkru nánar en í núgildandi ábúðarlögum, hvað felist í leiguliðanotum. Það er ekki óalgengt, að ábúendur hafa viljað telja til leiguliðanota verðmæti í jörð eða á, sem ekki er hægt að telja til afraksturs, er jörðin gefi af sér, án þess að verðmæti sjálfrar eignarinnar rýrni. Má þar benda á, að ekki er óalgengt, að leiguliðar telja sig hafa rétt að selja byggingarefni, svo sem möl og sand, en það getur ekki samrýmzt þeim forna almenna skilningi á orðinu leiguliðanot eða almennum skilningi um eignarrétt. Þótti því rétt að skilgreina með þeim hætti, sem gert er í upphafi greinarinnar, hvað leiguliðanot væru. Að öðru leyti hafa ekki verið gerðar breytingar á þessari grein.

Um 26. grein.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að orðið „nokkrar" er fellt niður í annarri málsgrein greinarinnar, þar sem eðlilegt þykir, að ábúandi hafi frjálsar hendur til að láta heimilismenn sína, er að búinu vinna, hafa afnot landsnytja, ef það þykir hentara en beinar kaupgreiðslur í peningum.

Um 27. grein.

Að efni er greinin ekki breytt, en ákvæði hennar gerð nokkru fyllri og að ágreining um jarðníðslu geta aðilar lagt í gerð, eftir að skoðunargerð hefur farið fram í samræmi við ákvæði 16. greinar.

Um 28. grein.

Greinin er ekki breytt frá gildandi lögum.

Um 29. grein.

Greinin er óbreytt.

Um 30. grein.

Greinin er eins og í gildandi lögum.

Um 31. grein.

Greinin er efnislega óbreytt, en teknar eru upp í greinina tilvísanir, þar sem ný ákvæði setja þau viðurlög, sem varða tapi á ábúðarréttinum.

Um 32. grein.

Greinin er ekki breytt frá gildandi lögum.

Um 33. grein.

Efnislega er greinin eins og í núgildandi lögum. Þó er með greininni lögð sú skylda á ábúanda, sem flytur sig fyrirvaralaust af jörð, að hann beri alla ábyrgð á því, að meðferð jarðar næsta ár sé eins og hann hefði sjálfur setið jörðina og nytjað hana, nema landsdrottinn leysi hann frá umsjón jarðarinnar.

Um 34. grein.

Greinin er ekki breytt frá gildandi lögum.

V. KAFLI

Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður.

Um 35. grein.

Efnislega eru ekki gerðar aðrar breytingar á greininni en að héraðsráðunautar skuli framkvæma skoðunargerð, ef áföll verða af völdum náttúrunnar á jörð, og að héraðsráðunautar ásamt úttektarmönnum framkvæmi mat, ef krafizt er lækkunar á jarðarafgjaldi af þessum sökum.

Um 36. grein.

Efnislega er greinin eins og í núgildandi lögum, en krafan um endurskoðun leigumála er heimil, þó að hann hafi verið settur undir eldri lögum. Er það gert með tilliti til þess, að þær breytingar geta orðið á verðlagi, að eldri leigumálar verði úr hófi fram ósanngjarnir. Því er þetta ákvæði sett.

VI. KAFLI

Um reka á leigujörðum.

Um 37. grein.

Hér er gerð sú breyting, að ábúanda er gert að hirða allan reka og fær ⅓ hluta hans, í stað þess að áður fékk hann aðeins við þann, er var styttri en 4 álna, og einungis álnarkefli, ef um rekaítök var að ræða. Þó er gert ráð fyrir, að aðilum sé heimilt að semja á annan hátt, enda sé þess getið í byggingarbréfi.

Um 38. grein.

Greinin er óbreytt, enda fylgir hún mjög fornum lagafyrirmælum, sem ekki þótti ástæða til að breyta.

Um 39. grein.

Greinin er tekin óbreytt úr gildandi lögum.

VII. KAFLI

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

Um 40. grein.

Í fyrstu málsgrein þessarar greinar er ætlazt til, að leiguliði eigi rétt á þeim jarðræktarstyrk, sem á þessar umbætur er greiddur, en við afgjaldagreiðslur og úttekt reiknast umbæturnar á kostnaðarverði, að frádregnum framlögum, sem á þær eru greiddar.

Þá er landsdrottni veittur réttur að ráða, hverjar umbætur séu gerðar á leigujörð hans, ef hann kostar þær að öllu leyti sjálfur.

Heimild leiguliða til að gera jarðabætur, sem hann kostar, er háð því eina skilyrði, að héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarbanka Íslands telji þær ábúanda og jörðinni nauðsynlegar og að þær stuðli að því að hækka jörðina í verði. Nær það til jarðabóta, er gera þarf, til þess að jörðin nái 10 ha ræktunartakmarkinu.

Um 41. grein.

Þá er túnstærð er komin yfir 10 ha, skal ábúandi þó leita samkomulags um, að landsdrottinn kosti umbótina, en heimilt er honum að gera hana, neiti landsdrottinn, enda liggi fyrir skriflegt álit héraðsráðunautar með rökstuðningi fyrir því, að jarðabótin sé ábúanda nauðsynleg.

Hér er það sjónarmið haft að koma í veg fyrir, að landsdrottinn hefti framkvæmdir á jörð, sem hefur minni túnstærð en það lágmark, sem talið er að þurfi til þess að jörð sé byggileg, en þó haldið því, að leitað skuli samkomulags við landsdrottin, ef um kostnaðarsamari og stærri framkvæmdir er að ræða.

Um 42. grein.

Landsdrottni er veittur hliðstæður réttur til að gera og kosta sjálfur meiri háttar jarðabætur á leigujörð sinni og ábúanda er gefinn í 41. grein. En jafnframt er tryggð aðstaða leiguliða, ef sú framkvæmd spillir leiguliðanotum hans, meðan á verkinu stendur.

Í greininni er einnig ákveðið lágmarks- og hámarksákvæði fyrir fyrningartíma á ræktun, opnum skurðum og girðingum.

Telji leiguliði sér ekki hagkvæmt að auka bú sitt, svo að slíkar stærri umbætur séu fullnýttar, hefur landsdrottinn heimild til að skipta jörðinni í tvö býli, en er skyldur að bæta leiguliða, ef hann tapar nokkurs við landskerðinguna, og skal hann gera það með umbótum á ábúðarhluta leiguliða.

Um 43. grein.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

VIII. KAFLI

Um kaupskyldu á leigujörðum.

Um 44. grein.

Greinin er samhljóða og í núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

IX. KAFLI

Um úttektir á leigujörðum.

Um 45. grein.

Greinin er samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 46. grein.

Greinin er samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 47. grein.

Greinin er samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 48. grein.

Það þótti eðlilegt, að kaup úttektarmanna og virðingar- og skoðunargerðir séu greiddar samkvæmt almennum kauptaxta viðkomandi sýslu.

Mat á húsum samkvæmt ákvæðum 13. greinar varðar báða aðila, og þótti því rétt, að báðir bæru kostnað af þeirri virðingu.

Um 49. grein.

Greinin er óbreytt frá ákvæðum gildandi laga.

Um 50. grein.

Í þessari grein eru tekin upp fyrirmæli, sem nánar ákveða en verið hefur, hvernig úttektir eiga að vera gerðar. Það má almennt segja, að úttektir hafa aðallega verið gerðar á húsum jarða, en um aðra meðferð og mannvirki jarða vísað til jarðabótaúttekta. En markmiðið við úttekt er að meta viðskipti leiguliða við jörðina sjálfa til tekna og gjalda, svo að það liggi skýrt fyrir, í hvaða ástandi hann skilar henni, og uppgjör milli landsdrottins og leiguliða á að koma skýrt fram í úttektargerðinni.

Um 51. grein.

Í þessari grein er því einu breytt, að lögtak má gera í eigum fráfaranda, þó að slíkar eignir séu annars staðar en á jörðinni sjálfri, er úttekt fer fram.

Um 52. grein.

Greinin er samhljóða ákvæðum í núgildandi lögum að öðru leyti en því, að leiguliða er gefinn rétturinn að krefjast skiptanna, þar sem það getur verið honum meira hagsmunamál að fá skiptin fram heldur en landsdrottni.

Um 53. grein.

Á ákvæðum hennar er sú breyting gerð, að í hverri sýslu sé fastur yfirúttektar- og virðingardómur, skipaður þremur mönnum til 6 ára, og sýslumaður sjálfkjörinn í þann dóm sem oddamaður. Enn fremur að kveðja megi tvo sérfræðinga í dóminn, þegar ástæða er til, þá er fyrir koma verkefni, er sérþekkingar þarf til á sviði húsabóta eða jarðræktar. Er því eðlilegt, að jarðræktarráðunautur viðkomandi sýslu og byggingarfulltrúi séu kvaddir í yfirdóm vegna sérþekkingar sinnar, að því er varðar meðferð bygginga á jörðum og jarðirnar sjálfar.

X. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

Um 54. grein.

Sektarákvæði er hækkað úr 3000 kr. í 10000 kr.

Um 55. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 56. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Nefndarálit.

Á Alþingi 1958 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um endurskoðun ábúðarlaga.

Flutningsmenn hennar voru alþingismennirnir Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson og Ásgeir Bjarnason.

Tillaga þessi var lögð fyrir sameinað þing og vísað til allsherjarnefndar. Tillögu þessa er að finna í máli nr. 41, á þingskjali 69, sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða ábúðarlögin og leggja síðan fram á Alþingi frumvarp til nýrra ábúðarlaga.“

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis sendi tillögu þessa til umsagnar nokkurra stofnana, þar á meðal Jarðeignadeildar ríkisins og Landnáms ríkisins. Þessir aðilar mæltu með samþykkt tillögunnar.

Tillaga frá allsherjarnefnd sameinaðs þings var samþykkt af Alþingi hinn 4. febr. 1959, þannig að kosin skyldi af sameinuðu Alþingi þriggja manna nefnd til að framkvæma endurskoðun á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951, og á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943.

Kosning nefndarinnar fór fram hinn 11. maí 1959, og kjörnir voru þessir menn í nefndina:

Jón Sigurðsson alþingismaður,
Ágúst Þorvaldsson alþingismaður,
Pálmi Einarsson landnámsstjóri.

Samkvæmt því gefur landbúnaðarráðherra út skipunarbréf, dags. 21. maí 1959, og felur Jóni Sigurðssyni að kveðja nefndina saman til funda. Áður hafði forseti sameinaðs þings tilkynnt nefndarmönnum kosningu þeirra með bréfi, dags. 12. maí 1959.

Var þá ákveðið af nefndinni, að útvegaðar skyldu upplýsingar um löggjöf og meðferð þessara mála erlendis, einkum á Norðurlöndum, og þar sem Pálmi Einarsson átti að mæta á Nordisk Jordbruksforskeres kongress í Ósló hinn 24. júní, var ákveðið, að hann skyldi leitast við að fá upplýsingar um þessi mál á Norðurlöndum. Hefur nefndin fengið í hendur ýmsar álitsgerðir milliþinganefnda í jarðeignamálum frá Noregi og norska löggjöf um óðalsrétt og ábúðarafnot, enn fremur hefur nefndin fengið til athugunar gögn þau, sem landnámsstjóri aflaði sumarið 1956 frá Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku um skipulag jarðeignamála í þessum löndum.

Nefndin var kvödd til fundar hinn 5. nóvember 1959. Á þeim fundi var Jón Sigurðsson kosinn formaður nefndarinnar og Pálmi Einarsson ritari.

Á þessum fyrsta fundi nefndarinnar voru lögð fram þau gögn, sem útveguð höfðu verið. Jafnframt var ákveðið að skrifa stjórnum allra búnaðarsambanda í landinu og óska eftir rökstuddum tillögum frá þeim um þau atriði, sem þær teldu sérstaka nauðsyn bera til að breyta í hinum tilgreindu lögum. Var óskað eftir, að nefndin fengi svör við þeim fyrirspurnum fyrir 15. desember.

Þá var ákveðið að hafa samband við Jarðeignadeild ríkisins og fá frá deildarstjóra upplýsingar um jarðeignir ríkisins og óska tillagna til breytinga um þau ákvæði umræddra laga, er taka til jarðeigna ríkisins og opinberra sjóða.

Hinn 3. desember hóf nefndin aftur fundarstörf, en nefndarmenn höfðu áður, hver fyrir sig, gert sér grein fyrir, hverra breytinga væri þörf, og lögðu tillögur sínar fram á fundinum.

Þá voru kvaddir á fund nefndarinnar deildarstjóri og fulltrúi Jarðeignadeildar, þeir Sveinbjörn Dagfinnsson og Haukur Jörundsson.

Lýstu þeir því áliti sínu, að afgjöld jarða þyrftu að ákveðast þannig, að hugsanlegar breytingar á verðlagi á ábúðartímanum séu teknar til greina, þegar grundvöllur er lagður að ákvörðun jarðarafgjalds. Deildarstjóri gerði einnig grein fyrir afstöðu jarðeignadeildar til endurbyggingarskyldu þeirrar, sem er á ríkissjóð lögð í núgildandi löggjöf.

Það krefur meiri fjárframlög en verið hafa til umráða, ef fullnægja á þeirri skyldu á þeim jörðum, sem eru í lífstíðarábúð, en þær eru 420, og til þeirra jarða, sem eru í lausri ábúð, sem eru nú 78. Auk þess eru í óvissri leigu 26 jarðir. Samtals eru það því 524 jarðir, sem telja má að byggingarskylda hvíli á eftir núgildandi lögum. Hin síðustu ár hefur verulega áunnizt um uppbyggingu á ríkisjörðum, en einnig það atriði skapar ný fjárhagsvandamál, þegar ábúendaskipti verða á jörðunum.

Á undanförnum árum hafa margir leiguliðar á lífsábúðarjörðunum byggt fyrir eigið fé og fengið heimild til að setja jarðirnar að veði fyrir þeim lánum, er farið hafa til uppbyggingar á þeim, úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði. Koma þá fram sömu örðugleikar, ef ábúendaskipti verða á jörðunum. Nýir viðtakendur eru ekki þess umkomnir að kaupa byggingarnar, enda þótt á þeim hvíli hin hagstæðu lán þessara sjóða, enda hvílir kaupskyldan á landsdrottni samkvæmt 13. grein núgildandi laga. Þegar tíð ábúendaskipti eru á jörðum, getur það endurtekið sig, að einhverjar byggingar hafi verið gerðar á ábúðartímanum, sem eigi verður komizt hjá að kaupa.

Þá benti deildarstjórinn á, að í þessu sambandi væri nauðsynlegt að ákveða greiðslufrest í lögunum, því að eins og gildandi ákvæði eru, þá er ríkissjóður jafnan krafinn um staðgreiðslu á eignarhluta ábúanda, er hann fer frá jörð.

Varðandi erfðaábúðarjarðir hefur það verið hin almenna regla, að erfðaábúðarhafar, þar sem arftakar ekki taka við ábúðinni, selja viðtakanda hús og annað, er þeir eiga á jörð, en byggist slík jörð ekki strax, getur svo farið, að ríkið verði að leysa til sín þessar eignir erfðaábúðarhafa.

Að beiðni nefndarinnar kom á fund hennar forstöðumaður Búreikningaskrifstofu ríkisins, Eyvindur Jónsson. Var við hann rætt um ýmis atriði ábúðarlaganna, en einkum þó, hvernig mundi bezt fyrir komið í lögunum ákvæðum um leigumála á jörðum. Gaf hann nefndinni ýmsar ábendingar því viðkomandi.

Nefndin hefur, eftir því sem tök hafa verið á, reynt að afla sér upplýsinga um lögbýlisjarðir í landinu, hve margar þær hafa verið síðustu áratugi, enn fremur, hversu margir ábúendur hafa á þeim verið á hverjum tíma, enn fremur um, hversu margar jarðir hafa verið og eru í eyði af sérmetnum jörðum. Þá hefur nefndin gert sér grein fyrir ábúðarhreyfingum á síðustu árum og hver áhrif ábúðarfyrirkomulagið hefur haft á það, hvernig jarðir haldast í byggð. Hins vegar skortir mjög á, að fullnægjandi gögn séu fyrir hendi um öll þessi atriði, þar sem hvergi er aðgengilegt á einum stað frá ári til árs um eignar- og ábúðarbreytingar á jörðum, þegar undan eru skildar jarðir, sem komið hafa til skipta vegna nýbýlastofnana, svo

og um eyðijarðir fram til ársins 1952, en þá eru þær allar síðast skrásettar af Landnámi ríkisins.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur eftirfarandi yfirlit verið gert um sérmetnar, byggðar jarðir, sérmetnar eyðijarðir og heildartölu sérmetinna lögbýlisjarða frá 1922—1957, enn fremur um tölu ábúenda, og miðast þá búendatala við, að taldir eru þeir búendur, er sérrekstur hafa, en þar sem um félagsbúskap er að ræða, er það aðeins talið sem eitt bú. Væru aftur á móti allir samrekstraraðilar taldir, yrði búendatalan 1952 og 1957 um 400 fleiri en neðanskráðar tölur sýna:

Yfirlit um sérmetnar byggðar jarðir, eyðijarðir og búendur 1922—1957:

Ár	Sérmetnar byggðar jarðir	Eyðijarðir	Sérmetnar jarðir alls	Búendur alls
1922	6146			6852
1932	5736	497	6233	6193
1942	5862	646	6508	6341
1952	5368	1080	6448	6219
1957	5915	1130	7045	6418

Þessar tölur eru sambærilegar að öðru en því, að árin 1952 og 1957 eru ekki teknar með þær jarðir, sem eru innan takmarka þeirra staða, sem hafa kaupstaðarréttindi samkvæmt Fasteignabók II, útgefinni 1957.

Byggðum jörðum hefur fjölgað um 547 á fimm ára tímabilinu 1952—1957, en á sama tíma hefur eyðijörðum einnig fjölgað um 50 eða að meðaltali um 10 jarðir á ári. Heildaraukning sérmetinna jarða á sama tíma er 597 alls.

Nefndin hefur ekki haft aðstöðu til að rannsaka, hvernig jarðir skiptast nú eftir eignar- og áburðarumráðum, þar sem ekki eru tiltækar upplýsingar um hinar árlegu hreyfingar viðkomandi sölum og ábúðarskiptum á jörðum, svo að þær megi telja fullábyggilegar. Þegar fasteignamat fór fram 1938—1944, skiptust eignarumráð á byggðum jörðum þannig:

Einkaeign	4872 jarðir	eða	83.0%
Kirkjujarðir	462 —	—	7.9%
Þjóðjarðir	230 —	—	3.9%
Jarðakaupasjóðsjarðeignir	97 —	—	1.7%
Jarðeignir stofnana og hreppa	201 jörð	—	3.5%
Samtals	5862 jarðir	eða	100.0%

Samkvæmt þessu voru þá opinberir aðilar eigendur að 17% af tölu hinna byggðu jarða, en í einkaeign voru þá 83% af jörðum í landinu.

Ábúðarumráðin á jörðunum skiptast á sama tíma þannig:

Einkaeign og sjálfsábúð	3168 jarðir	eða	54.0%
Leiguábúð	2234 —	—	38.1%
Að nokkru leyti sjálfsábúð	460 —	—	7.9%

Af þeim jörðum, þar sem nokkur hluti jarðanna er í leiguábúð og sjálfsábúð, koma fyrst og fremst til greina jarðir, sem eru í fjölskyldueign og aðeins einn eignaraðili býr á jörðinni allri.

Frá því 1944 hefur orðið nokkur breyting á þessum hlutföllum, sem fer í þá átt, að sjálfsábúðarjörðum fjölgar. Öll nýbýli, sem á þessu tímabili hafa verið stofnuð, eru einkaeign stofnenda, eykur það tölu sjálfsábúðarjarða. Enn fremur hefur það áhrif í sömu átt, að það eru hin síðustu ár fleiri leigujarðir, sem farið hafa í eyði, en sjálfsábúðarjarðir, þó að heildarhlutföllin milli einkaeignar og sjálfsábúðar móti einstaklingseignum og leiguábúð séu þannig, að fleiri fyrrverandi sjálfsábúðarjarðir hafi í eyði farið heldur en leigujarðir.

Samkvæmt heimildum frá Landnámi ríkisins var árið 1952 athugað, hvernig eignar- og ábúðarumráðum var háttað á 1024 eyðijörðum af 1080 jörðum, sem þá

voru í eyði. Fer hér á eftir yfirlit um eignar- og ábúðarumráðin, eins og þau voru, þá er jarðirnar fóru í eyði:

Einkaeign og sjálfsábúð	498 jarðir eða	48.6%
Einstaklingseignir, leiguábúð	313 jarðir eða	30.6%
Kirkjueignir	77 jarðir eða	7.5%
Hreppseignir	55 jarðir eða	5.3%
Þjóðjarðir	50 jarðir eða	4.9%
Jarðakaupasjóðsjarðir	5 jarðir eða	0.5%
Eign sérstakra sjóða	5 jarðir eða	0.5%
Ótilgreind eignaumráð	21 jörð eða	2.1%

Af þessum jörðum eru því leiguábúðarjarðirnar, þegar þær fara í eyði, 505 að tölu eða 49.3%, og þegar þess er gætt, að um helmingur eyðijarðanna hefur verið leigujarðir og að sjálfsábúðarjarðir í byggð eru þriðjungi fleiri en leigujarðir, verður að telja, að sjálfsábúðin gefi meira öryggi fyrir, að jarðirnar haldist í ábúð, heldur en leiguábúðin.

Hinar árlegu ábúðarhreyfingar verða ekki raktar hér ýtarlega. Frá því 1955 hafa þær þó verið athugaðar lauslega, og má áætla þær 250—300 á ári. Meiri hluti ábúendaskipta er með þeim hætti, að ættmenni taka við jörð af foreldri sínu eða öðru nánu skyldmenni, þegar í hlut eiga sjálfseignaraðilar og erfðaábúðarhafar, en á leigujörðum virðist engin föst regla ríkjandi þar um, þó virðist einnig í allmörgum tilfellum, að ábúð leigujarðar haldist í sömu ætt.

Í frumvarpi því, sem hér með fylgir, er kaflaskipting hin sama og í núgildandi lögum, og segja má, að grundvallarsjónarmið núgildandi laga haldi sér. Breytingarnar eru fyrst og fremst á þeim ákvæðum, sem vegna breyttrar aðstöðu og nýrra búnaðarhátta eru orðin úrelt. Í öðru lagi má á það benda, að jarðarnytjar, sem áður töldust til leiguliðanota, hafa ekki lengur leigugildi almennt, svo sem hagnýting torfs til bygginga. Aftur á móti er nú orðið mjög mikið verðmæti í sandi og möl sem byggingarefni. Jarðhiti og virkjun vatnsafls var ekki talið jörð til gildis 1884, er hin elztu ábúðarlög voru sett. Eru í frumvarpinu tekin upp ákvæði um, að hve miklu leyti þessi verðmæti falla undir notkunarrétt leiguliða, og þau undanskilin leiguliðanotum að öðru leyti en því, sem þeirra er þörf vegna búrekstrar á jörðinni. Þá eru tekin upp ný ákvæði um, að landskuld miðast við búrekstrargildi jarðarinnar og ákveðist með tölu búfjár eða annars afraksturs af jörðinni og peningagreiðsla ákveðist eftir verðlagsskrárverði þeirra afurða.

Húsaskylduákvæðin eru gerð nokkru fyllri, einkum þau ákvæði, er lúta að því, þegar endurreisa þarf hús jarðar á ábúðartímanum og auka við þau, en kröfur um jarðarhús úr hendi eiganda, þegar ábúð hefst, eru auknar, því að ákvæði um þetta atriði voru orðin áhrifalítil vegna hinna öru breytinga á verðlagi, frá því að lögin voru sett.

Nokkrar breytingar eru í frumvarpinu um kaup á húsum, er ábúandi fer frá jörð, og um greiðslufyrirkomulag leiguliðabótar. Skyldutrygging er ákveðin á jarðarhús í samræmi við aðra löggjöf þar um.

Þá er fastara en áður var kveðið á um, að leiguliði sé skyldur að reka sjálfur bú á jörðinni.

Um úttektir á jörðum eru sett nokkru fyllri ákvæði en í núgildandi lögum og um fyrningu jarðabóta. Þá er sú breyting gerð um yfirúttekt, að í hverri sýslu skuli vera fastur úttektardómur. Er það gert með tilliti til þess, að meira samræmi fáist innan sýslu um úrskurði í ágreiningsmálum varðandi úttektir.

Að öðru leyti vísast til þeirra athugasemda, sem gerðar eru um einstakar greinar frumvarpsins.

Reykjavík, 10. febrúar 1960.

Jón Sigurðsson. Pálmi Einarsson. Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 155. Frumvarp til laga [118. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu bændunum Jóhanni Bergvinssyni, Áshóli í Grýtubakkahreppi, og Hólmgrími Sigurðssyni, Yztuvík í sömu sveit, hinum síðarnefnda 25 dagsláttur af rætkanlegu landi jarðarinnar við suðurmörk hennar.

Kaupverð skal vera eins og um semst eða — ef samkomulag verður ekki — þá samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Þorsteinsstaðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu fór í eyði fyrir fáum árum, en þar hafði á seinustu árum hokrað gamalt fólk og heilsubilað, svo að býlið hafði gengið úr sér. Húsjarðarinnar eru gersamlega ónýt orðin. Túnið er lítið og komið í órækt. Enginn hefur sótt um að endurreisa býlið. Kunnugir telja engar líkur til, að þar verði stofnað sjálfstætt býli á ný, eins og sakir standa.

Hins vegar hefur Jóhann Bergvinsson, bóndi að Áshóli í Grýtubakkahreppi, sótt um að fá jörðina keypta til þess að stækka nýbýli sitt, Áshól, sem er næsta jörð norðan við Þorsteinsstaði.

Samhliða hefur Hólmgrímur Sigurðsson, bóndi í Yztuvík í sömu sveit, sótt um að fá keyptar 25 dagsláttur af ræktanlegu landi Þorsteinsstaða sín megin, þ. e. að sunnan. Yztavík er að vísu ekki næsta jörð að sunnan, en auðvelt er að nytja þaðan tún í landi Þorsteinsstaða.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur samþykkt að afsala forkaupsrétti hreppsins að Þorsteinsstöðum, ef Jóhann Bergvinsson kaupi jörðina og selji síðan Hólmgrími Sigurðssyni 25 dagsláttur úr landi jarðarinnar til ræktunar. Einfaldara er, að Hólmgrímur Sigurðsson kaupi ræktunarlandið milliliðalaust, og gerir frumvarpið þess vegna ráð fyrir því.

Útdráttur úr fundargerð hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi, frá 20. okt. 1960, er prentaður hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr fundargerð hreppsnefndarfundar í Grýtubakkahreppi 29/10 1960.

„4. mál: Samþykkt var, að hreppsnefndin afsalaði sér forkaupsrétti að jörðinni Þorsteinsstöðum hér í hreppi með því skilyrði, að tilvonandi kaupandi jarðarinnar, Jóhann Bergvinsson, bóndi í Áshóli, selji Hólmgrími Sigurðssyni, bónda að Yztuvík, spildu sunnan af landinu, um 25 dagsláttur að stærð af ræktanlegu landi, við sambærilegu verði miðað við sölu allrar jarðarinnar, en fyrir fundinum lá skrifleg beiðni frá nefndum Hólmgrími um, að hreppsnefnd hlutaðist til um, að hann gæti fengið land þetta til kaups. Taldi hreppsnefndin, þar sem allt ræktanlegt land Yztuvíkur er nú komið í rækt og ekki að stærð nema 8—9 hektarar, að rétt væri að verða við þessari beiðni.

Á grundvelli framanritaðs mælir hreppsnefndin eindregið með því, að fyrrnefndur bóndi, Jóhann Bergvinsson, Áshóli, fái til kaups ríkisjörðina Þorsteins-

staði, sem um getur hér að ofan. Því til rökstuðnings má á það benda, að enn hefur Áshóll of lítið land, en með þessari breytingu yrðu á jörðinni skilyrði til blómabúskapar.

Á það er og rétt að benda, að ábúandi Áshóls, fyrrnefndur Jóhann, hefur sýnt, svo að eigi verður vefengt, að hann er í bezta máta atorkusamur myndarbóndi.“

Lómatjörn, 16. nóv. 1960,

f. h. hreppsnefndar Grýtubakkahrepps,

Sverrir Guðmundsson, oddviti Grýtubakkahrepps.

Nd. 156. Breytingartillaga [25. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Davíð Ólafssyni, Guðlaugi Gíslasyni og Karli Guðjónssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Í stað „60“ í f-lið 2. gr. laganna komi: 150.

Nd. 157. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna, Geir Gunnarsson, var fjarverandi.

Alþingi, 29. nóv. 1960.

Benedikt Gröndal, form.	Davíð Ólafsson, fundaskr.	Alfreð Gíslason, frsm.

Björn Fr. Björnsson.

Sþ. 158. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um veiði og verkun steinbíts.

Flm.: Hjörtur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga, hvort ekki sé þörf á að setja reglur um veiði og verkun á steinbít, sem ætlaður er til útflutnings.

Greinargerð.

Síðari hluta vetrar er steinbítur meginafli báta, sem veiðar stunda út af Vestfjörðum. Hann gengur þá á grunnmið, og er aflamagnið oft mjög mikið, en

verð á honum fremur lágt, og mundi því til verulegra hagsbóta fyrir útgerð á þessu svæði, ef hægt væri að gera hann að verðmætari vöru.

Fyrst þegar farið var að reyna útflutning á hraðfrystum steinbít, var til þess valinn steinbítur af Vestfjarðasvæðinu, enda mun almennt viðurkennt, að þar sé fisktegund þessi bezt, en enginn fiskur mun jafnmisjafn og steinbíturinn að gæðum.

Við verkun þess fisks, sem tilraunin var gerð með, var mjög til alls vandað og eingöngu tekinn góður fiskur og gallalaus. Þetta bar þann árangur, að steinbítur varð eftirsótt vara á Ameríkumarkaði, og mun jafnvel hafa verið svo, að naumast var hægt að selja þar þorskflök, nema steinbítur væri boðinn með.

Þá var það, að farið var að veiða og verka steinbít í mjög stórum stíl, og steinbítur veiddur af togurum var tekinn til vinnslu framan af vetri og um miðjan vetur, en þá er hann að þeirra dómi, sem þekkja hann sem matarfisk, nær óætur, því að hann fer fyrst að fitna, er hann gengur á grunnmið. Einnig var þá allt hirt og ekki skeytt um úrval.

Afleiðingar þessa urðu eðlilega þær, að eftirspurn eftir þessari vöru á erlendum mörkuðum féll og verðið jafnframt.

Nú virðist ekki óeðlilegt að álykta, að takast mætti að vinna upp markað á þessari vöru á ný, ef vel væri að unnið. En þá þyrfti það að vera á vegum þeirra, sem bezt þekkja til, og virtist jafnvel ekki óeðlilegt, að Vestfjarðasteinbítur fengi sérstakt vörumerki, ef útvegsmenn og frystihúsaeigendur þar vildu gera tilraun á ný að framleiða úr honum úrvalsvöru.

Nd. 159. Frumvarp til laga [129. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hellnahól í Rangárvallasýslu.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Karl Guðjónsson, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Einari Jónssyni bónda, Moldnúpi í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, eyðijörðina Hellnahól í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt af sömu þingmönnum á síðasta þingi, en fékk ekki fullnaðarafgreiðslu. Er það því endurflutt. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

„Með frv. þessu er lagt til, að Einari bónda Jónssyni, Moldnúpi í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, verði gefinn kostur á að kaupa eyðijörðina Hellnahól í sama hreppi, en Hellnahóll er ríkiseign.

Hellnahóll er ein af svonefndum Holtshverfisjörðum, en hefur ekki verið sérstök ábýlisjörð um margra áratuga skeið. Hefur Einar Jónsson haft jörðina á leigu s.l. 26 ár og óskar þess nú að fá hana keypta. Hagar jarðanna Moldnúps og Hellnahóls liggja saman. Hafa þeir verið ræstir fram og eru innan sama framræslukerfis. Nokkuð af högum Hellnahóls hefur verið ræktað, og það land er innan túngirðingar Moldnúpsins. Saman eru þessar jarðir mjög sæmilegt býli, en Hellnahóll lítil jörð og með ólíkindum, að í ábúð komist ein sér.

Sýnast flest rök og öll aðstaða hníga að því, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til sölunnar, og þess vænzt, að Alþingi sjái sér fært að samþykkja frv.“

Fylgiskjal.

ODDVITI VESTUR-EYJAFJALLAHREPPS

Seljalandi, 20. febr. 1960.

Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. jan. s. l. „að mæla með því, að Einar Jónsson, bóndi á Moldnúpi, fengi keypta kirkjujörðina Hellnahól í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Telur hreppsnefndin, að jörðin sé svo lítil, að hún byggist tæplega sem sjálfstætt býli. Auk þess hefur jörðin verið í ábúð Einars í s. l. 26 ár og hann bætt hana nokkuð með framræslu og ræktun.“

Ólafur Kristjánsson,
oddviti.

Ed. 160. Breytingartillaga [85. mál]

við frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá Sigurvin Einarssyni.

3. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa 5 menn: ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands og 2 menn frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, sem kosnir skulu á fulltrúaráðsfundi sambandsins til 4 ára í senn.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 161. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs til fjögurra ára í senn. Atvinnumálaráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breyting þessi á lögum um sementsverksmiðju er í samræmi við margar hliðstæður við skipun stjórnar stórfyrirtækja, sem eru í eign ríkisins.

Hefur samhljóða frv. verið flutt áður, á þinginu 1958—59, af Jóhanni Hafstein og Ingólfi Jónssyni, en varð eigi afgreitt. — Nánar í framsögu.

Sþ. **162. Breytingartillögur** **[1. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun. 1. (Póstur og sími).		
			a. Við I. 5. (Símaafnotagjöld).		
			Fyrir „74 250 000“ kemur		74 750 000
			b. Við II. 2. (Önnur laun).		
			Fyrir „29 393 673“ kemur		28 893 673
			c. Við II. 6. (Stöðvarnar).		
			Fyrir „42 900 000“ kemur		42 650 000
			d. Við II. 13. Nýr liður:		
			Fyrning húsa og mótorvéla		1 250 000
2.	—	10. —	II. 1. c. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn, annar kostnaður).		
			Fyrir „150 000“ kemur		190 000
3.	—	10. —	II. 2. a. (Sendiráðið í Stokkhólmi, laun).		
			Fyrir „860 500“ kemur		964 765
4.	—	10. —	II. 3. a. (Sendiráðið í London, laun).		
			Fyrir „1 032 800“ kemur		1 282 800
5.	—	10. —	II. 4. Liðurinn orðist svo:		
			Sendiráðið í Washington:		
			a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	1 143 000	
			b. Laun annarra starfsmanna	417 500	
			c. Annar kostnaður	718 000	
					2 278 500
6.	—	10. —	II. 5. a. (Sendiráðið í París, laun).		
			Fyrir „1 901 000“ kemur		1 768 412
7.	—	10. —	II. 5. c. (Sendiráðið í París annar kostnaður).		
			Fyrir „681 000“ kemur		744 000
8.	—	10. —	II. 9. (Aðalræðismannsskrifstofan í New York, annar kostnaður).		
			Fyrir „114 000“ kemur		130 000
9.	—	10. —	III. 3. (Tillag til Sameinuðu þjóðanna).		
			Fyrir „990 000“ kemur		1 030 000
10.	—	10. —	III. 6. Nýr liður:		
			Til menningarsjóðs Evrópuráðsins, stofnframlag		15 532
11.	—	11. —	A. 3. c. (Borgarfógetaembættið, annar kostnaður).		
			Fyrir „152 000“ kemur		232 000
12.	—	11. —	A. 9. l. (Löggæzla í Vestmannaeyjum).		
			Fyrir „80 000“ kemur		150 000
13.	—	12. —	IV. A. 1. a. (Landsspítalinn, laun).		
			Fyrir „11 645 630“ kemur		11 810 430
14.	—	12. —	IV. E. 1. a. (Fæðingardeildin, laun).		
			Fyrir „4 049 436“ kemur		4 114 336
15.	—	12. —	IV. E. 3. (Vífilsstaðir, annar kostnaður).		
			Fyrir „2 828 000“ kemur		3 228 000
16.	—	12. —	IX. Liðurinn orðist svo:		
			Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa		5 275 000

17. Við 12. gr. X. (Til heilbrigðisstofnana í Reykjavík).
Liðurinn fellur niður.

18. — 12. — XXVI. Nýr liður:
Til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands, byggingarstyrkur 100 000

19. — 13. — A. II. a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:

1.	Grindavíkurvegur	150 000
2.	Kjósarskarðsvegur	160 000
3.	Skorradalsvegur	110 000
4.	Mófellsstaðavegur	95 000
5.	Skálpastaðavegur	80 000
6.	Flókadalsvegur	75 000
7.	Reykdælavegur	50 000
8.	Hálsasveitarvegur	50 000
9.	Svínadalsvegur	60 000
10.	Melasveitarvegur	20 000
11.	Hvalfjarðarvegur	250 000
12.	Hvítársíðuvegur	80 000
13.	Þverárhlíðarvegur	150 000
14.	Álftanesvegur	55 000
15.	Króksvegur	50 000
16.	Þverholtavegur	85 000
17.	Grímsstaðavegur	75 000
18.	Sauravegur	50 000
19.	Staðarhraunsvegur	50 000
20.	Hítarnesvegur	30 000
21.	Hnappadalsvegur (Hlíðarvegur)	20 000
22.	Skógarnesvegur	25 000
23.	Lýsuhólsvegur	30 000
24.	Ólafsvíkurvegur	90 000
25.	Útnesvegur	200 000
26.	Eyrarsveitarvegur	280 000
27.	Framsveitarvegur	50 000
28.	Borgarlandsvegur	30 000
29.	Skógarstrandarvegur á Snæfellsnesi	115 000
30.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110 000
31.	Miðdalavegur	25 000
32.	Hörðudalsvegur	20 000
33.	Haukadalsvegur	80 000
34.	Laxárdalsvegur	60 000
35.	Vesturlandsvegur	135 000
36.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	295 000
37.	Staðarhólsvegur	30 000
38.	Heydalsvegur	150 000
39.	Reykhólavegur	215 000
40.	Bæjarnes- og Svínanesvegur	40 000
41.	Fjarðarhlíðarvegur	40 000
42.	Barðastrandarvegur	190 000
43.	Rauðasandsvegur	45 000
44.	Örlygshafnarvegur	145 000
45.	Kollsvíkurvegur	40 000
46.	Bíldudalsvegur á Mikladal	230 000
47.	Hvammseyrarvegur	110 000

48.	Vestfjarðavegur	500 000
49.	Hjarðardalsvegur	100 000
50.	Flateyrarvegur	50 000
51.	Suðureyrarvegur	300 000
52.	Fjarðavegur	100 000
53.	Snæfjallastrandarvegur	100 000
54.	Ögurvegur	575 000
55.	Vatnsfjarðarvegur	20 000
56.	Reykjarfjarðarvegur	390 000
57.	Selstrandarvegur	100 000
58.	Strandavegur	150 000
59.	Vatnsnesvegur	200 000
60.	Hlíðardalsvegur	40 000
61.	Austursíðuvegur	130 000
62.	Fitjavegur	45 000
63.	Þorgrímsstaðadalsvegur	15 000
64.	Vatnsdalsvegur	280 000
65.	Reykjabraut	70 000
66.	Svartárdalsvegur	150 000
67.	Skagafjarðarvegur	175 000
68.	Efribyggðarvegur	100 000
69.	Hólavegur	200 000
70.	Hofsósvegur	240 000
71.	Siglufjarðarvegur	500 000
72.	Ólafsfjarðarvegur	100 000
73.	Múlavegur	300 000
74.	Hrísavegur	100 000
75.	Hörgárdalsvegur innri	130 000
76.	Fnjóskadalsvegur eystri	250 000
77.	Fnjóskadalsvegur vestri	100 000
78.	Kinnarvegir	150 000
79.	Austurhlíðarvegur	50 000
80.	Tjörnesvegur og Þingeyjarsýslubraut milli byggða	200 000
81.	Þingeyjarsýslubraut sunnan Húsavíkur	105 000
82.	Hólsfjallavegur	85 000
83.	Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar og Þistilfjarðarvegur	400 000
84.	Langanesvegur utan Heiðar	55 000
85.	Sandvíkurheiði	190 000
86.	Vopnafjarðarvegir	200 000
87.	Jökuldalsvegur efri	70 000
88.	Jökuldalsvegur eystri	90 000
89.	Hróarstunguvegir	100 000
90.	Upphéraðsvegur	115 000
91.	Hólalandsvegur	160 000
92.	Seyðisfjarðarvegir	90 000
93.	Fjarðarheiðarvegur	150 000
94.	Austurlandsvegur	270 000
95.	Skógavegur	100 000
96.	Mjóafjarðarvegur	95 000
97.	Viðfjarðarvegur í Helgustaðahreppi	75 000
98.	Fáskrúðsfjarðarvegur	140 000

99.	Stöðvarfjarðarvegur	310 000	
100.	Breiðdalsvegir	100 000	
101.	Berufjarðarvegur	130 000	
102.	Geithellnavegur	130 000	
103.	Almannaskarðsvegur	135 000	
104.	Mýravegur	200 000	
105.	Suðursveitarvegur	140 000	
106.	Öræfavegur	80 000	
107.	Meðallandsvegur	300 000	
108.	Holtavegur	60 000	
109.	Mýrdalsvegur	100 000	
110.	Suðurlandsvegur	100 000	
111.	Oddavegur	35 000	
112.	Rangárvallavegur efri	190 000	
113.	Landvegur	25 000	
114.	Þykkvabæjarvegur	50 000	
115.	Heiðarvegur	320 000	
116.	Ásvegur	100 000	
117.	Laugardalsvegur	150 000	
118.	Grafningsvegur	270 000	
119.	Sólheimavegur	60 000	
120.	Hamarsvegur	70 000	
121.	Þingvallavegur	500 000	
			16 480 000

20. Við 13. gr. A. II. e. Nýir liðir:

a.	Til millibyggðavega:		
1.	Austurvegur	1 900 000	
2.	Hvalfjarðarvegur	400 000	
3.	Heydalsvegur	200 000	
4.	Fróðárhreppsvegur (Búlandshöfði)	500 000	
5.	Eyrarsveitarvegur	100 000	
6.	Vestfjarðavegur	1 000 000	
7.	Siglufjarðarvegur ytri	200 000	
8.	Múlavegur	300 000	
9.	Norðurlandsvegur	400 000	
10.	Fnjóskadalsvegur	300 000	
11.	Tjörnesvegur	200 000	
12.	Raufarhafnarvegur (Hálsavegur)	100 000	
13.	Sandvíkurheiðarvegur (Vopnafj.)	100 000	
14.	Austurlandsvegur vestan Lagarfljóts	300 000	
15.	Austurlandsvegur austan Lagarfljóts	600 000	
16.	Suðurlandsvegur	100 000	
			6 700 000
	÷ Vegagjald af benzíni		6 700 000
b.	Til vegagerðar á Mýrdalssandi		4 300 000

21. — 13. — A. III. Liðurinn orðist svo:

Til brúargerða:

1.	Hítará á Stykkishólmsvegi, Snæf.	840 000
2.	Norðurá hjá Króki, Mýr.	725 000
3.	Holtsá á sýsluv., Barð.	500 000
4.	Rakknadalsá, Barð.	325 000
5.	Gljúfurá á Ögurv., N.-Ís.	360 000
6.	Víðidalsá hjá Kolug., V.-Hún.	825 000

	7. Hlíðará, A.-Hún.	375 000	
	8. Jökulsá eystri, Skagaf.	500 000	
	9. Sæmundarhlíðará, Skagaf.	125 000	
	10. Sandá í Þistilf., N.-Þing.	1 200 000	
	11. Fossá í Jökulsárhlíð, N.-Múl.	225 000	
	12. Vatnsdalsá í Skriðdal, S.-Múl.	370 000	
	13. Gjádalsá í Lóni, A.-Skaft.	585 000	
	14. Skaftá hjá Skaftártdal, V.-Skaft.	380 000	
	15. Skillandsá í Laugardal, Árn.	545 000	
	16. Ölfusvatnsá í Grafningi, Árn.	365 000	
	17. Smábrýr	3 035 000	
			11 280 000
22. Við 13. gr.	A. V. (Fjallvegir): Fyrir „760 000“ kemur		835 000
23. — 13. —	C. VIII. Liðurinn orðist svo: Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:		
	1. Akranes	700 000	
	2. Akureyri	200 000	
	3. Akureyri (dráttarbraut)	500 000	
	4. Blönduós	100 000	
	5. Bolungavík	700 000	
	6. Breiðavík	25 000	
	7. Búðareyri, Reyðarfirði	300 000	
	8. Dalvík	500 000	
	9. Djúpivogur	50 000	
	10. Eskifjörður	100 000	
	11. Flatey á Skjálfanda	100 000	
	12. Gerðavör í Garði	150 000	
	13. Hafnarfjörður	700 000	
	14. Hafnir í Höfnum	100 000	
	15. Haganesvík	50 000	
	16. Hellissandur	100 000	
	17. Hnífsdalur	200 000	
	18. Hólmavík	400 000	
	19. Húsavík	325 000	
	20. Höfn í Hornafirði	500 000	
	21. Ísafjörður	500 000	
	22. Járngerðarstaðir	250 000	
	23. Kópasker	125 000	
	24. Kópavogur	100 000	
	25. Neskaupstaður	500 000	
	26. Ólafsfjörður	500 000	
	27. Ólafsvík	200 000	
	28. Sandgerði	250 000	
	29. Sauðárkrókur	300 000	
	30. Siglufjörður	500 000	
	31. Stokkseyri	100 000	
	32. Stykkishólmur	300 000	
	33. Súðavík	100 000	
	34. Suðureyri	500 000	
	35. Tálknafjörður	275 000	
	36. Vestmannaeyjar	700 000	
	37. Vogar	50 000	

		38. Vopnafjörður	100 000	
		39. Þingeyri	300 000	
		40. Þorlákshöfn	300 000	
		41. Þórshöfn	500 000	
		42. Melgraseyri	100 000	
		43. Ýmsar lendingarbætur	150 000	
		44. Landshöfn í Rifi	700 000	
		45. Landshöfn í Keflavík	300 000	
				13 500 000
24.	Við 13. gr.	C. IX. (Hafnarbótasjóður). Fyrir „2 000 000“ kemur		3 500 000
25.	— 13. —	C. X. Nýr liður: Til kaupa á olíukyndingartækjum í dýpkunarskipið Gretti (fyrsta greiðsla af þremur)		250 000
26.	— 13. —	D. VIII. (Styrkir til námsmanna). Fyrir „200 000“ kemur		250 000
27.	— 13. —	D. X. Liðurinn orðist svo: Alþjóðaflugþjónustan:		
		1. Flugumferðarstjórn	3 616 233	
		2. Fjarskiptaþjónustan	14 640 248	
		3. Veðurþjónustan	5 654 000	
			23 910 481	
		÷ Alþjóðatillag	21 878 090	
				2 032 391
28.	— 13. —	D. XII. (Veðurþjónusta á Grænlandi). Fyrir „1 241 500“ kemur		1 907 500
29.	— 13. —	F. I. 2. (Ferðaskrifstofa ríkisins). Nýr liður: Þátttaka í landkynningarstarfsemi Norðurlandaþjóða		200 000
30.	— 13. —	F. III. (Stýrimannaskólinn, annar kostnaður). Fyrir „20 000“ kemur		52 000
31.	— 14. —	A. I. a. 5. (Háskólinn, til tannlækningastofu). Fyrir „100 000“ kemur		215 000
32.	— 14. —	A. I. a. 20. Nýr liður: Til að minnast 50 ára afmælis háskólans		150 000
33.	— 14. —	A. IV. b. (Menntaskólinn í Reykjavík, stundakennsla). Fyrir „1 438 275“ kemur		1 518 275
34.	— 14. —	A. IV. d. (Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald). Fyrir „150 000“ kemur		200 000
35.	— 14. —	A. V. d. (Menntaskólinn á Akureyri, viðhald). Fyrir „155 000“ kemur		250 000
36.	— 14. —	A. VI. b. (Menntaskólinn á Laugarvatni, stundakennsla). Fyrir „205 000“ kemur		235 000
37.	— 14. —	A. X. 23. Liðurinn orðist svo: Framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:		
		a. Skólahús og skólastjórabústaðir í smíðum:		
		1. Reykjavík, Breiðagerði	1 155 833	
		2. Reykjavík, Haga- og Vogask.	1 973 750	
		3. Reykjavík, Hamrahlíð I	557 000	
		4. Reykjavík, Hamrahlíð II	2 026 125	
		5. Reykjavík, Laugalækur	677 500	
		6. Keflavík, íþróttahús	41 666	

7.	Kópavogur, Kársnes, 1. áf. .	80 386
8.	Kópavogur, Kársnes, 2. áf. .	355 833
9.	Akureyri, Oddeyrarsk., 1. áf.	52 454
10.	Akureyri, Oddeyrarsk., 2. áf.	475 000
11.	Siglufjörður	176 166
12.	Húsavík	275 000
13.	Seyðisfjörður	33 000
14.	Seyðisfjörður, íþróttahús ..	59 791
15.	Hafnarfjörður, viðbygging .	81 333
16.	Hafnarfjörður, nýr skóli ..	264 375
17.	Njarðvíkur	70 548
18.	Garðaskóli	168 235
19.	Kjalarnes	34 250
20.	Kjósarskóli	23 100
21.	Varmaland	47 279
22.	Reykhólar	54 250
23.	Patreksfjörður	226 666
24.	Suðureyri	142 833
25.	Mosvallaskóli	34 416
26.	Súðavík	33 000
27.	Skagaströnd	107 838
28.	Lýtingsstaðaskóli	25 875
29.	Dalvík	39 166
30.	Svarfaðardalur	22 500
31.	Aðaldalur	10 000
32.	Keldunes	30 000
33.	Torfastaðir	16 250
34.	Eiðar, barnaskóli	230 125
35.	Egilsstaðir	38 600
36.	Breiðdalur	78 666
37.	Höfn í Hornafirði	131 333
38.	Austur-Eyjafjöll	74 833
39.	Laugaland í Holtum	515 521
40.	Biskupstungur	208 583
41.	Sandgerði	205 000
42.	Bárðardalur	167 875
43.	Reyðarfjörður	149 650
44.	Vestmannaeyjar, viðbygging	449 875
45.	Seltjarnarnes, 1. áf.	467 158
46.	Kleppjárnsreykir	573 908
47.	Grafarnes	199 791
48.	Vopnafjörður	22 875
49.	Nesjaskóli	360 729
50.	Hvammstangi	221 833
51.	Brúarland (Varmárskóli) ..	586 250
52.	Bildudalur	314 791
53.	Bolungavík	78 125
54.	Laugaland á Þelamörk	746 458
55.	Mývatnssveit	352 000
56.	Hella	123 125
57.	Þorlákshöfn	123 125
58.	Borgarfjörður sunnan heiðar	536 256
59.	Ólafsvík, 2. áf., viðb. skólans	50 000
60.	Laugar í Dalasýslu, 2. áf. .	280 000

61.	Tálknafjörður	212 500	
62.	Flateyri	275 000	
63.	Þórshöfn	135 500	
64.	Stöðvarfjörður	100 000	
65.	Vík í Mýrdal, viðbygging	34 000	
66.	Laugardalur í Árnessýslu	187 500	
67.	Kjalarnes, skólastjórabúst.	10 356	
68.	Vík í Mýrdal, skólastj.búst.	18 750	
69.	Bessast.sk.hv., skólastj.búst.	93 875	
70.	Eskifjörður, skólastjórabúst.	82 000	
71.	Egilsstaðir, skólastjórabúst.	93 875	
72.	Blönduós, skólastjórabúst.	93 875	
73.	Ölfus, skólabifreið	100 000	
74.	Skjöldólfsstaðir, skólastj.búst.	100 000	
75.	Ýmsir skólar, sem voru í smíðum 1946—1954 (lokaframkvæmdir	150 000	
			18 345 134
b.	Ný skólahús:		
1.	Reykjavík, Vogaskóli, 3. áf.	500 000	
2.	Grímsey	50 000	
3.	Kolviðarnes, Snæfellsnesi	150 000	
4.	Hallormsstaður, S.-Múl.	100 000	
5.	Öxarfj.skólahv., N.-Þing.	50 000	
6.	Öngulsstaðaskólahv., skólabíll og sundlaug	50 000	
			900 000
			19 245 134

38. Við 14. gr. A. X. 28. (Kennaranámskeið).
Fyrir „12 000“ kemur 25 000

39. — 14. — A. XI. 3. f. (Héraðsskólinn að Núpi, viðhald).
Fyrir „90 000“ kemur 140 000

40. — 14. — A. XI. 29. Liðurinn orðist svo:
Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla:
Skólahús í smíðum:

1.	Reykjavík, Réttarholt, 1. áf.	496 666
2.	Reykjavík, Réttarholt, 2. áf.	1 388 275
3.	Reykjavík, Hagaskóli, 2. áf.	1 550 000
4.	Reykjavík, Vogaskóli	677 500
5.	Stykkishólmur	183 333
6.	Siglufjörður	129 333
7.	Vestmannaeyjar	103 333
8.	Reykholt	210 750
9.	Núpur	278 666
10.	Reykjanes I	45 875
11.	Reykjanes II	1 050 000
12.	Reykir	228 666
13.	Akureyri, 2. áf.	450 000
14.	Laugar I	33 416
15.	Laugar II	451 250
16.	Skógar	159 000
17.	Laugarvatn I	184 463
18.	Laugarvatn II	414 435

			19. Eiðar, smíðahús	66 666	
			20. Akranes	820 000	
			21. Neskaupstaður	263 084	
			22. Kópavogur	516 591	
			23. Keflavík	1 067 912	
			24. Hafnarfjörður, 2. áf.	300 000	
					11 069 214
41.	Við	14. gr.	A. XI. 32. (Snorragarður). Liðurinn fellur niður.		
42.	—	14. —	A. XI. 33. (Skallagrímsgarður). Liðurinn fellur niður.		
43.	—	14. —	B. III. 2. (Þjóðminjasafnið, til aðstoðar, tímavinnu o. fl.). Fyrir „160 000“ kemur		193 000
44.	—	14. —	B. VII. (Hið íslenzka náttúrufræðifélag). Fyrir „20 000“ kemur		25 000
45.	—	14. —	B. VIII. Nýr liður: Til náttúruverndarráðs vegna friðunar Grábrókar í Norðurárdal (fyrsta greiðsla af fimm)		50 000
46.	—	14. —	B. XI. 1. (Hið íslenzka bókmenntafélag). Fyrir „65 000“ kemur		85 000
47.	—	14. —	B. XI. 37. Nýir liðir: a. Til rannsókna og útgáfu bókar um íslenzkan vefnað í samráði við þjóðminjavörð		20 000
			b. Til rannsókna á sögu íslenzkra heilbrigðismála eftir ákvörðun heilbrigðismálaráðherra		25 000
48.	—	14. —	B. XI. 45. Nýr liður: Til kaupa á náttúrufræðiritasafni Steindórs Steindórssonar fyrir menntaskólann á Akureyri		30 000
49.	—	14. —	B. XI. 48. (Vilmundur Jónsson). Liðurinn fellur niður.		
50.	—	14. —	B. XVIII. Nýr liður: Til listsýningar Norræna listabandalagsins í Reykjavík 1961		100 000
51.	—	14. —	B. XXXVIII. 4. Nýr liður: Til Leikfélags Hellissands		8 000
52.	—	14. —	B. XXXVIII. 6. Nýir liðir: a. Til Leikfélags Þingeyrar		8 000
			b. Til Leikfélags Suðureyrar		8 000
53.	—	14. —	XXXVIII. 8. Nýr liður: Til ungmennafélagsins Dagsbrúnar, Hrútafirði		8 000
54.	—	14. —	B. XXXVIII. 22. Nýr liður: Til leikfélagsins Baldurs á Hvolsvelli		8 000
55.	—	14. —	B. XL. 9. (Tónlistarskóli Akraness). Fyrir „10 000“ kemur		20 000
56.	—	14. —	B. XL. 9. Nýr liður: Til tónlistarskóla á Eyrarbakka		10 000
57.	—	14. —	B. XL. 16. (Samband íslenzkra lúðrasveita). Fyrir „10 000“ kemur		25 000
58.	—	14. —	B. LXIV. Nýr liður: Til vörzlu og sýningar listaverkagjafar Ásgríms Jónssonar		70 000
59.	—	14. —	B. LXVI. Nýr liður: Til minningarlunda og skrúðgarða undir eftirliti og samkvæmt ráðstöfun skógræktarstjóra		60 000

60. Við 14. gr. B. LXVII. (Egilsgarður).
Liðurinn fellur niður.
61. — 14. — B. LXVIII. (Trjágarðurinn Skrúður).
Liðurinn fellur niður.
62. — 14. — B. LXXVII. (Minningarlundur Jónasar Hallgrímssonar).
Liðurinn fellur niður.
63. — 14. — B. LXXVIII. (Minningarlundur Þorsteins Erlingssonar).
Liðurinn fellur niður.
64. — 14. — B. LXXIX. (Minningarlundur Elínar Briem).
Liðurinn fellur niður.
65. — 14. — B. LXXX. (Minningarlundur Jóns Arasonar).
Liðurinn fellur niður.
66. — 14. — B. LXXXIV. Nýir liðir:
a. Til Guðmundar Guðjónssonar til söngnáms 8 000
b. Til Sigurðar Björnssonar til söngnáms 8 000
67. — 16. — A. 5. A. (Héraðsráðunautar).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 030 000
68. — 16. — A. 6. a. Nýr liður:
Til kaupa á jarðræktarvélum 1 000 000
69. — 16. — A. 9. b. 3. Nýr liður:
Til afkvæmarannsóknarstöðva sauðfjár 10 000
70. — 16. — A. 22. a. (Fyrirhleðslur). Nýr liður:
Í Skaftá 40 000
71. — 16. — A. 23. Liðurinn orðist svo:
Til sjóvarnagarða:

a. Akranes	200 000	
b. Álftanes	150 000	
c. Borgarfjörður eystri	25 000	
d. Borgarnes	50 000	
e. Eyrarbakki	250 000	
f. Flateyri	100 000	
g. Grenivík	25 000	
h. Ólafsvík	50 000	
i. Seltjarnarnes	200 000	
j. Siglufjörður	100 000	
k. Vestmannaeyjar	200 000	
		1 350 000

72. — 16. — A. 24. c. (Sandgræðslugirðingar).
Fyrir „475 000“ kemur 975 000
73. — 16. — A. 39. Nýr liður:
Til landssambands íslenzkra hestamannafélaga til leiðbeininga um hestamennsku 25 000
74. — 16. — A. 45. d. 4. (Húsmæðraskólinn að Löngumýri). Nýr liður:
Til hitaveituframkvæmda 60 000
75. — 16. — B. 6. (Alþjóðahvalveiðiráð).
Fyrir „21 368“ kemur 26 837
76. — 16. — B. 11. (Hlutatryggingasjóður).
Fyrir „4 500 000“ kemur 8 500 000
77. — 16. — B. 12. (Vextir af bráðabirgðalánum).
Fyrir „315 000“ kemur 665 000
78. — 16. — B. 15. Nýr liður:
Til síldarverksmiðjanna í Krossanesi og á Hjalteyri vegna tilrauna með síldarflutninga frá fjarlægum síldarmiðum 500 000

79.	Við 16. gr.	C. 7. (Iðnskólinn í Reykjavík).			
		Fyrir „350 000“ kemur			450 000
80.	— 16. —	C. 8. (Iðnskóli á Akureyri).			
		Fyrir „100 000“ kemur			300 000
81.	— 16. —	E. I. 2. a. (Fiskideild, laun).			
		Fyrir „1 487 933“ kemur			1 500 633
82.	— 16. —	E. I. 4. ÷ Tekjur frá happdrætti háskólans.			
		Fyrir „750 000“ kemur			500 000
83.	— 16. —	E. II. 5. Nýr liður:			
		Til rannsókna á kísilleir við Mývatn			100 000
84.	— 16. —	E. VI. Nýr liður:			
		Til tækninýjunga			125 000
85.	— 17. —	I. 2. (Bjargráðasjóður).			
		Fyrir „360 000“ kemur			900 000
86.	— 17. —	I. 3. (Til vatnsveitna).			
		Fyrir „670 000“ kemur			1 270 000
87.	— 17. —	I. 3. Nýir liðir:			
		a. Til vatnsborana í Kelduhverfi			125 000
		b. Til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum			150 000
88.	— 17. —	V. 2. d. (Greiðsla með börnum erlendra manna).			
		Fyrir „2 300 000“ kemur			3 000 000
89.	— 17. —	V. 5. (Almennar slysavarnir).			
		Fyrir „300 000“ kemur			550 000
90.	— 17. —	V. 5. Nýr liður:			
		Til flugbjörgunarsveitar Akureyrar til tækjakaupa			75 000
91.	— 17. —	V. 6. Nýr liður:			
		Til Tryggva Helgasonar til sjúkraflugs			75 000
92.	— 17. —	V. 9. Nýir liðir:			
		a. Til barnaheimilis kvenfélagsins Hlífar á Akureyri, byggingarstyrkur			20 000
		b. Til Blindrafélagsins í Reykjavík, byggingarstyrkur			150 000
		c. Til Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri, byggingarstyrkur			75 000
		d. Til sjómanna- og gestaheimilis Siglufjarðar, byggingarstyrkur			75 000
		e. Til Barnaverndarfélags Akureyrar, byggingarstyrkur			20 000
93.	— 19. —	2. (Uppbætur á útfl. landbúnaðarafurðir).			
		Fyrir „5 000 000“ kemur			12 000 000
94.	— 20. —	Út. VII. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).			
		Fyrir „4 503 000“ kemur			6 503 000
95.	— 20. —	Út. IX. Liðurinn orðist svo:			
		Til flugvallagerðar og flugöryggistækja:			
		1. Reykjavík	2 000 000		
		2. Akureyri	800 000		
		3. Ísafjörður	800 000		
		4. Norðfjörður	700 000		
		5. Vestmannaeyjar	800 000		
		6. Öryggisþjónustan	2 000 000		
		7. Tæki og vélar	320 000		
		8. Brautalýsing	300 000		
		9. Óráðstafað og skuldir	1 000 000		
					8 720 000
96.	— 20. —	Út. XII. 1. Nýr liður:			
		Til byggingar menntaskólans í Reykjavík			1 000 000

97. Við 20. gr. Út. XII. 7. Nýr liður:
Til byggingar héraðsskólans á Eiðum 450 000
98. — 20. — Út. XVII. Nýr liður:
a. Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli 200 000
b. Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla 1 000 000
99. — 22. — V. Nýir liðir:
a. Að selja prestssetursh úsið Strandgötu 11 A, Patreksfirði, gamla prestssetursh úsið í Holti í Önundarfirði, prestsetursh úsið Miðgarða í Grímsey og prestssetursh úsið á Eskifirði, ef viðunandi boð fæst.
b. Að selja lóðir undir gömlu póst- og símahúsunum á Akranesi og Eskifirði ásamt þessum húsum og enn fremur 6.1 fermetra lóð við Óðinsgötu 9 A í Reykjavík ásamt tilheyrandi tengihúsi, ef viðunandi boð fæst.
100. — 22. — XXII. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir Dráttarbraut Keflavíkur til endurbóta og stækkunar á dráttarbraut, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
b. Að ábyrgjast allt að 1.8 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðina Dröfn í Hafnarfirði til endurbóta á dráttarbraut, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting).
c. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri vegna leigu á skipum til síldarflutninga frá fjarlægum síldarmiðum.
d. Að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. skuld síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs við hina almennu deild sjóðsins.
e. Að ábyrgjast lán allt að jafnvirði 1 388 000 Bandaríkjadollara, sem Framkvæmdabanki Íslands tekur af lánsfé því, er til fellur samkvæmt samningi um kaup á landbúnaðarvörum (PL—480), sem undirritaður var milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna 6. apríl 1960.
f. Að taka lán allt að 4 millj. kr. til byggingar fiskeldisstöðvar.
g. Að kaupa hluta úr jörðinni Kollafirði eða jörðina alla, eftir því sem um semst, eða aðra jörð, sem henta þykir til að byggja þar fiskeldisstöð. Enn fremur að taka á leigu eða kaupa eftir því sem um semst, rétt til að nota allt það vatn, sem slík stöð þarfnast.

Sþ. 163. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961 og brtt. á þskj. 162.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, GH).

1. Við 10. gr. I. 2. j. (Efnahagsmálaráðuneytið).
Liðurinn fellur niður.
2. — 10. — I. 2. n. (Annar kostnaður ráðuneytanna).
Fyrir „2 950 000“ kemur 2 450 000
3. — 10. — II. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn).
Liðurinn fellur niður.
4. — 10. — II. 1. Nýr liður:
Sendiráð á Norðurlöndum 2 904 665

5.	Við	10. gr.	II. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi). Liðurinn fellur niður.		
6.	—	10. —	II. 5. Liðurinn orðist svo: Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC		2 334 412
7.	—	10. —	II. 6. (Sendiráðið í Osló). Liðurinn fellur niður.		
8.	—	10. —	II. 12 og 13. Í stað liðanna kemur einn liður: Kostnaður vegna samninga við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins.		2 260 000
9.	—	11. —	A. 10. d. (Vinnuhæli að Kvíabryggju). Liðurinn fellur niður.		
10.	—	11. —	A. 20. Liðurinn orðist svo: Bifreiðaeftirlit ríkisins: a. Laun b. Annar kostnaður c. Kostnaður við eftirlit á vegum	1 185 015 1 300 000 275 696	2 760 711
			÷ Tekjur		2 760 711
11.	—	11. —	A. 21. (Kostnaður við eftirlit á vegum). Liðurinn fellur niður.		
12.	—	13. —	B. I. (Skipaútgerð ríkisins). Fyrir „10 000 000“ kemur		13 300 000
13.	—	14. —	A. II. a. (Til styrktar íslenzkum námsmönnum). Fyrir „6 595 000“ kemur		7 350 000
14.	—	brt. 162, 69	(Við 16. gr. A. 6. a. — Jarðræktarvélar). Fyrir „1 000 000“ kemur		2 300 000
15.	—	16. gr.	A. 7. Nýr liður: Til ráðgefandi nefndar um húsabyggingar í sveitum, samkv. lögum nr. 48/1957		200 000
16.	—	16. —	A. 11. (Tilraunaráð búfjárræktar). Fyrir „250 000“ kemur		350 000
17.	—	16. —	B. 8. (Leit nýrra fiskimiða). Fyrir „1 760 000“ kemur		2 760 000
18.	—	16. —	B. 10. (Síldarleit og fiskrannsóknir). Fyrir „2 200 000“ kemur		3 200 000
19.	—	16. —	E. I. 1. b. (Iðnlánadeild). Nýr liður: Til byggingarannsókna		200 000
20.	—	16. —	E. I. 3. b. (Búnaðardeild, annar kostnaður). Fyrir „700 000“ kemur		900 000
21.	—	16. —	E. I. 3. f. 3. (Fjárræktarbúið á Hesti, annar kostnaður). Fyrir „185 000“ kemur		285 000
22.	—	19. —	4. (Fyrningar). Liðurinn fellur niður.		
23.	—	19. —	5. (Óviss útgjöld). Fyrir „6 500 000“ kemur		3 500 000
24.	—	20. —	Út. IV. (Byggingar á jörðum ríkisins). Fyrir „1 800 000“ kemur		2 300 000
25.	—	20. —	Út. XXI. (Til atvinnu- og framleiðsluaukningar). Fyrir „14 000 000“ kemur		19 000 000
26.	—	20. —	Út. XXIX. (Endurnýjun á bifreiðum ríkisstofnana). Liðurinn fellur niður.		

Sþ. **164. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).

1.	Við 10. gr.	II. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn). Liðurinn fellur niður.		
2.	— 10. —	II. 1. Nýr liður: Sendiráð á Norðurlöndum	.....	1 880 200
3.	— 10. —	II. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi). Liðurinn fellur niður.		
4.	— 10. —	II. 6. (Sendiráðið í Osló). Liðurinn fellur niður.		
5.	— 10. —	III. 8. (Tillag til Atlantshafsbandalagsins). Liðurinn fellur niður.		
6.	— 10. —	III. 9. (Skrifstofubygging Atlantshafsbandalagsins). Liðurinn fellur niður.		
7.	— 11. —	A. 9. b. Liðurinn orðist svo: Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	.....	2 051 746
8.	— 11. —	A. 10. d. (Vinnuhæli að Kvíabryggju). Liðurinn fellur niður.		
9.	— 13. —	A. II. c. (Endurbygging þjóðvega). Fyrir „800 000“ kemur	.....	1 600 000
10.	— 13. —	A. III. (Brúargerðir). Fyrir „11 280 000“ kemur	.....	13 000 000
11.	— 13. —	A. IV. (Endurbygging brúa). Fyrir „1 450 000“ kemur	.....	2 000 000
12.	— 13. —	A. VI. 2. (Kaup á vegavinnuvélum). Fyrir „1 450 000“ kemur	.....	3 000 000
13.	— 13. —	A. X. (Steyptir og malbikaðir vegir í kaupstöðum). Fyrir „95 000“ kemur	.....	1 000 000
14.	— 13. —	C. VIII. (Hafnarmannvirki og lendingarbætur). Fyrir „13 405 000“ kemur	.....	15 500 000
15.	— 14. —	A. XXXV. Nýr liður: Til greiðslu álags á yfirvinnu kennara	.....	200 000
16.	— 16. —	A. 28. (Mjólkurbú og smjörsamlög). Fyrir „95 000“ kemur	.....	2 000 000
17.	— 16. —	B. 8. (Leit nýrra fiskimiða). Fyrir „1 760 000“ kemur	.....	3 500 000
18.	— 16. —	B. 9. (Nýjar síldveiðiaðferðir). Fyrir „2 090 000“ kemur	.....	4 000 000
19.	— 17. —	III. 7. (Orlofsheimili verkalýðssamtakanna). Fyrir „475 000“ kemur	.....	1 000 000
20.	— 19. —	5. Nýr liður: ÷ 10% lækkun að meðaltali á öllum liðum 10. og 11. gr. fjárlaga (stjórnarráðsins, utanríkisþjónustunnar, dómgæzlu, lögreglustjórnar, tolla- og skattastofnana), að 19. lið 11. gr. A. (landhelgisgæzlu) þó undanskildum		11 237 525
21.	— 20. —	Út. IX. (Flugvallagerð). Fyrir „8 720 000“ kemur	.....	11 000 000

Nd. 165. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um fræðslumyndasafn ríkisins.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það ýtarlega við fræðslumálastjóra og núverandi forstöðumann safnsins. Telur nefndin mikla þörf á að efla þessa starfsemi og koma henni á fastan grundvöll, enda er notkun kvikmynda og kyrrmynda vaxandi við kennslu í skólum og hvers konar fræðslustarf utan skóla, en auk þess verulegur liður í félagslífi þjóðarinnar. Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu til safnsins á fjárlögum, eigi lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Verði fjárveitingin nálægt því lágmarki, hlýtur fjárhagur fræðslumyndasafnsins að verða mjög þröngur. Af þessum sökum vill meiri hl. nefndarinnar benda á leið til nokkurrar fjáröflunar og flytur því svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein:

Heimilt er menntamálaráðherra að ákveða gjald fyrir lán eða leigu á mjókvikmyndum (16 eða 8 mm). Skulu stofnanir eða einstaklingar, sem að staðaldri lána eða leigja slíkar kvikmyndir, innheimta gjaldið, en það rennur til fræðslumyndasafns ríkisins.

Alþingi, 29. nóv. 1960.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Davíð Ólafsson, fundaskr. Alfreð Gíslason.

Björn Fr. Björnsson.

Nd. 166. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um fræðslumyndasafn ríkisins.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin mælir öll með samþykkt frumvarpsins, en meiri hluti nefndarinnar flytur breytingartillögu um heimild til menntamálaráðherra að ákveða gjald fyrir lán eða leigu á mjófilmum. Þar sem hér er að mestu um að ræða fræðslumyndir, sem ég tel óeðlilegt að skattleggja, legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Breytingartillaga meiri hl. nefndarinnar virðist miðast við, að fjárveiting til fræðslumyndasafnsins sé nálægt því lágmarki, sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir, en ég tel óhjákvæmilegt, að hún sé allnokkru hærri.

Alþingi, 2. des. 1960.

Geir Gunnarsson.

Ed. 167. Breytingartillaga [85. mál]

við frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni og Karli Kristjánssyni.

Við 3. gr. Fyrri málsgr. orðast svo:
Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, og er hann formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands, forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Nd. 168. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 32 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Flm. Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Þá skulu þeir einnig njóta sömu áhættuþóknunar og löggæzlumenn í landi, og greiðist hún eftir sömu reglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú um nokkurt árabil hafa löggæzlumenn í landi notið sérstakrar viðurkenningar á hættum, sem starfi þeirra eru samfara umfram aðra starfsmenn hins opinbera. Þessi viðurkenning hefur verið fólgin í áhættuþóknun, sem þeir hafa fengið greidda mánaðarlega.

Einn hópur íslenzkra löggæzlumanna hefur þó verið án þessarar viðurkenningar, þeir, sem halda uppi löggæzlu í landhelgi okkar og fiskveiðilögsögu, en það eru starfsmenn á varðskipum ríkisins, bæði þeir, sem eru löggæzlumenn samkvæmt skilgreiningu núgildandi laga, og aðrir skipverjar á þeim.

Enginn mun draga í efa, að skipverjar varðskipanna búi við sízt minni hættur í starfi sínu en þeir, sem í landi vinna slík störf, og mætti í því sambandi minna á margt.

Fyrst og fremst má minna á stöðuga baráttu við óblíð náttúruöfl, jafnvel fram yfir aðra sjómenn okkar, og kemur það berast í ljós, er önnur skip leita hafnar eða vars vegna veðurs, en þá verða varðskipin að vera viðbúin og halda til aðstoðar við skip, sem eru hjálparþurfi, ef óskað er.

Þýðing varðskipa okkar sem björgunarskipa hefur ekki verið sú minnsta í starfi þeirra, og þeir eru orðnir margir, íslenzku fiskimennirnir, sem eiga starfsmönnum landhelgisgæzlunnar líf sitt að launa.

Í sambandi við sjálft löggæzlustarfið má benda á hinar sífelldu hættur, er vofa yfir, þegar farið er á milli skipa í litlum bátum í misjöfnum veðrum, auk þess að þurfa að dveljast dögum saman í erlendum skipum meðal fjandsamlegra útlendinga.

Margt mætti segja frá þessu starfi, frá mannraunum og lífshættu, er þessir sjómenn hafa lent í vegna starfs síns, frá hótunum um ofbeldi, mannránum og jafnvel manndrápum, sem átt hafa sér stað í sambandi við gæzlu landhelginnar.

Sjómenn landhelgisgæzlunnar verða að vera búnir alhliða sjómannshæfileikum, því að þeir verða auk framangreindra starfa að kunna til margs konar fiskveiða vegna hinnar síauknu þátttöku varðskipanna í fiskileit og fiskirannsóknum í samstarfi við fiskifræðinga okkar.

Skv. lögum nr. 32 9. jan. 1935 eru skipverjar á varðskipum ríkisins bundnir kaupi sjómanna á verzlunarskipum í strandsiglingu og mega ekki taka þátt í neins konar kaupdeilu.

Þegar þannig stendur á, er hætta á, að þegar tímar líða, skapist misræmi milli þessa starfshóps og þeirra ólíku starfshópa, sem móta kröfurnar hverju sinni, og einnig annarra starfsmanna hins opinbera, þannig að skipverjar varðskipanna fá á sig flestar skyldur opinberra starfsmanna, en lítið af réttindum þeirra.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er ætlunin að setja starfsmenn landhelgisgæzlunnar að sama borði og aðra löggæzlumenn, er áhættusöm störf stunda og fá greidda áhættuþóknun fyrir.

Sþ. 169. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um að reisa verksmiðju til niðurlagningar eða niðursuðu síldar á Siglufirði.

Flm.: Björn Pálsson, Skúli Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson, Einar Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson, Jón Þorsteinsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við bæjarstjórn Siglufjarðar að hefja undirbúning nú þegar að niðurlagningu eða niðursuðu síldar á Siglufirði eftir því, hvort hagkvæmara reynist að athuguðu máli.

Greinargerð.

Mikill hluti af fiskafla Íslendinga er síld. Nokkur hluti er seldur sem saltsíld fyrir viðunanlegt verð, en mestur hlutinn fer í bræðslu. Verð á mjöli og lýsi er óhagstætt, eins og stendur, og engin vissa fyrir, að um verulega hækkun verði að ræða í næstu framtíð. Hæpið er, að það svari kostnaði að veiða síld í bræðslu með því verðlagi, sem nú er. Það má því öllum ljóst vera, að nauðsyn ber til að leita að leiðum til að draga úr því síldarmagni, sem fer í bræðslu, með því að auka fjölbreytni í síldarframleiðslu og reyna á þann hátt að gera hráefnið sem verðmest.

Árið 1946 voru samþykkt lög þess efnis, að ríkisstjórninni væri heimilt að taka 3 milljón króna lán til að reisa verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu eða niðurlagningar síldar. Úr framkvæmdum hefur ekki orðið. Vafamál er, hvort rétt er, að ríkissjóður eigi og reki slíka verksmiðju, þótt nauðsyn beri til, að ríkisvaldið hefjist handa um undirbúning málsins í samráði við bæjarstjórn Siglufjarðar.

Nokkur tími hlýtur að fara í að undirbúa þessar framkvæmdir. Okkur vantar menn, sem hafa tæknilega kunnáttu í síldariðnaði. Þarf því að senda menn til annarra landa til að læra eða fá kunnáttumenn frá öðrum löndum. Enn fremur þarf að kynna sér sölumöguleika, undirbúa byggingarframkvæmdir á niðurlagningar- eða niðursuðuverksmiðju og ef til vill dósaverksmiðju. Þetta verður tæpast gert nema með stuðningi og atbeina ríkisstjórnarinnar við útvegun lána, fjárframlögum til tæknimenntunar og markaðsleitar. Hins vegar gæti verið til athugunar, hvort ekki væri ráðlegt, að þeir einstaklingar, sem öfluðu sér tæknimenntunar og kynntu sér markaðsmöguleika, ættu hlut í fyrirtækinu. Enn fremur gæti verið skynsamlegt, að Siglufjarðarbær væri eignaraðili að einhverju leyti, því að fyrirgreiðsla bæjarstjórnarinnar mundi á margan hátt vera mikils virði.

Hagkvæmara mun að reisa verksmiðjuna á Siglufriði en annars staðar á landinu. Þar eru möguleikar til hráefnisöflunar góðir, mikil þörf fyrir aukna atvinnu vissa tíma ársins og því ekki ástæða til að ætla, að skortur verði á verkafólki, þótt um vaxandi iðnað væri að ræða.

Líklegt er, að bezt sé að framleiða ekki mjög mikið magn í byrjun, því að tæknilega kunnáttu vantar og afla þarf markaða. Þess þarf þó að gæta, þegar verksmiðjan væri reist, að auðvelt væri að stækka hana, þegar skilyrði sköpuðust fyrir aukinni framleiðslu. Það er ekki aðalatriði að taka stórt stökk í byrjun, heldur að hefjast þegar handa.

Sþ. 170. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	2. gr.	3. (Verðtollur). Fyrir „343 600 000“ kemur	353 000 000
2.	—	2. —	11. a. (Söluskattur af innfluttum vörum). Fyrir „148 000 000“ kemur	156 500 000
3.	—	2. —	12. (Innflutningsgjald). Fyrir „125 000 000“ kemur	135 000 000
4.	—	2. —	13. (Leyfisgjöld). Fyrir „31 000 000“ kemur	34 000 000
5.	—	5. —	(Óvissar tekjur). Fyrir „20 000 000“ kemur	24 900 000

Sþ. 171. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frumvarpsins. Allar tillögur um breytingar á gjaldabálki frv. eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega, en fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins lýstu sig andvíga breytingartillögunum við tekjuáætlun frv., og varðandi einstaka liði í hinum sameiginlegu tillögum nefndarinnar áskildu þessir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Fjárlagafrv. var vísað til nefndarinnar 26. okt., en strax 19. okt. hóf nefndin athugun á frv. og hefur haldið 28 fundi um málið, auk margvíslegra athugana utan funda, tekið til meðferðar á fjórða hundrað erindi frá ráðuneytum, ríkisstofnunum, félögum og einstaklingum og rætt við forstöðumenn allra helztu ríkisstofnana. Var lagt kapp á að hraða athugun málsins svo, að fjárlög gætu orðið endanlega afgreidd fyrir áramót.

Með stöðvun verðbólguþróunarinnar skapast ný viðhorf við afgreiðslu fjárlaga. Jafnvægi í viðskiptum við útlönd takmarkar óhjákvæmilega innflutninginn og þar af leiðandi tolltekjur ríkissjóðs, og stöðvun víxlhækkana kaupgjalds og verðlags stöðvar hina óeðlilegu aukningu ríkistekna, sem verið hefur mörg undanfarin ár. Vegna þessa jafnvægis í efnahagsmálum, sem nú er að verða, er aukningu ríkisútgjalda mjög þröngur stakkur skorinn án nýrra skatta, ef afgreiða á fjárlög greiðsluhallalaus.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 benti meiri hluti fjárveitinganefndar á það í nefndaráliti sínu, að þar sem með efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar væri stefnt að fjármálalegu jafnvægi í þjóðfélaginu, bæri brýna nauðsyn til þess að taka alla þætti ríkisútgjalda til gaumgæfilegrar athugunar og gæta þess vandlega, að útþensla í ríkisútgjöldum leiddi ekki til verðbólgu. Væri það því skoðun meiri hl. n., að við undirbúning næstu fjárlaga yrði að framkvæma slíka heildarathugun ríkisútgjalda og gera allar tiltækilegar ráðstafanir til sparnaðar.

Líklegt má telja, að útgjöld ríkissjóðs 1961 hækki um 85—90 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1960. Í því sambandi ber þess að gæta, að um 55 millj. af þeirri hækkun stafa af efnahagsaðgerðunum á þessu ári. Er meginhluti þeirrar fjárhæðar hækkun fjölskyldubóta og annarra bóta almannatrygginga, sem gilda allt árið 1961. Þegar þessi hækkun er frá skilin, þá er útgjaldahækkunin aðeins um 2% af heildarupphæð fjárlaga 1960, og ætti sú hækkun örugglega að vera innan þeirra marka, er fá staðizt, þegar jafnvægi er í efnahagskerfinu.

Vegna minnkandi innflutnings, einkum hátollavara, er sýnt, að eigi þess að vera nokkur von, að ríkisbúskapurinn verði hallalaus á næsta ári, er ekki auðið að skerða núverandi tekjustofna ríkissjóðs.

Nefndinni er það ljóst, að sökum fjárskorts er ekki auðið að sinna sem skyldi margvíslegum nauðsynlegum umbótamálum. En svo að þess væri nokkur kostur að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, sem er óhjákvæmilegur þáttur hinnar efnahagslegu viðreisnar, hefur t. d. ekki verið auðið að hækka framlög til svokallaðra verklegra framkvæmda, sem þó væri vissulega mikil nauðsyn.

Fjárlagafrv. nú ber þess ótvíræð merki, að lögð hefur verið áherzla á að draga eftir föngum úr ýmsum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og spyrna fæti við allri útþenslu í ríkiskerfinu. Hefur nefndin í tillögum sínum fylgt sömu stefnu.

Fjármálaráðherra skýrði frá því í framsöguræðu sinni með fjárlagafrumv., að unnið hefði verið á þessu ári að margvíslegum athugunum á ýmsum þáttum ríkiskerfisins til þess að reyna með skipulagsbreytingum og aukinni hagkvæmni í vinnubrögðum að spara útgjöld ríkissjóðs. Meiri hluti n. telur hér stefnt í rétta átt og væntir þess, að ekkert tækifæri verði látið ónotað til þess að draga úr rekstrarútgjöldum ríkissjóðs.

Meiri hl. n. gerir ekki neinar ákveðnar tillögur um niðurskurð útgjalda ríkissjóðs umfram þær lækkanir, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, enda hefur reynslan ætíð sýnt, að niðurskurður útgjalda er óraunhæfur, nema samtímis séu gerðar nauðsynlegar skipulagsbreytingar, og slíkum breytingum verður sjaldnast við komið án rækilegra athugana og undirbúnings. Meiri hl. nefndarinnar telur því rétt að benda á nokkur atriði, sem ætti nú þegar að taka til athugunar eða hraða athugun á, þannig að niðurstöður gætu legið fyrir við undirbúning næstu fjárlaga. Er hér auðvitað ekki um neina tæmandi upptalningu að ræða, en meiri hl. n. beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún m. a. láti rannsaka, hvort ekki sé hægt að gera eftirtaldar ráðstafanir til þess að draga úr ríkisútgjöldum:

1. Að fækka enn sendiráðum Íslands erlendis, t. d. leggja niður tvö sendiráð á Norðurlöndum, og jafnvel lækka launagreiðslur til sendiherra og annarra starfsmanna sendiráðanna.

2. Að draga úr opinberum veizluhöldum. Reglur munu þegar hafa verið settar til að takmarka þessi útgjöld, en vert er að athuga, hvort eigi sé hægt að gæta enn meira hófs í því efni.

3. Að takmarka, svo sem auðið er, tölu sendimanna á alþjóðaráðstefnur og fjölda slíkra ferða, svo og tölu fulltrúa í viðskiptasendinefndum.

4. Að fækka löggæzlumönnum á Keflavíkurflugvelli.

5. Að fela seðlabankanum, ríkisendurskoðuninni eða öðrum hliðstæðum aðila án sérstaks endurgjalds eftirlit með sparisjóðum og opinberum sjóðum.

6. Að fækka bifreiðum ríkis og ríkisstofnana og reyna jafnframt að tryggja það, að bifreiðar þessar séu ekki notaðar til einkaþarfa viðkomandi starfsmanna.
7. Að leita, þar sem við verður komið, tilboða í verk, sem ríkið þarf að láta framkvæma.
8. Að sameina öryggiseftirlit og skipaskoðun ríkisins.
9. Að athuga skipulag tollgæzlu utan Reykjavíkur og hvort eigi muni hagkvæmt að sameina meir en nú er gert tollgæzlu og löggæzlu.
10. Að fela iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans matvæla- og mjólkureftirlit.
11. Að auka og bæta vélakost framkvæmdastofnana ríkisins.
12. Að leita úrræða til að auka eða að minnsta kosti að tryggja tekjur Keflavíkurflugvallar, eða að öðrum kosti að draga úr rekstrarkostnaði flugvallarins.
13. Að athuga, hvort eigi sé hagkvæmt að sameina bifreiðaeftirlitið lögreglunni á hverjum stað.
14. Að endurskoða lög um skipun prestakalla með stækkun þeirra fyrir augum.
15. Að draga úr framlögum til ýmissa sérþinga, sem ríkissjóður er látinn bera allan kostnað af.
16. Að selja allar ríkisjarðir, sem ekki eru embættisbústaðir eða nauðsynlegar ríkinu vegna annarrar starfsemi þess.
17. Að koma á betra eftirliti með undirbúningi og framkvæmd skólabygginga og taka að öðru leyti til rækilegrar athugunar, hvort eigi sé auðið að draga úr útgjöldum við fræðslukerfið í heild.
18. Að endurskoða gildandi ákvæði um embættisbústaði og athuga í því sambandi m. a., hvort eigi sé hægt að komast af án sérstakra embættisbústaða í stærstu kaupstöðum landsins.
19. Að athuga, hvort eigi sé auðið að fella niður ýmsa styrki í 14. gr. B. fjárlaga.
20. Að athuga, hvort eigi sé auðið að fækka tilraunastöðvum í landbúnaði og samræma starfsemi þeirra.
21. Að sameina skógrækt og sandgræðslu.
22. Að breyta lögum um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna á þann hátt, að hægt sé að losna við sérstök eftirlaunaframlög í fjárlögum.
23. Að gera um það áætlun, hvernig losna megi í áföngum við hin miklu útgjöld ríkissjóðs til niðurgreiðslna á vöruverði.

Liðum þessum er ekki raðað eftir mikilvægi þeirra, heldur eftir röð viðkomandi mála í fjárlögum. Ekki eru heldur talin þau atriði, sem fjármálaráðherra hefur skýrt frá, að þegar væru komin í framkvæmd eða vænta mætti ákveðinna tillagna um alveg á næstunni.

Hér á eftir verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við fjárlagafrumv.

Um 3. gr.

Felld höfðu verið niður í fjárlagafrumv. framlög til fyrningarsjóðs pósts og síma. Sjóðurinn hefur staðið straum af kostnaði við ýmsar óhjákvæmilegar framkvæmdir stofnunarinnar og því ógerlegt að fella niður framlög til hans. Á móti eru afnotagjöld hækkuð um 500 þús. kr. vegna fjölgunar notenda og tveir útgjaldaliðir lækkaðir um 750 þús. kr., svo að breytingin veldur engri hækkun á niðurstöðutölum.

Um 10. gr.

Sendiráðið í Kaupmannahöfn og aðalræðismannsskrifstofan í New York hækka um samtals 56 þús. kr. vegna vanáætlunar á öðrum kostnaði.

Sendiráðið í Stokkhólmi hækkar um rúmar 104 þús. kr. Laun sendiráðsritara voru við það miðuð, að hann væri ókvæntur, en fjölskyldumaður tekur nú við þessu starfi. Á móti þessari hækkun kemur, að laun við sendiráðið í París lækka

um rúmar 132 þús. kr., þar eð hinn fyrri sendiráðsritari í Stokkhólmi verður nú fluttur þangað. Annar kostnaður við sendiráðið í París hækkar um 63 þús. vegna vanáætlunar.

Í frumv. er gert ráð fyrir að fækka um einn sendiráðsritara í London. Utanríkisráðuneytið telur að sinni ekki auðið að finna annað starf fyrir mann þennan og því ekki öruggt, að breytingin geti komið til framkvæmda á næsta ári. Samkvæmt ósk ráðuneytisins eru því aftur tekin inn laun sendiráðsritara, en nefndin leggur áherzlu á, að fækkað verði um sendiráðsritara í London, strax og auðið er.

Keypt voru á þessu ári húsgögn í sendiherrabústaðinn í Washington. Er óhjákvæmilegt að hækka annan kostnað við sendiráðið um 472 þús. kr. af þessum sökum.

Samkvæmt nýrri fjárhagsáætlun Sameinuðu þjóðanna er gert ráð fyrir 4 millj. dollara hærri útgjöldum stofnunarinnar á næsta ári en í ár. Hlutur Íslands er 0.04%. Má því gera ráð fyrir, að framlag Íslands hækki um 40 þús. kr.

Lagt er til að veita jafnvirði 2 þús. franskra franka sem stofnframlag til menningarsjóðs Evrópuráðsins. Hér er um að ræða smávægilega greiðslu í eitt skipti fyrir öll, en Ísland hefur þegar haft allmikið gagn af starfsemi Evrópuráðsins á þessu sviði, m. a. vegna þátttöku í námskeiðum í ýmsum greinum, sem Evrópuráðið hefur kostað, og loks hefur Evrópuráðið lagt fram myndarlega fjárhæð til þess að kosta útgáfu íslenzkra smásagna á ensku.

Um 11. gr.

Skrifstofur borgarfógetans í Reykjavík hafa af mikilli nauðsyn verið fluttar í önnur húsakynni. Kostnaður við þessa breytingu er um 80 þús. kr., og er lagt til, að fjárveiting til embættisins hækki í þetta sinn um þá upphæð.

Lagt er til, að framlag til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð hækki um 70 þús. kr., en til Vestmannaeyja safnast á vertíð meiri fjöldi aðkomufólks en í nokkra aðra verstöð á landinu, og hefur kostnaður bæjarins við löggæzlu þessa verið tilfinnanlegur.

Um 12. gr.

Vegna hækkunar á launum námskandídata fyrir vaktavinnu og næturálags á vinnu hjúkrunarnema er óumflýjanlegt að hækka launalið landsspítalans um 164 þús. kr. og fæðingardeildar um 64900 kr.

Áður hefur verið veitt fé til kaupa á röntgenvélum og tilheyrandi tækjum fyrir Vífilsstaðahæli. Keypt hafa verið tæki af fullkomnari gerð en upphaflega var gert ráð fyrir. Vantar því enn 400 þús. kr. til kaupa á röntgentækjunum og framköllunartæki, og er lagt til, að sú upphæð verði veitt.

Vangoldin framlög ríkissjóðs til heilbrigðisstofnana í Reykjavík munu nú nema um 10 millj. kr. og til sjúkrahúsabygginga annars staðar á landinu um 5 millj. kr. Hafa þessar upphæðir farið hækkandi, enda mjög lítil hækkun orðið á framlögum ríkissjóðs til þessara framkvæmda undanfarin ár. Lagt er til að hækka fjárveitingu til sjúkrahúsabygginga og heilbrigðisstofnana í Reykjavík um 1. millj. kr. og sameina þessa tvo liði í frumv., þar eð ástæðulaust er að halda þeim aðgreindum.

Í fjárlögum 1960 voru veittar 100 þús. kr. til Náttúrulækningafélags Íslands vegna byggingar heilsuhælis félagsins í Hveragerði. Hæli þetta er viðurkennt af heilbrigðisstjórninni. Er lagt til, að veitt verði sama upphæð til hælisbyggingarinnar á næsta ári.

Um 13. gr.

Lagt er til að veita 4.3 millj. kr. vegna vegagerðar á Mýrdalssandi. Í fjárlögum yfirstandandi árs var ríkisstjórninni heimilað að verja allt að 6 millj. kr. til þessara framkvæmda. Var fjárveitingin höfð í heimildarformi, þar eð óvíst var,

hvort í verkið yrði ráðizt í sumar eða beðið til næsta sumars. Viðgerðin á veginum yfir Mýrdalssand var framkvæmd í sumar og kostaði um 4.3 millj. kr. Er lagt til, að sú upphæð verði veitt í fjárlögum ársins 1961, þar eð ekki eru líkur til, að neitt fé verði afgangs á þessu ári til að mæta slíkri umframgreiðslu.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til fjallvega um 75 þús. kr.

Fjárveiting til hafnargerða hækkar um 95 þús. kr. frá þessa árs fjárlögum. Lagt er til að hækka framlag til hafnabótasjóðs um 1.5 millj. kr. vegna Akraneshafnar, en sú höfn varð fyrir þungu áfalli vegna gengisbreytingarinnar. Var sama aukafjárveiting veitt til Akraneshafnar á þessu ári. Vangoldið framlag ríkissjóðs til Akraneshafnar skiptir enn milljónum króna, þannig að hér er aðeins um það að ræða að hraða greiðslu á lögboðnu framlagi ríkissjóðs.

Olíukynding hefur verið sett í dýpkunarskipið Gretti, sem var mikil nauðsyn og mun lækka verulega rekstrarkostnað skipsins. Þessi framkvæmd kostaði um 800 þús. kr. Lagt er til að skipta þessari upphæð á þrjú ár og veita 250 þús. kr. nú.

Lagt er til að hækka um 50 þús. kr. styrki til námsmanna í flugi og starfsemi áhugamanna.

Við endurskoðun á áætlunum um kostnað við alþjóðaflugþjónustuna hefur komið í ljós, að kostnaður er vanáætlaður um rúmar 2.6 millj. kr. Hluti Íslands af þeirri upphæð er 438866 kr. Þá verður að hækka framlag til veðurþjónustu á Grænlandi um 666 þús. kr. Hækkanir þessar stafa bæði af sæsímaleigum og hækkaðri hlutfallstölu Íslands í millilandaflugi.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til Ferðaskrifstofu ríkisins um 200 þús. kr. vegna aðildar ferðaskrifstofunnar að landkynningarskrifstofum hinna Norðurlandanna í Mið- og Suður-Evrópu. Er gert ráð fyrir, að Ísland greiði 5% af þessum kostnaði. Ályktun um mál þetta var gerð á fundi Norðurlandaráðs í Reykjavík í sumar.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til stýrimannaskólans um 32 þús. kr. vegna vanáætlunar. Hækkunin er færð á annan kostnað, en á í framkvæmd að deilast á fleiri liði.

Um 14. gr. A.

Vegna fjölgunar nemenda í tannlækningum og aukins kostnaðar er óumflýjanlegt að hækka framlag til tannlækninga við háskólann um 115 þús. kr. Árið 1961 á Háskóli Íslands fimmtugsafmæli, og er lagt til að veita 150 þús. kr. til að minnast þessa merkisatburðar.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til stundakennslu við menntaskólann í Reykjavík um 80 þús. kr. og viðhald um 50 þús. kr. Er hér aðeins um leiðréttingar að ræða.

Hækka þarf fjárveitingu til stundakennslu við menntaskólann á Laugarvatni um 30 þús. kr. vegna vanáætlunar.

Skólameistari menntaskólans á Akureyri flytur nú úr íbúð sinni í skólahúsinu. Er ætlunin að nota það húsrými fyrir kennslustofur og til stækkunar á kennarastofu, en á hvoru tveggja er mikil þörf. Lagt er til að hækka fjárveitingu til viðhalds um 95 þús. kr. af þessum sökum.

Fjárveitingar í frv. til byggingar barnaskóla og gagnfræðaskóla eru miðaðar við þau framlög, sem að lögum þarf að greiða til þeirra skóla, sem eru í smíðum. Ríkissjóður hefur tekið á sig þungar kvaðir í þessu efni, sem ósýnt er, hverjum útgjöldum valda næstu árin. Taldi nefndin rétt að gæta í þetta sinn mikils hófs um samþykkt nýrra skóla, en álítur mjög nauðsynlegt, að menntamálaráðuneytið láti athuga fyrir afgreiðslu næstu fjárlaga, hvaða nýja skóla óhjákvæmilegt muni verða að byggja næstu 4—5 árin. Lagt er til að veita í nýja barnaskóla 900 þús. kr., en ekkert í nýja gagnfræðaskóla.

Lagt er til að hækka framlag til viðhalds Núpsskóla um 50 þús. kr.

Talið er nauðsynlegt að auka námskeið fyrir kennara barnaskólastigsins, og er lagt til að hækka þá fjárveitingu um 13 þús. kr.

Um 14. gr. B.

Talið er mikilvægt að hafa þjóðminjasafnið lengur opið á sumrin en nú er vegna mikillar aðsóknar erlendra ferðamanna. Er lagt til að veita 33 þús. kr. í þessu skyni.

Náttúruverndarráð hefur lagt á það mikla áherzlu að friða Grábrókargíg í Borgarfirði sem merkilegar og sérstæðar náttúrumenjar. Tekizt hefur að ná samningum við eiganda landsins um friðun þess gegn 250 þús. kr. bótum, er greiðist á fimm árum, en landeigandi hefur haft allmiklar tekjur af töku byggingarefnis á staðnum.

Lagt er til að hækka styrk til Náttúrufræðifélagsins um 5 þús. kr. vegna aukins tilkostnaðar við útgáfu ársrits félagsins.

Ýmis einstök hefti útgáfubóka Bókmenntafélagsins eru uppseld, og þessi vöntun er orðin tilfinnanleg. Lagt er til að hækka styrk til félagsins um 20 þús. í því skyni að ljósprenta bækur þessar.

Íslenzk læknastétt á um þessar mundir 200 ára afmæli. Enn vantar mikið á, að sögu heilbrigðismála á Íslandi hafi verið gerð viðhlítandi skil. Er lagt til að veita 25 þús. kr. til rannsókna á sögu og þróun íslenzkra heilbrigðismála eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra.

Leitað hefur verið til nefndarinnar eftir styrk til rannsókna á íslenzkum vefnaði og útgáfu bókar um það efni. Er lagt til að veita 20 þús. kr. í þessu skyni, en rétt þykir að fela þjóðminjaverði umsjá verksins.

Steindór Steindórsson náttúrufræðikennari við menntaskólann á Akureyri hefur boðið ríkinu til kaups handa skólanum mikið safn erlendra náttúrufræðirita. Er hér um vandað safn að ræða, sem skólanum er mikill fengur að eignast, og verðið hagstætt. Er lagt til að veita 30 þús. kr. til kaupa á safni þessu, og er það heildarverð safnsins.

Lagt er til að fella niður styrk, sem frv. gerir ráð fyrir til Vilmundar Jónssonar, fyrrv. landlæknis, samkvæmt eigin ósk hans.

Á næsta ári verður haldin listsýning í Reykjavík á vegum Norræna listabandalagsins. Eru sýningar þessar haldnar til skiptis á Norðurlöndunum. Er lagt til að veita 100 þús. kr. til þess að standast kostnað af sýningu þessari.

Lagt er til að veita fimm nýjum leikfélögum styrki, 8 þús. kr. hverju: Leikfélagi Suðureyrar, Leikfélagi Þingeyrar, Leikfélaginu Baldri á Hvolsvelli, Leikfélagi Hellissands og Ungmennafélaginu Dagsbrún í Hrútafirði.

Lagt er til að hækka styrk til tónlistarskóla Akraness um 10 þús. kr. og enn fremur að veita tónlistarskóla á Eyrarbakka 10 þús. kr. styrk.

Lagt er til að hækka styrk til Sambands ísl. lúðrasveita um 15 þús. kr.

Lagt er til að fella niður allmarga sérstyrki til tiltekinna minningarlunda og trjágarða. Hefur reynslan ótvírætt sýnt, að þessi tilhögun styrkveitinga er óheppileg, þar eð ekkert eftirlit er með ráðstöfun fjárins. Rétt þykir að styrkja áfram þessa starfsemi, og er lagt til að veita 60 þús. kr. til minningarlunda og trjágarða, en skógræktarstjóra jafnframt falin úthlutun fjárins og eftirlit með þeim stöðum, sem styrks njóta. Er ekki ætlunin, að neinn sá aðili, sem nú nýtur styrks, verði sviptur honum, nema framkvæmdum og hirðingum staðarins sé ábótavant.

Lagt er til að veita 70 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við gæzlu hinnar dýrmætu listaverkagjafar Ásgríms Jónssonar listmálara til íslenzka ríkisins.

Lagt er til, eftir tillögu menntamálaráðuneytisins, að veita söngvurunum Guðmundi Guðjónssyni og Sigurði Björnssyni 8 þús. kr. styrk hvorum til söngnáms. Í því sambandi vill nefndin beina þeim tilmælum til menntamálaráðuneytisins, að athugað verði við undirbúning næstu fjárlaga, hvort ekki muni framkvæmanlegt og heppilegt að taka út úr fjárlögum alla námsstyrki til tilgreindra manna, en veita heldur ákveðna upphæð í einu lagi til slíkra styrkja eftir ráðstöfun einhvers aðila, t. d. menntamálaráðs. Hefur nefndin á undanförnum árum gert nokkrar ráðstafanir í þá átt.

Um 16. gr.

Lagt er til að veita 1 millj. kr. til styrkveitinga vegna ræktunarvélakaupa ræktunarsambanda. Lagaskyldu um þetta efni var fullnægt með lokaframlagi 1958, og féllu þessi framlög niður árin 1959 og 1960. Gert er ráð fyrir, að landbúnaðarráðuneytið hlutist til um, að settar verði reglur um tilhögun á ráðstöfun þessa fjár.

Gert er ráð fyrir 10 þús. kr. fjárveitingu til afkvæmarannsóknastöðva sauðfjár, samkvæmt 32. gr. búfjárræktarlaga og greiðslu hálfra launa ráðunautar við Flóaáveituna og Framræslu- og áveitufélag Ölfusinga.

Fjárveiting til sjóvarnargarða hækkar um 100 þús. kr.

Ekki má dragast lengur að vinna að ýmsum brýnum verkefnum sandgræðslunnar, sem ekki hefur verið hægt að sinna sökum fjárskorts. Er lagt til, að fjárveiting til sandgræðslunnar hækki um 500 þús. kr.

Skaftá hefur undanfarin tvö ár brotið allmikið land af svokölluðum Stjórnarsandi, og er óhjákvæmileg fyrirhleðsla í ána til að hefta frekara landbrot. Lagt er til að veita til þessara framkvæmda 40 þús. kr. styrk gegn ⅛ hluta kostnaðar annars staðar að.

Lagt er til að veita Landssambandi hestamannafélaga 25 þús. kr. styrk til leiðbeininga um hestamennsku.

Í fjárlögum 1957 voru veittar 60 þús. kr. til hitaveitufram kvæmda við húsmæðraskólann að Löngumýri. Framkvæmdir þessar drógust, en láðist að geyma fjárveitinguna. Er lagt til að endurveita nú þessa upphæð, þar eð framkvæmdum þessum er að verða lokið.

Smávægileg hækkun er á árgjaldi til Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Vegna skakkra upplýsinga frá hlutatryggingasjóði hefur lögboðið framlag til sjóðsins verið vanáætlað um 4 millj. kr. Stafar þessi mikla hækkun af gengisbreytingunni.

Vegna lántöku síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs hjá hinni almennu deild sjóðsins, sbr. athugasemd við 22. gr., hækka vaxtagreiðslur af lánum síldveiðideildar um 350 þús. kr.

Um Hjalteyri og Krossanes sjá athugasemd við 22. gr.

Lagt er til að hækka framlag til byggingar iðnskóla í Reykjavík um 100 þús. kr. og 200 þús. kr. til byggingar iðnskóla á Akureyri.

Smávægileg hækkun verður á launalið fiskideildar atvinnudeildarinnar vegna hækkunar eins starfsmanns í launaflokki.

Í lögum um atvinnudeild Háskóla Íslands er svo ákveðið, að 20% gjald það af arði happdrættis háskólans, sem greiða á ríkissjóði sem einkaleyfisgjald, skuli renna til atvinnudeildarinnar. Mun ætlunin hafa verið sú, að fé þessu rynni til uppbyggingar atvinnudeildinni og rannsóknastarfseminni. Um nokkurra ára skeið hefur framlag þetta verið tekið í fjárlög til frádráttar fjárveitingum til atvinnudeildarinnar. Hafi tekjur af happdrættisfénu orðið meiri, mun mismunurinn hafa runnið beint í ríkissjóð. Rétt er að stefna að því að afnema þennan frádráttarlið í áföngum vegna framkvæmdaþarfar rannsóknastarfseminnar. Er lagt til, að frádráttaruppheðin lækki um 250 þús. kr. og verði 500 þús., og er þá jafnframt gengið út frá því, sem er lögum samkvæmt, að öllum tekjum af einkaleyfisgjaldinu umfram þá upphæð verði varið til þarfa atvinnudeildarinnar.

Athuganir á kísilgúr í Mývatni hafa gefið góðar vonir um, að þarna geti verið um mjög arðvænlegt fyrirtæki að ræða. Þykir rétt að leggja til að veita 100 þús. kr. til þess að ljúka þeim rannsóknum.

Í fjárlögum þessa árs er veitt nokkur fjárhæð til að styrkja merkilegar tækninýjungar. Er lagt til, að einnig á næsta ári verið varið nokkru fé, 125 þús. kr., í þessu skyni.

Um 17. gr.

Þar sem áformað er að lögfesta breytingar á lögum um Bjargráðasjóð Íslands, sem munu hækka verulega framlag ríkissjóðs, er lagt til að hækka þann lið um 540 þús. kr.

Mikið vantar á, að hægt hafi verið að veita þá aðstoð við vatnsveitur, sem lög gera ráð fyrir. Er lagt til að hækka þá fjárveitingu um 600 þús. kr.

Veittar hafa verið tvisvar 150 þús. kr. fjárveitingar til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum, en þar er við mikla örðugleika að stríða á þessu sviði og framkvæmdir til úrbóta hafa verið mjög kostnaðarsamar. Lagt er til að veita enn 150 þús. kr. til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum og verði það síðasta fjárveitingin.

Í Kelduhverfi hefur fjöldi bæja átt við tilfinnanlegan vatnsskort að stríða, því að þar hefur eingöngu orðið að notast við rigningarvatn. Þessi aðstaða hefur t. d. hindrað kúabúskap, þar eð ekki hefur verið hægt að koma við kælingu mjólkur. Í sumar hefur verið reynt að bæta úr þessum aldagamla ókosti þessara jarða og lagt í kostnaðarsamar boranir. Mun boranirnar og tilheyrandi dælur kosta hátt á sjötta hundrað þúsund. Lagt er til að veita 125 þús. kr. styrk til þessara framkvæmda.

Láðst hefur í frv. í áætlun um greiðslu með börnum erlendra manna að reikna með þeirri hækkun barnalífeyris, sem varð á þessu ári. Verður því að hækka þennan lið um 700 þús. kr.

Lagt er til að hækka styrk til almennra slysavarna um 250 þús. kr. vegna mjög aukins tilkostnaðar Slysavarnafélags Íslands.

Lagt er til að veita 75 þús. kr. styrk til Tryggva Helgasonar flugmanns til þess að halda uppi sjúkraflugi með aðsetri á Akureyri.

Um allmörg ár hefur flugbjörgunarsveitin í Reykjavík haft ríkisstyrk. Nú er lagt til, að flugbjörgunarsveitin á Akureyri fái 75 þús. kr. styrk til tækjakaupa. Sveit þessi hefur mjög komið við sögu við ýmis flugslys á undanförnum árum. Hefur hana þó skort nægilegan búnað, sem hún nú hefur fengið hjá sölunefnd varnarliðseigna, en brestur getu til að greiða nema að nokkru leyti.

Við undirbúning fjárlagafrv. voru felldir niður nokkrir byggingarstyrkir, þar eð umsóknir lágu ekki fyrir eða greinargerðir um byggingarnar. Þessir aðilar hafa allir sótt um að fá að njóta einnig nokkurs styrks á næsta ári, og að athuguðum öllum aðstæðum leggur nefndin til, að byggingarstyrkir verði veittir Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra á Akureyri, 75 þús. kr., Blindrafélaginu í Reykjavík 150 þús. kr., Barnaverndarfélagi Akureyrar 20 þús. kr., Sjómanna- og gestaheimili Siglufjarðar 75 þús. kr. og Kvenfélaginu Hlíf á Akureyri 20 þús. kr.

Um 19. gr.

Erfiðlega hefur gengið að fá sæmilega raunhæfar áætlanir um útgjöld ríkissjóðs á næsta ári vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Er lagt til að hækka þá fjárveitingu um 7 millj. kr., eða í 12 millj. kr. Verði um meiri útflutning að ræða, ætti það að leiða til minni útgjalda við niðurgreiðslu landbúnaðarvara innanlands.

Um 20. gr.

Brýn nauðsyn er að ljúka á næsta ári vissum áföngum við nýbyggingu landsspítalans og enn fremur ketilhúsi við Kleppsspítala. Er lagt til, að fjárveiting til byggingar ríkisspítalanna verði hækkuð um 2 millj. kr.

Húsakostur menntaskólans í Reykjavík er orðinn svo bágborinn, að ekki verður lengur skotið á frest að bæta úr honum. Nokkurt fé er geymt af fjárveitingum fyrri ára. Lagt er til að taka upp 1 millj. kr. fjárveitingu til bygginga fyrir skólann.

Vegna bruna skólahúsa á Eiðum verður að gera þar ýmsar úrbætur, svo að skólinn geti starfað. Lagt er til að veita 450 þús. til bygginga á Eiðum.

Vegna væntanlegrar löggjafar um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þar sem ákveðið er 1 millj. kr. árlegt framlag ríkissjóðs, er óhjákvæmilegt að taka þá fjárveitingu í fjárlög.

Lagt er til að veita 200 þús. kr. til þess að ljúka lögreglustöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli, sem verið hefur í smíðum að undanförnu.

Um 22. gr.

Lagt er til að heimila póst- og símamálastjórninni að selja nokkrar fasteignir, sem stofnunin hefur ekki lengur not af, og enn fremur að heimila ríkisstjórninni að selja nokkur perstsseturshús, sem ekki eru lengur notuð til þeirra þarfa.

Lagt er til að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast PL—480 vörukaupalán, og er það í samræmi við fyrri venju um þau lán.

Í fjárlög yfirstandandi árs er tekin upp fyrsta fjárveiting til þess að undirbúa stofnun eldisstöðvar fyrir lax og silung. Er hér um mjög mikið nauðsynjamál að ræða. Gert er ráð fyrir um 800 þús. kr. kostnaði við þessar framkvæmdir á næsta ári. Fjárveiting nú er hin sama og í þessa árs fjárlögum, enda eðlilegt, að slík stöð sé byggð fyrir lánsfé. Mikilvægt er, að framkvæmdir dragist ekki óeðlilega, og því þykir rétt að mæla með lánsheimild vegna byggingar eldisstöðvarinnar og enn fremur heimild til að tryggja stöðinni hentugan stað.

Vegna hins mikla aflabrests á síldveiðum s. l. sumar gat síldveiðideild hlutatryggingasjóðs ekki staðið undir greiðslu bóta af eigin fé, heldur varð að auki að fá 4 millj. kr. lán hjá hinni almennu deild sjóðsins. Er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að ábyrgjast lán þetta og enn fremur að ríkissjóður taki á sig vaxtagreiðslur af láninu. Er þetta í samræmi við hliðstæðar ráðstafanir áður.

Í fjárlögum yfirstandandi árs var ríkisstjórninni veitt heimild til þess að ábyrgjast fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri allt að 500 þús. kr. lán vegna leigu á skipum til síldarflutninga af fjarlægum síldarmiðum. Þessar tilraunir tókust mjög vel, þannig að fullsannað er, að auðvelt er að koma við slíkum flutningum. Hins vegar hvarf síldin, skömmu eftir að flutningarnir hófust, þannig að þessi tilraun varð verksmiðjunum þungur baggi, enda síldin, sem flutt var, keypt fullu verði. Sanngjarnt þykir að veita verksmiðjum þessum 500 þús. kr. styrk vegna þessarar tilraunar, sem getur haft mikla þýðingu, ef um mikla síldveiði er að ræða. Lagt er jafnframt til að veita verksmiðjunum aftur ríkisábyrgð, en með því fororði, að ekki getur aftur orðið um styrkveitingu að ræða í þessu sambandi.

Lagt er til að endurnýja ábyrgðarheimild fyrir skipasmíðastöðina Dröfn í Hafnarfirði, sem ekki hefur enn verið notuð, og enn fremur að veita Dráttarbraut Keflavíkur ríkisábyrgð fyrir allt að 3 millj. kr. láni vegna stækkunar og endurbyggingar á dráttarbraut. Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að nægilegar tryggingar séu settar, þannig að engin hætta sé á, að ábyrgðin falli á ríkissjóð.

Tekjur.

Þar sem ekki verður nú farið inn á þá braut að leggja á nýja skatta eða tolla, má útgjaldahækkun fjárlaga ekki verða meiri en svo, að núverandi tekjustofnar ríkissjóðs nægi til þess, að fjárlög verði greiðsluhallalaus.

Enn eru mörg atriði óljós í sambandi við áhrif efnahagsaðgerðanna á tekjur ríkissjóðs. Hefur við athugun á tekjuhorfum verið stuðzt við reynslu þessa árs til 1. nóv. og sennilegar horfur um innflutning síðustu tvo mánuði ársins. Á grundvelli þessara áætlana hefur verið reynt að gera sér hugmyndir um innflutning á næsta ári og þá einnig með hliðsjón af líklegum gjaldeyristekjum á því ári. Hefur efnahagsmálaráðuneytið gert um þetta ýtarlegar áætlanir, sem meiri hl. nefndarinnar hefur stuðzt við.

Meiri hl. n. er ljóst, að hann teflir á mjög tæpt vað í tekjuáætlun sinni, því að á ýmsum liðum eru tekjur áætlaðar hærri en greiðslujafnaðaráætlunin gerir ráð fyrir. Sýnist veruleg hætta á, að tekjuáætlunin fái ekki staðizt, nema innflutningur verði nokkru meiri en innflutningsáætlunin gerir ráð fyrir og tekjur af ríkisstofnunum verði drýgri en líkur benda nú til.

Tekjuáætlun meiri hl. n. er svo há, að ekkert er áætlað fyrir umframgreiðslum, og verður því að halda þeim mjög í skefjum, svo sem gert hefur verið á þessu ári.

Tillögur meiri hl. n. um hækkun tekjuliða eru þessar: Verðtollur hækki um 9.4 millj., söluskattur af innflutningi, 7.7%, hækki um 8.5 millj., ýmsar tekjur hækki um 4.9 millj., innflutningsgjald hækki um 10 millj. og leyfisgjöld um 3 millj. Verður þá hækkun tekjuáætlunarinnar alls 35.8 millj. kr.

Verði allar hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar samþykktar og enn fremur tillögur meiri hl. n. um tekjubálk frv., mun niðurstaða á sjóðsyfirliti verða þessi:

Hækkun gjalda	kr.	34387532
÷ Lækkun gjalda	—	202588
Hækkun gjalda alls	kr.	34184944
Hækkun tekna	kr.	35800000
+ Greiðsluafg. í frv.	—	816741
Tekjuauki alls	kr.	36616741

Niðurstöðutölur:

Inn	kr.	1588668000
Út	—	1586236203
Greiðsluafgangur	kr.	2431797

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni, auk endurskoðunar á 18. gr. frv., sem að venju bíður 3. umr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Alþingi, 2. des. 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðlaugur Gíslason.
Jón Árnason. Jónas G. Rafnar.

Sþ. 172. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Við afgreiðslu fjárlaga nú er fylgt sömu reglu sem fylgt hefur verið að undanförnu, að meiri hluti fjvn. gerir grein fyrir þeim tillögum, sem fluttar eru í umboði allrar nefndarinnar.

Aðild okkar fulltrúa Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd að tillögunum á þskj. 162 er með þeim hætti, að við höfum óbundnar hendur um fylgi við þær í heild og einnig við hverja einstaka þeirra, þótt við að sjálfsögðu fylgjum öðrum, enda sumar þeirra tillögur, sem við börðumst fyrir á síðasta þingi, svo sem framlag til kaupa á jarðræktarvélum, sem nú hefur verið tekið upp, þótt í litlu sé.

Sömu sögu er að segja um aukið fjárframlag til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða, til viðbótarhúsnæðis landsspítalans, til vatnsveitna og sandgræðslu. Allt eru þetta mál, sem við gerðum tilraun til að fá auknar fjárveitingar til við

síðustu fjárlagaafgreiðslu, en án árangurs þá. Við fögnum því, að þessi nauðsyn er nú viðurkennd.

Um fjárlagafrv. í heild viljum við hins vegar taka fram, að Framsóknarflokkurinn er andvígur þeirri eyðslustefnu, sem einkennir það. Framsóknarflokkurinn fylgir þeirri stefnu við afgreiðslu fjárlaga, að álögum sé stillt í hóf og stuðningur ríkisins við uppbyggingu í landinu og við atvinnuvegina sé sem mestur. Sú stefna er í andstöðu við þetta fjárlagafrv., eins og sýnt verður fram á. En áður en að fjárlagafrv. er vikið frekar, verður gerð nokkur grein fyrir þróun fjármála ríkissjóðs síðustu árin.

Framsóknarflokkurinn fór með fjármál ríkissjóðs frá árinu 1950 þar til í árslok 1958, er núverandi valdasamsteypa var mynduð. Þetta tímabil er eitt hið glæsilegasta í sögu þjóðarinnar. Af rekstrarútgjöldum fjárlaganna var 28.5% varið til uppbyggingar í landinu og til atvinnuveganna. Skuldir ríkissjóðs lækkuðu, og eignir jukust. Greiðsluafgangur var flest árin, og honum var einnig að verulegu leyti varið til uppbyggingarinnar. Þegar Framsóknarflokkurinn skilaði fjármálum ríkissjóðs í hendur núverandi stjórnarflokka, var um verulegan greiðsluafgang að ræða hjá ríkissjóði, sem varð þeim að miklu liði við fjárlagaafgreiðslu 1959.

Stjórnarsamsteypa Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hefur nú farið með völdin í landinu í tvö ár. Ástæða er til að athuga, hvernig til hefur tekizt með stjórn þeirra á fjármálum ríkissjóðs. Athygli skal vakin á því, að kaupgjald hefur á þessum tíma verið lækkað með lögum um 5.4%, svo að gjöld ríkissjóðs hafa af þessari ástæðu getað lækkað. Þá skal og á það bent, að kjaraskerðing er mun meiri en þetta, þar sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa þrengt kosti almennings svo mjög, að talið er, að kaupmáttur launa hafi lækkað úr 109, sem hann var í janúar 1959, í 86, eins og hann er nú, miðað við 100 árið 1945.

Þegar kjör alls almennings eru svo skert eins og hér hefur gerzt, er það krafa þjóðarinnar til valdhafanna, að þeir gæti fyllstu varfærni og sparsemi um meðferð ríkisfjár, svo að álögum á almenning sé í hóf stillt. Núverandi valdhafar höfðu í stjórnarandstöðu prédikað mikið um sparnað og hagsýni í ríkisrekstrinum og töldu, að ekki þyrfti nema „réttsýni og kjark" til að koma honum við. Þeir höfðu jafnvel tekið svo djúpt í árinni að segja, að það stefndi í fullkomið óefni, ef fjárlög hækkuðu ár frá ári.

Skal nú skoðað í ljósi staðreyndanna, hvernig til hefur tekizt með fjárstjórn ríkisins í þeirra höndum. Ef samanburður er gerður á fjárlagafrv. því, er hér liggur fyrir til 2. umræðu, og fjárlögum ársins 1958 að viðbættum niðurgreiðslum, er útflutningssjóður annaðist þá, en ríkissjóður nú, kemur í ljós, að hækkun fjárlaga á þessum tveimur árum nemur yfir 700 millj. kr. Á sama tíma hafa framlög til verklegra framkvæmda og til atvinnuveganna lækkað úr 28.5% í 18.6% af rekstrarútgjöldum fjárlaga. Það vekur ekki litla undrun, að þannig skuli vera á fjármálum þjóðarinnar haldið, í algeru ósamræmi við margendurteknar yfirlýsingar stjórnarliða frá fyrri árum.

Þá er þjóðinni í fersku minni, að í fjárlagaræðunni fyrir árið 1960, er fjármálaráðherra flutti í febr. s. l., boðaði hann, að við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1961 yrði framkvæmd heildarathugun á ríkisútgjöldum og gerðar allar tiltækilegar ráðstafanir til sparnaðar. Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er samt sem áður mesta eyðslufjárlagafrv., er um getur í sögu þjóðarinnar. Það er árangurinn af þeirri heildarathugun, er fjármálaráðherra og stuðningslið hans hefur gert á fjármálum ríkisins, og jafnframt afleiðing af tveggja ára fjármálastjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, þar sem stefna þeirra hefur ráðið. Skal nú vikið að því.

Þegar fjárlög fyrir árið 1960 voru til afgreiðslu á s. l. vetri, gerðum við ráð fyrir, að þau mundu skila verulegum tekjuafgangi umfram áætlun. Stjórnarliðar viðurkenndu, að svo mundi verða. Hins vegar voru um það skiptar skoðanir, hvort

ríkisstjórnin ætti að hafa greiðsluafganginn til ráðstöfunar eða hvort Alþingi ætti að ráðstafa meira af honum en fjárlagafrv. gerði þá ráð fyrir. Ástæðan fyrir því, að talið var eðlilegt, að tekjur ríkissjóðs færu fram úr áætlun núgildandi fjárlaga, var sú, að samdráttur í efnahagslífinu gæti tæplega orðið svo fljótt sem núgildandi fjárlög gera ráð fyrir.

Ekkert liggur fyrir um það nú, hver fjárhagsafkoma ríkissjóðs kann að verða á þessu ári, en eftir þeim upplýsingum að dæma, er fyrir fjvn. lágu, virðast áhrif samdráttarstefnunnar ætla að verða meiri og koma fyrr fram en jafnvel þeir ætluðu, er fyrir henni standa. Þó ber þess að geta, að ekki lágu fyrir fjvn. upplýsingar um, hvernig innflutningsáætlun fyrir þetta ár hefur staðizt í framkvæmd að því er varðar skiptingu milli vöruflokka fram til 1. nóv. 1960, eins og óskað var eftir að efnahagsmálaráðuneytið upplýsti. Það má því segja, að upplýsingar, er varða afkomu þessa árs, eru það takmarkaðar, að ekkert verður með vissu sagt, hvað líklegast er um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári.

Til þess að gera sér grein fyrir væntanlegum tekjum ríkissjóðs 1961 var í fyrsta lagi nauðsynlegt að fá fyllri upplýsingar um afkomu þessa árs heldur en tókst að afla. Í öðru lagi var nauðsynlegt að fá innflutningsáætlun fyrir næsta ár sundurgreinda eftir vöruflokkum, svo sem verið hefur. Ekki taldi efnahagsmálaráðuneytið sig geta látið hana í té að öðru leyti en því, að gert væri ráð fyrir, að heildarinnflutningurinn yrði rúmum 100 millj. kr. minni en þetta ár, þ. e. a. s. 2400 millj. kr. Í þriðja lagi vantaði fjvn. áætlun um gjaldeyristekjur næsta árs. Engar upplýsingar voru henni látnar í té þar að lútandi. Í fjórða lagi vantaði upplýsingar um, hvort gert væri ráð fyrir erlendu lánsfé og að hve miklu leyti. Mót venju fékk fjvn. ekki, þrátt fyrir margítrekaðar óskir, þessar upplýsingar. Hins vegar upplýsti ráðuneytisstjórinn í efnahagsmálaráðuneytinu fjvn. um það, að tekjur af Keflavíkurflugvelli hefðu farið vaxandi á þessu ári og mætti gera ráð fyrir, að þær tekjur héldust á næsta ári.

Um tekjuáætlunina fyrir árið 1961 er því það að segja, að ógerlegt er að átta sig á henni, þegar upplýsingar skortir og hún hefur legið fyrir í þremur mismunandi útgáfum:

1. Á fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir Alþingi í haust.
2. Endurskoðuð tekjuáætlun, er ráðuneytisstjóri efnahagsmálaráðuneytisins lagði fyrir fjvn. 24. nóv. s. l. og var með svipaða niðurstöðutölu og sú fyrri, þ. e. 1550.4 millj. kr. Á einstökum liðum hennar höfðu þó verið gerðar breytingar. Taldi ráðuneytisstjórinn óvarlegt að hækka tekjuáætlun nokkuð umfram það, sem þá var lagt til.
3. Meiri hluti fjvn. hækkaði svo þessa endurskoðuðu tekjuáætlun um 35 millj. kr. án þess að gera nokkra grein fyrir þeirri hækkun.

Það vekur athygli við þær litlu upplýsingar, er fjvn. hafði viðvíkjandi tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir næsta ár, að gert er ráð fyrir, að áhrif samdráttarstefnunnar fari verulega vaxandi, þar sem m. a. er reiknað með, að innflutningur á neyzluvörum dragist saman og innflutningur í heild minnki um 4.5%. Ástæðurnar fyrir þessum áætlaða samdrætti hljóta m. a. að vera þessar:

1. Að áhrif dýrtíðar fari vaxandi á næsta ári vegna þess, að þjóðin bjó við gamalt vöruverð fram eftir þessu ári og býr jafnvel enn að einhverju leyti, kjaraskerðing fari því enn þá vaxandi og samdráttur í viðskiptalífinu aukist, þegar hið nýja verðlag verður alls ráðandi.
2. Að gert er ráð fyrir, að atvinna minnki, og er þegar farið að bera á því, t. d. í byggingariðnaði. Munu stjórnarliðar gera ráð fyrir, að þessi samdráttur fari vaxandi næsta ár.

Þrátt fyrir það, að í grg. með fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár var boðað, að ekki yrði hækkaður söluskattur af innflutningi, var á útmánuðum lagður á 8% söluskattur, og var þá engin þörf talin á, að hann gilti nema þetta ár, og lögin

við það miðuð. Það vekur því ekki litla athygli nú, að gert er ráð fyrir, að hann gildi áfram. Hvað veldur slíku?

Þetta munum við láta nægja um tekjuhlið frv. og snúa okkur að gjaldahlið þess.

Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir fjárlagafrv. í okt. s. l., lá honum sparnaður mjög á tungu sem fyrr. Skýrði hann drjúgur frá því, að sá árangur hefði náðst af heildarendurskoðun fjárlaganna, að 10 af 14 greinum fjárlaga hefðu lækkað. Um leið boðaði ráðherra áframhaldandi sparnað.

Skal nú gerð grein fyrir því, hversu mikill sparnaður er á hinum tíu greinum, miðað við fjárlagafrv. við 2. umræðu og fjárlög þessa árs.

1. Kostnaður við æðstu stjórn landsins lækkar um 38 þús. kr.
2. Gert er ráð fyrir, að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um 96 þús. kr. Frá því er skýrt í nál. hér að framan, að skuldir ríkissjóðs hafi lækkað í stjórnartíð Framsóknarflokksins. Vaxtalækkun ríkissjóðs á þessu ári er afleiðing þeirrar fjármálastefnu, er þá var, en ekki verk þeirra, er nú fara með fjármál ríkisins.
3. Alþingiskostnaður á að lækka um 1 millj. kr. Gert er ráð fyrir styttra þinghaldi, segir í greinargerð fyrir fjárlagafrv. Hér er sem fyrr um áætlaða fjárhæð að ræða, og verður það greitt er þinghaldið kostar, hvort sem það reynist meira eða minna. Rétt er það, að langt þinghald er óþarft, ef ríkisstjórnin er málefnasnauð og lætur stuðningsmenn sína setjast á nytsöm mál, er frá öðrum koma, eins og nú á sér stað. Fyrir þjóðina skiptir mestu máli, hvaða störf Alþingi leysir af hendi hverju sinni, en ekki, hvort það kostar 100 þús. kr. meira eða minna.
4. Til stjórnarráðsins og utanríkisþjónustunnar er veitt á yfirstandandi fjárlögum 42 081 millj. kr., en samkvæmt fjárlagafrv. við 2. umræðu 41 851 millj. kr. Það er 230 þús. kr. lægri fjárhæð en er á fjárlögum nú. Sú upphæð, sem sparast við að hafa einn sendiherra í París, er notuð til að hækka við önnur sendiráð. T. d. hækkar kostnaður við sendiráðið í Kaupmannahöfn um 367 þús. kr., og er það mest launahækkun. Það er nánast tilviljun ein, eins og á málum er haldið nú, að fjárveitingin á fjárlagafrv. er aðeins lægri en á fjárlögum. En frekari aðgerðir þurfa að gerast til samdráttar í utanríkisþjónustu, áður en unnt verður að tala um sparnað, svo sem við leggjum til að gert verði.
5. Boðuð er breyting á skattalögum og framkvæmd þeirra. Gert er ráð fyrir, að af þessari breytingu geti orðið sparnaður um 2 millj. kr. Ekki verður með neinni vissu sagt, hvort svo kann að reynast, þar sem frv. um þetta efni hefur ekki verið lagt fram á Alþingi enn þá. Á hitt skal bent, að undir- og yfirskattanefndir hafa kostað ríkissjóð aðeins 2.1 millj. kr. samkvæmt fjárlögum þessa árs, en skattstofur 6 millj. kr. Verkefnið mun ekki minnka með tilkomu söluskattsins, og ekki yrði það til að draga úr kostnaði, þó að öðrum aðilum, t. d. sveitar- og bæjarsjóðum yrði gert að greiða kostnað við framtöl, er ríkið greiðið nú, þó að á þann hátt yrði hægt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Hér fer sem fyrr, að áætlaður sparnaður ríkissjóðs er étinn upp, því að 11. gr. fjárlaga lækkar aðeins um 369 þús. kr.
6. 13. gr. fjárlaga var ein af þeim tíu, er lækka áttu samkvæmt fjárlagafrv. Á núgildandi fjárlögum er hún að fjárhæð 154.56 millj. kr., en er nú samkv. fjárlagafrv. við 2. umræðu 158 122 millj. kr. Sá sparnaður, sem þar var áætlaður, var að lækka framlagið til samgangna á sjó, þ. e. vegna rekstrar Skipaútgerðar ríkisins, um 5 millj. kr. frá fjárlögum og um 3.3 millj. kr. frá tillögum forstjórans. Vegna þess, að í ár fer fram flokkunarviðgerð á nokkrum skipum útgerðarinnar og þ. á m. 20 ára flokkunarviðgerð á Esju, sem kostar mikið fé og tíma, þá telur forstjórinn, að gera megi ráð fyrir hagkvæmari afkomu á næsta ári. Þótt öll rök hnígi að því, að afkoma Skipaútgerðarinnar ætti að vera mun betri næsta ár en nú, telur forstjórinn, að með engu móti sé unnt að gera ráð fyrir hagkvæmari fjárhagsniðurstöðu en hann gerir í tillögum sínum. Reynsla hefur sýnt, að tillögur hans hafa oftast verið nærri lagi, enda mun það ekki vera ástæðan fyrir lækkun, að þær séu rengdar. Hins vegar skýrði fjármálaráðherra frá því

í fjárlagaræðu sinni, að hingað hefði verið fenginn norskur sérfræðingur til að endurskoða rekstur skipaútgerðarinnar. Þessum sérfræðingi treystir ríkisstjórnin betur til að semja áætlun um strandferðir við Ísland, eftir að hann hefur dvalizt hér í 10—14 daga, en Íslendingum, sem starfað hafa að þessum málum í áratugi, og byggir hún sparnaðartillögur sínar á tillögum hans. Í þeim var m. a. gert ráð fyrir að selja m/s Esju, en m/s Hekla annaðist hringferðirnar ein og hefði aðeins viðkomu á þremur höfnum á leiðinni frá Reykjavík austur um land til Akureyrar og vörur yrðu fluttar frá þessum höfnum með umskipun til annarra hafna. Ríkisstjórnin hefur nú látið Íslendinga endurskoða þessar tillögur. Að vísu tókst fjvn. ekki að fá álit þeirra í hendur, en þó er vitað, að þeir leggjast gegn áætlun sérfræðingsins, enda er álit þeirra byggt á meira raunsæi. Von manna er, að ríkisstjórnin fallizt á ráð þeirra manna, er raunhæfa þekkingu hafa og meta þarfir þjóðarinnar fyrir þessar samgöngur. En til þess að málinu sé ekki stefnt í hættu fjárhagslega, verður að ætla meiri fjárhæð til rekstrarins á fjárlögum, og gerum við tillögu um hækkun frá fjárlagafrv. í samræmi við tillögur forstjóra skipaútgerðarinnar.

7. Til kirkjumála er veitt á yfirstandandi ári 13 392 millj. kr. Gert er ráð fyrir að lækka fjárveitingu til Skálholts um 150 þús. kr., en öll greinin lækkar um 109 þús. kr. Eðlilegra hefði verið að hækka framlag til kirkjubyggingasjóðs, sem þessari fjárhæð nemur, þar eð knýjandi nauðsyn ber til að bæta úr þörfum hans. Hefði það komið sér vel fyrir fátæka söfnuði, er standa að kirkjubyggingu, en skiptir hins vegar litlu máli fyrir afkomu ríkissjóðs.
8. Framlag til atvinnumála átti að lækka samkvæmt fjárlagafrv. um 5.1 millj. kr., en hefur hins vegar hækkað aftur í meðferð fjvn. um 7.4 millj., enda mun það ekki að skapi þingmanna að skera við nögl sér framlag til þeirra, og hafa þeir því knúið ríkisstjórnina til að leiðrétta nokkra stóra ágalla, er á frv. voru, þótt of lítið sé hér að gert. Tveir liðir voru á þessari grein, er fjármálaráðherra hafði mikinn áhuga á að spara á, og gerði hann mikið úr þeim áhuga sínum í fjárlagaræðunni. Voru þeir þessir: 1) Kostnaður við eyðingu refa og minka samkv. lögum. Refir og minkar hafa verið miklir skaðvaldar hér á landi, bæði í fé bænda, varplöndum og lax- og silungsveiði. Var þessi plága orðin svo mikið áhyggjuefni, að Alþingi taldi, að hefja yrði skipulagða herferð gegn þessum meindýrum, og var sett löggjöf um það 1957. Samkvæmt þeirri löggjöf var ríkissjóði gert að greiða verulegan hluta af kostnaði við útrýmingarstarfið. Ekki orkaði það tvímælis, að herferð sú, sem hafin var gegn þessum meindýrum, hefur borið árangur. Kom það fram í skýrslu veiðistjóra, er fjvn. barst. Væri það lítill búhnykkur, ef nú ætti að spara ríkissjóði 1.5 millj. kr. með því að slaka á veiðiherferð gegn þeim, en fórna svo margfalt meiri fjárhæðum í meindýrin af búpeningi og hlunnindum landsmanna og auk þess því, sem áunnizt hefur. Meðan lögum um eyðingu refa og minka er ekki breytt, verður ríkissjóður að greiða sinn hluta af kostnaði við eyðingu þessara meindýra, og þjóðin nýtur góðs af. 2) Kostnaður við jarðboranir á að lækka um 3.6 millj. kr. Ekki getur það heitið sparnaður, þó að ríkið leggi minna fé fram til að leysa úr læðingi verðmæti, svo sem þessum jarðborunum er ætlað.
9. 19. gr. fjárlaganna lækkaði fjármálaráðherra um 500 þús. kr., til þess að sparnaðargreinarnar gætu orðið 10. Hins vegar var vitað, að á greininni var of lágt áætlaður liður um allt að 15 millj. kr. Af þeirri upphæð hefur meiri hluti fjvn. aðeins tekið 7 millj. kr. nú.
10. 20. gr. lækkar um 5.1 millj. kr. Ástæðan er sú, að á 20. gr. fjárlaga hefur verið varið fé til eignarauka landssímans. Á núgildandi fjárlögum er varið 5.5 millj. kr. í þessu skyni. Á yfirstandandi ári hækkaði landssíminn tekjur sínar af símtölum og annarri þjónustu við landsmenn, og nú er honum ætlað að annast þessa uppbyggingu að öllu leyti sjálfum. Getur þessi ráðstöfun ekki talizt sparnaður. Þá er og gert ráð fyrir því að lækka framlag til að auka skipastól

landhelgisgæzlunnar með lántöku. Mun það þó almenn skoðun þjóðarinnar, að eðlilegt væri að greiða slíka framkvæmd án lántöku.

Við höfum í nál. okkar hér að framan gert grein fyrir 10 greinum á útgjaldahlið fjárlaganna ásamt tekjuáætluninni. Í því sambandi höfum við rakið nokkuð sparnaðartillögur fjármálaráðherra, en þær voru, sem kunnugt er, uppistaðan í fjárlagaræðu hans í okt. s. l. Hefur hér að framan verið sýnt fram á, hversu haldlítið þetta sparnaðarhjal hefur reynzt.

Niðurstaðan af því, er að framan segir, er þessi:

Af 13 greinum á gjaldahlið fjárlaganna, er tilheyra rekstraryfirliti, lækka 6 greinar um 1.8 millj. kr. samtals. Þar af lækkar áætlaður kostnaður vegna Alþingis um 1 millj. kr. Hins vegar hækka hinar 7 greinarnar um 91 millj. kr. samtals. Auk þessa lækkar svo framkvæmdafé á 20. gr. um 5 millj. kr. Hækkanir umfram lækkanir verða því um 85 millj. kr.

Á þessu yfirliti sést, að fjárlagafrv. nú við 2. umræðu þess hefur hækkað um sem svarar 10 millj. kr. að jafnaði á mánuði frá afgreiðslu fjárlaga í marzmánaðarlok s. l. og þó rúmlega það.

Fjárlög yfirstandandi árs voru undirbúin í jan. s. l., og nú er upplýst, þó að það væri látið liggja í þagnargildi við afgreiðslu þeirra, að útgjöld voru miðuð við, að gengisbreytingin hefði verið gerð í byrjun ársins, en ekki í febrúarmánaðarlok, eins og gert var. Af þeim sökum eru fjárlög hærri nú en þörf var og ættu því ekki að hækka 1961 vegna rekstrar.

Fjárlög þessa árs hækkuðu um 356 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1959 með sambærilegum samanburði milli þessara tveggja ára. Þegar tekið er tillit til þessa, vekur meira en litla furðu, að slík hækkun geti átt sér stað á fjárlögum næsta árs sem raun ber vitni um.

En meiri undrun vekur það þó og er nánast broslegt að heyra fjármálaráðherra vera með sparnaðarhjal, þegar hækkun fjárlaga fer með þeim hraða, að helzt minnir á kappakstur. Þá skal einnig á það bent, að ekki er ástæða til að ætla, að gjaldaliðir fjárlaga þessa árs séu oftaldir, nema síður sé. Nægir í því sambandi að benda á nokkra útgjaldaliði, sem upplýsingar liggja fyrir um, að áætla þurfi mun hærri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, eða óvíst er um, hvernig greiðslu þeirra verður fyrir komið. Má í því sambandi nefna útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, framlag til Skipaútgerðar ríkisins, refa- og minkaveiða, raforkumála, rekstrar jarðborana ríkisins, aukningar landhelgisgæzlu, skattanefnda o. fl. Svo mikil óvissa er um útgjöld ríkissjóðs viðvíkjandi þessum liðum, að útgjöld gætu hækkað svo að jafnvel milljónatugum skiptir, þeirra vegna frá því, sem ráð er fyrir gert í fjárlagafrv. Hér er svo því við að bæta, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að sjá um greiðslu á tryggingagjöldum fiskiskipaflotans. Sagt er, að útflutningssjóður muni leggja til fé, a. m. k. að einhverju leyti, til þeirra útgjalda. Að vísu er allt nokkuð óljóst um fjárhag hans sem fyrr. Einnig er óvíst, hvað tryggingagjöldin geti numið hárri fjárhæð. Hitt er þó sennilegt, að ríkissjóður muni verða að greiða einhverja fjárhæð vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að taka uppbótakerfið í sína þjónustu að nýju.

Við höfum hér að framan gert grein fyrir afstöðu okkar til fjárlagafrv. í heild, lýst að nokkru þróun í fjármálum ríkisins síðustu árin og gert grein fyrir einstökum þáttum fjárlagafrv. og þeim veilum, sem við teljum felast í því. Munum við nú gera grein fyrir þeim breytingartillögum, er við berum fram við þessa umræðu, en áður viljum við gera frekari grein fyrir afstöðu okkar til fjárveitinga til framkvæmda.

Við afgreiðslu fjárlaga í fyrra gerðum við mjög margar og ítrekaðar tilraunir til að fá hækkun á framkvæmdafé, þ. e. fjárveitingum til vega, brúa, hafna, raforkumála o. fl., enn fremur aukinn stuðning við atvinnuvegina og rannsóknir í þágu þeirra. Allar þessar tillögur voru þá felldar, þó að stjórnarliðar gerðu þá

ráð fyrir verulegum greiðsluafgangi. Ástæðan til þess, að við flytjum ekki þessar tillögur nú, er ekki sú, að okkur þyki nóg að gert í þessum málum. Það er fjarri sanni. Það er vegna þess, að við fengum þá staðfest viðhorf stjórnarliða til þeirra og ekki hefur orðið vart hugarfarsbreytingar í þeim efnum. Það er því fyrir fram vitað um afdrif slíkra tillagna. Við hefðum viljað auka hlut fleiri málaflokka af fjárlagafé, ef við hefðum mátt ráða um afgreiðslu fjárlaga, eins og t. d. vísinda og lista. En auk þess sem öll slík tillögugerð er fyrir fram dauðadæmd vegna þeirrar forustu, er nú er á Alþingi, þá hefur samdráttarstefnan, sem er óskabarn þessarar ríkisstjórnar, keyrt fjármála- og athafnalíf þjóðarinnar í kút óvissu og getuleysis. Stefnubreyting í málefnum þjóðarinnar þarf að vera undanfari þess, að eðlilegt athafna- og framkvæmdatímabil geti hafizt á ný.

Tillögur okkar til útgjalda miðast því við það eitt að leiðrétta rangar áætlanir til að koma í veg fyrir, að þær verði notaðar til að draga úr þjónustu, er við teljum að þjóðin geti ekki án verið, og að öðru leyti miðast þær við að bæta úr brýnasta fjárskorti, þar sem atvinnulífinu stafar mest hætta af, t. d. með því að veita styrk til jarðræktarvélakaupa ræktunarsambandanna og leitar að nýjum fiskimiðum og til atvinnuuppbyggingar.

Þessum tillögum okkar ætlumst við til að verði mætt með samdrætti á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, og munum við í því sambandi reyna á vilja stjórnarliða til nokkurs sparnaðar í ríkisrekstri. Því verður ekki trúað að óreyndu, að þeir verði ekki til samstarfs um svo lítinn samdrátt í ríkisrekstrinum sem við leggjum hér til.

Um 10. gr.

Lagt er til, að efnahagsmálaráðuneytið verði lagt niður. Kostnaður við það samkv. fjárlagafrv. er 319041 kr. Ekki hefur komið í ljós neitt gagn af stofnun þess, eins og áður er að vikið. Það verður að teljast eðlilegast, að hver ríkisstjórn ráði sérfræðinga, sem hún hefur sér til ráðuneytis um efnahagsmál, en henni verði ekki fengnir í hendur embættismenn til þeirra verka og það e. t. v. menn, sem á opinberum vettvangi hafa barizt fyrir stefnu, sem gæti verið ríkisstjórninni andstæð. Auk þess eru til stofnanir eins og hagstofan, Framkvæmdabankinn og Seðlabankinn, sem vinna að hliðstæðum verkefnum, og er óþarft og oft beinlínis skaðlegt, að margir vinni þannig að sama verkefni. — Einnig er lagt til, að annar kostnaður ráðuneytanna verði lækkaður um 0.5 millj. kr. Er ríkisstjórninni þannig gefinn kostur á að sýna sparnað í verki.

Utanríkisþjónustan: Lagt er til að fella niður sendiráðin í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Osló. Gert er ráð fyrir, að þess í stað verði sett eitt sendiráð fyrir öll Norðurlöndin og ríkisstjórnin ákveði staðsetningu þess að athuguðu máli. Sparnaður við þessa breytingu er áætlaður á næsta ári 1 millj. kr. Þá er lagt til að lækka fjárveitingu til sendiráðsins í París um 0.5 millj. kr. Er þessi tillaga byggð á því, að sendiráðið í París verði eitt og annist þau störf, er þau tvö, er fyrir voru, önnuðust. Utanríkisþjónusta okkar er orðin svo kostnaðarsöm, að hjá því verður ekki komizt að draga úr þeim kostnaði. Sú litla tilraun, sem gerð er í þá átt nú með því að leggja til að hafa einn sendiherra í París, er veigalítil og meira en étin upp með auknum kostnaði við önnur sendiráð, svo að áhrifa hennar gætir ekki. Þjóðin hefur ekki efni á að halda uppi svo dýrri utanríkisþjónustu. Nauðsyn ber því til að breyta um stefnu. Eru því lagðar fram tillögur um byrjunina í þá átt. Frekari athuganir um samfærslu gætu komið til síðar. — Þá er einnig lagt til að draga úr kostnaði við utanfarir og sendinefndir á vegum ríkisins, þannig að hann lækki um 0.5 millj. kr.

Um 12. gr.

Lagt er til að fella vistheimilið á Kvíabryggju niður. Sparnaður við það er áætlaður 0.9 millj. kr. Þeirri fjárhæð, sem til þeirrar starfsemi er varið, er að okkar dómi betur varið t. d. við leit að nýjum fiskimiðum. — Þá er og lagt til,

að kostnaður við eftirlit á vegum, 275696 kr., verði greiddur af tekjum bifreiðaeftirlitsins, enda hefur það skilað mun meiri tekjuafgangi en þessi fjárhæð nemur.

Um 13. gr.

Lagt er til að hækka framlag til Skipaútgerðar ríkisins um 3.3 millj. kr. eða eins og forstjórinn lagði til í sinni tillögu. Áður hefur verið gerð grein fyrir þessu máli í nál. þessu, og vísast til þess.

Um 14. gr.

Lagt er til að hækka styrkinn til íslenzkra námsmanna erlendis um 750 þús. kr. Tillaga þessi er fram borin vegna þess, að vitað er, að fjárhagserfiðleikar námsmanna hafa vaxið mjög vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar á s. l. vetri. Vitað er, að margir efnilegir námsmenn hafa þurft að hætta námi, og er hér gerð tilraun til að koma í veg fyrir, að svo verði um fleiri.

Um 16. gr.

Lagt er til að hækka framlag til kaupa á jarðræktarvélum úr 1 millj. kr. samkv. tillögu fjvn. í 2.3 millj. kr. Fjárveiting til kaupa á jarðræktarvélum hefur fallið niður í 2 ár. Þá var fyrir hendi geymd fjárveiting frá fyrri árum. Nú hefur henni verið eytt og meira en það. Ógreitt er framlag vegna tveggja véla, sem fluttar voru inn á þessu ári. Ef tillaga okkar verður samþykkt, verður unnt að flytja til landsins tvær vélar á næsta ári. Finnst okkur það algert lágmark. — Þá leggjum við til, að fjárveiting til tilraunaráðs búfjárræktar hækki um 100 þús. kr. Tilraunaráðinu er nauðsyn að fá þessa litlu fjárhæð, svo að starfsemi þess bíði ekki hnekki. — Við leggjum og til, að tekinn verði upp nýr liður til ráðgefandi nefndar um byggingu útihúsa í sveitum, 200 þús. kr. Þessi nefnd hefur ekki getað starfað vegna fjárskorts. Hins vegar er mikil þörf á starfsemi hennar. Þessi fjárveiting mundi nægja til þess, að nefndin gæti leyst af hendi eðlilegt og nauðsynlegt starf.

Lagt er til, að aukið verði framlag til að leita að nýjum fiskimiðum um 1 millj. kr. og til síldarleitar og fiskrannsókna einnig um 1 millj. Hér er um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að því verður vart trúað, að við þessari beiðni verði daufheyrzt. Auk þess hefur árangur af þessari starfsemi orðið mikill, og þjóðin hefur ekki efni á að halda að sér höndum um aðgerðir í þessu efni.

Lagt er til, að fjárveiting til rannsókna í þágu atvinnuveganna verði aukin um 500 þús. kr. Er hér um að ræða aukið starfsfé til iðnaðardeildar og búnaðardeildar og til fjárræktarbúsins á Hesti. Er hér aðeins lagt til að bæta úr brýnustu þörf, svo að starfsemi þessi þurfi ekki að bíða mikinn hnekki vegna fjárskorts.

Um 19. gr.

Lagt er til að lækka liðinn „til óvissra útgjalda“ um 3 millj. kr. M. a. er gert ráð fyrir, að dregið verði úr veizlum og öðrum slíkum kostnaði á vegum ríkisstjórnarinnar og fyllstu varfærni gætt um slík útgjöld. — Enn fremur er lagt til, að liður um fyrningar, sem er 6 millj. kr., falli niður.

Um 20 gr.

Framlag til bygginga á jörðum ríkisins leggjum við til að hækki um 500 þús. kr. Óloknar skuldbindingar munu nú vera á þriðju millj. kr. — Lagt er til, að liðurinn til atvinnu- og framleiðsluaukningar hækki um 5 millj. kr. Eins og horfurnar eru í atvinnumálum þjóðarinnar nú, þykir ekki ráðlegt að draga úr aðstoð ríkisvaldsins við atvinnuuppbygginguna, heldur hið gagnstæða. Svipaðri fjárhæð var varið til atvinnu- og framleiðsluaukningar á yfirstandandi ári og hér er lagt til að gert verði. — Þá leggjum við til, að niður falli í þessari grein nýr liður til að endurnýja bifreiðar ríkisstofnana, 800 þús. kr. Eðlilegt er, að slík gjöld teljist með útgjöldum þeirra ríkisstofnana, er endurnýja bifreiðar sínar. Hins vegar eiga þau ekki heima í eignahreyfingum ríkissjóðs.

Þær breytingartillögur, sem hér hefur verið gerð grein fyrir og við flytjum á sérstöku þskj., eru alls að fjárhæð sem hér segir:

Til lækkunar á gjöldum ríkissjóðs	kr. 13694737.00
Til hækkunar á gjöldum ríkissjóðs	— 13650000.00
Mismunur: lækkanir umfram hækkanir kr.	44737.00

Tillögur okkar, ef samþykktar verða, hafa því lítil sem engin áhrif á niðurstöðutölu fjárlagafrv.

Þegar ríkisstjórnin gerði þjóðinni grein fyrir „viðreisninni“, komst hún m. a. svo að orði um tilganginn: „Er það megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstjórnin leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár.“

Stefna ríkisstjórnarinnar, samdráttarstefnan, hefur verið framkvæmd í 9 mánuði. Engin tilraun hefur verið gerð til að trufla framkvæmd hennar. Áhrifa hennar gætir nú í vaxandi mæli, samt ekki á þann veg, er stjórnarliðar hugðu, heldur sem lömun á þjóðarlíkamanum. Vegna hennar ríkir nú meiri óvissa í atvinnu- og viðskiptalífinu en fyrr og meiri óvissa um afkomu ríkissjóðs á næsta ári en nokkurn tíma áður.

Við viljum að lokum endurtaka það, að aðeins með því að víkja frá stefnu ríkisstjórnarinnar, samdráttarstefnunni, getur þjóðin aukið framleiðslu sína og tekið aftur upp þróttmikið framkvæmda- og athafnalíf.

Alþingi, 3. des. 1960.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Garðar Halldórsson.

Sþ. 173. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Á síðastliðnum vetri fékk ríkisstjórnin meirihlutasamþykki Alþingis fyrir ýmsum breytingum á efnahagskerfi þjóðarinnar. Hinar veigamestu voru: lækkun verðgildis íslenzkrar krónu gagnvart erlendri mynt, álagning nýs söluskatts á vörur og þjónustu innanlands ásamt með hækkun söluskatts af innflutningi og heimild til að taka upp miklum mun hærri vaxtagreiðslur af lánsfé en áður hafði leyft verið í lögum. Ráðstafanir þessar og nokkrar fleiri, sem þeim voru samfara, nefndu höfundar þeirra Viðreisn.

Þau fjárlög, sem nú eru í gildi, voru byggð á áætlunum um verkanir Viðreisnarinnar. Þau hækkuðu úr 1033 millj. kr., sem var niðurstaða fjárlaga ársins 1959, í 1501 millj. kr., eða um rúmlega 45 af hundraði. Með því að næstum allar tekjur ríkissjóðs eru teknar beint af þjóðfélagsþegnunum, ýmist sem skattur eða einhvers konar álagning á vöruverð, boðaði þessi fjárlagahækkun, að á yfirstandandi ári yrði hver íslenzkur þegn að greiða í ríkissjóð 145 kr. á móti hverjum 100, sem hann áður hafði þangað goldið. Jafnhliða þessari hækkun voru raunverulega gerðar ráðstafanir til þess af ríkisvaldsins hálfu, að kaupgjald mætti ekki hækka, hvorki hið beina kaup né heldur óbeint kaup, sem fólgið er í fiskverði til sjómanna eða afurðaverði til bænda. En það fylgdi þó með í útreikningunum, að svona slæmt væri þó ekki í efni nema þetta eina ár.

Af beinum loforðum stjórnarvalda, sem gefin voru við síðustu fjárlagaafgreiðslu

um, að vænta mætti lækkunar fjárlaga strax á næsta ári (þ. e. við þá fjárlagaafgreiðslu, sem nú fer fram), er vert að minna á niðurfellingu svonefnds bráðabirgðasöluskatts af innflutningi og að allir þættir ríkisútgjaldanna skyldu teknir til gaumgæfilegrar athugunar og allar tiltækilegar ráðstafanir gerðar til sparnaðar.

Um hið fyrra atriðið, bráðabirgðasöluskattinn af innflutningi, er vert að geta þess, að hann nemur 8.8% af verðmæti þeirrar vöru, er hann leggst á, og áætlar efnahagsmálaráðuneytið, að hann verði um 175 millj. kr. á ári, en það jafngildir 1000 kr. á hvert mannsbarn, sem í landinu býr, svo að augljóst er, að nokkur léttir væri fyrir alþýðu manna að afnámi þessa skatts, en því var einmitt heitið á síðasta þingi. Í greinargerð ríkisstjórnarinnar í fyrravetur fyrir lagaákvæðinu um þennan viðbótarskatt var orðrétt sagt, eftir að fjallað hafði verið um hinn almenna söluskatt: „M. a. af þeim sökum, að skattur þessi getur eigi komið til framkvæmda fyrr en nokkuð er liðið af árinu, er fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fæst ekki sú fjárhæð, sem frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir. Hefur því verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur. Er áætlað, að til þess þurfi að hækka núgildandi innflutningssöluskatt um 8% eða úr 7% í 15%, og er lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960.“ Nú hefur að vísu ekki verið lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp til framlengingar á skatti þessum, en í fjárlagafrv. er reiknað með framlengingu hans, og verður því á þessum eina lið framkvæmd ráðstöfun, sem jafngildir því að krefja hvern heimilisföður í landinu um jafnmargar þúsundir króna á árinu 1961 eins og meðlimirnir eru margir í fjölskyldu hans til þess að berja í þennan brest á Viðreisnar-útreikningunum.

Loforðið um sparnað í ríkisrekstrinum var margítrekað í ræðum fjármálaráðherra, og virðast fylgismenn hans hafa tekið mark á ummælum hans, að minnsta kosti lætur meiri hluti fjárveitinganefndar þá von í ljós í nefndaráliti sínu í fyrra, svo sem þar segir, „að málin verði nú tekin föstum tökum og raunhæfar sparnaðarráðstafanir gerðar. Tekur meiri hl. n. undir ummæli fjármálaráðherra í framsöguræðu hans fyrir fjárlagafrv. og væntir þess fastlega, að næsta fjárlagafrv. beri þess merki, að verulegur árangur hafi orðið af viðleitni fjármálaráðherra í þessu efni.“

Þegar fjárlagafrv., sem nú er fjallað um, kom fram, varð samt ljóst, þrátt fyrir ámóta sparnaðarhjal í fjárlagaræðu fjármálaráðherra nú og í fyrra, að frá fjárlögum ársins 1960 höfðu nokkrir útgjaldaliðir í frv. fyrir árið 1961 verið lækkaðir um nálægt 20 millj. kr., en aðrir hækkaðir þar á móti um 70 millj. Árangurinn af sparnaðarloforðinu varð því 50 millj. kr. hækkun frv. frá gildandi fjárlögum, og nú hafa í meðförum málsins með samþykki ríkisstjórnarinnar og og mest þó eftir kröfu hennar verið gerðar við það tillögur um hækkanir gjalda, sem nema um hálfum fjórða tug milljóna.

Augljóst er því, að fjárlög munu nú hækka, en ekki lækka, svo sem lofað var, og mun hækkunin aldrei nema lægri fjárhæð en 85 millj. kr.

Það er sögulegt við þessa hækkun, að hún gerist án þess, að neinar breytingar á kaupi hafi átt sér stað á því tímabili, sem hér um ræðir. Hún er eitt af hinum hreinræktuðu skrautblómum á akri Viðreisnarinnar.

Talið er, að 1% breyting á kaupgjaldi jafngildi um 4 millj. kr. á fjárlögum. Það er því ljóst, að ef sú fjárlagahækkun, sem nú er fyrirsjáanleg, væri ekki látin renna í óskahít ríkisstjórnarinnar, heldur til hækkaðra kaupgreiðslna til þess fólks, sem hjá ríkinu vinnur, þá gæti sú kauphækkun numið 21 af hundraði.

Fjárlagaafgreiðslan nú er hin fyrsta, sem fram fer í ljósi nokkurrar reynslu af Viðreisninni. Í þessu nefndaráliti verða að sjálfsögðu ekki raktir til hlítar einstakir þættir þeirrar reynslu. En það hefur óneitanlega mikil áhrif á tekjuöflunarmöguleika ríkissjóðs, að vöruinnflutningur til landsins haldist í eðlilegu horfi, og því skal hér lítillega rifjað upp, hvað gerzt hefur í innflutningsmálum að undanförnu.

Það var einn liður Viðreisnarinnar, að menn fengu hömlulítið að efna til stuttra vörukaupalána erlendis. Af þessum sökum komu vörur tiltölulega ört til landsins fram eftir yfirstandandi ári, og kaupgeta almennings brotnaði auðvitað ekki saman daginn sem Viðreisn tók gildi, heldur minnkaði hún jafnt og þétt, og þróast allt enn til þeirrar áttar. Tekjur ríkissjóðs af innflutningi munu því hafa verið nokkurn veginn eftir áætlun allt fram á haust. En þá fór þess mjög að gæta, að innflutningstekjurnar hættu að svara til þess, sem áætlað hafði verið. Samdrátturinn var farinn að segja til sín, mörg erlendu vörukaupalánanna voru fallin í vanskil og gátu ekki lengur lyft innflutningnum, svo sem þau í upphafi gerðu, og kaupgeta landsmanna er brostin.

Í lok októbermánaðar rannsakaði efnahagsmálaráðuneytið innflutningstekjurnar, eins og þær þá voru, og gerði áætlun um tvo síðustu mánuðina. Niðurstaða þess varð sú, að þrátt fyrir það, að sumir tekjustofnar fjárlaga skiluðu meira fé en áætlað var, væri samdráttur tekna af innflutningi slíkur, að heildartekjur ríkissjóðs mundu samt verða 35 millj. kr. minni en fjárlög áætluðu. Í ljósi þessarar reynslu áætlaði sama ráðuneyti einnig, hvað tekjur ríkissjóðs mundu verða á næsta ári. Sú áætlun er ekki í samræmi við það, sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í fjárveitinganefnd nú gera að sínum áætlunartillögum, heldur metur efnahagsmálaráðuneytið tekjumöguleika ríkissjóðs nokkrum milljónatugum lægri en þar er gert. Hér skal enginn dómur á það lagður, hvor aðilinn hefur hér réttara fyrir sér. En þetta misræmi bendir óneitanlega til þess, að ríkisstjórnin telji sig eiga von einhverra þeirra tekna, sem hún leyfir ekki efnahagsmálaráðuneyti sínu að gera opinberar áætlanir um.

Alþýðubandalagið er þeirrar skoðunar, að ríkisstjórn, sem leggur á það ofurkapp að halda launakjörum landsmanna óbreyttum í hraðvaxandi dýrtíð, hafi sérstakar skyldur til að sýna viðleitni til að hamla gegn útþenslu annarra ríkisútgjalda. Það hefur þessi ríkisstjórn ekki gert, og enn hækka fjárlög hennar verulega þrátt fyrir óbreytta launaliði. Af þessum ástæðum er þess hér freistað að fá Alþingi til að fyrirskipa ríkisstjórninni að framkvæma sparnað á fáeinum þeim liðum, sem næst liggja húsbóndavaldi hennar, svo sem á kostnaði stjórnarráðsins, utanríkisþjónustunnar og nokkurra stofnana, sem heyra beint undir stjórnarráðið.

Varðandi þær tillögur, sem fjárveitinganefnd hefur borið fram sem heild, er vert að taka fram, að Alþýðubandalagið styður flestar þeirra, þótt það sé óskuldbundið um stuðning við einstakar tillögur, en nokkrum þeirra er það raunar mótfallið, svo sem hækkunartillögunum til sendiráðanna og framlaginu til Atlantshafsbandalagsins og skrifstofubyggingar þess í París.

Um þær breytingartillögur, sem þessu nefndaráliti fylgja, skal þetta tekið fram til skýringa:

10. gr.

Mörg undanfarin ár er það talið hafa verið í athugun, hvort ekki mætti sameina eitthvað sendiráðin á Norðurlöndum og spara þar með kostnað við þessa þjónustu. Ekki hefur þó orðið neitt úr framkvæmd þess. Nú er einnig meðal hinna Norðurlandaþjóðanna komin upp hreyfing, sem fer í þessa átt, og ætti það enn að auðvelda Íslendingum slíka sparnaðarframkvæmd. Hér er gerð tillaga um, að sendiráðin í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Osló verði sameinuð í eitt íslenzkt Norðurlandasendiráð. Utanríkisráðuneytið yrði að ákveða því aðsetur þar sem hagkvæmast þætti. Í tillögum um þetta efni er áætlað, að Norðurlanda-sendiráðið gæti fengið til ráðstöfunar helming þess fjármagns, sem nú er ætlaður sendiráðunum þremur. Sparnaður af þessari ráðstöfun mundi nema 1880200 kr.

Lagt er til, að tillag Íslands til NATO verði fellt niður svo og framlag af Íslands hálfu til skrifstofubyggingar þessa hernaðarbandalags. Eru þessar tillögur í samræmi við þá stefnu Alþýðubandalagsins, að Íslandi beri að standa utan hernaðarbandalaga, og fyrir þinginu liggur nú tillaga Alþýðubandalagsins um úrsögn Íslands úr NATO.

11. gr.

Ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli eru ætlaðar röskar 4 millj. kr. til sinna þarfa. Fer framlag þetta hækkandi ár frá ári, og virðist það engu breyta, þótt fólki fækki til muna á gæzlusvæði þessa lögregluliðs. Hér er greinilega um stórfellt fjárbruðl að ræða, og er hér gerð tillaga um að lækka þennan lið til helminga, og mundu við það sparast 2051746 kr.

Þá er gerð tillaga um niðurfellingu 900 þús. kr. framlags til skuldafangelsinis að Kvíabryggju, enda vafasamt, að rekstur þess samrýmist íslenzkum lögum.

13. gr.

Verklegar framkvæmdir hafa mjög sett ofan við tilkomu Viðreisnarinnar, með því að til þeirra er veitt svipuð upphæð í krónutölu og gert var fyrir gengisfellingu, þrátt fyrir hinn stóraukna framkvæmdakostnað. Þetta er sérstaklega tilfinnanlegt að því er varðar gerð samgöngumannnvirkja: vega, brúa, flugvalla og hafna. Hinu verður þó tæpast neitað, að erfitt er, eins og nú er komið málum þegar á fyrsta ári Viðreisnar, að leggja fram úr ríkissjóði það fjármagn sem til þyrfti, að halda mætti í horfi frá fyrri árum um framkvæmdir. Það verður ekki heldur lagt til hér, heldur eru gerðar tillögur um dálitla hækkun á þessum liðum, þannig að nokkuð rýmkaðist þar um frá því, sem áformað er af stjórnarinnar hálfu.

Gerð er tillaga um tvöföldun á fjárframlagi til endurbyggingar þjóðvega, þannig að það yrði 1600000 kr. Hinir elztu þjóðvegir, sem á sínum tíma voru gerðir fyrir allt önnur farartæki en nú tíðkast og með tækni, sem var þess allsendis ómegnug að skila þeim árangri í vegagæðum, sem nú þykir sjálfsögð, þarfnast mjög endurbyggingar. Einkum á þetta við um suma kaflana í aðalþjóðvegunum um Suðurlandsundirlendið.

Þá er lagt til, að framlagið til brúargerða hækki um tæpar 2 millj. kr. og að framlagið til endurbyggingar gamalla brúa hækki um rösklega hálfa millj. kr., og gilda um það öll hin sömu rök og um endurbyggingu þjóðvega.

Hér er einnig gerð tillaga um, að framlagið til kaupa á vegagerðarvélum verði hækkað um röska hálfa aðra millj. kr., en fyrir vegagerð ríkisins hefur í þessu efni farið eins og hjá ýmsum öðrum, sem endurnýja verða dýr tæki, að fyrningarsjóðirnir hafa gufað upp í verðbólgunni og reynzt ófullnægjandi, þegar til hefur þurft að taka. Hins vegar er góður vélakostur slíkt undirstöðuatriði í árangursríkri framkvæmd vegagerðar, að engin rök eru fyrir að daufheyrast við umsókn vegagerðarinnar um þetta efni, svo sterkum rökum sem hún er studd.

Um margra ára skeið hefur á fjárlögum staðið örsmátt og með öllu gagnslaust framlag til steyptra eða malbikaðra vega í kaupstöðum. Það nemur nú 95 þús. samkvæmt fjárlagafrv. og skiptir í rauninni engan hrepp eða bæ neinu máli í sambandi við kostnað af slíkri gatnagerð. Hið minnsta framlag, sem ætla má að komið gæti að einhverju gagni til örvunar þess háttar framkvæmda, er 1 millj. kr., og er hér gerð tillaga um það.

Framlag ríkisins til hafnargerðanna hefur um mörg ár verið of lágt. Samkvæmt gildandi lögum ber ríkinu að greiða vissan hluta af kostnaði við hafnargerðir. Við þá greiðsluskyldu er ekki staðið, og safnast af þeim sökum stöðugt hækkandi skuld á ríkissjóð vegna hafnarframkvæmdanna. Það er í rauninni að afgreiða hallafjárlög að láta við svo búið standa ár frá ári. Í raun réttri þarf stórt átak af ríkisins hálfu til að koma hafnarframlögunum í viðhlítandi horf, og sú tillaga, sem hér er gerð, getur ekki miðazt við, að slíkt skref verði stigið í þessum fjárlögum, heldur miðast hún við að skapa örlítið betra olnbogarúm til að leysa hinar brýnustu þarfir og gerir aðeins ráð fyrir góðlega tveggja milljóna aukningu framlagsins.

14. gr.

Lagt er til, að upp verði tekið 200 þús. kr. framlag til greiðslu álags á yfirvinnu kennara, en svo sem kunnugt er njóta ríkisstarfsmenn, svo sem raunar allar aðrar

launastéttir þjóðfélagsins, nokkurrar hækkunar á kaupi fyrir þann tíma, sem unninn er umfram hinn umsamda daglega vinnutíma. Á þessu er þó sú undantekning, að ríkisvaldið hefur til þessa ekki látið þessi hlunnindi ná til kennara, hvorki sem beina greiðslu né heldur að því er varðar ríkisþátttöku í almennum skólakostnaði. Er hér raunar um hreina rangsleitni að ræða, sem engan veginn er stætt á, og þykir því eðlilegt að ætla fé til þessarar greiðslu, þótt ríkisstjórnin þrjózkist enn við að framkvæma hana. Hér er gert ráð fyrir 200 þús. kr. fjárveitingu í þessar þarfir, og er það áætlunarupphæð.

16. gr.

Í lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins er gert ráð fyrir ákveðinni þátttöku ríkisins í stofnkostnaði mjólkurbúa, og er ætluð í þessar þarfir fjárveiting á fjárlögum 95 þús. að upphæð. Framlag þetta er að miklum mun of lágt, og safnast á ríkið skuldir við byggjendur mjólkurbúa. Það er í raun réttri ekki annað en óskilvísi að leggja ekki fram fé í þessar skyldur, eftir því sem lög bjóða. Þar á ofan er það grár leikur af ríkinu að láta þá framkvæmdaaðila, sem hér eiga hlut að máli, bíða von úr viti eftir lögboðnum ríkisgreiðslum, því að þeir eru undantekningarlaust févana bændur, sem taka óþægindin út á sjálfum sér í versnandi lífskjörum, annaðhvort í lækkuðu mjólkurverði vegna skulda á okurvöxtum Viðreisnarinnar eða með því að koma ekki framleiðsluvöru sinni í verðmæti, nema hvort tveggja sé. Hér er gerð tillaga um, að framlagið verði hækkað upp í 2 millj. kr., svo sem nauðsynlegt er.

Óþarft er að hafa mörg orð um það, hver nauðsyn það er þjóðarbúskapnum öllum, að allt sé gert, sem unnt er, til þess að fiskifloti okkar nái sem beztum árangri í veiðunum. Í þessu skyni er hér lagt til, að framlagið til leitar nýrra fiskimiða og framlagið til tilrauna með nýjar síldveiðiaðferðir verði tvöfaldað.

17. gr.

Varðandi framlag til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna er gerð tillaga um rösklega tvöföldun, þannig að framlagið verði 1 millj. kr., og er það sumpart til að vega upp á móti þeim verðhækkunum, sem orðnar eru nú og fært hafa byggingarkostnaðinn svo mjög upp sem raun er á. Einnig má sanngjarnt telja, að þjóðfélagið sýni vinnustéttum sínum þann skilning, ekki sízt með tilliti til þess, hve langan vinnudag menn verða nú á sig að leggja til að öðlast sitt daglega brauð, að eiga að því skaplegan hlut, að upp komi orlofs-hvíldarheimili fyrir verkafólk.

19. gr.

Sú ríkisstjórn, sem leggur fólkinu í landinu þann vanda á herðar að mæta stórvaxandi dýrtíð án nokkurrar tekjuhækkunar, ætti sannarlega ekki að skorast undan því að sýna svolitla sparnaðarviðleitni í stjórnarráðinu, í utanríkisþjónustunni, í dómgæzlunni, í lögregluhaldinu, í toll- og skattheimtunni. En þetta vill hún ekki reyna að eigin frumkvæði, það hefur hún þegar sýnt. Þá er þó eftir sú leið, að Alþingi fyrirskipi henni sparnað með lögum. Hér er líka gerð tillaga um það, að á þeim liðum, sem nefndir hafa verið, spari hún 10% að meðaltali. Þetta er áreiðanlega miklu minni vandi fyrir ríkisstjórnina heldur en fyrir venjulegan daglaunamann að draga svo saman rekstrarkostnað heimilis síns, að kaupið endist fyrir gjöldum, eins og verðlag er nú orðið í landinu. Tillaga þessi færir ríkinu 11237525 kr. sparnað, ef samþykkt verður.

20. gr.

Lagt er til, að framlag til flugvallagerðar hækki í 11 millj. kr., en sú hækkun nemur röskum fjórðungi á þriðju millj. kr. og mundi liðka mjög til um framkvæmdir, ef samþykkt yrði.

Þær tillögur, sem þessu nefndaráliti fylgja, stefna ekki greiðslujöfnuði fjár-

laganna í neina hættu, þar eð öllu meiri sparnaðaraukning fengist en útgjaldaaukningu nemur að þeim öllum samþykktum.

Alþingi, 3. des. 1960.

Karl Guðjónsson.

Sþ. 174. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Eins og undanfarin ár hafa samgöngumálanefndir beggja deilda unnið saman að undirbúningi tillagna um framlög ríkisins til flóabáta og vöruflutninga. Að þessu sinni hefur samvinnunefndin haft minni tíma til þessara starfa en oft áður, auk þess sem ekki liggja fyrir rekstrarreikningar nokkurra flóabáta fyrir yfirstandandi ár. Eins og ávallt áður hefur nefndin notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Fátt er það, sem strjálbýlinu er jafnmikilvægt og bættar samgöngur á sjó og landi. Mikið hefur áunnizt í þeim efnum undanfarinn áratug, enda ávallt gætt skilnings og einhugar meðal þingmanna um framlög úr ríkissjóði til að tryggja þessa þjónustu við strjálbýlið. Margs konar truflunum hafa þó hinir miklu fólksflutningar úr strjálbýlinu í þéttbýlið valdið í sambandi við þessa þjónustu, og vissulega er það mikil nauðsyn, að gerð verði ýtarleg rannsókn á sjóflutningum við strendur landsins og þeim komið í það horf, sem bezt hentar fyrir þá aðila, sem þeirra eiga að njóta.

Um rekstur einstakra flóabáta og framlög til þeirra skal þetta tekið fram:

Norðurlandssamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til „Drangs“ hækki úr 660 þús. kr. í 700 þús. kr. og framlag til Strandabáts verði 160 þús. kr. eða sama og í ár og rekstrartími bátsins nái yfir 8 mánaða tímabil.

Þá leggur nefndin til, að Haganesbátur fái 8 500 kr. framlag, Hríseyjarbátur 30 þús. kr. og Flateyjarbátur á Skjálfanda 48 þús. kr., en þetta eru sömu rekstrarframlög og þessir bátar njóta á fjárlögum yfirstandandi árs.

Austfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til Loðmundarfjarðarbáts verði hið sama og í ár, eða 42 þús. kr., að framlag til Mjóafjarðarbáts verði einnig hið sama og á yfirstandandi ári, 90 þús. kr., og þá ráð fyrir gert, að báturinn haldi uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með líkum hætti og s. l. ár.

Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu verði hið sama og á yfirstandandi ári, eða 270 þús. kr., og framlag vegna vöruflutninga til Öræfa og bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu verði einnig hið sama og á þessu ári, eða 120 þús. kr. — Þá leggur nefndin til, að veittar verði til Vestmannaeyjabáts 150 þús. kr. vegna mjólkurflutninga.

Faxaflóasamgöngur:

Skallagrímur h/f naut framlags úr ríkissjóði á yfirstandandi ári, að fjárhæð 850 þús. kr. Nefndin leggur til, að framlag á næsta árs fjárlögum verði hið sama. — Framlag til Mýrabáts leggur nefndin til að verði það sama og á þessu ári, eða 4500 kr.

Breiðafjarðarsamgöngur:

Á yfirstandandi ári var veitt rekstrarframlag til Flateyjarbáts, 200 þús. kr., en af upphæðinni átti að verja 20 þús. kr. til snjóbílsferða milli Fjarðar í Austur-Barðastrandarsýslu og Patreksfjarðar. Þá fór og fram síðari greiðsla, 65 þús. kr., vegna viðgerðarkostnaðar á bátnum. Nefndin leggur til, að Flateyjarbátur njóti sama rekstrarframlags á næsta ári, eða 200 þús. kr., en af upphæðinni gangi 20 þús. kr. til snjóbílsferða, á sama hátt og á yfirstandandi ári. — Í sambandi við rekstur Stykkishólmsbáts leggur nefndin til, að framlag til hans verði hið sama og á þessu ári, eða 660 þús. kr. — Þá leggur nefndin til að rekstrarframlag til Langeyjarnesbáts verði hið sama og í ár, eða 30 þús. kr., og auk þess njóti báturinn eða eigandi hans 15 þús. kr. framlags vegna endurbyggingar bátsins.

Vestfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að Djúpbátnum verði veitt sama rekstrarframlag og á þessu ári, eða 660 þús. kr. — Þá leggur nefndin til, að framlag til Dýrafjarðarbáts verði hið sama og í ár, eða 10 þús. kr., og framlag til Patreksfjarðarbáts verði hækkað úr 3 500 kr. í 10 000 kr. — Að fengnum upplýsingum telur nefndin ekki þörf á framlagi til Arnarfjarðarbáts á næsta ári.

Nefndin leggur til, að þeir aðilar, sem hljóta véla-, viðgerðar- eða byggingarstyrki, skuli skuldbinda sig til að taka ekki viðkomandi skip úr siglingum þeim, sem það er styrkt til, næstu fimm ár, nema styrkurinn verði endurgreiddur.

Samkvæmt framangreindum tillögum samvinnunefndar samgöngumála nema framlög til flóabáta og vöruflutninga í heild 4 058 000 kr. Eins og að framan greinir, leggur nefndin til, að fjárhæðin skiptist þannig:

Norðurlandsbátur	700 000 kr.
Strandabátur	160 000 —
Haganesbátur	8 500 —
Hríseyjarbátur	30 000 —
Flateyjarbátur á Skjálfanda	48 000 —
Loðmundarfjarðarbátur	42 000 —
Mjóafjarðarbátur	90 000 —
Vöruflutningar á Suðurlandi	270 000 —
Til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu og til vöruflutninga til Öræfa	120 000 —
Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	150 000 —
H/f Skallagrímur — „Akraborg“	850 000 —
Mýrabátur	4 500 —
Flateyjarbátur á Breiðafirði	200 000 —
Stykkishólmsbátur	660 000 —
Langeyjarnesbátur	30 000 —
Sami, vegna endurbyggingar báts	15 000 —
Djúpbátur	660 000 —
Dýrafjarðarbátur	10 000 —
Patreksfjarðarbátur	10 000 —
Samtals	4 058 000 kr.

Alþingi, 5. des. 1960.

Sig. Ágústsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar
Benedikt Gröndal fundarskr. Nd.-nefndar.
Jón Árnason, fundarskr. Ed.-nefndar.
Björn Pálsson, með fyrirvara.
Sigurvin Einarsson.
Bjartmar Guðmundsson.
Ólafur Jóhannesson.
Lúðvík Jósefsson.
Jónas Pétursson.

Ed. **175. Frumvarp til laga** [124. mál]

um ríkisábyrgðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum.

2. gr.

Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.

3. gr.

Ekki má ríkissjóður takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið.

Ríkissjóður má eigi ganga í ábyrgð, nema sett sé næg trygging að dómi fjármálaráðherra.

4. gr.

Hver sá, er ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir, skal greiða honum áhættugjald um leið og ábyrgð er tekin, 1% af ábyrgðarupphæð.

Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal á sama hátt greiða 1% um leið og ábyrgð er veitt, en auk þess ½% á ári af ábyrgðarskuldinni, eins og hún er hverju sinni. Lánveitandi skal krefja hið árlega gjald og standa skil á því til ríkissjóðs, enda er ábyrgð ríkissjóðs úr gildi fallin, ef vanskil verða á gjaldinu. Ekki má ríkissjóður ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir erlendu láni nema fyrir milligöngu innlends banka, er sjái um greiðslur erlendis og annist innheimtu á hinu árlega ábyrgðargjaldi.

5. gr.

Nú fellur ábyrgðargreiðsla á ríkissjóð, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að halda eftir greiðslum, er aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til greiðslu skuldarinnar, þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu eigi fyrir hendi.

6. gr.

Ekki má undan fella að ganga að tryggingu fyrir ábyrgðarláni, ef greiðsla fellur á ríkissjóð, nema sérstök heimild Alþingis komi til.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela einhverjum ríkisbankanna að vera fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem fjármálaráðherra kveður nánar á um. Skal sá banki kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og að því búnu gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda. Þá skal og bankinn fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, og eru þeir skyldir að láta bankanum í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er bankinn telur nauðsynleg, til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Ef einhver tregðast við að láta umbeðnar upplýsingar í té, má fjármálaráðherra beita dagsektum, allt að 500 kr. fyrir hvern dag, unz gögnin eru í té látin. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má í þeirri reglugerð m. a. ákveða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli fyrir á annan hátt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skulu þrír menn, sem fjárveitinganefnd Alþingis tilnefnir úr sínum hópi, gera tillögur til fjármálaráðherra um, hversu innheimta skuli eða semja um skuldir vegna ábyrgða, sem á ríkissjóð hafa fallið. Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, ef þeir aðilar, sem um ræðir í 1. málslið þessarar greinar, leggja slíkt einróma til.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til ný lagaákvæði hafa verið sett um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, skal heimilt, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., að veita ríkisábyrgð vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 26. febrúar 1959 samþykkti Alþingi svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að setja raunhæfa löggjöf um ríkisábyrgðir, þar sem sett verði almenn skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgða og samræmdar eftir föngum reglur um það efni. Enn fremur verði kannaðar orsakir vanskila á ríkisábyrgðarlánum og tillögur gerðar um úrbætur, svo sem við verður komið.“

Málið hefur síðan verið athugað frá ýmsum hliðum, og á grundvelli þeirra athugana hefur frumvarp þetta verið samið í fjármálaráðuneytinu. Með frumvarpinu er að því stefnt að setja almennar reglur um skilyrði þau, sem uppfylla þarf til þess að fá ríkisábyrgð, og hversu að skuli fara, ef vanskil verða. Hins vegar hefur ekki þótt tiltækilegt að breyta hinum einstöku gildandi ákvæðum um ríkisábyrgðir. Orsakir vanskila hafa heldur ekki verið kannaðar í einstökum atriðum, enda leiðir af ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður, að meta verður og vega gjaldgetu og efnahag hvers einstaks aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán.

Nauðsyn almennrar löggjafar um ríkisábyrgðir, sem að því miði að draga úr vanskilum og helzt koma í veg fyrir þau, verður brýnni með ári hverju. Um síðustu áramót námu ríkisábyrgðir samtals 1572 millj. kr. Útgjöld ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum hafa vaxið ár frá ári og munu væntanlega í ár nema meira en 40 millj. kr. Verði ekki spyrnt við fótum, geta þessi útgjöld orðið óviðráðanleg.

Eðlilegt er að veita ríkisábyrgð til að greiða fyrir mikilvægum framkvæmdum, en sé talið nauðsynlegt, að ríkið veiti beina fjárhagsaðstoð, verður það að gerast með öðru móti en að láta ábyrgðarlán falla á ríkissjóð.

Að öðru leyti þykir ástæða til að taka þetta fram um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í greininni er ákveðið, að ábyrgðarheimild skuli ætíð veitt í lögum. Hefur nokkuð tíðkazt, að Alþingi hafi veitt slíkar heimildir með þingsályktun, og hefur það jafnvel verið gert, þótt um mjög verulegar fjárhæðir hafi verið að ræða, svo sem um ábyrgð á lánum til flugvélakaupa.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar er m. a. svo fyrir mælt, að ekki megi taka lán, er skuldbindi ríkið, nema samkvæmt lagaheimild. Með hliðsjón af þessu er ekki óeðlilegt, að lagaheimildar sé krafizt til þess, að ríkissjóður megi takast á hendur ábyrgðir á lánum, ekki sízt þar eð sú hefur orðið raunin undanfarið, að veruleg áhætta hefur fylgt slíkum ábyrgðarheimildum.

Heimild er jafngild, þótt hún sé veitt í bráðabirgðalögum eða í fjárlögum.

Um 2. gr.

Munur á sjálfskuldarábyrgð og svonefndri einfaldri ábyrgð er sá, að þegar um sjálfskuldarábyrgð er að ræða, getur skuldareigandi gengið beint að ábyrgðarmanni, ef eigi er greitt á réttum gjalddaga. Ef ábyrgð er einföld, verður að þrautreyna, að skuldari geti ekki innt greiðslu af höndum, áður en ábyrgðarmaður er krafinn. — Er af þessu auðsætt, að miklu er áhættusamara að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð. Þykir því rétt, að Alþingi ákveði hverju sinni í lögum þeim, sem ábyrgð heimila, ef sá háttur skal á hafður.

Felst þá jafnframt í 2. gr. frumvarpsins sú lögskýringarregla, að þar sem eftirleiðis verður rætt um ábyrgð ríkissjóðs í lögum, sé átt við einfalda ábyrgð, nema annars sé skýrlega getið.

Um 3. gr.

Telja verður sjálfsagða reglu, að ríkissjóður taki ekki nýjar ábyrgðir fyrir aðila þá, sem ekki hafa staðið í skilum með eldri ábyrgðarlán. Getur í þessu efni verið tvennt til, þegar ábyrgðar er beiðzt. Annað það, að vanskil séu orðin á láni, sem ríkissjóður hefur að vísu enn ekki greitt, þó að hann hafi verið krafinn. Verður þá skuldari að koma láninu í lag, ella verður eigi veitt ábyrgð á nýjum lánum. Hitt er, að sá, er ábyrgðar beiðist, skuldi greiðslur, sem á ríkissjóð hafa fallið vegna ábyrgða fyrir hann. Er þá ekki heimilt að veita ábyrgð, nema um þessar skuldir sé samið.

Þegar ríkissjóður tekst á hendur sjálfskuldarábyrgð, er aðalreglan sú, að skuldari er látinn setja sérstaka tryggingu fyrir áhættu þeirri, sem af ábyrgðarskuldbindingunni kann að leiða.

Ef ábyrgðin er einföld, mundi lánveitandi sjálfur taka tryggingu af skuldara, þar eð hann verður að reyna að innheimta hjá honum, áður en ábyrgðarmaður er krafinn. Þótt þessu sé þannig farið, getur eigi að síður verið ástæða til þess fyrir fjármálaráðherra að hafa hönd í bagga um, hverjar tryggingar lánveitandi tekur, þar eð því öruggari sem þær eru, þeim mun minni er áhætta ríkissjóðs. Getur ráðherra þá synjað ábyrgðar, ef hann telur tryggingu ekki nægа.

Um. 4. gr.

Það mun tíðkast, að lánastofnanir taki sérstaka þóknun, er þær taka ábyrgð á skuld eða yfirfærslu gjaldeyris. Með hliðsjón af því, hver áföll ríkissjóður hefur hlotið undanfarið af þeim ábyrgðum, sem hann hefur tekizt á hendur, verður ekki talið óeðlilegt, að hann áskilji sér nokkra þóknun til að mæta að einhverju leyti þeim töpum, sem hann kann hér eftir að verða fyrir á ábyrgðarskuldbindingum. Rétt þykir, að gjaldið sé hærra, ef um sjálfskuldarábyrgð er að ræða, þar eð sú tegund ábyrgðar er miklu áhættusamari.

Um 5. gr.

Ríkissjóður hefur tekizt á hendur ábyrgðir á lánum fyrir ýmsa aðila, sem greiðslur fá frá honum. Er ríkissjóði hér veitt rúm heimild til skuldajafnaðar, þegar svo stendur á, að í hlut eiga aðilar, sem ekki hafa staðið í skilum með ríkisábyrgðarlán og greiðsla því fallið á ríkissjóð.

Um 6. gr.

Rétt þykir, að sérstök heimild Alþingis þurfi að koma til, ef látið er hjá líða að ganga að tryggingu, sem ríkissjóði hefur verið sett, þegar ábyrgð var tekin á láni. Getur af slíku aðgerðarleysi leitt, að krafa glatist með öllu. Er því rétt að setja tilvik sem það, er greinin fjallar um, á bekk með eftirgjöf skuldar, en ráðherra er óheimilt að gefa eftir kröfur ríkissjóðs á hendur öðrum, nema heimild Alþingis komi til.

Um 7. gr.

Ýmis þau atriði, sem athuga þarf, er dæma á um, hvort rétt sé að veita ríkisábyrgð, eru þess háttar, að meðferð þeirra á bezt heima í stofnun, sem rekur lánastarfsemi og hefur á að skipa æfðu starfsliði á því sviði. Af þessum sökum er í greininni lagt til, að fjármálaráðherra geti falið einhverjum ríkisbankanna að vera fjármálaráðuneytinu til aðstoðar um þetta.

Nauðsynlegt er, að vel sé fylgzt með fjárhag þeirra aðila, sem ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir. Þessu hlutverki hefur banki að ýmsu leyti betri aðstöðu til að sinna en ráðuneyti. Eru því ákvæði um þetta efni í 3. málslið greinarinnar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Ríkissjóður á nú stórfé hjá ýmsum aðilum, bæði einstaklingum, bæjar- og sveitarfélögum og ýmsum félögum vegna ábyrgðargreiðslna, sem á hann hafa fallið. Ef frumvarp þetta nær fram að ganga á Alþingi, verður ekki hjá því komizt að gera gangskör að því að semja um kröfur þessar, m. a. með tilliti til ákvæða 1. mgr. 3. gr.

Þess er ekki að dyljast, að ýmsar af þessum kröfum eru algerlega tapað fé. Það er því nauðsynlegt, að fram fari gagnger athugun á þessum málum, m. a. í því skyni að fá yfirlit um, hverjar kröfur séu tapaðar og um hverjar skuli semja og þá með hvaða kjörum.

Er lagt til, að þrír menn, sem fjárveitinganefnd Alþingis tilnefnir úr sínum hópi, skuli gera tillögur um þetta efni. Þá er og í síðari málslið greinarinnar almenn heimild ráðherra til handa til að gefa eftir einstakar kröfur, ef slíkt er einróma lagt til af fyrrgreindum aðilum. Verður að horfast í augu við þá staðreynd, að til þess að ákvæði frv. þessa, ef að lögum verður, geti orðið raunhæf, verður ekki hjá því komizt að gefa eftir meira eða minna af þeim kröfum, sem ríkissjóður hefur eignazt við það, að á hann hafa fallið ábyrgðir.

Um 10. gr.

Í sambandi við gildistökuákvæðið má geta þess, að ætlazt er til, að ákvæði 5. og 6. gr. taki einnig til ábyrgðarlána, sem til er stofnað fyrir gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í lögum um hafnargerðir og lendingarbætur er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist lán til greiðslu þess hluta kostnaðar við hafnargerðir, sem ekki greiðist með framlagi úr ríkissjóði. Engar tryggingar eru settar fyrir ábyrgð ríkissjóðs. Miklar ábyrgðir hafa fallið á ríkissjóð fyrir ýmsar hafnargerðir, og er ljóst, að á sumum stöðum hefur verið ráðizt í kostnaðarsamari framkvæmdir en viðkomandi sveitarfélag getur risið undir. Með þingsályktun frá 26. marz 1958 var ríkisstjórninni falið m. a. að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, ef ástæða þætti til að breyta þeim með hliðsjón af fenginni reynslu. Sé sveitarfélagi um megn að standa straum af sínum hluta kostnaðar við hafnarmannvirki, sem talin eru nauðsynleg, er eðlilegra, að ríkissjóður greiði stærri hluta kostnaðarins með beinum framlögum, heldur en að kostnaðinum sé komið yfir á ríkissjóð í formi vanskila á ríkisábyrgðarlánum.

Rétt þykir að fylgja gildandi reglum um veitingu ríkisábyrgða á lánum til hafnargerða, þar til umræddri endurskoðun er lokið. Þar sem engar tryggingar eru settar fyrir þessari tegund ríkisábyrgða, verður að undanþiggja þær ákvæðum 3. gr. frumvarpsins.

Nd. 176. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá: Gísla Guðmundssyni, Birgi Finnssyni, Lúðvík Jósefssyni og Sigurði Ágústssyni.

1. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   15. gr. laga nr. 47 1958 breytist þannig, að í stað orðanna „einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 36. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 36. gr.“ komi: og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 36. gr.
2. Aftan við fyrirsögn bætist: og lögum nr. 47 1958, um breyting á þeim lögum.

Nd. 177. Lög [40. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 40.

Nd. 178. Frumvarp til laga [125. mál]

um viðauka við lög nr. 18 4. nóvember 1887, um veð.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna komi nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn, til tryggingar lánum þeim, er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs, og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla eða afurðir á hverjum tíma.

Nú hefur eigandi veðsetts afla eða afurða afhent öðrum hinar veðsettu vörur, og öðlast veðhafinn þá veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim, sem við hinum veðsettu afurðum tók um endurgjald af hans hálfu fyrir afla þann eða afurðir, sem af hendi voru látin. Sá, sem við aflanum eða afurðunum tók, bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari, hafi hann greitt hana veðsala, áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þessum.

Víxlar til framlengingar á afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, skulu undanþegnir stimpilgjaldi.

2. gr.

Ákvæði 89. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. gr. skiptalaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 34 31. maí 1927 og 1. gr. laga nr. 46 19. júní 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 4. gr. veðlaganna frá 1887 er mönnum bannað „að setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar, og einkenndir eru einu almennu nafni.“ Frá þessu eru þó gerðar vissar undantekningar í lögum og varðar í þessu sambandi mestu sú breyting á ofannefndri lagagrein, sem gerð var með lögum nr. 34/1927, þegar „útgerðarmanni“ var gert „heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn, til tryggingar lánum, er hann tekur til útgerðarinnar á því hjá stofnunum þessum.“

Þegar þessi lagabreyting var gerð árið 1927, hafði löggjafinn fyrst og fremst í huga lán út á afla, veiddan eða óveiddan, sem útgerðarmaður verkaði sjálfur eða lét verka sem saltfisk til útflutnings. Síðan hafa atvinnuhættir breytzt mjög. Í fyrsta lagi hafa komið til margvíslegar nýjar verkunaraðferðir, og er oft ekki ráðið, hvernig fiskur verður verkaður, fyrr en aflinn er kominn í land. Í öðru lagi er nú miklu algengara en áður var, að útgerðarmaður selji öðrum aðila afla sinn til verkunar, og er því gerð skilgreining á „útgerðarmanni“ og „framleiðanda“ útflutningsafurða. Í þriðja lagi hafa hin svonefndu „afurðalán“ á síðari árum orðið æ meiri þáttur í stuðningi lánastofnana við bæði sjávarútveg og landbúnað.

Af þessum sökum og til þess að taka fyrir vafaatriði um túlkun laganna frá 1927, er nauðsyn að gera lagaákvæði þessi skýrari og koma þeim í betra samræmi við núverandi atvinnuhætti. Því er lagt til, að 4 nýjum málgreinum verði bætt við 4. gr. veðlaganna á eftir 3. mgr. og komi þær í stað laganna frá 1927. Er ástæða til eftirfarandi athugasemda um hverja þeirra.

1) Kveðið er skýrt á um það, að útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og öðrum, sem hafa vörur þessar til sölumeðferðar, sé heimilt að veðsetja banka eða sparisjóði afurðir þessar að sjálfsvörzluveði, svo og að framleiðendum sé heimilt að veðsetja sömu aðilum rekstrarvörur (svo sem salt og tunnur), til tryggingar lánum, sem þessir aðilar taka út á hin veðsettu verðmæti. Þar eð heimildin nær til veðsetningar á verðmætum, sem sum eru ekki orðin til (svo sem óveidds afla), þykir eðlilegt að binda hana við ákveðið, tiltölulega stutt tímabil, svo sem gert var í lögunum frá 1927, en vegna breyttra atvinnuhátta er lagt til, að þessi tími verði eitt ár í stað „eins útgerðartímabils“.

2) Bætt er við ákvæði til að tryggja rétt lánsstofnana gagnvart þriðja manni, sem kynni að hafa tekið við veðsettum afla eða afurðum, með því móti að veðsetningin félli niður.

3) Ákvæðið um heimild fjármálaráðuneytisins til að lækka lögákveðin þinglestrargjöld af skuldabréfum fyrir lánum þessum er í lögunum frá 1927, en eðlilegt þykir, að hið sama gildi um stimpilgjöld

4) Loks er tekið fram, að víxlar til fremlengingar á afurðavíxlum sem Seðlabankinn hefur endurkeypt, skuli undanþegnir stimpilgjaldi. Vegna strangra reglna Seðlabankans um framlengingar á afurðavíxlum og dráttar, sem oft vill verða á greiðslum fyrir afurðir, án þess að framleiðendum sé um að kenna, og með tilliti til viðurkenndra forréttinda afurðalána t. d. hvað vexti og þinglýsingargjöld snertir, verður að teljast fullkomlega eðlilegt, að stimpilgjald sé aðeins greitt einu sinni af hverju endurkaupanlegu afurðaláni, enda eru þessi lán ætíð endurgreidd þegar í stað, þegar gerð hafa verið skil til framleiðenda á andvirði vörunnar. Fordæmi um undanþágu frá stimpilgjaldi við framlengingu finnast í lögum, sjá t. d. lög nr. 31/1930.

Ákvæði í 2. gr. frv. er tekið óbreytt eftir lögum nr. 46 19. júní 1933.

Ed. 179. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1960.

Jón Þorsteinsson, form. Ólafur Jóhannesson, frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr.

Sigurður Ó. Ólafsson. Alfreð Gíslason.

Sþ. 180. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961 og við brtt. á þskj. 162.

I. Frá *Birni Jónssyni.*
Við brtt. 162, 19. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 73. (Múlavegur).
Fyrir „300 000“ kemur 500 000
2. Við 74. Nýr liður:
Vatnsendavegur 130 000

II. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við brtt. 162, 19. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 86. Nýr liður:
Hellisheiði 100 000
2. Við 89. Nýr liður:
Hróarstunguvegur austan Lagarfljóts 50 000
3. Við 99. (Stöðvarfjarðarvegur).
Fyrir „310 000“ kemur 410 000
4. Við 101. (Berufjarðarvegur).
Fyrir „130 000“ kemur 170 000
5. Við 102. (Geithellnavegur).
Fyrir „130 000“ kemur 170 000

III. Frá *Birni Jónssyni.*
Við brtt. 162, 21. 9. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir. Nýr liður:
Djúpadalsá í Eyjafirði 300 000

IV. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við brtt. 162, 21. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
1. Við 11. Nýr liður:
Sandá í Jökuldal 350 000
2. Við 12. Nýr liður:
Selá í Álftafirði 150 000

V. Frá *Birni Jónssyni.*
Við 13. gr. A. XII. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum, þar af 50 þús. kr. til að koma Bakkaseli í Öxnadal í ábúð eða til varðstöðu þar að vetrinum 150 000

VI. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. II. (Til flóabáta og vöruflutninga).
Fyrir „4 091 500“ kemur 4 058 000

VII. Frá *Birni Jónssyni.*
Við brtt. 162, 23. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannivirki).
1. Við 2. (Akureyri).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
2. Við 3. (Akureyri, dráttarbraut).
Fyrir „500 000“ kemur 750 000
3. Við 19. (Húsavík).
Fyrir „325 000“ kemur 400 000

VIII. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við brtt. 162, 23. (Við 13. gr. C. VIII. 38. — Hafnarmannvirki, Vopnafjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000

IX. Frá *Birni Jónssyni.*
1. Við 17. gr. V. 12. h. (Til Sjálfsbjargar).
Fyrir „25 000“ kemur 100 000
2. Við brtt. 162, 95. 5. (Við 20. gr. Út. IX. — Flugvallagerð).
Nýr liður:
Þórshöfn 130 000

Nd. 181. Frumvarp til laga [126. mál]

um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 smálestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

Á fiskiskipum og flutningaskipum, sem eru 25 smálestir brúttó eða stærri, og á farþegaskipum, sem eru 25—800 smálestir brúttó, er skylt að hafa matsveina.

2. gr.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 1. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 2. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;
b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina- og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipum;
c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem matreiðslumaður á fiskiskipum samkv. 1. gr. í 18 mánuði.

3. gr.

Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

4. gr.

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi uppfylla annað hvort eftirtalinna skilyrða:
a. að hafa meistararéttindi í matreiðslu og hafa starfað sem matreiðslumaður á farþega- eða flutningaskipi í sex mánuði og staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann;
b. að hafa meistararéttindi í framreiðslu og hafa unnið sem aðstoðarmatreiðslumaður í eitt ár, þar af sex mánuði á skipi, og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

5. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, ef þeir innan fimm ára krefjast viðurkenningar ráðuneytisins á rétti sínum til þessara starfa.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni Félags matreiðslumanna og Matsveinafélags S.S.Í.

Frv. samhljóða þessu var flutt á Alþingi 1957—58 og á síðasta Alþingi, en var ekki afgreitt. Frumvarpinu fylgdi í upphafi eftirfarandi greinargerð:

„Samband matreiðslu- og framreiðslumanna hefur á undanförnum þingum óskað eftir því við Alþingi, að lagt verði fram og samþykkt frv. til laga um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Á síðasta þingi sendum vér til hv. iðnaðarnefndar neðri deildar bréf með ósk um flutning slíks frv., en ekki varð úr því þá, að það yrði flutt.

Frv. það, sem vér sendum í fyrra, hefur verið endurskoðað af skólanefnd Matsveina- og veitingaþjónaskólans eftir ósk sambands vors.

Umsögn skólanefndar hefur oss borizt, og segir þar m. a.:

„Mál það, sem í bréfinu er greint frá“ (bréfi voru til skólanefndar), „ásamt tilvitnuðum gögnum öllum hefur skólanefndin tekið fyrir á nokkrum fundum sínum og er samþykk því, að sett verði lög um bryta og matreiðslumenn á fiskiskipum og farskipum, og eftir að hafa yfirlitið frv., er sambandið samdi, og norsku og dönsku lögin, leggur skólanefndin til, að hv. Alþingi verði sent frv. það, sem fylgir hér með, en það er frv. til laga um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.“

Samband vort leyfir sér hér með að senda hv. iðnaðarnefnd efri deildar frv. það, sem að framan er vitnað til, og er það eins og skólanfendin samdi það. Jafnframt leyfum vér oss að vænta þess, að hv. þingnefnd sjái sér fært að flytja það fyrir oss á Alþingi.

Um einstakar greinar frv. viljum vér taka þetta fram:

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að skylt sé að hafa matreiðslumenn eða bryta á öllum vélknúnum skipum. Er hér um svipað efni að ræða og í norskum lögum, nema hvað lágmarkstala áhafnar er þar 10 manns.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar. Hvað 2. gr. viðkemur, er þar farið eftir norsku lögunum, en þó sniðið eftir íslenzkum aðstæðum.

Um 4. gr.

Það verður að telja nauðsynlegt fyrir bryta á skipi, að hann hafi starfað við matreiðslu á skipum, áður en hann fær réttindi til starfans, en slíka reynslu skortir þann matreiðslumann, sem eingöngu hefur starfað við iðn sína á veitingastöðum í landi, þó að langur starfstími sé að baki. Einnig verður að telja nauðsynlegt fyrir framreiðslumann að hafa fengið reynslu í matreiðslustörfum, áður en hann öðlast réttindi til brytastarfa, því að starf bryta útheimtir mikla þekkingu á meðferð og hagnýtingu hráefna og við innkaup varðandi fæðissölu. Gert er ráð fyrir, að við námskeið, sem stofnað verður til samkv. 3. gr., öðlist matreiðslumenn þá undirstöðuþekkingu í framreiðslu, sem bryta er nauðsynleg í starfi sínu.

Í dönskum og norskum lögum, sem höfð hafa verið til hliðsjónar, þegar frv. þetta var samið, er ekki gert ráð fyrir, að framreiðslumenn geti öðlazt réttindi til brytastarfa, en vegna reynslu í þessum efnum hér á landi verður að telja rétt að útiloka þá ekki frá starfinu, en að þeim sé veittur sá réttur að uppfylltum þeim skilyrðum, er b-liður 4. gr. segir til um.

Um 5., 6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.“

Sþ. 182. Tillaga til þingsályktunar [127. mál]

um sameiningu löggæzlu og tollgæzlu.

Flm.: Einar Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem auðið er, sameina almenna löggæzlu og tollgæzlu í hinum stærri kaupstöðum landsins.

Greinargerð.

Almenn löggæzla og tollgæzla eru tveir þættir réttarvörzlu hins opinbera. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri, en utan Reykjavíkur hafa sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar með höndum stjórn beggja þessara þátta réttarvörzlunnar, hver í sínu umdæmi. Væri því eðlilegt og raunar sjálfsagt að dómi flm., að náið samstarf og samvinna væri með þeim starfsmönnum, sem annast almenna löggæzlu og tollgæzlu á einum og sama stað, en svo er þó ekki í rauninni víðast hvar. Að vísu mun það vera svo, að í kauptúnum og smærri kaupstöðum, þar sem engir fastir lögreglumenn eru, en tollvörður er starfandi, mun hann einnig að einhverju

leyti gegna störfum sem löggæzlumaður á samkomum, en í stærri kaupstöðum landsins, þar sem er fast lögreglulið og einnig starfandi tollvörður eða tollverðir, er samstarf og samvinna með þessum starfsmönnum lítil sem engin. Verður þetta skiljanlegt, þegar þess er gætt, að á undanförnum árum hefur fjármálaráðuneytið í vaxandi mæli tekið í sínar hendur beina stjórn tollgæzlunnar í stærri kaupstöðum utan Reykjavíkur, og hefur tollstjórastarf yfirvalda í viðkomandi kaupstöðum lítið reynzt annað en nafnið eitt, hvað viðkemur húsbóndavaldi yfir tollgæzlumönnum, ráðningu þeirra o. s. frv. Hvort slík bein stjórn fjármálaráðuneytisins telst eðlileg og æskileg eða ekki, skal látið liggja milli hluta hér, en hitt telur flm. augljóst, að starfskraftar lögreglumanna og tollvarða í stærri kaupstöðum landsins mundu nýtast betur með nánari samvinnu og samræmdari stjórn lögregluliða og tollgæzluliða á þessum stöðum en nú er til að dreifa. Telur flm. langt frá því vera útilokað, að lögreglumenn gætu á vissum stöðum bætt á sig tollgæzlunni þar að einhverju eða öllu leyti, án þess að hagsmunum hins opinbera væri að neinu leyti stofnað í hættu með því. Almenn löggæzla tollvarða gæti og að sjálfsögðu komið til greina, þar sem slíkt þætti henta.

Á Alþingi 1954 bar Karl Kristjánsson, þáverandi þm. Suður-Þingeyinga, fram tillögu til þingsályktunar, sem að efni til hné mjög í sömu átt og þessi tillaga. Sú tillaga var samþykkt á því þingi, og mun m. a. hafa leitt af samþykkt hennar, að ráðnir voru menn til sameiginlegra löggæzlu- og tollgæzlustarfa í þremur af minni kaupstöðum landsins. Hins vegar er ekki vitað, að neitt hafi enn verið aðhafzt til að sameina eða koma á nánara samstarfi milli tollgæzlu og löggæzlu í hinum stærri kaupstöðum landsins, þótt slík sameining eða a. m. k. náið samstarf sé að dómi flm. mjög æskilegt og raunar nauðsynlegt.

Nd. 183. Frumvarp til laga [128. mál]

um þátttöku Íslands í Hinni alþjóðlegu framfarastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili að Hinni alþjóðlegu framfarastofnun (International Development Association).

2. gr.

Til þess að standast straum af framlögum Íslands til stofnunarinnar heimilast ríkisstjórninni að taka lán í Seðlabankanum, sem jafngildi 100.000 Bandaríkjadollurum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1944 var eins og kunnugt er stofnaður alþjóðabanki (International Bank for Reconstruction and Development), er skyldi hafa það hlutverk með höndum að veita lán til endurbyggingar eftir styrjöldina og til að örva efnahagsþróun aðildarríkjanna, einkum þeirra, er skemmra voru á veg komin í efnahagsþróun sinni. Hóf bankinn starfsemi sína árið 1946 og hefur haft aðsetur í Washington. Starfsemi bankans hefur verið mikil og farið vaxandi. Hefur hann veitt lán, einkum til rafveitna, samgangna, áveitna og þungaiðnaðar víða um heim. Enda þótt mikill og góður árangur hafi orðið af starfsemi bankans, hafa löngum verið uppi skoðanir

um það, að starfsemin væri ekki nógu víðtæk og gæti ekki komið þeim löndum að fullum notum, sem erfiðasta fjárhagsaðstöðu hafa og skemmst eru á veg komin í efnahagsþróun. Lán bankans hafa yfirleitt verið takmörkuð við greiðslu erlends kostnaðar við framkvæmdirnar, og hafa framkvæmdirnar og löndin orðið að uppfylla ýms önnur býsna ströng skilyrði. Lánskjör bankans hafa ávallt verið svipuð því, sem gilt hefur á almennum lánamarkaði í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu, enda hefur bankinn orðið að sækja á þann markað meginhluta þess fjár, sem hann lánar út.

Tillögur hafa verið uppi um það, að setja á stofn nýja lánsstofnun við hliðina á Alþjóðabankanum, sem veitti lán með rýmri og hagstæðari kjörum en bankinn gerir. Mundu þessi lán fyrst og fremst verða veitt til þeirra aðildarríkja, sem skammt eru á veg komin í efnahagsþróun. Yrðu þá lán veitt jafnt til greiðslu innlends kostnaðar sem erlends, vextir yrðu lægri og lánstími lengri en tíðkazt hefur hjá Alþjóðabankanum, og endurgreiðslu mætti jafnvel heimila í gjaldmiðli lántakanda. Á aðalfundi Alþjóðabankans fyrir rúmu ári var samþykkt að fela framkvæmdastjórn hans að ganga frá frumvarpi að reglugerð nýrrar lánsstofnunar, sem á að heita Hin alþjóðlega framfarastofnun (International Development Association). Á hún að starfa við hliðina á Alþjóðabankanum og lúta sömu framkvæmdastjórn. Er öllum aðildarríkjum í bankanum, nú 68 að tölu, gefinn kostur á að ganga í hana. Stofnskrá stofnunarinnar tók gildi hinn 24. september s. l., en þá höfðu ríki, er höfðu yfir að ráða meiru en ⅔ hlutafjárins, gerzt þátttakendur.

Hlutafé stofnunarinnar á að vera 1000 milljónir dollara, sem eiga að skiptast hlutfallslega á milli þátttökuríkja. Hlutur Bandaríkjanna verður $320 milljónir og Bretlands $131 milljón. Þáttökuríkin eiga að greiða 10% hlutafjárins á fimm árum í gulli eða dollurum, en 90% þess greiða efnameiri ríkin á fimm árum í gulli eða dollurum, en hin efnaminni í eigin gjaldeyri einnig á fimm árum. Hlutur Íslands í stofnuninni verður $100 000.00 og greiðsluskylda í erlendum gjaldeyri því $10 000.00, sem greiðist á fimm árum. Hinn hluti framlagsins greiðist í krónum inn á reikning stofnunarinnar í Seðlabankanum.

Gert er ráð fyrir, að stofnunin hafi sömu framkvæmdastjórn og Alþjóðabankinn og fulltrúar Íslands í yfirstjórn stofnunarinnar verði þeir sömu og í Alþjóðabankanum.

Í frumvarpinu er farið fram á heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að gerast fyrir Íslands hönd aðili að hinni nýju stofnun.

Sþ. 184. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961 og við brtt. á þskj. 162.

I. Frá *Valtý Guðjónssyni.*
Við 11. gr. A. 9. m. (Löggæzla í Sandgerði).
Fyrir „20 000“ kemur 40 000

II. Frá *Geir Gunnarssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 14. gr. A. II. a. (Til styrktar íslenzkum námsmönnum).
Fyrir „6 595 000“ kemur 8 000 000

III. Frá *Jóni Þorsteinssyni, Einar Ingimundarsyni, Ólafi Jóhannessyni* og *Gunnari Jóhannssyni.*
Við brtt. 162, 40, 6. (Við 14. gr. A. XI. 29. — Bygging gagnfræðaskóla). Nýr liður:
Siglufjörður, íþróttahús 200 000

IV. Frá *Geir Gunnarssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 14. gr. A. XXXVI. Liðurinn orðist svo:
Til ríkisútgáfu námsbóka 4 050 000
2. Við 14. gr. B. X. b. 14. (Kennslukvikmyndasafn).
Fyrir „250 000“ kemur 350 000
3. Við 14. gr. B. XII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „1 260 000“ kemur 2 500 000

V. Frá *Birni Pálssyni.*
1. Við 16. gr. A. 5. B. Liðurinn orðist svo:
Vegna II. kafla laganna:
a. Jarðræktarframlög 13 500 000
b. Til framræslu samkv. 11. gr. III. 10 000 000
23 500 000
2. Við 16. gr. A. 14. e. Liðurinn orðist svo:
Samkv. 41. gr. framlag til túnræktar á þeim jörðum, þar sem ræktun er skammt á veg komin, og byggingarstyrkur til þeirra bænda, sem hafa örðugan fjárhag 7 500 000

VI. Frá *Eðvarð Sigurðssyni, Birni Jónssyni, Gunnari Jóhannssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 17. gr. III. 9. (Framkvæmd orlofslaga).
Fyrir „500 000“ kemur 625 000

VII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XXII. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h.f. á Ísafirði vegna byggingar nýrrar dráttarbrautar, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting).

Sþ. 185. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961 og við brtt. á þskj. 162.

I. Frá *Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 11. gr. A. 9. k. Nýr liður:
Til löggæzlu á Selfossi 60 000

II. Frá *Birni Fr. Björnssyni, Karli Guðjónssyni* og *Ágúst Þorvaldssyni.*
Við brtt. 162, 16. (Við 12. gr. IX). Liðurinn orðist svo:
Styrkur til byggingar læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa, annarra en ríkissjúkrahúsa, þar af sérstakur byggingarstyrkur til sjúkrahúsanna á Selfossi og í Vestmannaeyjum, 250 þús. kr. til hvors 5 775 000

III. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 162, 19. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
1. Við 52. (Fjarðavegur).
Fyrir „100 000“ kemur 300 000

2. Við 53. (Snæfjallastrandarvegur).
Fyrir „100 000“ kemur 250 000
3. Við 55. (Vatnsfjarðarvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 60 000

IV. Frá *Gunnari Jóhannssyni* og *Ólafi Jóhannessyni.*
Við brtt. 162, 20. 7. (Við 13. gr. A. II. c. — Siglufjarðarvegur ytri).
Fyrir „200 000“ kemur 500 000

V. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
1. Við brtt. 162, 21. (Við 13. gr. A. III. 4. — Brúargerðir). Nýr liður:
Mórilla í Kaldalóni 500 000
2. Við brtt. 162, 23. 9. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki).
Nýr liður:
Drangsnes 200 000

VI. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við brtt. 162, 23. 24. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki, Kópavogur).
Fyrir „100 000“ kemur 300 000
Til vara 200 000

VII. *Frá Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 162, 23. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki).
1. Við 35. (Tálknafjörður).
Fyrir „275 000“ kemur 400 000
2. Við 42. (Melgraseyri).
Fyrir „100 000“ kemur 250 000

VIII. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Einari Olgeirssyni, Birni Jónssyni, Gunnari Jóhannssyni, Geir Gunnarssyni* og *Eðvarð Sigurðssyni.*
Við 20. gr. XXI. Liðurinn orðist svo:
Til atvinnu- og framleiðsluaukningar 11 millj. kr., auk þess 10 millj. kr. sveitarfélögum til aðstoðar til að bæta tafarlaust úr atvinnuleysi, sem þegar er skollið á eða er yfirvofandi, enn fremur 4 millj. kr. til samgöngubóta á landi, — allt eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi 25 000 000

IX. Frá *Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 22. gr. XVI. Nýr liður:
Að verja allt að 200 þús. kr. til smíði ferju á Tungnaá í Rangárvallasýslu.

X. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Einari Olgeirssyni, Birni Jónssyni, Gunnari Jóhannssyni, Geir Gunnarssyni* og *Eðvarð Sigurðssyni.*
Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að taka lán allt að 50 millj. kr. vegna Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Lánsfé þetta skal húsnæðismálastjórn endurlána þeim húseigendum, sem vegna fjárhagsörðugleika eiga á hættu að missa íbúðir sínar. Lánin veitist eftir nánari reglum, sem húsnæðismálastjórn setur í samráði við ríkisstjórnina.

XI. Frá *Karli Guðjónssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 22. gr. XXIII. Nýr liður:
Að taka allt að 25 millj. kr. lán til að ljúka undirbúningi og hefja brúargerð yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Nd. 186. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á sjúkrahúslögum, nr. 93 31. des. 1953, og lögum nr. 31 25. maí 1960, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Guðlaugur Gíslason, Ágúst Þorvaldsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. málsgr. 10. gr. laga nr. 93 31. des. 1953 bætist við nýr málsliður, svo hljóðandi:
Sama skal gilda um bæjarsjúkrahús Vestmannaeyja.

2. gr.

Á eftir orðinu „Fjórðungssjúkrahús“ í 3. tölulið 2. gr. laga nr. 31 25. maí 1960 komi: og bæjarsjúkrahús Vestmannaeyja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að sjúkrahús Vestmannaeyja fái sömu fyrirgreiðslu af hálfu ríkissjóðs um stofnkostnað og rekstrarstyrk og fjórðungssjúkrahúsum er ætluð í lögum.

Í Vestmannaeyjum ríkir mikill áhugi um byggingu nýs og fullkomins sjúkrahúss með hinum bezta aðbúnaði. Sjúkrahús Vestmannaeyja er yfir 30 ára gamalt, byggt á sínum tíma af myndarskap, en nú talið úr sér gengið og ófullnægjandi miðað við nútímans kröfur. Læknavísindum hefur fleygt fram og kröfur til sjúkraþjónustu síaukizt. Fólkið getur ekki sætt sig við annað en hið bezta í þessu efni og á fullan rétt til þess. Því ber að skapa læknum, hjúkrunarliði og öðru hjálparfólki hina ákjósanlegustu aðstöðu í hinni mikilvægu þjónustu. Góðum starfskröftum verður svo bezt haldið, að þeim séu búin sem fullkomnust ytri skilyrði, og víst er, að því aðeins koma nýir og nýtir starfsmenn til, sem jafnan getur þurft á að halda, að vel sé allrar aðstöðu gætt. Ef þannig væri öllu til skila haldið, þá er jafnframt, sem er aðalatriðið, hagsmunum sjúklinganna betur borgið. Allt er þetta auðsætt.

Vestmannaeyjar hafa verið afskiptar mjög sakir legu sinnar og afstöðu til annarra byggðarlaga, einangrun verið hlutskipti bæjarbúa, þótt rofin hafi verið að nokkru og í ýmsu reynt að bæta úr. En þrátt fyrir greiðari samgöngur er ljóst, að bæjarfélagið verður í sjúkrahúsmálum að búa sem mest og bezt að sínu framvegis svo sem hingað til. Hér er um algera sérstöðu að ræða, sem hvorki sjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu bætir úr né sjúkrahúsin í Reykjavík, svo að nokkru nemi.

Íbúatala Eyjanna er um 4700. Á vetrarvertíð sækir þangað á annað þúsund manns víðs vegar að í atvinnuskyni. Þá kemur þangað fjöldi skipa með hundruð manna, sem leita margvíslegrar þjónustu, m. a. sjúkrahjálpar. Starf bæjarbúa er

að meginhluta unnið í þágu sjávarútvegs og oft hið áhættusamasta. Geta má þess, að allverulegur hluti af útflutningsverðmætum þjóðarinnar kemur frá Vestmannaeyjum. Eiga Vestmannaeyjar einnig í því efni nokkra sérstöðu.

Aðstöðumun bæjarbúa í sjúkrahúsmálum ber þjóðfélaginu að jafna og því eigi aðeins rétt, heldur einnig skylt að koma hér til móts við eðlilegar óskir.

Svo hljóðandi ályktun hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir nokkru samþykkt:

„Bæjarstjórnin beinir áskorun til þingmanna Suðurlandskjördæmis um að flytja frumvarp á komandi Alþingi um fjárframlag til sjúkrahússbyggingar í Vestmannaeyjum og njóti sjúkrahúsið hliðstæðrar fyrirgreiðslu um fjárframlög og réttindi eins og fjórðungssjúkrahús hafa notið eða kunna að njóta."

Þessari hóflegu áskorun hafa svo fylgt athafnir af hálfu Vestmanneyinga. Safnað hefur verið fjármagni til sjúkrahússbyggingar. Munu vera um 800 þús. kr. þegar í byggingarsjóði, og ætlað er, að við næstu áramót verði þar handbært fé um 1 millj. króna.

Þannig er fullljóst, að hugur fylgir máli og allir bæjarbúar standa hér að óskiptir, enda verður ekki um villzt, að hér er mikið í húfi og mikils um vert, að fljótt og vel til takist.

Það er því von flm., að frumvarpi þessu verði vel tekið og það fái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Ed. 187. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1960" í 1. málslið a-liðs ákvæða til bráðabirgða komi: til ársloka 1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1961.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að afgreiða fjárlög fyrir árið 1961 hallalaus, án þess að leggja á nýja skatta eða aðflutningsgjöld. Til þess að svo megi verða, er ekki unnt að fella niður á árinu 1961 söluskatt þann af innfluttum vörum, sem nú er í gildi samkvæmt a-lið ákvæða til bráðabirgða við lögin um söluskatt.

Nd. 188. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. mjög ýtarlega á þremur fundum. Hún hefur sent það til umsagnar til Tryggingastofnunar ríkisins og til borgarfógetans í Reykjavík, sem vegna embættis síns hefur einna víðtækasta reynslu í erfðamálum. Kaus borgarfógeti að ræða málið persónulega við formann nefndarinnar, og veitti hann nefnd-

inni margvíslegar og þýðingarmiklar upplýsingar í sambandi við þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, er nauðsynlegt væri að athuga nánar, áður en frv. yrði samþykkt óbreytt. Tryggingastofnun ríkisins sendi skriflega umsögn, sem birt er hér sem fylgiskjal I. Er þar lögð höfuðáherzla á þá nauðsyn að efla erfðafjársjóðinn vegna þeirra margvíslegu verkefna, sem honum er ætlað að sinna. Með umsögn sinni sendir Tryggingastofnunin yfirlit yfir fjárhag sjóðsins, tekjur og eignir, sem einnig er birt hér með sem fylgiskjal.

Þá hefur nefndin látið reikna út og gera samanburð á erfðafjárskattgreiðslum, eins og þær eru samkvæmt gildandi lögum og eins og þær mundu verða samkvæmt fyrirmælum frv., miðað við, að numin væri í burtu stighækkandi skattgreiðsla, sem nú er lögboðin, og er sá samanburður birtur hér með sem fylgiskjal II. Eins og sést á þessu yfirliti, mundi skatturinn hækka aðeins um kr. 1575.00 af 1. erfð, kr. 3900.00 af 2. erfð og kr. 78000.00 af 3. erfð, ef stighækkunin yrði afnumin, svo sem frv. gerir ráð fyrir. Mundi þessi breyting koma harðast niður á þeim, sem minnstan arf taka, þar sem stighækkunin fellur niður við arfa, sem nema yfir 40 þús. kr. Væri um marga arftaka að ræða, þegar búi er skipt, gæti þetta þó numið nokkru fyrir sjóðinn, þar sem hækkunin kæmi á hvern arfahlut, en yrði hins vegar hverfandi, ef einn eða fáir aðilar taka arf, og það eins þó að þar væri um háar upphæðir að ræða.

Þessi samanburður gildir þó aðeins um afnám stighækkandi skattsákvæðis, sem nú er í gildi. Hins vegar hefur ekki verið unnt að áætla nákvæmlega þær breytingar á skattgreiðslunni, sem óhjákvæmilega yrðu við tilflutning í erfðaflokka, sem gert er ráð fyrir í frv. En við nánari athugun þykir sýnt, að við þá breytingu, ef lögfest yrði, mundi erfðafjárskatturinn lækka allverulega og mun meira en hækkunin næmi við burtfellingu stighækkunarinnar. Stafar þetta af því, að nú er greitt í skatt allt að 25% af því fé, sem fellur í hlut foreldra, og allt að 50% af því fé, sem fellur til afa og ömmu, en frv. gerir ráð fyrir því, að af þessu fé verði aðeins greitt 10%. Þá ber þess og að gæta, að nú er greitt allt að 10% af þeim ¼ hluta, sem ráðstafað er með gjafabréfi eða erfðaskrá til lögerfingja, en allt að 50% af fé, sem er á sama hátt ráðstafað til annarra, en samkv. ákvæðum frv. er ætlazt til, að greitt sé 25% af því fé, sem ákveðið er til annarra með arfleiðsluskrá eða gjafabréfum. Er talið, að þessi breyting mundi minnka verulega tekjur sjóðsins.

Nefndinni hefur verið bent á, að eðlilegt væri, að D-liður 2. gr. núgildandi laga yrði felldur niður, en hann ákveður, að greitt skuli 10% í skatt af því erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana eða annars slíks, og að af slíku fé sé tekið hæsta flokks skattgjald, þar sem þessu fé er ætlað verkefni, sem engu minna gildi hafi fyrir þjóðfélagið, en þau verkefni, sem framantaldir aðilar starfi að nú. Þá hefur nefndinni einnig verið bent á, að rétt væri að fella niður síðustu málsgr. 6. gr. gildandi laga, en sú grein heimilar ríkisstjórninni að lækka erfðafjárskattinn niður í 5% af því fé, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsheilla, einnig með tilvísun til þeirra verkefna, sem sjóðnum er ætlað að vinna að.

Nefndin er einróma sammála um, að nauðsynlegt sé að efla erfðafjársjóðinn allverulega, einkum eftir að með lögum nr. 25 14. maí 1960 var ákveðið, að lána mætti fé úr sjóðnum til þess að koma upp elliheimilum, en vitað er, að mjög brýn þörf er á því um land allt, að þeim sé komið upp. Vill nefndin í þessu sambandi benda á, að í áliti milliþinganefndar í öryrkjamálum er lagt til, að lagt verði til sjóðsins einnar millj. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði, beinlínis vegna þess, hve fjárþörfin er aðkallandi. En nefndin telur, að það sé að öllu leyti heppilegri leið að tryggja sjóðnum auknar tekjur af erfðafé, einkum því fé, sem nú rennur til útarfa samkvæmt erfðalögum, heldur en að íþyngja fjárlögum árlega með beinum framlögum. Mundi erfðafjársjóður þannig, er stundir líða fram, létta mjög verulega á beinum framlögum úr ríkissjóði til þessara mála, sem vitað er að óhjákvæmilegt verður að sinna í vaxandi mæli í framtíðinni. Nefndin sér hins vegar ýmsa agnúa

á því að ná því takmarki með einhliða breytingum á erfðafjárskattslögunum, heldur þurfi jafnframt að endurskoða erfðalögin sjálf og breyta þeim á þann veg, að fækka verulega útörfum frá því, sem nú er, og láta það fé renna beint í erfðafjársjóðinn, samfara því að samræma erfðaflokka, og að því loknu að ákveða á ný erfðafjárskattinn fyrir hvern flokk erfða.

Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess:

1. að ríkisstjórnin láti þegar á næsta ári fara fram endurskoðun á erfðalögunum frá 1949 með tilliti til þess, að þeim verði breytt þannig, að rýrður verði verulega erfðaréttur fjarskyldari erfingja frá því sem nú er;
2. að jafnframt verði gerðar tillögur til breytinga á lögum um erfðafjárskatt frá 1921 til samræmingar við breytingu á erfðalögunum, enda séu erfðafjársjóði með þeim breytingum tryggðar verulega auknar tekjur;
3. að þar til slíkar breytingar hafa verið lögfestar, noti ríkisstjórnin ekki þá heimild, sem felst í 6. gr. núgildandi laga um erfðafjárskatt um lækkun á erfðafjárskatti í 5% — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. des. 1960.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Valtýr Guðjónsson.
Hannibal Valdimarsson. Guðl. Gíslason.

Fylgiskjal I.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 10. nóv. 1960.

Með bréfi, dags. 26. okt. 1960, hefur heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis sent Tryggingastofnun ríkisins frumv. til laga um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, og óskað upplýsinga og ábendinga um nokkur atriði í sambandi við erfðafjársjóð.

Meðfylgjandi skýrsla um erfðafjársjóð, sem samin var 15. maí s. l., veitir upplýsingar um fyrstu tvö atriðin, en að því er tekur til þriðja atriðis skal fram tekið til viðbótar, að nú hafa verið afgreiddar af 1000000.00 kr. lánsloforði til S. Í. B. S. vegna Múlalundar kr. 850000.00.

Tryggingaráð hefur nýlega samþykkt að mæla með lán- og styrkveitingum að upphæð kr. 625000.00, sem væntanlega verða afgreiddar fyrir n. k. áramót, og ætti handbært fé sjóðsins þá að verða um 4.4 millj.

Umsókn hefur borizt frá Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra á Akureyri, um lán til viðbótarbyggingar, en ekki er talið, að félagið muni ráðast í þá byggingu í bili, og hefur umsóknin því ekki verið tekin til afgreiðslu.

Þá hefur tryggingaráð ekki talið fært að mæla með styrk eða láni úr erfðafjársjóði til öryrkja, sem komið hefur sér upp vinnustofu, enda ekki vitað, að hún sé ætluð fyrir aðra öryrkja.

Lífeyristryggingar höfðu hins vegar veitt þessum öryrkja eins og mörgum öðrum lán til þess að koma upp vinnustofunni.

Tryggingastofnunin hefur talið fara bezt á því, að slík fyrirgreiðsla við einstaka öryrkja verði á vegum lífeyristrygginga, enda málefni einstakra öryrkja í höndum þeirrar deildar stofnunarinnar.

Tryggingastofnunin hefur á þann hátt takmarkað verkefni erfðafjársjóðs, og er sú takmörkun tvímælalaust nauðsynleg, því að hefði verið litið svo á, að allar

vinnustofur, sem öryrkjar starfa við eða eiga, gætu fallið undir ákvæði laga um ráðstöfun erfðafjárskatts, mundi fé sjóðsins fljótt allt verða bundið í smálánum til einstakra öryrkja og hann þess ekki megnugur að veita öryrkjasamtökunum í landinu fyrirgreiðslu til stærri átaka. Þrátt fyrir þessa afmörkun á verkefnum sjóðsins eru ekki tök á því að áætla eðlilega fjárþörf hans.

Hingað til hefur sjóðurinn veitt lán og styrki til stofnunar vinnustofa allt að leyfðu hámarki, ⅔ hlutum af stofnkostnaði, og verður að telja sennilegt, að erfðafjársjóður geti framvegis veitt eðlilega fyrirgreiðslu til slíkra stofnana.

Hins vegar hefur ekki verið talið fært að lána meira en 20% af byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis vinnuheimila. Ef erfðafjársjóður færi að veita lán allt að ⅔ hlutum af öllum kostnaði við byggingu vinnuheimila, mundu fljótt berast umsóknir, sem yrðu sjóðnum algerlega ofviða.

Eina færa leiðin er því að ákveða lánshlutfallið ekki hærra en svo, að sjóðurinn geti að jafnaði sinnt öllum eðlilegum umsóknum. Það væri vissulega mjög æskilegt að auka tekjur erfðafjársjóðs, svo að fært væri að hækka þetta lánshlutfall, því að enn er það svo lágt, að ekki er ástæða til að ætla, að sá stuðningur ýti um of undir stofnun öryrkjaheimila.

Eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, verða vinnustofur og vinnuheimili fyrir öryrkja ekki stofnuð, nema fjárframlög komi víðar að en frá erfðafjársjóði.

Margt bendir til þess, að bygging og rekstur slíkra stofnana verði fyrst og fremst í höndum ýmissa öryrkjafélaga. Það verður því að teljast mjög æskilegt, að hið opinbera geri ráð fyrir tekjuöflunarleiðum fyrir þessi félög, jafnframt því að félögin geri grein fyrir markmiðum sínum, en oft er helzti mælikvarði á það, hvers megi vænta af félögum, hvernig þau haga fjáröflun sinni og hvert starf félagsmennirnir leggja fram á því sviði.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

SKÝRSLA UM ERFÐAFJÁRSJÓÐ

Ár	Skattur	Vextir	Styrkir	Eignir í árslok í reiðu fé	Eignir í árslok í skuldabréfum
1953	525 025.28	—	—	525 025.28	—
1954	767 492.26	26 251.26	—	1 318 768.80	—
1955	995 141.28	60 188.44	115 000.00	1 956 098.52	303 000.00
1956	950 273.31	112 954.93	—	3 019 326.76	303 000.00
1957	854 472.15	166 116.34	—	4 039 915.25	303 000.00
1958	1 423 853.81	217 145.76	—	5 680 914.82	303 000.00
1959	2 235 134.24	299 195 74	264 000.00	6 383 592.53	1 870 652.27
1960 15/5	—	—	212 500.00	5 883 592.53[1]	2 158 152.27
Samtals	7 751 392.33	881 852.47	591 500.00		

Lán og styrkveitingar:

1.	Öryrkjavinnustofan Sunna 1955 .	lán kr.	303 000.00	styrkur kr.	115 000.00[2]
2.	S.Í.B.S. v. Reykjalunds 1957 ..	— —	500 000.00	— —	—
3.	Sjálfsbjörg, Akureyri 1959	— —	250 000.00	— —	100 000.00
4.	Styrktarfél. lamaðra og fatlaðra '59	— —	—	— —	150 000.00
5.	Blindrafélagið 1959	— —	600 000.00	— —	—
6.	S.Í.B.S. v. Múlalunds 1959/60	— —	637 500.00	— —	226 500.00[2]

1) Lánsloforð S.Í.B.S. v. Múlal. 1960 kr. 1 000 000.00.

2) Matskostnaður meðtalinn.

Fylgiskjal II.

ERFÐAFJÁRSKATTUR

1. erfð:				Nú		Skv. frv.
Arfur	40	þús.:	kr.	2 425.00	kr.	4 000.00
—	100	—	—	8 425.00	—	10 000.00
—	200	—	—	18 425.00	—	20 000.00
—	500	—	—	48 425.00	—	50 000.00

Hækkun á fyrstu 40 þús. kr. um kr. 1 575.00 af hverjum arfahluta, en úr því engin hækkun, hversu hár sem arfahluturinn yrði.

2. erfð:				Nú		Skv. frv.
Arfur	40	þús.:	kr.	6 100.00	kr.	10 000.00
—	100	—	—	21 100.00	—	25 000.00
—	200	—	—	46 100.00	—	50 000.00
—	500	—	—	121 100.00	—	125 000.00

Hækkun á fyrstu 40 þús. kr. um kr. 3 900.00 af hverjum arfahluta, en úr því engin hækkun, hversu hár sem arfahluturinn yrði.

3. erfð:				Nú		Skv. frv.
Arfur	40	þús.:	kr.	12 200.00	kr.	20 000.00
—	100	—	—	42 200.00	—	50 000.00
—	200	—	—	92 200.00	—	100 000.00
—	500	—	—	242 200.00	—	250 000.00

Hækkun á fyrstu 40 þús. kr. um kr. 7 800.00 á hverjum arfahluta, en úr því engin hækkun, hversu hár sem arfahluturinn yrði.

Nd. 189. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Anna Jóhanna Alfreðsdóttir, barn í Keflavík, fædd í Noregi 15. júní 1948.
2. Bacher, Johanna, húsfrú í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 4. nóvember 1922.
3. Hansen, Joen Edward Jakob, sjómaður, Vestmannaeyjum, fæddur í Færeyjum 26. júní 1915.
4. Hook, Reginald Robert, bifvélavirki í Reykjavík, fæddur í Englandi 11. maí 1916.
5. Hörður Gunnarsson, kennari í Hveragerði, fæddur á Íslandi 13. janúar 1915. (Fær réttinn 20. júlí 1961).
6. Klingbeil, Edda, bókbandsnemi í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 18. maí 1941.
7. Klingbeil, Sigrún, bókbandsnemi í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 25. desember 1942.
8. Knudsen, Hilmar Martin Riis, menntaskólanemi í Reykjavík, fæddur í Danmörku 5. október 1941.
9. Knudsen, Ulla Betty Riis, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Danmörku 15. ágúst 1940.
10. Köpsell, Ursula Maria, húsfrú í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 5. desember 1924.

11. Malmquist, Unnur Sigríður, húsmóðir í Reykjavík, fædd á Íslandi 29. september 1921.
12. Poulsen, Poul Kolbeinn Ólafsson, sjómaður, Vestmannaeyjum, fæddur í Færeyjum, 21. október 1938.
13. Rist, Charlotte Margarethe, húsmóðir á Höfða í Dýrafirði, fædd í Noregi 13. nóvember 1919.
14. Wolf-Manfred Guðmundsson, nemandi í Borgarnesi, fæddur í Þýzkalandi 28. apríl 1946.

Sþ. 190. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1961.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1961 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.
1.	Tekju- og eignarskattur	75 000 000
2.	Vörumagnstollur	35 000 000
3.	Verðtollur	353 000 000
4.	Innflutningsgjald af benzíni	58 000 000
5.	Gjald af innlendum tollvörum	36 000 000
6.	Lestagjald af skipum	600 000
7.	Bifreiðaskattur	18 000 000
8.	Aukatekjur	26 000 000
9.	Stimpilgjald	41 000 000
10.	Vitagjald	3 000 000
11.	Söluskattur:	
	a. Af innfluttum vörum (7%)	156 500 000
	b. Af vörusölu og þjónustu innanlands 185000000	
	Bráðabirgðasöluskattur af innflutningi (8%) 168000000	
	Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 71000000	
		282 000 000
12.	Innflutningsgjald	135 000 000
13.	Leyfisgjöld	34 000 000
14.	Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna	15 000 000
	Samtals ...	1268100000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður pósts og síma		2 000 000
2. — áfengisverzlunar		165 000 000
3. — tóbakseinkasölu		122 500 000
4. — ríkisprentsmiðju		500 000
Samtals	. . .	290 000 000
Sundurliðun.		
1. Póstur og sími.		
I. Tekjur:		
1. Seld frímerki, frímerkjavélar o. fl.	28 400 000	
2. Blöð og tímarit, burðargjald	1 300 000	
3. Skeytagjöld	14 200 000	
4. Símtalagjöld	42 000 000	
5. Símaafnotagjöld	74 750 000	
6. Leiga talstöðva og lína	2 400 000	
7. Innheimta aðflutningsgjalda, greiðsla vegna orlofslaga og laga um skyldusparnað	2 780 000	
8. Aðrar tekjur	3 920 000	
		169 750 000
II. Gjöld:		
1. Laun fastra starfsmanna	34 855 327	
2. Önnur laun, aukaaðstoð og yfirvinna	28 893 673	
3. Póstflutningur	7 100 000	
4. Pappír, prentun, skrifstofugögn o. fl.	4 595 000	
Honum hefur verið sagt, að skattaukinn eigi að skoðast tekinn upp til bráðabirgða.

Hann telur, að lækka eigi skattinn, „jafnskjótt og hægt er að framkvæma“ lækkunina.

Hann nefnir, auk kjaraskerðingarinnar, óheilbrigð áhrif skattsins á atvinnulífið.

Það er ekki stjórnarandstaðan, sem þarna talar, heldur erlendur hagfræðingur, ráðunautur stjórnarliðsins.

Í samræmi við skoðun hagfræðingsins legg ég til, að frumvarp þetta um framlengingu viðbótarsöluskattsins verði fellt og stjórnin látin standa við þau fyrirheit, sem hún lét liggja í loftinu, þegar skatturinn var lögleiddur, að til hans væri aðeins gripið fyrir árið 1960.

Ég tel mér ekki skylt — eins og sakir standa — að gera tillögu um, hvernig afgreiða skuli hallalaus fjárlög við 3. umræðu þeirra, þegar þessi skattauki fellur niður.

Ríkisstjórnin heldur leyndu fyrir Alþingi öllu því, er hún getur, um raunverulegar fyrirætlanir sínar í efnahagsmálum sem öðru. Hún felur það innan múra þingflokka sinna.

Enn þá hefur hún t. d. ekki fengizt til að leggja fram á Alþingi eða í fjárveitinganefnd fullgilda áætlun um gjaldeyrismálin 1961, svo sem vera ber, af því að þar er ein aðalundirstaða afkomu ríkissjóðs.

Þetta gerir það að verkum, að stjórnarandstæðingur hefur hvorki aðstöðu né skyldu til að lýsa frá sinni hendi tekjuöflunartillögum eða gjaldalækkunartillögum vegna afgreiðslu fjárlaganna samtímis því, að hann leggur til, að kjaraskerðingarfrumvarp það, sem hér um ræðir, verði fellt.

Leyndin bak við múrana leggur þá skyldu á herðar ríkisstjórninni og þingflokkum hennar.

Alþingi, 11. des. 1960.

Karl Kristjánsson.

Nd. 197. Frumvarp til laga [133. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri.

Árlegur ellilífeyrir einstaklings, sem fæddur er árið 1894 eða síðar, skal vera sem hér segir:

	1. verðlagssvæði:	2. verðlagssvæði:
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 72 ára aldri eða síðar	kr. 24 000.00	kr. 18 000.00
— — — — — — 71 — —	— 21 600.00	— 16 200.00
— — — — — — 70 — —	— 19 200.00	— 14 400.00
— — — — — — 69 — —	— 17 400.00	— 13 050.00
— — — — — — 68 — —	— 15 600.00	— 11 700.00
— — — — — — 67 — —	— 14 400.00	— 10 800.00

Árlegur lífeyrir þeirra einstaklinga, sem fæddir eru árið 1893 eða fyrr, er kr. 14 400.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 10 800.00 á 2. verðlagssvæði, að viðbættri þeirri hækkun vegna frestunar á töku lífeyris, sem þeir höfðu öðlazt rétt til í árslok 1960. Fresti þeir töku lífeyris fram yfir þann tíma, hækkar lífeyrir þeirra í hlutfalli við hækkun samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar, og aldrei skulu þeir njóta minni réttar en orðið hefði, ef ákvæðum eldri laga hefði verið beitt. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinn.

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri, ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar.

Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin ellilífeyri eiga rétt á helmingi þeirrar hækkunar, sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar, sem átt hefði sér stað eftir 1. janúar 1961.

2. gr.

14. gr. 4. mgr. laganna orðist svo:

Árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 14 400.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 10 800.00 á 2. verðlagssvæði og greiðist samkvæmt sömu reglum og ellilífeyrir, eftir því sem við getur átt.

3. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn er látinn eða er örorkulífeyrisþegi.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á.

Þó er ekki greiddur barnalífeyrir með stjúpbörnum, sem eiga framfærsluskyldan föður á lífi, eða með kjörbörnum, nema þau hafi verið á framfæri hins látna eða örorkulífeyrisþegans a. m. k. 2 síðustu árin, eða ellilífeyrisþegans a. m. k. 5 síðustu

árin áður en lífeyrisréttur gat stofnazt. Þó er tryggingaráði heimilt að stytta þessa fresti, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða ekkli allt að fullum barnalífeyri, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur hans hrökkvi ekki til að sjá fjölskyldunni farborða. Sama gildir um ellilífeyrisþega, svo og hjón, sem verða fyrir verulegum tekjumissi eða útgjaldaaukningu sökum örorku eiginkonu.

Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 7200.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 5400.00 á 2. verðlagssvæði.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%.

5. gr.

18. gr. 3. mgr. laganna falli niður.

6. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Þegar niður falla bætur samkvæmt 20. gr., skal hver sú kona, sem orðin var 50 ára við lát mannsins, öðlast rétt til árlegs lífeyris, allt að fullum einstaklings ellilífeyri miðað við 67 ára aldur. Lífeyrir þessi, sem miðast skal við aldur konunnar, þegar lífeyrisrétturinn stofnast, skal lækka um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á að hlutaðeigandi sé 67 ára, en skal þó aldrei lægri vera en 10% ellilífeyris. Sama rétt eiga ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, ef þær eru orðnar 50 ára, þegar þær hætta að taka barnalífeyri.

7. gr.

22. gr. laganna falli niður.

8. gr.

37. gr. 1. mgr. laganna síðari málsliður falli niður.

9. gr.

85. gr. 1. mgr. laganna síðasti málsliður orðist svo:

Þessir sjóðir skulu greiða sjúkrasamlagsgjöld örorkulífeyrisþega sinna og ellilífeyrisþega, sem orðnir eru 67 ára.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1961.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði 3., 4. og 6. gr. laga nr. 13 1960, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. sept. 1960 skipaði Emil Jónsson, félagsmálaráðherra, nefnd til að framkvæma heildarendurskoðun á almannatryggingalögum.

Í nefndina voru þessir skipaðir: Gunnar J. Möller, hæstaréttarlögmaður, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, frú Jóhanna Egilsdóttir, frú Sigríður J. Magnússon og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri. Með nefndinni starfar Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, og er hann ritari hennar.

Í nefndinni hafa verið ræddd ýmis ákvæði almannatryggingalaga, sem hún telur þurfa athugunar við. Með tilliti til þess, að ákvæði 22. gr. laganna um skerðingu lífeyris vegna annarra tekna lífeyrisþega gilda aðeins til ársloka 1960, hefur hún hins vegar orðið sammála um að láta lagabreytingar þær, sem hún telur rétt að gera og eru í beinu sambandi við niðurfellingu skerðingarákvæðanna, sitja í fyrirrúmi, en

halda síðan áfram starfi sínu að öðru leyti. Er efni frumvarps þessa í samræmi við það.

Gert hefur verið ráð fyrir afnámi skerðingarákvæða við samningu fjárhagsáætlunar Tryggingastofnunar ríkisins og fjárlagafrumvarps fyrir árið 1961. Þetta frumvarp hefur ekki í för með sér breytingar á þeim áætlunum.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Mikill fjöldi gamals fólks heldur áfram fullu starfi eftir 67 ára aldur. Hingað til hafa skerðingarákvæðin komið í veg fyrir, að þetta fólk nyti lífeyris, en óvíst er, hve margir hefðu ella frestað töku hans. Ekki er æskilegt, að ellilífeyrisákvæðin dragi úr starfsvilja, og jafnframt er rétt að stuðla að því, að menn sjái sér hag í að fresta töku lífeyris, þar til störfum er hætt. Í því skyni er hér gert ráð fyrir mun meiri hækkun en áður, þegar frestun á sér stað, og enn fremur er það nýmæli, að framvegis nýtur eftirlifandi maki að hálfu þeirrar hækkunar, sem maður hefur unnið sér rétt til með frestun, áður en hann andaðist.

Fram til ársloka 1955 nam árleg hækkun ellilífeyris vegna frestunar 5% af almennum lífeyri og gat mest numið 40% eftir 8 ára frestun. Árið 1956 var hundraðshlutum þessum breytt í 7½% og 60%, en verði frumvarp þetta að lögum, verður hægt að ná allt að 67% hækkun eftir 5 ára frestun auk þeirra hlunninda, sem maki getur öðlazt rétt á samkvæmt framansögðu. Um áhrif umræddra breytinga á útgjöld lífeyristrygginga er erfitt að spá, en þær ættu að draga úr útgjöldum á næstu árum, en auka þau síðar.

Um 2. gr.

Um efnisbreytingu er ekki að ræða, heldur eru einungis tekin af þau tvímæli um upphæð örorkulífeyris, sem hin nýju ákvæði um ellilífeyri kynnu að valda.

Um 3. gr.

Óþarft er að nefna „óskertan“ lífeyri, eftir að skerðingarákvæði eru úr gildi fallin, og er því orðið „óskertur“ fellt niður.

Um 4. gr.

Með afnámi skerðingarákvæðanna myndast misræmi í greiðslum barnalífeyris, að óbreyttum bótaákvæðum að öðru leyti. Þannig verður að telja óeðlilegt, að maður, sem hefur fullar atvinnutekjur, en á eiginkonu, sem dvelst á hæli á kostnað tryggginganna eða ríkisframfærslunnar, eigi rétt á fullum barnalífeyri með börnum sínum, þótt ekkill með sömu tekjur eigi engan rétt. Óbreytt ákvæði um barnalífeyri vegna örorku virðast því mundu hafa í för með sér, að taka yrði upp greiðslu barnalífeyris til ekkla almennt, en slíkt mundi valda verulegri útgjaldaaukningu. Ekki virðist heldur sjálfsagt, að maður, sem kominn er á ellilífeyrisaldur og á því óskoraðan rétt til ellilífeyris, en heldur þó fullum atvinnutekjum, eigi að auki rétt á barnalífeyri.

Af framangreindum ástæðum er með frumvarpinu lagt til, að um greiðslur barnalífeyris, þegar annað hvort foreldranna er ellilífeyrisþegi eða móðirin er örorkulífeyrisþegi, gildi heimildarákvæði hliðstæð því, sem gilt hefur um greiðslur til ekkla.

Um 5. gr.

Ekki er lengur ástæða til að hafa heimild til að miða mæðralaun við efnahagsástæður móður, eftir að skerðingarákvæðin eru úr gildi fallin.

Um 6. gr.

Sjá athugasemdir við 5. gr.

Um 7. gr.

Raunar er óþarft að fella 22. gr. niður úr lögunum, þar eð ákvæði hennar gilda aðeins til ársloka 1960.

Um 8. gr.

Sjá athugasemdir við 3. og 7. gr.

Um 9. gr.

Sjá athugasemdir við 7. gr.

Nd. 198. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið saman við ríkisreikninginn. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa vísað til aðgerða Alþingis athugasemdum nr. 17—22, er þeir hafa gert viðkomandi rekstri ríkisútvarpsins og Viðtækjaverzlunar ríkisins, og enn fremur athugasemdum nr. 48—51, varðandi Tryggingastofnun ríkisins, atvinnuleysistryggingasjóð og lífeyrissjóð togarasjómanna. Fjárhagsnefnd telur rétt að beina því til ríkisstjórnarinnar að taka þessi atriði sérstaklega til athugunar.

Einn nefndarmanna (SI) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 9. des. 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. Jóhann Hafstein. Skúli Guðmundsson.

Einar Olgeirsson.

Ed. 199. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar núverandi hv. fjármálaráðherra lagði fram fjárlagafrumvarp fyrir yfirstandandi ár í febrúar s. l., lýsti hann því yfir í greinargerð sinni með frv., að fyrirhugað væri að leggja á nýjan almennan söluskatt, en hins vegar yrðu ekki gerðar neinar breytingar á söluskatti í tolli, hann yrði hinn sami og áður, eða 7.7%, miðað við tollverð innfluttra vara.

Þessi yfirlýsing stóðst með þeim hætti, að fáum vikum síðar, eða fyrri hluta marzmánaðar, lagði ríkisstjórnin fram frv. um söluskatt, þar sem m. a. var lagt til og lögfest skömmu síðar, að innflutningssöluskattur yrði hækkaður um 115% eða úr 7.7% í 16.5%, jafnframt því sem lagður var almennur söluskattur á svo til alla vörusölu og selda þjónustu í innanlandsviðskiptum, svo sem áður hafði verið boðað. Þannig var nýjum innflutningssöluskatti, sem nam samkv. áætlunum ríkisstjórnarinnar um 135 millj. kr. á þeim 9 mánuðum yfirstandandi árs, sem skattheimtan náði til, en um 180 millj. kr., miðað við eins árs innheimtu, bætt ofan á aðrar skattabyrðar, sem ákveðnar voru með „viðreisnar"-löggjöfinni. En nú var nýtt fyrirheit gefið í stað hins fyrra, sem svikið hafði verið: Þetta skyldi aðeins vera „bráðabirgðaskattur", sem aðeins skyldi vera í gildi til ársloka 1960.

Með flutningi þessa frv. eru lýðum ljósar efndir þessa fyrirheits stjórnarflokk-

anna. Sem fyrr eru þær svikin einber. Í stað afnáms þessa söluskattsviðauka nú um áramótin samkv. lögum á nú að lögfesta framlengingu hans, en það þýðir í reyndinni, að almenningur verður af hans völdum að þola þeim mun þyngri búsifjar næsta ár en á yfirstandandi ári, sem nemur innheimtu eins ársfjórðungs, eða 42 millj. kr., ef marka má áætlanir fjárlagafrv., en alls er skatturinn þar áætlaður 168 millj. kr. Hlutfallsleg aukning álagabyrða kemur svo að sjálfsögðu á alla aðra „viðreisnar"-skatta og einnig á verðhækkanirnar. Þannig þyngist skattabyrðin til ríkissjóðs á næsta ári miðað við árið 1959 á helztu þáttum skattheimtunnar eins og eftirfarandi yfirlit ber með sér:

	1959 millj. kr.	1961 millj. kr.
Tekju- og eignarskattur	130	75
Vörumagnstollur	35	35
Innflutningsgjald af benzíni	17	58
Verðtollur	270	343.6
Söluskattur af innflutningi	145	156.5
Söluskattur af innlendri vörusölu og þjónustu, að frádregnum hluta sveitarfélaga	–	148
„Bráðabirgða"-söluskattur af innflutningi að frádregnum hluta sveitarfélaga	–	134.5
	597	950.6

Hækkun framangreindra tolla og skatta hefur því numið 353.6 millj. kr., síðan „viðreisnin" tók gildi, þegar fullt tillit hefur verið tekið til lækkunar á tekjuskatti og þess, að ⅕ hluti almenna söluskattsins og „bráðabirgða"-innflutningsskattsins rennur til sveitarfélaganna. Þessi aukna skattheimta á framangreindum þáttum ríkistekna nemur ríflega 10 þús. kr. að meðaltali á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Við þessa skattpíningu bætast svo að sjálfsögðu hinar beinu verðhækkanir vegna gengisfellingarinnar, sem nema miklum mun hærri upphæðum.

Ráðherrar og aðrir talsmenn stjórnarflokkanna hafa leyft sér, bæði nú og áður, að fullyrða, að með álagningu hinna nýju söluskatta væri ekki um að ræða neinar nýjar álögur, heldur aðeins „tilflutning á gjaldheimtu", vegna þess að hækkun söluskattanna annars vegar og lækkun tekjuskatts og útsvara hins vegar stæðust nákvæmlega á. Alveg sérstaklega hefur hv. fjármálaráðherra haldið þessari fjarstæðu á lofti og hefur enda gert ráðstafanir til að láta staðfesta hana í þeirri vísitölu, sem birt er almenningi. En kaldar tölur fjárlaga 2 síðustu ára og þeirra, sem gilda eiga á næsta ári, tala hér um svo skýru máli, að ekki ætti að þurfa um að deila. En þær sýna:

1.	að 1959 var tekjuskattur áætlaður	130	millj. kr.
	og söluskattur	145	— —
	eða samtals	275	millj. kr.
2.	að 1960 var tekjuskattur áætlaður	72	millj. kr.
	og söluskattur, að frádreginni útsvarslækkun (hluta sveitarfélaga af skattinum)	381	— —
	eða samtals	453	millj. kr.
3.	að 1961 er áætlað, að tekjuskattur verði	75	millj. kr.
	og söluskattur, að frádregnum hluta sveitarfélaga	438.5	— —
	eða samtals	513.5	millj. kr.

Hækkun söluskatts frá því fyrir „viðreisn“ umfram lækkun tekjuskatts og lækkun útsvara vegna greiðslunnar til sveitarfélaganna er því óumdeilanlega orðin 238.5 millj. kr. á árinu 1961.

Þessi stórfellda hækkun, sem nemur um 1400 kr. á hvert mannsbarn í landinu að meðaltali, segir þó ekki alla sögu um þann þátt „viðreisnarinnar“, sem að skatta- og útsvarsmálum lýtur. „Tilflutningur gjaldheimtunnar“ hefur með nýjum tekjuskatts- og útsvarslögum annars vegar og hins vegar með stórfelldri aukningu óbeinna skatta farið fram á þann veg, að hátekjumenn hafa fengið tugþúsunda eftirgjafir á tekjuskatti og útsvari, meðan lækkanir á hvoru tveggja hafa orðið mjög óverulegar eða jafnvel engar á hinum tekjulægstu. En hækkanir söluskattanna koma hins vegar tiltölulega harðast niður á þeim, sem minnst hafa gjaldþolið. Jafnvel gamalmenni og öryrkjar, sem hafa lífeyri sinn einan tekna, verða að gjalda drjúgan hluta hans í hina nýju skattahít, og fjöldi annarra lágt launaðra og barnmargra fjölskyldna, sem eftir eldri lögum og útsvarsstigum væri algerlega skatt- og útsvarsfrjáls, verður nú að taka á sig drápsklyfjar hinnar óbeinu skattheimtu. Jafnframt hafa svo hreinir nefskattar, svo sem tryggingagjöld, sjúkrasamlagsgjöld og námsbókagjald, sem fátækir verða að greiða að jöfnu við hina efnameiri, verið stórhækkuð.

Það er eðli nefskatta og óbeinna skatta og þó alveg sérstaklega söluskatta, að þeir þyrma í engu hinum máttarminni í þjóðfélaginu, en eru því hægari þeim, sem betur mega. En aldrei kemur þó þetta eðli þeirra sárar niður á alþýðu manna en þegar svo stendur á, að hag fleiri og fleiri er þannig komið fyrir tilverknað annarra efnahagsaðgerða, að þeir hafa tæpast til hnífs og skeiðar. Það hefur því jafnan verið stefna hreinræktaðra auðvaldsflokka að auka slíka skattheimtu, en létta jafnframt þunga þeirra skatta, sem fara stighækkandi eftir tekjum og efnahag. Á sama hátt hefur það verið stefna verkalýðshreyfingarinnar að berjast gegn óbeinum sköttum og nefsköttum. Hefur sú stefna um áratugi verið túlkuð á Alþingi af þingmönnum Sósialistaflokksins og síðar Alþýðubandalagsins og af forustumönnum Alþýðuflokksins, þar til hann í þessum efnum sem öðrum gerðist handbendi Sjálfstæðisflokksins. Vitað er þó, að jafnvel innan Alþýðuflokksins eru enn til menn, sem eru andvígir stefnu flokksins í skattamálum og eru sama sinnis í afstöðunni til þessa frv. sem Alþýðubandalagsmenn. Þannig hafa þessir menn staðið að kröfum um afnám þessa svokallaða bráðabirgðasöluskatts, sem hér ræðir um, bæði á þingi Alþýðusambands Íslands og í fyrrverandi stjórn þess. Ber að fagna því, að einn þessara manna, hv. 10. þm. Reykvíkinga (EggÞ), á sæti hér í hv. þingdeild og hefur því í hendi sinni að hindra framgang þessa frv., þar sem hans atkvæði ræður úrslitum í málinu.

Ég legg að sjálfsögðu til, að þetta frv. verði fellt, og tel, að með því væri unnið hið þarfasta verk. Þessi 8.8% söluskattur á innfluttar vörur er einn skaðvaldurinn í efnahagslífinu og einn þátturinn í núverandi stjórnarstefnu, sem þrengir hart að afkomu almennings. Verði þetta frv. fellt, sem vona ber, kemur og öll fjárlagaafgreiðslan til nýrrar endurskoðunar Alþingis og um leið öll stjórnarstefnan, sem nú ógnar í senn öllu heilbrigðu atvinnulífi í landinu og lífskjörum fólksins um allar byggðir þess.

Alþingi, 12. des. 1960.

Björn Jónsson.

Nd. 200. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tollyfirvöld skulu, um leið og þau afgreiða útflutningsskjöl, innheimta 2½% skatt af fob-verði allra vara, sem framleiddar eru á árinu 1960 og fluttar eru úr landi til sölu frá 20. febrúar 1960. Af niðursoðnum sjávarvörum fluttum út eftir 15. desember 1960 skal þó skattur þessi nema ½% af fob-verði.

Útflutningsskattur á ísfiskafla skipa, sem sjálf flytja hann á erlendan markað, miðast við söluverð hans að frádregnum sölukostnaði og áætluðu flutningsgjaldi samkvæmt reglum gjaldeyriseftirlitsins. Skattur þessi skal innheimtur um leið og greitt er útflutningsgjald af ísfiskafla hvers skips.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. taka ekki til vara, sem samkvæmt vottorði hlutaðeigandi yfirvalds eru framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 og verðbættar skulu samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum a—b.

Fé það, sem verður afgangs í útflutningssjóði, þegar hann hefur innt af hendi greiðslur þær, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum b, c og f, skal afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Þó skal útflutningsskattur skv. 1. mgr. þessarar gr. af öðrum vörum en sjávarafurðum renna í ríkissjóð og honum ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin setur, að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna, reglur um ráðstöfun fjár til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, samkvæmt 4. málsgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru lög nr. 53 14. júní 1960 jafnframt úr gildi felld.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efnisbreytingar þær, sem frumvarp þetta ráðgerir á 8. gr. laganna um efnahagsmál, nr. 4 20. febrúar 1960, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1960, eru, að útflutningsskattur skuli innheimtur af vörum, sem framleiddar eru fyrir 1. janúar 1961, en falla niður af vörum, sem framleiddar verða eftir þann tíma. Þá er útflutningsskattur af niðursuðuvörum lækkaður í ½% af fob-verði, bæði vegna verðlækkunar þessara vara erlendis og svo vegna þess, að hér er um að ræða mikið unna vöru í dýrum umbúðum. Enn fremur er heimilað að verja eftirstöðvum útflutningssjóðs, þegar allar skuldir hafa verið greiddar, til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa fyrir árið 1960.

Aðalfundur Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem haldinn var í fyrra mánuði, lét í ljós ósk um þetta síðastnefnda atriði og verður að telja eðlilegt, að sú ósk verði tekin til greina, að því leyti sem um er að ræða fé, sem útvegurinn hefur sjálfur lagt til.

Nd. 201. Frumvarp til laga [135. mál]

um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Birgir Finnsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.
Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. Að nemandinn hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið.
3. Að hann sé siðferðilega óspilltur.
4. Að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

6. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólans veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans en 1. bekk verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með tilskilinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

8. gr.

Í skólanum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristinfræði, náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, bókfærslu, íþróttir og söng. Heimilt er stjórn skólans að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

9. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

10. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

11. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólans um úrlausnir hver hjá öðrum. En við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólans, að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanns skólans. Nánar verður kveðið á um próf og einkunnir í reglugerð skólans.

12. gr.

Forstöðumaður skólans og fastir kennarar hans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Forstöðumaður ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans með samþykki fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má þó kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og í 17 stundir, er hann verður sextugur.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við forstöðumann og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi.

Menntamálaráðherra ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur greinargerðina fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt ársorlof nema einu sinni. Beiðni um ársorlof skal senda ráðherra með árs fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að orlofsári loknu að gefa fullnægjandi skýrslu um orlofið — að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Þess skal gætt, að framkvæmd orlofs trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur kennara verða sett með reglugerð.

16. gr.

Í reglugerð skal ákveða um skólalækningar, skólatíma og leyfi svo og almennar skólareglur.

17. gr.

Skólinn heyrir beint undir menntamálaráðherra. Forstöðumaður skólans og fastir kennarar skipa skólastjórnina, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

18. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta ár eftir gildistöku laganna starfar ein bekkjardeild, síðan bætist við ein deild á ári, þar til kennsla er hafin í öllum ársdeildum skólans.

Fyrst um sinn, meðan því verður við komið, nýtur skólinn húsnæðis í húsakynnum gagnfræðaskólans á Ísafirði.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi ásamt meðfylgjandi greinargerð. — Rétt þykir að skýra frá því, að í vetur er starfandi framhaldsdeild, er samsvarar 1. bekk menntaskóla, í húsakynnum gagnfræðaskólans á Ísafirði.

„Allir þingmenn Vestfjarðakjördæmis standa að flutningi þessa frumvarps, en fullt samkomulag hefur orðið um, að málið verði flutt af Vestfjarðaþingmönnum, þeim er sæti eiga í neðri deild.

Lengi vel var latínuskólinn, síðar menntaskólinn í Reykjavík, eini skólinn hér á landi, sem brautskráði stúdenta.

Þá hófu Norðlendingar baráttu fyrir því, að gagnfræðaskólinn á Akureyri fengi réttindi að lögum til að kenna undir stúdentspróf og brautskrá stúdenta, og lauk þeirri baráttu með stofnun menntaskólans á Akureyri árið 1927.

Þegar sá sigur vannst í skólamáli Norðlendinga, ritaði einn fyrrverandi nemandi gagnfræðaskólans á Akureyri þessi orð, sem reynslan hefur sannað: **„Eftir stofnun menntaskóla norðanlands er íslenzk menning orðin einu víginu auðugri.“**

Þessu næst veitti ráðherra Verzlunarskóla Íslands rétt til að brautskrá stúdenta.

Þá hófst barátta fyrir því, að stofnaður yrði menntaskóli í sveit. — Menntaskólinn á Laugarvatni er árangur þeirrar menningarbaráttu og veldur ekki lengur ágreiningi.

Í ræðu, sem hinn gagnmerki skólamaður, Sigurður Guðmundsson skólameistari, flutti við skólaslit vorið 1928, er hann brautskráði fyrstu stúdentana frá menntaskóla Akureyrar, sagði hann meðal annars þetta:

„Það liggur í augum uppi, að hverjum skóla er ætlað að vera menningarvígi eða menningarstöð. Hvert skyldi annars vera markmið þeirra? **Slíkar menningarstöðvar mega eigi allar vera á einum stað.** Menningarblóðið verður að renna um **allar** æðar þjóðlíkama vors.“

Þetta eru orð að sönnu. Það er í fullu samræmi við álit þessa mæta og merka skólamanns, að þeirri skoðun hefur mjög vaxið fylgi hin síðari ár, að stofna beri *einnig* menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Höfuðástæðan til þess, að þetta frumvarp er flutt, er sú skoðun flutningsmanna, að skapa beri ungu hæfileikafólki hvarvetna á landinu sem jafnasta aðstöðu til að geta aflað sér stúdentsmenntunar án tillits til efnahags, aðeins ef hugur stendur til.

Fyrir nokkrum árum fékk gagnfræðaskólinn á Ísafirði heimild menntamálaráðuneytisins til að starfrækja framhaldsdeild, er samsvaraði 1. bekk menntaskóla. Þetta varð til þess, að ýmsir efnilegustu nemendur skólans, sem ella hefðu ekki haft efni á að hefja langskólanám, hófu nám í þessari deild og brutust síðan áfram til stúdentsprófs, þó að nokkrir hættu námi sökum efnaskorts eftir veturinn.

Deild þessi starfaði þrjá vetur með góðum árangri að dómi menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri, sem við nemendunum tóku. En þá vildi menntamálaráðherra sá, er þá kom, ekki veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar, þar eð til þess skorti lagaheimild.

Þannig lagðist þessi kennsla í námsgreinum 1. bekkjar menntaskóla á Ísafirði niður.

En áhugi manna á stofnun menntaskóla Vestfjarða á Ísafirði var ekki kistulagður þar með.

Menn úr öllum stjórnmálaflokkum og margvísleg félagssamtök tóku málið upp

á ný. Og á síðastliðnu ári heimilaði menntamálaráðherra gagnfræðaskólanum á Ísafirði loks með bréfi að hefja starfrækslu framhaldsdeildar, er jafngildi 1. bekk menntaskóla.

Þetta var mikilsverður áfangi, en því miður barst bréf menntamálaráðherra svo seint, að nemendur höfðu þá fyrir löngu ráðstafað sér í aðra skóla. Gat framhaldsdeildin því ekki starfað liðinn vetur, 1959—1960.

Þá sótti fræðsluráð Ísafjarðar um ráðherraleyfi fyrir starfrækslu framhaldsdeildarinnar næsta vetur, 1960—1961, og hefur sú heimild nú verið veitt.

Þetta er góð byrjun. En það, sem einu sinni hefur gerzt, getur gerzt aftur.

Þessa menningarstarfsemi er hægt að stöðva aftur, hvenær sem er, meðan hún hvílir ekki á lagagrundvelli.

Þess vegna er nauðsynlegt, að lög verði sett um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Meðan lagagrundvöllinn vantar, mun ávallt reynast erfitt að tryggja hæfa kennslukrafta, þar sem óvissa um áframhald hlyti að torvelda, að hinir hæfustu menntamenn áræddu að ráða sig til kennslunnar.

Æska Reykjavíkur á greiðan aðgang að menntaskólanámi. Sama er að segja um Norðlendinga og Sunnlendinga. En vestfirzkur æskulýður — og austfirzkur — er stórum verr settur í þessu tilliti. Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. **Þess vegna er það rétt stefna, að menntaskólar rísi af grunni í öllum landsfjórðungum.**

Vegna hins mikla áhuga Vestfirðinga á menntaskólamálinu og þeirrar byrjunar, sem þar hefur áður verið gerð með góðum árangri og nú er heimiluð á ný, telja flutningsmenn þessa frumvarps eðlilegt, að næsta skrefið að þessu takmarki verði stofnun menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Viljum við því vænta, að málið fái góðar undirtektir og greiðan framgang.“

Fylgiskjal.

Í skýrslu gagnfræðaskólans á Ísafirði um skólaárið 1958—1959 er svo hljóðandi kafli um menntaskólamálið eftir skólastjórann, Guðjón Kristinsson:

„Svo sem fram kemur í fyrri skýrslum skólans, var starfrækt framhaldsdeild við Gagnfræðaskólann á Ísafirði um þriggja vetra skeið, 1949—1952. Samsvaraði sú deild 1. bekk menntaskóla. Fór kennslan fram í samráði við menntaskólann í Reykjavík og síðar við menntaskólann á Akureyri. Því miður fékkst ekki leyfi til starfrækslu deildarinnar lengur en þessa þrjá vetur. Árangur hafði þó verið ágætur.

Á síðastliðnum vetri var málinu hreyft á ný í einu félagi hér í bænum, Oddfellowstúkunni Gesti. Var málið rætt þar, og niðurstöður þeirra umræðna urðu þær, að nokkur félög hér kusu nefnd til þess að vinna að framgangi málsins með það fyrir augum, að hér yrði á vetri komanda komið á fót framhaldsdeild og síðar menntaskóla fyrir Vestfirði. Í þessari nefnd áttu sæti: Björgvin Sighvatsson kennari, formaður fræðsluráðs Ísafjarðar, Jóhann Gunnar Ólafsson bæjarfógeti, Matthías Bjarnason framkvæmdastjóri, Rögnvaldur Jónsson framkvæmdastjóri og Guðjón Kristinsson skólastjóri. Nefndin boðaði til almenns borgarafundar hér á Ísafirði í marzmánuði 1959. Ríkti mikill einhugur á þessum fundi, og var samþykkt einróma áskorun á ríkisstjórn og yfirstjórn fræðslumála, að hér yrði komið á fót framhaldsdeild (1. bekk menntaskóla) næsta haust. Var þingmönnum Vestfirðinga og fleiri aðilum skrifað og þeir beðnir að vinna að framgangi málsins. Mjög var liðið á þingtímann, þegar þetta var, svo að ekki varð úr því, að þingmenn flyttu frumvarp um þetta mál. En þess ber að geta, að þingmenn Vestfirðinga tóku þessu máli mjög vel.

Síðar var málið tekið upp í fræðsluráði Ísafjarðar og bæjarstjórn. Fræðsluráð skrifaði menntamálaráðuneytinu og fór fram á heimild til að starfrækja framhaldsdeild við skólann næsta vetur, 1959—1960. Svar við þeirri málaleitun barst ekki fyrr

en í byrjun júlímánaðar. Var heimiluð starfræksla deildarinnar, en því aðeins, að nemendur væru minnst 15 að tölu. Þar eð svarið barst svona seint, kom í ljós, að allir þeir nemendur, sem landsprófi luku hér á Ísafirði og nágrenni, höfðu fengið skólavist í öðrum skólum næsta vetur. Taldi fræðsluráð því tilgangslítið að auglýsa eftir þátttöku. Greindi fræðsluráð menntamálaráðuneytinu frá þeirri ákvörðun. Jafnframt var þess óskað, að heimiluð yrði starfræksla framhaldsdeildar veturinn 1960—1961, og þess farið á leit, að ríkissjóður kostaði deildina að öllu leyti. Þegar þetta er ritað, hefur ekki borizt svar frá menntamálaráðuneytinu, en þess er að vænta, að heimild fáist. Enn fremur munu þingmenn Vestfirðinga beðnir að flytja frumvarp um þetta mál á Alþingi næsta haust, 1959, svo að lagaákvæði fáist fyrir starfrækslu slíkrar deildar og síðar fyrir menntaskóla hér, þegar aðstæður leyfa. Hér er vissulega um að ræða mikið hagsmunamál fyrir alla Vestfirðinga og knýjandi nauðsyn, að afgreiðslu þess verði hraðað svo sem kostur er.“

Sþ. 202. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um reiðvegi.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jóhann Hafstein, Eggert G. Þorsteinsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli fela vegamálastjóra að láta athuga, hvar nauðsyn krefur, að gerðir verði reiðvegir, og gera áætlun um kostnað við þá vegagerð á þeim leiðum, þar sem þörfin telst mest aðkallandi. Við athugun þessa verði leitað álits Landssambands hestamannafélaga.

Jafnframt láti ríkisstjórnin undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til breytinga á vegalögunum, er geri ráð fyrir þessari vegagerð.

Greinargerð.

Ársþing Landssambands hestamannafélaga, sem haldið var á Akureyri dagana 5.—6. nóv. 1960, samþykkti eindregna ósk um, að Alþingi geri ráðstafanir til — og lögleiði, að komið verði á skipulegri reiðvegagerð, fyrst og fremst meðfram akvegum, þar sem fjölfarnast er á hestum og vélknúnum tækjum.

Við, sem flytjum þessa þingsályktunartillögu, teljum ósk ársþingsins réttmæta.

Það má furðulegt heita, að fyrir löngu skuli ekki hafa verið leitt í lög, að hið opinbera skuli annast lagningu reiðvega meðfram fjölförnustu akvegum.

Málið hefur áður komið fyrir Alþingi. Árið 1941 flutti Jónas Jónsson, þáverandi þingmaður Suður-Þingeyinga, svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar í efri deild Alþingis:

„Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera rannsóknir og áætlun um, hve mikið mundi kosta að gera reiðvegi meðfram öllum helztu akbrautum landsins.“

Tillögunni var vel tekið og hún samþykkt með samhljóða atkvæðum nálega óbreytt.

En af framkvæmdum, er að gagni komu, varð því miður ekki.

Á þeim nálega tveim áratugum, sem liðnir eru, síðan þetta gerðist, hefur þörfin fyrir reiðvegina aukizt. Vélknúnu tækjunum á akvegunum hefur stórkostlega fjölgað. Einnig hefur reiðhestaeign aukizt á síðustu árum í kaupstöðum og sumum sveitum og iðkun útreiða auðvitað að sama skapi. Fleiri og fleiri hverfa að því að eiga gæðinga sér til andlegrar og líkamlegrar hollustu. Er hvort tveggja: að fólk hefur betri efni á því en fyrr að eiga skemmtihesta og að risinn er áhugi á ný fyrir hesta-

mennskunni. Fólk, sem komið er af léttasta aldri, finnur þar íþrótt við sitt hæfi, göfgandi og heilsusamlega. Æskan mætti snúa sér að þeirri tómstundagleði líka.

Hestar og vélknúin ökutæki samrýmast ekki á vegum. Veldur það oft og einatt gagnkvæmum farartálma og töfum. Af því stafar einnig slysahætta, sem ekki verður komið í veg fyrir, að alltaf verður fyrir hendi, meðan akbrautin er eina leiðin. Víða hagar þannig til, að vegaskurðir og girðingar meðfram þjóðvegum fyrirbyggja, að unnt sé að víkja hesti út af vegi, þótt nauðsyn krefji umferðarinnar vegna.

Loks ber á það að líta, að hesturinn þolir illa hina grjótbornu akvegi. Hann þarf mjúkt undir fót, ef hann á að geta neytt kosta sinni og enzt án þess að veiklast í fótum um aldur fram.

Það fólk, sem leitar sér yndis og heilsuverndar með því að fara um landið á hestum, á heimtingu á hentugum leiðum fyrir sig eins og fólkið, sem ekur í bílum.

Ekki verður heldur annað með sanni sagt en að hesturinn eigi það skilið af þjóðinni, að hún ætli honum götu, þó að breyttir séu tímar og hún sé ekki eins mikið upp á hann komin og áður var.

Reiðvegir þeir, sem tillagan er um að lagðir verði, munu að sjálfsögðu einnig létta umferð með sauðfé og nautgripi. Þeim búpeningi er nú varla orðið vært sums staðar á þjóðvegum.

Mörg eru dæmi þess, að bílvegir hafa verið lagðir ofan í gamla vegi og jafnframt eyðilögð með girðingum og skurðum aðstaðan til að ferðast utan vegarins. Virðist ekki ósanngjarnt, að haft sé í huga við lagningu nýrra vega, að fleiri þurfa að komast leiðar sinnar en vélknúnir vagnar.

Reiðvegirnir þurfa ekki að vera vandaðir. Með þeim vegagerðartækjum, sem nú er völ á, má áreiðanlega leggja langa reiðvegi með litlum tilkostnaði. Verkfróðir menn telja, að víða muni sáralitlu þurfa til að kosta, svo að mikil umbót verði, sæmilegir hestavegir séu á mörgum stöðum nær sjálfgerðir. En það þarf að skipuleggja þá og gera þá samfellda. Hestamannafélögin á hverjum stað geta lagt til kunnugleikann við athugun vegstæðanna og skipulagninguna.

Bezt hefði auðvitað verið, að þetta hefði verið gert samhliða því, að akbrautirnar voru lagðar. En skeð er skeð, og ekki gagnar um að sakast. Nú er aðalatriði að draga ekki lengur að athuga, hversu mikið verk og kostnaðarsamt er hér um að ræða, og setja síðan skynsamlega löggjöf um framkvæmdir. Það felst í þingsályktunartillögunni og ekki annað.

Sþ. 203. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um endurskoðun á lögum um vegi.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Jónas Pétursson, Sigurður Ó. Ólafsson, Einar Ingimundarson, Sigurður Ágústsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun og endurskoðun á lögum um þjóðvegi, og skal þeirri endurskoðun lokið, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Liðin eru nú 6 ár, síðan vegalög hafa verið opnuð. Er það lengri tími en áður.

Á Alþingi í fyrra og einnig nú á þessu þingi hefur komið fram mikill fjöldi breytingartillagna við vegalög, er allar gengu í þá átt að færa þjóðvegakerfið út frá því, sem nú er. Vafalaust eiga þessar breytingartillögur misjafnlega mikinn rétt á sér. En ósæmilegt er annað en gefa þeim þann gaum, að athugað sé um hverja þeirra út af fyrir sig.

Eins og nú hagar háttum manna, er sæmilegt akvegarsamband lífsnauðsyn hverju byggðu bóli. Margir eldri vegir, þótt sæmilegir þættu á sínum tíma, þurfa endurbóta við, jafnvel endurbyggingar. Aðkallandi verkefni blasa við hvarvetna. Aðstaða landsmanna hvað samgöngur varðar er mjög misjöfn eftir því, hvar þeir eru búsettir. Þann aðstöðumun verður að jafna eftir föngum, samhliða því, að eldri vegir verði endurbættir smátt og smátt.

Það, sem við flutningsmenn teljum að einkum þurfi að hafa í huga við endurskoðun þá á vegalögum, sem við leggjum til að fram fari á næsta sumri, er þetta:

1) Ákveða þarf, hvaða vegir og vegakaflar verði teknir upp í þjóðvegakerfið til viðbótar þeim, sem fyrir eru. Gæti sú ákvörðun gilt um t. d. 5 ár og orðið um leið 5 ára framkvæmdaáætlun.

2) Framkvæmdum í vegagerð verður að hraða miklu meira en verið hefur. Sjáum við ekki, að það megi verða, nema til komi aukin fjárframlög. Eðlilegast er, að innflutningsgjöld af bifreiðabenzíni, þungaskattur af dísilbifreiðum, innflutningsgjöld af bifreiðavarahlutum og helzt öll önnur bifreiðagjöld, sem nú ganga til ríkissjóðs, renni til samgöngubóta á landi: brúa og vega, þar með talin jarðgöng í sambandi við vegi, ef henta þykir. Eftir gildandi lögum eru gjöld þau, sem vegfarendur greiða af bifreiðum sínum til ríkissjóðs, miklum mun hærri en allt það fé, sem veitt er til vega á fjárlögum. Sé litið til nágrannalanda okkar, sést, að víða eru allir bifreiðaskattar og benzíngjöld látin gagna til samgöngubóta á landi og meira til, a. m. k. sums staðar. Mun vegaþörf þó óvíða meiri en hér.

Við leggjum til, að inn á vegalög verði tekin ákvæði, sem tryggja lífæðum umferðarinnar, þjóðvegakerfinu, fastar tekjur og aukin fjárráð, miðað við það, sem nú er og verið hefur.

3) Ýmis ákvæði í lögum, sem varða brýr og vegi, eru dreifð og ósamstæð, og er nauðsynlegt, að þau séu færð á einn stað og lagfærð til samræmis við breytta tíma.

Nd. 204. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að samræmis gætti um afgreiðslu þessa frv. milli deilda þingsins, fól nefndin 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar deildar, að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis frv. og umsóknir, er því fylgdu, sem og allmargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem borizt höfðu beint til Alþingis.

Að athugunum sínum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar.

Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.
3. Maður eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan föður eða móður, fái ríkisborgara-

rétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir fimm ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem ekki hafa náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Þær 5 konur og þeir 5 karlar, sem talin eru í tölulið 1—10 í frv. þessu, sem og þær 8 konur og 6 karlar, sem talin eru í tölulið 1—14 í breytingartillögum nefndarinnar, fullnægja þeim skilyrðum, sem greind eru hér að framan, að dómi nefndarinnar, en aðrir umsækjendur ekki. Sér nefndin sér því ekki fært að mæla með, að þeim verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur að svo stöddu.

Alþingi, 12. des. 1960.

Einar Ingimundarson, form. Alfreð Gíslason, frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Björn Fr. Björnsson. Gunnar Jóhannsson.

Sþ. 205. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um sjálfvirka símstöð á Siglufirði og bætta símaþjónustu við Siglufjörð.

Flm.: Einar Ingimundarson, Jón Þorsteinsson, Björn Pálsson, Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til að koma upp fullkominni símaþjónustu á Siglufirði og milli Siglufjarðar og annarra landshluta. Verði í því skyni þegar á næsta ári hafizt handa um að reisa fyrirhugað símstöðvarhús þar og verði gerð þess miðuð við það, að þar verði starfrækt sjálfvirk símstöð fyrir kaupstaðinn, og upp verði komið fullkomnu langlínusambandi milli Siglufjarðar og annarra landshluta.

Greinargerð.

Hús það, sem póstur og sími hafa nú aðsetur í á Siglufriði, er orðið margra áratuga gamalt og úr sér gengið á ýmsan hátt, enda í upphafi miðað við allt aðrar þarfir en nú eru fyrir hendi um alla þjónustu. Af þessum annmörkum stafar það, að símaþjónustan í kaupstaðnum er hvergi nærri með þeim hætti, sem gera má kröfur til. Er ekki með þessu að neinu leyti varpað rýrð á starfsfólk pósts og síma á staðnum, enda er slíkt ástæðulaust, en starfsskilyrði eru orðin mjög slæm í símstöðvarhúsinu vegna þrengsla og ófullkomins búnaðar. Mun vera óhætt að fullyrða, að starfsskilyrði fyrir póst og síma séu nú orðið hvergi eins bágborin í hinum stærri kaupstöðum landsins eins og á Siglufirði. Er því mjög miður farið að áliti flm., þar sem annir við þessa starfsemi eru þar gífurlegar á sumrin vegna aðstreymis fólks um síldveiðitímann.

Um nokkurt skeið mun það hafa verið í ráði hjá forráðamönnum landssímans að reisa nýtt og stærra hús fyrir póst og síma á Siglufirði. Telja flm. það óviðunandi, að framkvæmdir við þá húsbyggingu verði látnar dragast öllu lengur. Eðlilegt virðist og sjálfsagt, að gerð hússins verði við það miðuð, að þar verði komið upp sjálfvirkri símstöð fyrir kaupstaðinn í náinni framtíð, enda ekki vitað, að þá

yrðu neinir tæknilegir örðugleikar á uppsetningu og rekstri slíkrar símstöðvar, er húsið væri komið upp.

Loks er þess að geta, að langlínusamband milli Siglufjarðar og annarra landshluta hefur um langt skeið verið ófullkomið, enda liggja til kaupstaðarins aðeins 4 línur (7 talrásir) og aðeins ein lína (2 talrásir) beint til Reykjavíkur. Stafa oft af þessu hin mestu vandræði, aðallega yfir annatímann á sumrin, eins og áður segir.

Telja flm. nauðsynlegt, að úr þessu verði einnig bætt hið bráðasta, svo að langlínusamband við Siglufjörð verði ekki á neinum tímum árs stórum lakara en við önnur byggðarlög á landinu.

Sþ. 206. Fyrirspurn [139. mál]

til fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir vegna togarakaupa.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hverjum hafa verið veittar ríkisábyrgðir til togarakaupa árin 1959 og 1960? Hver er lánstími og önnur kjör á þeim lánum? Hve miklu nema lánin á hvert skip og hve miklum hluta af kaupverði skipanna?

Nd. 207. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og borið það saman við gildandi lagaákvæði. Leggur hún einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1960.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason.
Hannibal Valdimarsson. Jón Skaftason.

Sþ. 208. Nefndarálit [72. mál]

um till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á tveim fundum og fengið um hana álitsgerð frá Sambandi íslenzkra byggingarfélaga og húsnæðismálastjórn ríkisins. Mælir nefndin með því einróma, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1960.

Benedikt Gröndal, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Pétur Sigurðsson. Hannibal Valdimarsson. Sigurður Bjarnason.
Björn Pálsson.

Sþ. 209. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða löggjöfina um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Endurskoðunin skal beinast að því að gera utanríkisþjónustuna ódýrari en nú. Endurskoðunin skal gerð í samráði við þingflokkana, og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á seinasta þingi, en fékk ekki afgreiðslu. Rétt þykir því að flytja hana að nýju.

Núgildandi lög um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis voru sett árið 1941, vegna þess að Danir gátu ekki lengur farið með utanríkisþjónustu fyrir Ísland, eftir að Danmörk hafði verið hernumin. Lögin bera þess mjög svip, að þau eru sett í skyndi sem bráðabirgðaráðstöfun, og hefur vafalaust verið til þess ætlazt, að fullkomnari löggjöf yrði sett um þessi mál síðar. Af því hefur hins vegar ekki orðið til þessa.

Í lögum þessum er það lagt í vald ríkisstjórnarinnar að ákveða, hvar Ísland skuli hafa sendiráð. Slíkt var ekki óeðlilegt á stríðsárunum, þegar oft þurfti að taka skyndilega ákvarðanir vegna þess ástands, sem þá ríkti. Á venjulegum tímum er það hins vegar eðlilegt, að það sé bundið í lögum, hvar Ísland hafi sendiráð.

Afleiðing þessa ákvæðis er m. a. sú, að Ísland hefur nú orðið fleiri sendiráð en eðlilegt getur talizt, og fylgir því að sjálfsögðu mikill kostnaður.

Tilgangurinn með tillögu þessari er sá að láta fara fram athugun á því, hvernig draga megi úr þessum kostnaði og tryggja þjóðinni samt viðunanlega þjónustu á þessu sviði. Lagt er til, að þessi athugun verði gerð í samráði við alla þingflokkana, þar sem æskilegt er að hafa sem víðtækast samstarf um skipan utanríkisþjónustunnar, þótt leiðir skiljist um önnur mál. Með slíku samstarfi verður það líka bezt tryggt, að meiri festa myndist í skipun þessara mála og hún gerð sem óháðust þeim breytingum, er hljóta að verða öðru hverju á stjórn ríkisins.

Sþ. 210. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 19. desember 1960 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 16. janúar 1961.

Sþ. 211. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1958.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur fengið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1958 til meðferðar. Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við ríkisreikning umrætt ár og ekkert fundið við það að athuga. Nefndin er því sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1960.

Magnús Jónsson, form.	Halldór E. Sigurðsson, frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.
Guðl. Gíslason.	Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.
Halldór Ásgrímsson.	Garðar Halldórsson.	Karl Guðjónsson.

Sþ. 212. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1959.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1959. Var frumvarpið borið saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1959, og fannst ekkert athugavert.
Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1960.

Magnús Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Halldór E. Sigurðsson.
Guðl. Gíslason.	Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.
Halldór Ásgrímsson.	Garðar Halldórsson.	Karl Guðjónsson.

Nd. 213. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
Einar Olgeirsson.	Jóhann Hafstein.	

Nd. 214. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Einar Olgeirsson, með fyrirvara.
Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.
Jóhann Hafstein.

Nd. 215. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1960.

Birgir Kjaran, form.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Jóhann Hafstein, frsm.
Einar Olgeirsson.
Skúli Guðmundsson.

Nd. 216. Frumvarp til laga [78. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anna Jóhanna Alfreðsdóttir, barn í Keflavík, fædd í Noregi 15. júní 1948.
2. Bacher, Johanna, húsfrú í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 4. nóvember 1922.
3. Fríða Hjörleif Guðmundsdóttir, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. á Íslandi 11. september 1934.
4. Hannam, William Leifur, nemandi í Reykjavík, f. í Englandi 17. desember 1941.
5. Hansen, Joen Edward Jakob, sjómaður, Vestmannaeyjum, fæddur í Færeyjum 26. júní 1915.
6. Hook, Reginald Robert, bifvélavirki í Reykjavík, fæddur í Englandi 11. maí 1916.
7. Hörður Gunnarsson, kennari í Hveragerði, fæddur á Íslandi 13. janúar 1915. (Fær réttinn 20. júlí 1961).
8. Ipsen, Guðrún Bjarnadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 8. júlí 1911.
9. Ipsen, Karl Christian August, bifvélavirki í Reykjavík, f. í Danmörku 7. nóvember 1908.

10. Jacobsen, Fridlev, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 2. ágúst 1929.
11. Klingbeil, Edda, bókbandsnemi í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 18. maí 1941.
12. Klingbeil, Sigrún, bókbandsnemi í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 25. desember 1942.
13. Knudsen, Hilmar Martin Riis, menntaskólanemi í Reykjavík, fæddur í Danmörku 5. október 1941.
14. Knudsen, Ulla Betty Riis, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Danmörku 15. ágúst 1940.
15. Krause, Elfriede Else Marie, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 25. febrúar 1908. (Fær réttinn 16. júlí 1961).
16. Krause, Karl Heinz, verkfræðingur í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 9. september 1919.
17. Köpsell, Ursula Maria, húsfrú í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 5. desember 1924.
18. Malmquist, Unnur Sigríður, húsmóðir í Reykjavík, fædd á Íslandi 29. september 1921.
19. Ploder, Johan Kurt, hljómlistarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 21. ágúst 1927.
20. Poulsen, Poul Kolbeinn Ólafsson, sjómaður, Vestmannaeyjum, fæddur í Færeyjum 21. október 1938.
21. Rist, Charlotte Margarethe, húsmóðir á Höfða í Dýrafirði, fædd í Noregi 13. nóvember 1919.
22. Ulbrich, Erna Martina Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. júlí 1934.
23. Wolf-Manfred Guðmundsson, nemandi í Borgarnesi, fæddur í Þýzkalandi 28. apríl 1946.
24. Zoëga, Guðrún Ólafía Þórunn, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 28. október 1907.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 217. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

1. gr. orðist svo:

Í stað orðanna „til ársloka 1960“ í fyrri málslið a-liðs ákvæða til bráðabirgða komi: til ársloka 1961, og í stað „8% — átta af hundraði“ í sama málslið komi: 4% — fjóra af hundraði.

Sþ. 218. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 13. gr. A. XII. (Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum).
   Fyrir „120 000“ kemur 135 000

2.	Við 13. gr.	F. II. 1. (Skipaskoðun ríkisins, laun).		
		Fyrir „796 385“ kemur		844 385
3.	— 13. —	F. IX. Nýr liður:		
		Til byggingar umferðarmiðstöðvar í Reykjavík		1 000 000
4.	— 14. —	A. I. a. 1. (Háskólinn, laun).		
		Fyrir „4 709 035“ kemur		4 801 358
5.	— 14. —	A. I. a. 11. (Háskólinn, til stundakennslu og landmælinga).		
		Fyrir „375 000“ kemur		282 677
6.	— 14. —	A. XV. 1. d. (Námskeið fyrir íþróttakennara).		
		Fyrir „20 000“ kemur		70 000
7.	— 14. —	A. XXXVIII. Nýr liður:		
		Til Blindravinafélags Íslands vegna rekstrar Blindraskólans		36 960
8.	— 14. —	B. III. 10. (Þjóðminjasafnið). Nýr liður:		
		Til viðhalds sögulegra minja í Reykholti		10 000
9.	— 14. —	B. XLII. 6. Liðurinn orðist svo:		
		Til tónlistarkennslu á Siglufirði		30 000
		Fjárveitingin skiptist að jöfnu milli tónlistarskóla Siglufjarðar og tónskóla Siglufjarðar.		
10.	— 14. —	B. XLII. 16. p. Nýr liður:		
		Til lúðrasveitar Kópavogs		10 000
11.	— 16. —	A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).		
		Fyrir „3 580 000“ kemur		3 730 000
12.	— 16. —	A. 22. c. (Fyrirhleðslur). Nýr liður:		
		Í Svartá í Geitlöndum í Borgarfirði		35 000
13.	— 16. —	A. 27. c. (Til skógræktarfélaga).		
		Fyrir „427 500“ kemur		527 500
14.	— 16. —	A. 55. Nýr liður:		
		Styrkur til Sölufélags garðyrkjumanna vegna tækjakaupa til varnar gegn jurtasjúkdómum í gróðurhúsum		50 000
15.	— 16. —	B. 1. (Fiskifélag Íslands).		
		Fyrir „3 715 000“ kemur		3 895 485
16.	— 16. —	B. 14. a. 6. (Námskeið fiskmatsmanna).		
		Fyrir „40 000“ kemur		125 000
17.	— 16. —	E. I. 1. Liðurinn orðist svo:		
		Iðnaðardeild:		
		a. Laun		1 157 358
		b. Til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna		200 000
		c. Annar kostnaður		540 000
				1 897 358
		÷ Tekjur af rannsóknum		480 000
				1 417 358
18.	— 17. —	I. 5. Nýr liður:		
		Til vatnsborana að Hellnum		50 000
19.	— 18. —	II. a.		
		a. Við bætast í stafrófsröð:		
		1. Alfons Gíslason, fyrrv. símstjóri		15 000.00
		2. Ari Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustjóri		15 000.00
		3. Ari Jónsson, fyrrv. héraðslæknir		10 000.00

4. Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 6 000.00
5. Benedikt Gíslason 8 000.00
6. Daníel V. Fjeldsted, fyrrv. héraðslæknir 10 000.00
7. Egill Sandholt, fyrrv. skrifstofustjóri 4 000.00
8. Egill Þorláksson, fyrrv. kennari 6 000.00
9. Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona 10 000.00
10. Eyþór Þórarinsson, fyrrv. verkstjóri 8 000.00
11. Gísli Guðmundsson, fyrrv. símstjóri 18 000.00
12. Grétar Ó. Fells, fyrrv. fulltrúi 12 000.00
13. Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 8 000.00
14. Haukur Hrómundsson 10 000.00
15. Hermann Eyjólfsson, fyrrv. kennari 6 000.00
16. Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofumaður 10 000.00
17. Jón Gunnlaugsson, fyrrv. stjórnarráðsfulltrúi .. 5 000.00
18. Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður 10 000.00
19. Jónas Jósteinsson, fyrrv. kennari 6 000.00
20. Karl Friðriksson, fyrrv. yfirverkstjóri 8 000.00
21. Knútur Kristinsson, fyrrv. héraðslæknir 10 000.00
22. Kristján Benediktsson 10 000.00
23. Ólafur Ólafsson, fyrrv. skólastjóri 5 000.00
24. Páll V. G. Kolka, fyrrv. héraðslæknir 10 000.00
25. Pétur Magnússon, fyrrv. sóknarprestur 10 000.00
26. Sigurður Þórðarson 10 000.00
27. Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri 12 000.00
28. Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur 6 000.00
29. Sæmundur Sæmundsson, fyrrv. skólastjóri 4 000.00
30. Þorgeir Jónsson, fyrrv. prófastur 10 000.00
31. Þórhallur Gunnlaugsson, fyrrv. símstjóri 6 000.00

b. Eftirfarandi liður breytist:
Friðrik Bjarnason, fyrrv. barnaskólastjóri.
Fyrir „12 694.00“ kemur 22 694.00

c. Niður falla þessir liðir:
1. Haraldur Leósson, fyrrv. kennari.
2. Vilhjálmur Finsen, fyrrv. sendiherra.

20. Við 18. gr. II. b.

a. Við bætast í stafrófsröð:
1. Anna Þuríður Sæmundsdóttir 8 000.00
2. Ásta Jónsdóttir 8 000.00
3. Ásta Ólafsdóttir 12 000.00
4. Elín Guðmundsdóttir 4 000.00
5. Guðný Halldórsdóttir 12 000.00
6. Hertha Leósson 5 000.00
7. Hrefna Bergsdóttir 18 000.00
8. Ingibjörg Gamalíelsdóttir 15 000.00
9. Kristín Tómasdóttir 9 000.00
10. Sigríður Sigtryggsdóttir 12 000.00
11. Sigríður Sæmundsson 24 000.00

b. Eftirfarandi liðir breytast:
1. Hedvig Blöndal.
Fyrir „3 828.00“ kemur 10 000.00
2. Rósa Jónsdóttir.
Fyrir „2 540.00“ kemur 6 000.00

c. Niður falla þessir liðir:
1. Finnbjörg Kristófersdóttir.
2. Sigurlaug G. Gröndal.

21. Við 20. gr. Út. XIV. (Heimtaugagjöld á prestssetrum).
Fyrir „144 000“ kemur 194 000

22. — 22. — XXVII. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast fyrir Dráttarbraut Akraness allt að 3.5 millj. kr. lán vegna smíði nýrrar dráttarbrautar, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
b. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 5.5 millj. kr. lán til endurbóta á síldarverksmiðjum á Austurlandi, enda verði umbæturnar gerðar í samráði við ríkisstjórnina.
c. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar. (Endurveiting).
d. Að ábyrgjast fyrir Loftleiðir h/f allt að 70% af kaupverði einnar flugvélar, þó ekki hærri fjárhæð en jafnvirði 438 þús. Bandaríkjadollara, enda fái ríkissjóður 1. veðrétt í flugvélinni.
e. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán vegna stækkunar og endurbyggingar Hótel Blönduóss, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur nægilegar.
f. Að greiða Djúpbátnum h/f á Ísafirði allt að 100 þús. kr., ef ríkisstjórnin telur það nauðsynlegt til að tryggja útgerð flóabáts félagsins á árinu.

23. — 22. — XXX. Nýir liðir.
a. Að útvega eða lána Ræktunarsjóði Íslands, Byggingarsjóði sveitabæja og veðdeild Búnaðarbanka Íslands allt að 36 millj. kr.
b. Að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga vegna byggingar vinnustofnana fyrir öryrkja.

Sþ. 219. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, GH).

1. Við 16. gr. A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir „3 580 000“ kemur 3 880 000

2. — 16. — A. 5. B. b. Á eftir liðnum kemur svofelld athugasemd:
Nú reynist framlag ríkisins til jarðræktar og framræslu samkv. II. kafla jarðræktarlaga lægra á árinu 1961 en fjárveitingunni nemur, og skal þá verja af mismuninum, eftir því sem til vinnst, þannig:
1. Til kaupa á jarðræktarvélum 1 000 000
2. Til ráðgefandi nefndar um útihúsabyggingar í sveitum 200 000
3. Til nautgriparæktarsambanda vegna stofnunar tilraunabúa til afkvæmarannsókna, þó ekki yfir ⅘ kostnaðar 100 000
4. Til mjólkurbúa og smjörsamlaga 900 000

5. Til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr lofti 300 000
Framangreindar fjárhæðir eru til viðbótar þeim fjárveitingum, sem sérstaklega eru ætlaðar á fjárlögum til 1., 3., 4. og 5. liðar hér að ofan.

3. Við 16. gr. A. 7. Nýr liður.
Til ráðgefandi nefndar um húsabyggingar í sveitum, samkv. lögum nr. 48/1957 ..... 200 000

4. — 16. — E. I. 1. b. (Iðnaðardeild). Nýr liður:
Til byggingarannsókna 200 000

5. — 19. — 4. (Fyrningar).
Fyrir „6 000 000“ kemur 1 000 000

6. — 19. — 5. (Óviss útgjöld).
Fyrir „6 500 000“ kemur 4 500 000

7. — 20. — Út. XXXI. (Bifreiðar ríkisstofnana).
Fyrir „800 000“ kemur 300 000

Sþ. 220. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

I. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Hermanni Jónassyni*.
Við 13. gr. A. II. a. (Nýir akvegir).

1. Við 39. Nýr liður:
Gufudalsvegur 70 000

2. Við 47. Nýr liður:
Suðurfjarðavegur (Norðdalshlíð) 200 000

3. Við 53. (Snæfjallastrandarvegur).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000

4. Við 56. (Reykjarfjarðarvegur).
Fyrir „390 000“ kemur 500 000

5. Við 58. (Strandavegur).
Fyrir „150 000“ kemur 250 000

II. Frá *Gunnari Jóhannssyni* og *Ólafi Jóhannessyni*.
Við 13. gr. A. II. d. 7. (Siglufjarðarvegur ytri).
Fyrir „200 000“ kemur 500 000

III. Frá *Sigurvin Einarssyni* og *Hermanni Jónassyni*.

1. Við 13. gr. C. VIII. 22. (Hafnarmannvirki). Nýr liður:
Kaldrananes 100 000

2. Við 20. gr. Út. 3. (Flugvallagerð).
Nýir liðir.
a. Patreksfjörður 150 000
b. Hólmavík 150 000

Nd. **221. Breytingartillögur** [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 1. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (2. gr.) 23. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er verkalýðssamtökunum að ákveða í samningum sínum við atvinnurekendur, að kaupgjald skuli breytast eftir verðlagsbreytingum samkvæmt þeim reglum, er aðilar koma sér saman um.

Þar til samningar hafa verið gerðir milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, skal miða greiðslu kaupgjalds við vísitölu vöru og þjónustu samkvæmt þeim grundvelli, er kauplagsnefnd hóf að reikna 1. okt. 1960.

Ekki mega atvinnurekendur bæta þeim greiðslum, sem um ræðir í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar, við þá álagningu, sem þeim nú er leyfileg.

Ríkið, ríkisstofnanir og sveitarfélög skulu og greiða starfsmönnum sínum samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar þessarar greinar, þar til frjálsir samningar hafa verið gerðir milli hinna ýmsu félaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og hinna opinberu stofnana hins vegar á grundvelli fulls samningsfrelsis starfsmannanna.

2. (3. gr.) 31. gr. laganna orðist svo:

Af lánum, sem veitt eru eftir 1. janúar 1961, er bannað að taka hærri útlánsvexti en voru 1. janúar 1960. Frá sama tíma skulu víxilvextir lækka til samræmis við það.

3. (4. gr.) 32. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. janúar 1961 skulu vextir af afurðavíxlum framleiðsluatvinnuveganna eigi vera hærri en 2% fyrstu 6 mánuði, en ½% hærri, ef framlengdir eru. Seðlabankinn skal skyldur að endurkaupa víxla vegna afurðalána, sem nemur 67% af áætluðu útflutningsverðmæti framleiðslunnar. Vextir seðlabankans af slíkum lánum skulu vera 1%.

4. (5. gr.) 33. gr. laganna falli niður.

5. (6. gr.) Á eftir 33. gr. komi nýjar greinar undir nýrri kaflafyrirsögn (VI. kafli), og breytist tala kafla og greina samkvæmt því:

a. (34. gr.) Frá 1. janúar 1961 skulu öll flutningsgjöld íslenzkra skipa fyrir útfluttar framleiðsluvörur lækka um 10—20% frá því, sem var 1. desember 1960. Ríkisstjórnin ákveður þessa lækkun nánar með reglugerð.

b. (35. gr.) Stofna skal ríkisvátryggingu, sem hafi með höndum vátryggingu á öllum fiskiskipastól landsmanna svo og allar vátryggingar, sem sjávarútvegurinn þarf að hafa, þar með talin vátrygging á framleiðsluvörum og veiðarfærum svo og ábyrgðartryggingar o. fl.

Skylt er að hafa allar tryggingar sjávarútvegsins hjá ríkistryggingunni, og skulu vátryggingar skipa og aðrar vátryggingar flytjast þangað, jafnóðum og þær losna samkv. núgildandi tryggingarsamningum, en þó eigi síðar en 1. júlí 1961.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um þessa tryggingarstarfsemi, og er m. a. heimilt að ákveða, að innheimta skuli tiltekinn hundraðshluta af andvirði útfluttra sjávarafurða sem iðgjald.

c. (36. gr.) Frá 1. jan. 1961 skulu þær reglur gilda, að allir aðilar, sem hafa með höndum sölu á framleiðsluvörum úr landi, geri full gjaldeyrisskil fyrir útfluttar vörur innan eins mánaðar, frá því að varan sannanlega var flutt út. Sölufélögum og umboðsmönnum er skylt að gera fullnaðarskil á söluandvirðinu til framleiðenda eigi síðar en hálfum öðrum mánuði eftir að varan var flutt úr landi.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum allt að 1000000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ed. 222. Frumvarp til laga [142. mál]

um Listlaunasjóð Íslands.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Listlaunasjóður Íslands. Verkefni sjóðsins eru:

a. Að veita viðtöku fé, sem Alþingi ákveður á fjárlögum, að varið skuli úr ríkissjóði til listlauna, og öðru því fé, sem honum kann að að berast í sama skyni, svo sem gjafafé.
b. Að greiða laun til listamanna ár hvert.
c. Að ávaxta listlaunafé, sem bíður úthlutunar, með því að geyma það í banka.

2. gr.

Á fjárlögum skal árlega veitt fé til Listlaunasjóðs Íslands, eigi minni upphæð í heild en 2 milljónir króna. Fjárveitingin skal sundurliðuð á fjárlögum, sem hér segir:

a. Til skálda og rithöfunda.
b. — myndlistarmanna.
c. — tónlistarmanna.
d. — leiklistarmanna.

3. gr.

Launaflokkar skulu vera þrír.

Í fyrsta flokknum skulu vera menn, sem sjóðurinn greiðir árlega laun jöfn hálfum hámarkslaunum í VII. launaflokki starfsmanna ríkisins.

Í öðrum flokki skulu vera menn, er fá árlega laun, nema þeir hætti um 5 ára skeið eða lengur að stunda list sína. Laun í þessum flokki skulu vera eins og þriðjungur hámarkslauna í VII. launaflokki starfsmanna ríkisins.

Í þriðja flokki skulu laun vera greidd mönnum í viðurkenningarskyni fyrir einstök unnin verk eða vegna viðfangsefna, sem þeir hafa með höndum og ástæða þykir til að veita þeim fjárhagslegan stuðning til að fást við. Laun í þessum flokki eru ekki fyrirskipaðar upphæðir og ekki skylt að veita sama manni þau ár eftir ár.

4. gr.

Úthlutun launa samkvæmt 3. gr. skulu hafa á hendi fjórar nefndir, sem úthluta hver fyrir sína listgrein.

Úthlutunarnefnd skálda- og rithöfundarlauna skal þannig skipuð:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Heimspekideild háskólans tilnefnir tvo menn og Rithöfundasamband Íslands tvo menn.

Úthlutunarnefnd myndlistarlauna skal þannig skipuð:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Félag íslenzkra myndlistarmanna tilnefnir einn mann og Listasafnsráð einn mann.

Úthlutunarnefnd tónlistarlauna:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Tónskáldafélag Íslands tilnefnir einn mann og stjórn Tónlistarskóla Reykjavíkur einn mann.

Úthlutunarnefnd leiklistarlauna:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Bandalag íslenzkra leikara tilnefnir einn mann og Félag íslenzkra leikdómenda einn mann. Jafnmargir varamenn skulu kosnir eða tilnefndir af sömu aðilum og aðalmenn.

Menntamálaráðherra skal tilkynna hlutaðeigendum hverju sinni, hvenær þeim ber að hafa lokið kosningu eða tilnefningu af sinni hálfu á manni eða mönnum í úthlutunarnefnd.

Nú kýs eða tilnefnir ekki einhver áðurnefndra aðila mann í nefnd, og skal þá menntamálaráðherra skipa mann í nefndina í staðinn.

Ekki skal kjósa eða skipa í nefnd mann, sem líklegt er að kunni að hafa hagsmuna að gæta fyrir sig við úthlutun listlauna í þeirri listgrein, er nefndin á að úthluta fyrir.

Kjör í nefndir þessar gildir til þriggja ára í senn, frá næstu áramótum að telja, áður en kjörið var.

Úthlutunarnefndirnar fá þóknun fyrir störf sín. Hver deild sjóðsins (2. gr. a—d) greiðir sinni nefnd. Menntamálaráðherra ákveður þóknunina til hverrar nefndar hverju sinni.

Úthlutunarnefndir skulu skila til hvers fjárlagaþings sundurliðaðri skýrslu um síðustu úthlutun sína og greinargerð um fjárþörfina í heild, eins og þær telja hana vera hver fyrir sína deild vegna næstu úthlutunar.

5. gr.

Við fyrstu úthlutun listlauna, eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu þeir listamenn, sem við síðustu úthlutun listamannalauna voru í hæsta flokki, vera settir í fyrsta launaflokk.

Að öðru leyti er ekki heimilt að færa á ári fleiri en tvo í hópi skálda og rithöfunda upp í fyrsta launaflokk og einn í hópi hvers hinna: mynd-, tón- og leiklistarmanna.

Aldrei má stofna til meiri launagreiðslu í fyrsta flokki en nemur ¼ af umráðafé úthlutunarnefndar og í öðrum flokki ekki meiri launagreiðslu en nemur helmingi af úthlutunarfé úthlutunarnefndar.

Í þeirri listgrein, sem ekki hefur átt mann í hæsta flokki, er ekki skylt að taka upp veitingu launa samkvæmt ákvæðum þess flokks, fyrr en hlutaðeigandi nefnd telur efni standa til. Ekki er heldur skylt að úthluta árlega öllu fé sjóðsins. Geyma má fé hans milli ára, hvort heldur er fé fleiri eða færri listgreina.

Hver deild hefur sinn fjárhag.

6. gr.

Fjármálaráðuneytið sér um reikningshald sjóðsins og ávöxtun hans.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Úthlutun listamannalauna þeirra, sem ríkissjóður hefur af mörkum látið, á sér skrykkjótta sögu. Ekki skal sú saga rakin hér, enda óþarft að gera það. Óhætt er að fullyrða, að öllum er ljóst, að nauðsyn ber til þess, að framhald þeirrar sögu taki stakkaskiptum til bóta.

Íslendingar eru listelsk þjóð. Enginn vafi er á því, að hún vill búa svo vel sem hún getur að listamönnum sínum. Sú alvarlega staðreynd grípur auðvitað inn í, að hana skortir peninga til margra nauðsynlegra hluta. Það fé, sem hún lætur úr hinum sameiginlega sjóði sínum — ríkissjóðnum — til listlauna, verður því í heild minna en margur vildi og æskilegt væri.

Stefna þarf að því að auka heildarframlagið.

Hitt er líka grundvallarnauðsyn, að fénu, sem ríkið veitir hverju sinni til listlauna, sé skynsamlega skipt og réttlátlega milli listamanna, svo að það komi að tilætluðum notum, eftir því sem það hrekkur til.

Að undanförnu hefur fjögurra manna nefnd verið látin skipta fénu. Sameinað Alþingi hefur kosið nefndina hlutfallskosningu. Tala nefndarmannanna við það miðuð, að samtímis hafa þingflokkarnir venjulega verið fjórir. Hver þingflokkur þá komið að einum manni, sem litið hefur verið á sem fulltrúa flokksins í nefndinni.

Það liggur í augum uppi, að lítið vit er í því að kjósa slíka listdómara eftir pólitískum línum. Tala nefndarmannanna, tvisvar tveir, gerir neitunarvaldið í nefndinni óeðlilega sterkt. Engin trygging er fyrir því, að innan nefndarinnar sé þekking á öllum þeim listgreinum, sem nefndin á að fjalla um. Kjörtími nefndarinnar aðeins eitt ár. Engin löggjöf eða reglugerð handa nefndinni til þess að styðjast við eða til að marka henni bás. Allt í lausu lofti, nema naumt skorin fjárhæð til skipta.

Flutningsmaður frumvarps þessa telur brýna nauðsyn bera til að ráða bót hér á.

Frumvarpið flytur hann sem tilraunaspor í umbótaátt. Honum dylst ekki, að vandasamt er að skipa þessum málum, svo að vel sé, og vonlaust verk að ætla sér að gera það, svo að öllum líki.

Flutningsmaður vill taka til athugunar allar breytingartillögur við frumvarpið, hvort sem þær koma fram utan þings eða innan, og lýsir eftir tillögum frá þeim, er telja sig hafa gott og skynsamlegt til þessara mála að leggja. Aðalatriðið er að finna sem heppilegasta skipan listlaunamálanna.

Skal nú með fáum orðum vikið að einstökum greinum frumvarpsins til skýringar.

Um 1. gr.

Greinin mælir svo fyrir — og það er undirstöðuatriði — að stofnaður skuli sjóður. Sjóðurinn nefnist Listlaunasjóður Íslands. Í sjóðinn gangi árleg framlög ríkisins til listlauna. Enn fremur taki sjóðurinn á móti frjálsum framlögum til eflingar listum. Ekki er ólíklegt að slík tillög, t. d. gjafir eða erfðafé, kunni að koma til sögunnar, ef stofnun er fyrir hendi til þess að taka á móti slíkum framlögum. Sú mun vera reynslan erlendis.

Úr sjóðnum á svo að greiða laun til listamanna, samkv. reglum annarra ákvæða frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi grein mælir fyrir um lágmark árlegrar fjárveitingar úr ríkissjóði til Listlaunasjóðs. Flutningsmaður gerir hér ráð fyrir 2 millj. kr. sem lágmarki.

Fjárveitinguna skal sundurliða á fjárlögum í fernt, þ. e. milli fjögurra listamannahópa, og á sú greining í hópa að geta náð til allra íslenzkra listamanna.

Aðra skiptingu á listlaunafénu en milli þessara hópa á Alþingi ekki að hafa með höndum samkv. frumvarpinu.

Má til hægðarauka tala um, að skiptingin miðist við fjórar listgreinar. Eðlilegt verður að telja, að fjárveitingavaldið skipti milli listgreinanna. En gert er ráð fyrir sérstakri úthlutunarnefnd fyrir hverja listgrein (sjá 4. gr.). Ekki er framkvæmanlegt að láta þær nefndir skipta milli listgreinanna.

Um 3. gr.

Hér ræðir um listlaunaflokka og launahæð í hverjum flokki. Fyrsti flokkurinn er fastlaunaflokkur. Þar er gert ráð fyrir, að launin séu eins og hálf hámarkslaun í VII. launaflokki starfsmanna ríkisins. Þetta er nú h. u. b. 36 400 kr. eða 3 400 kr. meira en hæstu listamannalaunin á þessu ári skv. úthlutun þingkjörnu nefndarinnar.

Í öðrum flokki eru föst laun a. m. k. í 5 ár samfleytt. Hæð launanna er eins og þriðjungur hámarkslauna í VII. launaflokki starfsmanna ríkisins, eða h. u. b. 24 500 kr. Það er 4 500 kr. meira en listamannalaunin í ár í næsthæsta flokki skv. úthlutun þingkjörnu nefndarinnar.

Nauðsynlegt er að ákveða launahæð í þessum tveim flokkum, en heppilegra að miða við launaflokka hjá starfsmönnum ríkisins en krónutölu, af því að þá verður upphæðin hreyfanleg án lagabreytingar, þegar launakjör starfsmanna ríkisins taka breytingum.

Í þriðja flokki eru ekki föst laun, og þar er launahæðin ekki fyrirskipuð. Þar á að launa þeim, sem vinna einstök verk, er ástæða þykir að launa. Og þar á nýgræðingurinn að fá uppörvun og aðhlynningu. Af þessu leiðir, að í þessum flokki mega launin vera mishá til manna.

Um 4. gr.

Þessi grein tiltekur, hverjir skuli velja menn til þess að úthluta listlaunum. Er þar gert ráð fyrir, að sérstök nefnd starfi fyrir hverja listgrein eða deild sjóðsins (sbr. 2. gr.). Fjölmennust er nefndin fyrir úthlutun til skálda og rithöfunda, af því að sú úthlutun mun verða umfangsmesta starfið.

Tilgangurinn með því að hafa nefndirnar fjórar er að tryggja, að þekking á listgreininni verði fyrir hendi. Valið á mönnum í nefndirnar er ætlazt til að sé í höndum þeirra aðila, sem eiga að hafa skilyrði til að velja fyrir hlutaðeigandi listgrein hæfa menn að þekkingu og réttdæmi.

Kjörgengi í nefnd er bundið við, að maðurinn hafi þar ekki eiginhagsmuna að gæta. Með því ákvæði er minnt á, að óhlutdrægni eigi að vera grundvöllur úthlutunar.

Kjörtímabil nefnda er þrjú ár. Mikilsvert skilyrði til, að nefnd geti náð tökum á viðfangsefninu, er, að menn séu lengur en eitt ár í nefndarstarfinu.

Síðasta málsgrein þessarar greinar er um skyldur nefndanna til að gera Alþingi (fjárveitinganefnd) árlega grein fyrir síðustu úthlutun og fjárþörfinni vegna næstu úthlutunar. Eiga þá nefndarmennirnir að vera vökumenn yfir hag listanna og ráðgefendur Alþingis.

Um 5. gr.

Þessi grein felur í sér ýmis ákvæði, sem nauðsynleg eru, svo sem: hvaða listamenn skulu vera sjálfkjörnir í fyrsta listlaunaflokk, þegar lögin taka gildi. Enn fremur ákvæði um, hve marga menn megi færa upp í fyrsta flokk árlega. Þessu þurfa að sjálfsögðu að vera einhver takmörk sett, og eru þau takmörk í 2. og 3. málsgrein greinarinnar. Þar að auki verða nefndirnar að sjálfsögðu að veita forsjá í þessum efnum og gera sér grein fyrir því, hvað fært er. Tekið er fram, að ekki er sjálfsagt að úthluta öllu umráðafé sjóðsins árlega og ekki skylt að launa samkv. hærri launaflokkum, fyrr en hlutaðeigandi nefnd telur efni standa til, þó að fé sé fyrir hendi. Féð geymist.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir, að fjármálaráðuneytið annist reikingshald sjóðsins og ávöxtun.

Um 7. gr.

Rétt þykir að ætlast til, að lögin öðlist gildi strax og þau hafa náð samþykki. Stangist það við fjárlög fyrir 1961, t. d. upphæð fjárveitingar, er auðvelt með bráðabirgðaákvæði að eyða því ósamræmi.

Nd. 223. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn, EOl og SkG, hafa samþykkt frv. með þeim fyrirvara, að þeir muni flytja frekari breytingartillögur við nefnd lög, og munu þeir gefa út sérálit.

Alþingi, 15. des. 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Sþ. 224. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um byggingu radíóvita á Sauðanesi við Siglufjörð.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Skúli Guðmundsson, Einar Ingimundarson, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reistur verði öflugur radíóviti á Sauðanesi við Siglufjörð.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en fékkst þá ekki afgreidd. Þingsályktunartillagan er flutt samkvæmt ósk skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Siglufirði, og hefur félagið látið fylgja eftirfarandi greinargerð sem rökstuðning fyrir málinu.

Fylgiskjal.

Á undanförnum árum hefur skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir gert fundarsamþykktir um að vinna að því, að öflugur radíóviti verði reistur á Sauðanesi við Siglufjörð. Félagið hefur flutt mál þetta á þingum F. F. S. Í. og fengið þar samþykktar jákvæðar samþykktir.

Einnig hefur félagið snúið sér til þingmanna Siglufjarðar með beiðni til þeirra um, að þeir beittu sér fyrir fjárveitingu á Alþingi til vitabyggingarinnar. Sömuleiðis hafa viðræður farið fram um málið við vitamálastjóra. Alls staðar hefur málaleitun þessari verið vel tekið, en þar við situr.

Ástæðan fyrir þessari beiðni okkar er meðal margs annars sú, að radíóviti sá, er á sínum tíma var reistur á Sauðanesi, var mjög lítill, aðeins 2 wött, og langdrægni hans því mjög lítil, þótt betri væri hann en enginn viti. En fyrir 4 árum var vitinn lagður niður og þá talinn ónýtur, þótt hann í sjómannaalmanakinu væri talinn starfandi þar til síðastliðins árs.

Á hafsvæðinu milli Strandagrunns að vestan og Grímseyjarsunds og Kolbeinseyjar að austan eru svo að segja engar dýptarmælingar sýndar á sjókortum, þegar komið er út fyrir Skagagrunn. En á þessu hafsvæði er það, sem aðalsíldveiðin fer fram á fyrri hluta síldarvertíðar og það allt að 130 sjómílum til hafs. Veiðiskipin lenda iðulega í þokum og súld dögum saman við leit sína að veiði, straumar og

vindar hafa líka sín áhrif á, að staðsetning þeirra á leitarsvæðinu verður óákveðin. Ekkert er hægt að átta sig með dýptarmælingum, eins og áður segir. Skip, sem fá veiði, þurfa fljótt að komast til hafnar til að bjarga veiðinni frá skemmdum. En þar sem farastaður er óviss, tekur það oft langan tíma, og hafa undanfarin ár sýnt, að stórkostleg verðmæti hafa eyðilagzt vegna þess, hve skipum gekk erfiðlega að ná til hafnar.

Með byggingu radíóvita á Sauðanesi eru þessi vandræði úr sögunni, þar sem skipin geta þá miðað vitann og siglt örugg í höfn.

Sama gildir um aðrar siglingar meðfram ströndinni, að skip gætu þá örugglega staðsett sig með miðunum án tillits til veðurs.

Um ferðir flóabátsins milli Akureyrar og Sauðárkróks væri viti þessi ómetanlegur. Svæðið milli Siglufjarðar og Skagafjarðar er mjög hættulegt í vondum veðrum vegna margra grunnhóla, sem brýtur á, og leiðin stórhættuleg í myrkri eða snjókomu vetrarmánaðanna. Radíóviti á Sauðanesi væri til mikils öryggis fyrir ferðir þessar.

Eftir upplýsingum frá símstöðvarstjóra, Ottó Jörgensen, hefur ljósvitinn á Sauðanesi fengið nýja aflvél, svo að miklar líkur eru fyrir því, að næg orka sé fyrir hendi fyrir fullkominn radíóvita á Sauðanesi.

Það eru því vinsamleg tilmæli vor til yðar, hr. alþingismaður, að þér beitið yður fyrir því, að málum þessum verði komið í framkvæmd sem allra fyrst og á þann hátt, sem þér teljið heppilegastan fyrir framgang málsins.

Siglufirði, 12. febrúar 1960.

F. h. skipstjórafélagsins Ægis, Siglufirði

Sveinn Þorsteinsson.

Sþ. 225. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

I. Frá *Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Karli Guðjónssyni.*

Við 11. gr. A. 9. k. Nýr liður:

Til löggæzlu á Selfossi	60 000

II. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni* og *Halldóri E. Sigurðssyni.*

1. Við 13. gr. A. III. 2. (Brúargerðir). Nýr liður:

Haukadalsá, Dalasýslu	500 000

2. Við 13. gr. C. VIII. 1. (Akraneshöfn).

Fyrir „700 000“ kemur	900 000

III. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni.*

Við 13. gr. C. VIII. 23. (Kópavogshöfn).

Fyrir „100 000“ kemur	300 000
Til vara	200 000

IV. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni* og *Halldóri E. Sigurðssyni.*

Við 13. gr. C. VIII. 27. (Ólafsvíkurhöfn).

Fyrir „200 000“ kemur	500 000

V. Frá *Karli Guðjónssyni.*

Við 14. gr. A. XXXV. Nýr liður:
Til greiðslu álags á yfirvinnu kennara 150 000

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 18. gr. II. b. Við bætist í stafrófsröð:
Sigrún Árnadóttir 7 000.00
2. Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

VII. Frá *Ágúst Þorvaldssyni, Birni Fr. Björnssyni* og *Karli Guðjónssyni.*

Við 22. gr. XXXII. Nýr liður:
Að greiða til uppbyggingar Kolviðarhóls í Árnessýslu allt að 100 þús. kr.

VIII. Frá *Halldóri E. Sigurðssyni, Karli Guðjónssyni, Halldóri Ásgrímssyni* og *Garðari Halldórssyni.*

Við 22. gr. XXXII. Nýr liður:
Að ákveða eftirfarandi bráðabirgðabreytingar á launakjörum starfsmanna ríkisins:

a. Laun, sem samkvæmt gildandi launalögum fara stighækkandi eftir starfsaldri, hækki á tveimur árum í stað fjögurra ára, þannig að byrjunarlaun verði samsvarandi núverandi launum með tveimur aldurshækkunum og hækki síðan á tveimur árum í hámarkslaun launaflokksins.
b. Starfsmönnum, sem laun taka samkv. XIII. og XIV. flokki launalaga verði greidd laun samkvæmt XII. flokki.
c. Starfsmaður, er verið hefur í þjónustu ríkisins í 10 ár samfleytt, fái launahækkun, er samsvari hækkun um einn launaflokk.
d. Laun barnakennara verði greidd með uppbót, er nemur 8%.

Nd. 226. Breytingartillögur [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

1. Við 1. gr. Í stað „ákvörðun ríkisstjórnarinnar“ í næstsíðustu málgrein komi: tillögum Stéttarsambands bænda.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) 23. gr. laganna orðist svo:
   Ríkisstjórnin vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.
   b. (3. gr.) 31. gr. laganna orðist svo:
   Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af seðlabankanum, mega eigi vera hærri en 5.5%.
   c. (4. gr.) 32. gr. laganna falli niður, og falla jafnframt úr gildi allar þær ákvarðanir um vexti og lánstíma, sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.

d. (5. gr.) 33. gr. laganna orðist svo:
Síðasti málsliður 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 63 1957 orðist þannig:
Stjórnum banka og sparisjóða skal skylt að veita seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem um innlán og útlán.

3. Við 2. gr. Við greinina bætist:
Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samtímis koma í gildi lög nr. 73 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og lög nr. 75 1952, um breyt. á þeim lögum.

Nd. 227. Lög [4. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 4.

Ed. 228. Lög [6. mál]

um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 6.

Nd. 229. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp. Í því er lagt til, að útflutningsskatturinn, sem nú er innheimtur samkv. efnahagslögunum frá síðasta þingi, skuli ekki leggjast á vörur, sem framleiddar verða eftir 1. jan. 1961. Þá eru og í frv. ákvæði um ráðstöfun á væntanlegum tekjuafgangi útflutningssjóðs.

Eins og fyrri daginn eru upplýsingar ríkisstjórnarinnar um hag útflutningssjóðsins mjög á reiki. Í bók um efnahagsmálin, sem ríkisstjórnin gaf út og lét dreifa um landið á kostnað ríkisins í febr. s. l., var sagt, að skuldbindingar, er á útflutningssjóði hvíldu, væru áætlaðar um 270 millj. kr. Þessar kröfur á sjóðinn átti að borga þannig:

1. Með gengishagnaði, er fram kæmi við útflutning á vörubirgðum, er til voru í landinu 16. febr. Var áætlað, að gengishagnaðurinn næmi 150 millj. kr.
2. Með útflutningsskatti, er var áætlað að næmi 120 millj. kr. árið 1960.

Upphaflega var útflutningsskatturinn ákveðinn 5% af verði útfluttrar vöru. En í maímánuði s. l. bar ríkisstjórnin fram frumvarp á þingi um að lækka skattinn úr 5% í 2½%, og var það samþykkt. Þá komu nýjar upplýsingar frá stjórninni um ástæður útflutningssjóðsins. Var þá áætlað, að gengismunurinn á útflutningsvörubirgðunum mundi verða 227.5 millj., en ekki 150 millj., eins og áður var talið. Hins vegar var þá áætlað, að kröfur á sjóðinn mundu verða 23 millj. kr. meiri en áður var talið. Niðurstaðan var þá sú, að af útflutningsskattinum mundi þurfa 65.5 millj. til að jafna halla sjóðsins, en ekki 120 millj., eins og sagt var þrem mánuðum áður.

Þegar stjórnarfrumvarpið, sem hér liggur fyrir, var til umræðu í fjárhagsnefnd, óskaði ég eftir nýjum upplýsingum um ástæður útflutningssjóðsins. Og nú barst nefndinni ný áætlun um væntanlegar tekjur og gjöld útflutningssjóðsins, gerð um síðustu mánaðamót. Þar er niðurstaðan sú, að gert er ráð fyrir tekjuafgangi hjá sjóðnum, um 60 millj. kr. Tekið er fram, að í áætluninni séu ekki taldar með væntanlegar tekjur af útflutningsskattinum hér eftir, 25—28 millj. kr. Tekjuafgangurinn ætti því að nema alls 85—88 millj. kr., og er það 40 millj. kr. hærri upphæð en talið er að allur útflutningsskatturinn muni verða.

Sé byggt á þessum upplýsingum, hefði þannig orðið um 40 millj. kr. tekjuafgangur hjá útflutningssjóði, þó að enginn útflutningsskattur hefði verið á lagður til tekjuöflunar handa sjóðnum.

En í febr. s. l. sagði ríkisstjórnin, að innheimta þyrfti 120 millj. kr. með útflutningsskatti til þess að jafna halla útflutningssjóðs, og fékk skattinn lögfestan.

Ef tekið er mark á nýjustu skýrslum, sem borizt hafa, hefur álagning útflutningsskattsins verið byggð á röngum upplýsingum frá ríkisstjórninni um hag útflutningssjóðs.

Í frv. er lagt til, að af því fé, sem verður afgangs í útflutningssjóði, skuli greiða vátryggingariðgjöld fiskiskipa á árinu 1960. Í athugasemdum með frv. kemur fram, að þessi tillaga er flutt eftir ósk Landssambands íslenzkra útvegsmanna.

Þá er og lagt til í frv., að hluti af afgangsfé útflutningssjóðs skuli renna í ríkissjóð og verða ráðstafað í þágu landbúnaðarins „samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar". Ég flyt brtt. um, að fé þessu skuli ráðstafað samkvæmt tillögum Stéttarsambands bænda. Þar sem hluta sjávarútvegsins er varið eftir tillögum L. Í. Ú., tel ég eðlilegt, að þeim hluta afgangsfjárins, sem fer til landbúnaðarins, verði ráðstafað samkvæmt tillögum Stéttarsambands bænda.

Í 23. gr. efnahagslaganna er svo fyrir mælt, að óheimilt sé að ákveða, að kaupgjald skuli fylgja breytingum á vísitölu. Á síðasta þingi bar ég fram brtt. við efnahagsmálafrumvarpið um, að 23. greinin skyldi þannig orðuð:

„Ríkisstjórnin vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags."

Þetta orðalag er tekið upp úr kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins í síðustu alþingiskosningum. Þá kvaðst hann vilja beita sér fyrir þessari lausn á málinu. Breytingartillaga mín var felld á síðasta þingi af þingmönnum stjórnarflokkanna. Ég flyt hana aftur nú. Gefst þá þingmönnum stærri stjórnarflokksins enn tækifæri til að standa við það fyrirheit, er þeir gáfu kjósendum í fyrrahaust, með því að samþykkja tillöguna.

Í upphafi þess þings, er nú situr, fluttu þingmenn Framsóknarflokksins í neðri deild frumvarp um breytingar á lögunum um efnahagsmál. Efni frumvarpsins er:

1. Vaxtalækkun. Vextir af afurðavíxlum, sem seðlabankinn endurkaupir, megi ekki vera hærri en 5.5%. Lög frá 1933, með breytingum frá 1952, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., komi í gildi á ný. Verður þá hámark vaxta eins og það var áður en ríkisstjórnin lét hækka vextina snemma á þessu ári.
2. Afnumin verði þau ákvæði laganna, sem veita ríkisstjórninni heimild til að ákveða vexti og lánstíma hjá ýmsum stofnlánasjóðum.
3. Numin verði úr lögum heimild seðlabankans til að heimta til sín hluta af innstæðum í viðskiptabönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum.

Þessu frumvarpi framsóknarmanna var vísað til fjárhagsnefndar til athugunar. Við atkvæðagreiðslu í nefndinni 12. þ. m. greiddu fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna atkvæði gegn því að mæla með frv.

Til þess að fá nú þegar úrskurð þingdeildarinnar um málið, flyt ég tillögurnar úr frumvarpi framsóknarmanna sem breytingartillögur við stjórnarfrumvarpið, sem hér liggur fyrir. Verður hér gerð nokkur grein fyrir tillögunum.

Í 32. grein efnahagslaganna frá síðasta þingi var ríkisstjórninni veitt heimild til að ákveða vaxtakjör og lánstíma hjá eftirtöldum sjóðum:

Fiskveiðasjóði.
Stofnlánadeild sjávarútvegsins.
Byggingarsjóði sveitabæja.
Ræktunarsjóði.
Byggingarsjóði kaupstaða og kauptúna.
Byggingarsjóði verkamanna.
Raforkusjóði.

Ríkisstjórnin notaði heimildina þannig, að hún stórhækkaði vexti hjá sjóðunum, og einnig stytti hún lánstímann hjá sumum þeirra.

Fram til þess tíma, er efnahagslögin frá síðasta þingi gengu í gildi, hafa lánakjör hjá þessum sjóðum verið ákveðin af Alþingi. Þannig á þetta að vera. Því er lagt til í breytingartillögu, er ég flyt, að 32. gr. laganna verði felld úr gildi. Verði þetta samþykkt, koma aftur til framkvæmda þau lagaákvæði, er áður giltu um vexti og lánstíma hjá sjóðunum.

Ríkisstjórnin lét sér ekki nægja að hækka vexti hjá ýmsum stofnlánasjóðum. Hún beitti sér einnig fyrir og kom fram vaxtahækkun hjá bönkunum, sem er svo gífurleg, að slíks munu ekki dæmi annars staðar. Þær stjórnarráðstafanir hafa lagt óviðráðanlegar byrðar á fjölda manna og valdið miklum þrengingum hjá þeim, sem fást við atvinnurekstur. Tæplega munu finnast atvinnufyrirtæki, sem eru fær um að borga 11½% ársvexti af lánum, og víst er, að aðalatvinnuvegirnir geta ekki risið undir þeim vaxtagreiðslum. Meðan slíku er haldið uppi, eru Íslendingar ekki samkeppnisfærir með vörur sínar á erlendum mörkuðum, því að engir keppinautar þeirra eiga við slík okjör að búa.

Það má öllum vera ljóst, að nú þegar þarf að nema úr gildi ákvarðanir stjórnarinnar um vextina og færa þá aftur í fyrra horf. Það er fyrsta og sjálfsagðasta ráðstöfunin, sem ber að gera til þess að forða frá enn meira öngþveiti en orðið er. Lagfæringar í þessu efni þola enga bið.

Þegar ríkisstjórnin ákvað vaxtahækkunina snemma á þessu ári, hélt hún því fram, að sú ráðstöfun mundi verða til þess að örva sparifjársöfnunina mjög verulega. En opinberar skýrslur sýna, að sparifjáraukningin hefur orðið miklu minni á þessu ári en undanfarin ár.

Hér eru birtar tölur úr skýrslum Hagstofu Íslands um innstæður í bönkum og sparisjóðum í lok októbermánaðar s. l. og á sama tíma 3 næstu árin á undan. Talin eru saman svonefnd spariinnlán og innlán á hlaupareikningum, önnur en mótvirðisfé. Innlánin eru talin hér í heilum milljónum króna, en broti úr milljón sleppt.

I. Bankar:

Í lok okt. 1957	1501	millj.	kr.
- — — 1958	1815	—	—
- — — 1959	2161	—	—
- — — 1960	2423	—	—

Innstæðuaukningin hefur því orðið:

31/10 1957—31/10 1958	314	millj.	kr.	eða 20.9%
31/10 1958—31/10 1959	346	—	—	— 19.1%
31/10 1959—31/10 1960	262	—	—	— 12.1%

II. Sparisjóðir:

Í lok okt. 1957	427	millj.	kr.
- — — 1958	518	—	—
- — — 1959	642	—	—
- — — 1960	725	—	—

Innstæðuaukningin hefur því orðið:

31/10 1957—31/10 1958	91	millj.	kr.	eða 21.2%
31/10 1958—31/10 1959	124	—	—	— 23.9%
31/10 1959—31/10 1960	83	—	—	— 13 %

Af þessum samanburði sést, að síðustu 12 mánuðina fyrir 1. nóv. þ. á. hefur sparifjáraukningin í bönkum og sparisjóðum orðið tiltölulega langtum minni en næstu 2 árin þar á undan þrátt fyrir vaxtahækkunina.

Þær hagskýrslutölur, sem hér eru birtar, eru eitt vitni af mörgum um þá fjárhagserfiðleika, sem efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa valdið.

Í lögum nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands (16. gr.), segir, að skipa megi svo fyrir, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í seðlabankanum. Þetta heimildarákvæði hefur ekki verið notað fyrr en á þessu ári. Var þá gefin út skipun um, að helmingur þeirrar innstæðuaukningar, sem verða kynni hjá nefndum innlánsstofnunum, skyldi afhendast seðlabankanum til geymslu. Enn fremur skyldi sama gilda um innlánsdeildir kaupfélaga, samkvæmt heimild, sem núverandi stjórnarflokkar beittu sér fyrir og komu inn í lögin á þessu ári.

Með fjárheimtunni frá viðskiptabönkunum, sparisjóðum og innlánsdeildum, eru lagðar hindranir í veg einstaklinga og félaga, sem þurfa að afla lánsfjár til atvinnurekstrar og nauðsynlegra framkvæmda. Til þess að ryðja þeim hindrunum úr vegi þarf að nema úr lögum heimildina til fjárheimtunnar.

Það er tillaga mín, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hér hafa verið nefndar. Breytingartillögurnar flyt ég á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 1960.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 230. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frv. Ég legg til, að það verði samþykkt með allveigamiklum breytingum, en meiri hluti n. hefur ekki getað á þær fallizt. Ber ég þær breytingartillögur fram á sérstöku þingskjali. Ástæðan til þess, að þessar brtt. eru fram bornar, er það ástand, sem „viðreisnin“ svonefnda hefur skapað í landinu. Skal því gera nokkru nánari grein fyrir þessum breytingartillögum og ástæðunum til þess, að þær eru bornar fram.

Gjaldþrot „viðreisnarinnar“.

Tíu mánuðum eftir að „viðreisnin“ hófst, með gengislækkun, okurvöxtum, lánabanni og öðrum ófarnaði, hefur hún nú leitt yfir þjóð vora slíkt hörmungarástand, að hún hefur í mörg ár ekki þurft að horfa framan í slíkt.

Sjávarútvegurinn er að stöðvast. Samtök útgerðarmanna hafa lýst yfir því, að enginn grundvöllur sé til að reka útgerð, eins og nú standa sakir. En formælendur „viðreisnarinnar“ höfðu einmitt sagt, að með þeirra stefnu gæti sjávarútvegurinn blómgazt einn og óstuddur. Engar afsakanir um verðfall erlendis geta bjargað „viðreisnar“-postulunum í þessum efnum. Í hinni ýtarlegu greinargerð þeirra með frv. um efnahagsmál ræða þeir einmitt verðfallið á mjöli og lýsi og hafa tekið tillit til þess. Sömuleiðis segja þeir útreikninga sína miðaða við það að fyrna

framleiðslutæki, sem keypt eru á hinu nýja gengi. — Þegar eigendur framleiðslutækjanna nú lýsa yfir því, að þeir geri ekki út að óbreyttu ástandi, þá er því lýðum ljóst, að „viðreisnin“ hefur beðið algert skipbrot, hafi það verið tilgangur hennar að láta sjávarútveginn standa föstum fótum sem höfuðundirstöðu íslenzks atvinnulífs.

Afkoma almennings hefur hríðversnað, síðan „viðreisnin“ hófst. Kaupgeta tímakaups hefur minnkað um ca. 14% síðan í febrúar 1960. Slík kjararýrnun hefur ekki átt sér stað síðan 1952. Við þetta bætist svo, að það er ekki aðeins sjálf kaupgeta tímakaupsins, sem hefur minnkað, heldur hafa og sjálfar atvinnutekjurnar minnkað enn meir. Eftirvinnan er víðast hvar horfin, sem lengi var þrautalending launþega til þess að rísa undir vaxandi dýrtíð. Og svo kastar nú tólfunum, þegar atvinnuleysið bætist ofan á. Atvinnuleysið er þegar byrjað á Akureyri og fleiri stöðum úti um land. Í Reykjavík er það einnig byrjað, og búizt við, að það færist í vöxt á næstu mánuðum. Hafi „viðreisnin“ átt að vera „leið til betri lífskjara“ fyrir alþýðu manna, eins og stjórnarflokkarnir létu í veðri vaka, þá hefur hún einnig á því sviði beðið slíkt skipbrot, að jafngildir dauðadómi yfir henni frá sjónarmiði alþýðu.

Kaupgetuleysi almennings er þegar að leiða efnahagslegt hrun yfir millistéttirnar. Byggingar íbúðarhúsa eru víðast hvar að stöðvast. Framleiðsla húsgagna og annarra hluta, er gera ráð fyrir góðri afkomu almennings, er þegar komin í kreppuástand. Stöðvun og gjaldþrot vofir yfir fjölda þeirra manna, er reynt hafa að gerast bjargálna og vera sjálfstæðir smáatvinnurekendur. Sú fátækt, sem „viðreisnar“-stefnan þegar er að leiða yfir alþýðuna, er að valda efnahagslegu hruni hjá millistéttunum. Hafi það verið tilgangur „viðreisnarinnar“ að efla efnahagslega sjálfstæða millistétt í landinu, þá hefur hún beðið algert skipbrot.

Hins vegar er rétt að leggja þá spurningu í fullri alvöru fyrir valdhafana, er „viðreisninni“ stjórna, hvort „viðreisnin“ hafi að þeirra áliti heppnazt eða misheppnazt, ef hún verður til þess að rýra afkomu launþega stórum, valda gjaldþroti mikils hluta millistéttarinnar, orsaka eignamissi, einkum íbúðamissi, fjölmargra manna og draga stórum úr sjávarútvegi og öðrum gömlum atvinnugreinum Íslendinga. — Það er full ástæða til þess að ætla, að þeir menn, sem reikna áhrif „viðreisnarinnar“ út fyrir fram, viti, hvað þeir eru að gera, með öðrum orðum: að tilgangur „viðreisnarinnar“ sé að þeirra áliti sá að rýra stórum lífskjör launþega, rýja millistéttina, drepa hægt og hægt niður sjávarútveginn, af því að hann er undirstaða efnahagslegs sjálfstæðis landsins, — en koma gróðanum, sem með þessu móti næst frá alþýðu, og eignunum, sem bjargálna menn eru sviptir, yfir á fáar hendur íslenzks og útlends auðvalds, sem stjórnað geti atvinnulífi á Íslandi að amerískum harðstjórnarhætti. — Hins vegar má ætla, að það sé feimnismál fyrir íslenzka stjórnmálamenn að ræða, hvort þetta sé tilgangur „viðreisnarinnar“ eða skipbrot hennar. Er skiljanlegt, að þeir fáist vart til að viðurkenna, að slíkur ránsháttur sé þeirra stjórnmálastefna.

Tvennt er það, sem nokkrir verjendur „viðreisnarinnar“ hafa reynt að bera í bætifláka fyrir hana:

Annað er, að verzlunarjöfnuðurinn batni. — Það hefur aldrei verið neinn vandi á Íslandi að bæta verzlunarjöfnuð með því að gera fólkið svo fátækt, að það geti ekki veitt sér ýmsar nauðsynjar. Slík „læknisráð“ eru einföld. — Danskir einokunarkaupmenn voru sérfræðingar í slíkri viðreisn, enda var verzlunarjöfnuðurinn þá mjög „hagstæður“: miklu meira flutt út en inn!! Slíkt er einkenni allrar nýlendukúgunar. Hitt hefur verið vandamálið, sem Íslendingar hafa talið að leysa bæri: að **efla** svo útflutninginn, að landsmenn gætu veitt sér meiri innflutning og lifað betur. — En „viðreisnin“ hefur farið öfugt að.

Aðrir reyna að verja „viðreisnina“ með því, að „fyrst allir tapi, þá hljóti þetta að hafa verið óhjákvæmilegt“. — Það er nauðsynlegt að athuga þetta nánar, þótt því sé slegið fram í hálfkæringi. Það má segja, að í heildinni tekið sé það svo um „viðreisnina“ og afleiðingar hennar, að útlent auðvald græðir og Ísland tapar.

Rétt er að rifja upp nokkrar staðreyndir:

1. Íslendingar tapa við gengislækkunina á annað hundrað milljónum króna við sölu á vinnu og þjónustu vegna herliðsins í landinu.
2. Þjóðartekjurnar minnka, vegna þess að meira af fiski er flutt út sem ísfiskur, en ekki fullunninn. Á vaxtaokrið þar höfuðsök.
3. Fiskimjöl er selt ódýrar en þyrfti, m. a. vegna hinna háu vaxta sem og vegna verzlunarstefnunnar.
4. Atvinnuleysið er þegar farið að draga úr þjóðartekjunum, og minnkaðar húsbyggingar valda því og að tekjur þjóðarinnar minnka.
5. Hin „frjálsa“ — eftirlitslausa — verzlun þýðir vaxandi gjaldeyrisflótta.
6. Verzlunarstefnan hefur í för með sér minnkandi markaði og lækkað verð á fiski.

Og þó eru allt þetta aðeins byrjunarfyrirbrigði. Ef „viðreisnin“ fengi að halda áfram, kæmi í ljós, hvert stefnt er með henni. En þær afleiðingar, sem hún þegar hefur haft, ættu að nægja til þess að fá þjóðina til að rísa upp og segja: Hingað og ekki lengra.

Hins vegar væri rangt að ályktа af þessum fullyrðingum um, að „allir tapi“, að engir íslenzkir aðilar hafi grætt. Ýmis auðfélög, auðmenn og bankastofnanir hafa einmitt stórgrætt á landsmönnum, þó það sé fyrst og fremst útlent auðvald, sem græðir og opnar sér gróðamöguleika með „viðreisninni“.

Engu að síður er það ljóst, að hinn raunverulegi tilgangur „viðreisnarinnar“ að áliti hinna amerísku frumkvöðla hennar er: að brjóta niður sjálfstætt íslenzkt efnahagslíf, svo að hægt sé að innlima Ísland sem lítinn hrepp í kreppukerfi auðvaldsins í Bandaríkjunum og á Vesturlöndum, — og að lækka svo lífskjör íslenzkrar alþýðu, að hún verði hæf til arðráns og gróða fyrir erlent auðmagn. Þessi tilgangur: að gera Ísland aftur að ósjálfstæðri, arðrændri nýlendu, má ekki takast.

Frá sjónarmiði allra þeirra Íslendinga, sem álíta, að fátækt og atvinnuleysi séu böl, sem dæmi þá stefnu, er leiði þá vágesti yfir þjóðina, hefur „viðreisnin“ hins vegar þegar beðið skipbrot, og á því að hverfa tafarlaust frá þeirri óheillastefnu.

Alger stefnubreyting er nauðsynleg.

Til þess að afstýra þeim voða, sem „viðreisnin“ býr þjóðinni: rýrnandi lífskjörum alþýðu, atvinnuleysi, efnahagslegu hruni og öðrum kreppufyrirbrigðum, er alger stefnubreyting nauðsynleg. Og það verður ekki of oft undirstrikað, að þótt reynt sé að draga úr verstu afleiðingum þessarar kreppustefnu með flutningi einstakra tillagna, svo sem nú verður gert, þá er höfuðatriðið og það eina, sem til frambúðar getur tryggt síbatnandi hag alþjóðar og alþýðu, að algerlega sé horfið frá þeirri kreppustefnu glundroðans og gróðalöngunarinnar, sem einkennir „viðreisnina“, og til þeirrar stefnu, sem þingflokkur Alþýðubandalagsins þing eftir þing hefur markað með flutningi frumvarpa og tillagna.

Fyrsta atriðið er, að tekin sé upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum, svo sem frv. um áætlunarráð, sem nú liggur fyrir þinginu, mælir fyrir. Með því að taka upp stefnu áætlunarbúskapar væri tryggð markviss aukning þjóðarframleiðslunnar og síbatnandi afkoma almennings í stað þeirrar minnkandi framleiðslu, vaxandi fátæktar og versnandi þjóðarhags, sem einkennt hefur „viðreisnina“. Það skipulagsleysi á atvinnulífinu og efnahagsmálunum, sem „viðreisnin“ skírir „frelsi“, er þegar að leiða til atvinnuleysis, auk versnandi lífskjara, — og vitanlegt er, að slíkur glundroði er dauðadómur yfir hverju nútíma þjóðfélagi. Sú kreppa, sem slíkt skipulagsleysi skapar, verður ekki endanlega yfirunnin nema með því að taka upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum með almenningshag fyrir augum.

Annað atriði, sem óhjákvæmilegt er að komist á, er fullkomið eftirlit með allri utanríkisverzlun, raunveruleg yfirstjórn ríkisins á utanríkisverzluninni til þess

að tryggja sem bezta hagnýtingu fyrir þjóðarheildina á öllum markaðsmöguleikum, hvar sem er í veröldinni, og sem bezta hagnýtingu á kaupgetu þjóðarinnar við öflun nauðsynja. Slík yfirstjórn útflutnings og innflutnings er bráðnauðsynleg til þess að tryggja fulla atvinnu fyrir alla landsmenn, fullkomnustu hagnýtingu allra framleiðslutækja og enn fremur hitt: að íslenzk útflutningsvara sé sem mest fullunnin í landinu. Fyrir svo fámenna þjóð sem vora er óhugsandi að tryggja beztu hugsanlega afkomu atvinnulífsins og alþýðu, ef ekki er haft eins fullkomið heildarskipulag á utanríkisverzluninni og auðið er í stað þess glundroða, sem nú er reynt að koma á.

Þessi tvö atriði: áætlunarráð og yfirstjórn á utanríkisverzlun þjóðarinnar, eru nefnd hér sem dæmi um, hve algera stefnubreytingu þarf til þess að komast út úr þeirri kreppu, sem „viðreisnin“ hefur leitt þjóðina í. Yrði of langt að rekja það allt í þessu nefndaráliti.

Þær breytingartillögur, sem ég flyt við þetta frv., eru því aðeins gripnar út úr heild þeirrar umbreytingar, sem gera þarf, ef vel á að vera, og miða þær að því annars vegar að rétta hlut launþega, en hins vegar að tryggja nokkuð og bæta afkomu sjávarútvegsins.

Bætt launakjör verkalýðs og annarra launþega.

Fyrsta brtt. mín, um gerbreytingu á 23. gr. laganna, miðar að því að bæta úr því ranglæti, sem verkalýðssamtökunum og öllum launþegum var gert, er 23. gr. var samþykkt og samningar allir við atvinnurekendur voru rofnir. Launþegar hafa nú borið þær þungu búsifjar, er þeir hafa orðið fyrir af völdum „viðreisnarinnar“, um nokkurt skeið, og á því tímabili hefur reynslan kveðið upp þann dauðadóm yfir „viðreisninni“, sem ekki verður áfrýjað. Sýnist mér, að launþegar hafi nú „fórnað“ meira en nógu, og rétt, að það sjáist, hvernig atvinnurekendur og þeirra pólitísku fulltrúar bregðast við tillögu um, að þeir taki nú að sér „fórnirnar“ um tíma.

Breytingin á vísitölu kaupmáttar tímakaupsins, samkvæmt þeim útreikningi Torfa Ásgeirssonar hagfræðings, sem ég áður hef birt sem fylgiskjal með frv. mínu um áætlunarráð, lítur þannig út fyrir árið 1960 (1945 = 100):

Janúar	99	
Febrúar	99	
Marz	98	
Apríl	93	
Maí	92	
Júní	89	
Júlí	88	
Ágúst	88	
September	88	(87.5)
Október	86	(86.2)
Nóvember	86	(85.54)
Desember	85	(85.1)

Hefur kaupmáttur tímakaupsins þar með rýrnað um 14%, frá því að „viðreisnin“ hófst, eða um ca. 30 vísitölustig eftir gömlu vísitölunni, og aldrei verið lægri síðustu 18 ár, nema 1951 og 1952, þegar hann var árið 1951 84.7 og 1952 84.9.

Öll samtök launþega, bæði Alþýðusamband Íslands, B.S.R.B. og fleiri, hafa krafizt mun meiri launahækkunar en felst í þessari tillögu. En ef Alþingi samþykkti þessa tillögu mína og gerði um leið ýmsar ráðstafanir, sem gera mundu þjóðarbúinu og atvinnurekendum kleift að bera frekari lífskjarabætur en í þessu felast, þá væri þó að minnsta kosti stórt spor stigið, eigi aðeins til þess að bæta kjör verkalýðs og annarra launþega, heldur og til þess að reyna að tryggja frið í þjóðfélaginu, því að vart mun nokkrum detta í hug, að launastéttirnar þoli lengur lífskjaraskerðinguna miklu án róttækra aðgerða.

Samþykktir síðasta þings Alþýðusambands Íslands um efnahagsmál, launakjör og atvinnumál eru birtar hér á eftir sem fylgiskjöl I—III.

Bætt afkoma útflutningsframleiðslunnar.

Fjórar af breytingartillögum mínum eru fyrst og fremst miðaðar við að bæta rekstrarafkomu útflutningsframleiðslunnar.

Skal nú vikið nokkru nánar að hverri þessari tillögu.

Vaxtalækkun.

Lagt er til, að vextir verði færðir niður í það sama og þeir voru, áður en „viðreisnar"-löggjöfin var samþykkt. Þó er lagt til, að vextir af afurðalánum, þ. e. a. s. þeim lánum, sem veitt eru út á framleidda útflutningsvöru og seðlabankinn hefur endurkeypt, verði talsvert lægri en þeir áður voru, eða 2% og 2½% þegar um framlengingu er að ræða.

Vaxtalækkun samkvæmt þessari tillögu mundi gerbreyta rekstrarafkomu flestra fyrirtækja og þó mest þeirra fyrirtækja, sem framleiða vörur til útflutnings. Sem dæmi um það, hvílíkur gífurlegur kostnaður vaxtagreiðslur eru orðnar í rekstri fiskiðnaðarins, skal hér nefnt dæmi úr rekstrarreikningi eins meðalstórs hraðfrystihúss:

Árið 1959 voru vaxtaútgjöld þessa frystihúss um 1 millj. kr., en allar launagreiðslur um 3.3 millj. kr. Árið 1960 verða vaxtaútgjöld þessa frystihúss, miðað við hliðstæðan rekstur, rúmlega 700 þús. kr. hærri en árið 1959 og hafa hækkað þannig vegna „viðreisnar"-ráðstafana ríkisstjórnarinnar.

Þessi vaxtahækkun jafngildir því, að allar launagreiðslur frystihússins hefðu hækkað um 22%. Samkvæmt tillögu minni yrði þessari vaxtahækkun, eða um 700 þús. kr., létt af rekstri frystihússins. En auk þess legg ég svo til að lækka vexti af afurðalánum úr 5%, sem þeir voru fyrir „viðreisnina", niður í 2%. Lækkuð útgjöld þessa frystihúss, sem hér er miðað við, mundu sennilega nema um 400 þús. kr. af þeim ástæðum.

Sú vaxtalækkun, sem ég legg til að gerð verði, mundi því sennilega lækka útgjöld meðalstórs frystihúss um 1.1 millj. kr. á ári.

Lækkun flutningsgjalda.

Með tillögu minni er lagt til að fyrirskipa 10—20% lækkun á flutningsgjöldum íslenzkra skipa fyrir flutning á íslenzkum framleiðsluvörum á erlenda markaði.

Enginn vafi leikur á því, að flutningaskipin, sem flytja afurðir landsmanna á erlenda markaði, hagnast mjög vel, síðan gengislækkunin var samþykkt. Þegar genginu var breytt, hækkuðu tekjur skipafélaganna mjög mikið, en hins vegar breyttist stærsti liður í útgjöldum þeirra, kaupgreiðslur skipverja og annarra, sem hjá félögunum vinna, ekkert. Full ástæða er því til að ákveða nokkra lækkun á flutningsgjöldum þessara aðila og láta þá lækkun koma framleiðslunni til góða, svo að hún geti m. a. staðið undir nauðsynlegri kauphækkun til verkafólks og sjómanna.

Lækkun vátryggingariðgjalda.

Þá legg ég til, að komið verði á fót ríkisvátryggingarfélagi, sem annist vátryggingar á fiskiskipastól landsmanna og allar aðrar vátryggingar vegna sjávarútvegsins. Sá háttur hefur verið hafður á um nokkurra ára bil, að ríkið hefur greitt að meira eða minna leyti vátryggingariðgjöld fiskibátaflotans. Í ár er ætlunin að greiða úr útflutningssjóði vátryggingariðgjöld báta og togara, og munu þau iðgjöld nema samtals um 90—100 millj. kr.

Samkvæmt þeim lögum, sem í gildi voru, áður en „viðreisnar"-löggjöfin var samþykkt, átti að greiða vátryggingariðgjöld bátaflotans frá 1. jan. til 15. febr. 1960, og er upphæð þeirra iðgjalda ekki talin með í áðurnefndri fjárhæð. Ársiðgjöld alls fiskiskipastólsins eru því sennilega um 115—120 millj. kr. Auk skipa-

tryggingarinnar er um miklar aðrar tryggingar að ræða á vegum sjávarútvegsins. Þannig þarf að vátryggja alla framleiðsluna, fyrst í verkun, síðan í geymslu og næst í flutningum á erlenda markaði. Þar er um miklar tryggingar að ræða. Þá hefur útgerðin jafnan miklar veiðarfæratryggingar og oft ábyrgðartryggingar.

Allar þessar tryggingar sýnist hagstætt að sameina hjá einu ríkisvátryggingarfélagi.

Enginn vafi er á því, að tryggingarkjör sjávarútvegsins eru nú mjög óhagstæð og sennilega óhagstæðari en annars staðar þekkist. Hér er algengt, að vátryggingariðgjöld fiskibáta séu 7—9%, og varla til lægri en 5%. Í Noregi er hins vegar algengast, að iðgjaldið sé 2—3% af fiskibátum.

Vátryggingarfélögin hér á landi eru flest fyrst og fremst umboðsaðilar erlendra tryggingarfélaga. Vátrygging fiskiskipanna hér er því að mestu leyti erlend trygging.

Þar sem reynslan hefur sýnt, að ríkið verður jafnan að greiða vátryggingariðgjöld fiskiskipanna að meira eða minna leyti, virðist sjálfsagt fyrir ríkið að sameina tryggingarnar sem mest og gera tryggingarnar að eins miklu leyti innlendar og frekast er talið óhætt.

Það er skoðun mín, að á þennan hátt megi stórlækka vátryggingarkostnað sjávarútvegsins og koma þessum málum öllum miklu betur fyrir en nú er.

Greiðari gjaldeyrisskil.

Ein tillaga mín er um það að skylda alla þá, sem útflutning hafa með höndum, að gera sem fyrst full gjaldeyrisskil og skila andvirði hinnar útfluttu vöru án tafar til framleiðendanna. Nú er ríkjandi hið mesta sleifarlag í þessum efnum. Talið er, að fiskframleiðendur þurfi nú að bíða 5—6 mánuði, frá því að þeir afhenda vöruna til útflutnings, þar til þeir fá greiðsluna fyrir vöruna.

Þessi óeðlilega langi dráttur veldur framleiðendum miklum erfiðleikum og stórauknum vaxtaútgjöldum. Meginið af fiskafurðum okkar er selt með þeim hætti, að greiðsla á að fara fram um leið og varan er flutt úr landinu. Er því augljóst, að engin ástæða er til þess, að greiðsluskil til framleiðenda dragist lengur en 1½ mánuð frá afskipun, eins og lagt er til í tillögu minni.

Verði breytingartillögur mínar samþykktar, er fullvíst, að fiskiðnaðurinn í landinu gæti hvort tveggja: staðið undir hækkuðu kaupgjaldi til verkafólks í samræmi við kröfur þær, sem gerðar hafa verið, og hækkuðu fiskverði til fiskiskipanna til samræmis við kröfur útvegsmanna.

Tvær af brtt. mínum, við 32. og 33. gr., mundu, ef samþykktar yrðu, fela í sér annars vegar, að vald ríkisstjórnar til að ákveða vexti hinna ýmsu stofnsjóða atvinnulífsins verður afnumið, — og hins vegar, að hin skaðlegu ákvæði, er heimila að taka sparifjáraukningu frá sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga, falla burt.

Ég legg til, að frv. sé samþykkt með þeim brtt., sem ég nú hef lýst, en áskil mér að flytja fleiri brtt. við 2. eða 3. umr. málsins, ef þörf gerist.

Alþingi, 15. des. 1960.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Ályktun 27. þings Alþýðusambands Íslands um efnahagsmál.

Þingið telur, að stefna sú í efnahags- og atvinnumálum, sem núverandi ríkisstjórn hefur markað, sé andstæð hagsmunum vinnandi fólks í landinu.

Afleiðing hinnar nýju efnahagsmálastefnu er samdráttur í atvinnulífinu og skert lífskjör vinnustéttanna.

Þingið telur, að dýrkeypt reynsla verkalýðssamtakanna af stjórnarstefnu síðastliðinna tveggja ára sanni, að eitt þýðingarmesta atriðið í hagsmunabaráttu verka-

lýðsins sé að geta treyst á öruggt samstarf við ríkisstjórn í landinu um framkvæmd á efnahags- og atvinnumálastefnu, sem sé í samræmi við hagsmuni vinnustéttanna í landinu.

Til þess að geta komið slíku samstarfi á, leggur þingið áherzlu á að auka sem mest samstöðu verkafólks, bænda og fiskimanna.

Þingið telur, að breyta verði um stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar í grundvallaratriðum frá því, sem nú er, og bendir m. a. á eftirfarandi:

1. Í stað skipulagsleysis, sem nú ríkir í þjóðarbúskapnum, og algers handahófs um framkvæmdir komi: Þjóðarbúskapur miðaður við fyrir fram gerða áætlun, þar sem sérstök áherzla er lögð á framkvæmdaáætlun meginverkefna.
2. Í stað samdráttar, sem nú er í atvinnulífinu, komi: Markviss uppbygging atvinnulífsins um land allt.
3. Í stað þess að láta einkahagsmuni heildsala og annarra innflytjenda ráða innkaupum til landsins og binda þar með útflutninginn við óhagkvæma markaði, komi: Viðskipti við aðrar þjóðir, sem fyrst og fremst tryggi örugga og hagstæða markaði og jafnframt vöruinnkaup.
4. Í stað þess að hafa alla útflutningsverzlun landsmanna í höndum auðhringa og einstaklinga, komi: Útflutningsverzlun á vegum ríkisins eða undir ströngu eftirliti ríkisins.
5. Í stað þess að láta nokkra auðhringa og heildsala hafa með höndum allan innflutning á ýmsum þýðingarmestu vörutegundum, svo sem olíu, benzíni, byggingarvörum o. fl., komi: Ríkisverzlun með slíkar vörur.
6. Í stað vaxtaokursins, sem nú ríkir, komi: Stórfelld vaxtalækkun og þó mest á lánum, sem veitt eru til útflutningsframleiðslunnar, til landbúnaðarins og til íbúðarhúsnæðis.
7. Í stað þess mikla milliliðakostnaðar, sem nú á sér stað í ýmsum efnum, komi: Ráðstafanir til þess að draga úr slíkum gróða, t. d. í flutningsgjöldum, vátryggingargjöldum, umboðslaunum, gróða af eignasölu o. fl. þess háttar.

Það er krafa þingsins, að unnið verði á framangreindan hátt með breyttri stefnu í efnahagsmálum að því að tryggja rekstur framleiðsluatvinnuveganna og þar með batnandi lífskjör vinnustéttanna og hagsæld þjóðarinnar í heild.

Fylgiskjal II.

Ályktun 27. þings Alþýðusambands Íslands um launamál.

Á þeim tveimur árum, sem liðin eru frá því, er 26. þing Alþýðusambands Íslands var háð, hafa orðið hin geigvænlegustu umskipti í launamálum íslenzkrar alþýðu. Með tvennum stóraðgerðum í efnahagsmálum hefur löggjafarvaldinu verið beitt af fullkomnu tillitsleysi og í algerri andstöðu við alþýðusamtökin til þess að knýja fram stórfelldar launalækkanir og jafnframt til að skerða hefðbundin og lagaleg réttindi launastéttanna.

Með hinum svokölluðu „lögum um niðurfærslu verðlags og launa“ í ársbyrjun 1959 var samningsbundið kaup lækkað um 13.4% og raunveruleg laun samkvæmt mælikvarða vísitölu lækkuð um 10 vísitölustig eða 6%.

Enn var svo höggvið í sama knérunn með gengisfellingarlögunum í byrjun þessa árs og fjölmörgum hliðarráðstöfunum, sem í kjölfar þeirra fylgdu. Með gengisfellingunni var verð alls erlends gjaldeyris hækkað um 50—79% og nýju dýrtíðarflóði þannig hleypt af stað, en jafnframt voru launastéttirnar sviptar þeirri vernd gegn hækkuðu verðlagi, sem fólst í samningum þeirra um verðlagsuppbætur, og þannig fyrir því séð, að allar hinar miklu verðhækkanir jafngiltu beinni kauplækkun.

Jafnhliða gengisfellingunni og lögbundnu afnámi verðlagsuppbóta á laun voru útlánsvextir banka og allra fjárfestingarsjóða hækkaðir um allt að 50%, og eru þeir

nú hærri en í nokkru öðru landi veraldar. Hefur þessi taumlausa vaxtahækkun síðan verkað sem átumein í atvinnulífinu, en jafnframt falið í sér stórfellda launaskerðingu mjög mikils hluta launafólks og þó einkum þess, sem brotizt hefur í því að leysa húsnæðismál sín.

Í skatta- og útsvarsmálum hefur orðið gagnger breyting í þá átt að stórauka óbeina skattlagningu á neyzluvörur og hækka nefskatta, en lækka mjög skattlagningu á hátekjur. Á þennan hátt hefur hlutur hátekjumanna verið bættur á kostnað hinna lægra launuðu.

Á hverju stigi þeirra kjaraskerðingaraðgerða, sem hinar tvær síðustu ríkisstjórnir hafa beitt sér fyrir og knúið fram, hefur meiri hluti miðstjórnar Alþýðusambandsins mótmælt þeim í ýtarlegum og rökstuddum álitsgerðum og bent á hætturnar, sem þær hafa skapað atvinnulífinu. Vill 27. þing Alþýðusambandsins lýsa eindregnu fylgi sínu við viðbrögð meiri hluta miðstjórnarinnar í þessum efnum og einnig við þá einróma ályktun, sem gerð var á ráðstefnu sambandsins 28. og 29. maí s. l. um efnahagsaðgerðir þær, er gerðar voru í byrjun yfirstandandi árs.

Þá vill 27. þing Alþýðusambands Íslands lýsa fyllsta stuðningi sínum við þær undirbúningsaðgerðir, sem farið hafa fram á þessu ári í þá átt að skipuleggja óumflýjanlega varnarbaráttu af hálfu verkalýðsfélaganna, er hafi það að markmiði að endurheimta hið fyrsta launarán síðustu tveggja ára og sækja fram til bættra lífskjara að hætti alþýðusamtaka allra grannþjóða vorra.

Kjörum íslenzkrar alþýðu er nú svo komið, að hún býr við lægri laun en alþýða annarra Norðurlanda. Þingið telur því, að það sé óumflýjanlegt verkefni íslenzkra verkalýðsfélaga á næstu mánuðum að knýja fram eftirfarandi lágmarkskröfur í kjaramálum:

1. Raunverulegar launahækkanir um 15—20%.
2. Styttingu vinnuvikunnar úr 48 stundum í 44 stundir, án kaupskerðingar.
3. Föstum vikulaunum verði komið á, þar sem því verður við komið, en annars staðar verði tímakaup 4% hærra.
4. Allir eftirvinnutaxtar verði afnumdir og öll vinna, sem unnin er umfram dagvinnu, verði greidd með 100% álagi á dagvinnukaup.
5. Laun verkakvenna verði hvergi lægri en 90% af hliðstæðum launum karla.
6. Orlofsfé verði 6% af heildarlaunum.
7. Kaupgjaldsákvæði samninga falli úr gildi og samningar komi til endurskoðunar, ef verðlag hækkar 3% eða meira.

Þingið leggur höfuðáherzlu á, að nýir kjarasamningar tryggi verkafólki raunverulegar launabætur, og krefst þess, að gerðar verði slíkar breytingar á efnahagskerfi því, sem nú ríkir, að atvinnuvegir þjóðarinnar geti með vitlegum rekstri borið þær launahækkanir, sem óumflýjanlegar eru, til þess að alþýða manna fái lifað menningarlífi.

Jafnframt lýsir þingið yfir því, að það telur kjarabætur, sem näst kynnu fram með breytingum í efnahagsmálum, er væru þess eðlis, að kaupmáttur launa ykist, ákjósanlegustu kjarabæturnar, og lýsir samtökin reiðubúin til þess að meta allar slíkar hugsanlegar aðgerðir, er boðnar kynnu að vera fram, til jafns við beinar kauphækkanir.

Fylgiskjal III.

Ályktun 27. þings Alþýðusambands Íslands um atvinnumál.

Inngangur.

27. þing ASÍ telur, að skipulögð uppbygging atvinnuvega landsins með fullkomnum framleiðslutækjum sé eitt af frumskilyrðum góðra lífskjara vinnustéttanna. Það hefur því verið frá því fyrsta eitt af mestu áhugamálum verkalýðssamtakanna

að geta haft áhrif í þá átt, að aðalatvinnuvegir landsins séu búnir sem beztum framleiðslutækjum og að stjórn þeirra sé hagað í sem nánustu samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.

Þessi stefna samtakanna, að keypt væru ný og fullkomin atvinnutæki hverju sinni, hefur jafnframt verið barátta gegn hinum gamalþekkta og landlæga sjúkdómi þjóðfélags okkar, atvinnuleysinu.

Frá því að 26. þing ASÍ var haldið, haustið 1958, má heita, að atvinnuástand hafi verið sæmilega gott víða um land, enda hefur meiri fiskafli borizt á land bæði þessi ár en áður hefur þekkzt hér. Þó hefur atvinna verið stopul í einstöku byggðum á þessu tímabili.

Áframhald um uppbyggingu atvinnuveganna hefur verið hægfara á nær öllum sviðum, að öðru leyti en því, að haldið var áfram með kaup á allmörgum nýjum fiskibátum og fimm nýir togarar hafa verið keyptir til landsins.

Á sviði fiskiðnaðarins hefur verið sem næst alger kyrrstaða, og svipað er að segja um aðra iðnaðarstarfsemi. Ekkert meiri háttar iðnaðarfyrirtæki hefur verið í uppbyggingu. Vatnsvirkjanaframkvæmdir hafa ekki verið aðrar en þær, að lokið var við byggingu aflstöðvarinnar við Efra-Sog.

Á yfirstandandi hausti hefur útflutningur á ísfiski með togurum og öðrum fiskiskipum verið aukinn mikið frá því, sem verið hefur frá árinu 1952, að löndunarbann á íslenzkan fisk var sett á í Bretlandi. Af þessu hefur leitt, að nokkur stærstu frystihúsin hafa staðið lítið eða ekkert notuð í 2—3 mánuði og margt af því verkafólki, sem við þau hefur unnið undanfarin ár, orðið atvinnulaust. Þetta hefur einnig leitt af sér, að þau fiskiskip, sem sigla með aflann, — oft hálffermi eða minna, — afla minna en ella vegna siglingatímans. Verði framhald á því, að rekstri togaranna og hinna stærstu fiskibáta verði hagað þannig, að siglt sé á þeim með fiskinn óunninn til sölu erlendis, mun leiða af því atvinnuleysi margs verkafólks jafnhliða mikilli rýrnun á gjaldeyristekjum af rekstri þessara skipa fyrir þjóðarbúið. Með því að auka nú sölu á óunnum fiskafla á erlendan markað er verið að grafa undan starfsmöguleikum margra fiskiðjuvera og um leið atvinnu þess verkafólks, sem við þau hefur starfað. Er þar með boðið heim að nýju í nokkrum bæjum og kauptúnum versta vágesti verkamannaheimilanna, — atvinnuleysinu, — sem um skeið hafði að mestu verið útrækur. — Er á þennan hátt að birtast verkalýðnum ein af afleiðingum hinnar nýju efnahagsstefnu stjórnarvaldanna.

Þingið lýsir sig í eindreginni andstöðu við þessa þróun í sölu sjávaraflans, en krefst þess, að áfram verði haldið á þeirri braut, að fiskaflinn verði unninn í landinu og þannig gerður að sem verðmætastri vöru fyrir þjóðarbúið.

Framleiðsluvörur landsins hafa selzt greiðlega, nema fiski- og síldarmjöl, sem ekki stenzt verðsamkeppni á markaðnum. Þrátt fyrir það var mestur hluti síldaraflans s. l. sumar unninn í verksmiðjum, en fyrir fram gerðir samningar um sölu saltsíldar ekki hagnýttir til fulls.

S. l. tvö ár hefur sumarsíldveiði verið langt yfir meðallagi síðastliðinna 16 ára. Þó var á þessu ári aðeins 1/7 hluti sumarsíldaraflans saltaður og af þeim sökum ekki fullnægt nema um það bil þriðja hluta af fyrir fram umsaminni sölu á saltsíld. Hefur í þessu efni verið um vítaverða óstjórn að ræða, sem skaðað hefur landið um milljónatugi, og launatekjur verkafólks þar af leiðandi orðið miklu minni.

Þingið væntir þess, að slíkt ráðslag verði ekki látið viðgangast framvegis um meðferð og hagnýtingu síldaraflans.

I. Sjávarútvegsmál.

S. l. tvö ár hafa fiskveiðarnar náð þeim mikla árangri að skila afla í land, sem svarar um 100 lestum af fiski að meðaltali á hvern sjómann, sem að veiðunum hefur starfað — hvort árið um sig. Árangurinn af útfærslu fiskveiðilandhelginnar

birtist nú betur og betur með hverju missiri sem líður og hefur nú hvað bezt lýst sér í óvenjulega góðum afla fjölda fiskibáta við Vestur-, Austur- og Norðurland á yfirstandandi hausti.

Þingið telur, eins og fyrri þing hafa gert, að fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn sé og verði í náinni framtíð sá grundvöllur, sem lífskjör almennings öllu öðru fremur verði að byggja á, og einnig verði að mestu að grundvalla aðrar atvinnugreinar í landinu á gengi sjávarútvegsins.

Þingið ítrekar því kröfur fyrri þinga um, að stöðugt verði haldið áfram að endurnýja og auka fiskiskipastól landsins með nýjum og góðum skipum, stórum og smáum, eftir því sem bezt hentar á hverjum stað. Fiskiðnaðurinn verði stöðugt endurbættur, og fjölbreytni framleiðsluvaranna aukin. Hafnirnar verði stórbættar og viðskiptamálum sjávarútvegsins komið í svo gott horf sem kostur er á.

Þingið leggur ríka áherzlu á, að eftirtaldar aðgerðir verði framkvæmdar á næstu tveimur árum til eflingar sjávarútveginum:

1. Að áfram verði haldið að endurnýja og auka fiskiskipastól landsins með ekki færri en 25—30 nýjum vélbátum árlega og togaraflotinn verði stöðugt endurnýjaður með ekki færri en 2—3 nýjum togurum árlega. Verði byggt á nýjustu reynslu, innlendri og erlendri, um gerð skipa og búnað hverju sinni.
2. Að mikið átak verði gert um skipulagða uppbyggingu hafnanna. Verði að því stefnt, að á næstu 10 árum verði allar hafnir, sem mikið gildi hafa fyrir fiskveiðar og samgöngur landsins, gerðar vel öruggar fyrir báta og skip. Útvegað verði erlent lánsfé með svo hagstæðum kjörum sem kostur er á til hafnarframkvæmdanna.
3. Að gerðar verði sérstakar opinberar ráðstafanir til aukinnar vöruvöndunar og meiri fjölbreytni í framleiðslunni, m. a. með því, að veitt verði hagstæð lán til uppbyggingar og eflingar niðursuðu sjávarafurða og til að byggja upp síldarsöltunarstöðvarnar. Lagt verði kapp á að salta svo mikið af síldaraflanum sem fært er og að allur saltfiskur verði fullverkaður í landinu.
4. Að vísinda- og tæknirannsóknir vegna fiskveiða og fiskiðnaðar verði auknar mikið frá því, sem nú er, m. a. með auknum fjárframlögum frá ríkinu. Verði öll starfsemi á því sviði sameinuð hjá einni stofnun á vegum ríkisins. Byggt verði þegar á næsta ári fullkomið fiski- og hafrannsóknaskip og því haldið stöðugt út við rannsóknir í þágu fiskveiðanna.
5. Að leitað verði til hlítar orsakanna fyrir hinu óeðlilega lága fiskverði, sem vinnslustöðvarnar greiða, og gerðar ráðstafanir til að nema á burt óeðlilegan milliliðagróða, vaxtaokur, hvers konar óstjórn og aðrar viðráðanlegar ástæður, sem hlut eiga í hinu óhæfilega lága fiskverði.
6. Að ríkið taki í sínar hendur alla verzlun með olíu, smurningsolíur og báta- og skipavélar. — Verði útveginum seldar þessar nauðsynjavörur við sannvirði.

II. Iðnaðarmál.

Með hinni miklu fólksfjölgun í landinu, er nemur milli 3 og 4 þúsund manns á ári hverju, er efling og vöxtur iðnaðarins mjög þýðingarmikill, þar eð sýnt er, að það verður hlutverk iðnaðarins að veita ríflegum hluta fólksfjölgunarinnar atvinnu. Til eflingar og vaxtar iðnaðarins leggur þingið til, að eftirtaldar ráðstafanir og framkvæmdir verði gerðar af því opinbera:

1. Að stöðugt verði haldið áfram vatnsvirkjanaframkvæmdum til raforkuframleiðslu í svo stórum stíl, að tryggt verði, að nægilegt rafmagn verði fyrir vaxandi iðnað auk heimilisþarfa. Kappkostað verði að tengja saman með háspennulínum orkuveitusvæði landsins, svo fljótt sem fært reynist.
2. Að lagt verði kapp á, að allar fiskiskipabyggingar, jafnt úr tré og stáli, og skipaviðgerðir fyrir landsmenn verði framkvæmdar í landinu. Komið verði upp

fleiri dráttarbrautum fyrir skip og báta en nú eru til, svo að hægt verði á hagkvæman hátt að fullnægja viðgerðarþörf og nýbyggingum fiskiskipaflotans í öllum landshlutum.
3. Að lánastarfsemi til nýbygginga og rekstrar iðnaðarins verði mikið aukin. Verði séð fyrir því, að hagstæð lán fáist til uppbyggingar nýrra og nauðsynlegra iðnaðarstöðva.
4. Að hraðað verði, svo sem fært er, nauðsynlegum rannsóknum í sambandi við stofnun nýrra framleiðslugreina í iðnaði, sem byggist á hagnýtingu vatns- og jarðhitaorku landsins.
5. Að hafizt verði handa um stækkun áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Enn fremur verði eignarréttur ríkisins á verksmiðjunni tryggður í lögum.
6. Að haldið verði stöðugt uppi nægilegri byggingarstarfsemi, sérstaklega byggingu nægilegs íbúðarhúsnæðis. Verði í þeim tilgangi útvegað lánsfjármagn til aukinnar lánastarfsemi Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins og lánsupphæðir til eigin íbúða þegar hækkaðar hlutfallslega vegna aukins byggingarkostnaðar.

III. Landbúnaðarmál.

Þingið telur mikilsvert, að áfram verði haldið við að efla og bæta landbúnaðinn, bæði til að tryggja sem bezt kjör þeirra, sem við landbúnaðinn vinna, og til þess að hann verði sem bezt fær um að uppfylla vaxandi þarfir þjóðarinnar fyrir landbúnaðarvörur. Verði að því keppt, að landbúnaðurinn geti fullnægt þörfum landsmanna fyrir fjölbreytt grænmeti og aðra garðávexti, og verði í því efni m. a. komið upp fullnægjandi grænmetisgeymslum. Unnið verði að aukinni kornrækt í þeim héruðum, sem bezt eru til kornræktar fallin. Enn fremur verði skógrækt aukin sem víðast á landinu. Keppt verði að því og fyrir því greitt á næstu árum, að ekkert býli hafi minna en 15 hektara fullræktaðs lands.

Ed. 231. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. óbreyttu, Alfreð Gíslason þó með fyrirvara, er hann mun gera grein fyrir við umr.

Alþingi, 15. des. 1960.

Unnar Stefánsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.

Alfreð Gíslason, með fyrirvara. Karl Kristjánsson.

Ed. 232. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt, eins og það liggur nú fyrir. — Einn nefndarmanna (Alfreð Gíslason) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. des. 1960.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Ólafur Jóhannesson.

Nd. 233. Lög [3. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 3.

Nd. 234. Breytingartillaga [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Karli Guðjónssyni og Einari Olgeirssyni.

4. mgr. 1. gr. orðist svo:

Fé því, er innheimt verður sem útflutningsskattur af sjávarafurðum skv. 1.—3. mgr. þessarar greinar, skal verja til hækkunar á fiskverði til hlutarsjómanna og til hækkunar á aflaverði til togarasjómanna. Að öðru leyti skal fé það, sem verður afgangs í útflutningssjóði, þegar hann hefur innt af hendi greiðslur þær, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum b, c og f, afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Þó skal útflutningsskattur skv. 1. mgr. þessarar gr. af öðrum vörum en sjávarafurðum renna í ríkissjóð og honum ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Sþ. 235. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

I. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*

1. Við 13. gr. A. II. a. (Nýir akvegir).
   a. Við 86. Nýr liður:
      Hellisheiði 100 000

b. Við 89. Nýr liður:
Hróarstunguvegur austan Lagarfljóts 50 000
c. Við 95. Nýr liður:
Norðurbyggðarvegur í Skriðdal 35 000
d. Við 96. Nýr liður:
Vaðlavíkurvegur 15 000
e. Við 98. Nýr liður:
Dalavegur 15 000
f. Við 99. (Stöðvarfjarðarvegur).
Fyrir „310 000“ kemur 410 000
g. Við 100. (Breiðdalsvegir).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000
h. Við 101. (Berufjarðarvegur).
Fyrir „130 000“ kemur 170 000
i. Við 102. (Geithellnavegur).
Fyrir „130 000“ kemur 170 000
j. Við 104. (Mýravegur).
Fyrir „200 000“ kemur 230 000
k. Við 106. (Öræfavegur).
Fyrir „80 000“ kemur 100 000

2. Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir).
a. Við 11. Nýr liður:
Sandá í Jökuldal 350 000
b. Við 12. Nýr liður:
Selá í Álftafirði 150 000

II. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 42. Nýr liður:
Til Vatnsfjarðarbryggju 70 000

III. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Geir Gunnarssyni.*
1. Við 14. gr. A. II. a. (Til styrktar íslenzkum námsmönnum).
Fyrir „6 595 000“ kemur 7 500 000
2. Við 14. gr. B. XIII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „1 260 000“ kemur 2 000 000
3. Við 14. gr. B. XVII. Nýr liður:
Til að kvikmynda daglegt líf á íslenzkum kotbæ 60 000

IV. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 20. gr. Út. IX. (Flugvallagerð).
a. Við 4. Nýr liður:
Egilsstaðir 250 000
b. Við 9. (Óráðstafað og skuldir).
Fyrir „1 000 000“ kemur 750 000

V. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að verja allt að 700 þús. kr. til rekstrar þyrilvængju til póstflutninga, farþegaflutnings og sjúkraflugs um Vestfirði, ef Flugfélag Íslands eða aðrir aðilar kynnu að hefja rekstur slíkrar flugvélar á árinu.

Nd. 236. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og ekki orðið samkomulag um afgreiðslu þess. Hafa þeir EOl og SkG lýst sig andvíga frumvarpinu og munu skila sérálitum. Undirritaðir, sem skipa meiri hluta nefndarinnar, mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. | Sigurður Ingimundarson, fundaskr. | Jóhann Hafstein.

Ed. 237. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið saman við niðurstöðutölur ríkisreikningsins, en ekkert fundið athugavert.

Meiri hl. n. telur það vera til mikilla bóta að leggja ríkisreikning fyrir Alþingi svo skömmu eftir lok viðkomandi fjárhagsárs, enda þótt afleiðingin sé sú, að mjög verulega skorti á, að hinni umboðslegu endurskoðun sé lokið, svo sem yfirskoðunarmenn vekja athygli á í athugasemdum sínum. Eru þess raunar dæmi oft áður, að hinni umboðslegu endurskoðun hafi ekki verið lokið, þegar ríkisreikningur er lagður fyrir Alþingi, þótt miklu lengra hafi verið liðið frá lokum fjárhagsársins.

Meiri hl. n. telur rétt, að framvegis verði fylgt þeirri reglu, sem nú er upp tekin, að ríkisreikningurinn sé lagður fyrir næsta Alþingi eftir lok fjárhagsársins, og telur jafnframt nauðsynlegt að stefna að því, að hinni umboðslegu endurskoðun geti þá einnig verið að mestu lokið, þótt það hafi ekki verið auðið nú nema fjölga mjög starfsliði, þar eð tveir ríkisreikningar eru í meðförum samtímis.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en þó með þeim fyrirvara, að tölur kunni að breytast eitthvað að lokinni hinni umboðslegu endurskoðun.

Alþingi, 16. des. 1960.

Ólafur Björnsson, form. | Magnús Jónsson, frsm. | Jón Þorsteinsson, fundaskr.

Nd. 238. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er þó heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning öls, til sölu innanlands og til útflutnings, sem hefur inni að halda allt að 3½% af

vínanda að rúmmáli. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 3½% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nánari ákvæði um meðferð og sölu þess skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi íslenzkum lögum er áfengi skilgreint sem vökvi, er hafi meira af vínanda en nemi 2¼% að rúmmáli. Jafnframt eru sterkir drykkir talin þau vín, er hafa meira en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau, er hafa minna en 21% af vínanda að rúmmáli.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt, veitist ríkisstjórninni heimild til að leyfa tilbúning og sölu öls, á innlendum markaði og til útflutnings, sem hefur inni að halda allt að 3½% af vínanda að rúmmáli.

Í reglugerð skal setja reglur um meðferð og sölu þess. Um þær reglur munu að sjálfsögðu verða skiptar skoðanir, en flm. telur að athuguðu máli, að heppilegast sé, að sala áfengs öls fari aðeins fram á stöðum, sem vínveitingaleyfi hafa, og á vegum Áfengisverzlunar ríkisins.

Öl með þessum styrkleika er talið mjög veikt meðal þjóða, er hafa öl á boðstólum. Þetta öl (local-öl) nýtur hins vegar mikilla vinsælda meðal flestra menningarþjóða, sem telja, að sterkt teljist öl ekki, fyrr en styrkleiki þess sé orðinn 4.5%—6% og þar yfir.

Lítið samræmi virðist hafa verið í þeirri ákvörðun Alþingis að leyfa sölu á sterku áfengi og fela ríkisvaldinu dreifingu þess, en banna framleiðslu og sölu á öli, sem er veikasta stig áfengra drykkja eftir skilgreiningu íslenzkra laga. Með íslenzku áfengislöggjöfinni er því slegið föstu, að ekki sé framkvæmanlegt að banna algerlega sölu sterkra áfengra drykkja, og um leið undirstrikað, að óheppilegt og hættulegt sé að hafa á boðstólum fyrir Íslendinga áfengt öl, þótt í umræddri löggjöf sé heimild til ríkisstjórnarinnar að leyfa bruggun og sölu á öli til varnarliðsins og til útflutnings.

Um þetta hafa verið og eru mjög skiptar skoðanir. Því er þetta frumvarp komið fram.

Flutningsmaður telur, að í áfengislöggjöfinni verði að vera samræmi, eins og í öðrum lögum. Hann telur, að það sé meira en lítið misræmi í því að leyfa sölu á eldsterku brennivíni, en banna sölu á veiku öli — á þeirri forsendu, að verið sé að vinna gegn áfengisbölinu.

Við slíkar röksemdir hlýtur sú spurning að vakna, hvort þeir fulltrúar á löggjafarþinginu, sem fylgja núverandi framkvæmd mála, séu sjálfum sér samkvæmir, er þeir láta hjá líða að beita sér fyrir algeru banni á sölu sterkra vína, fyrst bruggun og sala á öli, veikasta stigi áfengis, er sá bölvaldur, er sömu aðilar telja vera. Ástæða þess hlýtur að vera sú skoðun sömu aðila, að slíkt sé með öllu óframkvæmanlegt í nútímaþjóðfélagi sem okkar, er býr ekki aðeins við þær fullkomnu samgöngur, er við búum við, heldur og þekkingu, vilja og getu almennings til bruggunar áfengra drykkja, auk þess atriðis, sem ekki er sízt, en það eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis, er renna til margs konar menningar- og framfaramála.

Það mun og mála sannast, að við núverandi aðstæður sé mjög mikið um leynibruggun öls, er hlýtur að skapast í þjóðfélagi, sem viðurkennir sölu og neyzlu sterkra áfengra drykkja. Auk þess mikla magns, er þannig fer ótollað fram hjá ríkissjóði, má benda á, að mikið magn hlýtur að koma af tilbúnu öli til landsins

í hendur þeirra, er til þess hafa aðstöðu, og því til sönnunar má benda á þá staðreynd, að ölgerð sú, er framleiðir megnið af öllum bjór og pilsner í landinu, hefur ekki flutt inn eina einustu tóma flösku síðan 1956, og var þó tappað á yfir 4000000 — fjórar milljónir — flaskna á síðasta ári, og notar hún þó aðeins flöskur frá einu landi í Evrópu, eða nánar tiltekið tveimur fyrirtækjum.

Meginröksemdir þeirra, sem vilja leyfa bruggun og sölu á áfengu öli, og þeirra, sem því eru andvígir, eru varðandi þau áhrif, er slíkt muni hafa á drykkjuskap þjóðarinnar í heild. Þeir, sem öl vilja, telja, að sala á áfengu öli geti að nokkru leyti bætt úr því öngþveiti, sem hér ríkir í áfengismálum, og breytt á ýmsan hátt til hins betra drykkjarósiðum, sem hér ríkja. Hinir telja, að sala á öli muni stórauka drykkjuskap, sérstaklega meðal unglinga, og enn fremur — eftir því sem ákveðinn hópur heldur fram — meðal verkamanna.

Hvað síðustu fullyrðinguna varðar má benda á, að í því tilliti hafa verið dregnar mjög hæpnar og vafasamar ályktanir frá ákveðnum stöðum í nágrannalöndum okkar, sem frekar styðjast við óskhyggju bannmanna, en raunveruleikann sjálfan. Og auðvitað ber að mótmæla harðlega þeim móðgunum, sem í þessu felast í garð þessarar stéttar, því að vitaskuld er henni sízt hættara við freistingum þessa heims en öðrum.

Fullyrðingin um áhrif öls á unglingana virðist haldlítil, þegar á það er bent, að hvorki peningaleysi né hömlur virðast forða frá því, að unglingar komist yfir eldsterkt, hrátt og óhollt brennivín eða aðra slíka drykki allt að 60% sterka, sem þeir síðan blanda með sætum og kolsýrðum vökva, er felur áfengisbragðið gersamlega, en flytur áfengisáhrifin svo til á svipstundu út um allan líkamann, enda liggur sú staðreynd fyrir, að á sama tíma og öl er forboðinn ávöxtur á Íslandi, þá eykst vínneyzla með hverju ári, bæði sú, sem sést í skýrslum, og einnig hin, sem aldrei sést öðruvísi en í raun. Glæpir vaxa, afbrotum fjölgar, sívaxandi drykkja meðal unglinga veldur stórauknum glæpafaraldri meðal þeirra, slysum og jafnvel manndrápum.

Því miður liggur það skýrt fyrir, að bæði málsmetandi menn og mikilsvirtir hér á landi berjast gegn veiku, en þó áfengu öli vegna rangra og ímyndaðra ályktana af öl- og áfengisneyzlu annarra þjóða, á sama tíma og æ fleiri þjóðir hlíta raunsæjum ákvörðunum ráðamanna sinna í þeim efnum. Í því sambandi má benda á Svíþjóð, sem nú er að ná því jafnvægi, sem spáð var af ölfylgjendum að þar mundi nást, eftir að óhjákvæmilegu hámarki yrði náð fyrst eftir rýmkun áfengislöggjafar þar. Þá má benda á blaðafrétt úr íslenzku blaði fyrir skömmu, er skýrði frá því, að í Tékkóslóvakíu hefði fyrir skömmu verið stórhækkað verð á sterkum drykkjum til þess að draga úr neyzlu þeirra og gera öl aðgengilegra fyrir almenning, því að það geri miklu minni skaða og jafnvel hverfandi á við sterku vínin.

Fleiri röksemdir má finna til stuðnings því, að þetta frv. nái fram að ganga, svo sem stórauknar heimsóknir erlendra ferðamanna á næstu árum — og nauðsyn þjóðlegra og frambærilegra áfengisdrykkja annarra en svartadauða, — gjaldeyristekjur af útflutningi öls o. fl., sem nánar verður að vikið í framsögu.

En meginröksemdir sínar telur flm. vera þær, að slíkt bann sem nú er á áfengu öli sé móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenzkra þegna og að með slíku banni sé ekkert samræmi í framkvæmd áfengismála, þegar leyfð er sala og neyzla sterkra drykkja, en fordæmd neyzla á veikustu tegund áfengis.

Sþ. 239. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um tillit til framfærslukostnaðar námsfólks í sköttum og tryggingum.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvernig hægt sé að taka réttlátt tillit til kostnaðar af framfærslu námsfólks yfir 16 ára að aldri í trygginga- og skattalöggjöf landsins.

Greinargerð.

Samkvæmt núverandi skipan tryggingamála hætta fjölskyldubætur vegna barna við 16 ára aldur. Í skattamálum og á fleiri sviðum eru mörk dregin við sama aldur, skattgreiðendum í óhag.

Þeir, sem hafa á framfæri námsfólk yfir 16 ára, vita af reynslu, hversu ósanngjarnt þetta aldurstakmark er. Ýmsum finnst, að um 16 ára aldurinn verði kostnaður vegna námsfólksins meiri en nokkru sinni fyrr.

Tilgangur þessarar tillögu er að fá það kannað, hvernig bæta megi úr því óréttlæti, að menn missi fjölskyldubætur og skattafrádrátt vegna barna, þegar þau í raun verða fjölskyldunni dýrust. Þegar niðurstöður slíkrar athugunar liggja fyrir, má væntanlega velja um leiðir til úrbóta.

Erlendis er vandamál þetta vel þekkt, og hafa verið farnar ýmsar leiðir til leiðréttingar. Í ársskýrslu framkvæmdastjóra ILO, alþjóðavinnumálastofnunarinnar, fyrir 1960, sem m. a. var gefin út í Osló undir nafninu „Ungdom og Arbeid", segir svo á bls. 92:

„Venjulega hætta fjölskyldubætur vegna barna við aldur á milli 15 og 18 ára. Þar sem skyldunám tíðkast, eru ávallt greiddar bætur fram til þess tíma, er viðkomandi börn ná lægsta aldri til að hætta námi. Í nokkrum löndum, svo sem Kanada og Frakklandi, má ekki greiða bætur, nema barn sæki reglulega skóla. Í flestum löndum skapa reglur grundvöll til áframhaldandi bóta fram yfir meðalaldur barna í framhaldsskólum. Þetta á þá við börn, sem stunda reglulega dagskóla til framhaldsnáms, bóknáms eða verknáms, sem iðnnemar eða á annan hátt. Slíkar framhaldsbætur gilda venjulega í 2—3 ár, en á nokkrum stöðum er hægt að greiða bætur, þar til viðkomandi er 25 ára gamall. Í Hollandi eru mörkin meira að segja 27 ár. Á nokkrum stöðum breytist upphæð bótanna eftir aldri barnsins. Í nokkrum kantónum Sviss eru t. d. reglur, sem veita aukabætur fyrir börn, sem eru iðnnemar eða halda áfram skólagöngu, ef fjölskyldufaðirinn er launþegi."

Sþ. 240. Fjáraukalög [2. mál]

fyrir árið 1958.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Samhljóða þskj. 2.

Sþ. 241. Fjáraukalög [113. mál]

fyrir árið 1959.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Samhljóða þskj. 147.

Nd. 242. Breytingartillögur [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 1. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:
1. (2. gr.) 23. gr. laganna falli niður.
2. (3. gr.) 25. gr. laganna falli niður.
3. (4. gr.) 26. gr. laganna falli niður.

Ed. 243. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í athugasemd, sem fylgir reikningnum frá hinum þingkjörnu yfirskoðunarmönnum hans, segir, að fjármálaráðherra hafi beðið þá að hraða yfirskoðuninni, „eftir því, sem unnt væri," og þeir viljað verða við þeim tilmælum, „eftir því, sem þeim væri mögulegt". Taka þeir fram, 14. október s. l., þegar þeir gefa út athugasemdina, eftirfarandi orðrétt:

„Við yfirskoðun reikningsins kom í ljós, að umboðslega endurskoðunin átti mjög mikið eftir að endurskoða, og ef yfirskoðunarmenn hefðu átt að bíða eftir því, að því verki væri lokið, hefði reikningurinn ekki getað verið afgreiddur frá þeim fyrr en löngu síðar. Fyrir þessar sakir hurfu yfirskoðunarmenn að því ráði að afgreiða reikninginn frá sér, svo fljótt sem þeim var mögulegt.

Samkvæmt greinargerð frá ríkisendurskoðuninni, dags. 12. okt. s. l., hafði hún lokið endurskoðun reikninga fyrir árið 1959 frá 15 aðilum, en hins vegar voru athugasemdir við þá óafgreiddar. Endurskoðun var ólokið á reikningum 42 aðila."

Minni hluti fjárhagsnefndar telur æskilegt, að ekki dragist lengi að leggja ríkisreikninga fyrir Alþingi, eftir að reikningsárum þeirra lýkur. Hins vegar telur minni hlutinn óviðkunnanlegt og ástæðulaust að leggja svo mikið kapp á þetta að skeyta því ekki, þótt hin umboðslega — eða tölulega — endurskoðun sé ekki lengra á veg komin en yfirskoðunarmenn þessa reiknings lýsa yfir, að hún sé í sambandi við hann.

Minni hlutinn getur fallizt á, að reikningurinn verði samþykktur í þetta sinn, þó að svona sé í pottinn búið. Um það var ekki ágreiningur í nefndinni. En minni hlutinn taldi, að fjárhagsnefnd ætti að láta skýrar í ljós en meiri hlutinn gerir í áliti sínu, að endurskoðun reikningsins væri of skammt á veg komin, — og að ekki ætti að endurtaka sig, að Alþingi væri ætlað að samþykkja ríkisreikning fyrr en endurskoðunin væri að meira leyti um garð gengin.

Um leið og minni hlutinn mælir með samþykkt ríkisreikningsins 1959, telur hann, að í samþykktinni eigi að felast fyrirvari þess efnis, er að framan greinir.

Alþingi, 17. des. 1960.

Karl Kristjánsson, frsm. Björn Jónsson.

Ed. **244. Lög** [133. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 197.

Ed. **245. Lög** [78. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 216.

Sþ. **246. Tillaga til þingsályktunar** [146. mál]

um sjálfvirka símstöð í Borgarnesi.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Landssími Íslands komi upp sjálfvirkri símstöð í Borgarnesi, eins fljótt og auðið er.

Greinargerð.

Þegar símstöðvarhúsið í Borgarnesi var byggt, en smíði þess er nýlega lokið, var gert ráð fyrir, að þar yrði sett upp sjálfvirk símstöð. Af þeirri framkvæmd hefur þó ekki orðið enn þá. Fyrri flutningsmaður þessarar tillögu hefur rætt nokkuð við póst- og símamálastjóra um, hvað þeirri framkvæmd liði. Í þeim umræðum hefur komið fram, að hann hefur hug á framkvæmdinni, þótt ekkert liggi fyrir um það, hvenær af henni gæti orðið. Þar sem það er mikið nauðsynjamál fyrir vaxandi kauptún, sem Borgarnes er, og það blómlega byggðarlag, sem að því stendur, að þessu máli sé hrundið í framkvæmd, er þessi tillaga flutt. Vitað er, að viljayfirlýsing Alþingis og áhrif ríkisstjórnarinnar gætu orðið póst- og símamálastjórninni mikill stuðningur við að hrinda málinu í framkvæmd.

Ed. **247. Nefndarálit** [125. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1960.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Björn Jónsson.

Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson.

Ed. 248. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt. Tveir nm., BjörnJ og KK, telja þó, að flytja þurfi við það brtt., og munu skila sérálitum.

Alþingi, 17. des. 1960.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. 249. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd klofnaði um stjórnarfrumvarp þetta. Meiri hlutinn, sem er stjórnarlið í nefndinni (JÞ, ÓB og MJ), vill samþykkja frumvarpið og alls engar breytingar á því gera. Við hinir, tveir nefndarmennirnir (BjörnJ og KK), erum fylgjandi frumvarpinu, það sem það nær, en viljum bæta við frumvarpið öðrum breytingum við efnahagslöggjöfina frá 20. febr. s. l. en frumvarpið felur í sér og flytjum tillögur um það hvor í sínu lagi.

Aðalefni frumvarpsins er í fyrsta lagi: að ákvæði efnahagslaganna frá 20. febr. s. l. um útflutningsskatt, er renni í útflutningssjóð, skuli ekki gilda um vörur, sem framleiddar verði eftir næstu áramót. Og í öðru lagi svo hljóðandi fyrirmæli um ráðstöfun á eftirstöðvum sjóðsins:

„Fé það, sem verður afgangs í útflutningssjóði, þegar hann hefur innt af hendi greiðslur þær, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna b, c og f, skal afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Þó skal útflutningsskattur skv. 1. málsgr. þessarar greinar (þ. e. 8. gr.) af öðrum vörum en sjávarafurðum renna í ríkissjóð og honum ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin setur, að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna, reglur um ráðstöfun fjár til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa."

Hér liggur strax í augum uppi það ósamræmi, að ríkisstjórnin vill taka sér einræðisvald til að ráðstafa eftirstöðvahlut bænda, en ætlar útgerðarmönnum tillögurétt um sinn hlut, svo sem rétt er. Úr þessu má bæta með viðbótarákvæði um, að Stéttarsamband bænda hafi tillögurétt um þeirra fé, og legg ég til, að það verði gert.

Mjög illa hefur gengið að undanförnu að fá ábyggilegar upplýsingar um hag útflutningssjóðs, eins og fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd Nd. (SkG) bendir á í nefndaráliti sínu (þskj. 229).

Ráðherrar virðast helzt hafa notað áætlanir og upplýsingar, sem þeir hafa gefið um hag sjóðsins og rekstur, til þess að bregða á efnahagsmálin þeim blæ, er þeir hafa talið henta bezt fyrir sig og sína stefnu hverju sinni.

Nú mætti ætla, að starfsemi sjóðsins sé orðin það einföld, að til botns sjái, og skal ég því ekki vefengja að óreyndu þær tölur, er nú liggja fyrir um hag sjóðsins, þótt þær skjóti nokkuð skökku við fyrri greinargerðir.

Með ráðstöfunum þeim, sem frumvarpið mælir fyrir um á væntanlegum eftirstöðvum útflutningssjóðsins, er reynt að berja í bresti, þótt í smáum stíl sé. Fjarstæða væri að leggjast á móti því.

En þessar ráðstafanir ná allt of skammt. Efnahagslöggjöfina þyrfti að umsteypa — og gerbreyta stefnunni í efnahagsmálunum.

Afleiðingar núverandi stjórnarstefnu blasa við í öllum áttum:

Sjávarútvegurinn er á heljarþröm. Landbúnaðurinn keyrður í kreppu. Iðnrekstur í voða. Verzlunin dregst saman. Fjárfestingarframkvæmdir að detta niður. Hið almenna framtak fellt í fjötra. Atvinnuleysi að hefjast. Kaupmáttur launa stórlega skertur. — — — —

Allt á sína sögu. Að afstaðinni kjördæmabreytingunni sumarið 1959 og eftir kosningarnar haustið 1959 voru stjórnarflokkarnir gleðireifir og hugðust sigla háan vind með nýjum, skjótvirkum efnahagsráðstöfunum. Reikningsvélar voru settar í gang, og útkoman af því, sem lagt var fyrir vélarnar, virtist hinum gleðireifu „harla góð" á pappírnum. Þeir hlustuðu ekki á aðvaranir og leituðu ekki í þessum vandasömu málum samstarfs við aðra en sjálfa sig, og höfðu þeir þó hlotið með naumindum meiri hluta í kosningunum — svo sem alþjóð veit — á fölskum forsendum.

Mönnunum gekk ekki illt til. Enginn hefur leyfi til að skilja orð mín á þá leið, að ég áliti, að svo hafi verið. En „hofmóður" þeirra var of stór. Trúin of blind, að hægt væri að komast beint af augum í einni skyndilotu að takmarkinu.

Þetta eru sannarlega alvörumál, en dýpsta alvara speglar stundum án allrar léttúðar broslegar myndir og dregur af þeim lærdóma:

Sú sjóferð, sem ríkisstjórnin og liðsmenn hennar lögðu í með efnahagsráðstöfunum sínum, minnir á söguna af skipstjóranum, sem sigldi að vestan áleiðis til Reykjavíkur. Varð „hátt uppi" staddur á Breiðafirði og heimtaði þá, að skipinu væri siglt beina leið **landmegin við Snæfellsjökul** til þess að stytta leiðina og flýta förinni.

Ríkisstjórnin hugðist í „hofmóði" sínum sigla þjóðarskútunni landmegin við jökulinn, og enn hefur hún ekki viljað láta af þeirri stefnu. Nú hlýtur hún þó að fara að sjá það, sem flestir aðrir sjá, — hvað fram undan er. Og segja má, að frumvarpið beri lítils háttar vott um breytt „strik". En það gagnar eitt saman ekkert til bjargunar.

Ríkisstjórninni ber að „taka aftur á bak" og gerbreyta stefnunni eða fá öðrum stýrið.

Henni er skylt að þiggja holl ráð, þó að þau komi frá stjórnarandstöðunni, enda fullsannað nú, að Framsóknarflokkurinn hafði rétt fyrir sér, þegar hann taldi strax við myndun ríkisstjórnarinnar, að stefna hennar gæti ekki annað en leitt til ófarnaðar.

Breytingartillögur þær, sem fluttar voru við frumvarp þetta í Nd. af hálfu Framsóknarflokksins, voru allar miðaðar við að leiðrétta stjórnarstefnuna og koma í veg fyrir, að þjóðarskútan strandi.

Stjórnarliðið í Nd. felldi allar þessar tillögur, þar á meðal tillöguna um afnám okurvaxtanna, sem jafnvel sumir stjórnarstuðningsmenn á Alþingi fara hörðum orðum um í viðræðum.

Þetta spáir ekki góðu um nauðsynleg stefnuhvörf. Ég flyt samt þessar sömu tillögur í Ed., af því að ég tel þær mikilsverðar og vil gefa stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar í Ed. tækifæri til þess að gera m. a. stjórn sinni þann greiða að breyta stefnunni með því að samþykkja þær.

Tillögurnar eru á sérstöku þingskjali. Um rökstuðning vegna þeirra skírskota ég til nefndarálits 1. minni hl. fjárhagsnefndar Nd. (SkG) á þingskjali 229. Enn fremur mun ég gera grein fyrir þeim, hverri fyrir sig, í framsögu.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem ég hef tilgreint.

Alþingi, 17. des. 1960.

Karl Kristjánsson.

Ed. 250. Breytingartillögur [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

1. Við 1. gr. Í stað „ákvörðun ríkisstjórnarinnar“ í næstsíðustu málsgrein komi: tillögum Stéttarsambands bænda.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) 23. gr. laganna orðist svo:
      Ríkisstjórnin vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun víxlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.
   b. (3. gr.) 31. gr. laganna orðist svo:
      Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af seðlabankanum, mega eigi vera hærri en 5.5%.
   c. (4. gr.) 32. gr. laganna falli niður, og falla jafnframt úr gildi allar þær ákvarðanir um vexti og lánstíma, sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.
   d. (5. gr.) 33. gr. laganna orðist svo:
      Síðasti málsliður 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 63 1957 orðist þannig:
      Stjórnum banka og sparisjóða skal skylt að veita seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem um innlán og útlán.
3. Við 2. gr. Við greinina bætist:
   Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samtímis koma í gildi lög nr. 73 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og lög nr. 75 1952, um breyt. á þeim lögum.

Ed. 251. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í lögum þeim um efnahagsmál, sem núverandi ríkisstjórn fékk samþykkt á Alþingi 20. febr. s. l., var m. a. það ákvæði, að 5% skattur skyldi lagður á allar útflutningsvörur. Skyldi skattur þessi renna í útflutningssjóð og honum varið til þess að greiða skuldahala þann, sem talið var að sá sjóður drægi á eftir sér. Áætlað var, að skatturinn næmi um 120 millj. kr. á ári, og taldi ríkisstjórnin, að innheimta þyrfti hann í 1—2 ár, til þess að jöfnuður fengist á útflutningssjóði. En því var heitið, að skatturinn yrði af tekinn, jafnskjótt og sjóðurinn hefði staðið við skuldbindingar sínar.

Ekki var ein fengsælasta vetrarvertíð um garð gengin fyrr en svo varð augljóst, að útgerðin gat með engu móti staðið undir þessari skattheimtu, að ríkisstjórnin varð að láta undan síga fyrir kröfum útvegsmanna og lækka skattprósentuna um helming og fá lögum sínum breytt í þá átt á sama þinginu og þau voru sett, en áður hafði hún fullyrt, að rekstrargrundvöllur sá, sem útveginum var ætlaður með „viðreisninni“, gerði honum ekki einasta kleift, heldur auðvelt að standa undir þessum skatti.

Nú hefur komið í ljós, að þessi skattlagning á útveginn hefur frá upphafi verið þarflaus með öllu, þar sem fyrir liggur, að þótt hann hefði aldrei verið á lagður, hefði útflutningssjóður getað staðið við allar skuldbindingar sínar og átt þó fé aflögu, sem nemur tugum milljóna króna. Með hliðsjón af þeirri staðreynd svo og

af loforðunum um að afnema skattinn, jafnskjótt og útflutningssjóður væri fær um að gjalda hverjum sitt, er það vissulega vonum seinna, að ríkisstjórnin beitir sér fyrir þessu frv.

Á hinn bóginn er öllum ljóst, að hag sjávarútvegsins er nú þannig komið, eftir að hann hefur búið við starfsgrundvöll þann, sem „viðreisnin“ ákvað honum til handa, í tæpt ár, að liggur við algerri stöðvun. Togarar liggja þegar bundnir í höfnum, og ráðagerðir eru uppi um að selja suma þeirra úr landi. Öðrum er haldið úti til siglinga með óunninn afla, en mörg frystihúsanna standa uppi hráefnislaus. Bátaflotinn kemst ekki á veiðar á vetrarvertíð að óbreyttum rekstrargrundvelli. Fiskkaupendur krefjast lækkaðs fiskverðs, á sama tíma og bátaflotinn þarfnast hækkaðs verðs. Hlutarsjómenn verða að fá verulegar lagfæringar á sínum kjörum og verkafólk í landi verulegar launahækkanir, ef það á að geta lifað mannsæmandi lífi.

Við slíkar aðstæður nær það skammt til úrbóta, þótt útveginum sé skilað aftur þeim útflutningsskatti, sem með fölskum forsendum var af honum tekinn á þessu ári. Svo sjálfsögð sem sú ráðstöfun er, breytir hún vitanlega engu um frambúðarrekstrargrundvöllinn, sem byggja verður á. Miklu meira þarf til í þeim efnum, ef forða á algeru hruni aðalatvinnuvegarins og öllum þeim hörmungum, sem af því mundi leiða.

Breytingartillögur þær, sem ég flyt ásamt samflokksmönnum mínum á sérstöku þingskjali, miða allar að því, að sjávarútveginum verði gert fært að veita sjómönnum og verkafólki, sem við hann vinnur, brýnustu umbætur á launakjörum, um leið og honum sjálfum yrði einnig tryggð bætt afkoma. Tillögur þessar, sem eru efnislega að mestu hinar sömu og 2. minni hl. fjhn. Nd. (EOl) hefur áður flutt í þeirri hv. deild, ber auðvitað ekki að skoða sem hinar einu breytingar, sem gera þurfi að dómi okkar Alþýðubandalagsmanna á núgildandi efnahagskerfi. En engu að síður mundu þær leysa í mikilvægum atriðum þann vanda, sem „viðreisnin“ hefur skapað sjávarútveginum, en jafnframt létta verkalýðshreyfingunni endurheimt réttinda og launa, sem stjórnarflokkarnir hafa rænt af almenningi, og þannig auka líkur fyrir því, að vinnufriður geti haldizt í landinu.

Vaxtaokur, sem hvergi á sér nú líka í heiminum, er sá þáttur „viðreisnarinnar“, sem þyngst leggst á sjávarútveginn og dregur afkomu hans niður meira en flest annað. Það er t. d. ekki óalgengt, að frystihús greiði nú nær því jafnháa upphæð í vexti og í vinnulaun, og nýr togari greiðir nú hærri upphæðir í vexti en til allra vinnulauna, þótt hann búi að meiri hluta að erlendum vaxtakjörum.

Vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans og tryggingagjöld af framleiðsluvörum útvegsins munu nú vart mikið undir 200 millj. kr. á ári. Hér eru gjöld þessi allt að helmingu hærri en t. d. í Noregi eða jafnvel meira. Virðist auðsætt, að unnt sé að spara miklar upphæðir á þessu sviði, og ekkert eðlilegra en að það sé gert á þann hátt, að ríkið, sem hvort eð er verður að greiða þessi iðgjöld að verulegu leyti, taki þessa starfsemi í sínar hendur, í stað þess að sá gróði, sem tekinn er af útgerðinni gegnum tryggingar, renni til erlendra auðfélaga.

Við hlið vaxtaokursins og lánahamlanna eru hin seinu gjaldeyrisskil útflutningshringanna, sem leiða af sér vaxtabyrðar af framleiðslunni í allt að hálft ár frá útflutningsdegi, eitt af því, sem skapar útveginum mikla erfiðleika og fjárútlát. Er brýn nauðsyn á því, að á þessu verði gagnger breyting og að útflytjendum verði gert að skyldu að standa skil á andvirði útflutningsins á þann hátt, sem hér er lagt til.

Það er staðreynd, að farmgjöld þau, sem útflutningsframleiðslan hérlendis býr við, eru stórum hærri en tíðkast meðal þjóða, sem flytja út fisk til sömu landa og við. Virðist auðsætt, að rannsaka beri, hvort ekki sé réttmætur sá sterki grunur, sem á því liggur, að farmskipaeigendur hirði óeðlilegan gróða á kostnað útvegsins, og á grundvelli slíkrar rannsóknar beri ríkisstjórninni síðan, ef slíkt kemur í ljós, að beita sér fyrir verðlagsákvæðum til lækkunar. Hér er ekki um neina smá-

muni að ræða, þar sem farmgjöld fyrir freðfiskinn einan nema 70—80 millj. kr. á ári.

Með lögum þeim um efnahagsmál, sem sett voru á síðasta þingi, voru verkalýðssamtökin svipt með öllu rétti sínum til þess að semja um það við atvinnurekendur, að kaupgjald breyttist eftir verðlagi. Með þeim lagaákvæðum voru tvö ill verk unnin: í fyrsta lagi að ráðast á mikilsverð mannréttindi og í öðru lagi að reyna að ofurselja launamenn hömlulausri dýrtíðarskriðu, án þess að þeir gætu komið við vörnum. Lagt er til, að þvingunarlög þessi verði afnumin og frjálsir samningar ráði einir skipan þessara mála.

Það er fullvíst, að samþykkt þeirra tillagna, sem ég hef drepið hér á, og annarra, sem ég og samflokksmenn mínir flytja við þetta frv., mundi skapa sjávarútveginum sérstaklega og einnig öðrum atvinnuvegum möguleika til þess að mæta óhjákvæmilegri launahækkun til handa sjómönnum og verkafólki og tryggja útvegsmönnum jafnframt stórhækkað fiskverð og þar með bætta afkomu. Er það sérstaklega athyglisvert, að það eru einkum þau atriði, sem tillögurnar fjalla um, sem skilja á milli í útvegsmálum okkar og frænda okkar Norðmanna. Norðmenn búa við lága vexti, eða 2—4%, á móti 9—12% hjá okkur, helmingi eða þrisvar sinnum lægri tryggingagjöld og lægri farmgjöld. En vinnslustöðvar þar greiða líka fiskimönnum á aðra krónu hærra fyrir hvert fiskkíló og verkafólki sínu a. m. k. 20% hærri laun en hér tíðkast, og um rekstrarstöðvanir er þar ekki rætt, þótt fiskiskipin dragi stórfellt minni afla að landi en við eigum að venjast.

Ég legg til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir.

Alþingi, 19. des. 1960.

Björn Jónsson.

Ed. 252. Breytingartillögur [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Birni Jónssyni, Finnboga R. Valdimarssyni og Alfreð Gíslasyni lækni.

Á eftir 1. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (2. gr.) 23. gr. laganna falli niður.
2. (3. gr.) 25. gr. laganna falli niður.
3. (4. gr.) 26. gr. laganna falli niður.
4. (5. gr.) 31. gr. laganna orðist svo:
   Af lánum, sem veitt eru eftir 1. janúar 1961, er bannað að taka hærri útlánsvexti en voru 1. janúar 1960. Frá sama tíma skulu víxilvextir lækka til samræmis við það.
5. (6. gr.) 32. gr. laganna orðist svo:
   Frá 1. janúar 1961 skulu vextir af afurðavíxlum framleiðsluatvinnuveganna eigi vera hærri en 3% fyrstu 6 mánuði, en ½% hærri, ef framlengdir eru. Seðlabankinn er skyldur að endurkaupa víxla vegna afurðalána, sem nemur 67% af áætluðu útflutningsverðmæti framleiðslunnar. Vextir seðlabankans af slíkum lánum skulu vera 2%.
6. (7. gr.) 33. gr. laganna falli niður.
7. (8. gr.) Á eftir 33. gr. komi nýjar greinar undir nýrri kaflafyrirsögn (VI. kafli), og breytist tala kafla og greina samkv. því:
   a. (34. gr.) Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að öll flutningsgjöld íslenzkra skipa fyrir útfluttar framleiðsluvörur verði lækkuð frá 1. jan. 1961. Ríkisstjórnin ákveður þessa lækkun nánar með reglugerð.

b. (35. gr.) Stofna skal ríkisvátryggingu, sem hafi með höndum vátryggingu á öllum fiskiskipastól landsmanna svo og allar vátryggingar, sem sjávarútvegurinn þarf að hafa, þar með talin vátrygging á framleiðsluvörum og veiðarfærum svo og ábyrgðartryggingar o. fl.

Skylt er að hafa allar tryggingar sjávarútvegsins hjá ríkistryggingunni, og skulu vátryggingar skipa og aðrar vátryggingar flytjast þangað, jafnóðum og þær losna samkv. núgildandi tryggingarsamningum, en þó eigi síðar en 1. júlí 1961.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um þessa tryggingarstarfsemi, og er m. a. heimilt að ákveða, að innheimta skuli tiltekinn hundraðshluta af andvirði útfluttra sjávarafurða sem iðgjald.

c. (36. gr.) Frá 1. jan. 1961 skulu þær reglur gilda, að allir aðilar, sem hafa með höndum sölu á framleiðsluvörum úr landi, geri full gjaldeyrisskil fyrir útfluttar vörur innan eins mánaðar, frá því að varan sannanlega var flutt út. Sölufélögum og umboðsmönnum er skylt að gera fullnaðarskil á söluandvirðinu til framleiðenda eigi síðar en hálfum öðrum mánuði eftir að varan var flutt úr landi.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum allt að 1000000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nd. 253. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta frumvarp er flutt af ríkisstjórninni. Í því er lagt til, að viðbótarsöluskattur sá, 8% af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu, 10%, sem lögfestur var á síðasta þingi „til bráðabirgða“ og gildir til næstu áramóta, skuli einnig gilda allt árið 1961. Var þó látið í veðri vaka á síðasta þingi, að viðbótarskattur þessi ætti aðeins að vera bráðabirgðatekjustofn fyrir ríkissjóð.

Eitt af stefnumálum núverandi stjórnarflokka er að hverfa frá beinum sköttum, en leggja á óbeina skatta í staðinn. Þess vegna samþykktu þeir lækkun á tekjuskatti á síðasta þingi, en lögðu á háan söluskatt. Þetta var mjög til hagsbóta fyrir þá einstaklinga, sem hafa óvenjulega háar tekjur, en til tjóns fyrir allan fjöldann.

Söluskatturinn er einn þátturinn í efnahagskerfi ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt fjárlögum er áætlað, að álagðir söluskattar nemi alls yfir 500 millj. kr. á næsta ári og þar af fari til ríkissjóðs 438 millj.

Í framsöguræðu um efnahagsmálafrumvarpið 5. febr. s. l. sagði forsætisráðherrann m. a.:

„— þá, sem líta bjargráðin eða tillögur okkar öðrum augum en við gerum, sem stöndum að þessu frumvarpi, biðjum við um að fresta mótaðgerðum um nokkurt skeið og gefa með því reynslunni færi á að kveða upp sinn ólygna dóm.“

Síðan ráðherrann flutti fram þessa bón, eru nú liðnir 10 mánuðir og 14 dagar. Allan þennan tíma hafa menn verið að taka á sig miklar og vaxandi byrðar vegna ráðstafana stjórnarvaldanna, án þess að gripið hafi verið til nokkurra mótaðgerða gegn ríkisstjórninni og hennar framferði. Stjórnin hefur því vissulega fengið umbeðinn frest „um nokkurt skeið“.

En að hvaða gagni hefur þetta komið? Hver er árangurinn af þeim miklu fórnum, sem færðar hafa verið? Hvað er að segja um hinn „ólygna dóm“ reynslunnar? Hvernig er dómur hennar um stefnu og starf ríkisstjórnarinnar?

Í áðurnefndri framsöguræðu um efnahagsmálafrumvarpið 5. febr. sagði forsætisráðherrann:

„Það er óhætt að segja, að meginvandamálið, sem leysa þarf í efnahagsmálum Íslendinga nú, og um leið það, sem sízt verður umflúið, sé greiðsluhallinn gagnvart útlöndum.“

Með gengisbreytingunni og öðrum aðgerðum, er henni fylgdu, ætlaði stjórnin að ná jafnvægi í viðskiptum þjóðarinnar út á við.

Hvernig hefur þetta tekizt á því ári, sem nú er senn liðið?

Enn er ekki hægt að segja með vissu um niðurstöður á viðskiptareikningnum við aðrar þjóðir fyrir þetta ár. Á þeim reikningi eru allmargir liðir, bæði á tekna- og gjaldahliðinni. En langstærstu tölurnar á þeim reikningi eru andvirði seldrar og keyptrar vöru. Og hagstofan birtir mánaðarlega skýrslur um innflutning og útflutning. Á þessu ári hefur einnig verið birt í hagtíðindunum skýrsla um verðmæti innflutnings og útflutnings 1958—1960, með tölum fyrir tímabilið jan. 1958 til febr. 1960 umreiknuðum til samræmis við núgildandi gengi. Þennan umreikning þurfti að gera vegna gengisbreytingarinnar, til þess að tölurnar séu sambærilegar. Skýrslur eru nú komnar um innflutning og útflutning frá ársbyrjun til októberloka þ. á., og til samanburðar er inn- og útflutningur í sömu mánuðum 1958 og 1959, umreiknaður til samræmis við núgildandi gengi. Þær skýrslur sýna eftirfarandi:

Jan.—okt. 1958:		
Innflutt	2420	millj. kr.
Útflutt	2013	— —
Halli	407	millj. kr.
Jan.—okt. 1959:		
Innflutt	2530	millj. kr.
Útflutt	2010	— —
Halli	520	millj. kr.
Jan.—okt. 1960:		
Innflutt	2490	millj. kr.
Útflutt	2027	— —
Halli	463	millj. kr.

Hér kemur fram, að vöruskiptajöfnuðurinn hefur verið nokkru óhagstæðari fyrstu 10 mánuði þessa árs heldur en sömu mánuði árið 1958.

Eftir þessum tölum að dæma virðast litlar líkur benda til þess, að nokkuð hafi miðað í jafnvægisáttina í utanríkisviðskiptunum á þessu ári.

Efnahagslögin áttu líka að skapa útflutningsatvinnuvegunum viðunandi rekstrargrundvöll.

Hvernig eru horfur í því efni?

Hvað segja útvegsmenn um það?

Margir þeirra munu eiga í óvenjumiklum erfiðleikum um þessar mundir vegna halla á rekstrinum, sem m. a. stafar af ríkisstjórnarvöxtunum, en þeir liggja eins og mara á sjávarútveginum og öðrum atvinnurekstri.

Eitt af því, sem þjóðinni var sagt í ríkisútgáfunni, þ. e. bókinni, sem stjórnin nefndi Viðreisn, var það, að nú ætti að fara fram gagnger endurskoðun á fjármál-

um ríkissjóðs. Sú gagngera endurskoðun hefur birzt í 700 millj. kr. hækkun fjárlaganna á þeim 2 árum, sem liðin eru, síðan núverandi stjórnarflokkar tóku að sér stjórn landsins. Stærri hluti en áður af ríkistekjunum fer í rekstrarkostnað, en minna til uppbyggingar og stuðnings atvinnuvegunum. Eftir allar álögurnar, sem lögfestar voru í fyrra, hefði mátt vænta þess, að ríflegur greiðsluafgangur yrði hjá ríkissjóði á þessu ári. En nú segir ríkisstjórnin, að þess sé ekki að vænta. Ef svo reynist, hafa ráðstafanir hennar ekki orðið til hagsbóta fyrir ríkissjóðinn.

Aðaltilgangurinn með efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í fyrra var, að sögn hennar sjálfrar, að koma á jafnvægi í utanríkisviðskiptunum og að koma atvinnurekstrinum á traustan og heilbrigðan grundvöll. Hvorugt hefur tekizt, og ekki er hægt að sjá, að nokkuð hafi miðað í áttina að takmarkinu. Ekki verður stjórnarandstæðingum um þetta kennt, því að engar hindranir hafa þeir sett á veg ríkisstjórnarinnar.

Við framsóknarmenn teljum óheillavænlegt að taka aftur upp íhaldsstefnuna, sem brotin var á bak aftur í alþingiskosningum hér á landi fyrir 33 árum. Við beittum okkur því gegn stjórnarstefnunni á síðasta þingi. Hún er sízt álitlegri nú en hún var í fyrra, eftir þá reynslu, sem fengizt hefur á þessu ári. „Bráðabirgða"-söluskatturinn er einn þátturinn í efnahagskerfi ríkisstjórnarinnar. Við greiddum atkvæði gegn honum á síðasta þingi. Ekki er hann frýnilegri nú, afturgenginn.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1960.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 254. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um þetta stjórnarfrv.

Legg ég til, að frv. sé fellt.

Þegar síðustu fjárlög voru afgreidd og þær „efnahagsráðstafanir" gerðar, er síðan hafa í sífellu verið að rýra efnahag þjóðar, ríkis og hverrar alþýðufjölskyldu, lét ríkisstjórnin svo sem þessi söluskattur væri aðeins á lagður til bráðabirgða, sökum þess að hinn söluskatturinn kæmi of seint til álagningar, það væri liðinn fjórðungur ársins og þessi ætti að bæta þann glataða ársfjórðung upp.

Það eru því brigðmæli ríkisstjórnarinnar að leggja þennan skatt á almenning.

Orsökin til þessara brigðmæla er sú, að hrunstefna ríkisstjórnarinnar hefur borið svo ríkulegan árangur, að nú hrynja eigi aðeins undirstöður atvinnuveganna, þannig að atvinnuleysi hefst, og efnahagur heimilanna, þannig að fátæktin gerist nú vágestur að nýju, heldur og grundvöllurinn fyrir tekjur ríkissjóðs: innflutningurinn. Virðist það ekki mikil forsjálni sérfræðinganna, sem álíta það höfuðráð til bjargar landslýðnum að skera niður innflutning til landsins, að reikna ekki með því, að ríkistekjurnar rýrni þá um leið.

Áframhaldandi álagning þessa söluskatts er því enn ein árás á lífskjör almennings og ljóst dæmi um, í hvert öngþveiti er komið með þeirri hrunstefnu, er ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir.

Það, sem ríkisstjórnin gat gert, er hún sá, hvert stefndi, var, — ef hún vildi ekki hverfa frá villu síns vegar, — að spara óþarfa útgjöld og leggja byrðar á hin breiðu bök. En hvorugt vill hún. Frekar mun hún hafa rætt um að skera niður almannatryggingarnar.

Það er nauðsynlegt, að látið sé nú staðar numið um árásirnar á lífskjör alþýðu í landinu.

Því legg ég til, að þetta frv. sé fellt og þeirri stefnu, er veldur því, að það er fram komið, hnekkt.

Alþingi, 19. des. 1960.

Einar Olgeirsson.

Sþ. 255. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

varðandi rafvæðingu Norðausturlands.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Jónas G. Rafnar, Björn Jónsson, Garðar Halldórsson, Magnús Jónsson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á árinu 1961 nauðsynlegan undirbúning til þess, að háspennulína verði lögð frá Laxárvirkjun til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar á árunum 1962—63, eins og ráð var fyrir gert, eða að rafvæðing hlutaðeigandi byggðarlaga verði á annan hátt a. m. k. jafnvel tryggð á sama tíma.

Greinargerð.

Af hálfu raforkumálastjórnarinnar var á sínum tíma gert ráð fyrir því, að einn þáttur framkvæmda samkvæmt 10 ára rafvæðingaráætluninni yrði sá, að lögð yrði háspennulína frá Laxárvirkjun — (eða Húsavík) — austur til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar og raforku dreift frá þeirri línu. Var þá jafnframt gert ráð fyrir, að lína þessi yrði lögð á tveim síðustu árum 10 ára áætlunarinnar, þ. e. á árunum 1962—63. Með tilliti til þess, sem síðan hefur fram komið á Alþingi varðandi 10 ára áætlunina, einkum í fjárlagaumræðum 1959, þykir rétt, að ríkisstjórninni verði falið að hefja nauðsynlegan undirbúning á árinu 1961, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Sþ. 256. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um nýtt símstöðvarhús á Selfossi og sjálfvirkt símakerfi á Suðurlandi.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að byggt verði á Selfossi nýtt hús fyrir starfsemi pósts og síma, sem miðist við sjálfvirkt símakerfi í þéttbýli Suðurlands, og verði þessum framkvæmdum hraðað, svo sem kostur er á.

Greinargerð.

Símvæðingu landsins fleygir ört fram, og er nú gert stórátak á sviði símamála með samtengingu símakerfanna í Reykjavík, Hafnarfirði og á Reykjanesi og uppsetningu sjálfvirkra símstöðva í Keflavík og á Akranesi ásamt endurbótum á langlínusambandi við Norðurland, sem fram undan eru. Þá er enn ákveðið að setja upp sjálfvirkt símakerfi í Vestmannaeyjum, sem áætlað er að verði tilbúið um áramótin 1962 og 1963.

Vegna þess, að ekki verður komizt hjá minna en tveggja ára afgreiðslufresti á kaupum nauðsynlegra tækja erlendis frá í þessu skyni, er óhjákvæmilegt, að slíkar endurbætur á símakerfinu sem hér er gert ráð fyrir séu áformaðar með löngum fyrirvara. Tillaga þessi beinist að því, að næst á eftir þeim framkvæmdum, sem þegar eru ákveðnar, verði ráðizt í endurbætur á símakerfi í þéttbýli Suðurlandsundirlendis með byggingu nýs húss fyrir starfsemi pósts og síma á Selfossi.

Slík húsbygging er nú mjög aðkallandi. Póst- og símstöðvarhús á Selfossi er mjög gamalt timburhús, svo að tæpast er talið forsvaranlegt, að svo mikil verðmæti sem einatt eru í vörzlu póstþjónustunnar séu varðveitt í svo ótraustum húsakynnum. Öllu meira varðar þó, að húsnæðið er sökum þrengsla allsendis ófullnægjandi til að skapa starfsfólki viðunandi skilyrði, til þess að unnt sé að veita þá þjónustu, sem krafizt er. Ekki verður komizt af með minna en 20—30 manna starfslið í húsinu. Þar fer fram afgreiðsla 40 landssímasambanda milli Reykjavíkur og Jágsveita Suðurlands auk þjónustu við nær 400 símanotendur á Selfossi og í nærsveitum. Selfossbær er ört vaxandi miðstöð fyrir samgöngur og viðskipti á stóru landssvæði og því fullvíst, að starfsemi pósts og síma fari mjög ört vaxandi á næstu árum. Er því tímabært, að nú þegar sé hafizt handa um endurbætur á húsakynnum pósts og síma, sem miðist við uppsetningu sjálfvirks símakerfis fyrir bæina Selfoss, Hveragerði, Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn og nærsveitir, þar sem samanlagt eru mun fleiri íbúar en í kaupstöðum, sem hugsanlega koma til greina um að verða næstir til að njóta þeirrar þjónustu, sem sjálfvirkt símakerfi hefur í för með sér.

Sþ. 257. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Sigurður Ágústsson, Bjartmar Guðmundsson, Jónas Pétursson, Jónas G. Rafnar, Einar Ingimundarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins, m. a. með ákvæðum um fjárframlög í því skyni og úthlutun þess fjár. Skal tilgangur þessarar löggjafar fyrst og fremst vera sá að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í öllum landshlutum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur verið varið allmiklu fjármagni til atvinnuaukningar og framleiðslubóta víðs vegar um land. Hefur víða orðið mikið gagn af þessum ráðstöfunum. En nauðsynlegt er, að fastari reglur séu settar um notkun og úthlutun þess fjár, sem varið er í þessu skyni. Flm. þingsályktunartillögu þessarar leggja því til, að ríkisstjórnin undirbúi fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um þetta efni. Tilgangur slíkrar löggjafar skal fyrst og fremst vera sá að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða um land allt, auknu atvinnuöryggi og vaxandi framleiðslu. Jafnframt þarf að tryggja, að það fjármagn, sem lánað hefur verið á undanförnum árum til atvinnu- og framleiðslubóta, verði framvegis notað í sama skyni, eftir því sem einstök lán endurgreiðast.

Það er skoðun flm., að hér sé um mikilvægt umbótamál að ræða. Efnahagsleg velferð og framtíð þjóðarinar hlýtur að byggjast fyrst og fremst á því, að starfskraftar hennar nýtist sem bezt og að góð framleiðsluskilyrði í öllum landshlutum séu hagnýtt. Sérstaklega má benda á, að æskilegt er, að athafnamiðstöðvar og þétt-

býli skapist í sem flestum landshlutum. Mundi það á marga lund stuðla að bættri aðstöðu strjálbýlisins með bættum mörkuðum og nánari samvinnu sveita og sjávarsíðu.

Þá ber einnig brýna nauðsyn til þess, að atvinnuvegir og framleiðsla þjóðarinnar verði miklum mun fjölbreyttari en hún er nú. Með kerfisbundnum ráðstöfunum til atvinnuaukningar verður að stuðla að því, að svo geti orðið.

Sþ. 258. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1961.

(Afgreidd 19. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1961 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.
1.	Tekju- og eignarskattur	75 000 000
2.	Vörumagnstollur	35 000 000
3.	Verðtollur	353 000 000
4.	Innflutningsgjald af benzíni	58 000 000
5.	Gjald af innlendum tollvörum	36 000 000
6.	Lestagjald af skipum	600 000
7.	Bifreiðaskattur	18 000 000
8.	Aukatekjur	26 000 000
9.	Stimpilgjald	41 000 000
10.	Vitagjald	3 000 000
11.	Söluskattur:	
	a. Af innfluttum vörum (7%)	156 500 000
	b. Af vörusölu og þjónustu innanlands 185000000	
	Bráðabirgðasöluskattur af innflutningi (8%) 168000000	
	Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 71000000	
		282 000 000
12.	Innflutningsgjald	135 000 000
13.	Leyfisgjöld	34 000 000
14.	Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna	15 000 000
	Samtals ...	1268100000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður pósts og síma		2 000 000
2. — áfengisverzlunar		165 000 000
3. — tóbakseinkasölu		122 500 000
4. — ríkisprentsmiðju		500 000
Samtals ...	. . .	290 000 000
Sundurliðun.		
1. Póstur og sími.		
I. Tekjur:		
1. Seld frímerki, frímerkjavélar o. fl.	28 400 000	
2. Blöð og tímarit, burðargjald	1 300 000	
3. Skeytagjöld	14 200 000	
4. Símtalagjöld	42 000 000	
5. Símaafnotagjöld	74 750 000	
6. Leiga talstöðva og lína	2 400 000	
7. Innheimta aðflutningsgjalda, greiðsla vegna orlofslaga og laga um skyldusparnað	2 780 000	
8. Aðrar tekjur	3 920 000	
		169 750 000
II. Gjöld:		
1. Laun fastra starfsmanna	34 855 327	
2. Önnur laun, aukaaðstoð og yfirvinna	28 893 673	
3. Póstflutningur	7 100 000	
4. Pappír, prentun, skrifstofugögn o. fl.	4 595 000	
5. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting og viðhald	9 020 000	
6. Stöðvarnar, annar kostnaður	42 650 000	
7. Langlínurnar, annar kostnaður	18 350 000	
8. Vextir	1 600 000	
9. Til endurnýjunar og viðauka	6 500 000	
10. Tryggingar	1 010 000	
11. Til sjálfvirkrar stöðvar í Keflavík og nágrenni	4 000 000	
12. Til undirbúnings á sjálfvirku sambandi við Vestmannaeyjar	3 000 000	
13. Til undirbúnings á sjálfvirku sambandi við Akureyri	1 000 000	
14. Fyrning húsa og mótorvéla	1 250 000	
15. Önnur gjöld	3 926 000	
		167 750 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	2 000 000
2. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó-hagnaður)		187 515 660
II. Gjöld:		
1. Laun	5 740 660	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	2 525 000	

3. gr.

	kr.	kr.
3. Annar rekstrarkostnaður	4 000 000	
4. Tillag til gæzluvistarsjóðs	2 000 000	
5. Útsvar	8 250 000	
		22 515 660
Verði lokun útsölu samþykkt á fjárhagsárinu samkv. 10. gr. áfengislaganna, skal sú ráðstöfun koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir að úrslit atkvæðagreiðslu hafa verið tilkynnt ríkisstjórninni.		
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	165 000 000
3. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó-hagnaður)		133 830 251
II. Gjöld:		
1. Laun	1 455 251	
2. Annar rekstrarkostnaður	3 750 000	
3. Útsvar	6 125 000	
		11 330 251
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	122 500 000
4. Ríkisútvarpið.		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld	14 550 000	
b. Aðrar tekjur	8 000 000	
		22 550 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Föst laun 4505622		
2. Aukavinna 1600000		
	6 105 622	
b. Útvarpsefni	4 000 000	
c. Skrifstofukostnaður	1 500 000	
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	1 550 000	
e. Til útvarpsstöðva	2 500 000	
f. Til viðgerðarferða o. fl.	340 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	350 000	
h. Vegna höfundalaganna	1 000 000	
i. Óviss útgjöld	450 000	
j. Bifreiðakostnaður	250 000	
k. Fyrning á húsum og vélum	400 000	
		18 445 622
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:		4 104 378
a. Tekjur	1 920 000	
b. Gjöld:		
1. Laun 507782		
2. Annar kostnaður 383818		
	891 600	
	1 028 400	

3. gr.

		kr.	kr.
Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins	617040		
Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands	411360		
		1 028 400	
Til framkvæmdasjóðs			3 500 000
Aukið rekstrarfé Ríkisútvarpsins			604 378
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I. Tekjur (prentvinna)			6 000 000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	402175		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	2500000		
		2 902 175	
2. Efnivörur		1 675 000	
3. Vélarekstur og viðhald		200 000	
4. Annar kostnaður		722 825	
			5 500 000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	500 000
6. Áburðarsala ríkisins.			
a. Laun	225000		
b. Annar kostnaður	770000		
		995 000	
÷ Tekjur af vörusölu		995 000	
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)			4 930 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		825 920	
2. Vextir		800 000	
3. Annar kostnaður		3 090 000	
Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar		214 080	
			4 930 000
8. Tunnuverksmiðjur ríkisins.			
I. Tekjur			14 259 000
II. Gjöld:			
1. Laun og skrifstofukostnaður		105 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)		10 094 000	
3. Verkalaun		2 170 000	
4. Annar kostnaður		1 890 000	
			14 259 000

3. gr.

	kr.	kr.
9. Innkaupastofnun ríkisins.		
I. Tekjur af vörusölu		780 000
II. Gjöld:		
1. Laun	433 194	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	95 000	
3. Annar kostnaður	251 806	
		780 000
10. Ríkisbú.		
a. Á Bessastöðum.		
1. Tekjur	639 000	
2. Gjöld	639 000	
b. Á Hvanneyri.		
1. Tekjur	1 000 000	
2. Gjöld	1 000 000	
c. Á Hólum.		
1. Tekjur	500 000	
2. Gjöld	500 000	
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1. Tekjur	400 000	
2. Gjöld	400 000	
e. Á Vífilsstöðum.		
1. Tekjur	850 000	
2. Gjöld	850 000	
f. Í Kópavogi.		
1. Tekjur	120 000	
2. Gjöld	120 000	
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		75 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		50 000
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands, 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir		2 000 000
4. Arður af hlutafjáreign		263 000
Samtals ...	. . .	2 493 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 24 900 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1961 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		9 764 838
2. Lán í dönskum krónum		480
3. Lán í dollurum		17 145
Samtals ...	. . .	9 782 463

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	189 210	
2. Risna	70 000	
		259 210
II. Skrifstofa forseta í Reykjavík		343 000
III. Bifreiðakostnaður		307 200
IV. Forsetasetrið á Bessastöðum		470 600
V. Bessastaðakirkja		55 000
Samtals ...	. . .	1 435 010

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		9 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		50 000
Samtals ...	. . .	9 550 000

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	767410		
b. Til risnu samkvæmt reikningi	150000		
c. Ríkisráð	11070		
		928 480	
2. Til ráðuneytanna:			
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun	601455		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun	816844		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun	736797		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun	780526		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun	1601876		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:			
a. Laun	588017		
b. Fálkaorðan	50000		
	638017		
f. Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, laun	306369		
g. Utanríkisráðuneytið, laun	867296		
h. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun	537674		
i. Viðskiptamálaráðuneytið, laun	416665		
j. Efnahagsmálaráðuneytið, laun	319041		
k. I. Hagstofan:			
1. Laun	1087148		
2. Útgáfa hagskýrslna	212400		
3. Annar kostnaður	536400		
	1835948		
II. Þjóðskráin:			
1. Laun	262948		
2. Annar kostnaður	510285		
	773233		
l. Aðrir starfsmenn, laun	142542		
m. Símakostnaður og burðargjöld	1550000		
n. Annar kostnaður ráðuneytanna	2950000		
o. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins	600000		
		15 474 283	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun	1250941		
b. Annar kostnaður	515000		
		1 765 941	
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað)	350000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi	612000		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	285000		
		1 247 000	
			19 415 704

10. gr.

		kr.	kr.
II. Utanríkismál (utanríkisráðuneyti):			
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	988000		
b. Laun starfsfólks utan launalaga	345000		
c. Annar kostnaður	190000		
		1 523 000	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	964765		
b. Laun annarra starfsmanna	119800		
c. Annar kostnaður	235000		
		1 319 565	
3. Sendiráðið í London:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	1282800		
b. Laun annarra starfsmanna	340000		
c. Annar kostnaður	400000		
		2 022 800	
4. Sendiráðið í Washington:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	1143000		
b. Laun annarra starfsmanna	417500		
c. Annar kostnaður	718000		
		2 278 500	
5. Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	1768412		
b. Laun annarra starfsmanna	322000		
c. Annar kostnaður	744000		
		2 834 412	
6. Sendiráðið í Osló:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	878500		
b. Laun annarra starfsmanna	32000		
c. Annar kostnaður	151600		
		1 062 100	
7. Sendiráðið í Bonn:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	1061700		
b. Laun annarra starfsmanna	65500		
c. Annar kostnaður	215500		
		1 342 700	
8. Sendiráðið í Moskva:			
a. Laun samkv. launalögum	1385000		
b. Laun annarra starfsmanna	201000		
c. Annar kostnaður	419000		
		2 005 000	
9. Aðalræðismannsskrifstofan í New York:			
a. Laun samkv. launalögum	157500		
b. Annar kostnaður	130000		
		287 500	

10. gr.

	kr.	kr.
10. Ræðismannsskrifstofan í Hamborg	186 000	
11. Ferðakostnaður	450 000	
12. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins	1 260 000	
13. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins	1 500 000	
14. Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi	300 000	
15. Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar	180 000	
16. Til kjörræðismanna	40 000	
		18 591 577
III. Tillög til ýmissa alþjóðastofnana:		
1. Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	142 500	
2. Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins	404 550	
3. Tillag til Sameinuðu þjóðanna (UN)	1 030 000	
4. Tillag til Food and Agricultural Organization (FAO)	140 600	
5. Tillag til Organization of the European Economic Cooperation (OEEC)	175 500	
6. Tillag til Evrópuráðsins	232 500	
7. Til menningarsjóðs Evrópuráðsins, stofnframlag	15 532	
8. Tillag til alþjóðahveitiráðsins	2 750	
9. Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO)	690 690	
10. Tillag til Atlantshafsbandalagsins vegna skrifstofubyggingar	59 820	
11. Tillag til tollanefndar Evrópu	2 250	
12. Tillag til tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	304 800	
13. Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tolllaga	20 043	
14. Stofngjald og tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar	89 500	
15. Tillag til framleiðniráðs Evrópu (EPA)	73 710	
16. Tillag til eftirlitsnefndar með gin- og klaufaveiki á vegum FAO	9 750	
17. Framlag til gæzluliðs Sameinuðu þjóðanna	419 700	
18. Tillag til European Nuclear Energy Agency	15 230	
19. Tillag til Office of Scientific Personnel	14 676	
		3 844 101
Samtals ...	. . .	41 851 382

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn (dómsmálaráðuneyti).		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	741 163	
b. Risna dómsforseta	10 000	
c. Útgáfa hæstaréttardóma	310 000	
d. Annar kostnaður	291 000	
		1 352 163
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	938 985	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	316 000	
c. Annar kostnaður	240 000	
		1 494 985
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun	827 651	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	200 000	
c. Annar kostnaður	232 000	
		1 259 651
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	1 157 146	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	335 000	
c. Annar kostnaður	840 000	
		2 332 146
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	832 037	
b. Aukavinna	215 000	
c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður	415 000	
d. Annar kostnaður	280 000	
		1 742 037
6. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:		
a. Laun	285 734	
b. Hiti, ljós og ræsting	145 000	
c. Annar kostnaður	343 000	
		773 734
7. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
a. Laun	1 879 206	
b. Skrifstofukostnaður:		
1. Laun 5362073		
2. Annar kostnaður 4400000		
9762073		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins 1600000		
	8 162 073	
c. Einkennisbúningar héraðsdómara	175 000	
d. Viðhald embættisbústaða	337 500	
		10 553 779
8. Laun hreppstjóra		1 250 000
9. Lögreglukostnaður:		
a. Ríkislögregla í Reykjavík:		
1. Laun lögregluþjóna 2330098		
2. Áhættuþóknun 139800		

11. gr.

		kr.	kr.
3. Álag á næturvinnu, aukavinna o. fl.	483000		
4. Einkennisfatnaður og tryggingar	396700		
5. Bifreiðakostnaður	1030000		
6. Æfingaskáli og gufubaðstofa	40000		
7. Kostnaður vegna kvenlögreglu	27600		
8. Áhöld, námskostnaður o. fl.	105000		
		4 552 198	
b. Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli:			
1. Laun lögregluþjóna	2159092		
2. Áhættuþóknun	140000		
3. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót .	340000		
4. Einkennisfatnaður	340000		
5. Bifreiðakostnaður og tryggingar	600000		
6. Fæðisstyrkur lögreglumanna	344400		
7. Annar kostnaður	180000		
		4 103 492	
c. Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
1. Laun lögregluþjóna	719308		
2. Áhættuþóknun	36000		
3. Einkennisfatnaður og tryggingar	98700		
4. Álag á næturvinnu	74500		
		928 508	
d. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglufirði		100 000	
e. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Raufarhöfn		75 000	
f. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Seyðisfirði og Vopnafirði		60 000	
g. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Þórshöfn		20 000	
h. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Húsavík		20 000	
i. Til sumarlöggæzlu í Neskaupstað		20 000	
j. Til sumarlöggæzlu í Ólafsfirði		10 000	
k. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Skagaströnd		10 000	
l. Til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð		150 000	
m. Kostnaður við löggæzlu í Sandgerði á vertíðum		20 000	
n. Til löggæzlu í Grindavíkurhreppi		15 000	
o. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík ..		2 400 000	
p. Til kaupa á talstöðvum í bifreiðar		35 000	
q. Ýmis annar lögreglukostnaður		832 000	
r. Til löggæzlu í sveitum		400 000	
			13 751 198
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:			
1. Laun	394902		
2. Næturvinnuálag	55000		
3. Annar kostnaður	662000		
	1111902		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	555951		
		555 951	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:			
1. Laun	774674		
2. Næturvinnuálag	125000		

11. gr.

		kr.	kr.
3.	Aukavinna	125000	
4.	Annar kostnaður	1355000	
		2379674	
	÷ Tekjur	490000	
		1 889 674	
c.	Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaðar	98 000	
d.	Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju	900 000	
e.	Kostnaður við önnur fangahús	115 000	
f.	Sjúkrakostnaður refsifanga	100 000	
			3 658 625
11.	Til byggingar fangahúsa		475 000
12.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál og málskostnaður	1 900 000	
	÷ Endurgreiddur málskostnaður	250 000	
			1 650 000
13.	Til fangahjálpar samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra		210 000
14.	Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum		70 000
15.	Laun sjó- og verzlunardómsmanna		160 000
16.	Kostnaður við störf setu- og varadómara		220 000
17.	Kostnaður við meðdómendur í einkamálum		50 000
18.	Til útgáfu norræns dómasafns		30 000
19.	Til kostnaðar við landhelgisgæzlu:		
a.	Varðskipið Þór	6 060 000	
b.	Varðskipið Ægir	5 227 000	
c.	Varðskipið Albert	3 464 000	
d.	Varðskipið María Júlía	3 172 000	
e.	Varðskipið Gautur	2 305 000	
f.	Varðskipið Sæbjörg	1 919 000	
g.	Fluggæzlan	4 000 000	
h	Kostnaður í landi og ýmis gæzla	1 823 000	
i.	Varðskipið Óðinn	7 430 000	
		35 400 000	
	÷ Tekjur	1 500 000	
			33 900 000
20.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
a.	Laun	1 185 015	
b.	Annar kostnaður	1 300 000	
		2 485 015	
	÷ Tekjur	2 485 015	
21.	Kostnaður við eftirlit á vegum:		
a.	Laun	90 279	
b.	Áhættuþóknun	5 417	
c.	Annar kostnaður	180 000	
			275 696
22.	Til húsameistara ríkisins:		
a.	Laun	694 181	
b.	Annar kostnaður	680 000	
c.	Eftirstöðvar kaupverðs bifreiðar byggingareftirlitsins	92 000	
		1 466 181	
	÷ Tekjur af vinnu	300 000	
			1 166 181

11. gr.

		kr.	kr.
23.	Til bindindisstarfsemi:		
	a. Laun áfengisráðunautar	78 300	
	b. Til áfengisvarnaráðs (enda samþykki dómsmálaráðuneytið úthlutun fjárins)	700 000	
	c. Til Stórstúku Íslands	240 000	
	d. Til Péturs Sigurðssonar erindreka:		
	1. Laun 53377		
	2. Ferðakostnaður 4650		
		58 027	
			1 076 327
	Samtals A. ...	. . .	77 451 522
	B. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl. (fjármálaráðuneyti).		
I.	Tollar:		
	a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:		
	1. Laun 4778704		
	2. Lausavinna 668811		
	3. Húsaleiga, ljós og hiti 295000		
	4. Símakostnaður og burðargjöld 425000		
	5. Annar kostnaður 2200000		
		8 367 515	
	b. Tollgæzla:		
	1. Í Reykjavík:		
	a. Laun 3560856		
	b. Álag á næturvinnu 170000		
	c. Húsaleiga, ljós og hiti 690000		
	d. Símakostnaður 70000		
	e. Annar kostnaður 2010000		
		6 500 856	
	2. Á Keflavíkurflugvelli:		
	a. Laun 646072		
	b. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót 100000		
	c. Einkennisfatnaður 100000		
	d. Hiti og ljós 25000		
	e. Fæðisstyrkur tollvarða 89600		
	f. Annar kostnaður 220000		
	g. Kostnaður við tolleftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar .. 280000		
		1 460 672	
	3. Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
	a. Laun 1064670		
	b. Annar kostnaður 722000		
		1 786 670	
			18 115 713
II.	Skattar:		
	a. Ríkisskattanefnd:		
	1. Laun 385563		
	2. Annar kostnaður 188000		
		573 563	
	b. Kostnaður við skattstofur	6 800 000	
	c. Millimatskostnaður	275 000	
			7 648 563

11. gr.

	kr.	kr.
III. Eftirlit með sparisjóðum:		
a. Laun	52 274	
b. Ferðakostnaður	5 000	
		57 274
IV. Eftirlit með opinberum sjóðum		19 000
V. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir		50 000
VI. Innheimtulaun		400 000
Samtals B. ...	. . .	26 290 550
C. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta		1 700 000
Samtals C. ...	. . .	1 700 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt (heilbrigðismálaráðuneyti):

			kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:			
	a. Laun		216 199	
	b. Annar kostnaður		140 000	
				356 199
II.	Héraðslæknar:			
	1. Laun		4 743 298	
	2. Símakostnaður og burðargjöld		100 000	
				4 843 298
III.	Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð			72 450
IV.	Ríkisspítalar:			
	A. Landsspítalinn:			
	1. Laun:			
	a. Föst laun	11810430		
	b. Bifreiðastyrkir	219000		
		12029430		
	2. Matvörur	3300000		
	3. Ljósmæðraskólinn	212000		
	4. Til blóðsegavarna	200000		
	5. Annar kostnaður	10126000		
		25867430		
	÷ Tekjur	12700000		
	Rekstrarhalli		13 167 430	
	B. Landsspítalinn, viðbygging:			
	1. Laun:			
	a. Föst laun	654720		
	b. Bifreiðastyrkir	18000		
		672720		
	2. Matvörur	100000		
	3. Annar kostnaður	262000		
		1034720		
	÷ Tekjur	280000		
	Rekstrarhalli		754 720	
	C. Fæðingardeild Landsspítalans:			
	1. Laun:			
	a. Föst laun	4114336		
	b. Bifreiðastyrkir	51000		
		4165336		
	2. Fæðiskostnaður	950000		
	3. Annar kostnaður	3681500		
		8796836		
Guðrún Oddsdóttir	14717.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	40108.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	11320.00		
Guðrún Ragúels	3828.00		
Guðrún Sveinsdóttir	24419.00		
Guðrún Þorvarðsson	19246.00		
Gunnhildur Jónsdóttir	6009.00		
Gunnjóna Jensdóttir	3815.00		
Halldóra Ólafsdóttir	23434.00		
Halldóra Þórðardóttir	7617.00		
Harriet Jónsson	5702.00		
Hedvig Blöndal	10000.00		
Helga Arngrímsdóttir	7010.00		
Helga Finnsdóttir	27171.00		
Helga Pétursdóttir	15000.00		
Helga I. Stefánsdóttir	3828.00		
Henny Kristjánsson	6000.00		
Hertha Leósson	5000.00		
Hildur Björnsdóttir	10014.00		
Hjaltlína Guðjónsdóttir	15000.00		
Hlíf Böðvarsdóttir	8678.00		
Hlín Johnson	25853.00		
Hólmfríður Zoëga	11501.00		
Hrefna Bergsdóttir	18000.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	15232.00		
Hulda Þ. Björnæs	12017.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	7923.00		
Ingibjörg I. Briem	6000.00		
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	15000.00		
Ingibjörg Guðmundsdóttir	7630.00		
Ingibjörg Högnadóttir	6000.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	8905.00		
Ingunn Hlíðar	9538.00		
Ingveldur Einarsdóttir	8905.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	3808.00		
Jakobína Sigr. Torfadóttir	5424.00		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	7923.00		
Jóhanna Jónsdóttir	11320.00		
Jóhanna Linnet	7630.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	8905.00		
Jóhanna Pálmadóttir	18018.00		
Jóhanna Þorsteinsdóttir	9000.00		
Jóhanna Þorvaldsdóttir	10000.00		
Jóna Jakobsdóttir	6509.00		
Jóna Jóhanna Jónsdóttir	6000.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	10936.00		
Jónheiður Eggerz	20029.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Jónína Jónsdóttir	7630.00		
Júlíana M. Jónsdóttir	10303.00		
Karen Jónsson	12017.00		
Katrín Sveinsdóttir	7923.00		
Klara Helgadóttir	9057.00		
Kristbjörg Sveinsdóttir	7000.00		
Kristín Guðlaugsdóttir	12000.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	6009.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	3807.00		
Kristín Pálsdóttir	6367.00		
Kristín Sigurðardóttir	6792.00		
Kristín Thorberg	4687.00		
Kristín Tómasdóttir	9000.00		
Kristín Þórarinsdóttir	11320.00		
Kristólína Kragh	5077.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	9606.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	8000.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	7923.00		
Lára Skúladóttir	6792.00		
Lilja Eyþórsdóttir	18026.00		
Lovísa Sveinbjörnsson	39759.00		
Magdalena Ásgeirsdóttir	6000.00		
Magnea Magnúsdóttir	19246.00		
Málfríður Árnadóttir	4006.00		
Málfríður Bjarnadóttir	4000.00		
Málfríður Jónsdóttir	10129.00		
Margrét Árnadóttir	11012.00		
Margrét Ásmundsdóttir	5077.00		
Margrét Björnsdóttir	7630.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	16604.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	3828.00		
Margrét Lárusdóttir	11716.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	5077.00		
Margrét Þórðardóttir	7617.00		
María Guðlaugsson	9373.00		
María J. Klemenz	3828.00		
María Pétursdóttir	14000.00		
María Thoroddsen	19528.00		
María Tómasdóttir	5660.00		
Melitta Urbancic	9538.00		
Nanna Jónsdóttir	10850.00		
Nikólína Jóhannsdóttir	6000.00		
Oddný Pétursdóttir	12017.00		
Oktavía Sigurðardóttir	10189.00		
Ólafía Einarsdóttir	13585.00		
Ólafía Finnbogadóttir	2540.00		
Ólafía Jónsdóttir	6075.00		
Ólafía Valdimarsdóttir	6792.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Olga E. Jónsson	11320.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	8905.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	12694.00		
Ólöf Sigurðardóttir	6009.00		
Ólöf Sigurðardóttir, Akranesi	4000.00		
Ólöf Sigvaldadóttir	10000.00		
Ragnheiður Bjarnadóttir	12694.00		
Ragnheiður Brynjólfsdóttir	5723.00		
Ragnhildur I. Bjarnadóttir	8012.00		
Ragnhildur Teitsdóttir	3623.00		
Ragnhildur Thorlacius	13585.00		
Ragnhildur Thoroddsen	15022.00		
Rannveig Tómasdóttir	7617.00		
Rigmor Ófeigsson	10155.00		
Rósa Eggertsdóttir	6009.00		
Rósa Jónsdóttir	6000.00		
Sesselja Þorsteinsdóttir Clausen	8012.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	12017.00		
Sigríður Bjarnason	20377.00		
Sigríður Björnsdóttir	8000.00		
Sigríður Einarsson	39056.00		
Sigríður Eiríksdóttir	8000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	10155.00		
Sigríður Fjeldsted	10189.00		
Sigríður Gísladóttir	3828.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	3828.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	19137.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	6367.00		
Sigríður Pétursdóttir	11320.00		
Sigríður Sigtryggsdóttir	12000.00		
Sigríður Sæmundsson	24000.00		
Sigrún Árnadóttir	7000.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	9057.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	11320.00		
Sólveig Árnadóttir	3828.00		
Sólveig Eggerz	33456.00		
Sólveig Pétursdóttir	11320.00		
Sólveig P. Sandholt	8000.00		
Stefanía Hjaltested	6367.00		
Stefanía Stefánsdóttir	12452.00		
Steinunn Briem	15000.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	6748.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	7617.00		
Súsanna Friðriksdóttir	11320.00		
Sveinbjörg Kristinsdóttir	10000.00		
Torfhildur Magnúsdóttir	6000.00		
Una Guðmundsdóttir	3815.00		
Una Jóhannesdóttir	18000.00		
Unnur Guðjónsdóttir	20029.00		
Unnur Skúladóttir	12694.00		
Valborg Einarsson	12694.00		

18. gr.

		kr.	kr.
	Valborg Haraldsdóttir	10850.00	
	Valgerður Björg Björnsdóttir	15000.00	
	Valgerður Halldórsdóttir	18114.00	
	Valgerður Helgadóttir	10014.00	
	Valgerður Jóhannsdóttir	6867.00	
	Valgerður Ólafsdóttir	9057.00	
	Vigdís G. Blöndal	6367.00	
	Viktoría Bjarnadóttir	1915.00	
	Vilborg Bjarnadóttir	7244.00	
	Vilborg Torfadóttir	3828.00	
	Þóra L. Björnsson	13585.00	
	Þóra Hjartar	4528.00	
	Þóra Jónasdóttir	6509.00	
	Þóra Magnúsdóttir	8000.00	
	Þóra Sigfúsdóttir	5723.00	
	Þóra Sigurðardóttir	3828.00	
	Þóra Skaftason	3828.00	
	Þorbjörg Sigmundsdóttir	12694.00	
	Þórunn Hafstein	5077.00	
	Þórunn Pálsdóttir	12694.00	
	Þórunn Þórðardóttir	2343.00	
	Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	7923.00	
	Þrúður I. Jónsdóttir	6249.00	
	Þuríður Benediktsdóttir	12732.00	
	Þuríður Helgadóttir	6000.00	
	Þuríður Káradóttir	14717.00	
			2 583 892
	c. Barnastyrkur: Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16/7 1924, sjúklingur		3 828
			6 022 312
III.	Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað)		14 500 000
IV.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955		200 000
V.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940		23 500
VI.	Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og visitöluuppbóta á lífeyri		9 000 000
	Samtals ...	. . .	30 272 839

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til niðurgreiðslu á vöruverði		302 900 000
2. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		12 000 000
3. Útgjöld samkv. 22. og 24. gr.		3 000 000
4. Fyrningar		6 000 000
5. Til óvissra útgjalda		6 500 000
Samtals ...	. . .	330 400 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
II. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		3 000 000
Samtals ...	. . .	3 100 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 12631672		
b. Lán í dönskum bönkum 21383		
c. Lán í Bandaríkjunum 190500		
	12 843 555	
2. Lán ríkisstofnana:		
Landssíminn	2 000 000	
		14 843 555
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		38 000 000
III. Til byggingar stjórnarráðshúss		1 000 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		1 800 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		190 000
VI. Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna		2 275 000
VII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	6 503 000	
2. Til byggingar fávitahælis	427 500	
3. Til byggingar hjúkrunarkvennaskóla	250 000	
		7 180 500
VIII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		3 000 000
IX. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja:		
1. Reykjavík	2 000 000	
2. Akureyri	800 000	
3. Ísafjörður	800 000	
4. Norðfjörður	700 000	
5. Vestmannaeyjar	800 000	
6. Öryggisþjónustan	2 000 000	
7. Tæki og vélar	320 000	
8. Brautalýsing	300 000	
9. Óráðstafað og skuldir	1 000 000	
		8 720 000
X. Til sjúkraflugvalla		492 100
XI. Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		665 000

20. gr.

		kr.	kr.
XII.	1. Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akureyri	300 000	
	2. Til byggingar menntaskólans í Reykjavík	1 000 000	
	3. Til byggingar sjómannaskólans	500 000	
	4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
	5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	427 500	
	6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	2 000 000	
	7. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum	200 000	
	8. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	600 000	
	9. Til byggingar héraðsskólans á Eiðum	450 000	
			5 545 000
XIII.	Til bygginga á prestssetrum		1 865 000
XIV.	Til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum		194 000
XV.	Til útihúsa á prestssetrum		734 000
XVI.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara		513 000
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		1 000 000
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		200 000
XIX.	Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		1 000 000
XX.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		205 000
XXI.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		342 000
XXII.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá		95 000
XXIII.	Til atvinnu- og framleiðsluaukningar, þar af 4 millj. kr. til samgöngubóta á landi, eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi		14 000 000
XXIV.	Til byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		500 000
XXV.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna		342 000
XXVI.	Til aukningar landhelgisgæzlu		5 000 000
XXVII.	Til kaupa á biskupsbústað		300 000
XXVIII.	Til byggingar starfsmannahúss að Bessastöðum		330 000
XXIX.	Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		300 000
XXX.	Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti		445 200
XXXI.	Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana		800 000
	Samtals	. . .	111 876 355

21. gr

I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		1 268 100 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		290 000 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 493 000
5. gr.	Óvissar tekjur		24 900 000
	Samtals ...	. . .	1 585 568 000

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	1 585 568 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	3 000 000
	Samtals ...	1 588 668 000

firlit.

firlit. 21. gr.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
7. gr.		Vextir		9 782 463
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 435 010
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		9 550 000
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		41 851 382
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	77 451 522	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	26 290 550	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	1 700 000	105 442 072
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		50 908 786
13. gr.	A.	Vegamál	98 299 898	
—	B.	Samgöngur á sjó	14 058 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	26 322 031	
—	D.	Flugmál	10 992 543	
—	E.	Veðurþjónusta	4 452 348	
—	F.	Ýmis mál	5 253 962	159 378 782
14. gr.	A.	Kennslumál	180 048 867	
—	B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	13 053 806	193 102 673
15. gr.		Kirkjumál		13 283 706
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	79 370 200	
—	B.	Sjávarútvegsmál	25 872 482	
—	C.	Iðnaðarmál	4 687 000	
—	D.	Raforkumál	32 961 859	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	8 813 826	151 705 367
17. gr.		Til félagsmála		379 249 630
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		30 272 839
19. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		330 400 000
		Rekstrarafgangur		109 205 290
		Samtals	. . .	1 585 568 000

firlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	1 476 362 710
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	111 876 355
	Greiðslujöfnuður	428 935
	Samtals	1 588 668 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1961 hjá allt að 20 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1960 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

V. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

VI. Að selja prestsseturshúsið Strandgötu 11 A, Patreksfirði, gamla prestsseturshúsið í Holti í Önundarfirði, prestsseturshúsið Miðgarða í Grímsey og prestsseturshúsið á Eskifirði, ef viðunandi boð fæst.

VII. Að selja lóðir undir gömlu póst- og símahúsunum á Akranesi og Eskifirði ásamt þessum húsum og enn fremur 6.1 fermetra lóð við Óðinsgötu 9 A í Reykjavík ásamt tilheyrandi tengihúsi, ef viðunandi boð fæst.

VIII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

IX. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

X. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

XI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XII. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti, sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XIV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappaumbúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.

XV. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. (Endurveiting).

XVI. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XVII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XVIII. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XIX. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XX. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vísindatækjum, sem inn eru flutt í sambandi við rannsóknir alþjóðanefndar jarðeðlisfræðiársins. Sama gildir um nauðsynlegt rekstrarefni tækjanna.

XXI. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.

XXII. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XXIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 18 700 000 kr.

XXIV. Að hefja byggingu æfingarskóla fyrir Kennaraskóla Íslands í samvinnu við Reykjavíkurbæ, þannig að ríkissjóður greiði ⅗ kostnaðarins, en Reykjavíkurbær ⅖ hluta.

XXV. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir Dráttarbraut Keflavíkur til endurbóta og stækkunar á dráttarbraut, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXVI. Að ábyrgjast allt að 1.8 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðina Dröfn í Hafnarfirði til endurbóta á dráttarbraut, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting).

XXVII. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h.f. á Ísafirði vegna byggingar nýrrar dráttarbrautar, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting).

XXVIII. Að ábyrgjast fyrir Dráttarbraut Akraness allt að 3.5 millj. kr. lán vegna smíði nýrrar dráttarbrautar, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXIX. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 5.5 millj. kr. lán til endurbóta á síldarverksmiðjum á Austurlandi, enda verði umbæturnar gerðar í samráði við ríkisstjórnina.

XXX. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar. (Endurveiting).

XXXI. Að ábyrgjast fyrir Loftleiðir h/f allt að 70% af kaupverði einnar flugvélar, þó ekki hærri fjárhæð en jafnvirði 438 þús. Bandaríkjadollara, enda fái ríkissjóður 1. veðrétt í flugvélinni.

XXXII. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán vegna stækkunar og endurbyggingar Hótel Blönduóss, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur nægilegar.

XXXIII. Að greiða Djúpbátnum h/f á Ísafirði allt að 100 þús. kr., ef ríkisstjórnin telur það nauðsynlegt til að tryggja útgerð flóabáts félagsins á árinu.

XXXIV. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri vegna leigu á skipum til síldarflutninga frá fjarlægum síldarmiðum.

XXXV. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

XXXVI. Að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. skuld síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs við hina almennu deild sjóðsins.

XXXVII. Að ábyrgjast lán allt að jafnvirði 1 388 000 Bandaríkjadollara, sem Framkvæmdabanki Íslands tekur af lánsfé því, er til fellur samkvæmt samningi um kaup á landbúnaðarvörum (PL—480), sem undirritaður var milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna 6. apríl 1960.

XXXVIII. Að útvega eða lána Ræktunarsjóði Íslands, Byggingarsjóði sveitabæja og veðdeild Búnaðarbanka Íslands allt að 36 millj. kr.

XXXIX. Að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga vegna byggingar vinnustofnana fyrir öryrkja.

XL. Að taka lán allt að 4 millj. kr. til byggingar fiskeldisstöðvar.
XLI. Að kaupa hluta úr jörðinni Kollafirði eða jörðina alla, eftir því sem um semst, eða aðra jörð, sem henta þykir, til að byggja þar fiskeldisstöð. Enn fremur að taka á leigu eða kaupa, eftir því sem um semst, rétt til að nota allt það vatn, sem slík stöð þarfnast.

23. gr.

Auk þeirra uppbóta, sem greiddar voru á árinu 1959 á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara og lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og greiddar skulu framvegis, eftir því sem við getur átt, er heimilt að greiða sérstaka uppbót til elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega sjóða þessara.

Uppbót þessi má nema allt að 20% af lífeyrisgreiðslum og greiðslum skv. 18. gr. fjárlaga, þó ekki meira en 500 kr. á mánuði fyrir hvern lífeyrisþega. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir greiða uppbót þessa gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

Slíka uppbót er og heimilt að greiða öðrum þeim, sem njóta greiðslna samkv. 18. gr. fjárlaga, úr lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, enda eigi þeir ekki rétt á samsvarandi bótahækkun samkvæmt lögum um almannatryggingar.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1961 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 259. Breytingartillaga [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Karli Guðjónssyni, Garðari Halldórssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 27. gr. laganna komi ný grein, þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja hluta af söluskattinum til að standa straum af eftirfarandi hækkun á launum starfsmanna ríkisins:

a. Laun, sem samkvæmt gildandi launalögum fara stighækkandi eftir starfsaldri, hækki á tveim árum í stað fjögurra ára, þannig að byrjunarlaun verði samsvarandi núverandi launum með tveimur aldurshækkunum og hækki síðan á tveimur árum í hámarkslaun launaflokksins.
b. Starfsmönnum, sem laun taka samkvæmt XIII. og XIV. flokki launalaga, verði greidd laun samkvæmt XII. flokki.

Ed. 260. Lög [125. mál]

um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 178.

Nd. 261. Lög [130. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 187.

Ed. 262. Breytingartillögur [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (2. gr.) 31. gr. laganna orðist svo:
   Frá 1. janúar 1961 skulu allir útlánsvextir lækka um 2% frá því, sem þeir voru meginhluta árs 1960.
2. (3. gr.) 32. gr. laganna orðist svo:
   Frá 1. janúar 1961 skulu vextir af afurðavíxlum framleiðsluatvinnuveganna eigi vera hærri en 4% fyrstu 6 mánuði, en ½% hærri, ef framlengdir eru. Seðlabankinn skal skyldur að endurkaupa víxla vegna afurðalána, sem nemur 67% af áætluðu útflutningsverðmæti framleiðslunnar. Vextir seðlabankans af slíkum lánum skulu eigi vera hærri en 2%.

Nd. 263. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið saman niðurstöðutölur ríkisreikningsins, en ekkert fundið athugavert.

Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að samþykkja frumvarpið óbreytt, þó með þeim fyrirvara, að tölur kunni að breytast eitthvað að lokinni hinni umboðslegu endurskoðun.

Einar Olgeirsson og Skúli Guðmundsson vilja fresta afgreiðslu málsins, þar til fyrir liggur skýrsla frá ríkisendurskoðuninni um endurskoðun reikninga þeirra 42 aðila, sem ólokið var, þegar yfirskoðunarmenn Alþingis gáfu út sínar athugasemdir við ríkisreikninginn. Munu þeir þá síðar skila séráliti um frumvarpið.

Alþingi, 20. des. 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Ed. 264. Lög [134. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 200.

Sþ. 265. Þingsályktun [141. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 210.

Nd. 266. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Niður falli orðin „og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn".
b. Í stað orðanna „Heimilt er þó" komi: Heimilt er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Einkaréttur þessi var veittur fyrir 25 árum og þá miðaður við allt aðrar aðstæður en þær, sem nú eru. Að dómi margra þeirra, sem bezt þekkja til, er hann nú orðinn þröskuldur í vegi þess, að nægilega sé unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað. Ferðaskrifstofa ríkisins getur líka eftir sem áður unnið að þessari starfsemi, þótt fleiri aðilar geri það einnig. Auk þess hefur hún mörgum öðrum mikilvægum verkefnum að sinna. Hér er því ekki verið að takmarka neitt verkahring hennar, heldur aðeins stuðlað að því, að fleiri aðilar geti látið til sín taka og unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað.

Allar þjóðir keppa nú að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga, enda eru þau víðast vaxandi tekjulind. Íslendingar mega ekki láta hlut sinn liggja eftir í þessum efnum. Eins og nú er komið, mun það tryggja beztan árangur á þessu sviði að veita öllum þeim, sem hafa áhuga og getu, tækifæri til þess að vinna sem frjálslegast að þessum málum, en hefta ekki framtak þeirra með úreltum hömlum.

Sþ. 267. Þingsályktun [72. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um byggingarsamvinnufélög.

(Afgreidd frá Sþ. 16. jan.)

Samhljóða þskj. 79.

Nd. 268. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um skipun nefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka vissar fjárreiður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fleiri atvinnurekenda.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Deildin ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 5 manna nefnd innandeildarþingmanna samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka eftirfarandi og gefa deildinni skýrslu um það:

1. Hversu mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur dregið út úr rekstri sjávarútvegsins á Íslandi og sett fast í fyrirtækjum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi, hvernig þau fyrirtæki standa fjárhagslega, hverjir eru eigendur þeirra og hvernig fjárhagslegum afrakstri þeirra hefur verið ráðstafað.
2. Hversu mikið fjármagn Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur í veltu í óseldum fiski erlendis.
3. Hversu mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða einstakir stjórnendur hennar hafa lagt í hliðarfyrirtæki, er annast viðskipti, er varða sjávarútveg, svo sem tryggingar, flutninga, innkaup og annað því um líkt.
4. Hversu mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur lánað einstökum stjórnendum hennar.
5. Hversu mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur að láni frá bönkum ríkisins til sín beint eða einstakra meðlima sinna.
6. Hversu mikið fé bankar ríkisins hafa lánað einstökum meðlimum Vinnuveitendasambands Íslands, um hve langan tíma og hvernig þeir standa í skilum með það.

Nefndin hefur rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Stjórn Vinnuveitendasambands Íslands hefur lýst yfir því, að enginn grundvöllur sé til kauphækkana, og viðurkennir þó um leið, að kaupgjald verkamanna sé allmiklu lægra en 1944. Stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna telur, eins og aðrir höfuðatvinnurekendur í sjávarútvegi, að ekki sé grundvöllur til þess að bæta kjör sjómanna og annars verkalýðs.

Þeir atvinnurekendur, sem hér um ræðir, hafa á undanförnum árum og áratugum fengið mikið fé til meðferðar frá þjóðarbúinu, bæði fé, sem þeim hefur verið trúað fyrir frá sjómönnum og útvegsbændum, sem og lánsfé frá ríkinu og bönkum þess.

Þessir atvinnurekendur lýsa því nú yfir, að þeir hafi ekki stjórnað atvinnurekstri þeim, sem þjóðin hefur trúað þeim fyrir að reka og lánað þeim flestum mikið fé til, betur en svo, að atvinnureksturinn undir stjórn þeirra sé ekki fær um að borga einu sinni eins hátt kaupgjald og fyrir 15 árum. Virðast þessir atvinnurekendur eftir þessari yfirlýsingu að dæma hafa verið furðu sinnulausir og áhugalausir um betri rekstur atvinnulífsins í þessi 15 ár, og gefur þessi yfirlýsing þeirra út af fyrir sig tilefni til þess að taka til athugunar, hvort það sé yfirleitt rétt, að þjóðarbúið feli slíkum mönnum áfram forustu í atvinnulífi þjóðarinnar með lánveitingum og annarri aðstöðu, er þjóðin hefur veitt þeim. — Hins vegar gegnir þarna nokkuð öðru máli með þá atvinnurekendur, er standa á eigin fótum og ekki hafa sótt til þjóðarbúsins fé og fríðindi til atvinnurekstrar síns, og er ekki um þá rætt í þessari tillögu.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er nú eitt mesta fyrirtæki landsins, hefur tugi eða hundruð milljóna í veltu sem eins konar lánsfé frá sjávarútveginum og frá

bönkum ríkisins. Það er því rétt að gera nokkra rannsókn á vissum þáttum í rekstri og fjárhagsástandi þess fyrirtækis, til þess að alþjóð geti gengið úr skugga um, hvernig voldugustu atvinnurekendur þjóðarinnar ráðstafa og stjórna því fé, sem þeim er trúað fyrir.

Þegar við liggur, að allt atvinnulíf landsmanna stöðvist vegna hótana stóratvinnurekenda, er nauðsynlegt, að raunverulegt ástand atvinnurekstrarins sé dregið fram í dagsljósið.

Vissulega ber ekki að láta staðar numið við að athuga fjármálaástand Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og skuldir meðlima Vinnuveitendasambands Íslands við ríkið og banka þess. Það mætti alveg sérstaklega athuga, hvern gróða hernámsfyrirtækin hafa haft á undanförnum árum, jafnvel hvort þau hafi skilað öllum gjaldeyri, o. fl.

En rannsókn sú, sem hér er lögð til að framkvæmd sé, er brýn nauðsyn að gerð sé nú þegar með tilliti til þess hættulega ástands, sem nú er að skapast í landinu.

Nd. 269. Frumvarp til laga [152. mál]

um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í.

2. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis.

Lánstíma skal miða við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna. Hámarkslánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán út á vélar 10 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því að hún varð til.

3. gr.

Telji stjórn stofnlánadeildarinnar, að fengnum tillögum frá viðskiptabanka umsækjanda, þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda, áður en unnt verði að afgreiða lánbeiðni frá honum, getur hún tikynnt það skiptaráðanda, og er þá hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsumsókn hefur verið afgreidd, þó aldrei lengur en til 31. desember 1961. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta á því tímabili.

Frá því stofnlánadeild hefur sent ofangreinda tilkynningu til skiptaráðanda og þar til lánsumsókn hefur verið afgreidd, þó ekki lengur en til 31. desember 1961, má lánbeiðandi ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

4. gr.

Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu háðar ákvæðum laga nr. 41/1946, þó ekki ákvæðum 3.—11. greinar.

Í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með bankamál, gefur út að fengnum tillögum stjórnar stofnlánadeildarinnar, skal setja nánari reglur um lánskjör og önnur atriði, eftir því sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að sjávarútvegurinn eigi nú við að etja rekstrarfjárörðugleika, er einkum stafi af því, að fyrirtæki hafi á undanförnum árum ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma vegna þeirra framkvæmda, sem þau hafi ráðizt í. Um leið og vertíð hefst sé því nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að allmiklu af skuldum sjávarútvegsins til skamms tíma verði breytt í löng lán. Ríkisstjórnin telur því brýna nauðsyn bera til, að stofnlánadeild sjávarútvegsins verði nú þegar heimilað að opna nýja lánaflokka, er geri henni kleift að vinna að lausn þessara mála. Jafnframt er nauðsynlegt, að ákvæði séu sett um heimild til tímabundinnar innheimtustöðvunar, sem grípa megi til, ef á þarf að halda, til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun á meðan verið er að athuga fjárhag fyrirtækja, sem sækja um lán.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja viðbótarlög um stofnlánadeild sjávarútvegsins, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í.

2. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis.

Lánstíma skal miða við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna. Hámarkslánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán út á vélar 10 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því að hún varð til.

3. gr.

Telji stjórn stofnlánadeildarinnar, að fengnum tillögum frá viðskiptabanka umsækjanda, þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda, áður en unnt verði að afgreiða lánbeiðni frá honum, getur hún tikynnt það skiptaráðanda, og er þá hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsumsókn hefur verið afgreidd, þó aldrei lengur en til 31. desember 1961. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta á því tímabili.

Frá því stofnlánadeild hefur sent ofangreinda tilkynningu til skiptaráðanda og þar til lánsumsókn hefur verið afgreidd, þó ekki lengur en til 31. desember 1961, má lánbeiðandi ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

4. gr.

Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu háðar ákvæðum laga nr. 41/1946, þó ekki ákvæðum 3.—11. greinar.

Í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með bankamál, gefur út að fengnum tillögum stjórnar stofnlánadeildarinnar, skal setja nánari reglur um lánskjör og önnur atriði, eftir því sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 270. Tillaga til þingsályktunar [153. mál]

um vaxtakjör atvinnuveganna.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afla upplýsinga um vaxtakjör atvinnuveganna hjá þeim þjóðum, sem Íslendingar keppa við á erlendum mörkuðum, og að vinna síðan að því, að vaxtakjör íslenzkra atvinnuvega verði ekki lakari en vaxtakjör hliðstæðra atvinnuvega hjá framangreindum þjóðum.

Greinargerð.

Það er undirstaða að öruggri afkomu þjóðarinnar, að atvinnuvegir hennar séu samkeppnisfærir við atvinnuvegi annarra þjóða. Hið opinbera verður að gera allt, sem stendur í valdi þess, til þess að svo megi vera. Í þeim efnum er það ekki sízt þýðingarmikið, að atvinnuvegirnir búi við ekki lakari vaxtakjör en tíðkast annars staðar. Mikið skortir nú á, að svo sé. Til dæmis um þetta má geta þess, að Haraldur Böðvarsson útgerðarmaður á Akranesi skýrði frá því í Morgunblaðinu á

s. l. hausti, að fjögur fyrirtæki, sem fást við útgerð og skyldan rekstur á Akranesi, mundu greiða 8 millj. kr. í vexti á árinu 1960. Norsk sjávarútvegsfyrirtæki, sem hefðu svipað lánsfé undir höndum, munu hins vegar þurfa að greiða af því í mesta lagi 2—2.5 millj. kr. í árlega vexti.

Það gefur auga leið, að slík aðstaða í vaxtamálum gerir íslenzka atvinnuvegi ósamkeppnishæfa. Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstjórnin kynni sér vaxtakjör atvinnuveganna hjá þeim þjóðum, sem helzt keppa við okkur, og vinni síðan að því, að vaxtakjör atvinnuveganna verði ekki lakari hér en hjá umræddum þjóðum.

Sþ. 271. Fyrirspurnir. [154. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun 6 milljón dollara framlags frá Bandaríkjunum.

Frá Eysteini Jónssyni.

Til hvers er ætlunin að verja mótvirði þeirra 6 milljón dollara, sem Bandaríkjastjórn lætur Íslandi í té samkvæmt tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 30. des. 1960?

II. Til ríkisstjórnarinnar um viðræður varðandi lán til framkvæmda.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvaða framkvæmdir eru það, sem ríkisstjórnin hefur hafið umræður um við erlendar fjármálastofnanir samkvæmt því, sem að var vikið í nýársræðu forsætisráðherra?

III. Til ríkisstjórnarinnar varðandi ráðstöfun 6 milljón dollara lánsins frá Bandaríkjunum.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hverju hefur ríkisstjórnin ráðstafað af 6 milljón dollara bandaríska láninu fram yfir það, sem heimilað er í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959?
2. Hve miklu mun lánið nema samtals í íslenzkum krónum?

Sþ. 272. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um rannsókn á hagkvæmni aukinnar ákvæðisvinnu.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði og samvinnu við samtök launþega og vinnuveitenda fram fara rannsókn á, hvort ekki sé hagkvæmt að koma á aukinni ákvæðisvinnu í hinum ýmsu starfsgreinum í þjóðfélaginu, m. a. með hliðsjón af reynslu nágrannaþjóða okkar í þeim efnum.

Leiði rannsóknin í ljós, að aukin ákvæðisvinna sé þjóðhagslega æskileg, heimilar Alþingi ríkisstjórninni að veita nauðsynlegum undirbúningi þar að lútandi alla aðstoð og fyrirgreiðslu í samráði og samstarfi við fyrrgreinda aðila.

Greinargerð.

Í allmörg ár hefur sá háttur verið á hafður í nokkrum starfsgreinum, að vinnulaun hafa verið greidd samkvæmt umsömdum ákvæðisvinnuverðskrám. Sérstaklega hafa þessar kaupgreiðsluaðferðir verið reyndar í byggingariðnaðinum, og mun þar um lengsta reynslu í þessum efnum að ræða. Auk byggingariðnaðarins hefur þessi aðferð einnig nokkuð verið reynd í fiskiðnaðinum við ýmis störf í hraðfrystihúsunum hjá verkakonum og körlum, án þess að sérstök ákvæði séu þar um í kjarasamningum, nema hjá verkakonum í fiskþvotti og síldarsöltun. Á nokkuð sérstakan hátt má einnig segja, að megingrundvöllur launakjara á fiskiskipaflotanum byggist á launum miðað við afköst, þó að aflinn takmarki þar afkastamöguleika.

Verkalýðsfélög þeirra starfsgreina, sem náð hafa kjarasamningum um ákvæðisvinnu, mundu telja það stórlega skerðingu kjara sinna og samningsréttar, ef aðför yrði gerð að þessum ákvæðum kjarasamninga þeirra. — Meðlimum vinnuveitendasamtakanna hefur í æ ríkara mæli skilizt, að þessi háttur á kaupgreiðslu er öruggari í sambandi við áætlanir í þeirra starfi, þannig að fyrir fram gefast meiri möguleikar á því að segja til um kostnað viðkomandi verks. Jafnframt verður hver einstakur verkamaður, iðnlærður og óiðnlærður, ábyrgari, en um leið frjálsari í sínu starfi. Af framansögðu er ljóst, að ákvæðisvinna á mikinn hljómgrunn hér á landi.

Með nágrannaþjóðum okkar hefur ákvæðisvinnufyrirkomulagið átt að fagna vaxandi athygli beggja aðila, verkalýðssamtaka og vinnuveitenda, með þeim árangri, að í stórauknum fjölda starfsgreina er nú unnið að því að koma þessu breytta skipulagi á.

Með hliðsjón af framansögðu virðist eðlilegt, að hér á landi verði rannsakaðir möguleikar á því að koma á ákvæðisvinnu við hin ýmsu störf, sem unnin eru í landinu. Með það í huga er þingsályktunartillaga þessi flutt.

Leiði fyrrgreind rannsókn í ljós, að æskilegt sé frá sjónarmiði hlutaðeigandi aðila, að ákvæðisvinna geti talizt hagkvæmari í fleiri eða færri starfsgreinum, þá er ríkisstjórninni heimilað í samráði við samtök launþega og vinnuveitenda að veita alla aðstoð til sannprófana í þessum efnum.

Rannsókn og prófanir slíkra mála sem hér um ræðir gætu orðið allumfangsmiklar, enda má ekkert til þess spara, að niðurstöður verði ekki vefengdar og að raunhæfar niðurstöður skapist.

Ed. 273. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. jan. 1961.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Magnús Jónsson.	

Nd. 274. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í fyrirsögnum og meginmáli laganna skal hvarvetna í stað orðsins „kapítuli“ koma orðið: **kafli.**

2. gr.

1. Fyrirsögn I. kafla verði: Gildissvið laganna o. fl.
2. 1.—3. gr. falli niður.
3. 1. gr. orðist svo:

Lög þessi gilda um öll skip, sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þegar athafnir íslenzks framkvæmdarvalds eða dómsvalds taka til erlendra skipa, skal einnig beita ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.

3. gr.

Í öðrum kapítula, með fyrirsögninni: Um réttindi yfir skipum, breytast greinar þannig:

1. 5. gr. (sem verður 3. gr.) orðist svo:

Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir að stærð eða meira, skal farið eftir reglum um fasteignir, eftir því sem við verður komið.

2. 6.—8. gr. falli niður.
3. 9. gr. (sem verður 4. gr.) orðist svo:

Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir. Áður en skráningarstjóri tekur hið nýja nafn á skipaskrá, skal hann senda dómara þeim, sem þinglýsingar annast, tilkynningu um nafnbreytinguna.

Nú er skip flutt milli skráningarumdæma, og skal þá skráningarstjóri í því umdæmi, sem skip var skrásett í, sjá um, að skráningarstjóranum í því umdæmi, sem skipið er flutt í, séu send eftirrit af öllum þinglesnum eignarhaftaskjölum, sem skipið varða, en hann skal þegar afhenda dómara þau til þinglýsingar, og má ekki skrásetja skipið, fyrr en það hefur verið gert. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

4. 10. gr. (sem verður 5. gr.) orðist svo:

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hér á landi, halda gildi sínu, ef skjöl um þau eru afhent dómara til þinglýsingar innan 3 mánaða frá bráðabirgðaskráningu skipsins í íslenzka skipaskrá eða frá fullnaðarskrásetningu þess, ef það var ekki skrásett til bráðabirgða.

5. 11. gr. (sem verður 6. gr.) orðist svo:

Nú missir skip rétt til að sigla undir íslenzkum fána eða er af öðrum ástæðum fellt úr skipaskrá, og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er fellt úr skrá yfir íslenzk skip.

4. gr.

Í þriðja kapítula, með fyrirsögninni: Um útgerð skipa, breytast þessar greinar:

1. Síðari mgr. 12. gr. (sem verður 7. gr.) falli niður.
2. 13. gr. (sem verður 8. gr.) orðist svo:

Útgerðarmaður ber ábyrgð á tjóni, sem skipstjóri, skipshöfn, hafnsögumaður eða aðrir, sem vinna í þágu skips, hafa valdið í starfi sínu með yfirsjónum eða vanrækslu. Ábyrgðin er takmörkuð samkvæmt ákvæðum IX. kafla.

Nú greiðir útgerðarmaður fé af þessum sökum, og bæti honum aftur sá, er tjóni olli.

3. Í 20. gr. (sem verður 15. gr.). Fyrir orðin „áður mánuður sé liðinn“ komi: áður 3 mánuðir séu liðnir.
4. Í 22. gr. (sem verður 17. gr.). Fyrir orðin „11. kapítula“ komi: X. kafla.
5. Í 25. gr. (sem verður 20. gr.). Fyrir „26. gr.“ á tveimur stöðum komi: 21. gr.
6. Síðari málsliður 2. mgr. 26. gr. (sem verður 21. gr.) orðist svo:

Ábyrgjast skal hann, unz eigendaskipti hafa verið tilkynnt skráningarstjóra, skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigendaskiptin, ef þeir menn vissu þau ekki.

7. Í 2. tölulið 27. gr. (sem verður 22. gr.). Fyrir „19. gr.“ komi: 14. gr.

5. gr.

Í fjórða kapítula, með fyrirsögninni: Um skipstjóra, breytast þessar greinar:

1. 31. gr. (sem verður 25. gr.).
   a. Í 1. mgr.: Fyrir orðið „kol“ komi: eldsneyti.
   b. Í 3. mgr.: Fyrir orðið „Konungur“ komi: Ráðherra.
2. 33. gr. (sem verður 27. gr.) orðist svo:

   Skipstjóra er óheimilt án leyfis útgerðarmanns að taka í skip söluvarning sinn eða annarra. Brjóti hann bann þetta, skal hann greiða útgerðarmanni farmgjald og bæta honum tjón.
3. 35. gr. (sem verður 29. gr.).
   a. Upphaf 2. málsliðs orðist svo:
      Verði ákvæðis útgerðarmanns eða umboðsmanns hans ekki beðið að skaðlausu, o. s. frv.
   b. Í sama málslið: Fyrir orðið „konsúls“ komi: ræðismanns.
   c. Í 3. málslið: Fyrir orðið „konsúll“ komi: ræðismaður.
4. 2. málsliður 36. gr. (verður 30. gr.) orðist svo:

   Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af réttri leið á ferð þess né tefja það á annan hátt, nema honum sé skylt að bjarga mönnum eða skipi úr sjávarháska, sbr. 4. gr. laga nr. 56 23. júní 1932.
5. 39. gr. (sem verður 33. gr.) orðist svo:

   Skylt er skipstjóra að veita viðtöku íslenzkum farmönnum, sem ræðismönnum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eða til annarrar hafnar, sem skip fer til í þeirri ferð, fyrir fargjald, sem ráðherra ákveður.
6. 40. gr. (sem verður 34. gr.).
   a. Í 2. málslið: Fyrir orðin „tonn að rúmmáli“ komi: rúmlestir.
   b. Í 3. málslið: Fyrir orðið „Gufuskip“ komi: Vélskip.
   c. Í 4. málslið: Fyrir orðið „Konungur“ komi: Ráðherra.
7. Í 6. mgr. 42. gr. (sem verður 36. gr.).
   a. Fyrir orðið „kolabirgðum“ komi: eldneytisforða.
   b. Fyrir orðið „kolaeyðslu“ komi: eyðslu á eldsneyti.
8. 43. gr. (sem verður 37. gr.).
   a. Í 2. málslið 2. mgr.: Fyrir „(47. gr.)“ komi: 41. gr.
   b. Í sama málslið: Fyrir orðin „danskur konsúll“ komi: íslenzkur ræðismaður.
   c. Í 3. mgr.: Fyrir orðin „með konunglegri tilskipun“ komi: í reglugerð.
9. 45. gr. (sem verður 39. gr.).
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Nú gerist einhver atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við, svo að nokkru nemi,

eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðarskýrslu. Svo er og, ef maður slasast eða ferst voveiflega af skipi eða skipið veldur tjóni á öðrum skipum eða mannvirkjum.

b. 3.—6. mgr. orðist svo:

Utanlands skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, gefa sjóferðarskýrslu því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, eða íslenzkum ræðismanni, ef ríkisstjórnin hefur fengið honum vald til að taka við slíkum skýrslum.

Ef sjóferðarskýrsla er gefin erlendu yfirvaldi og íslenzkur ræðismaður er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið viðstaddur þinghaldið og annazt um, að sjóferðarskýrslan sé sem gleggst og fyllst.

Ræðismaður sendir utanríkisráðuneytinu skýrslu um það, sem fram hefur farið, hvort heldur hann hefur sjálfur tekið við sjóferðarskýrslunni eða átt þess kost að vera viðstaddur þinghald. Skýrsluna skal síðan senda ráðuneyti því, sem fer með siglingamál.

Öll þau fyrirmæli, sem þessi grein og 35., 37. og 38. gr. gefa um leiðarbók, gilda og um dagbók skips.

10. 54. gr. (sem verður 44. gr.) orðist svo:

Nú er fjár vant til framkvæmdar einhverju því, sem í 43. gr. getur, og er skipstjóra þá heimilt að taka til þess fé að láni eða selja góss útgerðarmanns og jafnvel, ef í nauðir rekur, að selja af farmi. Þó að löggerningsins hafi ekki verið þörf, bindur hann allt að einu útgerðarmann, ef viðsemjari var grandlaus.

11. 55. og 56. gr. falli niður.

12. Í 57. gr. (sem verður 45. gr.). Orðin „aðeins í ítrustu nauðsyn má hann selja af farmi“ falli niður.

13. 59. gr. (sem verður 47. gr.) orðist svo:

Skipstjóri hefur samkvæmt stöðu sinni umboð til að gera löggerninga og sækja mál fyrir hönd farmeiganda eftir samsvarandi reglum og í 83. gr. segir um farmflytjanda.

14. 60.—62. gr. falli niður.

15. 64. gr. (sem verður 49. gr.) orðist svo:

Tjón það, sem skipstjóri veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, er honum skylt að bæta. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með tilliti til þess, hversu mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipstjóra og annarra atvika.

16. 66. gr. (sem verður 51. gr.) orðist svo:

Nú á skipstjóri meira en hálft skip, og getur þá dómari sett hann af, ef hluthafi krefst og nægar sakir eru til.

17. 74. gr. falli niður.

6. gr.

Í stað sjötta kapítula komi nýr kafli með breyttum ákvæðum, sem verður V. kafli með fyrirsögninni: Um flutningssamninga, svo hljóðandi:

1. (52. gr.). Ef ekki er sérstaklega mælt á annan veg, skal því aðeins beita ákvæðum þessa kafla um farmsamninga, að ekki leiði annað af löggerningnum sjálfum eða venju.
2. (53. gr.). Farmflytjandi skal sjá um, að skip sé haffært, nægilega mannað, birgt af vistum og búnaði og í heild sinni í hæfu ástandi.
3. (54. gr.). Ef tiltekið skip er greint í samningi eða tilkynningu í sambandi við hann, er farmflytjanda óheimilt að nota annað skip til efnda á samningnum.
4. (55. gr.). Nú er samið um heilt skip eða fullfermi, og er farmflytjanda þá óheimilt að flytja með því skipi vöru fyrir aðra menn en farmsamningshafa.
5. (56. gr.). Nú framselur farmsamningshafi rétt sinn samkvæmt samningnum

eða semur við aðra menn um flutning fyrir þá, og ábyrgist hann eigi að síður efndir samningsins.

6. (57. gr.). Ákvæði um farmsamninga, sem gerðir eru um tilteknar ferðir skips, taka til þess, er samið er um heilt skip, hluta af skipi eða sendingu stykkjagóss.

7. (58. gr.). Ef ekki er áskilinn í samningi sérstakur fermingarstaður í höfn, skal skip liggja þar sem farmsamningshafi vísar til, enda sé þar ekki tálmun fyrir, skip liggi þar á floti, því sé þar óhætt og komist þaðan hlaðið tálmunarlaust.

   Nú hefur ekki verið vísað á tiltekinn stað í tæka tíð, og skal þá velja skipi almennan fermingarstað. Ef það er ekki unnt, skal skip liggja þar, sem hæfilegt má telja að ferming geti farið fram.

8. (59. gr.). Farmsamningshafi hefur rétt til að fá skip flutt milli fermingarstaða innan hafnar, hvort sem tiltekinn fermingarstaður hefur verið áskilinn eða ekki, en bera skal hann kostnað af því.

9. (60. gr.). Þegar samið er um flutning á stykkjagóssi, hefur farmsamningshafi ekki rétt til að vísa á fermingarstað né að fá skip flutt milli fermingarstaða, nema slíkt leiði af samningsákvæði eða venju.

   Sjóveðréttur fyrir launakröfum og þóknunar samkvæmt 2. tölulið 216. gr. og bótakröfum fyrir eignir skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys, sbr. síðasta málslið 4. töluliðs 216. gr., skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er þá vátryggingarsala óheimilt að láta vátryggingarféð af höndum, fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá því, að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með lögmætri skoðunargerð. Sjóveðréttur nær ekki til vátryggingarfjár í öðrum tilfellum en hér var greint.

3. (218. gr.). Sjóveðréttur í skipi og farmgjaldi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum, sem á eignum þessum hvíla. Sjóveðréttur samkvæmt 6. tölulið 216. gr. víkur þó fyrir samningsveði í skipi.

   Kröfum þeim, sem taldar eru í 216. gr., skal fullnægja eftir þeirri röð töluliða, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar í sömu ferð. Kröfur taldar í sama tölulið eru jafnréttháar sín á milli, en þó svo, að stafi kröfur í 3. og 5. tölulið ekki af sama atburði, gengur yngri krafa fyrir eldri.

   Nú stafa kröfurnar af ýmsum ferðum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari ferð stafar, fyrir hverri kröfu af eldri ferðum. Að því er tekur til sjóveðréttinda eftir 6. tölulið 216. gr. gildir þetta þó aðeins í sambandi þeirra á

milli. Kröfur samkvæmt starfssamningi, sem nær til fleiri en einnar ferðar, hafa allar sama rétt og kröfur frá síðustu ferð.

4. (219. gr.). Sjóveðréttur í skipi fellur niður, ef það er selt á nauðungaruppboði. Svo skal og vera, ef skip er selt, eftir að það hefur á lögmætan hátt verið dæmt óbætandi, og skal þá beita ákvæðum 220. gr., eftir því sem við á.

   Sjóveðréttur í skipi helzt, þó að eigendaskipti verði að því með öðrum hætti.

5. (220. gr.). Nú fer fram nauðungarsala á skipi eða annarri eign, sem sjóveð hvílir á, og eiga sjóveðhafar þá heimtingu á að fá kröfur sínar greiddar af söluandvirði, miðað við fulla fjárhæð þeirra, en þó ekki fram yfir það, sem reglur um takmarkaða ábyrgð segja til um.

6. (221. gr.). Sjóveð í farmgjaldi, skaðabótakröfu eða sjótjónsframlagi vegna tjóns á skipi eða farmgjaldsmissis svo og björgunarlaunum helzt, meðan greiðsla hefur ekki farið fram til útgerðarmanns eða féð er enn í höndum skipstjóra eða umboðsmanns útgerðarmannsins.

   Nú hefur greiðsla farið fram til þrotabús útgerðarmanns, og skal þá nota það fé til lúkningar kröfum, sem sjóveðrétt áttu í kröfu þeirri, sem greidd var búinu.

7. (222. gr.). Nú fellur sjóveðréttur niður við það, að fé, sem krafa var tryggð með, er greitt útgerðarmanni, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fé hrekkur, sem hann tók við, ef hann var þar ekki í sjálfsskuld áður.

   Beita skal ákvæðum 213. gr., eftir því sem við á.

8. (223. gr.). Nú verður skip við frjálst afsal eign manns, sem ekki getur átt íslenzkt skip, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim sjóveðréttarkröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfsskuldarmaður, þó að svo hafi ekki áður verið. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum, þegar það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins.

   Beita skal ákvæðum 213. gr., eftir því sem við á.

9. (224. gr.). Beita skal ákvæðum um sjóveðrétt, eftir því sem við á, þegar vara er flutt samkvæmt bakfarmsamningi, svo og þegar annar maður en eigandi skips hefur skip í förum á sinn kostnað, enda hafi hann ekki komizt að því með óráðvandlegu atferli, sem kröfuhafa er kunnugt um.

10. (225. gr.). Þessar kröfur eiga sjóveðrétt í farmi:
    1. Björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns svo og kostnaðar, sem jafnað er niður samkvæmt 117. eða 194. gr.
    2. Kröfur, sem stafa af ráðstöfunum eða skuldbindingum, er farmflytjandi eða skipstjóri samkvæmt stöðuumboði sínu hafa gert fyrir hönd farmeiganda, svo og endurgjaldskröfur þeirra, ef þeir hafa lagt fram fé til lúkningar kostnaði á farmi. Enn fremur bótakröfur farmeigenda fyrir vöru, sem seld var í þágu annarra farmeigenda.
    3. Kröfur til farmgjalds, bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, sem af því stafar, að vara er færð í land úr skipi í fermingarhöfn eða meðan á ferð stendur, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og aðra töf við fermingu eða affermingu eða í ferð skipsins.

    Sjóveð í farmi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum, sem á farmi hvíla, að undanskildum opinberum gjöldum.

    Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær eru taldar í 1. mgr. Kröfur í sama tölulið eru jafnréttháar, og þó því aðeins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama atburði, ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

11. (226. gr.). Sjóveðréttur í farmi fellur niður, þegar vara hefur verið afhent. Svo er og, ef varan er seld á nauðungaruppboði eða á ferð í þágu skips eða farms, en í stað þess á kröfuhafi þá veðrétt í söluverði, meðan það er ekki látið af hendi.

12. (227. gr.). Sjóveðréttur í farmi nær og til kröfu farmeiganda til skaðabóta eða sjótjónsframlags vegna missis farms eða tjóns á honum. Sama gildir um bótakröfu vegna sölu farms í þágu skips eða annars farmeiganda.
    Sjóveðréttur í farmi nær ekki til vátryggingarfjár.
13. (228. gr.). Um sjóveð í söluverði farms og í kröfu til skaðabóta eða sjótjónsframlags skal beita ákvæðum 221. og 222. gr., eftir því sem við á.
14. (229. gr.). Ef skipstjóri afhendir vöru, sem sjóveð hvílir á, án leyfis kröfuhafa, ábyrgist skipstjóri honum greiðslu á kröfunni, en þó ekki fram yfir það, sem skipstjóri getur sannað að verð vöru hafi numið við afhendingu. Sama gildir um viðtakanda, ef hann vissi um sjóveðið, þegar hann tók við vörunni, enda hafi hann ekki verið þar í sjálfsskuld áður. Beita skal ákvæðum 213. gr., eftir því sem við á.
15. (230. gr.). Ef kröfuhafi hefur fleiri veð en eitt fyrir kröfu sinni, er honum heimilt að ganga að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfunni.
    Nú hefur hann leitað sér í einu veðinu lúkningar á meira fé en koma mundi á það veð að réttri tiltölu, og getur þá sá eigandi, sem tjón bíður, svo og sá sjóveðhafi, sem veð sitt fékk svo rýrt, að ekki hrekkur til lúkningar kröfu hans, gengið að hinum öðrum veðum með sama rétti og fyrrgreindur kröfuhafi átti.
16. (231. gr.). Sjálfráður er kröfuhafi að höfða mál, hvort er hann vill heldur á hendur útgerðarmanni eða skipstjóra, til fullnægingar á kröfu, sem sjóveð er fyrir í skipi eða farmgjaldi.
    Höfða má mál á hendur skipstjóra til fullnægingar kröfu með sjóveði í farmi. Þetta tekur þó ekki til útgerðarmanns né annars manns, sem gerir skipið út á sjálfs sín kostnað.
17. (232. gr.). Sjóveðréttur fyrnist, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim, sem sjótjóni jafna niður (sbr. 189. gr.), ef krafa varðar sjótjónið, innan þeirra tímamarka, sem hér segir:
    1. Fyrir kröfu um björgunarlaun: innan eins árs frá því, er björgunarstarfi lauk.
    2. Fyrir skaðabótakröfu vegna tjóns af árekstri eða öðru slysi og fyrir bótakröfu vegna lífs- eða líkamstjóns: innan eins árs frá því, er tjón bar að höndum.
    3. Fyrir skaðabótakröfu út af því, að farmur eða farangur farþega hefur spillzt eða glatazt, eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því, að vöru var skilað eða henni bar að skila.
    4. Fyrir kröfu, sem af því er risin, að skipstjóra hafa verið látnar í té skipsnauðsynjar, samkvæmt því er segir í 5. tölulið 216. gr.: innan 6 mánaða frá því, er krafa stofnaðist.
    5. Fyrir kröfum, sem stafa af öðrum ráðstöfunum eða skuldbindingum skipstjóra samkvæmt 5. tölulið 216. gr. eða 2. tölulið 225. gr.: innan eins árs frá því, er krafa stofnaðist.
    6. Fyrir öðrum kröfum: innan eins árs frá því, er krafan féll í gjalddaga.

    Þegar frestur er ákveðinn eftir 6. tölulið, skal launakrafa eða þóknunar samkvæmt starfssamningi ekki teljast í gjalddaga fallin vegna þess eins, að kröfuhafi átti rétt til greiðslu fyrir fram að einhverju leyti eða til afborgana.
    Þegar mál er rekið fyrir íslenzkum dómstóli, skal ávallt farið eftir íslenzkum lögum um það, hverjar athafnir rifta fyrningu.
18. (233. gr.). Kröfur þær, er hér verða taldar, falla niður vegna fyrningar, ef þeim er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim, sem sjótjóni jafna niður (sbr. 189. gr.), ef krafa varðar sjótjónið, innan þeirra tímamarka, sem hér segir:
    1. Krafa um björgunarlaun: innan tveggja ára frá því, er björgunarstarfi lauk.
    2. Skaðabótakrafa út af árekstri eða sjóslysi, sem greint er í 198. gr.: innan

tveggja ára frá því, að atburður sá gerðist, sem tjóni olli, og farmkrafa samkvæmt 3. mgr. 195. gr.: innan eins árs frá því, að greiðsla fór fram.
3. Skaðabótakrafa út af því, að farmur eða farangur farþega hefur spillzt eða glatazt, eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því, að vöru var skilað eða henni bar að skila.
4. Krafa um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður samkvæmt 117. gr. og 2. mgr. 194. gr.: innan eins árs frá dagsetningu niðurjöfnunargerðar.
5. Krafa, sem sætir takmarkaðri ábyrgð og ekki telst til 1.—4. töluliðar hér að framan: innan þriggja ára frá því, að hún féll í gjalddaga.
6. Krafa á hendur þeim, sem orðið hefur persónulega ábyrgur samkvæmt ákvæðum 222., 223., 228. eða 229. gr., fyrnist á sama tíma og sjóveðrétturinn.

Beita skal ákvæðum 3. mgr. 232. gr., eftir því sem við á. Aðrar kröfur fyrnast eftir almennum reglum.

13. gr.

Í stað tólfta kapítula komi nýr kafli með breyttum ákvæðum, sem verður XI. kafli og hefur fyrirsögnina: Um refsingar og önnur viðurlög, svo hljóðandi:

1. (234. gr.). Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eitt eintak af lögum þessum og reglugerðum og öðrum opinberum fyrirmælum samkvæmt þeim, varðar það sektum.
2. (235. gr.). Vanræki skipstjóri, stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður skráningu í bækur, sem skylt er að halda, varðveizlu þeirra eða sýningu, varðar það sektum eða varðhaldi.
3. (236. gr.). Ef skipstjóri brýtur gegn skyldum samkvæmt 33. gr. um flutning farmanna, sæti hann sektum.
4. (237. gr.). Vanræki skipstjóri að gefa sjóferðarskýrslu, þegar honum er það skylt samkvæmt 39. gr., varðar það sektum.
5. (238. gr.). Ef skipstjóri vanrækir að gegna þeim skyldum, sem um ræðir í 197. og 198. gr., þegar árekstur eða svipað slys ber að höndum, varðar það sektum eða varðhaldi.
6. (239. gr.). Ef skipstjóri hefur orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, enda liggi ekki þyngri refsing við brotinu eftir öðrum lögum.

   Þegar um stórfellt eða ítrekað brot er að ræða, má svipta skipstjóra rétti til að gegna skipstjórnarstörfum sem skipstjóri eða stýrimaður um ákveðinn tíma, sem ekki sé skemmri en 3 mánuðir, eða að fullu og öllu. Nú hefur skipstjóri verið sviptur skipstjórnarréttindum um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, þegar 3 ár eru liðin frá sviptingunni, veitt honum réttindin að nýju, enda hafi áður verið leitað álits ráðuneytis þess, sem fer með siglingamálefni, og það lýst sig því samþykkt.

   Svipting skipstjórnarréttinda skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti. Nú telur lögreglustjóri, að skipstjóri hafi unnið til réttindasviptingar, og skal hann þá svipta hann skipstjórnarréttindum til bráðabirgða. Réttindasviptingu skal tilkynna skráningarstjóra.
7. (240. gr.). Stórfelld eða endurtekin brot skipstjóra gegn öðrum skyldum samkvæmt lögum þessum en þeim, sem ákvæði 234.—239. gr. taka til, varða sektum eða varðhaldi.
8. (241. gr.). Ákvæði þessa kafla taka einnig til manna, sem gegna starfi skipstjóra í hans stað.
9. (242. gr.). Áður en ráðin er ákæra vegna brota, sem um ræðir í 239. gr., skal leita álits ráðuneytis þess, sem fer með siglingamálefni.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi ..... Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 69 28. nóv. 1919, lög nr. 40 19. maí 1930, 2.—7. gr., og lög nr. 30 1. febr. 1936.

15. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt 1. gr. laga nr. 40 19. maí 1930, inn í siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt af sjávarútvegsnefnd á Alþingi árið 1958 að beiðni samgöngumálaráðherra, en varð þá ekki útrætt.

Frumvarpið er nú flutt á ný eftir beiðni samgöngumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

Árið 1948 fól þáverandi samgöngumálaráðherra, Emil Jónsson, þeim Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara, Gunnari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, Guðbjarti Ólafssyni hafnsögumanni og Sigurjóni Á. Ólafssyni alþingismanni að endurskoða siglingalögin, og var Þórður Eyjólfsson skipaður formaður nefndarinnar. Hóf nefndin störf sín með því að afla sér margvíslegra gagna, m. a. um siglingalöggjöf ýmissa erlendra þjóða, og taka þau til athugunar. Kom þá í ljós, að nýlega höfðu verið skipaðar nefndir í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð til að endurskoða tiltekin atriði í siglingalöggjöf þessara þjóða, og var gert ráð fyrir, að sú endurskoðun yrði víðtæk, áður lyki. Skyldu nefndirnar hafa samráð sín á milli um starfið, svo að haldizt gæti samræmi það, sem um langan tíma hafði ríkt í siglingalöggjöf Norðurlanda. Af hálfu íslenzku ríkisstjórnarinnar þótti ekki ástæða til, að íslenzka nefndin hefði beint samstarf við hinar norrænu nefndirnar, svo sem með því að sækja sameiginlegar ráðstefnur þeirra. Hins vegar taldi nefndin rétt að bíða og sjá, hverju fram yndi um störf hinna erlendu nefnda, enda talið sjálfsagt, að íslenzka siglingalöggjöfin yrði ekki slitin úr tengslum við aðra norræna siglingalöggjöf. Af þessum sökum og fleiri ástæðum, er síðar komu til, lágu störf nefndarinnar niðri um allmörg ár, og á þeim tíma bar að fráfall Sigurjóns Á. Ólafssonar. Störf fyrrgreindra nefnda á Norðurlöndum leiddu til þess, að breytt var ýmsum atriðum í sjómannalögum þessara landa, en á siglingalögum þeirra hafa ekki verið gerðar breytingar, frá því að nefndin var skipuð. Hóf nefndin síðan starf að nýju, og hefur hún unnið að samningu frumvarps þessa og gengið frá því, eins og það liggur hér fyrir.

Frá því á síðara hluta 19. aldar hafa ýmsar þjóðir haft með sér samstarf um samræmingu siglingalöggjafar. Siglingar eru svo alþjóðleg starfsemi, einkum að því er tekur til kaupskipa, að oft veldur óhagræði, þegar réttarreglur um þær eru mjög mismunandi í þeim löndum, sem mest samskipti hafa sín á milli á því sviði. Nokkru fyrir síðustu aldamót settu Norðurlandaríkin Danmörk, Noregur og Svíþjóð sér siglingalög, sem sameiginleg nefnd frá þessum löndum hafði undirbúið, enda höfðu lögin sams konar ákvæði að geyma í öllum meginatriðum. Íslenzku siglingalögin, nr. 56 30. nóv. 1914, eiga rót sína að rekja til þessara norrænu laga og eru að mestu samhljóða þeim. Síðan hafa Norðurlandaþjóðirnar þrjár, sem nefndar voru, gert mikilvægar breytingar á siglingalögum sínum og þó aðallega þeim köflum þeirra, sem fjalla um skipshöfn, flutningssamninga, ábyrgð útgerðarmanna og sjóveð. Á árunum 1922 og 1923 tóku Danmörk, Noregur og Svíþjóð kaflann um skipshöfn út úr siglingalögum sínum og settu í stað hans sérstök sjómannalög, sbr. í Svíþjóð sjömanslag 15. júní 1922, í Noregi sjömannslov 16. febr. 1923 og í Danmörku sömandslov 1. maí sama ár. Með sænskum lögum 18. maí 1928, dönskum lögum

27. marz 1929 og norskum lögum 31. maí sama ár var kaflinn um sjóveð umsaminn og bætt við nýjum kafla um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna. Tilefni þessara breytinga voru tvær alþjóðasamþykktir, sem gerðar höfðu verið í Brüssel 25. ágúst 1924 og 10. apríl 1926. Þá var og kafli laganna um flutningssamninga umsaminn í heild með sænskum lögum 5. júní 1936, dönskum lögum 7. maí 1937 og norskum lögum 4. febr. 1938. Höfðu Danmörk, Noregur og Svíþjóð þá gerzt aðilar að alþjóðasamþykkt um farmskírteini, sem gerð var í Brüssel 25. ágúst 1924.

Hér á landi var kaflinn um skipshöfn tekinn til endurskoðunar og gerður að sérstökum lögum, þ. e. sjómannalögunum nr. 41 19. maí 1930. Var þá stuðzt við norrænu sjómannalögin. Við samningu þessa frumvarps hafa norrænu siglingalögin einnig verið lögð til grundvallar í öllum meginatriðum, sérstaklega að því er varðar kaflana um flutningssamninga, takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna og sjóveð. Hefur nefndin talið nauðsynlegt, að á þessu sviði, sem snertir svo mjög millilandaviðskipti, haldist samræmi í löggjöf Norðurlandaþjóða, enda hafa Norðurlandalögin hlotið mjög vandaðan undirbúning. Að öðru leyti hafa breytingar á núgildandi siglingalögum einkum verið miðaðar við að færa til nútíðarhorfs ákvæði, sem sett voru með annað fyrirkomulag fyrir augum en nú tíðkast, og eru þá jafnframt felld niður ákvæði, sem telja má úrelt eða óþörf.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Um 1. Þar sem efni I. kafla verður í aðalatriðum annað en áður var, breytist einnig fyrirsögn hans.

Um 2. Með 1. gr. laga nr. 69 28. nóv. 1919 var breytt ákvæðum 1. gr. sigll. 1914. Nú hefur efni þessarar greinar verið tekið upp í 1. gr. laga um skráning skipa, nr. 17 8. marz 1948. Ákvæði 2. gr. sigll. 1914 er óþarft, og ákvæði, sem svara til 3. gr. þeirra, eru nú í 7. og 13. gr. skráningarlaganna frá 1948. Þessar þrjár greinar sigll. eiga því að falla niður.

Um 3. Lagt er til, að tekin verði upp í þennan kafla ný grein, sem verður 1. gr. Efni 1. málsliðar er nýmæli, þ. e. að lögin taki aðeins til skráðra eða skráningarskyldra skipa. Samkvæmt 3. gr. skráningarlaganna frá 1948 eru öll skip, 6 metrar á lengd eða stærri, skráningarskyld, og þykir óþarft, að ákvæði siglingalaga taki til smærri farkosta. Ekki leiðir þó af ákvæðinu, að sérhver regla sigll. taki til sérhvers skráðs eða skráningarskylds skips, sbr. t. d. ákvæði þessa frv. í 3. gr.

Í 2. málslið er sett fram sú höfuðregla, að þegar skorið er úr málum um skip hér á landi, skuli farið eftir íslenzkum lögum. Með orðunum: eftir því sem við á, er haft í huga, að erlendum lögum kunni að verða beitt, þegar alþjóðlegar einkaréttarreglur taka til atviks. Svo ber og að hlíta reglum þjóðaréttarins, t. d. þegar herskip eiga í hlut.

4. gr. sigll. 1914 helzt óbreytt, og verður 2. gr.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um breytingar, sem gerðar eru á ákvæðum 2. kapítula sigll., um réttindi yfir skipum. Sumum efnisatriðum þessa kafla hefur nú verið skipað með öðrum lögum og sum eru orðin úrelt eða óþörf. Ýmis atriði ættu og fremur heima í þinglýsingalögum, en rétt þykir þó að láta þau haldast hér, meðan ekki hafa verið sett fullkomin þinglýsingalög.

Um 1. Ákvæði 1. mgr. 5. gr. eru látin haldast með þeirri viðbót, að þau taki einungis til skipa, sem eru 5 rúmlestir að stærð eða meira. Hæstiréttur hefur og túlkað 5. gr. með þessari takmörkun, enda er sýnt, að reglur um fasteignir geta ekki gilt um öll för, sem fljóta, hversu smá sem eru.

Með því að lagt er til, að 7. kafli sigll. um sjólán falli niður, verður ákvæði 2. mgr. óþarft, og ber því að afnema það.

Um 2. Að því er varðar 6. gr. sigll., þá eru ákvæði um þinglýsingu fjárræðissviptingar nú í 3. mgr. 11. gr. laga um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, og um skrásetningu hjónakaupmála í IX. kafla laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1922. Ákvæði, sem svara til 7. og 8. gr. sigll., eru nú í 4. og 11. gr. laga um þinglýsing skjala og aflýsing, nr. 30 7. maí 1928. Þessar þrjár greinar sigll. eiga því að falla niður.

Um 3. Um nafnbreytingu á skipi er gerð sú breyting, að fellt er burt, að samþykki veðhafa þurfi til að koma. Í 2. mgr. er og breytt ákvæðum um þinglýsingu, þegar skip er flutt milli skráningarumdæma. Ástæðulaust er að láta nokkra eyðu verða á milli þess, að skip er skrásett í hinu nýja umdæmi og að eldri þinglesin skjöl, sem skipið varða, séu þinglesin þar að nýju.

Um 4. og 5. Hér eru tekin upp óbreytt að efni ákvæði úr 10. og 11. gr. sigll.

Um 4. gr.

Á ákvæðum 3. kapítula sigll., um útgerð skipa, eru litlar breytingar gerðar.

Í 12. og 13. gr. sigll. eru almenn ákvæði um ábyrgð útgerðarmanna, hvort heldur um er að ræða einstaklinga, félög, í hverri gerð sem er, eða stofnanir. Að öðru leyti eiga ákvæði kapítulans (14.—28. gr.) við um sérstaka félagsgerð, þar sem tveir eða fleiri aðilar eiga saman eitt skip í tilteknum hlutföllum. Þó að þetta félagsform hafi nú mjög vikið fyrir hlutafélagaforminu, mun það samt tíðkast enn, og þykir því rétt að láta lagafyrirmæli um það haldast.

Um 1. Í 1. mgr. 12. gr. sigll. er almennt ákvæði um ábyrgð útgerðarmanna, sem stendur óbreytt.

Ákvæðin í 2. mgr. 12. gr., þar sem ræðir um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns, eiga hins vegar að falla burt á þessum stað. Í 11. gr. frv. eru nú heildarfyrirmæli um takmarkaða ábyrgð, og koma þau í væntanlegan IX. kafla laganna.

Um 2. 13. gr. sigll. er hér breytt til samræmis við hin nýju ákvæði í 11. gr. frv. um takmarkaða ábyrgð.

Um 3.—7. Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Ákvæði 4. kapítula sigll., um skipstjóra, eru látin haldast óbreytt í aðalatriðum.

Um 1. Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. Í 33. gr. sigll. er skipstjóra bannað að hafa söluvarning sinn eða annarra manna í skipsherbergi sínu eða í öðru rúmi, sem ekki er ætlað farmi. Hér er lagt til, að skipstjóra sé gert óheimilt án leyfis útgerðarmanns að hafa með sér söluvarning í skipi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra.

Um 3. Í a-lið er orðunum: „eða umboðsmanns hans“ bætt inn í ákvæði 35. gr. Með því að útgerðarmenn kunna að hafa umboðsmann á viðkomustöðum skips, getur verið hagkvæmara að ná til þeirra en útgerðarmannsins sjálfs.

Um 4. Í 4. gr. laga um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56 frá 1932, er lögð skylda á skipstjóra að koma öðrum skipum til hjálpar, sem í neyð eru stödd. Verður honum ekki gefin að sök töf skips, sem stafar af því, að hann fullnægir slíkri skyldu.

Um 5.—8. Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. Í 1. mgr. 45. gr. eru fyrirmæli um, hvenær skipstjóra er skylt að gefa sjóferðarskýrslu. Ástæða er til að rýmka þau ákvæði að mun. Hér er því bætt við, að skylt sé að gefa sjóferðarskýrslu, þegar slys verður á mönnum, sem vinna í þágu skips eða skipi fylgja, án tillits til þess, hvort slys verður innanlands eða utanlands. Svo þykir og sjálfsagt, að sjóferðarskýrsla sé gefin, ef skipið veldur tjóni á mannvirkjum, t. d. bryggjum.

Um 10. Heimild sú, sem skipstjóra er veitt í 54. gr. sigll. til að selja af farmi, þegar fjár er vant til framhalds ferðar og annars þess, sem í 53. gr. getur, er hér þrengd, þannig að slík sala er aðeins heimil, þegar ekki er annars kostur til fjáröflunar.

Um 11. Heimild skipstjóra samkvæmt 55. gr. sigll. til að selja skip, eftir að það var dæmt óbætandi, er hér felld niður. Þykir ekki ástæða til, að skipstjóri hafi hér meiri rétt en leiða mundi af reglum um óbeðinn erindrekstur. Ákvæði 56. gr. sigll. er nú orðið óþarft eftir setningu laga um samningsgerð, umboð o. fl., nr. 7 1. febr. 1936.

Um 12. Hér ræðir um dagleg útgjöld skips, og telst ekki rétt, að skipstjóri selji af farmi af þeim sökum.

Um 13. Í 6. gr. frv., 32. tölulið (sem verður 83. gr.), eru farmflytjanda veittar sömu heimildir sem skipstjóri hefur nú samkvæmt 59. gr. sigll. til að gera ráðstafanir f. h. farmeiganda. Þessar heimildir á skipstjóri einnig að hafa, og þykir nóg að vísa um það til 83. gr.

Um 14. Ákvæði, sem svara til 60. og 62. gr. sigll., verða í V. kafla um flutningssamninga. 61. gr. sigll. er nú óþörf, sbr. umsögn um 56. gr. sigll.

Um 15. Hér er um skipstjóra tekin upp sams konar regla varðandi skaðabótaskyldu og áður hefur verið lögfest um skipverja, sbr. 51. gr. sjómannalaga, nr. 41 frá 1930.

Um 16. Fyrri málsliður 1. mgr. 66. gr. sigll. var afnuminn með sjómannalögunum. Síðari málsliður 1. mgr. er látinn haldast óbreyttur, en 2. mgr. felld niður.

Um 17. Óeðlilegt er að hafa í lögum sérreglu þá, sem nú er í 74. gr. sigll. Er því lagt til, að greinin falli niður.

Um 6. gr.

Efni 6. kapítula sigll., um flutningssamninga, á rót sína að rekja til samstarfs Norðurlandaþjóðanna Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, er þau samræmdu siglingalöggjöf sína skömmu fyrir aldamótin, eins og fyrr var getið. Þróun siglingamála á þessari öld hefur haft í för með sér, að ýmis ákvæði kapítulans eru ekki lengur í samræmi við þá tilhögun, sem heppilegust þykir og eðlilegust í samskiptum farmflytjanda, sem venjulega er skipseigandinn, og þeirra, sem við hann gera samning um flutning á vöru eða öðru góssi. Tekur þetta m. a. til ábyrgðar farmflytjanda á farminum og fyrirvara, sem títt er að setja í farmskírteini um ábyrgðina. Í alþjóðasamþykkt þeirri um farmskírteini, sem sett var í Brüssel 25. ágúst 1924, var þrengd heimild farmflytjanda til að undanþiggja sig ábyrgð með slíkum fyrirvörum. Á Norðurlöndum, annars staðar en á Íslandi, hafa verið lögfestar breytingar á ákvæðum siglingalaga um flutningssamninga til samræmis við nefnda alþjóðasamþykkt. Við samningu þessa kafla frv. hafa þessi norrænu lagafyrirmæli verið lögð til grundvallar, en þess er að gæta, að Ísland hefur ekki gerzt aðili að nefndri alþjóðasamþykkt og er þess vegna ekki skylt að hafa íslenzk lög í samræmi við hana.

Samkv. frv. greinast flutningssamningar eins og fyrr í farmsamninga (um flutning á vöru) og farsamninga (um flutning á farþegum). Sigll. 1914 hafa eingöngu ákvæði um flutning vöru í ákveðinni ferð skips, en í frv. er bætt við fyrirmælum um tímabundna farmsamninga, þ. e. þegar samið er um, að skip skuli vera til ráðstöfunar farmsamningshafa um tiltekinn tíma (timecharter).

Niðurröðun efnis í þessari gr. frv. er sem hér segir og þá miðað við væntanlegar greinar í lögunum:

Í 52.—57. gr. eru almenn ákvæði um farmflutninga.

Í 58.—117. gr. eru ákvæði um farmsamninga, þegar samið er um ákveðna ferð (eða ferðir) skipa.

Í 118.—131. gr. eru fyrirmæli um tímabundna farmsamninga.

Í 132.—148. gr. eru ákvæði um farmskírteini.

Í 149.—162. eru ákvæði um farsamninga.

Um 1. (52. gr.). Þessi gr. er ný. Hér er lögfest sú aðalregla, að þeim aðilum, sem farmsamning gera, er frjálst að semja um skilmála og önnur atriði, sem að lögskiptum þeirra lúta, og koma ákvæði kaflans því ekki til framkvæmdar, ef samið er á annan veg en þar er mælt eða annað leiðir af venju. Það er altítt, að farmsamningar er gerðir í sérstökum prentuðum formum, sem hafa mismunandi skilmála að geyma, m. a. eftir því, um hvers konar flutninga er að ræða. En frá ofangreindri aðalreglu eru gerðar ýmsar undantekningar, þar sem sett eru ófrávíkjanleg ákvæði, og verða þá þau samningsatriði ógild, sem fara í bága við þau fyrirmæli laganna. Tekur þetta einkum til ýmissa ákvæða í sambandi við farmskírteini.

Um 2. (53. gr.). Hér er lögð á farmflytjanda sams konar skylda og skipstjóra er mælt samkvæmt 31. gr. sigll. (sbr. vætanlega 25. grein). Af 52. tölulið hér á eftir (103. gr.) má sjá, að í innanlandssiglingum er farmflytjanda óheimilt að semja sig undan þeirri skyldu.

Um 3. (54. gr.). Sbr. 118. gr. sigll.

Um 4. (55. gr.). Sbr. 2. mgr. 115. gr. sigll.

Um 5. (56. gr.). Sbr. 117. gr. sigll.

Um 6. (57. gr.). Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. (58. gr.). Sbr. 1. mgr. 119. gr. sigll.

Um 8. (59. gr.). Sbr. 2. mgr. 119. gr. sigll.

Um 9. (60. gr.). Nýtt ákvæði. Ekki talið eðlilegt að leggja þá kvöð á skipið, að það flytji sig milli fermingarstaða í höfn, þegar skipa á út stykkjagóssi.

Um 10. (61. gr.). Sbr. 1. mgr. 123. gr. sigll.

Um 11. (62. gr.). Þessi gr. hefur að geyma efni, sem svarar til 124. gr. sigll., en hér eru gerðar veigamiklar breytingar.

Í 124. gr. sigll. er tala biðdaga annars vegar miðuð við rúmlestatal skips og hins vegar við það, hvort um seglskip eða gufuskip er að ræða. Hér (í 62. gr.) er einnig miðað við rúmlestatal skips, allt að 400 rúmlestum, en í stað þess að binda töluna við, hvort skip er knúið á ferð sinni með seglum eða gangvélum, er tala biðdaga látin vera undir því komin, hvort skip hefur eigin vélknúin fermingartæki eða ekki, enda er hraði fermingar (og affermingar) oftast háður því.

Þegar skip er yfir 400 rúmlestir, skal fjölga biðdögum eftir því, hvað ætla mátti við samningsgerð að langur tími gengi til fermingar. Ef ferming tekur lengri tíma en venjulegt er um skip af sömu stærð, skal sá tími, sem fram yfir er, teljast til biðdaga, nema farmflytjandi hafi mátt gera ráð fyrir því við samningsgerð, að fermingin tæki þetta langan tíma.

Biðdagatíma skal reikna í heilum dögum og klukkustundum, í stað þess að samkvæmt 124. gr. sigll. er hann reiknaður í heilum og hálfum dögum.

Til biðdaga teljast aðeins vinnudagar og vinnustundir, en ekki helgir dagar, þjóðhátíðardagar o. s. frv. Þetta gildir þó ekki, ef samið er um, að biðdagar skuli vera samfleyttur tími (running days).

Um 12. (63. gr.). Samsvarar 2. mgr. 123. gr. sigll. Hér er gerð sú breyting, að í stað þess, að samkvæmt 123. gr. hefjast biðdagar ávallt að morgni, skulu þeir nú ýmist hefjast að morgni eða að loknu hádegishléi, eftir því, hvenær sagt hefur verið til skips.

Um 13. (64. gr.). Nýtt ákvæði. Fyrirmæli 1. mgr. er í samræmi við núgildandi reglur. Með 2. mgr. er áhættan af því, að skip kemst ekki í tæka tíð á fermingarstað í höfn vegna tálmana í höfninni, lögð á vörusendanda, enda hafi ekki verið samið um ákveðinn fermingarstað, en þá verður farmflytjandi að sætta sig við bið, ef önnur skip eru fyrir.

Um 14. (65. gr.). Sbr. síðustu mgr. 124. gr. sigll.

Um 15. (66. gr.). Sbr. 125. gr. sigll. Ákvæði 1. mgr., að aukabiðdagar skuli vera 3 dagar hið fæsta, þegar samið er um heilt skip, er nýmæli, sett í þágu vörusendanda.

Þá er það og nýmæli, að aukabiðdagatíma skuli telja einungis í vinnudögum og vinnustundum, því að eftir 1. mgr. 125. gr. sigll. skal telja tímann eftir samfelld-

um dögum. Hins vegar skal greiða þóknun fyrir aukabiðdaga eftir samfelldum tíma frá því, að biðdögum lauk.

Um 16. (67. gr.). Sbr. 2. og 3. mgr. 125. gr. sigll.

Um 17. (68. gr.). Nýtt ákvæði. Sbr. þó áður ákvæði um svipað efni í 2. mgr. 142. gr. sigll.

Um 18. (69. gr.). Sbr. 128. og 126. gr. sigll.

Um 19. (70. gr.). Sbr. 121. gr. sigll.

Um 20. (71. gr.). Nýtt ákvæði, sem ekki þarfnast skýringar.

Um 21. (72. gr.). Sbr. 122. gr. sigll.

Um 22. (73. gr.). Sbr. 120. gr. sigll.

Um 23. (74. gr.). Sbr. 148. gr. sigll.

Um 24. (75. gr.). Sbr. 1. málslið 129. gr. sigll. 2. málsliður þeirrar gr. er felldur niður. Er skipstjóra því skylt að gefa út farmskírteini, þó að viðurkenningar þær, sem um ræðir, séu ekki afhentar honum.

Um 25. (76. gr.). Sbr. 137. og upphaf 138. gr. sigll.

Um 26. (77. gr.). Sbr. 1. mgr. 130. gr. sigll.

Um 27. (78. gr.). Sbr. 120. gr. sigll.

Um 28. (79 gr.). Nýtt ákvæði. Sbr. þó 2. mgr. 130. gr. sigll.

Um 29. (80. gr.). Nýtt ákvæði.

Um 30. (81. gr.). Sbr. 158. gr. sigll.

Um 31. (82. gr.). Nýtt ákvæði. Sbr. um sams konar skyldu skipstjóra 58. gr. sigll. (sem verður 46. gr.).

Um 32. (83. gr.). Hér er farmflytjanda veitt sams konar heimild til að koma fram fyrir hönd farmeiganda og skipstjóri hefur eftir 59. gr. sigll. Sbr. umsögn um 13. tölulið 5. gr. frv. hér að framan.

Um 33. (84. gr.). Sbr. ákvæði 62. gr. sigll. um skipstjóra.

Um 34. (85. gr.). Sbr. 2. mgr. 59. gr. sigll.

Um 35. (86. gr.). Sbr. 140. gr. sigll.

Um 36. (87. gr.). Sbr. 1. mgr. 142. gr. sigll.

Um 37. (88. gr.). Sbr. 141. gr. sigll.

Um 38. (89. gr.). Nýtt ákvæði. Samsvarandi ákvæðinu í 20. tölulið hér að framan.

Um 39. (90. gr.). Sbr. 3. mgr. 161. gr. sigll.

Um 40. (91. gr.). Nýtt ákvæði. Þarfnast ekki skýringar.

Um 41. (92. gr.). Sbr. 1. mgr. 153. gr. sigll.

Um 42. (93. gr.). Sbr. 159. gr. sigll.

Um 43. (94. gr.). Sbr. 1. mgr. 160. gr. sigll.

Um 44. (95. gr.). Sbr. 161. gr. sigll.

Um 45. (96. gr.). Nýtt ákvæði. Sbr. þó 2. mgr. 143. gr. sigll.

Um 46. (97. gr.). Sbr. 162. gr. sigll.

Um 47. (98. gr.). Sbr. 163. gr. sigll.

Um 48. (99. gr.). Sbr. 147. og 148. gr. sigll.

Um 49. (100. gr.). Sbr. 2. mgr. 120. gr. sigll.

Um 50. (101. gr.). Sbr. 154. gr. sigll.

Um 51. (102. gr.). Sbr. 2. mgr. 153. gr. sigll.

Um 52. (103. gr.). Ákvæði greinarinnar um, að tilteknir fyrirvarar farmflytjanda varðandi ábyrgð hans séu ógildir, eru nýmæli, sem sett eru í samræmi við alþjóðasamþykktina, sem gerð var í Brüssel 25. ágúst 1924. Sbr. 151. gr. sigll.

Um 53. (104. gr.). Ákvæði þessarar gr. eru nýmæli. Þau taka bæði til svonefndra gagnfærra farmsamninga og bakfarmsamninga.

Um 54. (105. gr.). Sbr. 155. gr. sigll.

Um 55. (106. gr.). Sbr. 156. gr. og 120. gr. sigll.

Um 56. (107. gr.). Ákvæði um sama eða svipað efni eru í 116. gr., 2. mgr. 130. gr. og 169. gr. sigll.

Um 57. (108. gr.). Sbr. 169. gr. sigll.

Um 58. (109. gr.). Sbr. 165. gr. sigll.

Um 59. (110. gr.). Sbr. 165. og 169. gr. sigll.

Um 60. (111. gr.). Nýtt ákvæði, og er hér aðallega um reglu að ræða, sem leggur auknar sönnunarskyldur á farmflytjanda.

Um 61. (112. gr.). 1. mgr. svarar til 1. mgr. 131. gr. sigll. En hér er sú breyting gerð, að farmsamningshafi, sem riftar farmsamningi, verður að greiða fullar skaðabætur, en sleppur ekki með því að greiða hálft farmgjald (fautfragt), eins og nú er mælt í 131. gr. sigll.

Um 2. mgr. sjá 164. gr. sigll. og um 65. tölulið (116. gr.) hér á eftir.

Um 62. (113. gr.). Sbr. 2. mgr. 131. gr. sigll.

Um 63. (114. gr.). Sbr. 133. og 134. gr. sigll.

Um 64. (115. gr.). Ákvæði um, hvernig bótafjárhæð skuli ákveðin, sem nú eru í 131.—135. gr. sigll., eru felld niður, en í stað þess kemur almenn regla um ákvörðun skaðabótafjárhæðar.

Um 65. (116. gr.). Sbr. 1. mgr. 164. gr. og 1. mgr. 166. gr. sigll.

Um 66. (117. gr.). Sbr. 2. mgr. 166. gr. sigll.

Um 67. (118. gr.). Ákvæði um tímabundna farmsamninga eru ekki í núgildandi siglingalögum, en um slíka samninga hafa myndazt venjureglur, sem lagðar eru til grundvallar, þar sem löggjöf hefur verið um þá sett. Það greinir einkum tímabundna farmsamninga frá farmsamningum um tiltekna ferð skips, að farmsamningshafi, sem gert hefur tímabundinn farmsamning, fær ráðstöfunarrétt yfir skipinu hinn umsamda tíma og ræður því, hvaða ferðir það fer á því tímabili, en þó svo, að skipið sé ekki notað til annarra flutninga en samningur heimilar. Ekki má blanda tímabundnum farmsamningum saman við leigusamninga um skip, þar sem leigutaki gerir sjálfur út skip annars manns, meðan leigutími stendur.

Um 68. (119. gr.). Farmflytjandi, sem gert hefur tímabundinn farmsamning um skip, er eftir sem áður útgerðarmaður þess og ber yfirleitt þær skyldur, sem lögin leggja útgerðarmanni á herðar. Í þessari gr. er gerð sú undantekning, að hann þarf ekki að leggja til vélareldsneyti né vatn á skipskatla.

Um 69. (120. gr.). Hér er ákveðið, að ferming, búlkun og afferming vöru skuli fara fram á kostnað farmsamningshafa, þegar um tímabundna farmsamninga er að ræða. Víkur þetta frá ákvæðum um farmsamninga um tilteknar ferðir, sbr. 19. tölulið (70. gr.) hér að framan.

Um 70. (121. gr.). Þarfnast ekki skýringar.

Um 71. (122. gr.). Samkvæmt gr. ræður farmsamningshafi, hvaða skilmálar eru settir í farmskírteini, en skipstjóri er þó ekki skyldur að hlíta fyrirmælum um óvenjulega skilmála.

Um 72. (123. gr.). Hér ræðir um sérstaka takmörkun á ráðstöfunarrétti farmsamningshafa.

Um 73. (124. gr.). Þarfnast ekki skýringa.

Um 74. (125. gr.). Um afleiðingar þess, ef tímafarmgjald er ekki greitt í tæka tíð, sjá 78. tölulið hér á eftir.

Um 75. (126. gr.). Regla þessarar gr. gildir, þó að sennilegt þyki, að skipið hafi farizt tiltekinn dag.

Um 76. (127. gr.). Hér ræðir um, hvenær dráttur af hendi farmflytjanda geti heimilað farmsamningshafa riftun. Þess er að gæta, að þó að riftun sé ekki heimil, kann farmsamningshafi að eiga rétt til skaðabóta samkvæmt næstu gr. hér á eftir.

Um 77. (128. gr.). Skaðabætur vegna dráttar ber farmflytjanda að greiða eftir reglum um eigin sök og ábyrgð á starfsmönnum, en sönnunarbyrði er hér lögð á hann fram yfir það, sem almennt tíðkast um slíka ábyrgð.

Um 78. (129. gr.). Rekstur skipsins hefur í för með sér mikil útgjöld fyrir farmflytjanda. Hann verður því að hafa í ríkara mæli en almennt er heimild til riftunar á samningi, ef tímafarmgjald er ekki greitt á réttum tíma.

Um 79. (130. gr.). Þarfnast ekki skýringar.

Um 80. (131. gr.). Þegar um farmsamninga er að ræða, sem varða tiltekna ferð skips, ber farmflytjanda að inna af höndum framlög farmgjalds til sameiginlegs sjótjóns. Þessari reglu er snúið við í sambandi við tímabundna farmsamninga og greiðsluskylda lögð á farmsamningshafa.

Um 81. (132. gr.). Sbr. 1. mgr. og 1. málslið 2. mgr. 137. gr. sigll.

Um 82. (133. gr.). 1. mgr. samsvarar 2. málslið 2. mgr. 137. gr. sigll. 2. mgr. samsvarar 150. gr. sigll.

Um 83. (134. gr.). Nýtt ákvæði, sem þarfnast ekki skýringar.

Um 84. (135. gr.). Sbr. 1. mgr. 139. gr. sigll.

Um 85. (136. gr.). Sbr. 138. gr. sigll.

Um 86. (137. gr.). 1. mgr. svarar til 2. mgr. 139. gr. sigll. 2. mgr. samsvarar ákvæðum í 144. og 146. gr. sigll.

Um 87. (138. gr.). Sbr. 1. málslið 145. gr. Ákvæði 2. málsliðs um tölusett eintök eru felld niður.

Um 88. (139. gr.). Sbr. 144. gr. sigll.

Um 89. (140. gr.). Sbr. 172. gr. sigll.

Um 90. (141. gr.). Sbr. 149. gr. sigll.

Um 91. (142. gr.). Sbr. 150. gr. sigll.

Um 92. (143. gr.). 1. mgr. samsvarar 152. gr. sigll., en 2. mgr. er nýmæli.

Um 93. (144. gr.). Sbr. 170. gr. sigll.

Um 94. (145. gr.). Sbr. 173. gr. sigll.

Um 95. (146. gr.). Sbr. 171. gr. sigll.

Um 96. (147. gr.). Nýtt ákvæði. Eiginleg farmskírteini verða ekki gefin út, fyrr en vara er í skip komin. Sérstök skírteini um viðtöku vöru til flutnings með skipi eru þó oft gefin út áður (received for shipment skírteini), og hefur þótt rétt, að reglum um farmskírteini væri beitt um þau, eftir því sem við getur átt.

Um 97. (148. gr.). Hér eru sett sams konar ákvæði um svonefnd gagnfær farmskírteini og í næstu gr. að framan um viðtökufarmskírteini.

Um 98. (149. gr.). Samkvæmt gr. er það aðalregla, að réttur samkvæmt farsamningi er ekki framseljanlegur nema með leyfi farsala.

Um 99. (150. gr.). Sbr. 176. gr. sigll. og 3. gr. laga nr. 40 1930.

Um 100. (151. gr.). Nýtt ákvæði, en í samræmi við almennar reglur.

Um 101. (152. gr.). Sbr. 177. gr. sigll.

Um 102. (153. gr.). Nýtt ákvæði um ábyrgð farsala á farangri farþega.

Um 103. (154. gr.). Þarfnast ekki skýringar.

Um 104. (155. gr.). Sbr. 178. gr. sigll.

Um 105. (156. gr.). Nýtt ákvæði í samræmi við almennar reglur.

Um 106. (157. gr.). Með ákvæði 1. mgr., sem er nýmæli, er lögð skylda á farsala að sjá farþegum fyrir flutningi til ætlunarstaðar, hvort heldur með öðru skipi, flugfari eða flutningi á landi, ef skipi hlekkist svo á á leiðinni, að verulegum töfum veldur.

Um 107. (158. gr.). Nýtt ákvæði um bótaskyldu. Rík sönnunarbyrði er lögð á farsala.

Um 108. (159. gr.). Nýmæli. Þarfnast ekki skýringar.

Um 109. (160. gr.). Sbr. 174. gr. sigll.

Um 110. (161. gr.). Sbr. 174. gr. sigll.

Um 111. (162. gr.). Ákvæði um fargjald eftir vegalengd, sem lýtur sams konar reglum og farmgjald eftir vegalengd.

Um 7. gr.

Í 7. kapítula siglingalaganna eru ákvæði um sérstaka tegund lána, svonefnd sjólán (bodmeri), sem skipstjóra er heimilað að taka í neyð til framhalds ferð sinni eða til bjargar farmi eða til að koma honum áleiðis. Skyldi um lán þessi gera sjóláns-

bréf, sem lutu ströngum formskilyrðum, sbr. 182. gr. Þessi lánategund er nú hvarvetna horfin úr sögunni og ákvæðin um þau gersamlega úrelt. Hafa samsvarandi ákvæði verið felld úr lögum annarra Norðurlandaþjóða. Er því lagt til, að ákvæði þessa kapítula séu felld niður.

Um 8. gr.

Á þessum kapítula, um sjótjón, eru ekki gerðar neinar verulegar breytingar.

Um 1.—12. Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. Með lögum nr. 74 11. júní 1938 var heimilað að löggilda menn til að annast niðurjöfnun sjótjóna, og ber því að breyta 218. gr. sigll. í samræmi við það. En með því að óvíst er, að jafnan verði náð til löggiltra manna til að annast niðurjöfnunina, þykir rétt að hafa áfram heimild í lögum um, að fela megi starfið tveimur dómkvöddum mönnum, ef þess er ekki kostur að fá það löggiltum niðurjöfnunarmanni í hendur.

Um 14. Ákvæði 221. gr. sigll. er látið haldast, að því er tekur til ábyrgðar á greiðslu sjótjónsframlaga af hálfu farms og annars góss í skipi. Hins vegar eru nú settar nýjar reglur í IX. kafla um ábyrgð útgerðarmanns vegna sjótjónsframlaga af hálfu skips og farmgjalds. Er 1. mgr. orðuð í samræmi við það.

Um 15. Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari gr. er getið breytinga á ákvæðum níunda kapítula siglingalaganna, um tjón af árekstri.

Um 1. Í 5. gr. laga nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, er svo mælt, að setja skuli í tilskipun ákvæði um, hverjar varúðarreglur skuli hafa á íslenzku skipi til þess að forðast árekstur milli skipa. Með skírskotun til þeirrar greinar hefur verið sett tilskipun nr. 47 7. júlí 1953, um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Er því óþarft að hafa ákvæði 224. gr. sigll. lengur í þeim lögum.

Um 2. Ákvæði 2. mgr. 225. gr. sigll. er nú óþarft orðið, þar sem nýrri og fyllri ákvæði um sama efni hafa verið sett í 264. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19. 12. febr. 1940. Ákvæði um hámark bóta í nefndri gr. sigll. er nú einnig fyrir löngu úrelt orðið.

Um 3. Um ábyrgð útgerðarmanns á skaðabótum vegna tjóns af árekstri eru nú ákvæði í 11. gr. frv., sem verður IX. kafli laganna. Þessi gr. á því að falla niður.

Um 10. gr.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar séu á 10. kapítula siglingalaganna, um björgun, eru smávægilegar. Lagt er til, að síðasta mgr. 229. gr. falli niður, þar sem hennar er engin þörf. Þá verður og að breyta ákvæðum sömu gr. um ábyrgð útgerðarmanns á greiðslu björgunarlauna, með því að ákvæði um ábyrgðina eru sett í 11. gr. frv. (sem verður IX. kafli).

Á síðasta Alþingi lá fyrir frv. til laga um breytingu á 2. mgr. 233. gr. sigll. (Ed. þskj. 251, flm. Eggert Þorsteinsson). Er þar lagt til, að lækkaður verði nokkuð hlutur útgerðarmanns í björgunarlaunum, þegar gufuskip bjargar, að hlutur skipstjóra lækki til mikilla muna og að hlut skipshafnar skuli skipt milli hennar að réttri tiltölu við tekjur manna á skipinu næsta mánuð á undan björgun, í stað réttrar tiltölu við kaup manna á skipi, svo sem nú er.

Í tilefni af framkomu þessa frumvarps og rökstuddri dagskrá í sambandi við það hefur sjávarútvegsmálaráðherra æskt þess, að nefndin athugaði sérstaklega ákvæði 233. gr. um skiptingu björgunarlauna.

Í greinargerð nefnds frumvarps er tekið fram, að eftir gildandi lögum hafi „skipstjóri helming þess hluta, er til skipshafnarinnar gengur, og síðan aftur sinn hluta, miðað við kaup, af því, sem endanlega skiptist á milli skipshafnar“. Hvort

sem dæmi kunna að vera til slíkrar skiptingar eða ekki, þá er hér ekki um réttan skilning á lögunum að ræða. Samkvæmt 233. gr. sigll. á skipstjóri helming þess, sem eftir verður, þegar útgerðarmaður hefur fengið sinn hlut, en hinn helmingurinn skiptist milli skipshafnarinnar, og er skipstjóri ekki þar með talinn. Á hann ekki rétt til neins hluta af þeim helmingi.

Með öllum þjóðum og svo lengi sem til er vitað hefur þóknun til þeirra, sem bjargað hafa skipi úr yfirvofandi háska, verið að miklum mun hærri en nema mundi launum fyrir starfstíma þann, sem til björgunar hefur gengið. Til þess liggja ýmsar ástæður, en einna veigamest munu þau rök vera, að fyrirheit um há björgunarlaun hafa í sér fólgna mikla hvatningu fyrir sjófarendur til að koma nauðstöddum skipum til hjálpar. Að vísu munu flestir leggja sig fram um að bjarga mannslífum án tillits til gróðavonar. En hvort tveggja er, að ekki eru allir menn eins gerðir og að oft er eftir að bjarga miklum verðmætum, skipi og farmi, og koma þeim til hafnar, þó að menn séu ekki lengur í hættu. Það er almenn reynsla, forn og ný, að von um há björgunarlaun hefur mjög örvandi áhrif á björgunarstarfsemi. Björgunarlaunin skapa því sjófarendum aukið öryggi. Nú mætti ætla, að þessi rök fyrir upphæð björgunarlauna komi ekki beint við reglum um skiptingu þeirra, en þó er svo, að náið samband er þar á milli. Hvatningunni er fyrst og fremst beint að þeim, sem tekur ákvörðun um, hvort fara skuli nauðstöddu skipi til hjálpar eða ekki, þ. e. skipstjóranum. Með því að draga mjög úr hagnaðarvon hans er einnig dregið úr áhrifum þeirrar hvatningar. Þegar ákvæði hafa verið sett í siglingalöggjöf þjóða um skiptingu björgunarlauna, hefur þetta verið haft í huga og hlutur skipstjóra verið hafður sérstaklega ríflegur vegna þess, að það mundi stuðla að auknu öryggi í siglingum. Þegar svo jafnframt er tekið tillit til hinnar miklu ábyrgðar, sem á skipstjóra hvílir gagnvart skipshöfn, skipi og farmi, og að hann verður oft án umhugsunartíma að taka ákvarðanir um hættulegar björgunaraðgerðir, þá virðist auðsætt, að hlutur hans í björgunarlaunum eigi að vera að miklum mun hærri en annarra manna á skipi, án þess þó að nokkuð sé úr verðleikum þeirra skipverja dregið, sem með hættu fyrir líf og limi vinna að björgunarstarfi.

Að því er snertir hluta útgerðarmanns í björgunarlaunum, þá er á það að líta, að björgunin fer fram í sambandi við atvinnurekstur hans. Hann leggur til skipið með þeim kostnaði, sem því fylgir. Oft kann skipið að vera lagt í hættu, auk þess sem það kemur fyrir, að skip reynist við drátt á öðru skipi og verður ekki jafngott eftir. Þá hefur björgunarstarfið oft í för með sér töf fyrir skipið og önnur truflandi áhrif á atvinnurekstur útgerðarmanns.

Þegar ákveðinn er hlutur skipshafnar, hefur einkum verið til þess litið, að henni kann að hafa verið stofnað í hættu í heild, auk þess sem björgunarstarfið getur haft í för með sér sérstaka hættu fyrir einstaka menn, sem að því vinna. Einnig er tekið tillit til þess, að björgunarstarf eykur vinnu og erfiði skipverja fram yfir það, sem þeim hefði borið skylda til eftir starfssamningi. Ekki hefur þótt unnt að miða skiptingu milli skipshafnar hverju sinni við það, hvað hver einstakur skipverji kann að hafa af höndum innt í sambandi við björgunarstarfið eða hvort einstakir menn hafi lagt sig í meiri hættu en aðrir. Í siglingalögum hefur hvarvetna verið sett sams konar regla fyrir alla skipshöfnina og þá miðað við laun manna á skipi. Þar eiga að sjálfsögðu ekki einungis að koma til greina tilteknar krónuupphæðir, heldur einnig öll þau hlunnindi, sem ráðningarsamningi fylgja, þar á meðal t. d. aflaverðlaun á fiskiskipum. Hins vegar hefur hvergi verið reiknað með óvissum aukatekjum, sem fara eftir tilviljun, en ekki neinni fastri reglu.

Hér hefur verið gerð grein fyrir því í aðalatriðum, hvaða sjónarmið hafa verið látin ráða skiptingu björgunarlauna í siglingalöggjöf þjóða. Við athugun á þeim hefur nefndin ekki séð ástæðu til að víkja frá núgildandi reglum, sem eru í samræmi við það, sem aðrar þjóðir og okkur skyldar hafa í sínum lögum, enda hafa þær látið þessi ákvæði haldast óbreytt þrátt fyrir nýlega endurskoðun laganna.

Um 11. gr.

Ákvæði þau, sem tekin eru upp í þessa grein (sem verður IX. kafli), eru nýmæli. Er hér að finna þýðingarmestu breytingarnar, sem lagt er til í frv. þessu að gerðar séu á siglingalögunum.

Í rétti flestra siglingaþjóða hefur tíðkazt um langan aldur, að takmörkuð væri ábyrgð útgerðarmanna á ýmsum kröfum, sem stofnast í ferð skips. Stafar það bæði af því, að skipaútgerð er áhættusamur atvinnurekstur og að útgerðarmaður getur yfirleitt ekki sjálfur haft hönd í bagga um stofnun þeirra skuldbindinga, sem á kunna að falla, heldur á þar mest undir öðrum.

Takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns hefur verið gerð með mismunandi hætti í löggjöf ýmissa þjóða. Hafa þar einkum þrjár aðferðir komið við sögu.

Í enskum rétti hefur útgerðarmaður verið látinn bera persónulega ábyrgð með öllum eignum sínum í ríkara mæli en tíðkazt hefur víðast annars staðar. Ábyrgð hans á skaðabótakröfum hefur þó verið takmörkuð við tiltekið hámark á fjárhæð kröfunnar, þ. e. ábyrgð hans hefur ekki farið fram úr 8 sterlingspundum gullmyntar fyrir hverja rúmlest skipsins. Þó hefur ábyrgð numið 15 sterlingspundum fyrir rúmlest hverja, þegar bæta skal lífs- eða líkamstjón.

Í Frakklandi var reglan sú, að útgerðarmaður bar persónulega ábyrgð með öllum eignum sínum. En honum var veittur réttur til að framselja skip og farmgjald til lúkningar á sjókröfum, og þurfti hann þá ekki meira að greiða. Frakkland hefur nú horfið frá þessari reglu (abandonreglunni).

Í norrænum rétti og þýzkum var takmörkun ábyrgðar framkvæmd á þann hátt, að kröfuhafi gat aðeins gengið að tilteknum eignum útgerðarmanns, venjulega skipi og farmgjaldi, til fullnægju á kröfu sinni. Gilti þetta þó ekki um allar kröfur, sem í ferð skipsins stofnuðust, t. d. ekki launakröfur skipstjóra og skipshafnar. Þessi takmörkun á ábyrgðinni var við það miðuð, að útgerðarmanni bæri ekki að greiða kröfurnar af öðrum eignum en þeim, sem hann legði í hættu á sjónum. Ef þessar eignir voru ekki fyrir hendi, glataði kröfuhafi yfirleitt kröfu sinni. Til uppbótar fyrir takmörkunina fékk kröfuhafi hins vegar betri rétt en aðrir lánardrottnar útgerðarmannsins til eigna þeirra, sem ábyrgzt var með, þ. e. hann fékk sérstaklega réttháan veðrétt í þeim, svonefnt sjóveð. Þessi regla gildir enn hér á landi samkvæmt siglingalögunum.

Það hefur reynzt óheppilegt í samskiptum þjóða, að mismunandi reglur hafa gilt með þeim á þessu sviði. Af því tilefni var gerð alþjóðasamþykkt í Brüssel 25. ágúst 1924 um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna. Þar varð niðurstaðan sú, að gerð var málamiðlun milli ensku og þýzk-norrænu reglnanna. Útgerðarmaður skyldi bera ábyrgð á sjókröfum með öllum eigum sínum á sjó og landi, en þó takmarkaða með tvennum hætti. Annars vegar skyldi ábyrgð ekki fara fram úr verði skips og farmgjalds (þar höfð hliðsjón af þýzk-norrænu reglunni), og hins vegar skyldi útgerðarmaður geta leyst sig að fullu með því að leggja fram fjárhæð, sem næmi 8 sterlingspundum gullmyntar fyrir hverja rúmlest skips, en þó 16 sterlingspund, ef bæta skyldi manntjón (enska reglan). Hafði útgerðarmaður valrétt um, hvorri reglunni hann vildi beita fyrir sig.

Með nýrri alþjóðasamþykkt í Brüssel 10. apríl 1926 var síðan ákveðið, að tilteknar kröfur skyldu hafa sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi (þýzk-norræna reglan).

Eins og fyrr hefur verið getið, hafa Norðurlöndin Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð gerzt aðilar að báðum alþjóðasamþykktunum, frá 25. ágúst 1924 og 10. apríl 1926. Breyttu þau einnig lögum sínum til samræmis við þær á árunum 1928 og 1929.

Höfuðástæðan til þess, að horfið var frá því að takmarka ábyrgðina með þeim hætti, að kröfuhafi ætti aðeins aðgang að skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum útgerðarmanns, var sú, að nú á tímum hafa útgerðarmenn almennt vátryggt sig fyrir tjóni, sem verður í ferð skips. Það væri hins vegar ósanngjarnt, að kröfuhafi glataði með öllu kröfu sinni, þegar skip ferst eða laskast, en útgerðarmaður

sæti uppi með vátryggingarféð og auðgaðist þannig á kostnað kröfuhafanna. Á hinn bóginn mun ekki hafa verið talið fært að láta sjóveð almennt ná til vátryggingarfjárins. Til þess að slíkt fyrirkomulag gæti náð tilgangi sínum, þyrfti að lögleiða almenna skylduvátryggingu skipa, en það mun víða erlendis talið óframkvæmanlegt. Önnur ástæða til þess, að horfið var frá ofangreindri reglu, var sú, að þegar tjón hefur orðið á skipi, hefur viðgerð á því orðið til þess að auka ábyrgð útgerðarmanns á kröfum, sem til urðu við tjónið eða fyrr höfðu stofnazt.

Nefndin hefur bæði með tilliti til framangreindra efnisástæðna og þess, að heppilegt er að samræma íslenzkan rétt löggjöf Norðurlanda og fleiri þjóða á þessu sviði, orðið sammála um að leggja til, að þessi nýju ákvæði um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna verði lögleidd hér, þó með þeirri breytingu, að takmörkun verði eingöngu miðuð við verð skips og farmgjalds (og tvöfalda þá fjárhæð, þegar um tjón á mönnum er að ræða), en að ekki sé tekin upp reglan um takmörkun miðað við 8 sterlingspund fyrir rúmlest, eða samsvarandi upphæð í íslenzkum krónum. Í stað þess að miða við farmgjald, eins og það kann að vera hverju sinni, er sett sú regla, að það skuli ávallt teljast 10% af skipsverðinu.

Verði þessi nýja regla um takmörkun ábyrgðar lögleidd, leiðir að sjálfsögðu af því, að útgerðarmenn munu hafa skip sín vátryggð sem ábyrgðinni svarar. Almennt munu og skip vera vátryggð fyrir fullu verði þeirra, eins og gert er ráð fyrir að það verði metið eftir ákvæðum þessa kafla. Einnig munu vera farnar að tíðkast sérstakar vátryggingar fyrir tjóni á mönnum, sem útgerðarmaður kann að bera ábyrgð á.

Um 1. (205. gr.). Í 1. mgr. eru taldar upp þær kröfur, sem útgerðarmaður ábyrgist takmarkaðri ábyrgð. Að gerður er greinarmunur á bótakröfum vegna tjóns á mönnum eftir því, hvort þeir vinna í þágu skips eða ekki (sbr. 1. og 2. tölulið), á sér aðeins sögulegar rætur, en skiptir að öðru leyti ekki máli. Um kröfur eftir 3. tölulið skal þess getið, að eftir 4. tölulið 236. gr. sigll. er ábyrgð útgerðarmanns takmörkuð á kröfum út af vanefndum á samningum, sem hann gerði sjálfur eða fékk öðrum umboð til og skipstjóra var skylt að annast efndir á. Hér (í 3. tölulið) er þessi kröfuflokkur þrengdur þannig, að ábyrgð útgerðarmanns verður því aðeins takmörkuð, að vanefnd stafi af yfirsjónum við stjórntök skips (þ. e. vegna „autiskrar" yfirsjónar).

Í 2. mgr. er látin haldast sú regla, sem nú gildir, sbr. 2. málslið 2. mgr. 12. gr. sigll., að ábyrgð útgerðarmanns á kröfum út af starfssamningum við menn, sem vinna í þágu skips, er ótakmörkuð. Hins vegar er nýmæli, að krafa vegna yfirsjóna útgerðarmanns sjálfs verði takmörkuð, þegar hann er jafnframt skipstjóri og tjón verður vegna mistaka hans við stjórntök skips.

Um 2. (206 gr.). Vísast til þess, sem almennt er sagt um 11. gr. hér að framan.

Um 3. (207. gr.). Þegar finna skal fjárhæð þá, sem útgerðarmaður ber ábyrgð með, skal leggja verð skipsins til grundvallar. Samkvæmt 3. tölulið er það aðalregla, að ákveða skal verð skipsins eftir ástandi þess við lok ferðar. Ákvæði 1. og 2. töluliðar eru undantekningar frá þeirri reglu.

Um 4. (208. gr.). Eins og fyrr var greint, koma þau 10%, sem leggja skal við verð skips samkvæmt a-lið, í stað farmgjalds. Að bæta ber við þeim kröfum, sem í b-lið greinir, stafar af því, að skip hefur rýrnað í verði, eftir að ferð hófst, sem svarar þeim fjárhæðum.

Um 5. (209. gr.). Um röð sjóveða, sem vísað er til, sjá 1. og 3. tölulið 12. gr. frv.

Um 6. (210. gr.). Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. (211. gr.). Ákvæði þessarar gr. er sett með það fyrir augum, að reikningsskil muni taka skemmri tíma, ef niðurjöfnunarmanni sjótjóns er falið að annast það, heldur en vera mundi, ef hver kröfuhafi yrði að fara með mál sitt fyrir dómstóla.

Um 8. (212. gr.). Ákvæði þetta er sett í þágu útgerðarmanns. Kröfuhafar þeir, sem ekki stóðu sjálfir að því að fá tryggingu setta, verða að tilkynna þeim, sem

tryggingu varðveitir eða gengið hefur í ábyrgð fyrir greiðslu, um kröfu sína og að hann vilji láta tryggingu ná til hennar.

Um 9. (213. gr.). Um svipaða reglu í núgildandi rétti sjá 242. gr. sigll.

Um 10. (214. gr.). Dómara er aðeins heimilt, en ekki skylt, að fresta lögsókn, þegar svo stendur á, sem hér segir. Frestun mundi því ekki verða leyfð, ef ætla mætti, að kröfuhafa gæti stafað tjón af því.

Um 11. (215. gr.). Það verður að vera skýringaratriði hverju sinni, hvort og að hverju leyti beitt skuli reglum um takmarkaða ábyrgð, þegar svo stendur á sem hér er sagt.

Um 12. gr.

Um tildrög þess, að 11. kapítuli siglingalaganna hefur verið umsaminn í heild, vísast til umsagnar um 11. gr. hér að framan.

Um 1. (216. gr.). Greinin samsvarar 236. gr. sigll.

Í 1. tölulið eru greind opinber gjöld, sem á skipi hvíla, sbr. 235. gr. sigll. Að öðru leyti er hér talinn kostnaður, sem stendur beint í sambandi við nauðungarsölu skips í þágu lánardrottna í heild.

2. töluliður samsvarar 2. tölulið 236. gr. sigll.

Í 3. tölulið koma kröfur, sem nú eru í 1. og 3. tölulið 236. gr. sigll. Hafnsögumannskaup, sem þar greinir í 1. tölulið, mundi nú falla undir 1. tölulið væntanlegrar 216. gr.

Í 4. tölulið koma skaðabótakröfur, sem nú eru taldar í 4. tölulið 236. gr. sigll.

Í 5. tölulið eru einnig kröfur, sem nú hafa sjóveðrétt samkvæmt 4. tölulið 236. gr. sigll. 2. mgr. þessa töluliðs samsvarar 2. gr. í lögum nr. 30 1. febr. 1936.

Í 6. tölulið eru kröfur, sem stafa af hirðuleysi skipstjóra og mundu því nú hafa sjóveðrétt eftir 4. tölulið 236. gr. sigll.

Um 2. (217. gr.). Ákvæði 1. og 2. mgr. samsvara ákvæðum í 2. mgr. 236. gr. og 238. gr. sigll. Hins vegar er 3. mgr. nýmæli. Í 4. mgr. eru tekin upp fyrirmæli úr 1. gr. laga nr. 30 1. febr. 1936 og niðurlagsákvæði 238. gr. sigll.

Um 3. (218. gr.). Um fyrra málslið 1. mgr. sbr. 235. gr. sigll. 2. málsliður 1. mgr. er nýmæli.

Um 2. og 3. mgr. sbr. 237. gr. sigll.

Um 4. (219. gr.). Sbr. 239. gr. sigll.

Um 5. (220. gr.). Ákvæði þetta leiðir af reglum um takmarkaða ábyrgð í IX. kafla.

Um 6. (221. gr.). Í 1. mgr. er regla, sem nú leiðir af 240. gr. sigll. samkvæmt gagnályktun. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli.

Um 7. (222. gr.). Sbr. 240. gr. sigll.

Um 8. (223. gr.). Sbr. 241. gr. sigll.

Um 9. (224. gr.). Þetta ákvæði samsvarar 243. gr. sigll., en er að sumu leyti fyllra.

Um 10. (225. gr.). Sbr. 244. gr. sigll.

Um 11. (226. gr.). Sbr. 245. gr. sigll.

Um 12. (227. gr.). Sbr. 246. gr. sigll.

Um 13. (228. gr.). Sbr. 247. gr. sigll.

Um 14. (229. gr.). Sbr. 248. gr. sigll.

Um 15. (230. gr.). Sbr. 249. gr. sigll.

Um 16. (231. gr.). Sbr. 250. gr. sigll.

Um 17. (232. gr.). Hér eru ákvæði um fyrningu á sjóveðrétti, sem svarar með nokkrum breytingum til 251. gr. sigll.

Um 18. (233. gr.). Hér eru ákvæði um fyrningu á ýmsum kröfum, sem útgerðarmaður ábyrgist persónulega, en takmarkað samkvæmt ákvæðum væntanlegs IX. kafla.

Um 13. gr.

Margar greinar 12. kapítula siglingalaganna, um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl., hafa verið felldar úr gildi með sjómannalögunum, nr. 41 19. maí 1930.

Um 1. (234. gr.). Sbr. 254. gr. sigll., eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 40 19. maí 1930.

Um 2. (235. gr.). Sbr. 1. mgr. 255. gr. sigll., eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 40 19. maí 1940. 2. mgr. 255. gr. er felld niður, þar sem 158. og 162. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940, hafa nú að geyma viðurlög við þeim brotum, sem um ræðir í nefndri mgr.

Um 3. (236. gr.). Sbr. 263. gr. sigll.

Um 4. (237. gr.). Sbr. 256. gr. sigll.

Um 5. (238. gr.). Sbr. 262. gr. sigll.

Um 6. (239. gr.). Sbr. 261. gr. sigll. og 264. gr. þeirra, eins og henni er breytt með 6. gr. laga nr. 40 19. maí 1940.

Samkvæmt 2. mgr. er lagt á vald dómstóla, svo sem nú er, að ákveða, hvort skipstjóri skuli sviptur rétti til skipstjórastarfa eingöngu eða jafnframt rétti til að gegna stýrimannsstörfum.

Um 7. (240. gr.). Hér er almennt ákvæði um refsingu fyrir þau skyldubrot skipstjóra, sem ekki eru talin sérstaklega í öðrum greinum þessa kafla. Falla hér undir m. a. brot, sem nú eru sérstaklega greind í 258., 259. og 260. gr. sigll., en þær greinar falla nú niður.

Um 8. (241 gr.). Sbr. 278. gr. sigll.

Um 9. (242. gr.). Sbr. 279. gr. sigll., eins og henni er breytt með 7. gr. laga nr. 40 19. maí 1930.

Nd. 275. Frumvarp til laga [157. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „fermingar eða affermingar“ síðast í fyrra málslið komi: eða þar, sem skipið hættir siglingu.

b. Í stað orðanna „til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis“ síðast í síðara málslið komi: til ráðningarslita í erlendri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu erlendis.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ef skipstjóri hefur leynt veikindunum eða meiðslunum með sviksamlegum hætti, er hann réðst á skipið, á hann ekki rétt á launum lengur en hann gegnir starfi sínu. Sama gildir, ef hann hefur sjálfur átt sök á sjúkdóminum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eftir að hann réðst á skipið.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um skipstjóra skulu og gilda eftirfarandi ákvæði um skipverja, eftir því sem við á:

1. Um umönnun og heimsendingu, þegar um sjúkdóm eða slys er að ræða, sbr. 28. gr.

2. Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um greftrun eða líkbrennslu og um meðferð eftirlátinna muna hans, sbr. 24. gr., 29. gr. og 30. gr.
3. Um skyldu til að ganga undir læknisskoðun, sbr. 3. málsgr. 10. gr.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimenn, vélstjóra, bryta, loftskeytamenn og aðra skipverja og segir þeim upp störfum.

Skipstjóri skal, ef því verður við komið, ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu skipverja til starfa við vélgæzluna, við fyrsta stýrimann um ráðningu háseta og við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans.

5. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og ekki yngri konur en 18 ára við vinnu á skipi.

Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og ekki mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu.

Enginn má hefja starf á skipi, nema hann hafi gengið áður undir læknisskoðun.

6. gr.

Á eftir orðunum „ferma skal það eða afferma“ síðast í 12. gr. laganna komi: eða þar, sem það hættir siglingu.

7. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ef eigi er annað ákveðið um lengd ráðningartíma, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi á ráðningarstað, í fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu. Nú er skipverji íslenzkur og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, og geta aðilar þá aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu hérlendis.

Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum sjö dagar.

8. gr.

Á eftir orðunum „fermingar- eða affermingarhöfn skipsins“ í 15. gr. laganna komi: eða þar, sem það hættir siglingu, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr.

9. gr.

Orðin „eða ef skipið er seglskip, í 4 daga“ í 16. gr. laganna falli burt.

10. gr.

Í stað 2. og 3. málsgr. 18. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er starfa hans á skipi lýkur, eða, ef hann er skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, á hann rétt til kaups, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða einn mánuð, ef

skipverji gegnir annarri stöðu á skipi, og þó aldrei í fleiri daga en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur þagað sviksamlega um við ráðningu sína. Sama gildir, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

11. gr.

2. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Um rétt til greiðslu í erlendri mynt fer eftir því, sem landslög ákveða á hverjum tíma.

12. gr.

Aftan við 23. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Fækki stýrimönnum, meðan ferð stendur yfir, skal kaup, er við það sparast, meðan skipið er í hafi, skiptast jafnt á milli skipstjóra og stýrimanns eða stýrimanna.

13. gr.

Upphaf 3. málsgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji á sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eða hafi hann leynt þeim sviksamlega, er hann réðst á skipið, o. s. frv.

14. gr.

29. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsgr. orðist svo:

Ef skipverji deyr, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega. Ef líkbrennsla fer fram, ber skipstjóra að sjá um heimsendingu öskunnar.

b. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Skipstjóri skal tafarlaust tilkynna eftirlifandi maka, ef til er, en ella nánasta ættingja andlát skipverja og hafa samráð við þá, eftir því sem föng eru á, um þær ráðstafanir, sem að framan greinir.

15. gr.

1. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji deyr á þeim tíma, er útgerðarmanni bar að kosta umönnum hans, skal útgerðarmaður einnig bera kostnað af greftrun hans eða líkbrennslu.

16. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi, sem öðrum mönnum á skipi stafar hætta af, þá getur skipstjóri vikið honum úr skiprúmi. Um rétt skipverja til launa fer þá eftir fyrirmælum 18. gr.

17. gr.

Aftan við 3. (síðustu) málsgr. 33. gr. laganna komi:

Ef skipverji gat ekki komið til skips vegna veikinda eða meiðsla, sem hann á ekki sök á, skal hann þó eiga rétt til kaups samkvæmt fyrirmælum 18. gr.

18. gr.

2. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Skipverji, sem fer úr skiprúmi, af því að ferð skipsins var breytt, á rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprúmi, áður en

ferð var hafin, en ella til þess staðar, sem ráðningu skyldi slitið samkvæmt samningnum. Skipverji á og þá rétt til kaups, einn mánuð frá ráðningarslitum, ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en ella í hálfan mánuð, nema á íslenzkum fiskiskpum 7 daga.

19. gr.

Orðin „eða skipti verði á útgerðarmanni“ síðast í 40. gr. laganna falli burt.

20. gr.

1. og 2. málsliður 2. málsgr. 41. gr. laganna orðist svo:

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, sem segir í 1. málsgrein, á hann rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, sem skipverji á rétt á samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, á hann rétt til kaups úr hendi útgerðarmanns í tvo mánuði frá ráðningarslitum, ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en einn mánuð frá sama tíma, ef hann er í annarri stöðu á skipi, þó aldrei skemur en meðan á heimferð stendur.

21. gr.

2.—4. málsgrein 4. gr. laga nr. 36 27. júní 1941 verði 49. gr., og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því. Tilvísanir í greinar í lögunum þannig breyttum breytast þá einnig, svo sem hér segir:

Í 33. gr.: Fyrir „64. gr.“ komi: 65. gr.
Í 38. gr.: Fyrir „59. gr.“ komi: 60. gr.
Í 60. gr.: Fyrir „50. gr.“ komi: 51. gr.
Í 62. gr.: Fyrir „64. gr.“ komi: 65. gr.
Í 63. gr.: Fyrir „54. gr.“ komi: 55. gr.
Í 70. gr.: Fyrir „62. gr.“ komi: 63. gr.
Í 72. gr.: Fyrir „49., 50., 54., 57., 58., 60., 61., 85. og 87. grein“ komi: 50., 51., 55., 58., 59., 61., 62., 86. og 88. grein.
Í 73. gr.: Fyrir „71. greinar“ komi: 72. greinar.
Í 74. gr.: Fyrir „60. gr. og í 1. málsgr. 61. gr.“ komi: 61. gr. og í 1. málsgr. 62. gr.
Í 75. gr.: Fyrir „73. gr.“ komi: 74. gr.
Í 77. gr.: Fyrir „73.—75. gr.“ komi: 74.—76. gr.
Í 84. gr.: Fyrir „59. grein“ komi: 60. grein.
Í 85. gr.: Fyrir „74. gr.“ komi: 75. gr.
Í 1. málsgr. 89. gr. Fyrir „77. gr., 1. málsgr. 78. gr., 79., 80., 85. og 87. gr.“ komi: 78. gr., 1. málsgr. 79. gr., 80., 81., 86. og 88. gr.
Í 2. málsgr. 89. gr.: Fyrir „84. og 86. gr.“ komi: 85. og 87. gr.
Í 90. gr.: Fyrir „62. gr.“ komi: 63. gr.

22. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri skal taka í gæzlu sína þá muni, sem skipverji skilur eftir í skipinu við ráðningarslit. Skal hann, svo fljótt sem unnt er, gera vottfasta skrá um muni þessa. Telji skipstjóri vandkvæðum bundið að geyma munina, getur hann selt þá með hagkvæmum hætti.

Ef skipverji hefur strokið úr skiprúmi, má selja muni, sem hann hefur skilið eftir, til lúkningar á skaðabótakröfu útgerðarmanns og kostnaði, sem ríkið kann að hafa haft af skipverja. Ef afgangur verður af söluandvirði, skal fara um hann eftir ákvæðum 70. gr. Sama er, ef skipverji hefur ekki gert tilkall til eftirskilinna eigna innan tveggja ára, frá því að hann fór úr skipi.

23. gr.

Á eftir orðunum „Flytji hann áfengi“ í 7. tölulið 62. gr. laganna komi: eða eiturlyf.

24. gr.

1. málsgr. 64. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri skal í viðurvist tveggja prófvotta, sem hann kveður sjálfur til meðal hinna reyndustu manna af skipshöfninni, halda próf, áður en hann beitir refsivaldi sínu. Annar prófvotturinn skal vera stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður, en hinn úr flokki annarra skipverja.

25. gr.

Síðari málsliður 68. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt 68. og 69. gr. sæta meðferð opinberra mála.

26. gr.

2. málsliður 70. gr. laganna fellur burt.

27. gr.

Í stað orðanna „10—1000 kr., eða fangelsi“ í 73. gr. laganna komi: 1000—10000 kr., varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

28. gr.

Í stað orðsins „konungur“ í 74. gr. laganna komi: forseti.

29. gr.

Í stað orðanna „10—1000 króna“ í 75. gr. laganna komi: 1000—10000 króna.

30. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna“ í 77. gr. laganna komi: 500—5000 króna.

31. gr.

Í stað orðanna „fangelsi eða betrunarhúsvinna“ í 78. gr. laganna komi: varðhald eða fangelsi.

32. gr.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 79. gr. laganna komi: varðhaldi.

33. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna sektum, eða fangelsi“ í 80. gr. laganna komi: 500—5000 króna sektum eða varðhaldi.

34. gr.

Í stað orðanna „fangelsi eða hegningarvinnu“ í 81. gr. laganna komi: varðhaldi eða fangelsi.

35. gr.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. málslið 82. gr. laganna komi: varðhaldi. Og í stað orðsins „hegningarvinna“ í 2. málslið sömu gr. komi: fangelsi.

36. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna sektum, eða fangelsi“ í 83. gr. laganna komi: 500—5000 króna sektum eða varðhaldi.

37. gr.

Í stað orðanna „fangelsi eða sektum“ í 1. málsgr. 84. gr. laganna komi: sektum, varðhaldi eða fangelsi.

38. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna sektum eða fangelsi“ í 85. gr. laganna komi: 500—5000 króna sektum, varðhaldi eða fangelsi.

39. gr.

Í stað orðanna „einföldu fangelsi“ í 86. gr. laganna komi: varðhaldi.

40. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna“ í 87. gr. laganna komi: 500—5000 króna.

41. gr.

3. málsgr. 88. gr. laganna fellur burt.

42. gr.

90. gr. laganna orðist svo:

Mál, sem greinir í þessum kafla og ekki eiga undir siglingadóm, skulu rekin í sjódómi.

43. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmdar, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 41 1930 og gefa þau út svo breytt.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi ..... Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 36 27. júní 1941, um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni samgöngumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

Að undirbúningi frumvarps þessa hafa unnið þeir Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður og Guðbjartur Ólafsson hafnsögumaður, sem falin hafði verið endurskoðun á siglingalögunum og sjómannalögunum. Er nánar skýrt frá störfum nefndarinnar í greinargerð fyrir frumvarpi til breytinga á siglingalögunum, sem lagt var fram á Alþingi 1958.

Ákvæði um réttarstöðu skipshafnar voru upphaflega í siglingalögunum nr. 56 30. nóv. 1914. Með þeim lögum var siglingalöggjöf Íslands samræmd í meginatriðum siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra tekin út úr siglingalögunum og sett í sérstök sjómannalög, nr. 41 19. maí 1930. Var um það fylgt fordæmi annarra Norðurlandaþjóða, sem sett höfðu sér sjómannalög á árunum 1922 og 1923. Síðan hafa hinar Norðurlandaþjóðirnar endurskoðað sjómannalög sín og gefið þau út að nýju, sbr. dönsk Sömandslov frá 7. júní 1952, sænsk Sjömanslag frá 30. júní 1952 og norsk Sjömannslov frá 17. júlí 1953. Höfðu viðkomandi lönd samráð með sér um setningu laga þessara og þær breytingar, sem með þeim voru gerðar á eldri sjómannalögum þeirra.

Með því að ljóst er, að breytingar þær, sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert á sjómannalögum sínum, horfa yfirleitt til bóta og eru í betra samræmi við siglingastarfsemi nútíðarinnar en hinar eldri reglur, þá hafa gildandi sjómannalög þeirra verið höfð til fyrirmyndar við samningu frumvarps þessa. Það er og mikilsvert að rjúfa ekki samræmi það, sem um langt skeið hefur verið milli siglingalöggjafar Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða. Í nokkrum atriðum hefur þó verið vikið frá ákvæðum hinna norrænu sjómannalaga, þar sem annað þótti betur fara vegna íslenzkra atvinnuhátta eða annarra ástæðna.

Með frumvarpi þessu eru ekki gerðar neinar veigamiklar breytingar á réttarstöðu skipshafna. Hér er fremur um að ræða lagfæringar, ýmist til að nema burt úrelt ákvæði og setja önnur viðeigandi í staðinn eða til að fella fyrirmæli laganna betur að reglum almennrar atvinnulöggjafar.

Með lögum nr. 36 27. júní 1941 voru gerðar nokkrar breytingar á sjómannalögunum, aðallega viðvíkjandi réttarstöðu loftskeytamanna. Hafa þau ákvæði verið felld inn í frumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í 2. gr. gildandi laga er uppsögn á ráðningarsamningi skipstjóra bundin við, að skip sé komið í höfn, þar sem ferma skal það eða afferma. Hér er lagt til, að koma skips í höfn, þar sem það hættir siglingu, sé í þessu sambandi látin jafngilda því, að það komi í fermingarhöfn eða affermingar. Hér er aðallega átt við það, að skip sé komið í höfn, þar sem ferð þess sé lokið, og að þess sé ekki að vænta, að það hefji ferð að nýju um óákveðinn eða a. m. k. alllangan tíma. Koma skips í höfn til viðgerðar mundi oftast ekki fullnægja þessum skilyrðum.

Um 2. gr.

Ekki þykir rétt, að skipstjóri missi tilkall til launa samkvæmt 1. málsgr. 4. gr. laganna, þó að hann verið talinn eiga nokkra sök á veikindum sínum eða meiðslum, ef ekki kemur til ásetningur eða stórfellt gáleysi. Hin ströngu ákvæði núgildandi 2. málsgr. 4. gr. geta reynzt ósanngjörn, sérstaklega ef meiðsli ber að höndum við skyldustörf. Sama er um það, ef skipstjóri hefur ekki skýrt frá sjúkdómi eða meiðslum, er hann réðst á skipið, ef slíkt yrði ekki talið sviksamlegt atferli af hans hálfu. Grunur einn mundi því yfirleitt ekki nægja til að svipta skipstjóra launum og ekki heldur vitund um sjúkdóm eða meiðsli, sem skipstjóri hefur ástæðu til að álíta svo smávægileg, að þau mundu ekki hindra hann í starfi, þó að annað kunni að reynast síðar.

Um 3. gr.

Að því er snertir 1. og 2. tölulið þessarar greinar, eru efnisákvæði óbreytt frá því, sem nú er mælt í 7. gr. laganna. Hins vegar eru fyrirmælin í 3. tölulið ný, og vísast um þau til athugasemda við 5. gr. frv.

Um 4. gr.

Í 2. málsgr. 9. gr. laganna er nú mælt, að skipstjóri skuli ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu manna, sem starfa við vélgæzluna. Er þetta látið haldast, en því bætt við, að skipstjóri skuli einnig ráðfæra sig við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans og við fyrsta stýrimann um ráðningu annarra skipverja. Er þetta í samræmi við ákvæði annarra norrænna sjómannalaga.

Um 5. gr.

Í 1. málsgr. 10. gr. laganna er bannað að hafa yngri börn en 14 ára við vinnu á skipi. Aldursmark þetta var hækkað í 15 ár með 39. gr. barnaverndarlaga, nr. 39 frá 1947. Er það látið haldast hér, að því er tekur til karlmanna, en hækkað í 18 ár, að því er konur snertir. Er það sama aldursmark og í 10. gr. dönsku og sænsku sjómannalaganna, en í 10. gr. norsku laganna er bannað að ráða yngri kvenmenn en 20 ára til vinnu á skipi. Ákvæði 2. málsgr. eru í samræmi við fyrirmæli 2. málsgr. 10. gr. dönsku laganna, að því er varðar aldursmark manna, sem vinna við vélgæzlu.

Í 3. málsgr. er það nýmæli, að skipverjar skuli ganga undir læknisskoðun, áður en þeir hefja starf sitt á skipi. Eins og sambúð skipverja er háttað, verður að telja þetta nauðsynlega heilbrigðisráðstöfun. Í lögum eru nú engin almenn ákvæði um slíka skyldu, en sérákvæði, sem að þessu lúta, eru í 8. og 15. gr. berklavarnalaga, nr. 66 frá 1939.

Um 6. gr.

Breyting sú, sem hér er gerð á 12. gr. laganna, svarar til þess, sem áður er komið í 1. gr. frv. um slit á ráðningarsamningi skipstjóra. Vísast til athugasemda við þá grein.

Um 7. gr.

Um breytingu á fyrri málsgr. 13. gr. vísast til athugasemda við 6. gr. frv., sbr. 1. gr. þess.

Í 2. málsgr. eru ákvæði um uppsagnarfresti á ráðningarsamningum skipverja. Ákvæði þessi koma ekki til greina, þegar fyrir fram er samið um tiltekinn ráðningartíma, svo sem þegar samningur skal gilda um ákveðna vertíð. Samkvæmt gildandi lögum er uppsagnarfrestur á ráðningarsamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna 1 mánuður, sbr. 2. másgr. 13. gr. og 70. gr. laganna, og á skiprúmssamningum annarra skipverja 7 dagar, nema á íslenzkum fiskiskipum 1 dagur. Hér er um óvenjulega stutta uppsagnarfresti að ræða, því að almennt má telja, að föstum starfssamningum verði aðeins sagt upp með 3 mánaða fyrirvara hið skemmsta. Þessir stuttu uppsagnarfrestir sjómannalaganna munu hafa verið settir með það fyrir augum, að útgerð skipa er að ýmsu leyti ótryggari en venjulegt er um annan atvinnurekstur. Búast má við, að oft verði með litlum eða engum fyrirvara að taka skip úr notkun, t. d. vegna viðgerðar, af því að ekki sé völ á nýjum flutningasamningum, fiskveiðar bregðist o. s. frv. Væri þá óheppilegt, ef útgerðarmaður væri bundinn við langa uppsagnarfresti. Einnig getur verið óhagkvæmt fyrir skipverja, sem ekki fellur dvöl á skipi, að vera bundinn þar um langan tíma. En þó að tillit sé tekið til þessara sjónarmiða, þá verður samt að telja, að uppsagnarfrestir laganna séu óhæfilega stuttir. Er því lagt til, að frestir þessir verði lengdir, svo sem í þessari grein frv. segir.

Um 8. gr.

Breyting á 15. gr. laganna er í samræmi við áður gerðar breytingar á 2., 12. og 1. málsgr. 13. gr. þeirra, sbr. 1., 6. og 7. gr. frumvarps þessa og athugasemdir við þær.

Um 9. gr.

Sérákvæðið í 16. gr. laganna um seglskip er nú orðið úrelt. Er því lagt til, að það sé fellt burt.

Um 10. gr.

Hér eru gerðar nokkrar breytingar á 18. gr. laganna. Fyrsta og síðasta málsgr. haldast þó óbreyttar og sömuleiðis fyrri hluti 2. málsgr. Hins vegar er bætt við nýjum ákvæðum um áhrif sjúkleika eða meiðsla á rétt skipverja til launa. Er þá einnig felld þar inn óbreytt regla sú, sem nú er í 3. málsgr. 18. gr.

Í 2. málsgr. 18. gr. laganna er ráðagerð um það, að skipverji hafi „misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum“, án þess að nánari reglur séu um það settar, sbr. þó ákvæði 32. gr. um brottvikningu skipverja úr skiprúmi. Hér er lagt til, að í nýrri málsgr. (sem verður 3. málsgr.) komi sú almenna regla, að þegar fastráðinn skipverji forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla, eigi hann rétt til launa tiltekinn tíma, tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, en einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipi. Með því að fastákveða tímann þannig er unnt að koma í veg fyrir vafa og misræmi um launagreiðslur. Ef skipverji hefur aðeins verið mjög skamman tíma í þjónustu útgerðarmanns, þykir þó rétt að draga úr skyldu útgerðarmannsins, þannig að hann þurfi ekki að greiða laun fyrir fleiri daga, eftir að sjúkleikann eða meiðslin bar að höndum, en þeim tíma nemur, sem skipverji hafði gegnt starfi á skipinu. Skylda útgerðarmanns til launagreiðslu samkvæmt þessari málsgr. helzt jafnt fyrir það, þó að ráðningartími sé fyrr á enda samkvæmt ákvæðum skiprúmssamningsins eða vegna uppsagnar hans.

Í nýrri málsgr. (sem verður 4. málsgr.) eru svo greind atvik, sem hafa í för með sér launamissi. Þar kemur fyrst regla sú, sem nú er í 3. málsgr. 18. gr. laganna, en við er bætt sams konar ákvæðum og ætlazt er til að komi um skipstjóra í 2. málsgr. 4. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Um 11. gr.

Ákvæðið í 19. gr. laganna um rétt skipverja til að krefjast greiðslu í erlendri mynt, þegar kaupgreiðsla fer fram erlendis, fær ekki staðizt, eins og gjaldeyrismálum er nú háttað. Ekki er heldur unnt að setja neitt fast ákvæði til frambúðar um það efni.

Um 12. gr.

Í 23. gr. laganna er nú mælt, að skipverjar fái rétt til launaviðbótar, ef störf þeirra aukast við það, að mönnum fækkar á skipi, meðan á ferð stendur. Rétt þykir, að skipstjóri hafi sams konar rétt, þegar störf bætast við hann, vegna þess að stýrimönnum fækkar.

Um 13. gr.

Hér er um að ræða sams konar breytingu og áður hefur verið gerð á ákvæðum 2., 12. og 13. gr. laganna, sbr. 1., 6. og 7. gr. frv. og athugasemdir við þær.

Um 14. gr.

Hér er lögð skylda á skipstjóra að hafa samráð við vandamenn látins skipverja, áður en gerðar eru ráðstafanir þær, sem greinin fjallar um. Að öðru leyti eru ákvæði 29. gr. óbreytt að efni til.

Um 15. gr.

Hér er aðeins um að ræða orðalagsbreytingu, sem ekki þarfnast skýringar.

Um 16. gr.

Heimild til að víkja skipverja úr skiprúmi vegna veikinda eða meiðsla er óbreytt frá því, sem nú er mælt í 1. málsgr. 32. gr. laganna. Um rétt skipverja til launa fer þá eftir hinum nýju fyrirmælum í 18. gr., eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt, sbr. 10. gr. frv. og athugasemdir við hana. Fellur þá og burt 2. málsgr. núgildandi 32. gr. laganna.

Um 17. gr.

Rétt þykir að taka af tvímæli um það, að skipverji glatar ekki rétti til launa samkvæmt 2. tölulið 33. gr. laganna, þó að veikindi eða meiðsli, sem hann á ekki sök á, hindri hann frá því að koma til skips í tæka tíð. Að því er sökina varðar, gilda að sjálfsögðu saknæmisskilyrði 18. gr., eins og henni er breytt með 10. gr. frumvarps þessa.

Um 18. gr.

Samkvæmt 2. málsgr. 13. gr. laganna, eins og henni er breytt með 7. gr. frumvarps þessa, er uppsagnarfrestur á ráðningarsamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna 3 mánuðir, en 1 mánuður, að því er tekur til annarra skipverja, nema á íslenzkum fiskiskipum 7 dagar. Ef skipverja er vikið úr skiprúmi, án þess að heimild sé til þess eftir 32. eða 33. gr. laganna, á hann ávallt rétt til kaups áðurgreindan uppsagnarfreststíma, en þó ekki skemur en meðan á heimferð stendur, sbr. 34. gr. laganna. Samkvæmt 37. gr. laganna á skipverji rétt til að krefjast lausnar úr skiprúmi, ef breytt er til muna ferð þeirri, sem hann var ráðinn til, en ekki á hann þá rétt til launa lengur en stendur á heimferð hans til ráðningarstaðarins eða þess staðar, þar sem ráðningu skyldi slitið samkvæmt samningnum. Þessi ákvæði eru óhagstæð skipverjum, þar sem þeir fá engu um það ráðið, hvort ferð skips er breytt. Getur það ekki talizt sanngjarnt, enda í ósamræmi

við almennar reglur réttarins, að þeir fái engar bætur, þegar ráðningarsamningi slítur þannig án sakar af þeirra hálfu. Er því lagt til hér, að tekin séu upp ákvæði annarra norrænna sjómannalaga um nokkrar bætur til skipverja, þegar þannig stendur á, en þó ekki laun fyrir fullan uppsagnarfreststíma, nema að því er snertir skipverja á íslenzkum fiskiskipum, en uppsagnarfrestur þeirra er svo skammur, að ekki er ástæða til að miða bætur þeirra við styttri tíma.

Um 19. gr.

Með því að fella burt orð þau úr 40. gr. laganna, sem hér ræðir um, er ætlazt til þess, að um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar skipt er um útgerðarmann, fari eftir almennum réttarreglum um aðilaskipti að starfssamningum.

Um 20. gr.

Ef ráðningarsamningi lýkur með þeim hætti, sem segir í 1. málsgr. 41. gr. laganna (skip ferst, er dæmt óbætandi o. s. frv.), á skipverji samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar aðeins rétt til launa, meðan hann er á heimleið, og þó ekki allan þann tíma, ef heimferð tekur meira en 2 mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, en 1 mánuð, að því er tekur til annarra skipverja. Lagt er til, að réttur skipverja sé hér rýmkaður, þannig að stýrimenn, vélstjórar, brytar og loftskeytamenn fái jafnan rétt til launa um 2 mánuði, en aðrir skipverjar um 1 mánuð, en þó aldrei skemur en meðan á heimferð stendur.

Um 21. gr.

Með lögum nr. 36 frá 1941 var einni grein bætt við upphaflegu sjómannalögin, nr. 41 frá 1930, og ákveðið, að hún skyldi verða 49. gr. laganna. Er sú grein, eins og önnur ákvæði nefndra viðbótarlaga, felld inn í frumvarp þetta, enda er jafnframt lagt til í 44. gr. frv., að lög nr. 36 frá 1941 verði felld úr gildi. Vegna viðbótargreinarinnar breytist greinatala laganna og tilvitnanir í greinar, svo sem segir í þessari grein frv.

Um 22. gr.

Í þessari gr. frv. eru ákvæði um ráðstafanir á munum, sem skipverji skilur eftir í skipi við ráðningarslit, án tillits til þess, af hvaða ástæðum hann fer úr skipi, en í núgildandi lögum ræðir aðeins um muni, sem skipverji, er strokið hefur úr skipi, skilur þar eftir. Sá munur er þó gerður hér, að hafi skipverji strokið, er heimilt að selja munina þegar í stað til lúkningar kröfum á hendur honum, sem útgerðarmaður eða ríkissjóður hefur eignazt vegna dvalar hans í skipi, en ella er sala ekki heimil, fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför skipverja, nema geymsla munanna sé sérstökum vandkvæðum bundin.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Hér er fellt burt það ákvæði núgildandi laga, að prófvottar skuli báðir vera úr flokki yfirmanna á skipi, ef þess eru föng, þegar einhver þeirra er hafður fyrir sök. Það atferli yfirmanna, sem þeim er gefin sök á, kann að varða aðra tiltekna skipverja eða skipshöfnina í heild, og er þá rétt, að prófvottur úr flokki undirmanna geti fylgzt með prófunum.

Um 25. gr.

Með mál, sem fyrrum sættu meðferð einkalögreglumála, er nú farið eftir ákvæðum laga nr. 27 frá 1951, um meðferð opinberra mála. Er 68. gr. laganna breytt hér til samræmis við það.

Um 26. gr.

Fyrirmæli, sem sérstaklega varða bryta, hafa nú verið felld inn í viðeigandi greinar frumvarps þessa. Á 2. málsliður 70. gr. laganna því að falla burt.

Um 27. gr.

Ákvæðum um refsivist er hér breytt til samræmis við fyrirmæli almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, sbr. einkum 268. gr. þeirra. Sektarupphæð er og hækkuð, eftir því sem hæfilegt þykir eftir gildi peninga nú og öðrum ástæðum.

Um 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29.—40. gr.

Vísast til athugasemda við 27. gr.

Um 41. gr.

Vísast til athugasemda við 25. gr.

Um 42. gr.

Rétt þykir, að þau mál samkvæmt VI. kafla sjómannalaganna, sem ekki eiga undir siglingadóm, sbr. VIII. kafla laga um eftirlit með skipum, nr. 50 frá 1959, skuli vera rekin fyrir sjódómi.

Um 43. og 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 276. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 24 17. marz 1954, um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „kr. 9.00—36.00 á ári“ í 1. gr. laganna komi: kr. 25.00—100.00 á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frumvarp þetta samkvæmt beiðni kirkjumálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Kirkjuþing 1960 samþykkti að leggja fyrir Alþingi ályktun um að breyta lögum um sóknargjöld þannig, að hámark þeirra yrði eigi lægra en kr. 100.00, og þykir þá eðlilegt, að lágmark þeirra hækki í kr. 25.00 til samræmis.

Síðan sóknargjöld þau, er nú eru lögfest, gengu í gildi með ársbyrjun 1955, hefur rekstrarkostnaður safnaðanna stóraukizt. T. d. hefur rekstrarkostnaður dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík aukizt að þriðjungi, eða um það bil, á árunum 1955—59, og stóðu sóknargjöld ekki undir rekstri dómkirkjunnar á síðasta ári, þótt engar verulegar viðgerðir eða umbætur á kirkjunni færu fram það ár. Hefur þó hámarksleyfið verið notað þar, eins og í öllum söfnuðum Reykjavíkur.

Þetta dæmi eitt sýnir, að jafnvel söfnuði, sem á kirkjuhús sitt skuldlaust og annað, sem þarf til venjulegrar safnaðarstarfsemi, er ókleift að reka starfið með þeim sóknargjöldum, sem nú eru lögfest, þótt hámarksákvæðinu sé fylgt. Ætti af því að vera auðsætt, að söfnuðum, sem standa undir stórskuldum vegna kirkjuhúsa sinna, er mikil þörf á hækkun sóknargjaldanna.

Nd. 277. Breytingartillaga [144. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
2. mgr. 31. gr. laganna orðist svo:
Áfengisvarnaráð lætur gera kvikmyndir um öll þau atriði, sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar. Skal fræðslumálastjórninni skylt að sjá um, að skólarnir eigi jafnan kost á að sýna kvikmyndir þessar í heild eða kafla úr þeim, eftir því sem við á á hverju skólastigi, og að þeir eigi enn fremur aðgang að hentugum kennslubókum og öðrum kennslukvikmyndum til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, enda sé haft fullt eftirlit með því, að haldið sé uppi slíkri fræðslu í öllum skólum landsins. Kostnaður við kvikmyndagerðina greiðist úr gæzluvistarsjóði.

Nd. 278. Frumvarp til laga [159. mál]

um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðorma og æxlaveiki í káljurtum og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til kartöfluhnúðorma (Heterodera rostochiensia) og æxlaveiki (Plasmodiophora brassicae) í káljurtum. Ef aðrir næmir sjúkdómar gera vart við sig í matjurtum, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið þessara laga er að hindra útbreiðslu jurtasjúkdóma þeirra, er nefndir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna framkvæmdanefnd (jurtasjúkdómanefnd) til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Búnaðarfélag Íslands, framleiðsluráð landbúnaðarins og Garðyrkjufélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann, og skal hann jafnframt verða framkvæmdastjóri nefndarinnar. Kostnað, er leiðir af störfum nefndarinnar, skal greiða úr ríkissjóði.

5. gr.

Sérfræðingar búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans skulu hafa á hendi rannsókn á útbreiðslu sjúkdóma þeirra, er hér um ræðir, og gefa jurtasjúkdómanefnd jafnóðum skýrslu þar að lútandi. Þeir skulu jafnframt vera ráðunautar nefndarinnar um framkvæmdir í þessum málum og hafa eftirlit með því, að fyrirmælum hennar sé fylgt. Komi í ljós, að slíkt hafi verið vanrækt, skulu sérfræðingarnir tilkynna

formanni nefndarinnar það tafarlaust. Formönnum búnaðarfélaga og ræktunarráðunautum er skylt að aðstoða sérfræðingana við eftirlitsstarfið.

III. KAFLI

6. gr.

Jurtasjúkdómanefnd skal árlega ákveða, hvaða landssvæði skulu talin sýkt eða grunuð af kartöfluhnúðormi eða æxlaveiki í kálplöntum, og gefa út tilkynningu um það.

7. gr.

Bannað er að rækta kartöflur í garðlöndum, þar sem vart hefur orðið kartöfluhnúðorms. Skal slíkum garðlöndum lokað með því að breyta þeim í tún. Bannað er að nota kartöflur úr sýktum görðum til útsæðis.

8. gr.

Bannað er að rækta eða ala upp káljurtir og aðrar jurtir af krossblómaætt í garðlöndum, þar sem æxlaveiki hefur orðið vart. Jafnframt er bannað að rækta þar aðrar jurtir til gróðursetningar eða útsæðis.

9. gr.

Bannað er að flytja kartöflur frá sýktum eða grunuðum landshlutum til ósýktra landshluta eða héraða.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um, að nægilegt magn af útsæðiskartöflum verði framleitt á ósýktum svæðum. Skylt er að geyma þær í sérstökum geymslum, algerlega aðgreindar frá öðrum kartöflum. Þurfi að flytja inn erlendar útsæðiskartöflur, skal í hvívetna fylgt fyrirmælum laga nr. 17 31. maí 1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

10. gr.

Á stöðum, þar sem kartöfluhnúðorms eða æxlaveiki í kálplöntum hefur orðið vart, skal þess gætt að sótthreinsa öll jarðyrkjuverkfæri, sem notuð hafa verið í hinu sýkta landi, svo og uppskerugeymslur. Sótthreinsunin skal framkvæmd eftir leiðbeiningum búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans.

Formenn búnaðarfélaga eða ræktunarráðunautar skulu hafa eftirlit með framkvæmd sótthreinsana. Kostnað við eftirlit skal greiða úr ríkissjóði að fengnum tillögum jurtasjúkdómanefndar, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi framleiðandi.

11. gr.

Sérfræðingar búnaðardeildar skulu semja leiðbeiningar um, hvernig þekkja megi sjúkdóma þá, er lög þessi fjalla um, á hvern hátt sé unnt að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Jurtasjúkdómanefnd skal sjá um, að þessar leiðbeiningar svo og nákvæm skýrsla eða skrá um útbreiðslu sjúkdómanna á hverjum tíma sé nægilega oft birt og send öllum framleiðendum kartaflna og káljurta.

Formenn búnaðarfélaga og ræktunarráðunautar kaupstaða skulu hver á sínu svæði tilkynna jurtasjúkdómanefnd heimilisfang þeirra, er rækta matjurtir þær, sem um ræðir í lögum þessum.

12. gr.

Nú kemur í ljós, að fyrirmælum laga þessara hefur ekki verið hlýtt, t. d. að settar hafa verið kartöflur í sýkt land eða sýktu landi ekki lokað, og skal þá jurtasjúkdómanefnd snúa sér til hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra, sem þá hlutast til um, að úr verði bætt. Neiti framleiðandi að hlíta fyrirmælum laganna, skal hreppstjóri eða lögreglustjóri, með aðstoð búnaðarfélagsformanns eða ræktunar-

ráðunauts, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja ákvæðum laganna samkvæmt fyrirmælum jurtasjúkdómanefndar. Slíkar ráðstafanir skal gera á kostnað framleiðanda.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 10000.00.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var flutt af landbúnaðarnefnd samhljóða frumvarp þessu, að beiðni landbúnaðarráðherra, en varð þá ekki afgreitt.

Frumvarpið er flutt á ný að beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgir frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

Kartöfluhnúðormar fundust fyrst hér á landi haustið 1953. Síðan hafa gróðursjúkdómasérfræðingar atvinnudeildar háskólans á hverju sumri rannsakað útbreiðslu þeirra og hvaða tjóni þeir valda og leiðbeint um varnir gegn þeim. Hinir örsmáu hnúðormar sjúga næringu úr rótum kartöflugrasanna. Við það dregur úr starfsemi rótanna og uppskeran verður rýr. Ormarnir geta auðveldlega borizt milli garða með kartöflum (einkum útsæði), mold og verkfærum. Þeir lifa mörg ár í moldinni, ef þeir á annað borð komast í garðana, og fjölgar ár frá ári, ef haldið er áfram að rækta kartöflur Verður uppskeran að lokum nær engin. Erlendis eru hnúðormar taldir einhver versta kartöflupestin. Eina örugga varnarráðið er að leggja smitaða kartöflugarða niður og helzt breyta þeim í tún og loka landinu þannig. Sé þetta gert, er enn þá hægt að útrýma kartöfluhnúðormunum hér á landi.

Kartöfluhnúðormarnir hafa fundizt á þessum stöðum: í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Grindavík, Keflavík, við Garðskagavita, Eyrarbakka, Stokkseyri, í Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, á nokkrum bæjum undir Eyjafjöllum, í Meðallandi, að Grafarbakka og Reykjabóli í Hreppum, Múla í Landssveit, Ólafsvík, við héraðsskólann á Reykjanesi við Djúp, að Hrafnagili við Eyjafjörð, Bjarnarflagi við Mývatn og að Bakka og Ærlækjarseli í Kelduhverfi.

Kálæxlaveiki er illræmdur sveppasjúkdómur, sem veldur vörtukenndum æxlum á rótum káls og rófna og getur eyðilagt uppskeruna. Veikin er mjög smitandi og getur haldizt í moldinni í mörg ár. Mest er um veikina í Hveragerði, Laugarvatni, Hvammi í Hrunamannahreppi og grennd, Reykjum í Biskupstungum og Vestmannaeyjum. Veikin berst einkum með káljurtum til gróðursetningar úr sýktum uppeldisreitum og hefur aðallega dreifzt þannig hér á landi. Sýkt mold, verkfæri og búfjáráburður undan gripum, sem etið hafa sýkt kál eða rófur, er einnig smitandi. Hætta þyrfti allri kál- og rófnarækt á smituðum svæðum, og má alls ekki undir neinum kringumstæðum láta af hendi káljurtir til gróðursetningar úr smitaðri mold. (Kalk og fleiri efni draga nokkuð úr æxlaveiki, en moldin er smituð eftir sem áður). Enn er fært hér á landi að útrýma æxlaveikinni.

Með frumvarpinu er stefnt að útrýmingu framangreindra jurtasjúkdóma, og verða ákvæði þess nokkru róttækari en ef einungis hefði átt að draga úr úbreiðslu þeirra og draga úr tjóni. Að öðru leyti hlutu ákvæði og aðgerðir að verða mjög hliðstæðar, hvor stefnan sem tekin væri.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1.—4. gr.

Fyrstu fjórar greinar frumvarpsins eru um skipulag, stjórn og framkvæmdir. Eðlilegast virðist, að þær stofnanir (Búnaðarfélag Íslands, framleiðsluráð landbúnaðarins og Garðyrkjufélag Íslands), sem nefndar eru í 4. gr., tilefndu sinn manninn hver í framkvæmdanefnd (jurtasjúkdómanefnd), sem landbúnaðarráðherra skipaði, og jafnframt að hann skipaði einn nefndarmanna framkvæmdastjóra.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að sérfræðingar búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans hafi á hendi rannsóknir á sjúkdómum og útbreiðslu þeirra og gefi framkvæmdanefnd jafnóðum skýrslu um þær. Það fyrirkomulag er talið hagkvæmara heldur en að sérfræðingur frá deildinni væri í framkvæmdanefndinni.

Um 6. gr.

Hér er jurtasjúkdómanefnd falið að ákveða, hvaða landssvæði skulu talin sýkt eða grunuð af kartöfluhnúðormi eða æxlaveiki í kálplöntum, og gefa út tilkynningu um það. Er það gert til þess að hægt sé að fá í tæka tíð vitneskju um, hvaða garða beri að leggja niður og hvar óhætt sé að taka útsæði til dreifingar.

Um 7. og 8. gr.

Hér eru ákvæði um bann við ræktun kartaflna og káljurta í sýktum garðlöndum og hvernig með þau skuli fara. Þar sem kartöfluhnúðormur finnst, er nauðsynlegt að breyta garðlandi í tún til að fyrirbyggja smitun frá því. Þar sem æxlaveiki finnst, er talið nægja að hætta ræktun káljurta og hætta þar jafnframt ræktun annarra jurta til gróðursetningar og útsæðis.

Um 9. gr.

Greinin bannar flutning kartaflna af sýktum og grunuðum svæðum til ósýktra héraða. Er þar jafnframt sú skyldi lögð á herðar Grænmetisverzlunar landbúnaðarins að sjá um, að nægilegt magn af útsæðiskartöflum verði framleitt á ósýktum svæðum. Í þeirri grein eru einnig fyrirmæli um aðgreiningu á kartöflum í geymslurúmum.

Um 10. gr.

Hér er rætt um sótthreisun á geymslum og jarðyrkjuverkfærum, sem notuð hafa verið í sýktu landi. Er ætlazt til, að ræktunarráðunautar hafi eftirlit með slíkum sótthreinsunum, þar sem þeir eru til staðar, en annars formenn búnaðarfélaga. Rétt virðist, að þóknun fyrir eftirlit með sótthreisnun verði greidd úr ríkissjóði, en annan kostnað, er af henni leiðir, greiði framleiðandi.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að samdar verði og sendar út til framleiðenda leiðbeiningar um, hvernig þekkja megi sjúkdóma þá, er frumvarpið fjallar um, og á hvern hátt helzt megi koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Er jurtasjúkdómanefnd falið að koma þeim leiðbeiningum til framleiðenda. Þess má geta, að sérfræðingar búnaðardeildar hafa þegar samið leiðbeiningar um útrýmingu kartöfluhnúðorms.

Um 12.—15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 279. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um ráðstafanir vegna læknaskorts.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gísli Jónsson, Sigurður Ágústsson, Gunnar Gíslason, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera í samráði við landlækni hverjar þær ráðstafanir sem mögulegar eru til þess að útvega lækna í þau læknishéruð landsins, sem nú eru læknislaus, og stuðla að því með öðrum hætti að bæta úr því öryggisleysi, sem fólk þessara héraða á við að búa í heilbrigðismálum. M. a. verði athugaðir möguleikar á að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslækna.

Greinargerð.

Miklir og vaxandi erfiðleikar eru nú á því að fá lækna til þess að gegna strjálbýlustu og fámennustu læknishéruðum landsins. Eru eftirfarandi læknishéruð nú læknislaus:

Árneslæknishérað í Strandasýslu.
Flateyjarlæknishérað í Barðastrandarsýslu.
Reykhólalæknishérað í Barðastrandarsýslu.
Súðavíkurlæknishérað í Norður-Ísafjarðarsýslu.
Kópaskerslæknishérað í Norður-Þingeyjarsýslu.
Bakkagerðislæknishérað í Norður-Múlasýslu.

Enn fremur er 7. læknishéraðið, Vopnafjarðarlæknishérað í Norður-Múlasýslu, um þessar mundir að missa lækni sinn. A. m. k. þrjú önnur læknishéruð eru óveitt, vegna þess að enginn læknir hefur fengizt til þess að sækja um þau. Eru það Hofsóslæknishérað, Siglufjarðarlæknishérað og Hólmavíkurlæknishérað, en þessum héruðum hefur þó verið ráðstafað til bráðabirgða.

Hér er um mikið og torleyst vandamál að ræða. Er flm. kunnugt um, að bæði landlæknir og heilbrigðismálaráðherra hafa mikinn áhuga fyrir því að ráða fram úr því. Læknisleysið hefur í för með sér mikið öryggisleysi og margvísleg vandkvæði fyrir fólkið í þeim héruðum, sem við það búa. Sæmileg læknisþjónusta er nú á tímum talin meðal frumstæðustu lífsþæginda. Auðsætt er, að ef svo fer fram um árabil, að ekki fást læknar til fyrrgreindra héraða, þá hlýtur það að hafa í för með sér brottflutning fólks þaðan og verulegan samdrátt í framleiðslustarfsemi þjóðarinnar. Flutningsmenn þessarar tillögu telja því, að einskis megi láta ófreistað til þess að ráða fram úr þessu vandamáli. Meðal þeirra úrræða, sem þeir telja að til greina geti komið í þeim efnum, eru hagstæðari kjör lækna í hinum afskekktustu og fámennustu læknishéruðum, fullkomnari og betri læknisbústaðir í þessum héruðum, betri samgöngutæki til þess að ferðast um hin strjálbýlu héruð og ráðning læknastúdenta í ríkara mæli en áður hefur tíðkazt til þess að gegna til bráðabirgða störfum í þessum lítt eftirsóknarverðu læknishéruðum. Enn fremur telja flm., að til greina geti komið ráðning erlendra lækna eða hjúkrunarmanna til þess að annast læknisþjónustu eða hjúkrunarstörf til bráðabirgða í þessum héruðum. Sú leið mun að vísu með öllu ókönnuð, en ekki virðist þó úr vegi að rannsaka hana, áður en til fullkominnar uppgjafar kemur gagnvart þeim vanda, sem hér er við að etja. Þá hefur sú hugmynd einnig verið sett fram, að stofnun elli- og örorkuheimila á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum gæti einnig orðið til þess að auka möguleikana á útvegun lækna í hin læknislausu héruð. Virðist eðlilegt og sjálfsagt að athuga, hvort sú hugmynd sé framkvæmanleg.

Það er skoðun flm., að hér sé um mikilvægt heilbrigðis- og mannúðarmál að ræða. Fólkið í hinum strjálbýlustu héruðum á ekki síður rétt á því en annað fólk

í landinu að njóta læknishjálpar, þegar slys eða veikindi ber að höndum. Þess vegna ber samfélaginu að horfast í augu við þá staðreynd, að hér er sérstakra og róttækra ráðstafana þörf.

Ed. 280. Frumvarp til laga [161. mál]

um lögskráningu sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI
Um lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra.

1. gr.

Lögskráning sjómanna er tvenns konar: lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

2. gr.

Skylt er að lögskrá alla þá menn, sem ráðnir eru til starfa á íslenzkum skipum, sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri.

Þó þarf eigi að lögskrá:

a. leiðsögumenn,
b. eftirlitsmenn með farmi,
c. verkamenn, er vinna eiga að fermingu eða affermingu í höfnum innanlands, þó að þeir fari með skipinu, enda séu þeim ekki ætluð önnur störf á skipinu.

3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan heimilisþinghár sinnar er þeim heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar.

Samgöngumálaráðuneytið getur skipað sérstaka lögskráningarstjóra á þeim stöðum, þar sem ástæða þykir til að létta því starfi af lögreglustjóra. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð, ef þess gerist þörf.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, fer lögskráning fram í því umdæmi, sem skipið þá er statt í.

4. gr.

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Hvert sinn, er nýr maður eða áhöfn er ráðin á skip.
2. Í fyrsta sinn á hverju almanaksári, er skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn, enda þótt engin breyting verði á skipshöfn eða ráðningarkjörum hennar.
3. Hvert sinn, er nýr maður er ráðinn erlendis á íslenzkt skip. Skal þá íslenzkt sendiráð eða ræðismaður lögskrá á skipið, ef til næst. Sendiráð eða ræðismaður skal síðan þegar tilkynna hina nýju lögskráningu með símskeyti til lögskráningarstjóra þess, sem lögskráði á skipið um næstu áramót á undan.

   Sé ekki unnt að ná til sendiráðs eða ræðismanns, en ráða verði mann á íslenzkt skip erlendis, skal skipstjóri þegar tilkynna það til lögskráningarstjóra þess, sem lögskráði á skipið um næstu áramót á undan.
4. Hvert sinn, er sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslenzku skipi, sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir, áður en þeir fara af landi burt, og fer lögskráning þá fram þar, sem ráðningarsamningur er gerður við þá.
5. Hvert sinn, er íslenzkur sjómaður er ráðinn á erlent skip hér á landi.

5. gr.

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn, er vist manns lýkur á skipi, hvort sem hann er leystur úr skiprúmi, strýkur af skipi, andast í vistinni eða fer með öðrum hætti af skipi. Fari hann af skipi í hérlendri höfn, fer lögskráning fram þar, en ella með sama hætti og um getur í 3. lið 4. gr., um lögskráningu í skiprúm.

II. KAFLI

Um lögskráningu á skip, önnur en fiskiskip.

6. gr.

Eigi má skipstjóri leggja skipi úr höfn, nema allir skipsmenn, sem skylt er að lögskrá skv. 2. gr., hafi verið lögskráðir í skiprúm.

Er skipstjóra skylt að sjá um, að skipverjar séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Nú er svo ástatt sem segir í 4. lið 4. gr. og er skipstjóri eigi staddur þar, sem lögskráning á að fara fram, og skal þá útgerðarmaður sjá um, að lögskráð sé.

7. gr.

Við lögskráningu í skiprúm skal skipstjóri afhenda skráningarstjóra:

1. Skipstjóraskírteini sitt.
2. Mælingarbréf skipsins og haffærisskírteini.
3. Atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum, til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.
4. Skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefur verið gerð.
5. Viðskiptabækur og sjóferðabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu.

Við lögskráningu úr skiprúmi skal skipstjóri leggja fram skipshafnarskrá og sjóferðabækur.

8. gr.

Þegar skipsmenn allir eru skráðir í senn, skv. 2. lið 4. gr. eða endranær, skal skipstjóri láta gera skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum. Samgöngumálaráðuneytið ákveður gerð skipshafnarskrár.

Nú eru nýir menn lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð, og skal þeim þá bætt við á skrána, meðan hún endist, en á aukaskrá, sé hún fullrituð, og skal þess þá getið í aðalskránni, að aukaskrá hafi verið gerð.

9. gr.

Um viðskiptabækur og sjóferðabækur skipsmanna fer eftir ákvæðum sjómannalaga og laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum svo og reglugerða þeirra, er settar eru samkvæmt þeim lögum.

10. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm samkv. þessum kafla skulu menn þeir, er lögskráðir skulu, mæta sjálfir hjá lögskráningarstjóra ásamt skipstjóra, eða útgerðarmanni eða umboðsmanni hans, er svo stendur á sem segir í niðurlagi 6. gr.

Nú er sá maður, er lögskráður skal, ráðinn á skip af öðrum en skipstjóra eða útgerðarmanni, og skal þá sá maður, er réð hann, mæta við lögskráningu hans og undirrita ráðningarsamninginn í skipshafnarskrá og viðskiptabók.

11. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri lesa upp ráðningarsamninginn í viðskiptabókinni eða skipshafnarskránni fyrir þeim, sem lögskráður skal. Ef lögskráningarstjóri telur samninginn ekki að öllu leyti í samræmi við gildandi kjarasamninga viðkomandi stéttarsamtaka, skal lögskráningarstjóri benda aðila

á það og spyrja hann að því, hvort hann sé samþykkur samningnum. Sama gildir, ef lögskráningarstjóra virðast einhver ákvæði í samningnum óvenjuleg eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast, og skal hann þá benda aðilum á þau. Vilji báðir aðilar þrátt fyrir það hlíta samningnum, eins og hann er, skal lögskráning fara fram, ef samningurinn brýtur eigi í bága við lög, en lögskráningarstjóri skal þá rita athugasemd í viðskiptabókina og á skipshafnarskrána um það, hvað honum þótti athugavert við samninginn.

12. gr.

Þegar skipstjóri og menn þeir, sem lögskrá skal, hafa undirritað ráðningarsamninginn í viðskiptabók og skipshafnarskrá, skal skráningarstjóri afhenda skipstjóra annað eintak skipshafnarskrár með áritun sinni ásamt þeim skjölum, sem framlögð voru, áður en skráning hófst, sbr. 7. gr., en varðveita sjálfur hitt eintak skipshafnarskrárinnar.

13. gr.

Nú fer lögskráning á hluta skipshafnar eða allri skipshöfn síðar fram í öðru umdæmi en þar, sem samrit skipshafnarskrár, er lögskráningarstjóri hélt eftir, er skráð var skv. 2. lið 4. gr., er geymt, og skal þá lögskráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, halda eftir samriti af því, sem ritað er á samrit skipstjóra, eða aukaskrá, hafi hún verið gerð, við hina síðari lögskráningu. Skal lögskráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, þegar senda þeim, er lögskráði á skipið í ársbyrjun sama ár, afrit af hinni nýju lögskráningu og hann færa það á frumrit það, sem er í hans vörzlu, ásamt viðeigandi athugasemd.

Nú skýrir skipstjóri frá því við lögskráningu, að skipshafnarskrá sín sé glötuð, og lögskráningarstjóri hefur eigi samrit hennar, og skal þá lögskráningarstjóri leggja fyrir skipstjóra að láta gera nýja skipshafnarskrá. Skal lögskráningarstjóri þá rannsaka, hvort hin nýja skrá sé rétt, með samanburði á henni við viðskiptabækur skipsmanna og önnur skilríki þeirra og með því að láta þá sjálfa skýra frá ráðningarkjörum sínum. Eigi að lögskrá alla skipsmenn úr skiprúmi, þarf að gera nýja skrá, en lögskráningarstjóri skal þá rannsaka þau atriði, er lögskráningin gefur tilefni til, með þeim hætti, er áður var sagt.

14. gr.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, sem skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti og lýst er í 10. gr., ef þeir óska þess og eigi tálma veikindi eða önnur forföll.

Óheimilt er að lögskrá úr skiprúmi nema frá þeim degi að telja, er slíkrar skráningar er óskað, nema fyrir liggi yfirlýsing frá þeim skipverjum, sem þannig á að lögskrá úr skiprúmi, um, að þeir séu því samþykkir.

Geti sjómaður eigi tekið á móti sjóferðabók sinni eða viðskiptabók, er hann er lögskráður úr skiprúmi, skal afhenda þær lögskráningarstjóra til varðveizlu og ráðstöfunar.

Uu kaup skipverja, sem haldið er eftir samkvæmt 63. gr. sjómannalaga, fer eftir 70. gr. sömu laga.

III. KAFLI

Um lögskráningu á fiskiskip.

15. gr.

Um lögskráningu sjómanna á skip, sem stunda hvers konar fiskveiðar, gilda sömu ákvæði, er gilda um lögskráningu sjómanna á skip, sem ekki stunda veiðar, með þeim undantekningum, sem greinir í þessum kafla.

16. gr.

Við lögskráningu á skip þau, er um ræðir í þessum kafla, skulu allir þeir menn, sem lögskrá á til þeirra starfa á skipinu, sem sérstök réttindi þarf til að gegna lögum samkvæmt, mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá á sama hátt og lýst er í II. kafla.

Við lögskráningu þá, er um getur í 2. lið 4. gr., skulu allir skipverjar mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá. Sama gildir, ef ákvæði í ráðningarsamningum eru ekki í samræmi við almenna samninga, sem í gildi eru um veiðar þær, sem skipið á að stunda, eða slíkir samningar ekki í gildi.

Að öðru leyti en um getur í næstu málsgrein hér á undan er skipverjum, sem ekki eru ráðnir til réttindastarfa á skipi, eigi skylt að mæta við lögskráningu og undirrita skipshafnarskrá þar. Þó getur sérhver þeirra krafizt þess að vera viðstaddur, er hann skal lögskráður, og er skipstjóra þá skylt að heimila það.

17. gr.

Nú fer lögskráning fram með þeim hætti, sem um getur í 16. gr., enda sé ekki um að ræða lögskráningu samkvæmt 2. lið 4. gr., og skal þá skipstjóri færa á skipshafnarskrá við lögskráningu nöfn þeirra manna, er hann hefur ráðið á skipið og eigi er skylt að mæti sjálfir við lögskráningu, auk nafna þeirra, sem skylt er að vera viðstaddir eða eru það að eigin ósk. Jafnframt skal skipstjóri rita í skipshafnarskrá aðrar þær upplýsingar um ráðna skipverja, sem lögskrá á, en eigi eru viðstaddir, sem tilskilið er, þ. á m. um ráðningarkjör.

Síðan skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, sjá um, að þeir skipverja, sem hafa ekki undirritað skipshafnarskrána, riti nafn sitt á réttum stað á eintak það, er skipstjóri fær af skipshafnarskrá.

18. gr.

Nú ber svo til, að leggja þarf fiskiskipi úr höfn til veiða á þeim tíma, er skrifstofa lögskráningarstjóra er lokuð, og ekki unnt að ljúka lögskráningu á venjulegan hátt, en lögskrá þarf einn mann eða fleiri í skiprúm, og er þá heimilt, að þeir fari með skipinu án venjulegrar lögskráningar, enda hafi viðkomandi réttindi til þeirra starfa, sem hann er lögskráður til, og skipstjóri eða útgerðarmaður tilkynni lögskráningarstjóra nöfn mannanna og annað, sem honum ber að skýra frá við almenna lögskráningu. Tilkynningin skal vera skrifleg og hafa borizt lögskráningarstjóra eigi síðar en 24 klst. eftir brottför skipsins á þar til gerðu eyðublaði eða í símskeyti.

Sama gildir, ef einn eða fleiri menn eru ráðnir á skip, eftir að almenn lögskráning samkv. 16. gr. hefur farið fram.

19. gr.

Þegar skip lætur úr höfn með einn eða fleiri skipverja, sem ekki hafa verið lögskráðir á venjulegan hátt, sbr. 18. gr., skal skipstjóri, jafnframt því sem hann sér um, að nöfn og upplýsingar séu sendar lögskráningarstjóra, færa nöfn mannanna og annað, sem skrásetja ber við lögskráningu, á eintak það af skipshafnarskránni, sem er í skipinu. Skulu þeir, sem þannig eru lögskráðir, samþykkja lögskráninguna með áritun sinni á skipshafnarskrána.

Við næstu lögskráningu skal skipstjóri leggja eintak það af skipshafnarskránni, sem í skipinu er, fyrir lögskráningarstjóra, og skal þá bera hana saman við frumeintak lögskráningarstjóra og þær tilkynningar, sem honum hafa borizt. Enn fremur skal lögskráningarstjóri athuga, hvort allir þeir, sem mættu ekki við lögskráningu hjá lögskráningarstjóra eða lögskráðir hafa verið síðar samkvæmt 18. gr., hafa áritað eintak skipstjóra af skipshafnarskrá. Að athugun lokinni ritar lögskráningarstjóri niðurstöður sínar í eintak það af skipshafnarskránni, sem er í hans vörzlum.

IV. kafli.
Almenn ákvæði.

20. gr.

Lögskráningarstjóri skal gæta þess, að skilríki þau öll, sem nefnd eru í 7. gr., séu fyrir hendi, er lögskráð er. Hann skal og gæta þess, að ritað sé í skipshafnarskrá og í viðskiptabók allt það, er þar skal ritað lögum samkvæmt, og að eigi sé ósamræmi milli þeirra. Komist hann að raun um, að misbrestur sé á þessu, skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt, en ella ritar hann vottorð sitt um lögskráninguna á skjöl þessi.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri einnig rannsaka, hvort nokkuð í framlögðum skjölum sé því til fyrirstöðu, að menn þeir, sem skráðir skulu, megi vera á skipinu eða í þeirri stöðu, sem þeir eru ráðnir til. Reynist einhverju áfátt í þessu efni, skal hann neita að lögskrá þá menn, sem svo er ástatt um.

21. gr.

Lögskráningarstjóri skal jafnan, er lögskráning fer fram, rannsaka, hvort farið hefur verið eftir fyrirmælum laga um lögskráningu. Ef ætla má, að lögbrot hafi verið framið, skal hann gera þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að ábyrgð verði komið fram fyrir brotið. Nú er lögskráningarstjóri eigi jafnframt lögreglustjóri, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra þessa málavexti.

22. gr.

Nú verða skipstjóraskipti á íslenzku skipi, og skal lögskráningarstjóri þá kveðja báða skipstjórana til sín, ef þess er kostur. Skal þá afhenda hinum nýja skipstjóra öll skjöl, þau er skipinu eiga að fylgja og fyrirrennari hans hafði undir höndum, jafnframt því að hann er lögskráður á skipið.

23. gr.

Lögskráningarstjóra er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af viðskiptabókum sjómanna, sjóferðabókum og skipshafnarskrám. Ef skipstjóri óskar þess, er lögskráningarstjóra skylt að fylla skjöl þessi út fyrir hann.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá, er samgöngumálaráðuneytið setur. Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanna.

24. gr.

Lögskráningarstjóra ber að sýna alla lipurð um lögskráningu utan venjulegs skrifstofutíma, þegar nauðsyn krefur. Í Reykjavík skal lögskráningarstjóri sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árdegis til kl. 5 síðdegis, og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrra helgidegi stórhátíða, frá kl. 4 til kl. 6 síðdegis.

25. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að kr. 10 000.00, enda liggi ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

26. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með að hætti opinberra mála.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 53 19. maí 1930, um lögskráningu sjómanna.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni sjávarútvegsmálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

Hinn 15. janúar 1960 skipaði siglingamálaráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglur varðandi lögskráningu sjómanna.

Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Ingólfsson deildarstjóri í samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytinu, Baldur Guðmundsson útgerðarmaður, eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Kristófer Eggertsson skipstjóri, eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sigfús Bjarnason sjómaður, eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur, og Sveinn Þórðarson fulltrúi, eftir tilnefningu tollstjórans í Reykjavík.

Í fjarveru- og veikindaforföllum Kristófers Eggertssonar tilnefndi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands Egil Hjörvar vélstjóra til að starfa í nefndinni í stað Kristófers, og sótti Egill nokkra fundi nefndarinnar.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um framkvæmd lögskráningar sjómanna hér á landi og lög þau og reglur, er um þessi mál gilda í Noregi, Svíþjóð og Bretlandi. Varð fullt samkomulag í nefndinni um frumvarp þetta.

Áður en vikið er að helztu nýmælum frumvarpsins, skal saga lögskráningarlöggjafar á Íslandi rakin í stuttu máli.

Fyrstu íslenzku lagaákvæðin um lögskráningu sjómanna var lögskráningarbálkur farmannalaganna frá 22. marz 1890. Voru þar ákvæði um lögskráningarskyldu og framkvæmd lögskráningar, en jafnframt gert ráð fyrir, að landshöfðingi gæfi út leiðarvísi um það, hvernig skráningarstjórar framkvæmdu störf sín. Leiðarvísir þessi var út gefinn 15. nóv. 1890 og bar nafnið „Leiðarvísir fyrir skipskráningarstjóra um framkvæmd starfa þeirra, sem farmannalög 22. marz 1890 leggja þeim á herðar".

Leiðarvísirinn er í tveimur hlutum, fyrri hlutinn um almenna framkvæmd starfa þeirra, sem um ræðir í lögskráningarbálki, og síðari hlutinn um framkvæmd starfa þeirra, sem um ræðir í vistráðabálki farmannalaganna frá 1890, en þar var að finna helztu ákvæðin um gerð skipshafnarskrár, skiprúmssamninga, viðskiptabækur sjómanna o. fl. Í þessum hluta leiðarvísisins eru því allýtarleg fyrirmæli um það, hvað skuli færa í viðskiptabækur m. a. og hverjar skyldur skráningarstjórum eru lagðar á herðar vegna ákvæða vistráðabálkar, til þess að lögskráning megi fara fram, enn fremur að skráningarstjóri skuli gæta þess, að skiprúmssamningur brjóti ekki í bága við lög, og sjómaður undirgangist ekki óafvitandi samninga, sem honum eru í óhag. Þá skyldi skráningarstjóri aðstoða við gerð skiprúmssamninga og uppgjör reikninga, reyna að jafna ágreining milli aðila og leiðbeina þeim, er honum þykir á hallað, um það, hvernig hann skuli ná rétti sínum.

Þessi ákvæði hafa að verulegu leyti verið tekin upp í gildandi lögskráningarlög frá 1930, efnislega nær óbreytt.

Leiðarvísir landshöfðingja frá 1890 um lögskráningu sjómanna virðist hafa gilt fram til 1. jan. 1931, því að enda þótt gert væri ráð fyrir því í siglingalögunum frá 1914, að stjórnarráðið setti reglur fyrir skráningarstjóra til að fara eftir við lögskráningu, munu þær reglur aldrei hafa verið settar og því verið farið eftir leiðarvísinum frá 1890, eftir því sem við átti, allt til 1. jan. 1931, er núgildandi lög tóku gildi.

Þann 31. jan. 1930 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna. Við 1. umr. um málið í Nd. komst framsögumaður, sem var einn flutningsmanna, m. a. svo að orði um frumvarpið:

„Þetta frumvarp er að mestu leyti sniðið eftir þeirri venju, sem hefur að

nokkru leyti skapazt hér á landi um lögskráningu sjómanna, og mun sú venja nokkuð stafa frá þeim leiðarvísi, sem þáv. landshöfðingi árið 1890 gaf lögreglustjórum til að fara eftir við lögskráningu. Sá leiðarvísir var að mestu sniðinn eftir gildandi dönskum lögum, en í þessu frumvarpi eru ýmis nýmæli, sem ég síðar mun minnast á.“

Framsögumaður benti síðan í ræðu sinni á helztu nýmæli frumvarpsins og taldi ákvæði 16. gr. þýðingarmest, en það var síðar samþykkt óbreytt. Í greininni eru ákvæði um það, að skráningarstjóri skuli gera upp reikning sjómanna, ef þess er krafizt, miðla málum milli aðila og úrskurða ágreiningsatriði. Í frumvarpinu voru enn fremur ýmis önnur nýmæli, orðalag gleggra og ýtarlegra en í leiðarvísinum frá 1890, enda þótt frumvarpið væri að mestu sniðið eftir honum.

Frumvarp þetta var samþykkt á Alþingi 16. apríl 1930, lítið breytt, og öðluðust lögin gildi 1. jan. 1931.

Við samningu frumvarps eða endurskoðun löggjafar er rétt að gera sér ljósan kjarna málsins og hver er megintilgangurinn. Við endurskoðun gildandi laga um lögskráningu sjómanna virðist rétt að leggja áherzlu á eftirgreind atriði fyrst og fremst, sem setja verður glögg ákvæði um:

1. Lögskráning á að tryggja, að áhöfn skips sé lögleg, að ekki séu aðrir í skiprúmi á skipi en þeir, sem mega það lögum samkvæmt og hafa fært sönnur á fyrir lögskráningarstjóra, að þeir hafi lagalegan rétt til þess að gegna þeim störfum á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.
2. Með lögskráningu er tryggt, að upplýsingar séu til um það, hverjir eru í skiprúmi á hverjum tíma.
3. Að gerðir séu glöggir samningar um kaup og kjör lögskráðra sjómanna með því að vitna í heildarsamninga eða, séu slíkir samningar ekki til, þá með því að skrá sérstaklega, hvaða kjör er samið um.
4. Með lögskráningu er skráður siglingatími sjómanna.

Telja verður, að þessi fjögur atriði feli í sér megintilgang lögskráningar sjómanna, og er frumvarpið samið með hliðsjón af því. Er því lögð áherzla á það í frumvarpinu að fella lögskráninguna í það form, að unnt sé í framkvæmd að tryggja sem bezt, að náð sé þessum megintilgangi laganna.

Í gildandi lögum eru ákvæði, sem telja verður fullnægjandi, um eftirlit með því, er fjallar um í 1. lið hér að framan. Eru þau ákvæði gildandi laga tekin efnislega óbreytt í frumvarp þetta.

Varðandi 2. lið hér að framan verður að telja, að ekki sé unnt að tryggja að gildandi lögum óbreyttum, að jafnan séu fyrir hendi upplýsingar um, hverjir í skiprúmi eru. Kunnugt er, að mikill misbrestur er á því, að allir skipverjar, sem lögskrá á í skiprúm, komi til lögskráningarstjóra og undirriti þar ráðningarsamning í skipshafnarskrá, og oft eru menn ráðnir til starfa á síðustu stundu og það ekki tilkynnt lögskráningarstjóra fyrr en seint og síðar meir eða jafnvel alls ekki. Munu dæmi þess, að langan tíma þurfti til að afla upplýsinga um það, hverjir voru á skipi, sem týnzt hafði. Þá mun einnig hafa komið fyrir, að fiskibátar, sem skylt er að lögskrá á, hafi farið á veiðar, án þess að nokkur maður hafi verið lögskráður. Er þetta að sjálfsögðu óviðunandi og brýn nauðsyn til að gera þá breytingu á lögunum, sem bætt getur úr þessu, þannig að lögin nái tilgangi sínum. Er því lagt til, að breytt verði gildandi ákvæðum um lögskráningu á fiskiskip og aðeins skylt, að þar mæti við lögskráningu í skiprúm þeir menn, sem lögskrá á til þeirra starfa á skipinu, sem sérstök réttindaskírteini þarf til að gegna. Enn fremur hefur þótt rétt að rýmka nokkuð heimild gildandi laga fyrir fiskibáta til að fara úr höfn án þess að ljúka lögskráningu, ef ekki er unnt að ná til lögskráningarstjóra, nema skipið tefjist verulega. Vísast nánar til skýringa við 18. og 19. gr. hér á eftir.

Ekki þótti ástæða til að breyta frá gildandi skipan að þessu leyti, að því er

til annarra skipa tekur en fiskiskipa, því að þar er yfirleitt minna um mannaskipti og þau jafnan ákveðin með lengri fyrirvara.

Þá er einnig stefnt að því, að jafnan sé til á einum stað heildarskrá yfir skipverja, eins og þeir eru á hverjum tíma, og sé sú skrá þar, sem lögskráð var á skipið í ársbyrjun sama ár, og þangað ber öðrum lögskráningarstjórum að tilkynna allar síðari breytingar á lögskráningu.

Um það, sem ræðir í 3. lið hér að framan, er frumvarpið að mestu leyti efnislega samhljóða sams konar ákvæðum í gildandi lögum, en þó eru felldar niður 16. og 17. gr. gildandi laga.

Samkvæmt gildandi lögskráningarlögum skal skiprúmssamningur gerður og undirritaður í viðurvist lögskráningarstjóra. Við lögskráningu er lögskráningarstjóra skylt að gæta þess, að skiprúmssamningur brjóti ekki í bága við lög, að báðum aðilum séu kunngerð ákvæði samnings og þeir séu þeim samþykkir og aðilum sé bent á þau atriði í samningum, sem kunna að vera óvenjuleg eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast.

Með 16. og 17. gr. gildandi lögskráningarlaga er lögskráningarstjórum enn fremur gert að skyldu að vera aðilum til aðstoðar við reikningsuppgjör, ef þess er krafizt. Ber þeim einnig að leita sátta, ef aðila greinir á um reikningsgerðina, og úrskurða ágreiningsatriði, ef sættir takast ekki, hafi annar hvor aðila krafizt þess. Voru þessi ákvæði talin mjög mikilvæg, þegar lögin voru sett. Síðan 1930 hefur mikil breyting orðið á, sem veldur því, að slíkra ákvæða er nú ekki lengur þörf.

Samtök sjómanna og útgerðarmanna hafa nú gert heildarsamninga um kaup og kjör sjómanna, og er því nær alltaf lögskráð „samkvæmt gildandi samningum viðkomandi stéttarfélags".

Af aðild sjómannasamtakanna að kjarasamningum leiðir, að þau hafa nú með höndum eftirlit með því, að samningar séu haldnir, og annast að mestu leyti allan málarekstur fyrir hönd sjómanna út af kjara- og kaupmálum þeirra. Er því ekki lengur leitað aðstoðar lögskráningarstjóra í því efni, og hefur svo verið mörg undanfarin ár. Ákvæði 16. og 17. gr. lögskráningarlaganna eru því orðin óþörf. Hefur nefndin því leitað um það álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands, hvort þau telji ástæðu til, að þessi ákvæði séu áfram lögfest. Töldu framangreind samtök þess ekki þörf, og tók nefndin því ekki ákvæði greinanna upp í frumvarpið.

Ekki virðist nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á gildandi lögum vegna þess atriðis, sem um ræðir í 4. lið hér að framan, og þær breytingar, sem lagt er til í frumvarpi þessu að gerðar verði á gildandi lögum, torvelda lögskráningarstjórum á engan hátt framkvæmd laganna, hvorki að þessu leyti né öðru.

Um einstakar greinar skulu gefnar eftirgreindar skýringar:

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. gildandi laga um lögskráningu sjómanna.

Um 2. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2. og 6. gr. gildandi lögskráningarlaga.

Til álita virðist koma að krefjast ekki fullkominnar lögskráningar á jafnsmáum skipum og nú er gert og hvort ekki sé nóg að lögskrá á skip stærri en 30 rúmlestir. Í löggjöf þeirra landa, sem nefnd sú, er frumvarpið samdi, kynnti sér, eru ekki gerðar jafnstrangar kröfur og hér að þessu leyti.

Hér er þó ekki lagt til, að gildandi ákvæði um þetta efni verði breytt, heldur þess freistað að breyta fyrirkomulagi lögskráningar á fiskiskip nokkuð og gera framkvæmdina einfaldari en hún er.

Um 3. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. gr. gildandi laga. Þrátt fyrir orðalag greinarinnar, eins og hún nú er, hefur tollstjóri í Reykjavík haft með lögskráningu sjómanna að gera í Reykjavík, og er ekki gert ráð fyrir breytingu á því, sbr. einnig 2. mgr. greinarinnar.

Um 4. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 4. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir, að áramótaskráning samkv. 2. tl. greinar þessarar sé gerð í heimahöfn skipsins og þar sé þá gerð skipshafnarskrá sú, sem síðari lögskráningar, breytingar og afskráningar séu færðar inn á, þannig að þar sé jafnan að finna á einum stað upplýsingar um, hver áhöfn skipsins er.

Tekið er inn í 3. tl. ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra aðila, sem lögskrá erlendis, til þess lögskráningarstjóra, er lögskráði um næstu áramót á undan, og er það í samræmi við ákvæði 13. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða 5. gr. gildandi laga og gefur ekki tilefni til skýringa.

Um 6. gr.

Með grein þessari hefst II. kafli frumvarpsins og þá um leið eitt höfuðnýmælið, það að greina á milli lögskráningar á skip önnur en fiskiskip, þ. e. verzlunarskip og varðskip, sem strangari reglur gilda um, og fiskiskip, sem fjallað er um í III. kafla frumvarpsins, sbr. þó 16. gr., 2. mgr. Þó gilda mörg ákvæði þessa kafla einnig um fiskiskip, sé ekki annað greint í III. kafla, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. mgr. 7. gr. og 8. gr. gildandi laga. Á hún að sjálfsögðu við um öll íslenzk skip stærri en 12 brúttó-smálestir.

Um 7. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 10. gr. gildandi laga. Bætt er inn í 5. tl. skyldu til að sýna einnig sjóferðabækur skipverja, er lögskráð er. Samkvæmt 11. gr. sjómannalaga, nr. 41/1930, og 56. gr. laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, nr. 66/1946, eiga allir lögskráðir sjómenn að hafa sjóferðabók. Slík bók er handhæg sem sönnunargagn fyrir siglingatíma og auk þess oft notuð sem nokkurs konar vegabréf í erlendum höfnum. Þrátt fyrir skýlausa lagaskyldu mun hafa verið mikill misbrestur á, að allir lögskráðir sjómenn hafi fengið sjóferðabók og hún verið færð reglulega.

Þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hefur gert ályktun um þetta og talið brýna nauðsyn bera til. að haldið væri fast við lögin í þessu efni. Þá hafa stjórnarvöldum hér á landi borizt kvartanir erlendra yfirvalda um, að íslenzkir sjómenn væru oft í erlendum höfnum án allra skilríkja, og er þá talið, að sjóferðabók nægi.

Að öllu þessu athuguðu virðist sjálfsagt að vinna að því, að allir lögskráðir sjómenn fái sjóferðabók. Verður að telja, að ef skipstjóra er skylt að sýna slíka bók við lögskráningu, geti það skapað talsvert aðhald í þessu efni. Rétt virðist, að tekin verði upp sú regla, að í sjóferðabók sé ljósmynd af viðkomandi sjómanni.

Um 8. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Grein þessi er samhljóða 13. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. mgr. 9. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir, að lögskráning á verzlunarskip og varðskip verði áfram með sama hætti og nú er lögfest

og allir þeir, sem lögskrá á, mæti sjálfir við lögskráningu og undirriti skiprúmssamning þar á skipshafnarskrá og taki við viðskiptabókum sínum.

Þykir ekki ástæða til breytingar frá því fyrirkomulagi, sem nú tíðkast um lögskráningu á skip þau, sem um ræðir í þessum kafla, þar sem breytingar á áhöfn eru ekki jafntíðar þar og á fiskiskipum og oftast kunnar með lengri fyrirvara.

Um 11. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga.

Enda þótt nú séu yfirleitt komnir á fastir heildarsamningar um kaup og kjör sjómanna, bæði á verzlunarskipum, varðskipum og fiskiskipum, og sjaldgæft, að samið sé um kjör, sem ekki eru í samræmi við hina almennu samninga, verður þó að teljast rétt, að grein þessi standi áfram. Greinin getur að sjálfsögðu aðeins átt við um þá sjómenn á fiskiskipum, sem viðstaddir eru, þegar lögskráð er í skiprúm, en samkv. 2. mgr. 16 gr. eiga allir að vera viðstaddir og undirrita skiprúmssamning á skipshafnarskrá, ef ákvæði í samningnum eru ekki í samræmi við almenna samninga eða engir slíkir samningar til um veiðar þær, sem stunda á.

Eykur þetta líkur á því, að allir skipverjar séu viðstaddir einmitt í óvenjulegum tilfellum, og lögskráningarstjóra þá skylt að gera sitt bezta til, að ljóst liggi fyrir, hvort um misskilning sé að ræða eða hvort aðilar séu að athuguðu máli ráðnir í að gera með sér samning um afbrigðileg kjör.

Um 12. gr.

Grein þessi er að efni til í samræmi við 1. mgr. 20. gr. gildandi laga og gefur ekki tilefni til skýringa.

Um 13. gr.

Í gildandi lögum er að finna ákvæði um þessi efni í 2.—3. mgr. 20. gr.

Síðari málsgreinin er lagt til að verði óbreytt, en í hinni fyrri er hér tekið upp nýmæli.

Eins og skráningu er nú háttað, er heildarskrá yfir alla skipverja aðeins í vörzlu skipstjóra, en samrit lögskráningarstjóra geta verið á mörgum stöðum. Áramótaskráning er oftast gerð hjá lögreglustjóra í heimahöfn skipsins, en síðari breytingar og viðbætur eru gerðar hjá næsta lögskráningarstjóra, sem til næst, allt eftir því hvar skip þá er statt, og hinum síðari ekki skylt samkvæmt gildandi lögum að tilkynna breytinguna eða viðbótina til þess lögskráningarstjóra, sem undirritaði aðalskrána.

Nýmæli 1. mgr. þessarar gr. stefnir að því að sameina upplýsingar um allar skráningar hjá einu embætti, þar sem áramótaskráning var gerð, og þar eiga því jafnan að vera fyrir hendi nákvæmar upplýsingar um skipshöfnina.

Um 14. gr.

Um lögskráningu úr skiprúmi eru dreifð ákvæði í gildandi lögum, og eru helztu þeirra sameinuð í þessari grein.

1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er efnislega samhljóða 2. mgr. 9. gr. gildandi laga, 3. mgr. samhljóða 18. gr. og 4. mgr. 19. gr. gildandi laga.

2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er nýmæli. Nú mun ekki óalgengt að útgerðarmenn eða skipstjórar láti afskrá sjómenn frá ákveðnum degi að telja, mismunandi löngu fyrir þann dag, sem lögskráningar úr skiprúmi er óskað.

Um 15. gr.

Með grein þessari hefst III. kafli, sem greinir þær sérreglur, sem lagt er til að gilda skuli um hvers konar fiskiskip, þar með talin hvalveiði- og selveiðiskip.

Samkvæmt grein þessari er lagt til, að ákvæði II. kafla gildi einnig um fiskiskip, sé ekki annað ákveðið í III. kafla. Helztu sérákvæðin um fiskiskip eru þau, að við lögskráningu í skiprúm á slíkum skipum er að jafnaði ekki skylt, að aðrir

skipverjar mæti en þeir, sem lögskrá á í þær réttindastöður á skipinu, sem krafizt er samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og samkvæmt heimild í fjarskiptalögunum, þ. e. auk skipstjórans stýrimenn, vélstjórar og loftskeytamaður, en ekki þeir iðnaðarmenn, sem e. t. v. eru lögskráðir, t. d. matsveinn. Er framar í grg. þessari greint frá, hverjar eru orsakir þess, að nefndin gerir tillögu um breytingar þessar. Eru síðan ákvæði um það í 17. gr., hvernig fer um lögskráningu þeirra manna, sem mæta ekki hjá lögskráningarstjóra við lögskráningu í skiprúm.

Annað aðal-sérákvæði frumvarpsins um lögskráningu á fiskiskip er í 18. gr. og miðar að því að tryggja, að fiskiskip þurfi ekki að tefjast frá því að leggja úr höfn, ef á liggur, þótt ekki náist til lögskráningarstjóra.

Um 16. gr.

Eins og vikið er að í skýringum við 15. gr., er ekki gert ráð fyrir, að öðrum en þeim, sem lögskrá á í réttindastöður á fiskiskipi, sé að jafnaði skylt að mæta við lögskráningu í skiprúm og undirrita þar skipshafnarskrá.

Alkunnugt er, að vegna mjög tíðra mannaskipta á fiskiskipum er þar oft mjög erfitt að uppfylla kröfur gildandi laga um að mæta hjá lögskráningarstjóra við lögskráningu í skiprúm og undirrita skipshafnarskrá. Ákvæði þessarar greinar miða að því að leysa vanda þennan og þá á þann hátt, að ávallt séu til hjá lögskráningarstjóra sem fyllstar upplýsingar um, hverjir séu á skipi.

Í 2. mgr. er getið þeirra undantekningartilfella, þegar allir skipverjar á fiskiskipum verða að mæta hjá lögskráningarstjóra. Er ljóst, að í þeim tilfellum, sem þar eru greind, er nauðsynlegt, að ráðningarsamningur sé skráður í skipshafnarskrá og undirritaður af aðilum. Í öðrum tilfellum, er samið er um hin almennu kjör, þykir hins vegar ekki ástæða til að krefjast þessa.

Um 17. gr.

Við lögskráningu á fiskiskip, þegar ekki er um að ræða áramótaskráningu eða samningskjör óvenjuleg, verður skipstjóri að sjálfsögðu að rita í skipshafnarskrá nöfn og aðrar upplýsingar um þá skipverja, sem ekki er skylt að mæti sjálfir.

Hér er einnig greint, hvernig skipstjóri sér um, að þeir skipverjar, sem ekki hafa undirritað skiprúmssamning hjá lögskráningarstjóra, undirriti samninginn í eintaki því af skipshafnarskrá, sem er í vörzlum skipstjóra. Er skiprúmssamningur þá fyrst formlega gerður, að því er til þessara skipverja tekur.

Um 18. gr.

Grein þessi er efnislega í sama anda og 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Hér er þó fellt niður það ákvæði 2. mgr. 7. gr. gildandi laga, að skilyrði þess, að nota megi heimild greinarinnar, sé, að skipstjóra hafi ekki verið kunnugt um það, áður en skrifstofu lögskráningarstjóra var lokað, að leggja þyrfti skipinu úr höfn, áður en skrifstofan yrði opnuð aftur. Í stað þessa er tekið upp í frumvarpið það skilyrði, að ekki sé unnt að ljúka lögskráningu á annan hátt. Er þetta talið eðlilegt, þar sem venjan mun sú, að lögskráningarstjórar sýna mikla greiðasemi og lipurð við að lögskrá utan venjulegs skrifstofutíma, sé þess óskað. Er af þessu ljóst, að þetta skilyrði þrengir heimild greinarinnar nokkuð, enda ekki til þess ætlazt, að hún verði notuð nema sem undantekning, ef nauðsyn krefur.

Þá er í frumvarpinu gefinn frestur í allt að 24 klst. til að tilkynna lögskráningarstjóra, í stað þess að það skal nú gert áður en látið er úr höfn. Í flestum tilfellum mundi þetta gert með bréfi, áður en lagt er úr höfn, með bréfi útgerðarmanns næsta dag eða símskeyti um talstöð skips eða báts. Er þetta sá háttur, sem nú er á, þrátt fyrir téð ákvæði í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Um 19. gr.

Ætlazt er til, að skipstjóri færi nöfn og ráðningarkjör þeirra manna, sem fara með skipi hans ólögskráðir, samkv. 18. gr., inn á eintak það af skipshafnarskrá, sem í skipinu er, og þeir skrifi þar undir skiprúmssamning. Er þá lögskráningu lokið, enda hafi tilkynning verið send lögskráningarstjóra, og ekki ætlazt til, að lögskrá þurfi aftur, næst er skip kemur í höfn, eins og nú er samkv. 7. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. gr. eru ákvæði um eftirlit lögskráningarstjóra með framkvæmd skipstjóra á þeim hluta lögskráningar, sem honum er falinn. Þarfnast mgr. ekki sérstakra skýringa.

Um 20.—22. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða 11. og 14. gr., 22. og 21. gr. gildandi laga um lögskráningu sjómanna.

Um 23. gr.

Grein þessi er efnislega í samræmi við 23. gr. gildandi laga, en sleppt ákvæði um gjald fyrir reikningsgerð, þar sem lagt er til, að felldar verði niður 16. og 17. gr. laganna, sbr. framar.

Um 24. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. mgr. 9. gr. gildandi laga, að því undanskildu, að lagt er til, að almennur skrifstofutími lögskráningarstjóra í Reykjavík sé frá kl. 9 árd. til kl. 5 síðd., í stað 9 síðd. nú. Verður að telja, að með þeirri rýmkun, sem lagt er til að lögleidd verði á reglunum um lögskráningu, gangi störfin fljótar, enda lögskráningarstjóra skylt að sýna lipurð um lögskráningu utan framangreinds tíma, ef nauðsyn krefur.

Um 25. og 26. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða 24. gr. og 25. gr. gildandi laga, en sektarákvæði hækkuð til samræmis við núverandi verðgildi peninga.

Ed. 281. Lög [121. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

(Afgreidd frá Ed. 24. jan.)

Samhljóða þskj. 161.

Nd. 282. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við síðasta málslið bætist: en óheimilt er hreppsnefndinni að selja öðrum land eða lóðir úr jörðum þessum.

Alþingi, 25. jan. 1961.

Gunnar Gíslason, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.

Einar Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Nd. 283. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hellnahól í Rangárvallasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og aflað sér álits landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins um það.
Mælir nefndin einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 25. jan. 1961.

Gunnar Gíslason, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Karl Guðjónsson, frsm.
Einar Sigurðsson. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 284. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og kynnt sér þær breytingar, sem á því voru gerðar í efri deild.
Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. jan. 1961.

Gísli Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Guðl. Gíslason.
Hannibal Valdimarsson. Jón Skaftason.

Sþ. 285. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

varðandi brottflutning fólks frá Íslandi.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi síðustu 5 ár svo og að rannsaka eftir föngum, hvers vegna fólk flyzt búferlum til annarra landa. Skýrslan og niðurstöður rannsóknarinnar verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Ef trúa má fréttum og ýmsum fullyrðingum, hefur brottflutningur fólks frá Íslandi farið ört vaxandi síðustu ár. Ber sérstaklega mikið á því, að sérmenntaðir menn leiti atvinnu í öðrum löndum, og má þjóðin hvað sízt við missi þeirra.

Ýmsar ástæður hafa verið nefndar fyrir hinum vaxandi útflutningi. Oftast er nefndur launamismunur menntamanna hér á landi og erlendis, en í sölum Alþingis hafa heyrzt fullyrðingar þess efnis, að ríkisstjórnin eigi sök á landflóttanum.

Það er alvarlegt mál fyrir íslenzku þjóðina, ef margt manna flyzt af landi burt, sérstaklega ef þeir fara, sem sérmenntaðir hafa verið.

Nauðsynlegt virðist, til þess að þjóðin geti gert sér hleypidómalausa grein fyrir þessu vandamáli, að safna öruggum skýrslum um fjölda útflytjenda og kanna eftir föngum ástæður þeirra fyrir brottförinni.

Nd. 286. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til lækkunar á byggingarkostnaði.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fjórum fundum sínum. Hún hefur sent frv. til umsagnar til eftirtalinna aðila: Rannsóknaráðs ríkisins, iðnaðardeildar atvinnudeildar Háskóla Íslands, Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Verkfræðingafélags Íslands, Arkitektafélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Hafa allir þessir aðilar sent umsagnir um frv. til nefndarinnar og hún athugað þær og rætt mjög ýtarlega. Rannsóknaráð ríkisins sendi nefndinni enn fremur „áætlun um rannsóknir til endurbóta á byggingarháttum og lækkunar á byggingarkostnaði". Í þessum gögnum er tekið fram, að kostnaður við byggingarefnarannsóknir sé nú 400 þús. kr. á ári fyrir utan rannsóknir samkvæmt samningum við vegagerð ríkisins og ræktunarsjóð. En heildarframlög frá ríki og ríkisstofnunum til þessara mála eru 700 þús. kr. á yfirstandandi ári. Telur rannsóknaráðið, sem samþykkt hefur áætlunina, að þessi upphæð þurfi að hækka upp í 1.3 millj., til þess að unnt sé að framkvæma áætlunina að fullu.

Umsagnir þær, sem nefndinni hafa borizt og getið er um hér að framan, eru í heild svo mikið lesmál, að meiri hl. n. telur ekki rétt að láta þau skjöl öll birtast með nál. sem fylgiskjöl. Hins vegar er rétt, að hér komi fram, að tveir af þessum aðilum, rannsóknaráðið og iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, benda á, að eðlilegt sé að skipta kostnaðinum á milli ríkisins og byggjenda og því þurfti að athuga breytingar á frv. og ákveða, hvernig sú skipting skuli vera. Aðrir tveir aðilar, Verkfræðingafélagið og Arkitektafélagið, láta ekkert álit í ljós um það, hvort tekjuþörfin skuli leyst á þann hátt, sem frv. mælir fyrir um, en tveir aðilar, Húsnæðismálastofnunin og Iðnaðarmálastofnunin, leggja beinlínis til, að samþykkt frv. verði frestað, m. a. vegna þess, að málið sé í undirbúningi hjá atvinnumálanefnd ríkisins, sem þegar hafi sent ríkisstjórninni tillögur sínar til tekjuöflunar í þessu skyni.

Með tilvísun til þessa leggur meiri hl. n. til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 25. jan. 1961.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.

Nd. 287. Frumvarp til laga [163. mál]

um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI

Um bæjar- og héraðsbókasöfn.

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík.
2. Kópavogskaupstaður.
3. Hafnarfjörður og Garða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarhreppar í Gullbringusýslu.
4. Keflavík og Gullbringusýsla að takmörkum Vatnsleysustrandar- og Njarðvíkurhreppa.
5. Kjósarsýsla.
6. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
7. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fjórum syðstu hreppunum.
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
9. Dalasýsla.
10. Austur-Barðastrandarsýsla.
11. Vestur-Barðastrandarsýsla.
12. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
13. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
14. Strandasýsla.
15. Vestur-Húnavatnssýsla.
16. Austur-Húnavatnssýsla.
17. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
18. Siglufjörður.
19. Ólafsfjörður.
20. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
21. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
22. Norður-Þingeyjarsýsla.
23. Fljótsdalshérað.
24. Seyðisfjörður og Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar- og Vopnafjarðarhreppar og Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu.
25. Neskaupstaður og Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
26. Suður-Múlasýsla að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhreppum.
27. Austur-Skaftafellssýsla.
28. Vestur-Skaftafellssýsla.
29. Rangárvallasýsla.
30. Vestmannaeyjar.
31. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík, 2. Kópavogskaupstaður, 3. Hafnarfjörður, 4. Keflavík, 5 Hlégarður í Mosfellssveit, 6. Akranes, 7. Borgarnes, 8. Stykkishólmur, 9. Búðardalur, 10. Reykhólar, 11. Patreksfjörður, 12. Flateyri, 13. Ísafjörður, 14. Hólmavík, 15. Hvammstangi, 16. Blönduós, 17. Sauðárkrókur, 18. Siglufjörður, 19. Ólafsfjörður, 20. Akureyri, 21. Húsavík, 22. Kópasker, 23. Egilsstaðir á Fljótsdalshéraði, 24. Seyðisfjörður, 25. Neskaupstaður, 26. Eskifjörður, 27. Höfn í Hornafirði, 28. Vík í Mýrdal, 29. Hvolsvöllur, 30. Vestmannaeyjar, 31. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfisins en mælt er fyrir um í þessari grein.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa. Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun. Bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu skyld að varðveita eitt eintak af hverju íslenzku riti, sem prentað er. Skulu þau sakir þessarar skyldu njóta árlegs aukastyrks úr bókasafnasjóði, sem sé ákveðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum bókafulltrúa.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna rúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá sé bókavörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir. Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 31. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavarða. Þá skulu og þessir bókaverðir hafa eftirlit með rekstri sveitarbókasafna og bókasafna í framhaldsskólum, sjúkrahúsum og hælum, hver í sínu bókasafnshverfi, og leiðbeina bókavörðum og stjórnum bókasafna um flokkun, skráningu, afgreiðsluhætti og skýrslugerð. Skal þeim greiddur ferðakostnaður vegna eftirlitsins úr bókasafnasjóði, samkv. tillögum bókafulltrúa.

6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar og bókafulltrúa og fræðslumálastjóra. Skulu bæir og sýslur sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóti þau til húsabóta styrks úr bókasafnasjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt bókasafnasjóði,

leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu greidd þannig:

Bæir og hreppar, þar sem safn er staðsett, skulu greiða:

Bæir og hreppar með			færri en 3 þús. íbúa	kr.	30.00	á íbúa
— — —			3 þús. íbúa, en færri en 5 þús.	—	25.00	- —
— — —			5 þús. íbúa og þar yfir	—	20.00	- —

Bókasafnasjóður skal greiða til safnanna:

Í bæjum og hreppum			með færri en 1 þús. íbúa	kr.	30.00	á íbúa
- — —			1 þús., en undir 3 þús. íbúa	—	25.00	- —
- — —			3 þús., en undir 5 þús. íb. ..	—	20.00	- —
- — —			5 þús., en undir 10 þús. íb.	—	15.00	- —

Nái íbúatala bæjar 10 þús., skal greiðsla bókasafnasjóðs lækka um kr. 2.50 á íbúa og síðan um sömu upphæð fyrir hverja 5 þús. íbúa, unz hún er komin niður í kr. 7.50 á íbúa.

Framlög sýslufélaga eða hluta sýslufélaga til héraðsbókasafna skulu vera kr. 7.00 á íbúa og greiðast úr sýslusjóði, og skal bókasafnasjóður greiða jafnháa upphæð á móti.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfum, eins og hann er í ársbyrjun.

Skal hagstofan fyrir lok febrúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera þannig sundurliðuð, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila beri að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfi.

Skulu framlög bókasafnasjóðs greiðast með tvennum jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok aprílmánaðar, að fengnum starfsskýrslum og reikningum safnanna, og hin síðari fyrir lok septembermánaðar.

Gjalddagar annarra framlaga skulu vera eins og hér segir:

Framlög bæja og hreppa til bæjar- og héraðsbókasafna skulu greidd fjórum sinnum á ári, sú fyrsta fyrir lok marzmánaðar og sú síðasta fyrir áramót. Framlög sýslna til héraðsbókasafna skulu greidd fyrir 1. september.

8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins, að afstöðnum kosningum bæjarstjórna og sýslunefnda, fyrir kjörtímabilið. Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar ákveða, sem hana kjósa. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, sem safnið varðar.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Stjórn bókasafns er heimilt, að fengnu samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar, að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af bókafulltrúa.

11. gr.

Bókaverðir við bæjar- eða héraðsbókasöfn, þar sem bókavarzlan er aðalstarf, geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa tekið próf í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands.
2. Hafa lokið slíku prófi við erlenda skóla í bókasafnsfræðum og auk þess annað tveggja numið einn vetur bókasafnsfræði í Háskóla Íslands eða starfað eitt ár sem nemar í íslenzku bæjarbókasafni.
3. Hafa lokið meistaraprófi í íslenzkum fræðum og kynnt sér í eitt missiri skráningu bóka og afgreiðsluhætti í íslenzku bæjarbókasafni eða svipuðu safni erlendis.
4. Hafa haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu í íslenzku bæjarbókasafni sem aðalstarf ekki skemur en eitt ár, enda hafi þeir einróma meðmæli bókasafnsstjórnar og einnig yfirbókavarðar, þar sem eru fleiri en einn bókavörður.

Tala bókavarða við bæjar- og héraðsbókasöfn skal ákveðin af bókasafnsstjórn, og sé hún bundin samþykki bókafulltrúa.

12. gr.

Laun bókavarða, sem hafa bókavörzlu að aðalstarfi, og nema í bókasöfnum skulu vera eins og hér segir:

a. Yfirbókaverðir í Reykjavík og á Akureyri skulu taka laun samkv. V. fl. launalaga.
b. Tveir bókaverðir í Bæjarbókasafni Reykjavíkur og yfirbókaverðir bókasafna, þar sem bókavarzlan er aðalstarf fleiri bókavarða, skulu taka laun samkv. VI. fl. launalaga.
c. Aðrir yfirbókaverðir skulu taka laun samkv. VII. fl. launalaga.
d. Aðrir bókaverðir skulu taka laun samkv. VIII. fl. launalaga.
e. Nemar skulu taka hálf laun samkv. VIII. fl. launalaga.

Auglýsa skal bókavarðarstöður með ekki minna en mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og vísað til laga um réttindi til starfsins.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skal bókasafnsstjórn tilnefna, ef fjöldi umsækjenda leyfir, ekki færri en þrjá umsækjendur og í þeirri röð, sem hún telur helzt koma til greina. Skulu tillögur hennar síðar sendar bókafulltrúa, ásamt umsóknum. Skal hann senda bókasafnsstjórn rökstutt álit um, hver hljóta beri stöðuna, og síðan skal bókasafnsstjórn setja í hana til eins árs einhvern hinna þriggja umsækjenda.

Að ári liðnu skal staðan auglýst á ný og þá í hana skipað eftir sömu reglum og við setningu.

13. gr.

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavarzlan er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á. Leita skal hún álits bókafulltrúa um hæfni þess manns, sem hún hyggst ráða, og telji hann manninn óhæfan til starfsins, skal sá ekki ráðinn. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér svo, að bókafulltrúi telji viðhlítandi, skráningu og flokkun bóka og afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni.

Laun bókavarðar skulu ákveðin í samráði við bókafulltrúa.

II. KAFLI
Um sveitarbókasöfn.

14. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkv. lögum þessum (sbr. 15. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar.

Þar, sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

15. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt. Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 16. gr.).

16. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig:

Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr bókasafnasjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði eða úr félagssjóðum en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr bókasafnasjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur kr. 30.00 á hvern íbúa sveitarinnar, þar sem búa fleiri en 150 manns, og kr. 40.00 í hreppum, sem í eru aðeins 150 íbúar eða færri.

17. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 14. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

18. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafns, skal um fjárframlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og bókasafnasjóði fara eftir sömu reglum og segir í 16. gr., og nái ekki fjárframlag félags eða félaga því lágmarki, sem ákveðið er í 16. gr., skal greiða muninn úr sveitarsjóði.

19. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 14. og 18. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára.

Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð fimm mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og bókafulltrúa.

20. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði.

21. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 18. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkv. lögum þessum. Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

22. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (þeim sveitarfélögum), sem það tilheyrir. Hún skal ráða safninu bókavörð og leitast við að fá til bókavörzlu áhugasama menn um bækur og bóklestur. Greiða má bókaverði þóknun, en háð skal hún samþykki bókafulltrúa. Gefi bókavörður safninu þá þóknun, sem honum er ætluð, reiknast hún safninu til tekna.

23. gr.

Í fjölmennum kauptúnum skal að því stefnt að starfrækja lestrarsal, afla safninu handbóka og fræðibóka um atvinnulíf og tækni og koma á kennslu handa unglingum í notkun bókasafns. Um ráðningu bókavarða slíkra safna gildi sömu reglur og um ráðningu þeirra, sem um er fjallað í 13. gr.

24. gr.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafns senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag og rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái styrk þann, sem því ber úr bókasafnasjóði fyrir liðið ár.

III. KAFLI

Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

25. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk úr bókasafnasjóði í skólum (barnaskólum og framhaldsskólum), svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, fangahúsum, elliheimilum og öðrum vistheimilum.

26. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 25. gr., skulu njóta árlega framlags úr bókasafnasjóði, eins og hér segir:

1. Í heimavistarskólum kr. 20.00 á hvern nemanda og starfsmann, miðað við fjölda nemenda, kennara og annars starfsfólks í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.
2. Til bókasafna annarra skóla kr. 20.00 á hvern nemanda, miðað við tölu þeirra í byrjun skólaárs, og skal það bundið sama skilyrði og framlag til bókasafna í heimavistarskólum.

Hljóti skólabókasafn hærra heimaframlag en sem nemur kr. 20.00 á hvern einstakling, sem framlög miðast við, skal skylt að greiða tvö fyrstu starfsárin 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra framlagi en sem nemur kr. 40.00 á hvern einstakling, sem við er miðað.

Skólastjóri skal hafa eftirlit með skólabókasafni, ráða því bókavörð og sjá um, að það komi að sem fyllstum notum, og skal hann veita eða láta veita nemendum tilsögn í notkun bókasafna, eftir því sem aðstæður leyfa. Þá skal skólastjóri í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári fyrir 1. ágúst ár hvert, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái úr bókasafnasjóði framlag það, sem því ber fyrir liðið skólaár.

27. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum um landið hyggja að rekstri, aðbúnaði og starfi bókasafna í barnaskólum og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra og starfrækslu og þá einkum víkja að einstökum söfnum, ef sérstök ástæða þykir til umbóta eða rekstri og aðbúnaði er þannig farið, að verða megi til fyrirmyndar.

28. gr.

Til þess að stuðla að aukningu góðs bókakosts handa börnum og unglingum skal árlega veita úr bókasafnasjóði tvenn verðlaun, að upphæð kr. 15000.00 og kr. 10000.00, fyrir frumsamdar barna- eða unglingabækur, sem út koma á árinu og verðugar þykja slíkra verðlauna.

29. gr.

Fræðslumálastjóri skal tilnefna til fjögurra ára í senn tvo kennara, er hafa kynnt sér rekstur skólabókasafna, sem ráðunauta bókafulltrúa til leiðbeiningar um bókaval og starfstilhögun bókasafna í skólum. Þeir skulu og ásamt bókafulltrúa velja barna- og unglingabækur til verðlauna, sbr. 28. gr. og lög um bókasafnasjóð.

30. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 25. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr bókasafnasjóði, sem nemur kr. 40.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun, gegn sömu upphæð frá öðrum.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdastjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í marzmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái styrk þann úr bókasafnasjóði, sem því ber.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

31. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar óbundnar bækur þeirra skal binda í traust band, jafnóðum og því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safn eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal lána úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær á lestrarsal.

32. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því sem hagkvæmt þykir. Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa. Aldrei má gefa eða selja bók úr almenningsbókasafni nema með samþykki bókafulltrúa.

33. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, lagasafni, hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út. Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

34. gr.

Stjórn bókasafns skal setja safninu reglur um útlán bóka, lestrarstofur, réttindi og skyldur lánþega og annað, er varðar rekstur safnsins samkv. lögum þessum. Bókafulltrúi skal gefa safnsstjórn leiðbeiningar um slíkar reglur, og skulu þær staðfestar af honum. Enn fremur skal stjórn bókasafns setja bókavörðum erindisbréf. Skal bókafulltrúi semja fyrirmynd að slíkum erindisbréfum, enda skulu þau háð samþykki hans.

35. gr.

Ef stjórn bókasafns vanrækir að senda tilskildar skýrslur um starfsemi safnsins og gera reikningsskil á lögskildum tíma, skal safninu ekki greiddur styrkur úr bókasafnssjóði, fyrr en úr hefur verið bætt. Dragist að gera lögskil, skal það tilkynnt hlutaðeigandi bæjarstjórn, sýslumanni eða sveitarstjórn. Sé ekki að heldur bætt úr, skal bókafulltrúi hlutast til um, að menntamálaráðuneytið hafi afskipti af málinu.

36. gr.

Ef bæjarstjórn, sýslunefnd eða sveitarstjórn vanrækir þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar í lögum þessum um fjárframlög, framkvæmanlega fyrirgreiðslu um öflun hagkvæms húsnæðis handa söfnum og kosningu stjórna, skal bókafulltrúi áminna þær skriflega. Reynist það ekki fullnægjandi, skal hann óska íhlutunar menntamálaráðuneytisins.

37. gr.

Skylt er að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til, og skal leita álits bókafulltrúa um vátryggingarupphæðina.

V. KAFLI
Um bókafulltrúa.

38. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra. Hann skal hafa starfað sem bókavörður í einhverju af hinum stærri bæjarbókasöfnum, vera bókmenntafróður og hafa sýnt áhuga á fræðslu- og menningarmálum. Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bókasafna lýtur, og koma á, í samstarfi við Bókavarðafélag Íslands, námskeiðum handa bókavörðum, sem ekki hafa bókavörzlu að aðalstarfi. Hann skal og vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni bókasafna.

Laun hans skulu vera samkvæmt VI. launaflokki laga um laun starfsmanna ríkisins.

VI. KAFLI
Um gildistöku laganna.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 42 frá 18. maí 1955, um almenningsbókasöfn.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis flutti menntamálanefnd neðri deildar á síðasta þingi, að beiðni menntamálaráðherra, og flytur nefndin málið á ný að beiðni ráðherrans, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum. Breytt er ákvæðum 8. gr. um kosningu stjórna bæjar- og héraðsbókasafna, þar sem nú er ekki gert ráð fyrir, að menntamálaráðherra skipi formenn þeirra. Enn fremur er breytt ákvæðum 12. gr., þar sem gert var ráð fyrir, að ráðherra skipaði bókaverði við þessi söfn, — nú skulu stjórnir safnanna ráða þá. Aðrar breytingar eru mjög smávægilegar. Fylgdi frv. ýtarleg greinargerð, sem hér fer á eftir að mestu óbreytt:

1.

Þegar lögin um almenningsbókasöfn voru samin og samþykkt, var þar um að ræða algera nýsmíð. Um þessi mál höfðu engin heildarlög verið sett, en árið 1937 voru samþykkt lög um lestrarfélög, þar sem ákveðið var að innheimta skemmtanaskatt með 15% álagi — og að tveir þriðju hlutar álagsins rynnu til lestrarfélaga. Þessu fé var úthlutað af fræðslumálaskrifstofunni gegn skilyrðum um reikningsskil og skýrslugerð um aukningu bókakosts og tölu útlánaðra binda. Fræðslumálaskrifstofan gekk mjög ríkt eftir því, að skilyrðin væru uppfyllt, og um leið og þessi löggjöf örvaði allmikið starfsemi lestrarfélaganna, kom hún á hana miklum mun betri skipan en áður hafði tíðkazt. En bráðlega urðu þarna umskipti til hins verra. Hinu háa Alþingi þóknaðist að rýra þær tekjur, sem lestrarfélögunum voru ætlaðar með lögunum frá 1937.

Starfsemi bæjar- og sýslubókasafna var ekki háð neinu eftirliti af ríkisins hálfu, þó að lestrarfélögin væru krafin um reikningsskil og skýrslugerð, enda ríkisstyrkur til slíkra safna nauðalítill. Í sumum bæjunum var almenningsbókasöfnum allmikill sómi sýndur, en í öðrum lítill eða alls enginn. Og fæst af hinum gömlu sýslubókasöfnum voru starfandi, sum, sem áður höfðu verið starfrækt af myndarskap og með góðum árangri um áratugi, voru lokuð inni í ónothæfum húsakynnum, almenningi alls ekki gefinn kostur á að nota þau.

Ástandið í bókasafnsmálum Íslendinga var því algerlega ósæmandi og engan veginn sambærilegt við skipan þessara mála í öðrum vestrænum löndum, þar sem lögð er áherzla á fræðslu alls almennings. Jafnvel í þeim bæjum hér á landi, þar sem

bezt var búið að almenningsbókasöfnum, voru þau að húsakosti og möguleikum til virkrar starfrækslu langt neðan við meðallag slíkra stofnana með frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, svo að ekki sé skírskotað til safna í þeim ríkjum í Bandaríkjunum, þar sem mest áherzla er lögð á starfrækslu almenningsbókasafna.

2.

Öllum, sem stóðu að samningu laganna um almenningsbókasöfn frá 1955, var það ljóst, að þar var aðeins stigið fyrsta sporið til gengis slíkum stofnunum. Þeir gerðu sér fulla grein fyrir, að fjárframlög til safnanna voru ákveðin allt of lág, en þeir töldu ekki nema eðlilegt, að fjárveitingavaldið vildi ekki bæta á fjárlög í einu stærri upphæð til þessara mála en ákveðin var í lögunum. Hins vegar efuðust þeir ekki um, að mikið væri við það unnið að fá heildarlöggjöf um skipan almenningsbókasafna, og töldu víst, að fljótlega yrði bætt um starfsskilyrði safnanna með nýrri og fullkomnari löggjöf.

Þegar lögin komu til framkvæmda, sýndi það sig, að þau juku að miklum mun tekjur flestra lestrarfélaga, auk þess sem þau höfðu í för með sér stofnun sveitarbókasafna, þar sem engin slík söfn höfðu starfað áður. Enn fremur endurvöktu þau lestrarfélög, sem höfðu verið starfslaus um langt árabil. Þau komu og bættri skipan á starfsemi margra safna í sveitum og þorpum og vöktu áhuga á auknu starfi.

Þá voru og stofnuð bæjar- og héraðsbókasöfn, þar sem engin voru fyrir, og gömlu sýslubókasöfnin endurvakin undir nýjum nöfnum. Einnig jókst fyrir tilkomu laganna starfsemi flestra þeirra bæjarbókasafna, sem starfrækt höfðu verið.

Eins og vænta mátti, kom það þegar í ljós, eftir að lögin frá 1955 komu til framkvæmda, að framlögin voru of lág, til þess að starfsemi safnanna gæti orðið svipuð því, sem sjálfsagt er talið í nágrannalöndunum, og eftir því sem lengra leið, jókst bilið milli íslenzkra almenningsbókasafna og sambærilegra stofnana með lýðræðisþjóðum Vesturlanda, því að á síðustu árum hefur starfrækslu slíkra stofnana með lýðræðis- og menntaþjóðum í Vestur-Evrópu fleygt fram, en hér hefur aðstöðu þeirra til starfa hrakað að miklum mun.

Bókafulltrúi rökstuddi það við menntamálaráðuneytið haustið 1958, að á árunum 1954—1958 hefði bókaverð hér á landi hækkað um nærfellt 70% og annað, sem hefur áhrif á rekstur safnanna, að minnsta kosti um 25%. Síðan hefur bókaverð enn hækkað, svo að hækkunin nemur um 85%. Er öllum auðsætt, hve aðstaða safnanna hefur versnað aðeins fyrir þessar sakir, frá því að lögin um almenningsbókasöfn voru samin og sett, enda svo komið, að ef tekið er tillit til hækkunarinnar á verði bóka, var nákvæmlega sömu upphæð úthlutað til sveitarbókasafna árið 1959 eins og 1955, seinasta árið, sem hin gamla skipan um framlög af skemmtanaskatti hélzt.

3.

En þó að rétt væri það, sem hallazt hefur frá 1954, það ár, sem gerðar voru tillögur um framlögin af þeim, sem sömdu frumvarp um almenningsbókasöfn, væri engan veginn haldið í horfinu. Það væri alls ekki eðlilegt, að söfnunum væri nú eftir fimm ára starf samkvæmt hinum nýju lögum skorinn hinn sami þröngi stakkur og í upphafi.

Í nágrannalöndunum er litið þannig á, að skólar veiti einungis nauðsynlega þekkingu til þess, að menn hafi skilyrði til að afla sér staðgóðrar fræðslu og menntunar með ævilöngu sjálfsnámi, þess vegna verði allir að skólagöngu lokinni að eiga kost góðra bóka, hver við sitt hæfi. Á erlendum málum fjölgar sífellt handhægum fræðsluritum og handbókum í öllum fræðigreinum, en þrátt fyrir það, þótt þar sé í bókasöfnum, sem bæjar- og héraðsbókasöfn á Íslandi ættu að vera sambærileg við, kostur leiðbeininga af hálfu bókavarða, sem að loknu stúdentsprófi og námi við störf í góðu og gildu almenningsbókasafni hafa numið í tvö til þrjú ár í bókavarðaskóla, þykir nú nauðsynlegt, að til séu bókasöfn í barna- og framhaldsskólum, þar sem nemendunum sé kennt að átta sig á skráningarkerfi bóka og þeir enn fremur fái til-

sögn í að nota handbækur og fræðirit og leita heimilda um ýmis efni. Þá eru og víða í bókasöfnum, sem íslenzk bæjar- og héraðsbókasöfn ættu að vera sambærileg við, starfræktir leshringir undir handleiðslu bókavarða, fluttir fyrirlestrar, komið á bókmenntakynningum, sýndar kvikmyndir með skýringum og skirskotun til bóka, og jafnvel eiga menn í sumum slíkum söfnum kost á margs konar hljómplötum og fá til afnota sérstök heyrnartæki til að hlýða á lögin. Loks eru í mörgum slíkum söfnum herbergi, þar sem unglingum er kennd hagkvæm tómstundaiðja.

Í skólamálum hafa Íslendingar kappkostað að komast jafnfætis þeim menningarþjóðum, sem þar standa fremstar, og þeirri þjóð, sem lengi skipaði hinn virðulegasta sess meðal menningarþjóða heims sakir heimafræðslu og sjálfsnáms, mundi illa sæma að nota sér ekki til hlítar þá glæsilegu möguleika til framhaldsfræðslu, sem vel og myndarlega starfrækt almenningsbókasöfn veita öðrum menningarstofnunum fremur.

Samkvæmt lögunum um almenningsbókasöfn hafa framlög til héraðsbókasafna, sem ekki eru um leið bæjarbókasöfn, numið undanfarin ár á hvern íbúa bókasafnahverfanna eins og hér segir: Frá hlutaðeigandi hreppi kr. 12.00, á móti frá ríkissjóði kr. 5.00. Frá sýslusjóði kr. 3.00, á móti frá ríkinu kr. 2.50. Meðaltal á íbúa í öllum bókasafnahverfum, þar sem bæir standa ekki að héraðsbókasafni, var samkvæmt lögunum árið 1958 kr. 9.65. Umframgreiðslur voru svo fáar og smáar frá heimaaðilum, að þær breyta engu um þessa niðurstöðu, og greiðslan frá ríkissjóði er lögbundin.

Til bæjar- og héraðsbókasafna eru framlög bæjanna samkvæmt lögunum kr. 15.00 á íbúa og kr. 7.50 frá ríkinu og úr sýslusjóði kr. 3.00 á hvern einstakling í bókasafnshverfinu og kr. 2.50 frá ríkinu. Meðaltal á íbúa í öllum bókasafnahverfunum, þar sem bæjarbókasöfn eru um leið héraðsbókasöfn, er kr. 14.00, en bæirnir hafa lagt meira til safnanna en lögskilið lágmark, svo að raunveruleg framlög til þessara safna námu kr. 24.20 að meðaltali á íbúa árið 1958.

Lögboðin framlög til þeirra fjögurra bæjarbókasafna utan Reykjavíkur, sem bæirnir standa einir að, nema að meðaltali kr. 22.50 á íbúa, en bæirnir hafa allir greitt meira en lögskylt er, svo að meðaltal raunverulegra framlaga varð á íbúa árið 1958 kr. 30.44.

Lögskipað framlag á íbúa í Reykjavík nam kr. 12.50, en raunverulegt framlag vegna umframgreiðslu bæjarins kr. 30.10.

Hér fara svo á eftir greiðslur á hvern íbúa til almenningsbókasafna í nokkrum bókasafnahverfum í Svíþjóð, Danmörku og Noregi árið 1958, og er sænsk króna reiknuð á 7 kr. íslenzkar, en dönsk og norsk á 5 kr.

Svíþjóð:		*Danmörk:*		*Noregur:*	
1. Karlskróna	115.00	1. Lemvig	109.37	1. Rjúkan	84.00
2. Vesturás	105.70	2. Assens	80.00	2. Tönsberg	69.75
3. Visby	68.53	3. Hilleröd	56.75	3. Kristianssandur	56.35
4. Lundur	68.44	4. Kalundborg	55.00	4. Hamar	50.65
5. Málmey	66.36	5. Silkiborg	50.00	5. Haugasund	35.00
6. Eskiltuna	59.30	6. Álaborg	48.00	6. Álasund	30.00
7. Gautaborg	57.96	7. Kaupmannahöfn	47.50	7. Niðarós	26.56
8. Gävle	54.32	8. Árósar	40.00	8. Ósló	25.15
9. Stokkhólmur ..	52.70	9. Óðinsvé	36.20	9. Bergen	24.75
10. Jönköbing	42.15	10. Esbjerg	25.60	10. Stafangur	20.30

Nú er það staðreynd, að því fámennara sem bókasafnshverfi er, því hærra þarf framlagið að vera miðað við íbúa, og ef borin eru saman framlög hér og hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, verður ljóst, hve langt við stöndum að baki þessum þjóðum um skilning á gildi almenningsbókasafna. Er samanburðurinn enn þá óhagstæðari en þarna kemur fram, því að ýmsar bækur og bókaflokkar eru mun ódýrari í Svíþjóð, Danmörk og Noregi en með oss Íslendingum.

4.

Til héraðsbókasafna, sem kaupstaðir standa ekki að, runnu árið 1958 samtals 374520 kr. Þar af voru 115440 kr. eða 30.8 % frá 17 hreppum, meðaltal á hrepp 6790 kr., 115077 kr. eða 30.7% frá 19 sýslum, meðaltal á sýslu 6056 kr., og 144003 kr. frá ríkinu eða 38.5%. Meðaltekjur á safn voru 22031 kr., lægstu tekjur 7544 kr., en hæstu tekjur 61039 kr. Lægstar tekjur hafði safnið á Reykhólum, en hæstar Héraðsbókasafn Árnesinga á Selfossi. Meðalverð á bókum í forlagsbandi mun nú ekki lægra en 150 kr. á eintak, þegar tekið er tillit til bóka af ýmsu tagi og misjafnri stærð og gerð, og virðist auðsætt, að með rúmlega 20 þús kr. meðaltekjum geti héraðsbókasafn alls ekki starfað þannig, að starfsemi þess komi að verulegum notum, hvað þá að hún geti orðið sambærileg við það, sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Samkvæmt þessu frumvarpi eiga framlögin að nema samtals til þessara 17 safna 1129038 kr., og verða það kr. 29.14 á hvern íbúa í öllum bókasafnahverfunum í stað kr. 9.65 samkv. núgildandi lögum. Hækkunin nemur 754568 kr., og skiptist hún þannig á aðila:

Seytján hreppar greiða 181650 kr. eða 24.1%, meðaltal á hrepp kr. 10685.19, sýslur borga 156327 kr. eða 20.7%, meðaltal á sýslu 3968 kr., og loks bókasafnasjóður 416591 kr. eða 55.2%. Öll framlögin til þessara safna nema að meðaltali 66417 kr. á safn í stað 22031 kr. samkv. lögunum frá 1955. Lægstar verða tekjurnar hjá safninu á Reykhólum 22182 kr., en hæstar hjá safni Árnesinga á Selfossi, 180798 kr. Bæði meðaltalið og lægsta talan sýna, að ekki er gengið óhóflega langt um hækkun framlaga, en þeir, sem líta á fylgiskjal, sem sýnir framlögin samkv. gildandi lögum og samkv. frumvarpinu, munu gera sér þess ljósa grein, hvað aðstaða þessara safna er bætt frá því, sem verið hefur, án þess að íþyngt sé verulega hreppum og sýslum.

Til 9 bæjarbókasafna, sem um leið eru héraðsbókasöfn, námu framlög 1958 samkv. lögum 687012 kr., þar af frá bæjum 412408 kr. eða 60%, frá sýslum 54948 kr. eða 8%, og 219656 kr. frá ríkinu eða 32%. Meðaltal á hvert bæjarfélag var 45823 kr., og á hverja sýslu 6105 kr. Meðaltekjur hjá söfnunum voru 76335 kr., en lægstu tekjur 23992 kr. hjá safninu á Seyðisfirði, en hæstu 155436 kr. hjá Amtsbókasafninu á Akureyri. Lágmarkskrafa til slíkra safna er, að þau kaupi allar bækur, sem út koma á íslenzku, og nokkur eintök af þeim, sem helzt er spurt eftir, kaupi erlendar bækur, fræðirit og handbækur á ensku og Norðurlandamálum og eitthvað af skáld- og skemmtiritum á þessum þjóðtungum, hafi opinn lestrarsal, launi einn til þrjá bókaverði, sem hafi bókavörzlu að aðalstarfi, og loks greiði húsaleigu, ljós og hita og sitthvað, sem til fellur og ekki verður hjá komizt. Mundi því engum dyljast, að þær tölur, sem nefndar eru í lögunum um almenningsbókasöfn, eru frekar viðurkenning á réttmæti slíkra safna en raunhæft mat á kostnaði við skynsamlegan og raunar nauðsynlegan rekstur þeirra, enda hafa bæirnir bætt þarna úr skák. Umframgreiðslur þeirra nema á árinu 1958 samtals 485489 kr. eða að meðaltali frá hverjum bæ 53943 kr., og er það talsvert meira en 100% hækkun. Þó eru söfnin hvergi starfrækt þannig, að sambærilegt sé við söfn af sama tagi í nágrannalöndunum, enda nema raunveruleg framlög, þar með taldar umframgreiðslur þriggja sýslna, Gullbringusýslu, Skagafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, ekki nema kr. 21.57 á hvern íbúa í öllum bókasafnahverfunum. Til dæmis um það, hve framlögin samkvæmt lögunum frá 1955 eru fráleitlega lág, má taka tekjur og rekstur bókasafnanna á Ísafirði og í Hafnarfirði 1958. Safnið á Ísafirði á að fá sem lágmarksgreiðslu frá bæjarfélaginu 40575 kr., en greiðsla bæjarins það ár til safnsins varð 134239 kr. eða meira en þreföld við það, sem lögin gera ráð fyrir. Og hve víðtæk er svo starfsemin? Bókavörður hefur lífvænleg árslaun, en enga aðstoð, og lestrarsalur er opinn síðari hluta dags þá mánuði ársins, sem menn hafa helzt aðstöðu til að sitja við lestur og athugun ýmiss konar heimilda. Í Hafnarfirði er lögskylt framlag bæjarins árið 1958 86414 kr., en raunverulegt framlag 213000 kr. Þar eru tveir bókaverðir á sæmilegum árslaunum, og þar er opinn lestrarsalur, en safnið hefur ekki

fjárhagsaðstöðu til að nota efri hæðina í hinu glæsilega bókasafnshúsi, heldur hefur stjórn safnsins talið sig neydda til að leigja hana til skólahalds, og safnið hefur ekki haft svo rúm fjárráð, að það geti keypt bækur eftir brýnustu þörfum.

Samkvæmt því frumvarpi, sem hér kemur fram, nema framlögin til þessara safna samtals 1553621 kr., þar af frá bæjum 720865 kr., sýslum 130002 kr. og frá bókasafnasjóði 702754 kr. eða 45.2%, móti 32% frá ríkinu samkv. núgildandi lögum. Meðaltal á hvert bæjarfélag verður 80096 kr. og á hverja sýslu 14445 kr., og meðaltekjur safnanna verða 172625 kr., lægstu tekjur 64732 kr. hjá Amtsbókasafninu á Seyðisfirði og hæstu 348068 kr. hjá Amtsbókasafninu á Akureyri. Hækkun framlaga nemur alls 866609 kr. Þar af greiða bæirnir 308457 kr. eða 35.6%, og 34273 kr. að meðaltali, sýslur 75054 kr. eða 8.7%, og 8339 kr. að meðaltali, og bókasafnasjóður 483098 kr. eða 55.7%. Tekjur safnanna nema kr. 31.75 á íbúa í stað 14 kr. samkv. núgildandi lögum. Ef bæirnir drægju ekkert úr framlögum sínum frá því, sem þau voru árið 1958, næmu framlögin 226568 kr. að meðaltali á hvert safn og kr. 41.67 á íbúa bókasafnahverfanna allra. Ef borið er saman við tekjur safnanna í nágrannalöndunum, Svíþjóð, Danmörku og Noregi, munu menn sjá, að þarna mundi ekki of langt gengið í ákvörðun framlaganna.

Tekjur þeirra fjögurra bæjarbókasafna utan Reykjavíkur, sem sýslur standa ekki að, voru 1958 samkv. lögunum um almenningsbókasöfn samtals 275887 kr., þar af 186969 kr. frá bæjunum sjálfum, en 88918 kr. frá ríkinu. En með umframgreiðslum bæjanna urðu tekjur safnanna samtals 310576 kr., eða kr. 31.42 á hvern íbúa. Samkvæmt frumvarpinu á lögbundið framlag til þessara safna að verða 577835 kr. eða 144460 kr. á hvert safn og kr. 45.50 á hvern íbúa.

Hækkunin nemur 301948 kr., þar af 114184 kr. frá bæjunum sjálfum eða 37.8%, en 187764 kr. eða 62.2% frá bókasafnasjóði.

Bæjarbókasafn Reykjavíkur er stærsta almenningsbókasafn landsins. Lágmarkstekjur þess áttu að nema árið 1958 839213 kr. samkv. lögunum frá 1955, þar af 20% úr ríkissjóði, en þær urðu sakir umframgreiðslna úr bæjarsjóði 2221862 kr., og varð því framlag ríkisins aðeins 7.5%. Það mundi ekki leika á tveim tungum, að gjaldgeta Reykjavíkur sé meiri en annarra bæjarfélaga hér á landi, og kemur þar sitthvað til. Enn fremur er það staðreynd, að eftir því sem bókasafnshverfi er fjölmennara, því lægra gjald þarf á hvern íbúa, til þess að rekstur almenningsbókasafns geti orðið viðhlítandi. En engin sanngirni mælir með því, að Reykjavík sitji við jafnskarðan hlut af hálfu ríkisins til bókasafnsmála framvegis og hingað til. Þess vegna er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að framlag bókasafnasjóðs til Bæjarbókasafns Reykjavíkur hækki hlutfallslega frá áður ákveðnu ríkisframlagi meira en til nokkurs annars safns — eða úr 167843 kr. miðað við árið 1958 í 518062 kr. En þrátt fyrir þessa hækkun mundu ekki tekjur bókasafnsins nema meiru en 36 kr. á íbúa árið 1962, þótt bæjarsjóður drægi ekkert úr greiðslum sínum frá því, sem þær eru nú, en eins og sýnt er hér að framan, greiddi Kaupmannahöfn á árinu 1958 kr. 47.50 á íbúa til almenningsbókasafna og Stokkhólmur kr. 52.70, Ósló hins vegar aðeins kr. 25.15. Sé ekki gert ráð fyrir neinum umframgreiðslum frá Reykjavíkurbæ, nema tekjur bæjarbókasafnsins aðeins kr. 27.50 á íbúa eftir samþykkt frumvarpsins, og er auðsætt af þessu, að ekki er óhóflega bættur hlutur einnar hinnar mestu menningarstofnunar höfuðstaðarins með fyrirhugaðri breytingu á ákvæðum um framlög.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að lágmarksframlög til sveitarbókasafna og lestrarfélaga tvöfaldist, sveitir greiði 10 kr. í stað 5 kr. á íbúa og bókasafnasjóður sömu upphæð á móti. Þá er og gert ráð fyrir, að hámarksgreiðsla bókasafnasjóðs til þessara safna geti komizt upp í 25 kr. á hvern íbúa, en hámarksgreiðsla ríkisins er nú kr. 12.50. Bókasafn í sveit, sem í eru 200 íbúar, hefur nú 2000 kr. lágmarkstekjur, þar af 1000 kr. frá ríkinu, en með 20 kr. heimaframlagi á íbúa geta tekjurnar orðið 6500 kr., þar af úr ríkissjóði 2500. Eftir samþykkt þessa frumvarps verða lágmarkstekjur slíks safns 4000 kr., þar af 2000 úr bókasafnasjóði, en tekjurnar geta með 30 kr. heimaframlagi komizt upp í 10000 kr., þar af 4000 kr. úr bókasafnasjóði. Þó að lág-

marksgreiðsla til sveitarbókasafna hækki samkvæmt frumvarpinu um 100%, þarf vart að gera ráð fyrir, að greiðslur til þeirra úr bókasafnasjóði verði fyrst um sinn nema 50% hærri en greiðslur ríkisins eru áætlaðar samkv. núgildandi lögum. Þetta er sakir þess, að allmargar sveitir hafa greitt undanfarið til safna sinna það háa upphæð, að hámarksgreiðsla úr ríkissjóði hefur komið á móti, en framlag til slíkra safna mun að líkindum ekki hækka nema tiltölulega lítið á næstu árum.

5.

Þá er komið að bókasöfnum í skólum og opinberum stofnunum. Þau er heimilt, en ekki lögskylt að stofna og starfrækja samkv. núgildandi lögum, og þykir rétt, að sú skipan haldist að sinni.

Í tillögunum um fjárframlög er hækkað ríkisframlag til skólabókasafna um 100%, enda áður svo lágt, að það hefur komið að mjög litlu gagni nema í fjölmennustu skólunum — og auk þess verð á bókum hækkað að miklum mun, síðan framlög voru ákveðin, svo sem áður getur. Hins vegar þykir viðhlítandi, þótt tillagið til bókasafna annarra opinberra stofnana hækki ekki nema úr kr. 25.00 í kr. 40.00. Þessar hækkanir mundu ekki nema meiru en 60—70 þús. kr. á ári, miðað við að bókasöfn í öðrum skólum en heimavistarskólum nytu einskis styrks, eins og lögin frá 1955 ákveða.

Svo sem áður er á minnzt hér að framan, er með frændþjóðum okkar á Norðurlöndum lögð mikil áherzla á starfrækslu bókasafna í öllum skólum, og njóta þau mjög ríflegs styrks af hendi ríkisins. Þau þykja þar slík menningarleg nauðsyn, að engan veginn sé sæmilegt, að ríkið láti sig þau engu varða. Undanfarin ár hafa menningarfulltrúar frá öllum Norðurlöndum fjallað um skipan slíkra safna, verið dregin saman gögn og margvíslegar upplýsingar um starf þeirra og starfsaðstöðu og gerðar ýtarlegar athuganir á því, hvernig haga beri starfsemi þeirra og skipan framvegis, svo að þau megi koma að sem mestu haldi í allri fræðslu í skólunum og um leið renna stoðum undir sjálfsnám nemendanna að skólagöngu lokinni. Hefur verið leitað til menntamálaráðuneytisins hér um upplýsingar um ástand og starf slíkra safna hjá okkur Íslendingum og því sendar álitsgerðir og athuganir um störf þeirra, starfsaðstöðu og framtíðarfyrirkomulag með hinum Norðurlandaþjóðunum. Við athugun á þessum gögnum hefur menntamálaráðuneytinu, fræðslumálastjóra og bókafulltrúa orðið það enn ljósara en áður, hve skammt við erum á veg komnir á þessum vettvangi og hve lítt bókasafnsmálum skólanna hefur hér verið gaumur gefinn, samtímis því, sem að því hefur verið keppt að gera starfsaðstöðu þeirra sem bezta á öðrum sviðum og til þess árlega verið varið miklu fé.

Eru þessir aðilar sammála um, að svo búið megi ekki standa, og þess vegna eru ákvæði um það í frumvarpi þessu, að öllum skólum sé heimilt framlag úr bókasafnasjóði til starfrækslu bókasafna. Skulu söfn í heimangönguskólum njóta sama styrks og söfn heimavistarskóla, að öðru leyti en því, að í heimangönguskólunum miðist framlagið aðeins við nemendur, en í hinum einnig við kennara og starfsfólk, sem er nýtt ákvæði í þessu frumvarpi, reist á svo ljósum rökum, að það þarfnast ekki skýringa. Þá er og í frumvarpinu ákvæði um það til að létta stofnun skólabókasafna, að tvö fyrstu starfsárin greiði bókasafnasjóður til slíks safns 50% móti því heimaframlagi, sem fram yfir er 20 kr. á einstakling, þó aldrei gegn hærra framlagi en 40 kr. Getur því framlag sjóðsins til nýstofnaðs safns komizt upp í 30 kr. á hvern einstakling, sem við er miðað.

Nú mundi ekki þurfa að gera ráð fyrir, eftir reynslunni af notkun framlagsheimildarinnar í lögunum frá 1955, að allar skólanefndir muni nota sér hin nýju ákvæði, og mundi hæfilega áætlað, að þau hefðu í för með sér þá hækkun útgjalda, að til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum þurfi að ætla úr bókasafnasjóði 600000.00 kr. fyrsta árið og litlu meira þau næstu.

En í frumvarpinu eru fleiri nýmæli um skólabókasöfn en þau, sem þegar hefur verið á minnzt. Nauðsynlegt er, að bókafulltrúi hafi sér til ráðuneytis um skipan, starfstilhögun og bókaval slíkra safna sérfróða menn um uppeldismál og skólabókasöfn.

Loks er það ákvæði, að úr bókasafnasjóði sé árlega varið 25000.00 kr. til tvennra verðlauna fyrir beztu barna- og unglingabækur, sem koma frá hendi íslenzkra höfunda, og þykir eðlilegt, að um þær dæmi, ásamt bókafulltrúa, sömu menn og valdir verða honum til aðstoðar og ráðuneytis almennt um málefni skólabókasafna. Gildi góðra barna- og unglingabóka hefur ekki verið metið hér á landi eins og vert er — og þá ekki heldur starf þeirra höfunda, sem slíkar bækur hafa skrifað. Mjög víða erlendis hefur sá háttur verið tekinn upp, að menntamálaráðuneyti landanna verðlauni árlega slíkar bækur, og hefur það orðið til að ýta undir hæfa rithöfunda um að skrifa fyrir börn og unglinga og vakið athygli alls þorra manna á gildi góðra barna- og unglingabóka og um leið á skaðsemi hinna lélegu.

6.

Þá skal gerð nokkur grein fyrir útgjaldaaukningu ríkissjóðs sjálfs vegna samþykktar þessa frumvarps. Samkvæmt áætlun bókafulltrúa, sem send var menntamálaráðuneytinu 16. júní 1959, mundu útgjöld ríkisins til almenningsbókasafna verða á árinu 1960 eins og hér segir, að þeim lögum óbreyttum, sem nú gilda:

1.	Til bæjar- og héraðsbókasafna	640.000 kr.
2.	Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga	500.000 —
3.	Til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum	110.000 —
	Samtals	1250.000 kr.

Undanfarin ár hafa og verið veittar í fjárlögum til byggingar bókasafna og húsabóta handa söfnum 175000.00 kr. Með þeirri upphæð yrðu þá öll útgjöldin 1425000.00 kr., en samkvæmt þessu frumvarpi 2575000 kr. Þarna er þá um að ræða hækkun, sem nemur 1150000 kr. En bókafulltrúi hefur margsinnis bent á, að lægsta upphæð á fjárlögum, sem verða megi að verulegu gagni til byggingar bókasafna, sé 250000.00 kr. Loks má svo minna á þá geipilegu hækkun, sem orðið hefur á verði bóka síðan 1954 og auk þess á öðrum kostnaði við starfrækslu safnanna. Til sömu aðstöðu þeirra og árið, sem lögin um almenningsbókasöfn voru samin, hefur bókafulltrúi áætlað að ekki þurfi lægri viðbótargreiðslu af hendi ríkissjóðs en 900 þús. kr. og auk þess verði Alþingi að gera ráðstafanir til breytinga á lögunum, sem hafi í för með sér samsvarandi hækkun frá bæjum, sýslum og hreppum.

7.

Ýmis nýmæli frumvarpsins eru mjög smávægileg og orsakir og tilgangur sumra svo auðsær, að ekki er ástæða til að skýra þau, en hér skal nú vikið að nokkrum fleiri meginatriðum en þegar hefur verið um fjallað.

Er þá fyrst eftirlit með bókasöfnum. Í núgildandi lögum er ætlazt til þess, að öll bókasöfn landsins séu eingöngu háð eftirliti bókafulltrúa og námsstjóra. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að öll sveitarbókasöfn og söfn í framhaldsskólum og í sjúkrahúsum og hælum innan hvers bókasafnshverfis séu háð eftirliti bæjar- eða héraðsbókavarðar. Þessir bókaverðir eru sérfróðir um skipan og starfrækslu bókasafna, og er eðlilegast, að eftirlitið sé framkvæmt af þeim. Hins vegar er ákvæði um það í 27. gr., að námsstjórar hafi umsjá með bókasöfnum í barnaskólum. Þeir skólar eru yfirleitt háðir eftirliti þeirra, og liggur því beint við, að þeir athugi þar einnig starf og ástand bókasafna.

Í 11. og 12. gr. er fjallað um þá bókaverði bæjar- og héraðsbókasafna, sem hafa bókavörzlu að aðalstarfi, kröfur um menntun þeirra og ákvæði um laun og ráðningu. Með samþykkt þessa frumvarps mun starfsemi þessara safna verða svo mikilvægur þáttur í menningar- og fræðslustarfi hlutaðeigandi bókasafnahverfis, að gera verður strangar kröfur til menntunar og sérþekkingar bókavarða, en eins og sakir standa nú, mundi ekki henta, að þeir einir fengju rétt til slíkra starfa, sem lokið hafa prófi í bókavörzlu, þar eð enn er aðeins völ mjög fárra slíkra manna. En til þess að hæfir menn fáist til að helga bókasöfnunum starfskrafta sína, er nauðsynlegt að samræma launakjör og ákveða launin þannig, að þau séu lífvænleg.

Í 13. gr. er kveðið á um ráðningu bókavarða við þau bæjar- og héraðsbókasöfn, sem ekki munu hafa það rúman fjárhag, að þau geti haft bókavörð á fullum launum. Til slíkra bókavarða verða ekki gerðar sömu kröfur og til hinna, en ákvæði greinarinnar miða að því að tryggja, að til starfanna veljist eins hæfir menn og áhugasamir og völ er á. Mundi víða vel henta, að kennarar, sem aðeins kenndu lögskilda tíma og væru bókfróðir og skylduræknir, tækju að sér bókavörzlu við slík söfn, og sama máli er að gegna um sveitarbókasöfn í fjölmennum kauptúnum.

8.

Skylduframlög sýslna, hreppa, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, og 8 bæja, Kópavogs, Akraness, Sauðárkróks, Ólafsfjarðar, Húsavíkur, Seyðisfjarðar, Neskaupstaðar og Vestmannaeyja, hækka við samþykkt frumvarpsins frá raunverulegum framlögum árið 1958 um 433810.00 kr., en á móti þeirri hækkun kemur úr bókasafnasjóði hækkun, sem nemur 705890.00 kr. Hjá Reykjavík og 5 öðrum bæjum, Keflavík, Hafnarfirði, Ísafirði, Sauðárkróki og Akureyri, verða skylduframlög lægri en raunveruleg framlög 1958, en framlag bókasafnasjóðs, áður ríkissjóðs, hækkar til þessara aðila um 713479.00 kr., þar af til Bæjarbókasafns Reykjavíkur 350219.00 kr. og 363260.00 kr. til safna í hinum bæjunum. Framlög til sveitarbókasafna hækka um 250000.00 kr. (áætluð upphæð). Framlög alls til bæjar- og héraðsbókasafna nema kr. 30.35 á hvern íbúa í landinu, þar af kr. 18.35 frá bæjum, sýslum og hreppum, en kr. 12.00 frá bókasafnasjóði. Séu talin með framlög til sveitarbókasafna, nema framlögin kr. 40.65 á hvern íbúa í bæjum, þorpum og sveitum. Auk þessa eru svo framlög til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum.

Það, sem vinnst við samþykkt þessa frumvarps og frumvarps um bókasafnasjóð, er eins og hér segir:

1. Að bæjarbókasöfnin öll fá stórum bætt skilyrði til viðhlítandi starfrækslu.
2. Að héraðsbókasöfn, sem ekki eru um leið bæjarbókasöfn, öðlast sæmilega möguleika á að verða að gagni, en hafa verið með öllu vanmegnug til þeirrar þjónustu, sem þeim er ætluð.
3. Að bætt er að mun afkoma sveitarbókasafna.
4. Að starfsskilyrði bókasafna í heimavistarskólum og hælum eru bætt og öllum barna- og framhaldsskólum gert fært að stofna og starfrækja bókasöfn.
5. Að möguleikar á húsabótum safnanna eru mjög auknir og þar með undir það ýtt, að víkkað verði starfssvið safnanna og stofnað til nýmæla í rekstri þeirra.
6. Að betur en áður er tryggt eftirlit með starfrækslu allra almenningsbókasafna.
7. Að stuðlað verður að bættum íslenzkum bókakosti handa börnum og unglingum.
8. Að möguleikar á stofnun og rekstri héraðsskjalasafna eru stórum auknir.

Fylgiskjal.

Bæjar- og héraðsbókasöfn.

Nöfn	Framlög 1958 skv. núgildandi lögum: Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkissjóður	Samt.	Raunveruleg framlög 1958: Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkissjóður	Samt.	Greitt umfram lögákv. framl. 1958: Bær eða hreppur	Sýsla	Samt.	
1. Bæjar- og héraðsbs. í Keflavík	59 639	10 815	36 776	107 230	130 000	20 815	36 776	187 591	70 361	10 000	80 361	1.
2. Bæjar- og héraðsbs. í Hafnarfirði	86 414	4 143	37 028	127 615	213 000	4 143	37 058	254 201	126 586	—	126 586	2.
3. Bæjarbókas. í Kópavogi	69 818	—	32 501	102 319	86 283	—	32 501	118 784	16 465	—	16 465	3.
4. Bæjarbókas. í Reykjavík	671 370	—	167 843	839 213	2 054 020	—	167 843	2 221 863	1 382 650	—	1 382 650	4.
5. Héraðsbókas. Kjósarsýslu	7 920	6 393	8 628	22 941	7 920	6 393	8 628	22 941	—	—	—	5.
6. Bæjar- og héraðsbs. á Akran.	53 295	1 869	28 206	83 370	82 053	1 869	28 206	112 128	28 758	—	28 758	6.
7. Héraðsbókas. Borgarfjarðar	9 744	8 007	10 733	28 484	10 595	8 007	10 733	29 335	851	—	851	7.
8. Amtsbókas. í Stykkishólmi	10 932	10 359	13 188	34 479	10 932	17 359	13 188	41 479	—	7 000	7 000	8.
9. Héraðsbókas. Dalasýslu	2 928	3 330	3 995	10 253	2 928	3 330	3 995	10 253	—	—	—	9.
10. Héraðsbókas. A.-Barð.	2 988	1 806	2 750	7 544	2 988	1 806	2 750	7 544	—	—	—	10.
11. Héraðsbókas. V.-Barð.	10 008	5 703	8 923	24 634	10 008	5 703	8 923	24 634	—	—	—	11.
12. Héraðsbókas. V.-Ísafjarðars.	6 204	5 445	7 123	18 772	6 204	5 445	7 123	18 772	—	—	—	12.
13. Bæjar- og héraðsbs. á Ísaf.	40 575	5 511	24 881	70 967	134 239	5 511	24 881	164 631	93 664	—	93 664	13.
14. Héraðsbókas. Strandasýslu	4 956	4 917	6 163	16 036	4 956	5 000	6 163	16 119	—	83	83	14.
15. Héraðsbókas. V.-Hún.	3 912	4 116	5 060	13 088	3 912	4 200	5 060	13 172	—	84	84	15.
16. Héraðsbókas. A.-Hún.	6 624	6 822	8 445	21 891	12 000	10 000	8 445	30 445	5 376	3 178	8 554	16.
17. Bókasafn Skagfirðinga	16 785	8 157	15 191	40 133	26 875	18 157	15 191	60 223	10 090	10 000	20 090	17.
18. Bæjarbókas. Siglufjarðar	41 280	—	20 640	61 920	89 483	—	20 640	110 123	48 203	—	48 203	18.
19. Bæjarbókas. Ólafsfjarðar	13 260	—	16 630	19 890	14 000	—	6 630	20 630	740	—	740	19.
20. Amtsbókas. á Akureyri	103 425	11 445	40 566	155 436	227 000	11 445	40 566	279 011	123 575	—	123 575	20.
21. Bókasafn Þingeyinga	20 865	8 316	17 363	46 544	23 900	11 316	17 363	52 579	3 035	3 000	6 035	21.
22. Héraðsbókas. N.-Þing.	3 900	5 982	6 610	16 492	3 900	12 000	6 610	22 510	—	6 018	6 018	22.
23. Amtsbókas. á Seyðisfirði	10 920	4 152	8 920	23 992	20 000	4 152	8 920	33 072	9 080	—	9 080	23.
24. Bókasafn Héraðsbúa	2 496	5 565	5 678	13 739	2 496	5 565	5 678	13 739	—	—	—	24.
25. Bæjar- og héraðsbs. í Nesk.st.	20 490	540	10 695	31 725	41 000	540	10 695	52 235	20 510	—	20 510	25.
26. Héraðsbókas. á Eskifirði	8 460	9 861	11 743	30 064	8 460	9 861	11 743	30 064	—	—	—	26.
27. Héraðsbókas. A.-Skaft.	6 408	3 729	5 778	15 915	13 350	3 729	5 778	22 857	6 942	—	6 942	27.
28. Héraðsbókas. V.-Skaft.	6 252	4 278	6 170	16 700	6 252	4 278	6 170	16 700	—	—	—	28.
29. Bæjarbókas. Vestmannaeyja	62 611	—	29 147	91 758	110 029	—	29 147	139 176	47 418	—	47 418	29.
30. Héraðsbókas. Rangárvallasýslu	3 900	9 231	9 318	22 449	5 824	9 231	9 318	24 373	1 924	—	1 924	30.
31. Héraðsbókas. Árnessýslu	17 808	19 533	23 698	61 039	17 808	19 533	23 698	61 039	—	—	—	31.
Samtals	1 386 187	170 025	620 420	2 176 632	3 382 415	209 388	620 420	4 212 223	1 996 228	39 363	2 035 591	

	Framlög skv. tillögum til lagabreytinga				Mismunur frá núgildandi lögum				
Nöfn	Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkissj. Bókas.	Samtals	Bær eða hreppur Hækkun	Sýsla Hækkun	Ríkissj. (Bókass.) Hækkun	Samtals Hækkun	
1. Bæjar- og héraðsbókas. í Keflavík	109 200	25 991	113 351	248 542	49 561	15 176	76 575	141 312	1.
2. Bæjar- og héraðsbs. í Hafnarfirði	131 940	10 465	109 420	251 825	45 526	6 322	72 362	124 210	2.
3. Bæjarbókasafnið í Kópavogi	102 000	—	76 500	178 500	32 182	—	43 999	76 181	3.
4. Bæjarbókasafnið í Reykjavík	1 381 500	—	518 062	1 899 562	710 130	—	350 219	1 060 349	4.
5. Héraðsbókasafn Kjósarsýslu	21 300	15 820	37 120	74 240	13 380	9 427	28 492	51 299	5.
6. Bæjar- og héraðsbókasafnið á Akranesi	90 975	4 480	77 260	172 715	37 680	2 611	49 054	89 345	6.
7. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar	25 200	18 809	44 009	88 018	15 456	10 802	33 276	59 534	7.
8. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi	28 140	24 577	52 717	105 434	17 208	14 218	39 529	70 955	8.
9. Héraðsbókasafn Dalasýslu	7 530	7 889	15 419	30 838	4 602	4 559	11 424	20 585	9.
10. Héraðsbókasafn A.-Barðastrandarsýslu	7 080	4 011	11 091	22 182	4 092	2 205	8 341	14 638	10.
11. Héraðsbókasafn V.-Barðastrandarsýslu	25 320	13 279	38 599	77 198	15 312	7 576	29 676	52 564	11.
12. Héraðsbókasafn V.-Ísafjarðarsýslu	15 660	12 754	28 414	56 828	9 456	7 309	21 291	38 056	12.
13. Bæjar- og héraðsbókasafnið á Ísafirði	80 610	12 936	80 101	173 647	40 035	7 425	55 220	102 680	13.
14. Héraðsbókasafn Strandasýslu	12 150	11 249	23 399	46 798	7 194	6 332	17 236	30 762	14.
15. Héraðsbókasafn V.-Húnavatnssýslu	9 960	9 562	19 522	39 044	6 048	5 446	14 462	25 956	15.
16. Héraðsbókasafn A.-Húnavatnssýslu	16 920	16 016	32 936	65 872	10 296	9 194	24 491	43 981	16.
17. Bókasafn Skagfirðinga	33 030	18 996	46 523	98 549	16 245	10 839	31 332	58 416	17.
18. Bæjarbókasafn Siglufjarðar	80 790	—	67 325	148 115	39 510	—	46 685	86 195	18.
19. Bæjarbókasafn Ólafsfjarðar	26 160	—	26 160	52 320	12 900	—	19 530	32 430	19.
20. Amtsbókasafnið á Akureyri	168 400	26 684	152 984	348 068	64 975	15 239	112 418	192 632	20.
21. Bókasafn Þingeyinga	42 030	19 236	54 261	115 527	21 165	10 920	36 898	68 983	21.
22. Héraðsbókasafn N.-Þingeyinga	9 240	13 804	23 044	46 088	5 340	7 822	16 434	29 596	22.
23. Amtsbókasafnið á Seyðisfirði	22 440	9 926	32 366	64 732	11 520	5 774	23 446	40 740	23.
24. Bókasafn Héraðsbúa	6 840	13 202	20 042	40 084	4 344	7 637	14 364	26 345	24.
25. Bæjar- og héraðsbókasafnið í Neskaupstað	42 240	1 288	36 488	80 016	21 750	748	25 793	48 291	25.
26. Héraðsbókasafnið á Eskifirði	21 840	22 911	44 751	89 502	13 380	13 050	33 008	59 438	26.
27. Héraðsbókasafn A.-Skaftafellssýslu	17 160	9 044	26 204	52 408	10 752	5 315	20 426	36 493	27.
28. Héraðsbókasafn V.-Skaftafellssýslu	15 270	9 919	25 189	50 378	9 018	5 641	19 019	33 678	28.
29. Bæjarbókasafn Vestmannaeyja	110 500	—	88 400	198 900	47 889	—	59 253	107 142	29.
30. Héraðsbókasafn Rangárvallasýslu	10 080	21 609	31 689	63 378	6 180	12 378	22 371	40 929	30.
31. Héraðsbókasafn Árnessýslu	47 400	46 949	86 449	160 798	29 592	27 416	62 751	119 759	31.
	2 718 905	401 406	2 039 795	5 160 106	1 332 718	231 381	1 419 375	2 983 474	

Mismunur á tillögum og raunverulegu framlagi 1958

Nöfn	Bær eða hreppur Hækkun	Bær eða hreppur Lækkun	Sýsla Hækkun	Ríkissj. (Bókass.) Hækkun	Samtals Hækkun	Samtals Lækkun
1. Bæjar- og héraðsbókas. í Keflavík ..	—	20 800	5 176	76 575	60 951	—
2. Bæjar- og héraðsbs. í Hafnarfirði ..	—	81 060	6 322	72 362	—	2 376
3. Bæjarbókasafnið í Kópavogi	15 717	—	—	43 999	59 716	—
4. Bæjarbókasafnið í Reykjavík	—	672 520	—	350 219	—	322 301
5. Héraðsbókasafn Kjósarsýslu	13 380	—	9 427	28 492	51 299	—
6. Bæjar- og héraðsbs. á Akranesi	8 922	—	2 611	49 054	60 587	—
7. Héraðsbókasafn Borgarfj.	14 605	—	10 802	33 276	58 683	—
8. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi	17 208	—	7 218	39 529	63 955	—
9. Héraðsbókasafn Dalasýslu	4 602	—	4 559	11 424	20 585	—
10. Héraðsbókasafn A.-Barð.	4 092	—	2 205	8 341	14 638	—
11. Héraðsbókasafn V.-Barð.	15 312	—	7 576	29 676	52 564	—
12. Héraðsbókasafn V.-Ísafj.s.	9 456	—	7 309	21 291	38 056	—
13. Bæjar- og héraðsbókas. á Ísaf.	—	53 629	7 425	55 220	9 016	—
14. Héraðsbókasafn Strandasýslu	7 194	—	6 249	17 236	30 679	—
15. Héraðsbókasafn V.-Hún.	6 048	—	5 362	14 462	25 872	—
16. Héraðsbókasafn A.-Hún.	4 920	—	6 016	24 491	35 427	—
17. Bókasafn Skagfirðinga	6 155	—	839	31 332	38 326	—
18. Bæjarbókasafn Siglufjarðar	—	8 693	—	46 685	37 992	—
19. Bæjarbókasafn Ólafsfjarðar	12 160	—	—	19 530	31 690	—
20. Amtsbókasafnið á Akureyri	—	58 600	15 239	112 418	69 057	—
21. Bókasafn Þingeyinga	18 130	—	7 920	36 898	62 948	—
22. Héraðsbókasafn N.-Þing.	5 340	—	1 804	16 434	23 578	—
23. Amtsbókasafnið á Seyðisfirði	2 440	—	5 774	23 446	31 660	—
24. Bókasafn Héraðsbúa	4 344	—	7 637	14 364	26 345	—
25. Bæjar- og héraðsbs. í Neskaupst. ..	1 240	—	748	25 793	27 781	—
26. Héraðsbókasafnið á Eskifirði	13 380	—	13 050	33 008	59 438	—
27. Héraðsbókasafn A.-Skaft.	3 810	—	5 315	20 426	29 551	—
28. Héraðsbókasafn V.-Skaft.	9 018	—	5 641	19 019	33 678	—
29. Bæjarbókas. Vestmannaeyja	471	—	—	59 253	59 724	—
30. Héraðsbókas. Rangárvallasýslu	4 256	—	12 378	22 371	39 005	—
31. Héraðsbókasafn Árnessýslu	29 592	—	27 416	62 751	119 759	—
Samtals	231 792	895 302	192 018	1 419 375	1 272 560	324 677

Hækkun umfram lækkun kr. 947 883.

Nd. 288. Frumvarp til laga [164. mál]

um bókasafnasjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Stofna skal bókasafnasjóð ríkisins.

2. gr.

Tekna sjóðsins skal aflað eins og hér segir:

a) Gjald skal greiða af öllum blöðum, nema dagblöðum, og tímaritum, sem út eru gefin á íslenzku af einstökum mönnum, hlutafélögum eða sameignarfélögum og einkum flytja frásagnir og skemmtisögur, frumsamdar eða þýddar, fróðleikstíning ýmiss konar, getraunir, myndagátur og ljósmyndir, enn fremur af þýddum skemmti- og glæpasögum, gefnum út í heftum eða bókaflokkum. Gjaldið skal

vera 10% álag á útsöluverð þriggja fjórðu hluta af upplagi ritsins. Skal prentsmiðja sú, sem prentar ritið, innheimta gjaldið hjá útgefanda.

b) Gjald skal greiða af öllum erlendum blöðum og ritum, sem einkum flytja skemmtisögur, léttan fróðleik og myndir, enn fremur af erlendum skáldritum, sem gefin eru út í bókaflokkum með sama eða svipuðu sniði. Gjaldið skal vera 10% álag á útsöluverð 75% af innfluttum eintakafjölda slíkra blaða, rita og bóka. Menntamálaráðuneytið úrskurðar, hvaða blöð og rit skuli vera gjaldskyld, og skal Innkaupasamband bóksala og aðrir innflytjendur senda ráðuneytinu skrá yfir blöð og rit, sem inn eru flutt, og einnig bókaflokka, sem innfluttir eru, og leita úrskurðar þess um gjaldskyldu.

c) Árlegt framlag ríkissjóðs skal vera kr. 15.00 á hvern íbúa í landinu, samkv. niðurstöðutölum síðasta manntals áður en fjárlög eru afgreidd á Alþingi.

3. gr.

Tekjum bókasafnasjóðs skal varið þannig:

a) Til greiðslu á framlögum samkv. lögum um almenningsbókasöfn.

b) Til húsabóta handa almenningsbókasöfnum. Skulu framlögin aldrei fara fram úr 40% byggingarkostnaðar og ekki fram úr 30% til annarra húsabóta.

c) Til bæjar- og héraðsbókasafna vegna geymsluskyldu á íslenzkum bókum.

d) Til héraðsbókavarða vegna eftirlitsferða, samkv. tillögum bókafulltrúa og úrskurði menntamálaráðuneytisins.

e. Til að verðlauna barna- og unglingabækur.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skal hafa á hendi stjórn sjóðsins og ávöxtun fjár hans og setja nánari reglur um greiðslu úr honum og um innheimtu þeirra gjalda, sem ákveðin eru með lögum þessum.

5. gr.

Ákvæði a- og b-liðs í 2. gr. laga þessara komi til framkvæmda nú þegar, og verði greiddar af fé sjóðsins kr. 340 000.00 til húsabóta handa almenningsbókasöfnum á árinu 1961. Að öðru leyti öðlast lögin gildi 1. janúar 1962.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis flutti menntamálanefnd neðri deildar á síðasta þingi að beiðni menntamálaráðherra, og flytur nefndin frv. á ný samkvæmt beiðni ráðherrans. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Sú breyting hefur verið gerð, að nú er í 2. gr. gert ráð fyrir aðeins 10% álagi á útsöluverð rita, sem þar um ræðir, og 15 kr. framlagi úr ríkissjóði á hvern íbúa í stað 8 króna áður. Jafnframt eru felldir niður stafliðirnir c, d og h úr 3. gr. fyrra frv. Tekna- og gjaldaáætlunin breytist samkvæmt þessu og vegna breytts verðlags.

Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um almenningsbókasöfn er rækilega skýrð þörfin á auknu fé til starfsemi allra slíkra safna, sem starfað hafa samkv. lögum um almenningsbókasöfn frá 1955, og enn fremur gerð grein fyrir hinni brýnu nauðsyn þess, að bókasöfn séu starfrækt og styrkt ekki einungis í heimavistarskólum, heldur í öllum skólum landsins, og er ekki ástæða til að endurtaka hér þau rök, sem koma fram í þeirri greinargerð.

Menntamálaráðuneytið hefur fyllilega gert sér ljósa nauðsyn þess, að aukið fé verði veitt til starfandi bókasafna og að ný verði stofnuð og styrkt, en hins vegar hefur það ekki séð sér fært að leggja til við hið háa Alþingi, eins og ástatt hefur

verið um fjárhag ríkisins, að það legði fram það fé, sem þarf til að bæta hag safnanna svo, að þau geti innt af hendi hlutverk sitt í mun ríkara mæli en við gildistöku laga um almenningsbókasöfn, og auk þess styrkja ný söfn í skólum landsins.

Svo varð þá að leita annarra ráða til tekjuöflunar handa söfnunum, eins og hefur verið gert, þar sem í hlut hafa átt ýmsar aðrar menningarstofnanir og sum samtök, sem unnið hafa að þjóðnýtum viðfangsefnum.

Hefur orðið að ráði að leggja til, að stofnaður verði bókasafnasjóður, sem auk árlegs framlags frá ríkinu njóti tekna af gjaldi á innlend og erlend blöð og tímarit, sem hér eru seld, gefin út í gróðaskyni og flytja yfirleitt frekar léttvægt efni, og enn fremur á innlendar og erlendar útgáfur glæpa- og skemmtisagna, sem gefnar eru út í heftum eða bókaflokkum og hafðar hér á boðstólum. Er þessi leið til fjáröflunar hliðstæð sumum þeim, sem áður hafa verið farnar í svipuðu skyni.

Vakin skal sérstök athygli á því, að með stofnun bókasafnasjóðs og áðurgreindri tekjuöflun er ekki einungis bætt mjög mikið starfsaðstaða áður lögbundinna safna og gert fært að stofna og starfrækja ný, heldur verður og kostur á mun ríflegra fé en nú til húsabóta handa söfnunum, unnt að auka með þeim eftirlit, styðja að nýmælum í rekstri þeirra, stuðla að bættum bókakosti handa börnum og unglingum, bæta menntun og hæfni bókavarða og loks gert fært að starfrækja héraðsskjalasöfn í sambandi við bæjar- og héraðsbókasöfn, sem koma sér upp rúmgóðum og hentugum húsakynnum. Ríkir víða mikill áhugi fyrir því að stofna skjalasöfn og efla þau, sem fyrir eru, og nú er þannig komið, að hægra á að vera en áður að bæta aðstöðu manna til fræðaiðkana í slíkum söfnum, þar sem Landsbókasafnið hefur eignazt vél, sem gerir fært að búa til filmur í svo ódýr lestæki, að þau kosta ekki meira en ódýrustu tegundir ferðaritvéla.

Sem fylgiskjal með frumvarpi þessu er áætlun um tekjur og gjöld bókasafnasjóðs, og er útreikningurinn á tekjunum byggður á tveggja ára allrækilegri athugun þeirra, sem um mál þetta hafa fjallað.

Fleira er ekki ástæða til að taka fram út af frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Áætlun um tekjur bókasafnasjóðs af skatti á innlend og erlend blöð og rit.

1.	Af 10% álagi á ca. 75% af söluverði upplags íslenzkra blaða og tímarita	kr. 1130000.00
2.	Af 10% gjaldi af söluverði erlendra blaða og tímarita	— 450000.00
	Samtals	kr. 1580000.00

Áætlun um tekjur og gjöld bókasafnasjóðs, samkvæmt frumvarpi til laga um slíkan sjóð og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn.

Tekjur:

1.	Framlag ríkisins samkv. áætluðum mannfjölda í árslok 1960, ca.	kr. 2575000.00
2.	Bókasafnagjald af innlendum og erlendum ritum	— 1580000.00
	Samtals	kr. 4155000.00

Gjöld:

1.	Til bæjar- og héraðsbókasafna	kr. 2150000.00
2.	— sveitarbókasafna	— 750000.00
3.	— bókasafna í heimavistarskólum og hælum	— 600000.00
4.	— húsabóta bókasafna	— 500000.00
5.	— bæjar- og héraðsbókasafna, sem hafa geymsluskyldu á íslenzkum blöðum og bókum	— 100000.00
6.	— héraðsbókavarða vegna eftirlitsferða	— 25000.00
7.	— verðlauna fyrir barna- og unglingabækur	— 25000.00
8.	Tekjuafgangur	— 5000.00
	Samtals	kr. 4155000.00

Nd. 289. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð eigi lægri upphæð en kr. 1 000 000.00 á ári næstu 20 ár.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 3. gr. laganna komi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að hækka lánsupphæðir þær, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr., til samræmis við það, sem vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað hverju sinni frá vísitölu tímabilsins 1. október 1953 til 30. september 1954.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

1. málsgr. 2. gr. í gildandi lögum um Kirkjubyggingasjóð er þegar fallin úr gildi. Í lögunum er svo á kveðið, að ríkissjóður skuli greiða í sjóðinn kr. 500 000.00 á ári næstu 20 ár, eða hálfa milljón króna. En á fjárlögum fyrir árið 1960 voru veittar kr. 800 000.00 til sjóðsins. Stórmikil nauðsyn er á því, að þetta framlag hækki, og mætti það ekki vera minna, eins og stendur, en ein milljón króna á ári, til þess að unnt væri að koma nokkuð áleiðis til móts við lánsfjárþörf safnaðanna í landinu.

Í 3. gr. gildandi laga eru ákvæði um hámark lánsupphæða. Eru þau ákvæði miðuð bæði við það fé, sem sjóðurinn hefur til umráða, og við byggingarkostnað, eins og hann taldist, þegar lögin voru sett árið 1954. Báðar þessar viðmiðanir eru nú breyttar, og er því nauðsynlegt, að stjórn sjóðsins fái heimild til að hækka lánsupphæðir til samræmis við aðstæður.

Nd. 290. Frumvarp til laga [166. mál]

um kirkjuorganleikara og söngkennslu í barna- og unglingaskólum utan kaupstaða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Í hverju prestakalli utan kaupstaða skal starfa einn kirkjuorganleikari, er annist um kirkjusöng og hafi á hendi söngkennslu í barna- og unglingaskólum byggðarlagsins, efli þar tónlistarlíf með þjálfun kirkjukóra og annarri hliðstæðri starfsemi.

2. gr.

Organleikararnir skulu halda a. m. k. einn samsöng árlega á vegum sóknarkirknanna. Í skólunum skulu kennd frumatriði söngfræðinnar, nótnalestur og einraddaður söngur. Starfstími organleikara skiptist milli kirknanna og skólanna, eftir því sem ákveðið er í erindisbréfi þeirra, en það semja sóknarnefndir og fræðslunefndir á hverjum stað.

3. gr.

Ef heppilegra þykir í einhverju byggðarlagi að hafa tvo organleikara, skal það leyft að fengnu samþykki biskups og fræðslumálastjóra. Skulu organleikararnir þá skipta með sér verkum samkvæmt erindisbréfi, og nýtur hálfra launa hvor þeirra, nema öðruvísi sé um samið.

4. gr.

Hverjum organleikara skulu greidd laun úr ríkissjóði með sömu kjörum og eftir sömu reglum og kennurum við barna- og unglingaskóla.

5. gr.

Lausar organleikarastöður skulu auglýstar í Lögbirtingablaði, en umsóknir séu stílaðar til biskups Íslands og fræðslumálastjóra, er sameiginlega senda þær menntamálaráðherra að fengnu áliti skóla- og sóknarnefnda. Skulu þó nemendur með fullnaðarprófi frá söngskóla þjóðkirkjunnar og kennaradeild Tónlistarskólans ganga fyrir öðrum, nema menntun og hæfni annarra umsækjenda sé óumdeilanlega jöfn eða meiri en hinna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta ásamt greinargerð var samþykkt á kirkjuþingi, og flytur nefndin það að beiðni kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Það mun vera örugg staðreynd, að iðkun söngs og hljóðfæraleiks á heimilum víðast hvar um landið fer mjög minnkandi í seinni tíð. Virðist mun ótíðara nú en var fyrir nokkrum áratugum, að ungt fólk hafi áhuga á að læra að leika t. d. á harmoníum. Er nú svo komið víða í sveitum, að heita má ógerlegt að fá menn til þess að annast organleik í kirkjum við guðsþjónustur, nema sóttir séu langt að, en það er söfnuðum illkleift fyrir kostnaðar sakir og tæplega heldur um að ræða annað en ígripahjálp með slíku móti. Hinir fámennari söfnuðir hafa ekki heldur neina fjárhagsgetu til þess að launa hin mikilvægu störf organleikara, svo að neinu nemi. Þá er og svo ástatt í skólum, að í smærri kauptúnum og sveitum er víðast hvar engin söngkennsla, þótt söngur sé lögboðin námsgrein, vegna þess að enginn söngfróður maður er til í byggðarlaginu.

Þetta er auðsjáanlega alvarlegur brestur í menningar- og félagslífi. Tónmennt og sönglíf alþýðu er mikilvægur og heilnæmur þáttur í menningu þjóðarinnar og ómissandi undirstaða hærri tónlistarmenningar. Mun lítt stoða til lengdar að verja

miklum fjármunum til túlkunar og flutnings hinna mestu tónverka, ef undirstaðan, söngmenntir alþýðu, er vanrækt með öllu.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, miðar að lausn á tilfinnanlegu og vaxandi vandamáli safnaðanna í landinu og umbót á óviðunandi ágalla á fræðslumálum þjóðarinnar. Er málum yrði svo fyrir komið sem frv. leggur til, væri fengin veruleg trygging fyrir því, að sæmilega hæfir menn réðust til þess að annast söngstjórn í kirkjum og söngkennslu í skólum, og mundu þeir jafnframt verða almennu tónlistarlífi til vakningar og eflingar.

Nd. 291. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarpið lá fyrir síðasta þingi og fékk þá athugun í landbúnaðarnefnd. Nefndin hefur enn á fundum sínum nú athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 2. mgr. Í stað orðanna „og getur þá sveitarstjórn krafizt þess“ komi: og skal þá sveitarstjórn krefjast þess.
2. Við 18. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups“ komi: og á þá leiguliði rétt á að kaupa jörðina.

Alþingi, 26. jan. 1961.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.

Karl Guðjónsson. Einar Sigurðsson.

Nd. 292. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til laga um fæðingarorlof.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á þremur fundum. Sendi hún það til umsagnar til eftirfarandi aðila: Vinnuveitendasambands Íslands, Kvenréttindafélags Íslands, Hjúkrunarfélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins, en sú stofnun á samkv. ákvæðum 4. gr. frv. að hafa á hendi framkvæmd laganna, verði frv. samþ. óbreytt. Umsagnir bárust frá fyrst nefndu þremur aðilunum. Leggur Vinnuveitendasambandið áherzlu á, að frv. verði ekki samþykkt, og telur að framkvæmd laganna komi til að hafa margvíslega erfiðleika í för með sér að áliti tryggingafræðings sambandsins. Kvenréttindafélagið og Hjúkrunarfélagið mæla hins vegar með samþykkt frv., og hið fyrrnefnda leggur mikla áherzlu á, að frv. verði samþykkt á þessu þingi.

Tryggingastofnun ríkisins sendi ekki skriflega umsögn, en forstjóri stofnunarinnar ræddi málið ýtarlega við formann nefndarinnar og gaf þær upplýsingar, að frá tæknilegu sjónarmiði væri svo að segja ógerlegt að framkvæma lögin, ef frv. væri samþykkt óbreytt, og þyrfti frv. því að taka mjög verulegum breytingum,

áður en það yrði að lögum. Benti hann m. a. á, að yrði 2. gr. frv. samþykkt óbreytt, mætti svo fara, að konur réðu sig til málamynda til starfa beinlínis í þeim tilgangi að tryggja sér fæðingarorlof, án þess þó að vera raunverulega í störfum, og þyrfti því að breyta ákvæðum þeirrar greinar til þess að fyrirbyggja slíka misnotkun. Þá taldi hann og, að ef hér ætti að vera um orlof að ræða í sömu merkingu og það er notað í öðrum lögum um orlof, þá væri eðlilegt, að kveðið væri svo á í lögunum, að orlofsþegi hefði eigi launuð störf á hendi á orlofstímanum, svo sem fyrir er mælt í orlofslögum, en það mundi verða margvíslegum erfiðleikum bundið að tryggja, að slíkt yrði ekki gert. Væri það hins vegar tilgangur frv. að tryggja það, að aðili tapaði ekki tekjum við barnsfæðingu, — og bendir allt til, að það sé megintilgangurinn, — þyrfti frv. einnig að taka allverulegum breytingum.

Á það skal bent, að tvenn lög eru í gildi um orlof, og auk þess er konum, sem vinna hjá ríkisstofnunum og á ýmsum öðrum opinberum stöðum, tryggt með lögum eða samningum að halda fullum launum, þótt um sé að ræða fæðingar á ráðningartímabilinu. Þótt frv. það, sem hér um ræðir, yrði að lögum, yrði engan veginn öllum konum, sem börn fæða, tryggt fæðingarorlof eða á annan hátt komið í veg fyrir tekjumissi af þeim ástæðum, en tekjumissir getur engu síður orðið verulegur hjá konum, sem af sömu ástæðum yrðu að vanrækja eigin atvinnurekstur. Er málið því í heild miklu umfangsmeira en svo, að þetta frv., þótt að lögum yrði, leysti allan vandann. Yrði ef til vill eðlilegast að leysa málið á þann hátt að hækka fæðingarstyrk þann, sem tryggingarnar greiða nú til allra mæðra við hverja fæðingu. Taldi forstjóri Tryggingastofnunarinnar, að ef velja ætti þá leið, mundi þurfa að sexfalda núverandi fæðingarstyrk til þess að vega upp á móti þeim auknu fríðindum, sem þeim konum yrðu veitt, sem orlofs ættu að njóta samkvæmt þessu frv., ef að lögum yrði.

Meiri hl. n. lítur því svo á, með tilliti til þess, sem að framan segir, að málið þurfi miklu meiri undirbúning, og leggur því til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til frekari athugunar.

Alþingi, 26. jan. 1961.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.

Nd. 293. Frumvarp til laga [167. mál]

um verðflokkun á nýjum fiski.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Þegar framkvæmd er verðflokkun á nýjum fiski, sem seldur er upp úr fiskiskipi, skal verðflokkunin miðast við þrjá gæðaflokka samkvæmt reglum ferskfiskeftirlitsins, þannig að í fyrsta verðflokki verði fiskur, sem er gallalaus, í öðrum verðflokki fiskur, sem ekki er hæfur til frystingar, en hæfur í saltfisk- og skreiðarverkun, og í þriðja verðflokki óvinnsluhæfur fiskur, t. d. fiskur, sem ber merki um súr eða ýldu eða er morkinn úr netum. Óheimilt er að flokka fisk eftir öðrum reglum. Þó getur nefnd sú, er um ræðir í 2. gr., ákveðið allt að 12% verðlækkun á smáfiski vegna vinnslukostnaðar.

2. gr.

Fiskverð í hverjum verðflokki skal ákveðið af nefnd fisksölu- og fiskkaupaaðila. Ráðherra skipar nefndina eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fisksöluaðila:
3 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.
3 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands.
B. Af hálfu fiskkaupenda:
3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga.
1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.
1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda
Nefndin starfar undir handleiðslu sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.
Nú næst ekki samkomulag nefndarmanna um fiskverðið, og tekur þá sáttasemjari ríkisins sæti í nefndinni, og fellir hún úrskurð þannig skipuð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1961.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af því sérstaka tilefni, að skapazt hefur hið alvarlegasta ástand í atvinnulífi þjóðarinnar vegna ágreinings um verðflokkun á nýjum fiski.

Tilefni þessa ágreinings er það, að stjórnendur L.Í.Ú. og stjórnendur nokkurra fiskkaupasamtaka hafa gert tillögur að verðflokkun á fiski. Fjöldi útvegsmanna getur ekki fallizt á þessar flokkunarreglur. Þannig hafa útvegsmenn í Vestmannaeyjum, stærstu verstöð landsins, neitað að hefja sjóróðra, ef verðflokkun ætti að byggjast á þessum reglum, og samtök útvegsmanna víðs vegar um landið hafa einnig mótmælt þeim.

Meðal sjómanna er ekki síður mikil andstaða gegn reglum þessum, og hafa kjarasamningar víða ekki fengizt samþykktir í samtökum sjómanna af þeim sökum.

Vegna þessa er útvegurinn víða um land stöðvaður, og sér ekki fyrir endann á þeim deilum.

Verðflokkunartillögur stjórnenda L.Í.Ú. og fiskkaupenda eru í aðalatriðum byggðar á því að verðleggja fisk eftir því, með hvaða veiðarfærum hann er veiddur og á hvaða árstíma. Reglur þessar eru því ekki byggðar á gæðamati og víkja í verulegum atriðum alveg frá því.

Augljósir ágallar á verðflokkunartillögunum eru margir, og má t. d. nefna þessa:

1. Handfærafiskur getur samkvæmt reglunum aldrei orðið í verðhæstu flokkunum, hversu góður sem hann er, þótt alltaf hafi verið talið, að betri fisk sé ekki unnt að fá en vel með farinn færafisk.
2. Ýsa, sem jafnan hefur verið með verðmesta bolfiski, er hér veiðist, er svo til öll verðfelld um 12—17%. Verð á beztu ýsu verður þannig 40—60 aurum lægra hvert kg en verð á þorski, og er það í öfugu hlutfalli við útflutningsverð á frystum fiski.
3. Bezti netafiskur getur aldrei samkvæmt reglum þessum komizt hærra en í 3. verðflokk. Slíkur fiskur er þó seldur sem úrvalsfiskur á kröfuhæstu markaði erlendis.
4. Þá er gert ráð fyrir því, að sumarveiddur fiskur sé verðfelldur um 12—17%. Yrði á þann hátt verðfelldur fiskur smábáta, sem oft og tíðum flytja að landi úrvalsfisk.

Verðflokkunarkerfið fyrirhugaða er nýtt af nálinni og hefur ekki þekkzt hér áður. Engin andmæli hafa heyrzt um það, hvorki frá útvegs- né sjómönnum, að verðmismunun sé gerð á fiski eftir gæðum hans, þótt þeir uni ekki verðflokkun, sem byggð er á allt öðrum grunni, þótt þar sé gæðamat haft að yfirvarpi.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að verðflokkun fisks verði algerlega byggð á gæðamati ferskfiskeftirlits ríkisins, en í reglum þeirrar stofnunar er einmitt ákveðin sú þriggja stiga gæðaflokkun, sem í frumvarpi þessu er lagt til að

verði einnig verðflokkun. Flokkunarákvæði þessa frumvarps eru tekin beint upp úr 37. grein reglugerðar um ferskfiskeftirlit, útgefinnar hinn 13. jan. 1961.

Samkvæmt reglum þeim, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, yrði allur gallalaus fiskur, í hvaða veiðarfæri sem hann er veiddur og á hvaða tíma sem er, í hæsta verðflokki. Þannig mundi allur fiskur, sem frystur er og útfluttur sem 1. flokks vara, verðleggjast í samræmi við það. Í 2. verðflokk félli svo allur sá fiskur, sem ekki er talinn hæfur í frystingu, en þó nægilega góður til saltfiskverkunar eða í skreið. Í 3. og lægsta verðflokk færi aðeins sá fiskur, sem ekki er vinnsluhæfur til manneldis og unninn yrði í fiskmjöl eða í dýrafóður.

Lagt er til í frumvarpinu, að sérstök nefnd þeirra aðila, er mestra hagsmuna eiga að gæta varðandi verðlagningu á nýjum fiski, skuli semja um verð á hverjum einstökum gæðaflokki. Gert er ráð fyrir því, að nefndin verði skipuð jafnmörgum fulltrúum seljenda og kaupenda.

Lagt er til, að fulltrúar fiskseljenda séu tilnefndir annars vegar af Alþýðusambandi Íslands sem heildarsamtökum sjómanna og hins vegar af Landssambandi ísl. útvegsmanna sem samtökum fiskiskipaeigenda. Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að fulltrúar fiskseljenda séu aðilar, sem ekki eru jafnframt fiskkaupendur eða eigendur fiskkaupafyrirtækja.

Á hliðstæðan hátt er gert ráð fyrir, að fulltrúar kaupenda verði tilnefndir af stærstu heildarsamtökum fiskkaupenda.

Þar sem vandamál það, sem frumvarpið fjallar um, er á óbeinan hátt í tengslum við kjaramál sjómanna og útvegsins, þótt ekki verði það leyst með samningi milli þeirra aðila einna, er lagt til í frumvarpinu, að sáttasemjari ríkisins skuli hafa hönd í bagga með störfum samninganefndar þeirrar, er endanlega ákveður fiskverðið.

Flutningsmenn leggja á það mikla áherzlu, að frumvarp þetta geti fengið hraða afgreiðslu á Alþingi, þar sem með samþykkt þess og framkvæmd mætti leysa deilur þær, sem nú eru uppi og trufla atvinnulífið vegna ágreinings um verð á nýjum fiski.

Ed. 294. Frumvarp til laga [168. mál]

um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Allir kirkjugarðar landsins og heimagrafreitir eru friðhelgir og skulu vígðir vera af presti. Þar má ekki hafa í nánd leikvelli né önnur mannvirki, sem stafar frá ys og hávaði eða eru til lýta.

2. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs. Drukknaðir menn eiga legstað þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða. Heimilt er sóknarnefnd að taka legkaup fyrir þá, er teljast til annars trúfélags en þjóðkirkjunnar eða eiga heimili utan sóknar, hafi þeir eigi áður tryggt sér leg (sbr. 11. gr.). Engan má jarða í óvígðum reit.

3. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd eða þar til kjörin nefnd hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er hér á eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

4. gr.

Skylt er sveitarfélagi því (en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög), er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og hleðslu- og steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó þannig, að óbreyttar haldist kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa.

Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og ekki standi vatn í þeim.

Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af stafað.

Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2.—4. málsgr. þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því, er hann er felldur.

5. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir smekklegri, fjárheldri girðingu með vönduðu sáluhliði, grind á hjörum og læsingu. Þegar girða þarf kirkjugarð, skal leita um það tillagna umsjónarmanns kirkjugarða (sbr. 36. gr.). Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar. Náist eigi samkomulag um hana við umsjónarmann kirkjugarða, ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju, og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

6. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan.

Nú er þetta vanrækt, og getur þá skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit héraðsprófasts um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal liggja fyrir vottorð héraðslæknis um það, að garðsstæði sé valið í samræmi við heilbrigðisreglur. Vottorð þetta sendist síðan ásamt uppdrætti að fyrirhuguðum kirkjugarði umsjónarmanni kirkjugarða, er hann leggur ásamt umsögn sinni fyrir skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða til fullnaðarúrskurðar.

7. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim, sem í notkun eru, og hinum, sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa sé markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum, sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði, sem menn vita, hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur umsjónarmaður kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun, ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

Umsjónarmaður kirkjugarða gerir tillögur um niðurlagða kirkjugarða, hvernig með skuli fara.

8. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi, sem umsjónarmaður kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra, sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, enn fremur nöfn þeirra, er fyrr hafa verið jarðaðir í garðinum, ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur af kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá, og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra, sem standa í skránni. Skrá þessi skal gerð í tveimur eintökum, og geymist annað hjá sóknarpresti, og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Geta skal þess í legstaðaskrá, ef lík er jarðað í málmkistu.

9. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um, að grefti sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar, sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar.

Bannað er að taka gröf innan kirkju eða nær grunni hennar en einn metra.

10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Sé ætlunin að tvígrafa í sömu gröf, skal grafardýpt fyrra sinn vera 2½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Beinum, sem upp kunna að koma, þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný, þannig að sem minnst beri á þeim. Sé bálstofa fyrir hendi, er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf.

11. gr.

Hjón eiga, ef kostur er, rétt á allt að fjórum grafarstæðum í sóknarkirkjugarði sínum og geta fengið þau mæld út og leyfisbréf fyrir þeim hjá kirkjugarðsstjóra gegn 150 króna gjaldi á grafarstæði. Heimilt er að tvígrafa, enda sé það tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Réttur til grafarstæðanna gildir í 75 ár.

Rétt til grafarstæða samkvæmt framansögðu erfir eftirlifandi maki, en eftir hann börn hjónanna og kjörbörn, á meðan búsett eru í sókninni. Rétt til legs í slíkum reit hafa auk hjóna börn þeirra og kjörbörn, foreldrar, fósturforeldrar og barnabörn, í þeirri röð, sem þau andast, nema samkomulag verði um annað.

Stærð grafarstæða í kirkjugörðum og heimagrafreitum skal vera 2.50×1.25 metrar.

12. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun, ef þess er óskað, gegn 1 kr. gjaldi fyrir hvert ár, sem friðun á að vara. Gjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði, ef þar eru smekkleg minnismerki og þeim vel við haldið, eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta samkvæmt staðfestum uppdrætti girða kirkjugarða, leggja þar brautir og gangstíga, gróðursetja tré og runna og slétta garðinn, ef til þess er ætlazt. Enn fremur skal kirkjugarðsstjórn halda öllu þessu vel við og láta slá garðana árlega, en þó með varúð.

14. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki, er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá. Sá, er setja vill minnismerki á leiði, skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, sem ber að sjá um, að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málmi eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til umsjónarmanns kirkjugarða.

15. gr.

Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði, skal kirkjugarðsstjórn láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra eða kirkjugarðsins. Með sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá aðstandendum viðvart áður, ef kostur er, og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum, þar sem bezt þykir á fara að dómi héraðsprófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum, sem eldri eru en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Gera skal heildarskrá um alla legsteina og önnur minnismerki eldri en frá 1850 eftir gögnum í Þjóðminjasafni eða öðrum heimildum. Sú skrá skal taka til allra kirkjugarða landsins, sem vitað er um, og varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands. Kirkjugarðsstjórnir skulu aðstoða við samningu hennar, eftir því sem þörf krefur. Óheimilt er að færa þá legsteina og önnur minnismerki úr stað, er á heildarskrá standa, nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar. Séu slík minnismerki flutt, skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta hefja öll minnismerki, sem hér um ræðir, úr moldu, ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um alla þá legsteina, er þjóðminjavörður til tekur samkvæmt heildarskrá þjóðminjasafns. Allan kostnað, sem af þessu leiðir, ber að greiða af tekjum hlutaðeigandi kirkjugarða, samning heildarskrár þó undan skilin.

16. gr.

Grafhýsi má því aðeins gera í kirkjugarði, að kirkjugarðsstjórn samþykki, en umsjónarmaður kirkjugarða ræður gerð og stað. Leyfisbréf fyrir grafhýsi skal kosta 100 krónur fyrir hvern fermetra grunnflatar.

17. gr.

Þegar líkbrennsla fer fram, er skylt að búa um öskuna í þar til gerðum duftkerjum. Kerin má grafa niður í grafarstæði eða leiði, enda liggi fyrir fullt samkomulag aðstandenda. Dýpt duftkersgrafar skal vera 1 metri. Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjukarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Heimilt er bálfararfélagi eða kirkjugarðsstjórn í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða að reisa kapellu í kirkjugarði til varðveizlu duftkerja. Nöfn þeirra, sem duft er varðveitt af í kirkjugarði, skal rita á legstaðaskrá og kerin eða grafirnar tölusettar.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði.

18. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð fyrir hæfilega þóknun. Hefur hann á hendi umsjón og eftirlit, og gefur kirkjugarðsstjórn honum erindisbréf.

Kirkjugarðsstjórn getur falið kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi svo og árlegt viðhald legstaða fyrir þá, er þess óska, samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

Lögmætur safnaðarfundur getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

19. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt. Ber þeim að annast útvegun skrúðjurta til gróðursetningar á leiðum fyrir þá, er þess óska.

20. gr.

Starfsmönnum Skógræktar ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum leiðbeiningar um val og hirðingu blómjurta og trjáa, er vel hæfa kirkjugörðum, svo og að láta kirkjugarðsstjórnum garðplöntur í té við vægu verði.

21. gr.

Nú hafa tvær sóknir eða fleiri sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða, og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann, svo og utanþjóðkirkjusöfnuðir með a. m. k. 1000 manns, úr sínum hópi í kirkjugarðsstjórn. Sé tala safnaðarnefnda jöfn, kjósa þær á sameiginlegum fundi einn mann í stjórnina.

Um kjörtíma þeirra gilda sömu reglur sem um sóknarnefndir. Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir, að því er til kirkjugarða tekur.

Utanþjóðkirkjusöfnuðir, er hafa löggiltan forstöðumann, eiga rétt á því að fá í kirkjugarði hæfilega stóran reit fyrir sig, miðað við hlutfallslegan mannfjölda.

22. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóða þessara undir yfirstjórn héraðsprófasts. Er henni skylt að ávaxta sjóðina í banka eða sparisjóði og hafi hver sjóður sína viðskiptabók.

Stofnandi legstaðasjóðs skal í samráði við kirkjugarðsstjórn setja fyrirmæli um það, hvernig verja skuli fé sjóðsins til viðhalds og endurnýjunar legstaðarins.

Nú er friðunartími slíks legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi héraðsprófasts, og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

23. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs er því aðeins gild, að gerð sé með ⅔ atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, enda komi til samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir til fornleifa, og lætur ráðuneytið þinglýsa friðhelgi þeirra.

24. gr.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknarkirkjugarðsins svo og láta slá hann og hirða sómasamlega. Jarða má í niðurlögðum kirkjugarði þá, sem þar eiga nána vandamenn, enda sé þar klukka til líkhringingar.

25. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a. m. k. frá greftrun í kirkjugarði, og getur þá löglegur safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja og

staðfest er af kirkjumálaráðuneytinu. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti, sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það, að þar hafi kirkjugarður verið.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, sem óviðeigandi er að dómi héraðsprófasts. Ekki má þar jarðrask gera með skurðgrefti né reisa nein mannvirki. Þó getur kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann, skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu og útvarpi. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna, er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörzlu, getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað í garðinum (sbr. 15. gr.).

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð, skal hlutaðeigandi sóknarprestur semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

26. gr.

Nú grandar uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði, og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

27. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt með samþykki safnaðarfundar að láta reisa líkhús í kirkjugarði á kostnað garðsins svo og verkamannaskýli fyrir starfsmenn hans. En uppdráttur og staðsetning skulu samþykkt af umsjónarmanni kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Gerð líkhúsa skal ákveðin í reglugerð um kirkjugarða.

28. gr.

Kirkjugarðsstjórnir semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða, sem þær hafa í umsjá sinni, svo og skýrslu um eignir þeirra, að meðtöldum legstaðasjóðum (sbr. 22. gr.).

Tekjur kirkjugarða auk þeirra, sem áður eru nefndar, skulu vera 1½% árlega af útsvörum allra útsvarsgjaldenda á því svæði, er rétt á til kirkjugarðsins.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum, og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt með samþykki safnaðarfundar og að fengu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Er innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóða skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum, ef kirkjugarðsstjórn óskar. Ella gerir hún það sjálf gegn sömu þóknun.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim öllum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

29. gr.

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna, nema að lokinni endurskoðun sendir prófastur kirkjugarðsreikninga til umsjónarmanns kirkjugarða til úrskurðar.

30. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjugarðasjóður, og er hann í umsjá skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Tekjur sjóðsins eru 5% af innkomnum kirkju-

garðsgjöldum. Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðssjóðs fyrir nauðsynlegum gjöldum, og er þá skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða heimilt með samþykki kirkjumálaráðuneytisins að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn í allt að 8%. Skylt er að ávaxta í honum fé kirkjugarðanna, það sem umfram er árlegar þarfir.

Úr sjóði þessum skal veita lán kirkjugarðsstjórnum til girðingar og fegrunar kirkjugarða, allt að ⅔ kostnaðar, ef skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða telur ástæðu til. Lánin skulu veitt með 5% ársvöxtum til 10—20 ára. Enn fremur skal veita styrki, allt að helmingi kostnaðar, til þess að setja minnismerki þar, sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús að fornu. Skylt er kirkjugarðsstjórnum að vinna að því í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða, að á staði þessa verði sett minnismerki svo fljótt sem við verður komið. Gerð minnismerkja ákveður skipulagsnefndin, en kostnaður umfram styrk greiðist af fé sóknarkirkjugarðsins, ef eigi næst samkomulag um annað, sbr. þó niðurlagsorð 32. gr.

Skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða er stjórn sjóðsins, en reikningshald og framkvæmdir annast umsjónarmaður kirkjugarða.

Reikninga skal birta árlega í Stjórnartíðindum.

31. gr.

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Í heimagrafreit má eingöngu jarða heimamenn. Undanþágu frá þessu ákvæði getur þó kirkjumálaráðuneytið veitt með samþykki biskups, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður, ef óðalið gengur úr ættinni.

32. gr.

Nú hefur eigi verið jarðsungið lík í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður, og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja. Séu minnismerki í garðinum, skal jarðeigandi gera aðstandendum viðvart um, að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Niðurlagðan heimagrafreit skal eigandi merkja á viðeigandi hátt, og á hann til þess rétt á styrk úr Kirkjugarðasjóði (sbr. 30. gr.).

33. gr.

Prófastum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu, skoða þá á yfirreiðum sínum og senda umsjónarmanni kirkjugarða afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálft kirkjuskoðunargjald, er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

34. gr.

Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan kirkjugarð. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan kirkjugarð, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins, meðan þeir halda sínum kirkjugarði sómasamlega við og fylgja settum reglum. Þeir eiga þá og ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarðinum.

35. gr.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, að fengnu samþykki biskups, að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi stílaða til kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein, ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um, að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

Réttur aðili til að senda slíka umsókn er eftirlifandi maki, foreldrar, ef um barn dáið innan 18 ára aldurs er að ræða, eða systkini, ef hinn látni á hvorki foreldra né maka á lífi. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða, sé líkið í sterkri kistu, er héraðslæknir telur fullnægjandi, og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla.
3. Ef aðeins er um tilfærslu líks innan sama kirkjugarðs að ræða, skeri héraðslæknir úr um það, hvort þörf sé sérstakrar kistu.
4. Enn fremur skal upptaka líks heimil samkvæmt dómsúrskurði.

Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um, að flutningsins sé getið í legstaðaskrám kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við, þegar slíkt lík er jarðsett.

36. gr.

Skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða ræður umsjónarmann kirkjugarða og setur honum starfsreglur, og skal hann jafnan vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans greiðist úr ríkissjóði.

37. gr.

Kirkjumálaráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða, þar sem sett eru um þá nánari ákvæði, rekstur þeirra, tilhögun og stjórn.

Reglugerðin skal sett í samráði við umsjónarmann kirkjugarða.

38. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að setja ýmsar reglur varðandi kirkjugarða og leita staðfestingar kirkjumálaráðherra á þeim.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

40. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða, svo og öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta ásamt greinargerð var samþykkt á kirkjuþingi, og flytur nefndin það að beiðni kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess. Greinargerðin, sem fylgdi frumvarpinu, er svo hljóðandi:

Gildandi lög um kirkjugarða eru l. nr. 64 23. júní 1932 með áorðnum breytingum og eru því senn 30 ára gömul. Á þessu tímabili hafa orðið allverulegar breytingar á skipulagi kirkjugarða, bæði hjá nágrannaþjóðum vorum og víðar. Hér á landi er skipulagi og hirðingu kirkjugarðanna mjög ábótavant, og hefur svo lengi verið. Nú virðist vera að vakna nokkur áhugi manna víðs vegar á því að sýna kirkjugörðum meiri ræktarsemi en áður, girða þá sómasamlega, skipuleggja grafstæði og gangbrautir og prýða þá þeim gróðri, er bezt hentar. Þetta hafa nágrannaþjóðir vorar þegar gert með þeim árangri, að kirkjugarðarnir í mörgum bæjum og þorpum eru orðnir þar fegurstu reitirnir, sem unun er að ganga um og skoða.

Þær breytingar á gildandi lögum um kirkjugarða, sem hér er farið fram á, miða einkum að því, að kirkjugörðum landsins verði hér eftir meiri sómi sýndur en hingað til og skipulagi þeirra og hirðingu komið í betra horf.

Frumvarp þetta er upphaflega samið af nefnd, er kirkjumálaráðherra skipaði árið 1955 til þess að endurskoða kirkjuleg lög og tilskipanir. Var það sent frá Alþingi til Kirkjuþings haustið 1958. Kirkjuþing afgreiddi það frá sér með nokkrum breytingum, og var það þannig lagt fyrir Alþingi 1959—60 og afgreitt þaðan með rökstuddri dagskrá þess efnis, að málinu væri vísað til umsagnar safnaðanna í landinu. Fyrir Kirkjuþing 1960 var frumvarpið enn lagt af kirkjumálaráðherra. Fjallaði þingið ýtarlega um málið, og var frumvarpið samþykkt einróma í þeirri mynd, sem það nú er í. Hefur þetta mál nú verið það lengi á döfinni og svo vandlega íhugað, að frekari vitna um afstöðu safnaðanna til þess er óþarft að leita, enda hnígur álit allra kirkjulegra funda á eina sveif um það að óska þess, að þetta frumvarp fái nú sem greiðastan framgang á Alþingi.

Um 1. gr.

Hér eru sett ákvæði um friðun kirkjugarða og bannað að hafa í nánd við þá leikvelli eða þær byggingar, sem frá stafar mikill hávaði eða eru til lýta.

Þykir óhjákvæmilegt, að um þetta séu ákvæði í lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að auk umsjónarmanns kirkjugarða (sbr. 42. gr. l. nr. 64 1932, um kirkjugarða) sé skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða, sem í eiga sæti biskup, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður. Auk þeirra starfa, sem nefndinni eru ætluð í lögum þessum, er ætlazt til, að nefndin hafi úrskurðarvald um gerð nýrra kirkna og endurbætur eldri kirkna, sbr. l. nr. 43 1954, um Kirkjubyggingasjóð. Þriðji maður í þá nefnd, auk biskups og húsameistara, hefur enn eigi verið skipaður, og þykir vel á því fara, að það verði þjóðminjavörður, ekki sízt þegar um breytingar gamalla kirkna er að ræða, sem geyma í búnaði eða stíl einkenni horfinna tíma. Nefnd þessi er ólaunuð.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að tvígrafa í sömu gröf, enda sé þá fyrri gröfin a. m. k. 2½ metri á dýpt. Þetta er orðið mjög algengt erlendis, enda notast þá betur hið takmarkaða rými í kirkjugörðunum. Enn fremur er hér gert að skyldu að slétta yfir gröf í stað þess að hlaða leiðin upp, svo sem tíðkazt hefur og gerir kirkjugarðana að kargaþýfðum reit með tímanum. Hins vegar á það að vera tryggt með skipulegum grefti, legstaðaskrám og tölumerkingu leiða (sbr. 8. og 14. gr.), sem nánar getur um síðar, að auðvelt sé að finna hvert leiði, þótt ekki sé upphlaðið.

Um 11. gr.

Hér eru sett nánari ákvæði um fjölskyldugrafreiti innan kirkjugarða, en um það hafa eigi til þessa verið nein skýr fyrirmæli og það valdið óþægindum og

jafnvel deilum. Af þeim ástæðum þótti og rétt að ákveða erfðarétt til slíkra ættargrafreita og hverjir þar eigi rétt til legs.

Um 12. gr.

Hér er tekið upp það nýmæli að ákveða friðunartíma grafa og binda hann við 75 ár, nema aðstandendur að þeim tíma liðnum óski lengri friðunar eða rétt þyki að framlengja friðun grafar af öðrum ástæðum. Í Danmörku er friðunartími grafa aðeins 20—30 ár. Með tilliti til kaldrar veðráttu hér þótti rétt að ákveða þennan tíma rúmlega tvöfalt lengri, eða 75 ár. Þessu ákvæði um gröft að nýju eftir 75 ár er ætlazt til að beitt verði með fullri varúð og gætni. Hins vegar er ekki unnt að dyljast þess, að ef friða á allar grafir um óákveðinn tíma, leiðir það til útþenslu kirkjugarða yfir æ stærri svæði, torveldar skipulag þeirra og hefur í för með sér meiri kostnað í viðhaldi og girðingum en söfnuðirnir geta risið undir. Með því að grafa skipulega, merkja allar grafir og skrásetja þær jafnóðum og hafa friðunartímann 75 ár ætti að mega koma í veg fyrir, að nokkurri gröf verði raskað, fyrr en líkamsleifar eru fúnaðar, en jafnframt væri þá hægt að stilla stærð grafreitanna í hóf og reikna út fyrir fram, hve stóran grafreit þarf í hverri sókn miðað við fólkstölu, þannig að hann nægi um alla framtíð að lítt breyttum aðstæðum.

Um 14. gr.

Þar eru ákvæði um tölumerkingu leiða. Á Norðurlöndum er nú tekin upp sú regla að merkja hvert leiði með þar til gerðu tölumerki. Merki þessi eru úr málmi, mjög einföld að gerð og lítt áberandi. Slík merki mætti búa til hér á landi, og mundu þau kosta mjög lítið. Þetta þykir því sjálfsögð ráðstöfun, er mundi auðvelda að finna hvert einstakt leiði í kirkjugarðinum. Þá hefur þótt nauðsyn á að koma í veg fyrir, að sett verði ósmekkleg eða óviðunandi minnismerki á leiði eða annar umbúnaður, sem illa þykir hæfa. Sjón er sögu ríkari um það, til hvílíkrar óprýði og vansa hálffúnar, brotnar og skældar timburgirðingar um leiði eru víðs vegar í kirkjugörðum landsins. Þá þykir og rétt, og er það í samræmi við það, sem frændþjóðir okkar hafa þegar gert, að banna aðrar girðingar en limgerði um einstök leiði. Hér hefur sá leiði síður farið mjög í vöxt, ekki síst í höfuðstaðnum, að steypa veggi allháa utan um leiðin, og eru veggir þessir síðan húðaðir með skeljasandi eða þess háttar. Þetta er óþarft vegna þess, að kirkjugarðurinn sjálfur á að vera örugglega girtur og friðaður. Þetta hefur í för með sér óþarfan kostnað, sem betur væri varið til fegrunar leiðanna á annan hátt. Þetta gerir hirðingu garðanna erfiðari. Og þetta er til lengdar hvorki fagur umbúnaður um leiði né varanlegur. Innan skamms mun það koma ömurlega og áþreifanlega í ljós, og er raunar tekið að sjá þess merki, að múrhúð flagnar af veggjunum, þeir springa og skekkjast. Ætti viðhaldsskylda að hvíla á kirkjugarðsstjórn, mundi hún verða stærri baggi en kirkjugarðarnir geta undir risið, hins vegar vafasamt að eiga það undir vilja og framtaki fjarskyldra ættingja, hvort sinnt verður um þessar vanhirtu girðingar eða eigi. Við því má búast, að innan ekki langs tíma verði sumar kirkjugarðsstjórnir að verja til þess miklu fé og fyrirhöfn að fjarlægja úr kirkjugörðunum steinsteyptar girðingar um leiði, sem engir fást til að hirða um lengur og orðnar eru til stórra lýta.

Um 17. gr.

Nánari fyrirmæli en áður um meðferð duftkerja eru nauðsynleg. Bannað er að varðveita duftker annars staðar en í vígðum grafreit. Áður hefur nokkuð tíðkazt, að slík ker væru varðveitt í heimahúsum eða í kirkjum, en hvorugt þykir viðeigandi né heppilegt.

Um 20. gr.

Felld er niður, samkvæmt ósk skógræktarstjóra, skylda hans til þess að láta í té ókeypis plöntur til kirkjugarðsstjórna, þar sem hann telur slíkt óheppilegt og

jafnvel hafa verið misnotað í einstökum tilfellum. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að starfsmenn Skógræktarinnar veiti leiðbeiningar um val jurta og trjáa og láti plöntur í té við vægu verði.

Um 28. gr.

Hér eru kirkjugörðum tryggðar árlegar tekjur, 1½% af útsvörum. Ætti það venjulega að nægja fyrir nauðsynlegustu gjöldum, þegar ákvæði 30. gr. koma til framkvæmda. Rétt þykir að vernda gjaldendur fyrir óhóflegum álögum til kirkjugarða. Að því lúta ákvæði 3. málsgr.

Um 30. gr.

Ef unnt á að vera að girða kirkjugarð sómasamlega, þarf til þess meira fé en söfnuðir eru færir um að leggja fram í eitt skipti. Þess vegna er gert ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs, kirkjugarðasjóðs, er veiti kirkjugarðsstjórnum hagstæð lán til þessara framkvæmda. Fé það, sem sjóður þessi hefði til útlána, yrði sú eign einstakra kirkjugarða, sem er umfram árlegar þarfir og er skylt að ávaxta í sjóðnum.

Í upphaflegri mynd gerði frumv. ráð fyrir, að ríkissjóður legði 20 þúsund krónur árlega næstu 20 ár í kirkjugarðasjóð. Kirkjuþing felldi þetta ákvæði um stofnfé úr ríkissjóði niður, og hefur þá kirkjugarðasjóður ekki aðrar tekjur en 4% innheimtra kirkjugarðsgjalda.

Fé kirkjugarðasjóðs á að verja jöfnum höndum til útlána og til styrktar því, að komið verði upp minnismerkjum á þeim stöðum, þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús. Slíkir staðir falla óðum í gleymsku, ef ekkert er gert til þess að auðkenna þá. Er það ekki vansalaust söguþjóð. Niðurlagðir kirkjugarðar, fornir kirkjustaðir og bænhús skipta mörgum hundruðum.

Um 31. gr.

Hér er lagt til, að felld verði úr lögum heimild til að leyfa upptöku heimagrafreita. Heimagrafreitir teljast nú vera 155 á landinu, og hefur þeim fjölgað mjög á síðari árum. Af þeim eru 110 í aðeins sex prófastsdæmum. Í einni kirkjusókn landsins, þar sem eru 19 jarðir, auk nýbýla, eru heimagrafreitir 13. Þessi héruð hafa enga sérstöðu um staðhætti eða aðstöðu, er geri þessar ráðstafanir eðlilegar, því síður óhjákvæmilegar. Hér hefur aðeins skapazt tízka, sem verður að teljast allt annað en heppileg. Er auðsætt, að hún stuðlar ekki að áhuga á viðhaldi og fegrun sóknarkirkjugarðsins.

Óskir um upptöku einkagrafreita hafa oft verið sprottnar af ræktarsemi við ábýli og eignarjarðir og studdar af þeirri von eða ætlun, að ættmenn þeirra, er kusu sér leg á eignarjörð, mundu búa á jörðinni framvegis, hirða um grafreitinn og tengjast jörðinni fastari böndum hans vegna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessar vonir og áætlanir hafa reynzt haldlitlar. Reynzlan sýnir, að forsendur af þessu tagi fyrir upptöku heimagrafreita eru næsta fallvaltar. Nýir ábúendur hafa komið til sögu, er vildu hvorki nota reitinn né halda honum við, töldu hann sér með öllu óviðkomandi eða jafnvel til baga. Til er og það, að slíkar jarðir leggist í eyði. Víðs vegar um land eru þannig vanrækt, umhirðulítil eða yfirgefin einstök kuml, og eru þau þjóðinni til lítillar sæmdar, ofan á þá umhirðu kirkjugarða, sem víða er meira en lítið ábótavant. Ekkert bendir til þess, að heimagrafreitur tengi menn verulega fastar við óðal eða ábýli. Þeirri hugmynd virðist reynslan hafa hnekkt. Væri því eðlilegra að beina þeirri tilfinningu tryggðar og ræktarsemi, sem er að baki óskanna um heimagrafreiti, að sameiginlegum legstað sveitarinnar.

En óskir um upptöku einkagrafreita eru allt eins oft sprottnar af geðhrifum stundarinnar eins og af gróinni tryggð við ábýli. Þegar um svipleg dauðsföll er að ræða, er aðstandendum það stundum tilfinningamál að fá að greftra líkin

heima hjá sér. Þeim finnst það raunaléttir í bili. En þessi tilfinning verður að teljast skammsýn. Þegar frá líður, verður lítil raunabót að gröfinni í túninu.

Sú reynsla, sem komin er á það, hvernig heimildin um upptöku heimagrafreita gefst í framkvæmd, hnígur öll á eina sveif um það, að hún ætti að hverfa úr lögum. Einkagrafir í túnum og móum víðs vegar, meira eða minna vanhirtar, samfara illa girtum og umhirðulitlum kirkjugörðum, bera vitni um skort á þegnlegri félagshyggju og samvinnuvilja. Virðist, eins og nú háttar um farartæki og samgöngur, engu meiri ástæða til að heimila fólki í sveitum að grafa lík í hlaðvarpa, trjágarði eða túnfæti en að leyfa fólki í bæjum að koma dufti framliðinna fyrir í skrúðgörðum við hús sín.

Um 35. gr.

Rétt þykir að taka inn í kirkjugarðalögin ákvæði um uppgröft og flutning líka.

Ed. 295. Frumvarp til erfðalaga. [169. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

I. KAFLI
Um lögarf.

1. gr.

Lögerfingjar eru þessir:

1. Börn arfleifanda og aðrir niðjar. Óskilgetið barn erfir föður og föðurfrændur og þeir það, ef það er feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn. Um erfðarétt kjörbarns og arf eftir það fer samkvæmt 5. gr.
2. Foreldrar arfleifanda og niðjar þeirra.
3. Föðurforeldrar og móðurforeldrar arfleifanda og börn þeirra.
4. Maki arfleifanda.

2. gr.

I. erfð.

Maki erfir ⅓ hluta eigna, þegar börn eru á lífi, en ⅔ hluta erfa börnin að jöfnu. Ef maka er ekki til að dreifa, taka börn og aðrir niðjar allan arf.

Nú hefur barn andast á undan arfleifanda, og erfa börn þess þá þann hluta, er því hefði borið. Firnari niðjar taka arf með sama hætti.

3. gr.

II. erfð.

Ef arfleifandi á enga niðja á lífi, tekur maki ⅔ hluta arfs, en foreldrar hins látna ⅓ hluta að jöfnu. Nú er annað foreldri látið, og hverfur þá hlutur sá, sem því hefði borið, til hins foreldrisins. Ef báðir foreldrar eru látnir, tekur maki allan arf.

Nú er maka ekki til að dreifa, og fellur arfur þá til foreldra að jöfnu. Ef annað foreldri er látið, hverfur hlutur sá, sem því hefði borið, til barns þess eða annarra niðja með sama hætti og segir í 2. gr. Nú á hið látna foreldri enga niðja, og gengur þá hlutur þess til hins foreldrisins.

Nú eru báðir foreldrar arfleifanda látnir, og taka þá börn eða aðrir niðjar hvors foreldris um sig þann arf, sem því hefði borið. Ef annað foreldra á enga niðja á lífi, hverfur allur arfur til niðja hins.

4. gr.

III. erfð.

Ef enginn erfingi samkvæmt 2. eða 3. gr. er á lífi, taka föðurforeldrar og móðurforeldrar sinn helming arfs hvort. Nú er afi arfleifanda eða amma látin, og erfa þá börn þess, sem látið er, þann erfðahlut, sem því hefði borið. Ef móðurforeldrar arfleifanda eru dánir og börn þeirra, taka föðurforeldrar og börn þeirra allan arf og gagnkvæmt.

5. gr.

Kjörbarn og niðjar þess, þar á meðal kjörniðjar, erfa kjörforeldra og ættingja þeirra og gagnkvæmt eftir ákvæðum 2.—4. gr.

Lögerfðatengsl milli kjörbarns og ættingja þess falla niður við ættleiðingu.

6. gr.

Nú hefur það hjóna, sem lengur lifir, verið einkalögerfingi þess, sem fyrr lézt, og það andast án þess að hafa gengið í hjónaband að nýju eða látið eftir sig arfgenga niðja, og skulu þá eignir þess skiptast milli erfingja beggja hjóna að jöfnu, enda hafi maki ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá á annan hátt.

Nú á sá maki, sem lengur lifir, enga erfingja á lífi, er hann andast, og ganga eigur hans þá til erfingja skammlífara makans.

Þegar rætt er um erfingja skammlífara makans í þessari grein, er átt við þá menn, sem standa til arfs eftir hann, miðað við það tímamark, er langlífari makinn féll frá.

II. KAFLI

Um óskipt bú.

7. gr.

Eftir lát annars hjóna á hitt rétt á að sitja í óskiptu búi með ófjárráða niðjum beggja, nema hið látna hafi mælt svo fyrir í erfðaskrá, að skipti skyldu fara fram.

Nú á hið látna á lífi ófjárráða niðja, sem eigi eru niðjar hins, og getur skiptaráðandi þá heimilað því hjóna, sem á lífi er, setu í óskiptu búi, enda hafi hið látna ekki meinað hinu það með erfðaskrá. Skiptaráðandi skal þá kanna og meta, hvort það muni vera börnum og maka til hagsbóta, að bú haldist óskipt.

Nú eru niðjar eða stjúpniðjar fjárráða og fallast á, að maki sitji í óskiptu búi, og ber skiptaráðanda þá að leyfa það, ef ákvæði 8. gr. eru því ekki til fyrirstöðu.

8. gr.

Nú er bú þess hjóna, sem lengur lifir, undir gjaldþrotaskiptum eða það kemur í ljós, að eignir þess hrökkva ekki fyrir skuldum, og verður því þá eigi heimiluð seta í óskiptu búi. Sama er, ef því verður ekki treyst til að hafa forræði bús vegna óreglu þess, ráðdeildarleysis eða vanhirðu um fjármál sín.

Ef það hjóna, sem lengur lifir, er svipt lögræði, verður því ekki heimiluð seta í óskiptu búi, nema yfirlögráðandi samþykki.

9. gr.

Sá, sem óskar setu í óskiptu búi, skal sem fyrst eftir lát maka síns tilkynna skiptaráðanda það. Greina skal nöfn erfingja, aldur og dvalarstað. Tilkynningu skal fylgja yfirlit yfir eignir og skuldir þess, sem óskar setu í óskiptu búi, og yfir eignir og skuldir hins látna.

Ef fjárráða erfingjar samþykkja setu í óskiptu búi, skal yfirlýsing þeirra um það fylgja tilkynningu. Að öðru leyti kannar skiptaráðandi ástæður, og má skipa ófjárráða erfingjum lögráðamann til að gæta hagsmuna þeirra út af umsókn um setu í óskiptu búi.

Nú telur skiptaráðandi, að maki fullnægi skilyrðum fyrir setu í óskiptu búi, og lætur hann honum þá í té skilríki fyrir því.

10. gr.

Til óskipts bús teljast hjúskapareignir beggja hjóna og séreign, sem samkvæmt ákvæðum laga eða kaupmála á að hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hjóna látnu. Aflafé og annað verðmæti, sem sá eignast, er í óskiptu búi situr, rennur til búsins, nema það eigi að lögum að falla til séreignar hans.

Arfur eða gjöf, sem hinu langlífara hlotnast, rennur þó eigi inn í óskipt bú, ef það lýsir því fyrir skiptaráðanda innan tveggja mánaða frá því, er það fékk vitneskju um arf eða gjöf, að verðmæti þessi skuli ekki renna inn í óskipta búið. Verða fjármunir þessir séreign þess, sem situr í óskiptu búi. Ber að halda þeim og annarri séreign aðgreindum frá eignum búsins.

11. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búi, hefur í lifanda lífi eignarráð á fjármunum búsins. Um dánarráðstafanir, sjá 20. gr.

12. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búi, ber persónulega ábyrgð á skuldum hins látna. Heimilt er að birta innköllun til skuldheimtumanna hins látna með þeim hætti og réttaráhrifum, sem fyrir er mælt í skiptalögum.

13. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búi, getur krafizt skipta, hvenær sem er.

Nú gengur maki í hjúskap að nýju, og fellur þá niður heimild hans til setu í óskiptu búi.

14. gr.

Nú situr maki í óskiptu búi með ófjárráða niðjum eða stjúpniðum, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr., og er honum þá skylt að skipta með sér og erfingja, sem fjárráða verður og krefst skipta sér til handa.

Nú hefur fjárráða erfingi samþykkt setu í óskiptu búi, sbr. 3. mgr. 7. gr., og getur hann allt um það krafizt skipta sér til handa með eins árs fyrirvara.

15. gr.

Erfingi getur krafizt skipta sér til handa, ef hann sannar fyrir skiptaráðanda, að maki vanræki framfærsluskyldu sína gagnvart sér eða rýri efni bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða veiti tilefni til, að óttast megi slíka rýrnun.

Nú hefur maki gefið gjöf úr óskiptu búi, og er gjöf óhæfilega há, miðað við efni búsins, og getur þá erfingi fengið gjöf hrundið með dómi, ef viðtakandi sá eða átti að sjá, að gefandi sat í óskiptu búi og að gjöf var úr hófi fram. Mál til riftunar verður því aðeins höfðað, að búið hafi verið tekið til skipta eða erfingi hafi krafizt skipta. Mál skal höfða, áður en ár sé liðið frá því, að erfingi eða lögráðamaður hans fékk vitneskju um gjöfina, og þó ekki síðar en innan þriggja ára frá afhendingu gjafar.

16. gr.

Erfingjar látins erfingja, aðrir en ófjárráða niðjar hans og ófjárráða systkin, sbr. 1. málsgr. 7. gr., geta krafizt skipta með sama skilorði og hinn látni erfingi.

Nú andast stjúpbarn og lætur eftir sig ófjárráða niðja eða ófjárráða systkin, sem erfðahlut eiga inni í óskipta búinu, og getur skiptaráðandi þá samþykkt, að erfðahlutir þeirra eftir stjúpbarnið verði áfram í búinu. Aðrir erfingjar látins stjúpbarns geta þegar í stað krafizt skipta sér til handa.

Skuldheimtumenn erfingja geta eigi krafizt búskipta.

17. gr.

Nú hafa efni bús rýrnað til muna vegna óhæfilegrar fjárstjórnar maka, og geta erfingjar þá við búskipti krafizt endurgjalds út af því úr búinu. Ef rýrnunin verður ekki bætt með þeim hætti, má krefja greiðslu á helmingi þess, er á vantar, úr séreign makans, en sú krafa verður þó að þoka fyrir kröfum skuldheimtumanna.

Ef endurgjaldskröfum verður ekki lokið við skipti milli maka og erfingja hins látna, er ekki unnt að hafa þær uppi síðar.

18. gr.

Hlutur erfingja í óskiptu búi er séreign hans, ef erfingi er í hjúskap eða gengur í hjúskap. Óheimilt er að breyta þessu skipulagi með kaupmála. Eftir lát erfingjans telst eign þessi þó hjúskapareign hans, nema arfleifandi hafi kveðið öðruvísi á eða kaupmáli hjóna standi til annars. Sama er, ef skipti fara fram í lifanda lífi erfingjans.

Erfingi má ekki afhenda hlut sinn í óskiptu búi né skuldfesta hann, og eigi geta heldur skuldheimtumenn hans leitað fullnustu í honum.

19. gr.

Við skipti milli maka, sem situr í óskiptu búi, og erfingja hins látna, skal deila búshluta hins látna milli þeirra, sem standa til erfða eftir hann, samkvæmt almennum reglum.

Nú fara skipti fram eftir lát beggja hjóna, og fellur þá niður lögmæltur erfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara.

Nú er skipt eftir lát beggja hjóna, og leitt er í ljós, að enginn á tilkall til arfs eftir það hjóna, sem fyrr lézt, og renna eignir bús þá til erfingja þess, er síðar féll frá. Ef engir erfingjar þess, er síðar féll frá eru á lífi, hverfa eignir bús með sama hætti til erfingja þess hjóna, er fyrr lézt.

20. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búi, getur aðeins ráðið yfir sínum hluta úr búinu með erfðaskrá. Honum er heimilt að ráðstafa einstökum munum innan þessara eignarmarka, ef það gengur ekki í berhögg við fyrirmæli hins látna maka samkvæmt 2. málsgr. 41. gr.

III. KAFLI
Almenn ákvæði um arftöku.

21. gr.

Barn, sem getið er, áður en arfleifandi fellur frá, tekur arf eftir hann, ef það fæðist lifandi.

22. gr.

Nú voru erfðatengsl milli tveggja manna, sem báðir eru látnir, en ósannað er, hvor þeirra dó fyrr, og skal þá líta svo á, að hvorugur hafi lifað hinn.

IV. KAFLI
Brottfall erfðaréttar.

23. gr.

Nú hefur maður af ásetningi framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga, sem haft hefur í för með sér dauða annars manns, og má þá ákveða með dómi, að hann hafi fyrirgert sjálfum sér til handa rétti til þess arfs, sem háður var dauða hins.

Hafi maður vísvitandi í frammi ofbeldi við foreldri sitt eða annan ættingja í beinum legg upp á við, heitist við hann eða hóti honum óförum, meiði mjög

æru hans eða gerist sekur við hann um aðrar stórfelldar mótgerðir, svo að refsivert sé, þá má dæma hann til að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir þann mann, sem fyrir misgerðinni varð, ef hann krefst þess.

Nú hefur maður fyrirgert erfðarétti sínum með framangreindum hætti, og má þá veita honum erfðaréttinn aftur að öllu leyti eða nokkru með erfðaskrá.

24. gr.

Heimilt er samkvæmt kröfu ákæruvalds í opinberu máli að dæma sökunaut, sem gerzt hefur sekur um háttsemi samkvæmt 194.—201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna getnaðar barns, til þess að hafa fyrirgert rétti til arfs sér til handa eftir barnið.

25. gr.

Nú sannast það í opinberu máli, að maður hefur komið því til leiðar með nauðung, svikum eða misneytingu, að annar maður geri erfðaráðstöfun eða láti hjá líða að gera hana, og er þá heimilt að ákveða í dómi, að hann hafi glatað rétti til annars arfs en skylduarfs eftir þann mann. Sama er, ef maður af ásettu ráði rangfærir, eyðileggur eða kemur undan erfðaskrá eða öðrum erfðagerningi.

26. gr.

Erfðaréttur hjóna á milli fellur niður við skilnað að borði og sæng, við algeran hjónaskilnað og við ógildingu hjúskapar með dómi.

Nú voru þeir meinbugir á hjúskap, er annað hjóna andaðist, að hjúskapurinn var ógildanlegur, og tekur þá það hjóna, sem eftir lifir, ekki arf:

1. Ef það sannast í opinberu máli, að stofnun hjúskaparins var refsiverð athöfn af þess hendi. Þó tekur síðari maki tvíkvænings ekki arf, ef fyrri maki er á lífi og er arfgengur.
2. Ef það krefst skipta eftir 45. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39/1921.

V. KAFLI

Um ráðstöfun á arfi, sem ekki hefur tæmzt, og um erfðaafsöl.

27. gr.

Erfingja er óheimilt að ráðstafa arfi, sem hann á í vændum.

28. gr.

Heimilt er erfingja að afsala sér arftökurétti í hendur þeim, sem hann á arfsvon að, hvort sem það er gert fyrir nokkuð eða ekkert. Sá, sem afsalar sér arfi, verður að vera fjárráða. Lögráðamaður ófjárráða manns getur veitt fyrirfram greiddum arfi viðtöku fyrir hans hönd, ef samþykki yfirlögráðanda kemur til.

Ef ekki er annars getið, skuldbindur afsal niðja þess, er afsalar sér arfi, eins og hann sjálfan.

29. gr.

Nú fær sameiginlegur skylduerfingi hjóna fé sem fyrirfram greiddan arf úr hjúskapareign annars eða beggja, og skal sú greiðsla þá koma til frádráttar arfi hans eftir skammlífara makann, eftir því sem til vinnst, ef skipt er, meðan langlífari makinn er á lífi. Ekki skal þetta þó skerða lögmæta erfðaskrá, sem skammlífari makinn hefur gert. Sá fjárhluti erfingja, sem ekki kemur til frádráttar við arfskipti eftir skammlífara makann, sætir frádrætti, er erfðahluti erfingja eftir langlífari makann er ákveðinn, eftir því sem til vinnst.

Framangreindar reglur taka einnig til þess, er maki, sem situr í óskiptu búi, greiðir erfingja fyrirfram fjárhlut úr búinu.

30. gr.

Nú lætur maki stjúpbarni sínu eða niðjum þess í té fjárverðmæti úr hjúskapareign sinni, og má þá semja svo um, að fé þetta sé fyrirfram greiddur arfur eftir hinn makann, sem kemur til frádráttar við arfskipti eftir hann.

31. gr.

Verðmæti, sem 29. og 30. gr. taka til, skal virða erfingja tli frádráttar eftir gangverði þess, þegar erfingi veitti því viðtöku, en þó ekki hærra verði en sanngjarnt er, svo að jöfnuður fáist með erfingjum.

32. gr.

Nú hlýtur erfingi fyrirfram meira fé frá arfleifanda en nemur erfðahluta hans eftir hann, og verður hann þá ekki skyldaður til að standa búinu skil á mismuninum, nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess.

33. gr.

Fjárframlög þau upp í arf, sem 28.—30. gr. taka til, eða verðmæti þeirra, skal bæta við eigur bús að öðru leyti, þegar búshlutir maka og erfahlutir eru ákvarðaðir. Nú nemur fyrirframgreiðsla til erfingja hærri fjárhæð en erfðahlut hans, og skal þá aðeins bæta við fjárhæð, sem erfðahlutnum nemur.

VI. KAFLI

Um erfðaskrár.

1. Arfleiðsluhæfi.

34. gr.

Hver sá, sem orðinn er fullra 18 ára eða hefur stofnað til hjúskapar, getur aldurs vegna ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá.

Erfðaskrá er því aðeins gild, að sá, sem gerir hana, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

2. Arfleiðsluheimild. Skylduarfur.

35. gr.

Þegar niðjar, þar á meðal kjörniðjar, eða maki taka arf, er arfleiðanda óheimilt að ráðstafa meira en ⅓ hluta eigna sinna með erfðaskrá.

36. gr.

Arfleifanda er óheimilt að setja erfingja fyrirmæli um meðferð á skylduarfi, nema lög mæli annan veg.

Arfleifandi getur mælt svo fyrir í erfðaskrá, að tiltekinn skylduerfingi hans skuli fá í sinn hlut ákveðna muni úr séreign hans eða hjúskapareign, enda fari verð þessara muna ekki fram úr skylduerfðahluta erfingjans að viðbættum þeim eginarhluta, sem arfleifanda er heimilt að ráðstafa samkvæmt 35. gr.

3. Um ógildi erfðaskráa.

37. gr.

Erfðaákvörðun er ógild, ef arfleifandi hefur verið beittur nauðung, svikum eða misneytingu til þess að gera hana.

Nú er leitt í ljós, að erfðaskrárákvæði er annars efnis en til var ætlazt, og stafar það af misritun eða öðrum mistökum, og skal þá framkvæma ákvæðið í samræmi við það, sem raunverulega vakti fyrir arfleifanda, ef auðið er að staðreyna arfleiðsluviljann.

38. gr.

Nú stafar erfðaskrárákvæði af misskilningi hjá arfleifanda, án þess að ákvæði 37. gr. eigi við, og er það þá ógilt, ef telja má, að röng hugmynd arfleifanda hafi ráðið úrslitum um efni ákvæðisins.

39. gr.

Erfðaskrárákvæði, sem mæla fyrir um að spilla eignum arfleifanda, eru ógild, nema eðlileg og skynsamleg ástæða sé til þeirra.

4. Um form erfðaskráa.

40. gr.

Erfðaskrá skal vera skrifleg, og skal arfleifandi undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir notario publico eða tveimur vottum.

Ef arfleifandi er ólæs, skal lesa erfðaskrá skilmerkilega fyrir honum.

41. gr.

Arfleiðsluvottar skulu ekki vera yngri en 18 ára. Þeir skulu vera áreiðanlegir og hvorki geðveikir né andlega sljóir. Maka arfleifanda skal ekki kveðja til að votta arfleiðslu né menn, sem eru skyldir arfleifanda að feðgatali eða niðja eða mægðir honum með slíkum hætti, eða systkin hans. Maður, sem er í hliðstæðum sifjatengslum við arfleifanda sakir ættleiðingar, er ekki heldur votthæfur.

Nú er maður í sifjatengslum samkvæmt 1. málsgrein við aðilja, sem hagsmuna hefur að gæta við erfðaskrá, og er hann þá ekki hæfur til að votta arfleiðslu. Sama er, ef erfðaskrá varðar hagsmuni hans sjálfs eða aðilja eða stofnunar, sem hann vinnur. Nú eru hagsmunir þessir lítilvægir, og valda þau atvik, sem greind eru í þessari málsgrein, þá ekki vanhæfi. Nú er manni falið í erfðaskrá að standa fyrir skiptum á búi arfleifanda, og getur hann allt að einu vottað arfleiðslu.

Um hæfi notarii publici til að votta arfleiðslu fer samkvæmt ákvæðum laga um hæfi dómara til meðferðar einkamáls, og um hæfi notarialvotta fer sem um hæfi þingvotta.

42. gr.

Arfleiðsluvottar skulu geta þess í vottorði, að arfleifandi hafi kvatt þá til að votta arfleiðslu sína, og hafi hann ritað undir erfðaskrá eða kannazt við undirritun sína að þeim báðum viðstöddum. Þá skal það koma fram í vottorði, að vottum sé kunnugt, að hinn vottfesti gerningur sé erfðaskrá. Vottarnir skulu undirrita vottorð sitt svo fljótt sem föng eru á, eftir að arfleiðandi hefur kennzt við erfðaskrána.

Í arfleiðsluvottorði skal þess enn fremur getið, hvort arfleifandi hafi verið svo heill heilsu andlega, að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá. Einnig er rétt að geta þar annarra atriða, sem áhrif geta haft á mat á gildi erfðaskrár.

Arfleiðsluvottar skulu staðsetja og dagsetja vottorð sitt og greina þar nákvæmlega, hvenær arfleifandi hafi ritað undir erfðaskrá eða kennzt við efni hennar. Þeir skulu og greina heimilsföng sín, svo að ekki verði um villzt.

43. gr.

Í áritun notarii publici á erfðaskrá skal geta sömu meginatriða og þeirra, sem greind eru í 42. gr.

Nú er erfðaskrá færð í notarialbók, og hefur þá endurrit úr henni sama gildi sem frumrit erfðaskrár, þótt þess sé ekki sérstaklega getið í erfðaskránni.

Í reglugerð, sem dómsmálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um umsýslu notarii í sambandi við erfðaskrár.

44. gr.

Nú verður maður skyndilega og hættulega sjúkur eða lendir í bráðri hættu, og má arfleiðsla þá fara fram af hans hendi munnlega fyrir tveimur tilkvöddum

vottum eða fyrir notario publico. Þeir skulu skrásetja efni erfðaskrár, svo fljótt sem kostur er, og staðfesta með undirritun sinni. Gæta skal hér ákvæða 40.—43. gr., eftir því sem við getur átt.

Erfðaskrá, sem gerð er að hætti 1. málsgreinar, verður ógild, ef arfleifandi hefur ekki endurnýjað hana, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, að honum varð unnt að gera erfðaskrá með venjulegum hætti.

5. Um vefengingu á erfðaskrám.

45. gr.

Nú sannast, að arfleifanda brast hæfi, sbr. 34. gr., eða að erfðaskrárákvörðun hefur orðið til með þeim hætti, sem í 37. eða 38. gr. segir, og kemur hún þá ekki til framkvæmdar, er erfingi rengir hana.

Þegar erfðaskrá, sem er undirrituð af arfleifanda og ber áritun votta, fullnægir ekki ákvæðum 40.—43. gr. að öðru leyti, og erfingi telur, að ógilda beri erfðaskrá samkvæmt 34. gr. eða 37.—38. gr., þá verður sá, sem vill byggja rétt á henni, að hrinda staðhæfingu þess, er rengir, með vættisburði arfleiðsluvotta eða öðrum sönnunargögnum.

46. gr.

Um sönnunargildi notarialvottorðs fer sem um önnur opinber skjöl, sbr. 158. gr. laga nr. 85/1936.

Nú er yfirlýsing votta í arfleiðsluvottorði fullnægjandi um atriði þau, sem greinir í 42. gr. og 1. málsgr. 44. gr., og skal hún þá talin rétt, nema sá, sem rengir, færi sönnur á hið gagnstæða.

47. gr.

Andmæli gegn gildi erfðaskrár skal bera fram við skiptaráðanda, skiptaforstjóra eða erfingja, sem skipta einkaskiptum, jafnfljótt og tilefni verður til. Andmæli, sem koma fram eftir skiptalok, skulu ekki tekin til greina, nema það sannist, að erfingi hafi ekki haft tök á að bera þau upp við skiptin eða refsiverðu misferli sé til að dreifa við gerð erfðaskrár eða við skipti erfingja.

6. Um breytingu og afturköllun á erfðaskrám.

48. gr.

Nú vill arfleifandi breyta einstökum ákvæðum erfðaskrár eða auka við þau, og skal þá gætt sömu reglna og við gerð erfðaskrár.

Nú lætur arfleifandi ótvírætt í ljós, að hann taki aftur erfðaskrá sína, og er hún þá fallin úr gildi. Ef erfðaskrá er sameiginleg eða gagnkvæm, er afturköllun því aðeins gild, að hún sé gerð kunn hinum aðiljanum, nema slíkt sé ekki unnt vegna sérstakra ástæðna.

49. gr.

Arfleifandi getur skuldbundið sig gagnvart erfingja sínum eða öðrum aðilja með yfirlýsingu um að gera ekki erfðaskrá eða taka ekki aftur eða breyta erfðaskrá, sem hann hefur þegar gert. Um slíka yfirlýsingu skal gætt reglna 34. gr. og 40.—43. gr. Nú er arfleifandi ófjárráða, og verður þá samþykki yfirfjárráðanda að koma til.

7. Um kvaðaarf.

50. gr.

Nú er sérstök hætta á, að skylduerfingi muni fara ráðleysislega með erfðahlut sinn, og er arfleifanda þá heimilt að setja ákvæði í erfðaskrá um það, hversu fari um skylduarf til einstakra niðja eða maka, svo sem að erfðahlutur lúti reglum um fé ófjárráða, að erfingja sé greidd tiltekin fjárhæð af höfuðstól með vissu millibili eða að óheimilt sé að ráðstafa eign eða leita fullnustu í henni nema með

tilteknum hætti. Slík ákvæði í erfðaskrá verða því aðeins gild, að dómsmálaráðuneytið samþykki þau.

Dómsmálaráðherra er heimilt að fella niður kvaðir á arfi að nokkru leyti eða öllu, þegar erfingi hefur náð 21 árs aldri og færir sönnur á, að þær ástæður, sem lágu til grundvallar kvöðum, eru ekki framar fyrir hendi. Ráðherra getur einnig leyft, að erfingja séu greiddar hærri fjárhæðir af arfi en erfðaskrá ákveður, ef brýn nauðsyn erfingja eða fjölskyldu hans krefur.

Kvöð á arfi fellur niður í síðasta lagi við andlát erfingja.

51. gr.

Um varðveizlu kvaðaarfs fer sem um fé ólögráða manna, sbr. 39. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði.

Nú er arfur bundinn kvöðum, og getur erfingi þá ekki ráðstafað höfuðstólnum með löggerningum, en eindöguðum greiðslum ræður hann samkvæmt almennum reglum, nema erfðaskrá mæli annan veg.

Skuldheimtumenn erfingja geta ekki leitað fullnustu í kvaðaarfi, meðan erfingi er á lífi, nema vegna skaðabóta, sem hann hefur verið dæmdur til að gjalda út af refsiverðum verknaði hans eða öðrum verknaði frömdum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

52. gr.

Binda má arf, sem ekki er skylduarfur, kvöðum með erfðaskrá. Ákvæði 2. og 3. málsgr. 50. gr. og 51. gr. eiga við um slíkan arf, nema erfðaskrá geti annars.

8. Um skýringu á erfðaskrám.

53. gr.

Nú arfleiðir arfleifandi tvo menn eða fleiri í erfðaskrá, en greinir þar hvorki um erfðahluti þeirra né röð arftaka, og fá arftakar þá allir jafnan erfðahlut.

VII. KAFLI
Um dánargjafir.

54. gr.

Framangreindar reglur um erfðaskrár skulu einnig gilda um þau gjafaloforð, sem ekki er ætlazt til, að komi til framkvæmdar, fyrr en að gefandanum látnum, og gjafir, sem gefnar eru á dánarbeði.

VIII. KAFLI
Um erfðarétt erfðafjársjóðs o. fl.

55. gr.

Nú á maður engan erfingja, og renna þá eigur hans í erfðafjársjóð. Um erfðafjársjóð er nánar mælt í lögum um hann.

Dómsmálaráðherra getur vefengt erfðaskrá fyrir hönd sjóðsins. Nú þykir ráðherra sýnt, að erfðaskrá, sem er vefengjanleg, gefi til kynna raunverulegan vilja arfleifanda, og getur hann þá látið hjá líða að rengja erfðaskrána. Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að hafna arfi fyrir hönd sjóðsins til hagsbóta fyrir vandamenn arfleifanda, þegar sérstaklega stendur á, einkum ef arfleifandi hefur ekki verið arfleiðsluhæfur eða ekki getað komið því við að gera erfðaskrá.

56. gr.

Nú er erfingi ekki látinn, svo að sannað sé, né talinn látinn samkvæmt dánarúrskurði, og vitjar hann ekki arfs, sem hann hefur þó ekki hafnað, innan 5 ára

frá því, að skorað var á erfingja með opinberri innköllun að segja til erfðaréttar síns, og skal þá skipta þeim erfðahluta, sem úthlutað var til erfingjans við erfðaskiptin, með sama hætti og vera mundi, ef erfinginn hefði ekki lifað við andlát arfleifanda.

Nú kallar erfingi til arfs eftir skipti á erfðahluta samkvæmt 1. málsgrein, en innan 10 ára frá birtingu innköllunar til erfingja, og getur hann þá endurheimt það fé, sem erfingi hefur hlotið og hann á tilkall til úr hendi hans. Sá, er arf hefur tekið, er þó ekki skyldur að skila arði af hlut eða svara vöxtum, nema viðtaka arfs af hendi hans sé refsiverð.

IX. KAFLI
Gildistaka laganna o. fl.

57. gr.

Lög þessi taka gildi 6 mánuðum eftir, að þau hafa verið birt.

58. gr.

Lögum þessum skal beita um erfðaskipti eftir þá menn, sem andast eftir gildistöku laga þessara, nema annars sé getið.

59. gr.

Nú situr maki í óskiptu búi við gildistöku laga þessara, og eiga þá ákvæði laganna við um búið upp frá því. Ákvæði þeirra laga, sem í gildi voru, þegar hið skammlífara andaðist, ráða því þó, hverjir taka arf eftir það.

60. gr.

Erfðagerninga, sem stofnað var til í tíð eldri laga og gildir voru eftir þeim lögum, skal meta gilda, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum laga þessara um hæfi arfleifanda og form gernings. Um arfleiðsluheimild og önnur atriði, er varða efni erfðagernings, skal beita ákvæðum þessara laga.

Nú reynir á erfðagerning eftir gildistöku laga þessara, en til hans er stofnað í tíð eldri laga, og skal þá meta hann gildan, þótt hann fullnægi ekki reglum eldri laga um hæfi arfleifanda og form erfðagernings, ef hann fullnægir ákvæðum laga þessara um þau efni.

61. gr.

Sérákvæði í lögum um rithöfundarétt og prentrétt og lögum um ættaróðal og erfðaábúð svo og önnur sérákvæði halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

X. KAFLI
Brottfallin lög o. fl.

62. gr.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. Erfðalög nr. 42 23. maí 1949.
2. Opið bréf 15. janúar 1768 um það, hvernig farið skal með arf, sem afbrotamanni tæmist, meðan hann er að taka út hegningarvinnu.
3. Konungsbréf 9. nóvember 1825 um meðferð yfirgefins arfs á Íslandi.
4. Lög nr. 39 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar, 50. gr.
5. Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, nr. 57 27. júní 1921, 24. og 25. gr.
6. Lög um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, VIII. kafli.
7. Almenn hegningarlög nr. 19. 12. febrúar 1940, 265. gr.
8. Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 87 5. júní 1947, 17. og 20. gr.

Svo falla og úr gildi öll önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Á fundir nefndar þeirrar, sem skipuleggur norræna lagasamvinnu, var samþykkt á árinu 1953 að beina þeim tilmælum til dómsmálaráðherra á Norðurlöndum, að þeir beittu sér fyrir því, að erfðalöggjöf Norðurlandanna yrði tekin til endurskoðunar og samræmingar. Dómsmálaráðherrarnir féllust á þessa samþykkt á fundi sínum í desember 1953. Voru sérfræðinganefndir síðan skipaðar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Héldu þær fyrsta fund sinn í Osló í maí 1955, og sat þann fund einnig áheyrnarfulltrúi frá Finnlandi. Nefndirnar héldu annan fund sinn í Kaupmannahöfn í janúar 1956, og sat þann fund prófessor Ármann Snævarr af Íslands hendi, en ríkisstjórn Íslands hafði þá ákveðið að taka þátt í starfi norrænu nefndanna að þessari lagasamningu. Með bréfi, dags. 1. marz 1956, fól þáverandi dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson þeim Ármanni Snævarr prófessor og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að semja frumvarp til erfðalaga, og skyldi senda það hinum erfðalaganefndunum. Sömdu þeir síðan á árunum 1956—1957 frumvarp til erfðalaga ásamt greinargerð. Var frumvarpið þýtt á dönsku og sent hinum norrænu nefndunum, en þær sömdu einnig frumvörp, hver um sig. Haustið 1958 héldu nefndirnar sameiginlegan fund í Danmörku til að vinna að samningu frumvarpanna, og sóttu íslenzku nefndarmennirnir þann fund. Eftir það endursömdu nefndirnar frumvörp sín með hliðsjón af þeim tillögum og niðurstöðum, sem fengizt höfðu á fundi þessum. En þó að mikið hafi á unnizt um samræmingu frumvarpanna, hefur þó hvert land um sig sérstöðu um ýmis atriði. Mun mega vænta þess, að dönsku og norsku frumvörpin verði lögð fyrir þjóðþing viðkomandi ríkja veturinn 1960—1961. Íslenzku nefndarmennirnir luku samningu frumvarps þessa og greinargerðar í desember 1960.

II.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, hefur í *fyrsta lagi* að geyma ýmsar breytingar á tilhögun erfðalöggjafar. Stefnt er að því að gera erfðalög heillegri en nú er. Ýmis ákvæði, sem máli skipta um erfðir, eru nú í öðrum lögum en erfðalögum. Ákvæðin um setu í óskiptu búi eru t. d. í VIII. kafla laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Þykir heppilegra að fella þau ákvæði inn í erfðalög, og er lagt til í II. kafla frv., að svo sé gert. Um brottfall erfðaréttar eru ákvæði einum þræði í erfðalögum nr. 42/1949, en öðrum þræði í 265. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og raunar er einnig ákvæði, sem að þessu lýtur, í 50. gr. laga nr. 39/1921 um stofnun og slit hjúskapar. Er lagt til, að þessi ákvæði verði öll felld inn í IV. kafla frv. Þá má geta þess, að í 7. gr. laga nr. 23/1922 um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má, að farizt hafi af slysum, er ákvæði um almennar forsendur arftöku. Þykir einnig rétt að taka þetta ákvæði að efni til í erfðalög, að því leyti sem það hefur gildi fyrir erfðarétt, sbr. 22. gr. frv. Sérákvæði laga um erfð að höfundarrétti, sbr. lög nr. 13/1905, og laga um erfð að óðalsrétti og erfðaábúð, sbr. lög nr. 116/1943, eru þó látin haldast í sérlögum, þar sem þau eru sérstæð í eðli sínu.

Í *öðru lagi* felast ýmsar efnisbreytingar á gildandi réttarreglum í frumvarpinu. Þykir rétt að geta hér þegar nokkurra breytinga, sem einna veigamestar má telja. 1. Samkvæmt gildandi lögum erfa eiðsbörn ekki föður og föðurfrændur né þeir þau. En eiðsbörn eru þau óskilgetin börn, sem feðruð eru með því móti, að móðir vinni eið (eða drengskaparheit) að faðerni þeirra í barnfaðernismáli. Í frv. er lagt til, að um erfðategnsl slíkra barna við föður og föðurfrændur fari sem um önnur feðruð börn. 2. Í 18. gr. gildandi erfðalaga er mælt fyrir um erfðatengsl kjörbarna við kjörforeldra annars vegar og kynforeldra og kynfrændur hins vegar. Erfir kjörbarn og niðjar þess kjörforeldra „sem væri það getið og fætt barn þeirra“, en erfðaréttur kjörforeldris eftir kjörbarn er allmiklum takmörkunum háður. Þá helzt, þrátt fyrir ættleiðsluna, erfðaréttur milli kjörbarns og niðja þess annars

vegar og kynforeldra þess og kynfrænda hins vegar. Í 5. gr. frv. er lagt til, að fullkomin erfðatengsl verði milli kjörbarns og niðja þess annars vegar og kjörforeldra og ættingja þeirra hins vegar, eins og um eigið barn kjörforeldra væri að ræða, en aftur á móti falli að öllu leyti niður við ættleiðingu lögerfðatengsl milli kjörbarna og kynforeldra þeirra og annarra ættingja. 3. Samkvæmt 4. gr. gildandi erfðalaga taka foreldrar arfleifanda, börn þeirra og barnabörn arf, en ekki aðrir firnari niðjar foreldra. Í 3. gr. frv. er lagt til, að þessi stýfing á ættlegg frá foreldrum arfleifanda sé felld niður, og gangi sá ættleggur allur til arfs, svo sem var fyrir gildistöku erfðalaga nr. 42/1949. 4. Erfðaréttur þess hjóna, sem lengur lifir, eftir látinn maka sinn er rýmkaður með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til (2. gr. frv.), að erfðahluti maka, þegar niðjar hins látna eru á lífi, verði ⅓ hluti eigna í stað ¼ hluta, eins og nú er mælt í erfalögum. Í öðru lagi er mælt í frv., að í stað þess að maki taki aðeins helming arfs, þegar skipt er arfi með honum og útörfum hins látna, þá taki hann ⅔ hluta arfs, ef foreldri hins látna er á lífi, en ella allan arf. Í því felst það, að systkin og aðrir fjarskyldari ættingjar arfleifanda taka engan arf, ef maki hins látna er á lífi. 5. Breytt er heimild arfleifanda til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá, þegar skylduerfingjar (niðjar eða maki) eru á lífi. Samkvæmt gildandi erfðalögum er honum heimilt að ráðstafa ¼ hluta eigna sinna, ef niðjar lifa, en helming eignanna, ef niðja nýtur ekki, en maki er á lífi. Í frv. er ákveðið, sbr. 35. gr., að arfleifandi geti ráðstafað með erfðaskrá ⅓ eigna sinna frá niðjum og maka. Er ráðstöfunarheimildin þannig rýmkuð gagnvart niðjum, en þrengd gagnvart maka.

Um framangreind atriði og aðrar breytingar, sem með frv. eru gerðar á gildandi erfðalögum, verður nánar rætt hér á eftir í athugasemdum við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

III.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Hér eru sett heildarákvæði um lögarf. Erfðatengsl geta byggzt á þrenns konar atvikum: 1) á frændsemi, 2) á hjúskap og 3) á ættleiðingu. Þykir heppilegt að ræða öll þessi atvik, sem stofnað geta til lögarfs, í einum kafla.

Í 1. gr. eru lögerfingjar greindir í heild sinni. Þykir gleggra vegna yfirlits að hafa samstæða frásögn um þá í lögunum. Síðan er lögerfingjum skipað í erfðaflokka með svipuðum hætti og gert var í erfðatilskipuninni frá 25. september 1850. Fæst þá heillegt yfirlit yfir hvern erfðaflokk um sig og tengsl hans við aðra erfðaflokka.

Um 1. gr.

Það er efni þessarar greinar að lýsa því í samfelldu máli, hverjir taki lögarf. Hins vegar er því ekki lýst í greininni, hverjir séu skylduerfingjar. Um það segir í 35. gr. frv. Í greininni felast tvær efnisbreytingar frá gildandi lögum, og er þær að finna í 1. og 2. tölulið, svo sem hér verður greint.

Í 1. tölulið er lagt til, að reglum um erfðarétt óskilgetinna barna sé breytt. Samkvæmt 2. gr. erfðalaga nr. 42/1949 erfir óskilgetið barn því aðeins föður og föðurfrændur og þeir það, „að hann hafi gengizt við faðerni þess, hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir barns, er honum hefur orðið eiðsfall samkvæmt dómi“. Samkvæmt þessu erfa svonefnd eiðsbörn ekki föður og föðurfrændur né þeir það, þ. e. þegar faðerni er sannað með fyllingareiði móður, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1947 og 213. gr. laga nr. 85/1936. Í 1. tölulið 1. gr. frv. er hins vegar lagt til, að óskilgetið barn erfi föður og föðurfrændur og þeir það, „ef það er feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn“. Eins og þeirri löggjöf er nú háttað, teljast eiðsbörn feðruð, og mundu þau þá, ef frv. þetta verður að lögum, njóta erfðaréttar eftir föður og föðurfrændur og gagnkvæmt. Að vísu er fyllingareiður móður í barnsfaðernismáli ekki traust sönnunargagn, en þó er þess

að gæta, að hún fær því aðeins eiðinn, að hún hafi líkur með sér. Einnig má segja, að sönnunin sé ekki heldur traust, þegar lýstum barnsföður verður eiðsfall, enda hefur á Norðurlöndum verið horfið frá því að láta faðerni barns velt á fyllingareiði móður eða synjunareiði lýsts barnsföður. En þar sem íslenzk lög byggja enn á eiðnum sem úrslitagagni í barnsfaðernismálum, þykir ekki rétt að gera upp á milli eiðsbarna og eiðsfallsbarna um erfðarétt. Verður ekki séð, að til þess séu fullnægjandi lagarök.

Í 1. tölulið 1. gr. er áskilið, að börn séu feðruð með þeim hætti, sem fyrir er mælt í löggjöf um óskilgetin börn. Með þessu ákvæði er tekið af skarið um það, að viðurkenning á faðerni barns þurfi að verða með þeim formhætti, sem áskilið er í þessari löggjöf á hverjum tíma, sbr. nú 3. og 18. gr. laga nr. 87/1947. Annars konar viðurkenning á faðerni barns skapar því ekki erfðatengsl milli barns og föður þess og föðurfrænda. Er þetta ákvæði skýrara en í gildandi erfðalögum.

Í 2. tölulið 1. gr. frv. er lagt til, að foreldrar arfleifanda og niðjar þeirra gangi til arfs, en samkvæmt 4. gr. gildandi erfðalaga taka aðeins foreldrar, börn þeirra og barnabörn arf eftir arfleifanda, en ekki firnari niðjar. Auðvelt er að sýna fram á, að stýfing þessa erfðaliðs með þeim hætti, sem gert er í gildandi lögum, getur skapað mikið misrétti milli fólks, sem stendur arfleifanda hagsmunalega og tilfinningarænt jafnnærri, þótt sumt af því fólki standi honum einum lið nær í frændsemi en annað. Í erfðalögum hinna Norðurlandaríkjanna eru þess og engin dæmi, að svo langt sé gengið í stýfingu lögerfða sem hér er gert í 4. gr. laga nr. 42/1949.

Um 2. gr.

Hér er erfðahluti maka rýmkaður úr ¼ í ⅓ hluta eigna. Rök fyrir þeirri breytingu eru einkum þau, að oft er erfitt fyrir eftirlifandi maka að svara út erfðahlutum úr búinu, enda getur verið þjóðfélagslega heppilegt, að atvinnurekstri, sem hjón hafa stundað sameiginlega og hið langlífara ætlar að halda áfram, sé ekki hnekkt um of með arfgreiðslum úr búinu. Koma hér til greina svipuð sjónarmið og liggja til grundvallar ákvæðum um setu í óskiptu búi. Að öðru leyti eru ákvæði 2. gr. efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Þess má geta, að uppi hafa verið tillögur um að veita þeim erfingjum, sem eru innan 21 árs aldurs ,er faðir eða móðir fellur frá, ríflegri fjárhæð en öðrum erfingjum. Felst það í þessum tillögum, að taka eigi fé, sem svarar til uppeldis- og menningarkostnaðar ungmenna, af óskiptum eignum bús og láta það renna til þeirra (forlodsret). Semjendum frv. hefur ekki þótt næg ástæða til að taka upp slíkt ákvæði, enda er aðgætandi, hvort ekki sé heppilegra að stefna að nefndu markmiði með ákvæðum laga um almannatryggingar.

Um 3. gr.

Í 1. málsgr. 3. gr. felast tvenns konar efnisbreytingar frá gildandi lögum. Samkvæmt 7. gr. erfðalaganna nr. 42/1949 erfir maki helming eigna, þegar skipt er með honum og foreldrum hins látna. Hér er lagt til, að erfðahluti maka hækki, þegar svo stendur á, í ⅔ hluta eigna. Á sameiginlegum fundi erfðalaganefnda Norðurlanda ákváðu þátttakendur, að íslenzku nefndarmönnunum undanskildum, að gera erfðalagafrumvörpin þannig úr garði, að maki taki allan arf, þegar hinn látni á engan niðja á lífi, en af því leiðir, að foreldri arfleifanda tekur engan arf, ef maka er til að dreifa. Þetta töldu íslenzku nefndarmennirnir of róttæka breytingu á gildandi rétti. Sanngirni virðist mæla með því, að foreldrar taki nokkurn arf eftir barn sitt, þó að maki þess lifi. Kemur þetta einkum til greina, þegar um aldurhnigna og efnalitla foreldra er að ræða, en hið látna barn þeirra hefur verið í góðum efnum og styrkt þau í ellinni. Ísland hefur og þá sérstöðu, að samkvæmt framfærslulögum nr. 80/1947, 6. gr., er börnum skylt að framfæra foreldra sína, ef þau eru til þess fær, en í lögum annarra Norðurlandaþjóða eru ekki ákvæði um slíka framfærsluskyldu. Hafa því semjendur frv. þessa horfið að því ráði að veita

foreldrum erfðarétt, þó að maki lifi, en rýmka hins vegar erfðahluta makans, svo sem gert er í 1. málsgr. 3. gr.

Í öðru lagi er það nýmæli í umræddri málsgr., að maki tekur allan arf, þegar arfleifandi á hvorki niðja né foreldra á lífi. Eftirlifandi maki þarf því enga erfðahluti að greiða úr búi til systkina hins látna né annarra fjarskyldari útarfa. Þegar hjón eiga ekki lífserfingja, mun það tíðast vera ósk þeirra, að eignirnar renni í heild til þess makans, sem lengur lifir, enda arfleiða þau þá oft hvort annað með gagnkvæmri erfðaskrá. Ef annað hjóna vill láta arf renna að einhverju leyti til systkina eða annarra ættingja, er því og innan handar að gera slíka ráðstöfun með erfðaskrá, að því leyti sem ákvæði um skylduarf eru því ekki til fyrirstöðu.

Í 2. og 3. málsgr. 3. gr. ræðir um arftöku foreldra og niðja þeirra, þegar maka er ekki til að dreifa. Hér er horfið frá þeirri reglu 4. gr. gildandi erfðalaga, að láta arftökurétti lúka með barnabörnum foreldra arfleifanda (þ. e. systkinabörnum arfleifanda), og er nánar rætt um þetta í athugasemdum við 2. tölulið 1. gr. frv. Að öðru leyti eru ákvæði þessarar málsgr. óbreytt frá gildandi rétti.

Í 3. gr. er ekki rætt sérstaklega um erfðarétt hálfsystkina, þar sem þörf þykir ekki á því. Felst það í ákvæðum greinarinnar, að sömu reglum á að beita hér eftir sem hingað til um það efni, sbr. 5. gr. erfðatilsk. 1850, sem kveður skýrar á um þetta efni en 5. gr. erfðalaga nr. 42/1949. Þegar t. d. er á lífi hálfbróðir arfleifanda samfeðra, en annar nánasti ættingi hans á lífi er móðurbróðir hans, er ljóst, að hálfbróðir arfleifanda tekur allan arf eftir hann.

Um 4. gr.

Eins og lýst var í umsögn um 1. málsgr. 3. gr. er lagt til, að maki gangi framar til arfs en útarfar arfleifanda, að foreldrum hans undanskildum. Er 4. gr. breytt til samræmis við þessa reglu, og taka því föður- og móðurforeldrar arfleifanda og börn þeirra ekki arf, ef maki lifir. Að öðru leyti eru erfðareglur 6. gr. gildandi erfðalaga látnar haldast óbreyttar, þ. e. að afar og ömmur arfleifanda ganga til arfs svo og börn þeirra (föður- eða móðursystkin arfleifanda), en ekki firnari niðjar.

Um 5. gr.

Samkvæmt 18. gr. gildandi erfðalaga nr. 42/1949 skapar ættleiðing erfðatengsl með kjörbarni og kjörforeldri svo og í einu tilviki með börnum kjörforeldris. Erfðaréttur þessi er ekki gagnkvæmur eða gagnvirkur. Kjörbarn og niðjar þess (kynniðjar einir, að því er virðist) eru skylduerfingjar eftir kjörforeldri, en erfðaréttur kjörforeldris er einskorðaður við verðmæti þau eða fjárhæð þeirra, sem kjörbarn hefur þegið að arfi eða gjöf frá kjörforeldri. Kjörbarn tekur ekki arf eftir kynbarn eða kjörbarn kjörforeldra sinna, en barn kjörforeldra tekur arf eftir kjörbarn þeirra, að kjörforeldri látnu, með sama hætti og það. Þegar kjörbarn andast svo, að það á ekki kynerfingja á lífi samkvæmt 1.—6. gr. laganna (hlýtur einnig að eiga við um 7. gr. þeirra), taka kjörforeldri og börn þeirra allan arf eftir kjörbarn, enda hafi það ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá. En þó að t. d. kynbarn kjörforeldra látist án þess að eiga lögerfingja á lífi, virðist kjörbarn ekki erfa það samkvæmt 18. gr. laganna.

Samkvæmt þessu er kjörbarni ekki veittur erfðaréttur eftir ættingja kjörforeldra sinna. Á hinn bóginn haldast erfðatengsl milli kjörbarns og kynforeldra þess og annarra ættingja.

Á undanförnum árum hafa verið uppi miklar umræður um það meðal lögfræðinga á Norðurlöndum, hversu skipa skuli lögum um erfðarétt kjörbarna og arf eftir þau. Skoðanir manna hafa mjög hnigið að því að veita kjörbörnum víðtækari erfðarétt en áður var, en hins vegar hefur menn greint á um það, með hvaða hætti þessi rýmkun eigi að verða. Hafa aðallega verið uppi tvenns konar skoðanir um þetta. Önnur þeirra á meginrætur að rekja til norskra laga um breytingu á ættleiðingarlögum nr. 2 24. maí 1935. Samkvæmt þeim lögum gat ættleiðsla orðið með

tvennum hætti, þ. e. annars vegar ættleiðsla, þar sem erfðatengsl héldust milli kjörbarns og kynforeldra þess og annarra ættmenna, og hins vegar ættleiðsla, þar sem þessi erfðatengsl rofna, og taka þá kjörbörn arf eftir ættmenni kjörforeldra, svo sem væru þau eigin börn kjörforeldranna. Hin skoðunin er sú, að óheppilegt sé að láta ættleiðslu hafa tvenns konar réttaráhrif um erfðarétt, og að réttara sé að höggva algerlega á erfðatengslin milli kjörbarns og kynforeldra þess og annarra ættingja, en veita barninu í þess stað fullkominn erfðarétt eftir kjörforeldra og ættingja þeirra og gagnkvæmt. Reynsla Norðmanna af fyrrgreindum lögum frá 1935 varð sú, að langoftast (í 90% af tilvikum) fór ættleiðing fram með þeim hætti, að kjörbarn hlaut réttarstöðu kynbarns í hvívetna, en erfðatengsl við kynforeldra og önnur ættmenni þá rofin. Þess má og geta, að í Frakklandi, þar sem völ hefur verið á þrenns konar tegundum ættleiðslu, að því er erfðarétt varðar, hefur í 95% af öllum ættleiðingarleyfum verið valin sú leið að veita kjörbarni réttarstöðu kynbarna.

Þegar meta skal, hvort rétt sé að hafa tvær tegundir ættleiðinga, að því er til erfðaréttar tekur ,eða eina, er vert að benda á, að réttarreglurnar verða óljósari og flóknari í hugum almennings, ef tveir hættir eru tíðkaðir fremur en einn. Þeir, sem fylgjandi hafa verið tvenns konar ættleiðingu, hafa einkum fært fram þau rök ,að stundum geti verið styrkur fyrir aðilja og til hagsmuna fyrir barn, að það viti um kynforeldra sína og hafi nokkurt samband við þau. Taki það sérstaklega til barna, sem eru venzluð ættleiðanda, svo og barna, sem eru skilgetin börn annars hjóna frá fyrra hjónabandi, en ættleidd af hinu hjónanna. Í því tilviki sé réttmætt að láta erfðatengsl haldast með barni og kynforeldrum þess og öðrum ættingjum. Á hinn bóginn er á það að líta, að megintilgangur ættleiðingar er að tryggja eftir föngum, að uppeldisleg og félagsleg aðstaða kjörbarns verði sem svipuðust því, að kjörbarnið væri kynbarn ættleiðenda. Mikilvægt er, að lagareglur, þar á meðal um erfðaréttindi, stuðli að því, að þeim tilgangi verði náð. Hér á landi kveður langsamlega mest að ættleiðingum óskilgetinna barna, sem hvorki eru skyld né venzluð kjörforeldrum. Reynslan erlendis frá hnígur eindregið að því, að um þær ættleiðingar gefist bezt að rjúfa erfðatengslin við kynforeldra barns og ættmenni. Næst fjölmennasti hópur ættleiddra barna hérlendis eru stjúpbörn, og er þá aðstaðan í langflestum tilvikum sú, að börn þessi eru óskilgetin. Einnig í því tilfelli virðist heppilegast að rjúfa erfðatengsl. Ættleiðing á börnum, sem venzluð eru ættleiðanda að öðru leyti, er tæpast svo tíð, að þörf sé á sérstökum reglum af þeim sökum. Sérstaklega skal þess getið, að þótt ættleidd börn kunni stundum að missa nokkurs í af erfðafé með því að glata erfðarétti eftir ættmenni sín, mun það oftast vinnast upp með því að kjörbörn hljóta erfðarétt eftir kjörforeldra og ættmenni þeirra. Og enn fremur má benda á, að ástæðulaust er að veita kjörbörnum ríkari erfðarétt en öðrum börnum, svo sem nú er samkvæmt erfðalögum nr. 42/1949, þar sem kjörbörn eru bæði skylduerfingjar eftir kynforeldra og kjörforeldra.

Erfðalaganefndir Norðurlanda hafa allar horfið að því ráði að leggja til, að kjörbarn taki arf eftir kjörforeldra og ættingja þeirra með sama hætti og skilgetið barn kjörforeldra, en að jafnframt séu rofin erfðatengsl milli kjörbarns og kynforeldra þess og annarra ættmenna. Eru slíkar reglur nú þegar orðnar að lögum í Danmörku og Noregi. Með ákvæðum 5. gr. frv. þessa er lagt til, að sams konar tilhögun verði einnig lögfest hér á landi.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. málsgr. svara til 8. gr. laga nr. 42/1949, en þó með þeirri breytingu, að þau koma því aðeins til framkvæmdar, að það hjóna, sem lengur lifir, hafi verið einkalögerfingi þess, sem fyrr lézt. Tilgangurinn með ákvæðum þessum er að skapa jafnrétti með ættum hjóna, svipað því, sem tíðast er mælt í gagnkvæmum erfðaskrám milli maka. Þau rök eiga ekki við, ef skipt hefur verið eftir lát

skammlífara makans með eftirlifandi maka og öðrum lögerfingjum. Virðist ekki vera ástæða til að láta arf hverfa að nýju í ætt þess hjóna, sem fyrr lézt.

Í 2. málsgr. er mælt, að eigur hins langlífari maka gangi til lögerfingja hins skammlífara, ef langlífari makinn á enga erfingja á lífi. Oftast er svo náið samband milli annars hjóna og ættmenna hins, að ekki þykir varhugavert að lögfesta þessa lögerfðareglu, enda má mjög oft ætla, að maka sé þessi skipan að skapi.

Í 3. málsgr. er skýringarregla, sem ekki þarfnast umsagnar.

Um II. kafla.

Ákvæði um setu í óskiptu búi eru nú í VIII. kafla laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923. Þess er fyrr getið, að heppilegt þykir að skipa þeim ákvæðum í erfðalög. Að efni til eru í frv. gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum nefnds VIII. kafla, og stefna þær yfirleitt að því að gera skipulag á setu í óskiptu búi þjálla en nú er. Leitast er við að búa svo um, að erfingja séu réttkræf skipti, þegar honum er hagsmunamál að fá erfðahluta sinn greiddan úr búi, en jafnframt er þess gætt, að hlutur annarra erfingja sé ekki fyrir borð borinn við slík skipti né afkoma makans, sem situr í óskiptu búi, gerð óviðhlítandi.

Samkvæmt VIII. kafla laga nr. 20/1923 veitir valdsmaður leyfi til setu í óskiptu búi, en ákvörðun hans um það efni má skjóta til stjórnarráðsins. Hins vegar er lagt til skiptaráðanda að leysa úr því, ef með þarf, hvaða eignir renni til óskipta búsins, hvort erfingi eigi rétt til þess að fá erfðahlut sinn greiddan úr því, svo og hvort maki hafi með aðgerðum sínum glatað rétti til setu í óskiptu búi. Í gildandi réttarfarslöggjöf er skiptaráðanda yfirleitt falið að kanna og kveða á um, hvort fyrir hendi séu skilyrði þess, að búskipti fari fram. Virðist ekki vera ástæða til að láta annað gilda um frestun búskipta vegna setu í óskiptu búi. Er því lagt til í frv., að skiptaráðandi komi um þetta í stað valdsmanns, og felst í því, að hér verður um dómsathafnir að ræða, eins og í öðrum tilvikum, þegar aðilja greinir á um, hvort skilyrði til búskipta séu fyrir hendi.

Um 7. gr.

Grein þessi er að efni til svipuð 61. gr. laga nr. 20/1923 og 77. gr. sömu laga. Réttara þykir að formi til að fella efni þessara tveggja greina í eina grein.

Helzti mismunur að efni til á greininni og tilvitnuðum greinum laga nr. 20/1923 er sá, að þess er getið berlega í 2. málsgr. 7. gr., að erfðaskrárákvæði af hendi þess, er fyrr andast, geti girt fyrir það, að leyfi verði veitt til setu í óskiptu búi, þegar svo stendur á, sem í ákvæðinu segir. Þá er einnig vikið að því í síðara málslið málsgr., að skiptaráðandi skuli taka tillit til hagsmuna barna og maka, þegar metið er, hvort búsetuleyfi skuli veitt, þar sem 2. málsgr. 61. gr. laga nr. 20/1923 talar aðeins um hagsmuni barna í þessu sambandi. Loks er þess getið berlega í 3. málsgr., að 8. gr. geti girt fyrir búsetuleyfi, þegar svo stendur á, sem í ákvæðinu greinir, en hliðstætt ákvæði er ekki í 77. gr. laga nr. 20/1923.

Þess má geta, að til álita kom að gera setu í óskiptu búi með stjúpbörnum (2. mgr. 7. gr.) háða því skilyrði, að lögráðamaður ófjárráða stjúpbarna samþykkti það. Við nánari athugun var þó frá því horfið. Eins og áður segir, ber skiptaráðanda að líta á hag beggja aðilja, maka og stjúpbarna, en lögráðamaður, sem eingöngu gætir hagsmuna barnanna, mundi væntanlega oft telja varlegast að synja um samþykki, svo að honum yrði ekki gefið að sök, ef svo færi, að erfðahluti barnanna rýrnaði vegna setu í óskiptu búi, og kæmi þá ákvæði 2. mgr. 7. gr. lítt að notum.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru að mestu í samræmi við 62. gr. laga nr. 20/1923.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli, og þykir ekki ástæða til að rökstyðja það.

Um 9. gr.

Þessi grein er að mestu sama efnis og 63. og 64. gr. laga nr. 20/1923.

Í nefndri 63. gr. er gert ráð fyrir því, að maki, sem óskar setu í óskiptu búi, láti í öndverðu fylgja umsókninni yfirlit til bráðabirgða um hag búsins. Samkvæmt 64. gr. á maki síðar — innan misseris frá láti hins skammlífara — að semja aðra skýrslu um sama efni og skila valdsmanni. Eftir þessu mun yfirleitt ekki vera farið, heldur er látið sitja við frumskýrsluna. Þykja þeir hættir heppilegri, og er lagt hér til, að þeir séu lögfestir. Samkvæmt 63. og 64. gr. greindra laga ber að ganga eftir skýrslum um hag búsins. Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að afhent sé skýrsla um efnahag beiðanda og efnahag hins látna, þar sem það hvort tveggja getur skipt máli við mat á því, hvort orðið sé við umsókn um búsetuleyfi.

Um 10. gr.

Samkvæmt 65. gr. laga nr. 20/1923 renna hjúskapareignir beggja hjóna inn í óskipta búið, en séreign ekki. Fræðimenn hafa hreyft því, að afkoma langlífara makans yrði oft óviðunandi sökum þess, að séreign hins skammlífara rynni aldrei til búsins. Telja verður varhugavert að mæla svo fyrir, að séreign hins skammlífara gangi til búsins, nema unnt sé að styðjast við viljayfirlýsingu hans sjálfs um það efni. Því er lagt til í 1. mgr. 10. gr., að séreign renni til bús, ef hún á samkvæmt kaupmála hjóna að verða hjúskapareign, að öðru hjóna látnu. Gert er ráð fyrir, að með sérstökum lögum verði gerð breyting á 29. gr. laga nr. 20/1923, er heimili að stofna til kaupmála þessa efnis. Þá segir einnig í 1. málsgr. 10. gr., að til óskipts bús skuli renna séreign, sem samkvæmt ákvæðum laga á að hlíta reglum um hjúskapareign, að öðru hjóna látnu. Er hér átt við séreign þá, sem um ræðir í 1. málsgr. 18. gr. frv.

Í 65. gr. laga nr. 20/1923 er mælt, að hinu óskipta búi skuli hlotnast allt það, sem hið eftirlifandi hjóna síðar eignast, svo framarlega sem það hefði orðið hjúskapareign þess, ef það hefði eignazt það, meðan hjónabandið stóð. Í 1. málsgr. 10. gr. er þessi regla orðuð með öðrum hætti, án þess að um nokkra efnisbreytingu sé að tefla. Hér er haft í huga, að einungis þurfi að leysa úr því, hvort tiltekið aflafé eða annað verðmæti, sem makanum áskotnast, eigi að renna til séreignar hans samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem á hverjum tíma gilda um séreign, en sé svo ekki ,rennur féð til óskipta búsins.

Í 2.málsgr. 10. gr. er gerð efnisbreyting frá gildandi lögum. Samkvæmt 2. málsgr. 65. gr. laga nr. 20/1923 þarf maki að krefjast búskipta, ef hann hyggst varna því, að gjöf eða arfur, sem honum hlotnast, renni í búið. Þetta þykir óhæfilega hörð regla í garð makans. Vel má vera, að makinn óski að sitja áfram í óskiptu búi, þótt honum hafi hlotnazt þessi verðmæti. Búið á enga kröfu á því, að þessi verðmæti renni þangað, og hagsmunum þess er að fullu borgið, þótt makinn sitji áfram að eignum bús óskiptum, ef séð er við því, að gjöf og arfur blandist með búseignum, svo að eignaflækjur hljótist af. Samkvæmt 2. málsgr. 10. gr. er þess krafizt, að maki tilkynni skiptaráðanda innan tveggja mánaða frá því, að hann öðlaðist vitneskju um arf eða gjöf, að hann óski, að verðmæti þessi renni ekki í búið. Verða verðmætin þá séreign makans, og ber að halda þeim, eins og annarri séreign, aðgreindum frá eignum búsins. Hins vegar er ekki þörf á búskiptum, þegar svo stendur á. Ef eignum þessum er ekki haldið sérgreindum frá öðrum búseignum ,hvílir sönnunarbyrði fyrir því, að eignir þessar teljist ekki til búsins, á þeim, sem heldur slíku fram.

Um 11. gr.

Greinin er sama efnis og 1. málsgr. 66. gr. laga nr. 20/1923. Rétt þykir að taka það fram berum orðum, að umráðin taki ekki til dánarráðstafana.

Um 12. gr.

Hér er tekið upp efni 67. gr. laga nr. 20/1923. Í þeirri gr. segir, að maki, sem situr í óskiptu búi, beri m. a. ábyrgð á eigin skuldum. Óþarft er að geta þessa, og er það atriði því fellt niður.

Um 13. gr.

Sama efnis og 70. gr. laga nr. 20/1923.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er að efni til í samræmi við 71. gr. laga nr. 20/1923.

Ákvæði 2. málsgr. er nýmæli, a. m. k. að formi til. Þó að fjárráða erfingi hafi samþykkt, að erfðahlutur hans skuli standa inni í óskiptu búi, getur honum síðar orðið brýn þörf á að fá fjárhlutinn úr búinu, og þykir þá ekki rétt, að samþykkið bindi hann von úr viti. Á hinn bóginn ber einnig að horfa á hagsmuni makans. Honum kann að vera torvelt að svara út erfðahlut fyrirvaralítið. Þegar hafðir eru í huga hagsmunir erfingja og maka, hefur þótt rétt að áskilja, að erfingi krefðist skipta sér til handa með eins árs fyrirvara.

Um 15. gr.

Í 1. málsgr. er tekið upp efni, sem nú er í 72. gr. laga nr. 20/1923. Í þeirri grein er haft það orðalag, að krefjast megi búskipta, þegar svo stendur á, sem í gr. segir. Hér í 1. málsgr. 15. gr. eru tekin af tvímæli um það, að erfingi (eða lögráðamaður hans) geti aðeins krafizt þess að fá erfðahlut sinn greiddan. Ef aðrir fjárráða erfingjar eða lögráðamenn ófjárráða erfingja vilja láta erfðahluti sína standa áfram í búi, þurfa fullkomin búskipti ekki að fara fram. En þess má að sjálfsögðu vænta, að fái einn erfingi kröfu sinni framgengt af þessum sökum, þá muni lögráðamenn ófjárráða erfingja ekki telja fært að láta erfðahluti skjólstæðinga sinna standa áfram í búinu.

Ákvæði 2. málsgr. eru sama efnis og ákvæði 2. málsgr. 66. gr. laga nr. 20/1923, en þó með breytingum þeim, sem hér segir. Í 2. málsgr. 66. gr. er gert að skilyrði, að búið hafi verið tekið til skiptameðferðar, áður en riftunarmál er höfðað. Hér í 2. málsgr. 15. gr. eru sett þau skilyrði, að annaðhvort hafi búið verið tekið til skipta eða erfingi sá, sem höfða vill riftunarmál, hafi krafizt búskipta. Þarf hann þá ekki að bíða þess, að búskipti hefjist, en það getur dregizt á langinn, ef makinn mótmælir skiptum og um það þarf að ganga úrskurður að undangengnum málflutningi. Gæti þá svo farið, að frestur til höfðunar riftunarmáls væri liðinn, er úrskurður gengur. Þá er einnig breytt ákvæði um málshöfðunarfrest. Samkvæmt 2. málsgr. 66. gr. skal höfða mál innan eins árs „frá því gefið var". Þar sem oft mundi reynt að leyna slíkri gjöf fyrir erfingjum, er fresturinn miðaður við ár frá því, að erfingi eða lögráðamaður hans fékk vitneskju um gjöfina. Þó þykir rétt að láta málshöfðunarrétt falla niður, þegar 3 ár eru liðin frá afhendingu gjafar.

Um 16. gr.

Sbr. 73. gr. laga nr. 20/1923. Í 1. málsgr. 16. gr. ræðir um það, hvernig um arfgreiðslu fari, þegar maki situr í óskiptu búi með niðja sínum, en hann andast, áður en erfðahlutur hans hefur verið greiddur.

Ef erfingjar hins látna erfingja eru ófjárráða niðjar hans — og þá einnig ófjárráða niðjar makans — hefur makinn rétt til samkvæmt 1. málsgr. 7. gr. frv. að sitja áfram í óskiptu búi með þeim, að því er tekur til þess arfs eftir skammlífara makann, sem inni í búi stendur og nú á til þeirra að ganga. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, hvort erfingi hefur hlotið arf eftir skammlífara makann beint eða um millilið. Kemur því ekki til (að ákvæðum 2. málsgr. 13. gr. og 15. gr. undanskildum), að maka sé skylt að greiða út erfðahluti umræddra niðja sinna úr búinu, fyrr en þeir verða sjálfir fjárráða og krefjast skipta ,sbr. 1. málsgr. 14. gr.

Þegar erfingjar hins látna erfingja eru ófjárráða systkin hans, bætist erfðahlutur sá, sem þau nú eiga að fá úr búinu, við þann erfðahlut, sem þau áttu þar fyrir. Er þetta einnig í samræmi við ákvæði 1. málsgr. 7. gr., enda er engin ástæða til, að makinn þurfi að svara ófjárráða börnum sínum út sérstökum erfðahlutum, þegar svo stendur á, sem hér greinir.

Aðrir erfingjar hins látna erfingja en þeir, sem að framan greinir, geta krafizt skipta með sama skilorði og hinn látni erfingi. Ef hinn látni erfingi hefur andast ófjárráða, geta greindir erfingjar hans krafizt skipta sér til handa, þegar erfinginn hefði orðið fjárráða, sbr. 1. málsgr. 14. gr. Hafi hinn látni erfingi hins vegar verið fjárráða, er hann lézt, geta erfingjar hans, þeir er hér ræðir um, krafizt skipta sér til handa með eins árs fyrirvara, sbr. 2. málsgr. 14. gr.

Í 2. málsgr. 16. gr. eru ákvæði um það, er maki situr í óskiptu búi með stjúpbarni sínu, sbr. 2. og 3. málsgr. 7. gr., og það andast, áður en skipti hafa farið fram. Þar sem heimild til setu í óskiptu búi með stjúpbarni er miklu þrengri en þegar um niðja er að ræða, og a. m. k. ýmsir erfingjar stjúpbarns eru að jafnaði lítt eða ekki vandabundnir maka, sem í óskiptu búi situr, þá þykir rétt, að hlutur stjúpbarns í hinu óskipta búi komi til skipta, þegar að því látnu. Sú undantekning er þó gerð, að skiptaráðandi getur heimilað, að umræddur hlutur stjúpbarnsins verði áfram í búinu, að því er tekur til erfðahluta ófjárráða niðja stjúpbarnsins eftir það, svo og að því er snertir erfðahluta ófjárráða systkina þess, enda hafi þau áður átt erfðahluta inni í óskipta búinu.

Ákvæði 3. málsgr. 16. gr. eru samhljóða ákvæðum 2. málsgr. 73. gr. laga nr. 20/1923.

Um 17. gr.

Hliðstætt ákvæði er ekki í VIII. kafla laga nr. 20/1923. Þegar maki hefur rýrt efni bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni, þykir rétt að veita erfingjum endurgjaldskröfu af því tilefni.

Ákvæðum þessum svipar til 52. og 53. gr. laga nr. 20/1923.

Um 18. gr.

Hér er mælt fyrir um það, hversu fari um hlut þann, sem erfingi á í óskiptu búi.

Ákvæði 1. málsgr. eru nýmæli. Talið er, að arfur tæmist þegar við andlát þess maka, er fyrr fellur frá. Ef maður, sem stendur til arfs eftir þann maka, andast á undan langlífara makanum, verður hann tengiliður um arftöku milli erfingja sinna og hins skammlífara maka. Bú erfingjans verður því að taka upp til skipta að nýju, er arfur kemur til útborgunar úr óskipta búinu. Ef skuldheimtumenn erfingjans hafa ekki fengið kröfur sínar fullgoldnar við fyrri skiptameðferðina, geta þeir krafizt fullnustu úr þessum verðmætum, enda séu kröfur þeirra enn ófyrndar eða yfirleitt í gildi. Eftirstöðvarnar renna til erfingja mannsins. Þess ber einnig að geta, að maki, sem skilið hefur við erfingjann eftir andlát skammlífara makans, á tilkall til búshluta úr erfðafé þessu.

Skipulag það, sem hér var greint og fólgið er í VIII. kafla laga nr. 20/1923, hefur sætt ýmiss konar gagnrýni. Bent hefur verið á, að skiptavandkvæði séu því samfara að taka bú upp til nýrrar skiptameðferðar, þegar langur tími kann að vera liðinn frá því, að fyrri skiptameðferð lauk. Enn fremur hefur því verið hreyft, að óeðlilegt sé, að skuldheimtumenn erfingjans geti leitað fullnustu í þessu erfðafé, sem kemur til útborgunar úr óskiptu búi, e. t. v. löngu eftir að skuldunautur andast, og raunar sé ekki eðlilegt, að þetta fé, sem stafar frá öðrum en skuldunautnum og hefur aldrei verið beinlínis hans fé, geti verið aðfararandlag, er skuldheimtumenn hans leita fullnustu. Í þriðja lagi hefur það verið gagnrýnt, að maki, sem skilið hefur við erfingja hins skammlífara hjóna, e. t. v. löngu áður en arfurinn kemur til útborgunar, eigi kröfu til búshluta úr þessu verðmæti.

Með ákvæðum 1. málsgr. 18. gr. er reynt að bæta úr nokkrum þeim ágöllum,

sem vissulega eru á þeirri skipan, sem nú tíðkast. Eftir 1. málslið 1. málsgr. á fjárhlutur erfingja í óskiptu búi jafnan að vera séreign hans, ef hann er í hjúskap, og er óheimilt að breyta þeirri skipan með kaupmála. Fyrirmæli arfleifanda geta ekki heldur raskað því skipulagi. Í þessu ákvæði er það fólgið, að við skilnað á hitt hjónanna ekki tilkall til búshluta úr þessu fé, hvorki á því tímamarki, er skilnaður verður, né síðar. Eftir lát erfingjans fer þó um hlut þenna sem hjúskapareign erfingjans, nema arfleifandi mæli öðruvísi fyrir eða kaupmáli hjóna standi til annars. Í því er það fólgið, að maki erfingjans á bæði rétt til búshluta úr þessu fé og erfðahluta. Er það og sanngjörn regla. Að því er varðar skuldheimtumennina, staðfestir ákvæði 2. málsgr. 18. gr. þá reglu 74. gr. laga nr. 20/1923, að skuldheimtumönnum erfingja sé fyrirmunað að leita fullnustu í hlut hans í óskipta búinu. Þegar fjárhlutur þessi kemur til útborgunar, geta skuldheimtumenn hans hins vegar gengið að honum.

Fyrirmæli 18. gr. leysa ekki þann vanda, að þörf sé á endurupptöku á búi erfingjans, en þess er að geta, að síðari skipameðferðin verður yfirleitt svo brotalítil, að jafnaðarlega verður það mál auðleyst.

Ákvæði 2. málsgr. 18. gr. eru að efni til í samræmi við 74. gr. laga nr. 20/1923.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru að efni til á sömu lund og 75. gr. laga nr. 20/1923, en 2. málsgr. svarar til 69. gr. sömu laga.

Ákvæði 3. málsgr. eru nýmæli, og er það reist á sömu sjónarmiðum og 2. málsgr. 6. gr. frv.

Um 20. gr.

Ákvæði 1. málsliðs er í samræmi við 68. gr. laga nr. 20/1923. Síðari málsliðurinn er nýmæli, sem heimilar langlífara makanum að ráðstafa einstökum munum, sem kunna að hafa verið í hjúskapareign hins skammlífara. Slík erfðaskrárákvæði fá þó ekki staðizt, ef þau brjóta í bága við fyrirmæli hins skammlífara, sbr. 2. málsgr. 36. gr.

Um III. kafla.

Hér eru almenn ákvæði um arftöku. Frá skipulagssjónarmiði ættu þau að mynda I. kafla frv., en ekki þykir viðfelldið að hefja erfðalög þannig.

Um 21. gr.

Greinin er að efni til í samræmi við 9. gr. gildandi erfðalaga nr. 42/1949.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við fræðikenningar, sbr. og 7. gr. laga nr. 23/1922.

Um IV. kafla.

Hér er skipað í samfelldu máli þeim tilvikum, sem geta valdið brottfalli erfðaréttar. Sum þessi ákvæði eru eðli máls samkvæmt einskorðuð við brottfall lögerfðaréttar, en önnur varða hvort tveggja, lögarf og bréfarf. Rétt er að geta þess, að því er varðar brottfall bréferfðaréttar, að reglurnar um brostnar forsendur geta fellt niður slíkan erfðarétt, þótt ekki séu svo mikil brögð að óviðurkvæmilegri framkomu erfingja sem gert er ráð fyrir í ákvæðum þessa kafla.

Ákvæði 25. gr. eru nýmæli, en önnur ákvæði kaflans eru að stofni til í gildandi lögum. Breytingar þær, sem lagt er til, að verði á þeim, stefna einkum að því að heimila dómstólum að kveða svo á, að erfðaréttur sé niður fallinn, og er þá horfið frá því að lögbinda brottfall erfðaréttar við refsidóm, eins og nú er oftast gert í gildandi lögum.

Um 23. gr.

Ákvæði greinarinnar eru sama efnis og 265. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þó með þeirri breytingu, sem áður er greind.

Um verknað þann, sem á undir 1. málsgr., er þess að geta, að tilraunar- og hlutdeildarbrot lúta ákvæðinu. Að því er brot á 215. gr. alm. hegningarlaga varðar, getur það ekki orðið efni til sviptingar erfðaréttar, nema sá aðdragandi sé að andláti, að í frammi sé höfð líkamsárás, sem á undir 217. eða 218. gr. sömu laga. Ákvæðinu mætti beita fyrir lögjöfnun, ef manndráp, sem virða yrði manni til gáleysis, hlytist t. d. af brennubroti hans, nauðgunarbroti eða ráni.

Um tengslin milli refsiforsendna og forsendna fyrir því að svipta erfðarétti, ber að hafa í huga, að orðalag 1. málgs.r 23. gr. felur í sér, að unnt er að svipta mann erfðarétti, þótt hann fullnægi ekki sakhæfiskröfum. Hins vegar verður verknaður að vera fremjanda saknæmur. Ljóst er og, að verknaður þarf að vera refsinæmur frá hlutlægu sjónarmiði. Ef verknaður réttlætist að öllu af neyðarvarnar- eða neyðarréttarreglum, er ekki kostur að svipta sökunaut erfðarétti.

Þau réttindi, sem unnt er að svipta mann samkvæmt 1. málsgr., eru bæði lögerfðaréttur og bréferfðaréttur, en auk þess verður að telja, að í sviptingu erfðaréttar felist svipting á heimild til setu í óskiptu búi og réttur til arfs, sem tæmdur er og stendur inni í óskiptu búi.

Háttsemi sú, sem 1. málsgr. fjallar um, getur bæði beinzt að arfleifanda, sem brotamaður stendur til arfs eftir, og að manni, sem brotamanni er hagsmunamál að ryðja úr vegi sökum þess, að tilvist hans veldur því, að aðili tekur ekki arf eftir annan mann eða a. m. k. mundi erfðahluti hans vaxa, ef maður sá, sem brot beinist að, hyrfi.

Ákvæðið heimilar aðeins að svipta hinn seka erfðarétti, en ekki niðja hans eða aðra þá, sem erfa mundu, ef hinn seki andaðist á undan arfleifanda.

Um réttarfarsreglur í málum til sviptingar erfðarétti, sjá 5. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951.

Ákvæði 2. málsgr. 23. gr. eru að efni til í samræmi við 2. málsgr. 265. gr. alm. hegningarlaga. Hér getur ákæruvald ekki krafizt sviptingar á erfðarétti, nema sá, sem misgert er við, hafi uppi slíka kröfu.

Ákvæði 3. málsgr. 23. gr. eru samhljóða 3. málsgr. 265. gr. alm. hegningarlaga.

Um 24. gr.

Ákvæði svipaðs efnis var fyrst lögfest hér á landi með 11. gr. erfðalaga nr. 42/1949 að norrænni fyrirmynd. Nokkur mismunur er á 24. gr. frv. og nefndri 11. gr. erfðalaga. Samkvæmt 11. gr. er það lögbundin afleiðing af refsidómi, er faðir hlýtur samkvæmt 194.—201. gr. alm. hegningarlaga vegna getnaðar barns, að hann og föðurfrændur glata erfðarétti eftir barnið. Hér er hins vegar lagt til, að dómstólum sé heimilt að svipta erfðarétti, er svo stendur á. Þá er í öðru lagi lagt til, að þessi svipting erfðaréttar taki aðeins til erfðaréttar föður, en ekki til erfðaréttar föðurfrænda, enda er torskilið, hvers þeir eiga að gjalda í þessu efni. Unnt er að beita þeim viðurlögum, sem greinin fjallar um, þótt aðili hljóti ekki refsidóm. Ákvæði 2. málsgr. er nánast orðað til öryggis.

Um 25. gr.

Ákvæðið er svipað 12. gr. gildandi erfðalaga, svo langt sem hún nær. Hér er kveðið nánar á um það en í 12. gr., hvers konar háttsemi geti leitt til þess, að aðili sé sviptur erfðarétti. Háttsemi þessi þarf ekki að vera refsiverð, þótt oft muni hún vera það. Aðili glatar ekki skylduarfi sér til handa samkvæmt þessu ákvæði.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er sama efnis og 10. gr. gildandi erfðalaga, en hér er því þó bætt við, að ógilding hjúskapar felli einnig niður erfðarétt, sbr. 44. gr. laga nr. 39/1921.

Ákvæði 2. málsgr. koma í stað 50. gr. laga nr. 39/1921 með nokkrum breytingum. Ef það sannast í opinberu máli, að stofnun hjúskapar var refsiverð athöfn af hendi þess, er lengur lifir, er óviðfelldið, að það geti tekið arf eftir hið skammlífara. Samkvæmt 1. tölulið 26. gr. frv. fellur erfðaréttur niður, þegar svo stendur á. Þá er og tekið fram, að síðari maki tvíkvænings taki ekki arf, ef fyrri maki er á lífi og arfgengur, og skiptir þá ekki máli, hvort stofnun hjúskaparins var refsiverð athöfn af hálfu síðari makans eða ekki. Í 2. tölulið er haldið í þá reglu 50. gr. laga nr. 39/1921, að erfðaréttur maka falli niður, ef hann kýs að krefjast skipta samkvæmt 45. gr. sömu laga. Þótt maki krefjist bóta samkvæmt 46. gr. laganna, þykir það ekki eiga að svipta hann erfðarétti, svo sem gert er ráð fyrir í 50. gr. nefndra laga.

Um V. kafla.

Ákvæði þessa kafla koma í stað ákvæða 13.—17. gr. erfðalaga nr. 42/1949. Í upphafi 17. gr. laganna er lagt bann við ráðstöfun á arfi, sem maður á í vændum, og er það fyrirmæli tekið upp óbreytt að efni í 27. gr. frv. Að öðru leyti fjalla ákvæði 13.—17. gr. laganna annars vegar um afdrátt arfs samkvæmt einhliða ákvörðun arfleifanda (13.—16. gr.) og hins vegar um erfðasamninga, sem að því lúta, að erfingi afsalar sér arftökurétti að nokkru leyti eða öllu í hendur þeim, sem hann á arf eftir að taka, hvort sem það er gert fyrir nokkuð eða ekkert (síðari hluti 17. gr.). Í fyrra tilvikinu er eingöngu um að ræða fyrirfram greiddan arf, en í síðara tilvikinu að öðrum þræði, þ. e. þegar erfingi afsalar sér arftökurétti „fyrir nokkuð“, því að þá ber að draga það verðmæti, sem hann hefur fengið, eða fjárhæð þess frá erfðahluta hans, þegar arfur fellur, enda hafi hann ekki afsalað sér öllu erfðatilkalli.

Fyrrgreindir gerningar, þar sem frádráttur arfs er reistur á einhliða ákvörðun arfleifanda, eru svo ótíðir hér á landi, að þeir menn, sem lengst hafa gegnt störfum skiptaráðenda, kannast tæplega við þá úr starfi sínu. Þar sem hér er um úrelta tilhögun að tefla, hafa ákvæði um slíka gerninga ekki verið tekin upp í frv. Síðargreindir gerningar, þar sem arfleifandi afhendir erfingja fé með þeim skilmálum frá öndverðu, að fé þetta skuli talið fyrirfram greiddur arfur, hafa hins vegar verið allmjög tíðkaðir, en um þá skortir ýtarlegar reglur í erfðalögin. Mun hafa verið talið, að um slíkan fyrirfram greiddan arf yrði að beita ákvæðum 13.—16. gr. erfðalaganna, eftir því sem við gæti átt. Í V. kafla frv. hefur verið úr þessu bætt og ákvæði sett um þessi efni. Eins og vænta má, svipar þeim ákvæðum um sumt til reglna, sem nú er að finna í 13.—16. gr. erfðalaganna.

Um 27. gr.

Eins og þegar hefur verið getið, er grein þessi sama efnis og upphaf 17. gr. erfðalaga nr. 42/1949, en orðalagi er nokkuð vikið við.

Um 28. gr.

Í 1. málslið 1. málsgr. er óbreytt efni úr 17. gr. gildandi erfðalaga. Í 2. málslið er einnig haldið við það ákvæði 17. gr., að erfingi, sem afsalar sér arfi að nokkru eða öllu, verði að vera fjárráða. Hins vegar er fellt niður ákvæðið „og fjár síns ráðandi“. Ekki þykir ástæða til að svipta menn hæfi til að gera erfðasamninga, þó að bú þeirra sé undir gjaldþrotaskiptum. Samkvæmt 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 getur arfleifandi með einhliða ákvörðun komið í veg fyrir, að arfur eftir hann renni í gjaldþrotabú erfingja, og mundi þá vitanlega sama gilda, þó að hann hefði ákveðið slíkt í samningi við þrotamann, eftir að gjaldþrotaskipti hófust. Þá er í 3. málslið 1. málsgr. nýtt ákvæði um það, að lögráðamaður ófjárráða manns getur með samþykki yfirlögráðanda veitt viðtöku fyrirfram greiddum arfi. Getur slík ráðstöfun verið hinum ófjárráða manni haganleg, og lítil ástæða til að ætla, eins og ákvæðum frv. um fyrirfram greiddan arf er háttað, að hún geti skaðað

hann. Hins vegar leiðir af ákvæði þessu, að lögráðendum er óheimilt að afsala arfsvon hins ófjárráða manns fyrir ekkert.

Ákvæði 2. málsgr. er í samræmi við síðara málslið 17. gr. erfðalaganna.

Um 29. gr.

Í gildandi erfðalögum er ekki ákvæði um það, hversu meta eigi fjárframlög, sem innt hafa verið upp í arf, er ákvarða skal búshluti maka og erfðahluti. Hefur það atriði oltið á fræðiskýringu hingað til. Í 29. gr. er kveðið á um, hversu haga eigi frádrætti fyrirfram greidds arfs af þessum sökum. Vera má, að arfleifandi hafi ráðstafað með erfðaskrá fé til erfingja þess, sem sæta á frádrætti, og á þá ekki að skerða fjárhlut erfingjans samkvæmt erfðaskránni, þótt lögerfðahlutur erfingjans dugi ekki til þess að beita frádrætti að fullu.

Um 30. gr.

Hér er mælt um sérstakan flokk samninga um fyrirfram greiddan arf. Getur verið brýn þörf á slíkri tilhögun, sem hér er lagt til, að verði lögfest.

Um 31. gr.

Hér er um fyrirfram greiddan arf tekin upp sams konar regla og nú er í 2. málslið 4. málsgr. 13. gr. erfðalaga nr. 42/1949. Af ákvæðinu leiðir, að hafi arfleifandi t. d. afhent erfingjanum A tiltekinn hlut árið 1939 og erfingjanum B sams konar hlut árið 1949, þá skal við arfskipti meta hlutina jafna til frádráttar, þó að kaupverð þeirra á þessum árum hafi ekki verið hið sama.

Um 32. gr.

Ákvæðið fjallar um sama efni og 1. málsgr. 14. gr. gildandi erfðalaga. Hér er sleppt lokaatriðinu í nefndri málsgr., þar sem það er óskýrt í ýmsum efnum og torvelt í framkvæmd.

Um 33. gr.

Hér er kveðið á um það, hvernig eigi að virða fjárframlög upp í arf, þegar ákvarða skal búshluta maka og erfðahluti erfingja. Er ákvæðið í samræmi við niðurstöður erfðaréttarfræðinnar, enda hafa erfðalaganefndir annarra Norðurlandaþjóða tekið sams konar ákvæði upp í frumvörp sín.

Um VI. kafla.

Þessi kafli fjallar almennt um erfðaskrár. Er hann hlutaður niður í nokkrar deildir. Nokkrum efnisatriðum er hér breytt frá gildandi lögum, sbr. t. d. reglur um arfleiðsluheimild (35. gr.), en nokkrum ákvæðum eða atriðum er aukið við, sbr. t. d. misneytingu í ógildisreglum, nokkrum reglum um hæfi arfleiðsluvotta og enn fremur reglum um vefengingu á erfðaskrám. Felld hafa verið niður ákvæði 21. gr. og 2. og 3. málsgr. 29. gr. erfðalaga. Nokkrar formbreytingar hafa verið gerðar, t. d. eru ákvæði um arfleiðsluvotta tekin upp með öðrum hætti en í erfðalögunum.

Um 34. gr.

Skilyrði fyrir arfleiðsluhæfi eru hér hin sömu og í 19. gr. erfðalaganna, að því viðbættu, að sá telst hafa arfleiðsluhæfi, sem gengið hefur í hjúskap, þó að hann hafi ekki náð 18 ára aldri.

Samkvæmt 21. gr. erfðalaganna þarf leyfi dómsmálaráðherra til þess að sá, sem settur er undir forráð annarra vegna eyðslusemi eða af öðrum orsökum, geti gert gilda erfðaskrá. Samsvarandi ákvæði er ekki tekið upp í frv., þar sem nægilegt þykir, að um þessa menn sé gætt fyrirmæla 2. málsgr. 34. gr. Þá er í sömu grein erfðalaganna yngri mönnum en 18 ára heimilað að gera erfðaskrá með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Áður en þau lög komu í gildi, var talið, að erfðaskrá yngri

manna en 18 ára væri gild, ef konungur staðfesti hana, sbr. 20. gr. erfðatilsk. 25. september 1850. Þessi ákvæði hafa verið óraunhæf, og þykir ekki ástæða til að hafa samsvarandi ákvæði í lögum. Eru því ákvæði 21. gr. erfðalaganna felld niður í heild.

Um 35. gr.

Samkvæmt 20. gr. erfðalaga nr. 42/1949 er arfleifanda heimilt að ráðstafa fjórðungi eigna sinna, þegar niðjar eru á lífi, en helmingi, ef maka nýtur, en ekki niðja. Ráðstöfunarheimild þessi er hvergi á Norðurlöndum jafn þröng sem hér á landi. Í Danmörku náði ráðstöfunarheimild til fjórðungs fjár, er niðja naut, samkvæmt erfðatilskipun frá 1845, en heimild þessi var rýmkuð upp í þriðjung fjárins með lögum frá 1857. Í Noregi var arfleiðsluheimild er svo stóð á, rýmkuð upp í þriðjung eigna með lögum 1937. Samkvæmt sænskum lögum um erfðaskrár frá 1930 tekur ráðstöfunarheimildin til helmings af eignum arfleifanda, og hið sama mun vera eftir finnskum lögum. Í hinum nýju erfðalagafrumvörpum Norðurlanda gætir fremur tilhneigingar til að rýmka heimildina en þrengja.

Í 35. gr. frv. þessa er lagt til, að skylduarfur niðja og maka sé hinn sami, þ. e. ⅔ af eignum arfleifanda. Er arfleiðsluheimildin þá rýmkuð, að því er til niðja tekur, en þrengd gagnvart maka, enda er með frv. þessu yfirleitt stefnt að því að gera hlut maka betri en nú er.

Um 36. gr.

Ákvæði 1. málsgr. löghelga fræðiskýringu. Meðal lagaákvæða, sem fela í sér undantekningu frá meginreglu 1. málsgr. eru ákvæðin um erfð að höfundarréttindum í lögum nr. 13/1905, fyrirmælin um erfð að óðalsrétti og rétti til erfðaábúðar, sbr. lög nr. 116/1943, svo og ákvæðin um kvaðaarf í erfðalögum.

Í 2. málsgr. er rýmkað um ráðstöfunarheimild arfleifanda frá því, sem nú er, að því er ætla verður. Talið er nú, að hæpið sé a. m. k., að arfleifandi geti ráðstafað einstökum munum til skylduerfingja nema innan fjórðungsheimildar sinnar. Oft getur verið heppilegt fyrir arfleifanda og erfingja hans, að arfleifandi mæli fyrir um það, hvernig fara skuli um einstaka muni hans, fyrirtæki o. fl. Vera má t. d., að arfleifandi eigi jörð og auk þess verzlun. Hann á tvo sonu, annar þeirra er hneigður fyrir búskap, en hinn fyrir verzlun. Er þá arfleifanda heimilt samkvæmt 2. málsgr. að kveða svo á, að A hljóti verzlunina, en B jörðina, en þetta fær þó eigi staðizt, ef mikill verðmunur er á þessum tveimur eignum, eftir því sem nánar segir í ákvæðinu.

Um 37. gr.

Þó að svo sé til orða tekið í þessari grein og þeim næstu, að erfðaskrá sé ógild, þegar svo stendur á, sem þar segir, þá ber að skilja það með þeirri takmörkun, að vefenging, sbr. 45. gr. frv., verður að jafnaði að koma til, eins og nánar segir í umsögn um 45. gr.

Í 1. málsgr. ræðir um sama efni og í 22. gr. erfðalaganna 1949, en hér er bætt við misneytingu, sem ógetið er í 22. gr.

Í 2. málsgr., sem svipar til 22. gr. erfðalaga öðrum þræði, er lagt til, að lögfest sé fræðiskýring á því efni, sem þar er rætt.

Um 38. gr.

Hér er einnig tekið upp efni úr 22. gr. erfðalaga nr. 42/1949.

Um 39. gr.

Sama efnis og 23. gr. erfðalaga 1949. Hér er þó áskilið, að eðlileg og skynsamleg ástæða sé til fyrirmælis. Að jafnaði er ákvæði um spillingu verðmæta óskynsamlegt, en það getur hins vegar verið eðlilegt eða skiljanlegt, miðað við alla hagi og viðhorf arfleifanda.

Um 40. gr.

Sama efnis og 24. gr. erfðalaga 1949. Upphafi 2. málsgr. 24. gr. er þó sleppt, þar sem ákvæði er í 7. gr. laga nr. 31/1941 um það atriði, sem þar greinir.

Um 41. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. fjalla um sama efni og 27. gr. erfðalaga 1949.

Um almennt votthæfi segir svo í erfðalögunum, að vottar skuli vera 21 árs, en fyrir gildistöku þeirra laga var miðað hér við almennt staðfestingarhæfi, þ. e. að vottar væru 15 ára. Í norrænum erfðalögum og erfðalagafrumvörpum er þess ekki krafizt, að arfleiðsluvottar séu eldri en 18 ára, og í sænskum og finnskum lögum hefur verið miðað við 15 ár. Er lagt til hér, að vottar skuli vera 18 ára hið yngsta, enda er þörf á, að þeir séu skilríkir og hafi öðlazt nokkra lífsreynslu. Er ástæða til að vera eftirgangssamur um votthæfi, þar sem 2. málsgr. 46. gr. frv. gerir ráð fyrir, að frásögn í vottorði um nokkur atriði hafi mikið sönnunargildi.

Skyldleiki eða venzl arfleiðsluvotta við arfleifanda valda ekki vanhæfi eftir gildandi erfðalögum. Í sænskum og finnskum erfðalögum eru þeir aðiljar, sem eru náskyldir arfleifanda eða návenzlaðir taldir óhæfir arfleiðsluvottar. Hér er lagt til, að sams konar fyrirmæli séu sett í erfðalögin, enda er að jafnaði völ á óskyldum og óvenzluðum arfleiðsluvottum.

Í 2. málsgr. ræðir um vanhæfi votta vegna skyldleika eða venzla við væntanlega bréfarfingja. Er málsgrein þessi sama meginefnis og 27. gr. gildandi erfðalaga, en því þó bætt við, að sifjatengsl, reist á ættleiðingu, valdi vanhæfi. Tekið er sérstaklega fram, að maður geti verið votthæfur, þótt honum sé falið í erfðaskrá að standa fyrir skiptum.

Ákvæði 3. málsgr. eru nýmæli. Er með því tekinn af vafi, sem ella gæti verið á því, hvaða reglur skuli gilda um hæfi notarii publici og notarialvotta.

Um 42 gr.

Hún er sama meginefnis og 25. og 26. gr. erfðalaga nr. 42/1949.

Um 43. gr.

Í erfðalögum 1949 er ekki vikið berlega að því, hvers efnis vottorð notarii publici skuli vera. Þykir rétt að kveða sérstaklega á um það, sbr. 1. málsgr.

Í 2. málsgr. er nýmæli. Það tíðkast mjög að kveða svo á í erfðaskrá, sem ráðgert er að staðfesta fyrir notario publico, að endurrit úr notarialbók hafi sama gildi sem frumrit erfðaskrár. Skipta þessir hættir miklu máli, einkum í sambandi við mat á því, hvort erfðaskrá sé tekin aftur. Þar sem slík ákvæði eru í öllum þorra þeirra erfðaskráa, sem staðfestar eru fyrir notario — og það stafar venjulega af vangá, ef þess er ekki getið — þykir heppilegra að lögfesta, að endurrit úr notarialbók hafi sama gildi og frumrit erfðaskrár.

Hér á landi skortir nú að mestu reglur um störf notarii publici, og er lagt til í 3. málsgr., að dómsmálaráðuneytið bæti úr þessum skorti með reglugerð.

Um 44. gr.

Hún er sama efnis og 28 gr. erfðalaga. Hér er því bætt inn í, að staðfesta megi erfðaskrá fyrir notario publico, þegar svo hagar til, sem í greininni segir.

Um 45. gr.

Hvort sem erfðaskrá fullnægir formskilyrðum eða ekki, getur skortur á arfleiðsluhæfi arfleifanda eða ágallar á viljayfirlýsingu hans valdið því, að erfðaskráin

verði metin ógild samkvæmt 1. málsgr. Í þeirri málsgrein felst tvennt: Fyrst það, að erfðaskrá verður ekki ógild fyrir það eitt, að hún sé haldin þeim annmörkum, sem um ræðir í 34. gr. eða 37. og 38. gr. Þótt arfleifanda bresti hæfi til að gera erfðaskrá eða hann hafi verið beittur óhæfilegri aðferð, svo sem greinir í 37. eða 38. gr., til þess að gera erfðaskrá, þá er erfðaskráin því aðeins metin ógild, að réttur aðili rengi hana. Ef erfingjar viðurkenna gildi erfðaskrár, þrátt fyrir greinda ágalla, verður hún lögð til grundvallar arfskiptum, og er raunar nægilegt, að þeir láti undir höfuð leggjast að bera fram brýn andmæli gegn henni, því að sagnorðið „rengja“ í þessu sambandi felur það í sér, að þörf er á því, að erfingjar hefjist beint handa um að bera fram andmæli. Í öðru lagi felst það í 1. málsgr., að ógilda ber erfðaskrá, ef hún er vefengd, enda komi fram sönnun um, að á henni séu þeir ágallar, sem 1. málsgr. drepur á, og gegnir einu, með hverjum hætti sú sönnun kemur fram. Ef bréferfingi getur lagt fram eða vísað til formgildrar erfðaskrár, mundi sönnunarbyrðin fyrir því, að hún sé haldin umræddum annmörkum, hvíla á þeim, sem heldur því fram.

Í 2. málsgr. ræðir um áhrif þess, er erfðaskrá fullnægir ekki formskilyrðum. Þar er kveðið á um, hversu sönnunarbyrði sé háttað, ef erfingjar rengja erfðaskrá, sem ekki er formgild. Enn fremur sker sú málsgr. úr um það, á hvaða sönnunargögnum verði byggt og hvenær bréferfingja sé fyrirmunað að koma fram með sönnun til varnar erfðaskránni. Aðstaðan verður mismunandi eftir því, hver formgallinn er á erfðaskránni. Þegar annað tveggja er, að erfðaskrá er ekki undirrituð af arfleifanda eða hún ber ekki á sér neins konar áritun votta eða notarii publici — ekki einu sinni einfalda nafnritun þessara aðilja — þá er bréferfingja ekki unnt að verjast rengingu. Formgallinn einn nægir til þess, að slík „erfðaskrá“ yrði ekki metin gild. Séu hins vegar formgallar erfðaskrár veigaminni, þá verður sá, er vill rengja hana, að bera fyrir sig einhverja þá ágalla, sem greinir í 34. eða 37.—38. gr. Hefur þá sá, sem byggja vill rétt á erfðaskránni, sönnunarbyrði fyrir því, að þessir ágallar séu ekki á eða geti a. m. k. ekki ráðið ógildi erfðaskrárinnar. Er honum þá unnt að hrinda staðhæfingu þess, er rengir, „með vættisburði arfleiðsluvotta eða með öðrum sönnunargögnum“. Hér er það ekki lögbundið, hverra sönnunargagna sé völ, og er það staðfesting á ákvæðum erfðalaga 1949, en þessu var öðruvísi háttað samkvæmt erfðatilskipun 1850, eins og kunnugt er. Þegar meta skal sönnunargildi arfleiðsluvottorðs, ber m. a. að hafa í huga ákvæði 2. málsgr. 46. gr. um sönnunargildi slíks vottorðs.

Í 45. gr. er ekki rætt um öll þau ógildisatvik, sem til greina geta komið við erfðaskrár. Þar er t. d. ekki getið um fölsun og ekki um slíka freklega nauðung, er jafngildi því, að yfirlýsingargjafi sé algerlega á valdi þess, er nauðung beitir. Enn fremur er hér ekki vikið að efnisannmörkum, svo sem þeim, að erfðaskrá sé andstæð lögum og siðgæði eða erfðaskrá fjalli um eyðingu verðmæta (39. gr.). Ef sannað er, að þessi ógildisatvik séu á erfðaskrá, ráða þau yfirleitt ógildi hennar, þótt hún sé ekki rengd. Áhrif þeirra á gildi erfðaskrár stendur ekki í tengslum við reglur um form á erfðaskrám.

Um 46. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er að vísu aðeins áréttíng á 158. gr. laga nr. 85/1936, en heppilegt þykir að minna á hana hér.

Ákvæði 2. málsgr. svara til 3. málsgr. 25. gr. erfðalaga 1949, en er þó víðtækari að efni til. Ef arfleiðsluvottorð greinir berlega, að arfleifandi hafi verið heill heilsu andlega, er hann reit undir erfðaskrá, en lögerfingjar bera brigður á arfleiðsluhæfi, er vottorðið samkvæmt 2. málsgr. talið rétt, unz annað sannast, t. d. með skýrslum sérfræðinga í læknisfræði, skilríkra vitna o. fl. Sönnunargildi arfleiðsluvottorðs er óháð því, hvort arfleiðsluvottar staðfesta vottorð sitt fyrir dómi eða ekki.

Um 47. gr.

Ákvæði um efni það, sem þessi grein fjallar um, skortir í gildandi erfðalög. Þeirra er þó brýn þörf, þar sem skiptagrundvöllur yrði næsta ótraustur, ef því væri engin takmörk sett, hversu lengi mætti bera fram andmæli gegn gildi erfðaskrár.

Um 48. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er sama efnis og upphaf 32. gr. erfðalaga 1949.

Í 2. málsgr. er sama efni og í 2. málsgr. 32. gr. erfðalaganna. Þó er því bætt við hér, að tilkynna skuli afturköllun, ef erfðaskrá er sameiginleg. Þykir hið sama eiga við um slíka erfðaskrá sem um gagnkvæma erfðaskrá. Samkvæmt framansögðu er ekki áskilið, að gæta skuli formreglna við afturköllun á erfðaskrám. Hníga að vísu ýmis rök til slíks áskilnaðar, enda er afturköllun formbundinn löggerningur víða um lönd. Hér er þó ekki gerð tillaga um breytingu á þessu, enda virðist hafa verið vandkvæðalítið að framkvæma núgildandi reglur. Stundum er torvelt að greina á milli breytinga á erfðaskrá og þess, að nokkrir þættir hennar séu teknir aftur. Verður það verkefni erfðaréttarfræðinnar að draga þar mörk á milli.

Um 49. gr.

Arfleiðandi getur tekizt á hendur slíkar skuldbindingar, sem um ræðir í greininni, eftir gildandi lögum, að nokkru með stoð í 32. gr. erfðalaga 1949. Þykir réttara að hafa brýnt ákvæði um þetta í erfðalögum. Nokkur vafi hefur þótt leika á því, hvort ófjárráða erfingi geti skuldbundið sig með þessum hætti. Eru tekin af tvímæli um það í lok greinarinnar.

Um 50. gr.

Hér er mælt um það, hvenær unnt sé að binda arf skylduerfingja kvöðum, hverjar kvaðir verði felldar á að efni til og hversu þeim verði létt. Ákvæði þetta er að meginefni í samræmi við 2. og 3. málsgr. 30. gr. erfðalaga 1949.

Forsenda fyrir því, að arfur verði bundinn kvöðum, er sú, að sérstök hætta sé á því, að erfingi muni fara ráðleysislega með erfðahlut sinn. Verður arfleifandi að meta þetta atriði í fyrstu, en það á undir yfirmat dómsmálaráðuneytis. Kvaðir þær, sem á verða felldar, eru þessar: 1. Mæla má svo fyrir, að erfðahlutur hlíti reglum um fé ófjárráða. Hverfur féð þá til skiptaráðanda til varðveizlu, og má þá svo fara, að þörf sé á að skipa erfingja lögráðamann ad hoc. Ráðstafanir erfingja um fé þetta eru ógildar, þótt viðsemjandi sé grandlaus, með sama hætti og að sama marki og ráðstafanir ófjárráða manns um verðmæti, sem hann brestur hæfi efnislega til þess að ráðstafa, sbr. og 2. málsgr. 51. gr. 2. Þá má kveða svo á, að höfuðstóll sé bundinn, en greiða megi með vissu millibili tiltekna fjárhæð. 3. Loks má setja það ákvæði í erfðaskrá, að óheimilt sé að ráðstafa eign eða leita fullnustu í henni, nema með tilteknum hætti. T. d. er heimilt að setja það ákvæði, að óheimilt sé að nýta eign með ákveðnum hætti eða óheimilt sé t. d. að veðsetja eign eða skuldfesta að öðru leyti. Þá er unnt að stemma stigu við því, að eign geti verið andlag skuldheimtu. Þau úrræði, sem nú voru rakin, eru ekki tæmandi, sbr. orðalagið „svo sem“ í 1. málsgr. 50. gr.

Fyrirmæli arfleifanda um kvaðir munu þurfa þinglýsingar og opinberrar birtingar að öðru leyti, að því er sumar eignir varðar, með hliðstæðum hætti og úrskurðir um sviptingu lögræðis.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. um það, hversu kvöðum verði breytt eða þeim létt, eru sama efnis og 2. og 3. málsgr. 30. gr. erfðalaga hafa að geyma.

Um 51. gr.

Hér á landi er ekki nein stofnun, sem tekur sérstaklega að sér varðveizlu á kvaðaarfi, svo sem er sums staðar erlendis. Verður þá þrautaráðið að varðveita kvaðaarf sem fé ólögráða manna, og er mælt um þetta í 1. málsgr.

Í 2. og 3. málsgr. er rætt um ráðstafanir erfingja á kvaðaarfi og kosti skuldheimtumanna hans til þess að leita fullnustu í slíkum eignum. Eru þau ákvæði sama efnis og 31. gr. erfðalaga.

Um 52. gr.

Um þetta efni skortir reglur í gildandi erfðalög, en heppilegra þykir að kveða sérstaklega á um þetta hér.

Um 53. gr.

Grein þessi er í samræmi við 1. málsgr. 29. gr. erfðalaga 1949 og viðurkenndar fræðiskýringar.

Um 54. gr.

Þessi grein er að efni til í samræmi við 1. málsgr. 32. gr. erfðalaga 1949.

Um 55. gr.

Með lögum nr. 12/1952 var 33. gr. erfðalaga 1949 breytt svo, að arfur sá, sem bar undir ríkið samkvæmt því ákvæði, skyldi nú hverfa í erfðafjársjóð, og erfðafjárskattur skyldi einnig renna til þess sjóðs. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Tryggingarstofnunar ríkisins. Félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum. Fé sjóðsins skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni, svo og elliheimilum, sbr. lög nr. 25/1960.

Í 55. gr. er gert ráð fyrir, að sú tilhögun, sem lögfest var með lögum nr. 12/1952 haldist að mestu. Hér er þó lagt til, að dómsmálaráðherra geti vefengt erfðaskrá fyrir hönd sjóðsins eða fallizt á vefengjanlega erfðaskrá. Þá getur hann einnig hafnað arfi til hagsbóta fyrir ættmenni arfleifanda, ef sérstaklega stendur á. Eru þetta allt nýmæli. Rökin fyrir því að fela dómsmálaráðherra það vald, sem hér var vikið að, eru þau, að erfðamál almennt lúta þeim ráðherra, og er eðlilega meiri sérþekkingar völ á erfðamálum í því ráðuneyti en öðrum.

Þar sem erfðafjársjóðir starfa erlendis, mun vera fátítt, að þeim sé markað eins þröngt verksvið sem hér á landi. Var á þetta bent í umsögn laga- og hagfræðideildar Háskólans, er frumvarp það, sem fjallaði um stofnun erfðafjársjóðs, var til meðferðar á Alþingi. Í Svíþjóð, þar sem erfðafjársjóður á sér alllanga sögu, er honum ætlað að styrkja menningar- og mannúðarmálefni ýmiss konar. Tekjur erfðafjársjóðs hafa verið milli 700.000 og 800.000 krónur árlega frá stofnun hans. Kæmi vissulega til greina að ætla þessum sjóði rýmra verkefni, er fram líða stundir. M. a. er eðlilegt, að fé úr þessum sjóði rynni til vísindastarfsemi í landinu.

Um 56. gr.

Sýslunefnd skal halda a. m. k. einn fund á ári, samkv. nánari ákvörðun oddvita, þó eigi síðar en 25. júlí, sbr. 59. gr.

Oddviti getur boðað til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna krefst þess.

Oddviti ákveður fundarstað, hafi nefndin ekki sjálf gert það.

99. gr.

Oddviti stjórnar sýslufundum, og gilda ákvæði 26. og 27. gr. laga þessara um sýslufundi, eftir því sem við á.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða nefnd, til að leysa þau af hendi eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda.

Um kosningar á sýslufundum fer samkvæmt ákvæðum 37. gr., eftir því sem við á.

100. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

101. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir yfirstandandi ár. Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og nettó-tekna samkv. skattskrá, allt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur í hlut hvers hrepps að greiða, skal greitt sýslumanni úr sveitarsjóði á næsta manntalsþingi.

102. gr.

Oddviti sýslunefndar er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga og annast öll bréfaviðskipti á vegum hennar. Hann geymir innstæðufé sýslunnar og skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins.

Oddvita ber að sjá um, að öll störf, sem sýslunefnd á að annast, sbr. 92. gr., séu tilhlýðilega unnin.

103. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sé fyrir því í lögum eða það sé ákveðið af sýslunefndinni.

Allur kostnaður við sýslufundarhald og stjórn sýslumála, þar með talin þóknun til sýslunefndarmanna fyrir fundarsetu, sem skal vera 300 krónur á dag til hvers, auk ferðakostnaðar, greiðist úr sýslusjóði.

104. gr.

Sýslunefnd kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum hópi til þess að endurskoða ársreikninga sýslusjóðs, sýsluvegasjóðs og annarra þeirra sjóða, sem vera kunna í vörzlum sýslunefndar eða oddvita hennar.

Um endurskoðun þessa gilda ákvæði 56. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

105. gr.

Oddviti skal hafa samið reikning um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir næstliðið ár svo og efnahagsreikning sjóðsins miðað við 31. des. svo tímanlega, að endurskoðun ársreikninganna, sbr. 104. gr., sé lokið fyrir aðalfund sýslunefndar, en á þeim fundi skal sýslunefnd úrskurða reikninginn.

Sama gildir um reikninga sýsluvegasjóðs og annarra þeirra sjóða, sem sýslunefnd hefur umsjón með.

Reikningar sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs, ásamt fylgiskjölum og úrskurðum, skulu að loknum aðalfundi sýslunefndar sendir félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

106. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum hópi til þess að endurskoða ársreikninga hreppanna og fyrirtækja rekinna á þeirra vegum, sbr. 58. gr. 2. mgr., og gilda ákvæði 56. gr. laga þessara um þá endurskoðun.

Endurskoðandi skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar, og ber honum að senda svör sín til endurskoðandans svo tímanlega, að þau geti legið fyrir aðalfundi sýslunefndar, þegar reikningurinn verður úrskurðaður.

Oddviti sýslunefndar annast skil til Hagstofu Íslands, svo sem nánar er mælt fyrir í 59. gr.

107. gr.

Nú hefur sýslunefnd samþykkt reglugerð um einhver þau málefni, sem hún hefur heimild til að setja reglugerð um samkvæmt lögum, og skal þá senda ráðherra reglugerðina til staðfestingar.

Slíkar reglugerðir öðlast gildi, þegar ráðherra hefur staðfest þær og þær hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

108. gr.

Strax að loknum aðalfundi sýslunefndar skal fundargerð, ásamt ársreikningum sýslusjóðs, sýsluvegasjóðs og annarra sjóða í umsjá sýslunnar, gefin út á prenti eða í fjölritun, sem síðan skal senda oddvitum hreppanna svo fljótt sem kostur er í hæfilega mörgum eintökum fyrir íbúa hreppanna. Einnig ber að senda sýslufundargerðina til félagsmálaráðuneytisins.

109. gr.

Þyki oddvita ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefur vald til, eða sé að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera ráðstöfun, sem sýslufélagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda ráðherra tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eftirrit af skýrslunni. Ráðherra sker úr ágreiningnum.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði o. fl.

110. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, 1.—8. gr., 17. gr., 30.—36. gr.

Lög nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Lög nr. 69 27. júní 1921, um hreppskilaþing.

Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.

Lög nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra.

Tilskipun, 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Lög nr. 83/1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað.

Lög nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 2.—31. gr.

Lög nr. 61 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 3.—29. gr.

Lög nr. 33 14. júní 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2.—21. gr.

Lög nr. 26 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 3.—33. gr.

Lög nr. 58 28. nóvember 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2.—34. gr.

Lög nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, 5.—22. gr.

Lög nr. 45 27. júní 1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 5.—23. gr.

Lög nr. 60 31. október 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 5.—22. gr.

Lög nr. 57 24. maí 1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 4.—21. gr.

Lög nr. 17 22. marz 1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 5.—22. gr.

Lög nr. 109 30. desember 1949, um bæjarstjórn í Húsavík, 4.—21. gr.

Lög nr. 30 11. maí 1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 4.—22. gr.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar flutti á síðasta Alþingi frumvarp til sveitarstjórnarlaga á þskj. 520 að beiðni félagsmálaráðherra. Var það samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 20. maí 1958. Í nefndinni áttu sæti Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Bjarni Þórðarson, bæjarstjóri, Neskaupstað, Björn Björnsson, sýslumaður, Hvolsvelli, Jón Guðjónsson bæjarstjóri, Ísafirði, og Tómas Jónsson borgarlögmaður, Reykjavík. Frumvarpi þessu fylgdi ýtarleg greinargerð.

Þar sem frumvarp þetta kom fram síðla þings, varð það ekki útrætt. Nefndin sendi frv. til umsagnar öllum sveitarstjórnum landsins og sýslunefndum. Allmargar umsagnir bárust. Nefndin hefur nú farið yfir þessar umsagnir svo og frumvarpið í heild og gert á því fáeinar breytingar í samráði við formann nefndar þeirrar, er frv. samdi. Er það því nú borið fram í dálítið breyttri mynd. Verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu. Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. á síðasta Alþingi.

Nd. 300. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um fjáröflun til lækkunar á byggingarkostnaði.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum og sent það allmörgum aðilum til umsagnar. Svör hafa borizt frá þeim öllum, og leggja eftirtaldir aðilar til, að frumvarpið verði samþykkt með smávægilegum breytingum: Verkfræðingafélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans og rannsóknaráð ríkisins. Hins vegar telja Iðnaðarmálastofnun Íslands og Húsnæðismálastofnun ríkisins ekki tímabært að samþykkja frumvarpið, þar sem mál þetta sé nú í athugun hjá atvinnumálanefnd ríkisins og rétt sé að bíða tillagna frá þeirri nefnd. Í öllum framangreindum umsögnum kemur vel fram, að mjög nauðsynlegt er talið að veita meira fé til rannsókna og tilraunastarfsemi í byggingariðnaði og eðlilegt sé, að einn aðili fari með yfirstjórn þessara mála, þ. e. a. s. iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans.

Í greinargerð með frumvarpi þessu er sýnt fram á, hversu byggingarkostnaður er hér óeðlilega hár miðað við það, sem tíðkast í öðrum löndum. Sérfróðir menn telja, að með skipulögðum rannsóknum og tilraunum í byggingariðnaði og kynningarstarfsemi á niðurstöðum slíkra rannsókna megi stórlækka byggingarkostnaðinn, allt að 20%, að því er sumir þeirra telja.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði til slíkrar rannsóknarstarfsemi 1% álag á fé það, sem lánað er af hálfu hins opinbera til húsabygginga árlega. Ekki verður talið óeðlilegt, að fé þetta sé greitt úr ríkissjóði, ef tekið er tillit til þess, að vegna skatta og tolla ríkisins af byggingarefni og byggingarvinnu hækkar byggingarkostnaður um 20—25%.

Samkv. þessu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 27. jan. 1961.

Jón Skaftason, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 301. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um lántökuheimild og ráðstöfun lánsfjár til hafnarframkvæmda.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. BF, MÁM og PS leggja til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, GíslG leggur til, að frv. verði samþykkt með breytingu, og LJós var fjarstaddur, er frv. var afgreitt.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að af láni því, sem ríkisstjórninni var heimilað að taka samkv. LVIII. tölul. 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959, skuli endurlána 30 milljónir króna til hafnarframkvæmda, auk þeirra 28 millj. kr., sem þegar hefur verið úthlutað milli einstakra hafna.

Í annan stað á að heimila ríkisstjórninni að taka erlent lán að upphæð 2 millj. dollara, og skal það fé einnig endurlánað til hafnarframkvæmda.

Fram kemur í greinargerð, að flutningsmenn frumvarpsins vilja með þessum tillögum bæta nokkuð úr mjög brýnni þörf fyrir lánsfé til hafnargerða víðs vegar á landinu, en stilla þó till. sínum mjög í hóf, eins og fram er tekið í niðurlagi greinargerðar, er frumvarpinu fylgir.

Þessi tilgangur flm. er í sjálfu sér lofsverður vegna aðkallandi þarfa fyrir

hafnarbætur, en sú þörf hefur verið fyrir hendi um margra ára skeið, einnig meðan flokkur flm., Framsóknarflokkurinn, hafði mest með erlendar lántökur að gera. Þá voru aðrar framkvæmdir látnar sitja í fyrirrúmi, þegar skipt var erlendu lánsfé, og hafnargerðirnar hafðar svo neðarlega á blaði, að röðin kom aldrei að þeim í valdatíð Framsóknarflokksins.

Það er fyrst árið 1959, sem ákveðið er að verja verulegri fúlgu af erlendu lánsfé til hafnarframkvæmda, eða 28 millj. kr., eins og réttilega er getið um í frumvarpinu.

Þá fyrst vaknaði áhugi framsóknarmanna fyrir þessu máli, og samkvæmt alkunnri reglu um yfirboð stjórnarandstæðinga lögðu þeir til, að upphæðin yrði hærri, eða 50 millj. í stað 28 milljóna.

Frumvarpi því, sem framsóknarmenn flytja nú, er ætlað að vera framhald á yfirboðstillögum þeirra frá 1959, og láta þeir þess arna raunar sjálfir getið í greinargerð með frumvarpinu. Í stað 22 millj. kr. hækkunar 1959 er nú talað um 30 millj.

Og þá er komið að aðalatriðinu í sambandi við tillögu flm. frumvarpsins. Eru þessar 30 millj. af umræddu lánsfé enn þá til ráðstöfunar? Þetta mikilsverða atriði virðast flm. ekki hafa kynnt sér, áður en þeir bjuggu til tillöguna, en fyrir fáum dögum var þetta upplýst á Alþingi.

Það rétta er, að lánsfénu hefur öllu verið ráðstafað, og vakir væntanlega ekki fyrir flutningsmönnum frv. að kippa því til baka af þeim, sem fengu, en það voru:

	Samkv. fjárlögum 1959:	Samkv. ákv. ríkisstj.:
Hafnargerðir	28 millj. kr.	
Ræktunarsjóður	25 — —	
Rafvæðingin	45 — —	52 millj. kr.
Fiskveiðasjóður		40 — —
Sementsverksmiðjan		10 — —
	98 millj. kr.	102 millj. kr.

Er því um tómt mál að tala að leggja til, að varið skuli 30 millj. kr. til viðbótar af þessu fé til hafnarframkvæmda.

Fyrra höfuðatriðið í umræddu frv. fellur þannig um sjálft sig.

Hins vegar má í þessu sambandi geta þess, að núverandi ríkisstjórn hefur þegar ráðstafað 15 millj. kr. af öðru fé sem lánum til hafnargerða.

Frumvarpið er að öðru leyti langt frá því að vera nægilega vel undirbúið til þess, að hægt sé samkvæmt því að ráða bót á lánsfjárskorti til hafnarframkvæmda, en á vegum ríkisstjórnarinnar er nú unnið að slíkum undirbúningi. Er hér átt við endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð og samningu 10 ára áætlunar um hafnarframkvæmdir samkv. ályktun Alþingis 26. marz 1958 og tilraunir ríkisstjórnarinnar til þess að fá erlend lán til hafnarframkvæmda, sem forsætisráðherra skýrði nýlega frá á Alþingi.

Virðist eðlilegt að ljúka þessum undirbúningi, áður en gengið er til lagasetningar eins og þeirrar, sem frv. gerir ráð fyrir, og með hliðsjón af því leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að hraðað verði endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð og samningu 10 ára áætlunar um hafnarframkvæmdir, og í trausti þess, að bráðlega fáist úr því skorið, hver árangur verður af tilraunum ríkisstjórnarinnar til útvegunar lánsfjár til hafnarframkvæmda, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. jan. 1961.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Matthías Á. Mathiesen, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.

Nd. **302. Nefndarálit** [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og til Landssambands ísl. útvegsmanna. Mæla þessir aðilar báðir með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Nefndarmennirnir BF, MÁM, PS og LJós mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en GíslG hefur lýst sig andvígan frumvarpinu óbreyttu og mun skila séráliti. LJós skrifar þó undir nefndarálit þetta með fyrirvara.

Samkvæmt 1. gr. frv., ef að lögum verður, hækkar ábyrgð ríkissjóðs á lánum fiskveiðasjóðs úr 50 millj. kr. í 150 millj. kr., og samkvæmt 2. gr. frv. er fiskveiðasjóði heimilað að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu ísl. krónu á lánstímanum, þegar sjóðurinn endurlánar erlent lánsfé.

Sjóðsstjórnin gerir grein fyrir þessum tveim meginatriðum frumvarpsins í umsögn sinni um málið með svofelldum orðum:

„Skuldir sjóðsins í erlendri mynt, tryggðar með ríkisábyrgð, nema nú um 64.5 milljónum króna með núverandi gengi og eru þannig þegar komnar yfir hið lögleyfða hámark.

Af þeim ástæðum svo og vegna þess, að fyrirhugaðar eru nú erlendar lántökur með milligöngu Framkvæmdabankans og fyrir þeim sett það skilyrði, að fé verði endurlánað með gengistryggingu, mælir stjórn sjóðsins með því, að framangreint frumvarp verði samþykkt, enda á sjóðurinn ekki kost á öðrum lánum, eins og sakir standa. Líklegt er einnig, að sjóðurinn verði í framtíðinni að starfa að verulegu leyti með erlendu lánsfé. Sjóðurinn hefur þegar orðið að taka á sig 28 milljóna króna tap vegna gengisbreytinga. Telur stjóðsstjórnin óhjákvæmilegt, að hún hafi í lögum möguleika á því að forða sjóðnum frá slíkum áföllum í framtíðinni, eigi hann að geta gegnt því hlutverki, sem honum er ætlað.

Hvað snertir fyrirkomulag gengisáhættuákvæðis í veðskuldabréfum fyrir lánum, er að sjálfsögðu um framkvæmdaatriði að ræða, sem fer eftir aðstöðu sjóðsins á hverjum tíma, t. d. möguleikum hans til innlendrar lántöku og möguleikum til fjáröflunar á annan hátt og öðrum sambærilegum ástæðum.“

Í bréfi L. Í. Ú. segir svo:

„Á stjórnarfundi 21. þ. m. var samþykkt að mæla með frumvarpinu, þar sem telja verður víst, að slík breyting, sem frumvarpið boðar, muni gera fiskveiðasjóð betur færan til að gegna sínu mikilvæga hlutverki í framtíðinni.“

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar fellst á þessi sjónarmið stjórna Fiskveiðasjóðs Íslands og L. Í. Ú. og telur mikilsvert, að fjárhagur sjóðsins sé traustur. Efling sjóðsins er undirstaða þess, að áframhald verði á uppbyggingu íslenzka fiskiskipaflotans og fiskiðnaðarins. Þess vegna má það ekki ske, að höfuðstóll hans sé skertur vegna gengisáhættu og vaxtataps frekar en orðið er.

Nefndarmönnum hefur verið tjáð, að gengisáhættuákvæði verði ekki sett í skuldabréf sjóðsins umfram það, sem svarar til þess erlenda lánsfjár, er sjóðurinn starfar með á hverjum tíma, og með þeirri takmörkun, að því er þetta varðar, mæla undirritaðir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 27. jan. 1961.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Matthías Á. Mathiesen, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	

Ed. 303. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. á 3 fundum, leitað álits og umsagnar Pálma Einarssonar landnámsstjóra og fulltrúans í jarðeignaskrifstofu ríkisins, Sveinbjarnar Dagfinnssonar. Mæla þeir báðir með, að það verði samþykkt.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ein málsgrein, svo hljóðandi:
Ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að landinu, verði það aftur selt.

Einn nefndarmanna, Jón Þorsteinsson, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. jan. 1961.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. | Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason.

Páll Þorsteinsson.

Nd. 304. Frumvarp til laga [131. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Stokkseyri I—III og eignarhluta sinn í eftirtöldum hjáleigum og grasbýlum: Kaðlastöðum, Grímsfjósum, Ranakoti, Eystri-Móhúsum, Starkaðarhúsum, Símonarhúsi, Roðgúl, Gerði, Vestra-Íragerði, Eystra-Íragerði, Hellukoti, Vestri-Rauðárhóli, Eystri-Rauðárhóli, Nirði og Hóli.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu oddamann. Þó skal Stokkseyrarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Stokkseyrarhreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Stokkseyrarhreppi var gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefndinni að selja öðrum land eða lóðir úr jörðum þessum.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 305. Breytingartillaga [153. mál]

við till. til þál. um vaxtakjör atvinnuveganna.

Frá Ólafi Björnssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga, hvaða ráðstafanir geti komið til greina umfram þær, sem þegar hafa verið gerðar, til þess að auka sparifjármyndun í landinu, þannig að fjármagnsskortur þurfi eigi að hamla eðlilegri þróun atvinnuveganna og landsmenn þurfi eigi að verða jafnháðir notkun erlends lánsfjár og nú eru þeir.

Nd. 306. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um lántökuheimild og ráðstöfun lánsfjár til hafnarframkvæmda.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Síðan frv. var flutt í byrjun þessa þings, hafa þau tíðindi gerzt nú nýlega, að ríkisstjórnin hefur tilkynnt Alþingi, að hún hafi ráðstafað eftirstöðvunum af 6 millj. dollara láninu, sem undirbúið var af vinstri stjórninni m. a. með tilliti til hafnargerða og tekið samkv. heimild í LVIII. tölul. 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959. Sá möguleiki er því ekki lengur fyrir hendi, að hægt sé að fá 30 millj. viðbótarfé til hafnarframkvæmda af þessu láni, eins og gert var ráð fyrir í 1. gr. frv. Minni hl. leggur því til, að sú grein falli niður, en að jafnframt verði ákveðið að verja til hafnargerðarlána 30 millj. kr. af því fé, sem aflað hefur verið í sambandi við óafturkræft framlag og vörukaupalántöku erlendis.

Minni hlutinn telur alveg óhjákvæmilegt að gera tilraun til að fá erlent fé til hafnargerða þegar á þessu ári og síðan á allra næstu árum, og þyrfti að vera hægt að úthluta lánum af slíku fé snemma á næsta vori. Ekki er ástæða til að bíða eftir 10 ára áætluninni með slíkar ráðstafanir, því að hér er ekki um að ræða nema nokkurn hluta af því fjármagni, sem gert mun verða ráð fyrir í þeirri áætlun, og þegar er búið að gera áætlanir á ýmsum stöðum um hafnarframkvæmdir, sem einsýnt er að vinna ber að nú alveg á næstunni, ef fé er fyrir hendi. En gerð 10 ára áætlunarinnar hefur dregizt nokkuð vegna þess, að vitamálaskrifstofunni hefur enn ekki unnizt tími til að ljúka sínum þætti verksins, og þarf það ekki að tefja þetta mál.

Alþingi hefur þegar veitt fé til rúml. 40 hafna á þessu ári upp í þann hluta stofnkostnaðar hafnanna, sem ríkissjóði ber að greiða samkv. lögum, en hluti ríkissjóðs er 40—50% stofnkostnaðar. Ekki mun standa til, enda vart framkvæmanlegt eða heppilegt, að vinna á öllum þessum stöðum sama árið. En kostnaður við hafnargerðir hefur stórhækkað, og verður ekki séð, að hafnarsjóðir þeir, sem þyrftu að vinna að framkvæmdum á þessu ári, hafi nú yfirleitt nokkur tök á að útvega allt það fjármagn innanlands, sem þeir þurfa til þess að greiða sinn hluta framkvæmdakostnaðarins og — til bráðabirgða — það af ríkishlutanum, sem ekki er fjárveiting fyrir.

Sumarið 1959 var samkv. ákvörðun Alþingis úthlutað lánum, samtals 27½ millj. kr., til hafnarframkvæmda á 19 stöðum. Var þetta, eins og áður er tekið fram, hluti af 6 millj. dollara láni, sem tekið var erlendis. Hafnarframkvæmdir s. l. sumar byggðust að verulegu leyti á eftirstöðvum þessa lánsfjár, en það mun nú víðast hvar þrotið. Lán til hafnarframkvæmda hljóta að teljast meðal þeirra lána, sem réttmætt

er, þjóðhagslega séð, að taka erlendis, því að umbætur á höfnum stuðla að eflingu atvinnulífsins við sjávarsíðuna og auka gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Framtíð margra sjávarplássa er undir því komin, að ekki dragist um of að skapa þar þau hafnarskilyrði, sem fyrirhuguð eru, fyrir fiskiskip og vöruflutningaskip. Að hafnarmannvirkjum þarf að vera hægt að vinna í hæfilegum áföngum, bæði til þess að koma í veg fyrir, að skilið sé við þau í því ástandi, að hætta sé á skemmdum, og einnig og ekki síður til þess, að kostnaður við notkun dýrra tækja verði ekki meiri í hvert sinn en eðlilegt má teljast.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er nú flutt í annað sinn í Nd. Á síðasta þingi var því vísað til fjárhagsnefndar, en hlaut þá ekki afgreiðslu í þeirri nefnd. Mun nefndin þá hafa talið sig hafa ástæðu til að ætla, að ríkisstjórnin mundi á árinu sem leið gera sérstakar ráðstafanir til að skapa lánsfjármöguleika fyrir hafnarsjóðina. Úr því hefur þó ekki orðið og enn ekkert komið fram frá ríkisstjórninni um fyrirætlanir í því sambandi. Líður nú óðum að því, að hafnarstjórnir og vitamálaskrifstofan þurfi að fara að gera sér grein fyrir framkvæmdamöguleikum í sumar. Það er því ekki ófyrirsynju, að þetta frv. hefur verið endurflutt, og að dómi minni hl. nefndarinnar er full ástæða til að gera nú þær ráðstafanir, sem farið er fram á í frv.

Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Hafnar- og lendingarbótasjóðir skulu á árinu 1961 eiga þess kost að fá að láni a. m. k. 30 millj. kr. af óafturkræfu framlagi og vörukaupaláni, sem ríkisstjórnin hefur samið um erlendis.
2. Við 4. gr. Í stað „2. og 3. gr.“ komi: 1. og 3. gr.

Alþingi, 30. jan. 1961.

Gísli Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 307. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttu Ingvar Gíslason og Jón Skaftason þáltill. samhljóða þeirri, sem hér liggur fyrir. Ingvar Gíslason hafði ýtarlega framsögu fyrir tillögunni, er hún var til umræðu á þinginu í fyrra, og var málinu síðan vísað til allsherjarnefndar. Nefndin náði ekki til þess að skila áliti, en einstakir nefndarmenn hafa þó látið í ljós, að þeir séu málinu efnislega fylgjandi. Meðal sjómanna og útvegsmanna hefur tillögunni verið vel tekið, og má sérstaklega geta þess, að á síðasta aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna var ákveðið að skora á Alþingi að samþykkja tillöguna.

Þar sem flutningsmenn telja nauðsyn þessa máls mikla og þeim er kunnugt um, að málið á víða fylgi að fagna, líta þeir svo á, að endurflutningur tillögunnar sé sjálfsagður, og vænta þess, að málið fái afgreiðslu.

Skóli sem þessi er engin ofrausn fiskveiðaþjóð eins og Íslendingum. Þvert á móti er hann hin mesta nauðsyn og mun áreiðanlega svara kostnaði og vel það. Mikið er nú talað um aukinn fiskiðnað í landinu, og allir eru sammála um nauðsyn hans fyrir þjóðarbúið. En vart er hægt að hugsa sér árangur í þeirri iðngrein án sérmenntunar allmikils hóps manna hér á landinu sjálfu, er hafi á hendi matsstörf, verkstjórn og leiðbeiningarstörf. Þá virðist það leiða beinlínis af hinum síauknu kröfum um fiskmat (sbr. nú síðast lögin um ferskfiskeftirlit), að hið opinbera sjái fyrir nothæfri menntun fyrir þá menn, sem slík störf hafa á hendi. Þeir, sem þekkja til sögu búnaðarmála á Íslandi, vita, hvert gildi búnaðarskólanna hefur verið fyrir þróun landbúnaðarins. Enginn skóli sambærilegur búnaðarskólunum er til fyrir sjávarútveginn. Hans er þó ekki síður þörf, og því fyrr sem honum er komið á fót, því betra.

Nd. 308. Frumvarp til laga [175. mál]

um heftingu sandfoks og græðslu lands.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Gísli Guðmundsson.

I. KAFLI
Um markmið og stjórn Sandgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að hindra eyðingu gróðurs og græða upp sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og afréttum, þar sem um er að ræða samfelld svæði, svo og að bæta vangróin beitilönd með þeim ræktunaraðgerðum, sem bezt reynast hverju sinni um framkvæmd og árangur.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar sandgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, enda lýtur sandgræðslustjóri yfirstjórn hennar við hlið búnaðarmálastjóra, en landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þessara mála. Sandgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands. Landbúnaðarráðherra skipar enn fremur sandgræðsluverði eftir þörfum að fengnum tillögum sandgræðslustjóra. Sandgræðsluverðir skulu auk búfræðimenntunar hafa aflað sér starfsæfingar við þau verklegu störf, sem Sandgræðsla Íslands hefur með höndum. Sandgræðslustjóra sé heimilt að ráða eftirlitsmenn með þeim sandgræðslugirðingum, sem honum og sandgræðsluvörðunum er örðugt að hafa eftirlit með.

3. gr.

Aðsetur Sandgræðslu Íslands skal vera Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem jafnframt er bústaður sandgræðslustjóra.

4. gr.

Sandgræðslustjóri skal með aðstoð sandgræðsluvarða hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til sandgræðslu, svo og eftirlit með því landi í byggð, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt sandgræðsluvörðum hafa eftirlit með öllum afréttarlöndum að því er varðar gróður og beit. Telji hann hættu á, að land kunni að

fara í örtröð eða gróðri að hnigna til mikilla muna sökum ofbeitar, skal hann gera tillögur til varnar því og leggja þær fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, en síðan sé þeim vísað til landbúnaðarráðuneytisins og hlutaðeigandi sýslunefndar.

5. gr.

Sandgræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði skv. launalögum, 1. gr., V. flokki, og sandgræðsluverðir skv. IX. flokki.

II. KAFLI

Um heftingu sandfoks og græðslu sanda.

6. gr.

Sandgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur sandgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að áliti sandgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að sandgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.
2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur á landi fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Við töku lands með eignarnámi eða á annan hátt skal ávallt leita samþykkis landbúnaðarráðuneytisins að fengnum rökstuddum tillögum sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands. Einnig skal afhenda ráðuneytinu samrit af öllum öðrum samningum, sem sandgræðslan gerir um umráð lands til græðslu.

7. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir, mel, fræ, þökur og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

8. gr.

Nú setur maður girðingu fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á henni eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

9. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavírsgirðingar, eða úr öðru efni, jafntryggar til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi hlutaðeigandi héraðsráðunautar.

Verði eigi hjá því komizt að leggja sandgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarhlið, ef um verulega umferð er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, er til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll sandgræðslusvæði nema með leyfi sandgræðslustjóra og hlutaðeigandi sandgræðsluvarðar, og ef út af er brugðið, varðar það sektum. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi sandgræðsluverði aðvart um gallana.

10. gr.

Þegar land, sem Sandgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsu samkomulagi, er svo vel gróið að dómi sandgræðslustjóra, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi sandgræðslunnar, skal afhenda það aftur eigendum þeirra jarða,

sem í hlut eiga, sbr. 6. gr. tölulið 1, en setja skal sandgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Nú selur ríkissjóður land, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

11. gr.

Nú á ríkið land það, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og getur Sandgræðsla Íslands þá afhent það ábúendum, ef landið hefur verið í notum einstakra bænda, eða sveitarfélögum, ef landið hefur verið í notum sveitarfélaga, enda skal sveitarfélögum skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því fylgja samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sem ekki hefur verið tekið til friðunar og græðslu samkv. 6. gr., og sendir hann þá Sandgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlega skýrslu um aðstæður allar. Skýrslan sé staðfest af hlutaðeigandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Lætur þá sandgræðslustjóri athuga landið og gerir tillögur um framkvæmd verksins, kostnaðaráætlun og annað, sem að því lýtur. Tekur hann síðan ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ¾ greiddur úr ríkissjóði, en ¼ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslu fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna.

13. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 12. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkv. 6. gr. ásamt eignarhluta landeiganda í þegar gerðum umbótum.

14. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkv. 10. eða 11. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

15. gr.

Nú kemst búpeningur inn á sandgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, og er þá hlutaðeigandi sandgræðsluverði eða umsjónarmanni heimilt að reka peninginn í nærliggjandi land, enda sé um ógirtan bithaga að ræða. Hið sama gildir um óskipta bithaga, sem að sandgræðslusvæði liggja, þótt girtir séu, enda séu líkur til, að peningurinn sé þaðan kominn. Verði því eigi við komið að hreinsa sandgræðsluland af ágangspeningi á þennan hátt, skal kyrrsetja fénaðinn og tilkynna það eigendum.

Komist sömu skepnur þrásinnis inn á sandgræðslusvæði og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum á kostnað eiganda.

III. KAFLI

Um sandgræðslu á vegum hreppa og félaga.

16. gr.

Hreppsfélög og félög einstakra bænda geta efnt til sandgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður

stjórna öllum framkvæmdum við græðsluna, og skal landið vera í vörzlu og forsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

17. gr.

Girðingar um land, sem tekið er til græðslu samkvæmt 16. gr., hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar, sbr. 8. og 9. gr., og að öðru leyti gilda um slíka græðslu, eftir því sem við á, ákvæði í II. kafla þessara laga.

18. gr.

Um kostnað við sandgræðslu og um afhendingu lands að lokinni græðslu, sem framkvæmd er samkvæmt 16. og 17. gr., gildir hið sama og um sandgræðslu á löndum í einkaeign, sbr. II. kafla laga þessara, 12. og 13. gr.

IV. KAFLI

Um eflingu gróðurs í afréttum og úthögum.

19. gr.

Auk venjulegrar sandgræðslu, sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla laga þessara, skal Sandgræðsla Íslands á komandi árum vinna að því að efla gróður á samfelldum svæðum, í afréttum og úthögum. Skal það fyrst og fremst gert í samvinnu við þá aðila, sýslufélög, hreppsfélög, fjallskilafélög og félög einstakra bænda, er hafa sameiginlegra hagmuna að gæta um hagbeit og fénaðarferð, enda leggi slíkir aðilar fram eigi minna en ¼ kostnaðar við framkvæmdirnar.

Einnig skal sandgræðslan taka til friðunar og ræktunar samfelld stór sandsvæði og auðnir, þótt eigi sé um fokhættu að ræða, sem eru þannig í sveit sett, að ræktun þeirra getur orðið til varanlegra hagsbóta í framtíðinni.

20. gr.

Sandgræðsla Íslands skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og jarðvegsrannsóknardeild búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans gera fyrir árslok 1961 tíu ára áætlun um framkvæmdir samkvæmt 19. gr. Skulu í áætlun þessari valin og tilgreind þau svæði, sem nauðsynlegast telst að taka til bættrar græðslu og mestar líkur eru fyrir að skili góðum árangri.

Sandgræðslustjóri ákveður, hvaða svæði skuli tekin til græðslu árlega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og eftir því, sem framlög fást frá þeim aðilum, er í hlut eiga og slíkra framkvæmda vilja njóta.

21. gr.

Fjár til framkvæmda samkvæmt 19. og 20. gr. skal aflað samkvæmt því, sem greint er í VIII. kafla þessara laga. Kostnað við slíkar hagabætur má eigi greiða af fé því, sem veitt er til sandgræðslu á fjárlögum ár hvert, til framkvæmda samkvæmt II. og III. kafla laganna.

V. KAFLI

Um athugun og eftirlit á afréttum.

22. gr.

Sandgræðslustjóri, hlutaðeigandi sandgræðsluvörður og héraðsráðunautur skulu fylgjast sem bezt með notkun afrétta í héraði hverju um land allt, með það fyrir augum sérstaklega, að hverju fer um gróður og beitarþol landsins.

Héraðsráðunautum í búfjárrækt er skylt að fylgjast með fjölda þess búfjár, sem í afréttum gengur, svo og vænleika þess og afurðum.

23. gr.

Ef eftirlit það, sem um getur í 22. gr., leiðir í ljós, að ofsett er á afréttarland, svo að hætta sé á gróðurfarsspillingu eða uppblæstri sökum ofbeitar, skulu þessir

aðilar tilkynna það skjallega sýslunefnd þeirri, er í hlut á, og rökstyðja álit sitt og tillögur til úrbóta.

24. gr.

Nú gerir sandgræðslustjóri kröfu um ítölu, og fer þá um það samkvæmt ákvæðum laga um ítölu.

25. gr.

Nú hafa verið sett ákvæði um ítölu búfjár samkvæmt kröfu sandgræðslustjóra, og skal hann þá ásamt hlutaðeigandi hreppstjóra hafa eftirlit með, að ákvæðunum sé framfylgt, svo að til úrbóta verði.

VI. KAFLI
Um spjöll á gróðri og fokhættu.

26. gr.

Þegar mælt er fyrir og gerðar áætlanir um mannvirki, svo sem vegi, brýr, stíflugarða, hafnir og fyrirhleðslur, skal ávallt hafa hugfast að haga framkvæmdum þannig, að sem minnst sé spillt gróðri og losað um svörð, svo að valdið geti uppblæstri og grefti vatns.

27. gr.

Verði eigi komizt hjá jarðraski, sem ætla má að geti valdið frekari spjöllum af vindi og vatni, ef eigi er að gert, skal hafa samráð við sandgræðsluna um aðgerðir til að afstýra slíkum spjöllum, þegar að loknu verki, með því að græða sár jarðar á þann hátt, er sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður telur hyggilegt. Kostnaður við slíka græðslu telst með kostnaði við mannvirkjagerð þá, sem um er að ræða.

28. gr.

Nú hefur verið vanrækt að gera að jarðraski, sem orðið hefur við gerð mannvirkja, svo að veldur uppblæstri eða hætta af foki er fyrirsjáanleg, og skal þá sandgræðslustjóri fyrirskipa þær aðgerðir um græðslu, sem hann telur nauðsynlegar, en fáist ekki aðgert, skal hann láta girða og græða svo sem með þarf á kostnað þess aðila, er valdur var að jarðspjöllunum. Gilda um gerð girðinga og athafnir vegna slíkrar græðslu sömu ákvæði og um venjulegar sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæði, sbr. 7.—9. gr. laga þessara.

VII. KAFLI
Um tilraunastarfsemi og rannsóknir.

29. gr.

Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyrir undir tilraunaráð jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Sandgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

30. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður.

VIII. KAFLI
Um öflun fjár til sandgræðslu.

31. gr.

Fé það, er innheimt er í ríkissjóð sem tollgjöld af innfluttum fóðurvörum, skal renna óskert til Sandgræðslu Íslands.

32. gr.

Á allar vínvörur til drykkjar, sem seldar eru um hendur Áfengisverzlunar ríkisins, skal leggja gjald, er nemi 5 krónum á lítra af áfengi, í því formi, sem það er selt og afgreitt frá verzluninni. Gjaldið innheimtist með verði vínsins án kostnaðar fyrir Sandgræðslu Íslands, og stendur Áfengisverzlun ríkisins sandgræðslunni skil á gjaldinu ársfjórðungslega.

33. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt ákvæðum 31. og 32. gr. laga þessara, skal fyrst og fremst varið til græðslu og gróðurbóta samkvæmt IV. kafla laganna, þeirra sem fé er lagt til frá hlutaðeigandi aðilum, sbr. 19. gr., svo og til ræktunar á samfelldum sandsvæðum, sbr. sömu gr. Skulu þau svæði ganga fyrir, þar sem landþrengst er til beitar og búskapar, brjóti það eigi í bága við skipulagðar framkvæmdir sandgræðslunnar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 500—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sandgræðslu eða einstök atriði hennar samkvæmt lögum þessum.

36. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Greinargerð.

Flm. þessa frv. fluttu á síðasta Alþingi frv. til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands, en það varð þá ekki útrætt. Það frv. var í meginatriðum samhljóða samnefndu frv., sem samið var af sandgræðslunefnd þeirri, er skipuð var árið 1957 af þáv. landbúnaðarráðherra, Hermanni Jónassyni. Í sandgræðslunefndinni voru Björn Kristjánsson fyrrv. alþm. (formaður), Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, Arnór Sigurjónsson fulltrúi, Páll Sveinsson sandgræðslustjóri og Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi. Flutti Steingrímur Steinþórsson frv. á Alþingi 1958—59.

Frv. var á síðasta þingi vísað til landbúnaðarnefndar neðri deildar. En eftir að það kom fram, ákvað landbúnaðarráðherra að kveðja sandgræðslunefndina til funda á ný til að endurskoða málið. Af þessum ástæðum mun landbúnaðarnefnd ekki hafa talið rétt að taka frv. til meðferðar að svo stöddu. Sandgræðslunefndin lauk endurskoðuninni í febrúarmánuði 1960 og afgreiddi til landbúnaðarráðuneytisins breytingar, sem hún hafði þá gert á frv. sínu, ásamt greinargerð. Ríkisstjórnin hefur þó ekki enn lagt málið fyrir Alþingi. Flm. hafa því ákveðið að flytja það eins og sandgræðslunefndin gekk frá því fyrir ári. Er nú m. a. lagt til, að aflað verði fjár til sandgræðslu með aukaálagningu á áfengi, og enn fremur, að ríkissjóður láti af hendi tolltekjur sínar af innfluttum fóðurvörum. Mun sandgræðslunefndin hafa talið, að á þennan hátt væri hægt að bæta úr fjárþörfinni, svo að viðunandi væri, og líklegt, að um þessa fjáröflunarleið gæti orðið samkomulag.

Á undanförnum áratugum hefur mjög mikið verið að því unnið og með góðum árangri að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs af völdum sandfoks. Innan sand-

græðslugirðinganna, sem nú eru 50—60 talsins hér og þar á landinu, er nú nokkuð yfir 1000 ferkm af landi, sem grætt hefur verið upp eða tekið til græðslu smám saman. Er eyðingin þar með stöðvuð á hverjum stað og gróðurlendið tekið að stækka á ný. Þessu starfi þarf að halda áfram, og má ekkert lát verða á. En með þessu frv. er gert ráð fyrir, að sandgræðslustarfsemin færist í aukana og lagt verði inn á nýjar brautir, að skipulega verði að því unnið og til þess varið fjármunum, svo að um muni, að efla og auka gróður í úthögum og á afréttum. Tækni sú, sem nú er komin til sögunnar, gefur góðar vonir um árangur á þessu sviði. Nokkur reynsla er þegar fengin.

Til stuðnings þessu merka máli skal að öðru leyti látið nægja að vísa til greinargerðar sandgræðslunefndarinnar á fylgiskjali I svo og til rits þess, sem gefið var út á vegum sandgræðslunefndar árið 1958.

Fylgiskjal I.

Greinargerð sandgræðslunefndar 5. febr. 1960.

Með bréfi, dagsettu 24. júlí 1957, skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Hermann Jónasson, 5 manna nefnd til að endurskoða lög um sandgræðslu og athuga möguleika á að auka þá starfsemi.

Í nefndina voru skipaðir:

Björn Kristjánsson fyrrv. kaupfélagsstjóri, formaður,
Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri,
Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi,
Arnór Sigurjónsson fulltrúi,
Páll Sveinsson sandgræðslustjóri.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn 16. ágúst. Þá var kosinn ritari nefndarinnar, Arnór Sigurjónsson. Einnig var þá ákveðið að skoða sem flest uppblásturssvæði landsins og þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið til að stöðva landspjöllin og græða foksvæðin að nýju.

Fyrsta ferðin í þessu skyni var farin 16. ágúst um Rangársanda. Önnur ferðin var farin um Norðurland 21.—24. ágúst og skoðuð sandgræðslusvæðin í Kelduhverfi, á Hólssandi, Hólsfjöllum, Austurfjöllum, Hólasandi, Sellöndum í Mývatnssveit, brunasvæði á Hvammsheiði, Þingeyra- og Sigríðarstaðasandar í Húnaþingi. Þriðja ferðin var farin í Biskupstungur og skoðuð uppblásturssvæði á Haukadalsheiði. Fjórða ferðin var farin 16.—17. september um Holt og Landsveit og þaðan Fjallabaksleið í Vestur-Skaftafellssýslu og skoðuð sandsvæðin og sandgræðslusvæðin þar og á heimleið sandgræðslusvæðin undir Eyjafjöllum.

Á ferðum þessum gat víða að líta kolsvarta sanda, þar sem áður voru fegurstu gróðurlendur. Annars staðar hafði sandgræðslunni tekizt að stöðva uppblásturinn algerlega og hjálpa náttúrunni til að klæða stór örfoka sandsvæði þroskamiklum nytjagróðri.

Víða vofir yfir mikil eyðingarhætta af völdum uppblástursins, og verður því að heyja stöðugt varnarstríð gegn þeim voða. Sem betur fer, er nú fengin örugg vissa fyrir því, að hægt er að stöðva eyðinguna, ef ekki skortir fé og árvekni. Með friðun, sáningu og áburði er hægt að snúa vörn í sókn og breyta örfoka landi í vel gróið nytjaland. Margir fróðir menn telja nú þegar ofsetin afréttarlönd sumra héraða og megi að minnsta kosti ekki að ósekju fjölga þar sauðfé, frá því sem nú er. Þetta er m. a. álit J. B. Campells, sem fenginn var til þess árið 1954 og 1956 að athuga beitarþol haga okkar. Þar sem svo er ástatt, verða bændur að skilja það, að vaxandi nýrækt og töðufengur má ekki leiða til fjölgunar sauðfjárins, nema sumarhagar séu jafnframt auknir.

Á fundi nefndarinnar 14. okt. 1957 kom til umræðu, að á því ári voru liðin 50 ár, síðan sett var fyrsta löggjöfin um sandgræðslu á vegum ríkisins, og að viðeigandi væri, að þessa merka afmælis væri minnzt með útgáfu minningarrits, þar sem

skráð væri saga sandgræðslustarfsins. Á fundi 6. nóv. samþykkti nefndin að hafa forgöngu um útgáfu rits þessa, enda hafði þá fengizt loforð landbúnaðarráðuneytisins, Búnaðarfélags Íslands og sandgræðslustjóra um að kosta útgáfuna. Samið var við Arnór Sigurjónsson að hafa á hendi ritstjórn rits þessa og haga því þannig, að það gæti verið eins konar greinargerð með frumvarpi nefndarinnar til nýrra sandgræðslulaga. Riti þessu hefur verið útbýtt til allra alþingismanna. Varðandi sandgræðslustarfsemina hér á landi undanfarna hálfa öld og þau verkefni, sem fram undan eru, skal sérstaklega bent á greinar þær í ritinu, sem hér á eftir verða nefndar:

Gunnlaugur Kristmundsson: Upphaf skipulagsbundinnar sandgræðslu, bls. 187.

Runólfur Sveinsson og J. B. Campell: Athugun á uppblæstri og högum, bls. 250.

Páll Sveinsson: Sandgræðslumálin á líðandi stund, bls. 291, og Sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu, bls. 312.

Arnór Sigurjónsson: Það sem koma verður, bls. 325.

Björn Pálsson, flugmaður: Flugvélin og sandgræðslan, bls. 340.

Lög um sandgræðslu frá 1895 til 1957, bls. 344.

Eins og fyrir nefndina var lagt, endurskoðaði hún gildandi lög um sandgræðslu og athugaði úrkosti til þess að auka sandgræðslustarfsemina. Í lok febrúarmánaðar 1958 afhenti hún landbúnaðarráðherra frumvarp til nýrra sandgræðslulaga með rækilegri greinargerð, og fylgdi afmælisrit Sandgræðslunnar frumvarpinu. Landbúnaðarráðherra lagði frumvarpið fyrir búnaðarþing, sem mælti með meginatriðum þess og sendi það síðan aftur til landbúnaðarráðuneytisins með nokkrum breytingartillögum, sem það hafði gert.

Þegar það dróst, að landbúnaðarráðherra legði frumvarpið fyrir Alþingi, tók einn nefndarmanna, Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, þá 1. þm. Skagfirðinga, það til flutnings á Alþingi 1958—1959 (78. löggjafarþingi), óbreytt frá því, er það kom upphaflega frá nefndinni (102. mál, þskj. 239). Auk stuttrar greinargerðar frá flutningsmanni fylgdu frumvarpinu 4 fylgiskjöl:

1. Greinargerð milliþinganefndarinnar með frumvarpinu.
2. Greinargerð og tillögur búnaðarþings um frumvarpið.
3. Skýrsla um sandgræðslugirðingarnar.
4. Skýrsla um sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu.

Vísast hér til þingskjals 239 frá Alþingi 1958—59 um fylgiskjöl þessi. Tvö fylgiskjölin, hið 3. og 4., er einnig að finna í afmælisriti sandgræðslunnar.

Frumvarpið var sent landbúnaðarnefnd neðri deildar til athugunar. Landbúnaðarnefnd hafnaði tillögum sandgræðslunefndar um aukið starf Sandgræðslu Íslands og samdi nýtt frumvarp, þar sem aðeins voru gerðar smávægilegar breytingar á gildandi lögum um sandgræðsluna. Þetta frumvarp landbúnaðarnefndar var þó ekki lagt fram til þess að fá afgreiðslu á þinginu, að því er nefndin sjálf segir, heldur til þess að eyða málinu á yfirstandandi þingi og til undirbúnings því, að „nýtt þing, sem kosið verður á næsta hausti, geti valið um, hvort frumvarpið (þ. e. frv. sandgræðslunefndar og landbúnaðarnefndar) það vill fremur lögfesta."

Á því þingi, sem nú starfar, tóku þeir Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurlandskjördæmis eystra, og Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Suðurlandskjördæmis, frumvarp sandgræðslunefndar enn til flutnings (þskj. 49) með þeirri breytingu einni, er máli skiptir, að þeir felldu niður 29. gr. frv., „sem nú má heita úrelt vegna nýlegrar lagasetningar á öðru sviði", svo að upp séu tekin orð flutningsmannanna um þessa breytingartillögu þeirra. Frumvarpi þessu fylgja hin sömu fylgiskjöl og Steingrímur Steinþórsson lagði fram með frumvarpi því, er hann flutti á 78. löggjafarþingi.

Þegar hér var komið sögu endurvakti núverandi landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, með bréfi, dags. 1. des. 1959, sandgræðslunefndina frá 1957—58 og fól henni að athuga þær breytingartillögur, er fram höfðu komið á frumvarpi hennar, og semja síðan til flutnings á Alþingi nýtt frumvarp til sandgræðslulaga.

Frumvarp það, er hér fylgir, er árangur af þessu nýja starfi nefndarinnar. Nefndin hefur gert nokkrar breytingar á hinu fyrra frumvarpi sínu, ýmist vegna

þess andófs, sem sum atriði þess hafa mætt, eða vegna nýjunga, er rétt þótti að taka mark á. Gerð er grein fyrir breytingum þessum, þar sem einstakar greinar frv. eru skýrðar hér á eftir. Þó þykir rétt að gera nú þegar grein fyrir þremur mikilvægustu breytingunum:

1. Aukin verkefni.

Í fyrra frumvarpi nefndarinnar var eigi gert ráð fyrir annarri aukningu verkefna sandgræðslunnar en þeirri, að tekin yrðu eftirleiðis stór sandsvæði til græðslu. Af miklu er að taka og verkefni nær óþrjótandi, sandar og melar auðveldir til græðslu samtals um 3800 km² og aðrar auðnir lægri en 400 m yfir sjávarmál samtals um 3600 km² (samkvæmt mælingum, er nefndin lét gera á herforingjaráðskortunum). Þetta er landnám, er eykur gróðurlendi landsins um nærri þriðjung frá því, er nú er (en það er samkv. þeim mælingum og áætlunum, sem á því hafa verið gerðar, 17000—20000 km²). Hér er reyndar fyrst og fremst um það að ræða að bæta fyrir þau landsspjöll, er orðið hafa á liðnum öldum, því að mjög mikill hluti þessa lands hefur áður verið gróðurlendi, og er raunar skylda þjóðarinnar að taka þetta verkefni upp þegar í stað, er hún hefur kunnáttu til þess.

En í þessu nýja frumvarpi er jafnframt gert ráð fyrir að auka gróður á landssvæðum með gisnum og lélegum gróðri með dreifingu áburðar. Hér er um að ræða land með moldarjarðvegi, en þó svo lítið gróið, að það er lítilsvert sem hagi, ýmist vegna þess, að mosi hefur kæft annan gróður að mestu eða jarðvegurinn er frjóefnasnauður. Nú er þegar fengin reynsla fyrir því, og er sú reynsla þó ný, að þetta land getur klæðzt gagnsömum hagagróðri þegar á fyrsta sumri, sem það fær aðeins lítinn áburðarskammt, og að sauðfénaður beinlínis raðar sér á þann haga, sem þannig er græddur. Er með þessu nýja frumvarpi til þess ætlazt af sandgræðslunni, að hún haldi áfram tilraunum með þetta, enda leggi þá bændurnir fram fé á móti, þar sem það kemur þeim til nota þegar í stað.

Hins vegar ber þess að gæta, að þetta nýja verkefni verði ekki til þess, að horfið verði frá að hefta sandfok og græða sanda og aðrar auðnir í stórum stíl.

2. Spjöll af völdum mannvirkja.

Á síðustu árum hafa vegir nær einvörðungu verið lagðir með jarðýtum, og einnig hafa jarðýtur verið notaðar í vaxandi mæli við önnur mannvirki. Hefur af þessu leitt mikið jarðrask og stundum umfram nauðsyn, og hefur lítt verið um hirt. Það kemur með hverju ári skýrar í ljós, að af slíku jarðraski hefur víða stafað mikil hætta um varanleg jarðspjöll, og hefur meir og meir verið til sandgræðslunnar leitað ýmist til að sporna við þeirri hættu eða bæta úr, þar sem fok hefur hafizt. Um þetta efni hafa engin lagaákvæði verið til þessa dags, og verður ekki komizt hjá slíku lengur.

3. Fjáröflun til sandgræðslunnar.

Í frumvarpi nefndarinnar 1958 var gert ráð fyrir fjáröflun til aukinnar starfsemi sandgræðslunnar með fernu móti:

1. 3 millj. kr. framlagi í 10 ár úr ríkissjóði,
2. 10 kr. gjaldi árlega af hverjum nautgrip og hverju hrossi og 1 kr. gjaldi af hverri kind,
3. 1½% gjaldi af öllum tóbaksvörum og
4. 16% yfirfærslugjaldi af innfluttu fóðri.

Beint framlag úr ríkissjóði er fellt niður vegna þess, að ný fjáröflunartillaga um gjald af áfengi gefur sandgræðslunni um 3 millj. kr. meiri tekjur en tillaga, sem niður hefur verið felld, um gjald af tóbaksvörum. Einnig er nú í frv. nefndarinnar gert ráð fyrir, að ríkissjóður láti af hendi við sandgræðsluna tekjustofn, er ríkissjóður nú hefur, en hafði eigi 1958, þ. e. tolltekjur af innfluttu fóðri, en þær tolltekjur námu á síðastliðinu ári um tveimur millj. króna.

Gjaldið af búpeningi hugsaði nefndin sér eigi aðeins sem fjárhagslegt framlag til sandgræðslunnar, heldur einnig sem siðferðilegan stuðning bændastéttarinnar við sandgræðslumálin, framlag hennar af ljúfu geði veitt og af skilningi á því, að hér væri um mikilvægt hlutverk að ræða fyrir þjóðina, þar sem bændastéttin í heild vildi ganga í fararbroddi. En þessi tillaga nefndarinnar fékk ekki hljómgrunn á búnaðarþingi, heldur lagði búnaðarþing einróma til, að gjaldið yrði ekki á lagt. Núverandi landbúnaðarráðherra hefur einnig tjáð nefndinni, að hann væri þessari fjáröflun mótfallinn. Nefndin treystir sér því ekki til þess að halda þessari tillögu sinni til streitu í upphaflegu formi, en bendir hins vegar á, að þetta geti verið eðlilegur tekjustofn fyrir sýslur, fjallskilafélög eða önnur félög, er leggja vilja fé fram á móti sandgræðslunni til græðslu lands samkvæmt 19. gr.

Það er tillaga núverandi landbúnaðarráðherra til nefndarinnar að taka heldur gjald af áfengi en af tóbaki til sandgræðslunnar. Þótti honum sem seilzt væri inn á svið skógræktarinnar með fjáröflun með fyrri tillögum nefndarinnar með gjaldi af tóbaksvörum. Fyrir nefndinni vakti fyrst og fremst það að benda á tekjustofn til fjáröflunar vegna nauðsynlegra og þjóðnýtra framkvæmda, og sá hún raunar ekkert athugavert við það, að skógræktin og sandgræðslan deildu þar hlut að jöfnu. Þó telur hún að framkomnu sjónarmiði landbúnaðarráðherra sjálfsagt að virða það í þeirri öruggu von, að það tryggi framgang frumvarpsins og eflingu sandgræðslunnar.

Tillaga nefndarinnar 1958 um 16% yfirfærslugjald af innfluttu fóðri kom fram á þeim tíma, er innflutt fóður var að öllu undanþegið tollum og yfirfærslugjaldi, en á aðrar vörur flestar lagt 16% yfirfærslugjald. Leit nefndin svo á, að slík undanþága raskaði eðlilegu og heilbrigðu verðhlutfalli erlendrar og innlendrar fóðurvöru og leiddi um of til framleiðslu landbúnaðarafurða á aðkeyptu fóðri í stað þess að byggja framleiðsluna á innlendri fóðuröflun. Tillaga nefndarinnar var því sú að leggja að vísu sama yfirfærslugjald á erlenda fóðurvöru og á meginþorra annarrar innfluttrar vöru, en láta landbúnaðarframleiðsluna þó njóta yfirfærslugjaldsins og þá á þann hátt, er hagkvæmast yrði þjóðarheildinni, er til lengdar léti. Skömmu eftir að tillaga nefndarinnar kom fram, var undanþága erlendrar fóðurvöru á tollum og yfirfærslugjaldi felld úr gildi og yfirfærslugjaldið hækkað í 55%, tolltekjurnar teknar í ríkissjóð og yfirfærslugjaldið í útflutningssjóð. Nú eru horfur á, að yfirfærslugjöld á allar innfluttar vörur til útflutningssjóðs verði niður felld. Þá leggur nefndin til, að innflutt fóðurvara sé að vísu tolluð á sama hátt og aðrar sambærilegar innfluttar vörur (þ. e. vörur til innlendrar framleiðslu), en að landbúnaðarframleiðslan fái að njóta tollteknanna af innflutningi fóðurvaranna á þann hátt, sem þjóðarheildinni er hagkvæmast, er til lengdar lætur. Lítur nefndin hiklaust svo á, að slíkt verði, ef þeim er varið til aukinnar græðslu landsins.

Að öðru leyti vísar nefndin til athugasemda þeirra, er hér fara á eftir um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Nýmæli í þessari grein eru þau, að gert er ráð fyrir að græða upp sanda, mela og aura í heimahögum og afréttum og efla gróður á vangrónu landi í þeim tilgangi að auka beitiland búfjárins, sem nú er í örri fjölgun, og um leið að létta á því haglendi, sem fyrir er, sbr. III. og IV. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í fyrstu og allt til ársins 1914 var sandgræðslan tengd skógræktinni, en það samband þótti ekki gefast vel, og var því sandgræðslan með lögum nr. 20 2. nóv. 1914 falin Búnaðarfélagi Íslands. Með endurskoðun laganna 1941 er ákveðið, að

landbúnaðarráðherra skipi sérstakan sandgræðslustjóra, en forstjórn sandgræðslumálanna er áfram falin Búnaðarfélagi Íslands. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir mjög auknu starfssviði sandgræðslunnar, svo að segja má, að vettvangur hennar nái yfir verulegan hluta af afréttar- og heimabeitilöndum landsmanna. Með ákvæðum laganna grípur sandgræðslan svo mjög inn á afkomumöguleika landbúnaðarins, að nú er enn brýnni þörf en áður á, að sandgræðslan ekki einungis njóti stuðnings og samstarfs Búnaðarfélags Íslands, heldur hafi það og íhlutun um yfirstjórn þessara mála.

Því aðeins er hægt að búast við fyllsta árangri, að sem flest þau öfl, sem vinna að uppbyggingu landbúnaðarins, séu samhæfð í fullkomnu samstarfi að framgangi þessara mála, ella mætti gera ráð fyrir, að undir ýmsum kringumstæðum gætu orðið árekstrar um framkvæmdir. Ekki þykir ástæða til að ákveða með lögum fjölda sandgræðsluvarða, heldur verði tala þeirra að miðast við þörfina á hverjum tíma.

Eigi hefur orðið fullt samkomulag í nefndinni um 2. gr. frumvarpsins, og hið sama gildir að sjálfsögðu um það, sem hér er sagt um greinina, sbr. undirskriftir og fyrirvara.

Um 3. gr.

Með sameinuðu átaki Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Gunnlaugs Kristmundssonar sandgræðslustjóra var byggð reist í Gunnarsholti, og hafði sandgræðslustjóri þar aðsetur fyrir sumarstarfsemi sína.

Eftirmenn hans í starfi hafa haft þar fast aðsetur, og þykir því rétt að ákveða nú, að lögheimili sandgræðslunnar sé Gunnarsholt.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Rétt þykir, að sandgræðslustjóri búi við sömu laun eins og skógræktarstjóri, búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri.

Gert er ráð fyrir, að skipaðir verði sandgræðsluverðir með meiri þekkingu og verkkunnáttu en verið hefur, og þykir ekki líklegt, að slíkir menn verði fáanlegir fyrir lægri laun en svarar til IX. fl. launalaga.

Um II. kafla.

Í 6.—15. gr. eru svo litlar breytingar frá gildandi lögum, að ekki þykir mikil ástæða til að geta nema fárra sérstaklega.

Þó má geta þess, að enn meiri áherzla er lögð á, að sandgræðslan geti afhent þau landssvæði, sem hafa verið að fullu uppgrædd, sbr. 10. og 11. gr.

Í þessu sambandi gildir einu, hvort landið hefur upphaflega verið í ábúð einstakra bænda eða sveitarfélaga.

Ef landið er eign ríkisins, skal það afhent ábúendum þeirra jarða, sem það hefur áður tilheyrt, svo og notendum landsins í kauptúnum og þorpum, enda er, sbr. 11. gr., sveitarfélögum gert skylt að taka við þeim landssvæðum, ef sandgræðslustjóri æskir þess. Þegar lönd eru afhent, er ekki ætlazt til, að sá, er við tekur, greiði græðslu þeirra eða girðingar, þótt slíkt væri réttmætt. Aðalatriðið er, að girðingum og öðrum mannvirkjum sé haldið við, svo að uppblástur endurtaki sig ekki.

Um III. kafla.

Með kafla þessum er gert ráð fyrir, að hreppsfélög og félög einstakra bænda geti hafizt handa um sandgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands án þess að afsala sér landi í hendur stofnunarinnar, enda hlíti slíkir aðilar forsjá sandgræðslunnar í öllu, er varðar græðsluna. Gildir hið sama um sandgræðslu, sem stofnað er til samkvæmt þessum kafla laganna, eins og um sandgræðslu á löndum í einkaeign, sbr. 12. og 13. gr.

Um IV. kafla.

Með þessum kafla er sandgræðslunni falið nýtt og stórmerkilegt verkefni, enda er endurskoðun laganna sérstaklega gerð með tilliti til þess. Aðalverkefnið er að græða upp og auka gróður á viðlendum beitilöndum og með nýjum aðferðum.

Um 19. gr.

Hentast þykir, að hinar nýju og miklu aðgerðir sandgræðslunnar verði sem víðast byggðar á samstarfi við þá félagsaðila, sem nú fara mest með mál bænda á þessu sviði, og koma þá einkum til greina sýslufélög, hreppsfélög og fjallskilafélög. Einnig getur til þess komið, að bændur stofni til sérstaks félagsskapar til að efla gróður og græða vangrónar lendur.

Um 20. gr.

Þar sem hér er um geysivíðfeðmt verkefni að ræða, verður ekki hjá því komizt að gera rækilega skipulags- og framkvæmdaáætlun, er nái yfir nokkurt árabil.

Hér er gert ráð fyrir 10 ára áætlun, þar sem ekki er hægt að búast við, að fullnægjandi reynsla fáist á skemmri tíma.

Um 21. gr.

Þar sem sjáanlegt er, að bændur stefna að mikilli fjölgun búfjár, er sýnilega mundi ofbjóða beitarþoli landsins víða, þá er knýjandi þörf á að auka stærð og gæði beitarlandsins sem mest má verða, en til þess þarf mikið fjármagn. Verður að afla þess að nýjum leiðum, þar eð fé það, sem veitt er á fjárlögum árlega til hinnar fyrri starfsemi Sandgræðslu Íslands, að hefta sandfok og græða sanda, má eigi skerða og er sízt um of til þeirrar starfsemi, sem enn er víða aðkallandi.

Um V. kafla.

Um 22. og 23. gr.

Sjálfsagt þykir, að sandgræðslustjóri og sangræðsluverðirnir, aðalstarfsmenn hans, fylgist sem bezt með, hverju fram fer um gróður og beitarþol sem víðast, og séu viðbúnir að grípa til skynsamlegra aðgerða, ef gróðurspjöll og uppblástur vofir yfir.

Það nýmæli er tekið upp, að héraðsráðunautar í búfjárrækt skuli fylgjast með fjölda búfjár á afréttarlöndum svo og vænleika þess og afurðum. Þetta er nauðsynlegt. Sýni sig, að vænleiki og afurðir búpenings á afréttarlöndum fari rýrnandi, jafnvel þótt eigi verði séð, að gróðri hnigni, ætti það að gefa vísbendingu um, að þörf sé frekari athugana og aðgerða.

Um 24. og 25. gr.

Ef sett eru ákvæði um ítölu búfjár í haga að ráði sandgræðslustjóra, fer um það samkvæmt lögum um ítölu, en rétt þykir, að sandgræðslustjóri hafi þá ásamt hreppstjórum eftirlit með, að ákvæðum sé framfylgt, og fylgist með árangrinum. Æskilegt væri, að lög um ítölu væru endurskoðuð og gerð virkari en þau hafa reynzt til þessa.

Um VI. kafla.

Þessi kafli er nýmæli.

Eftir að farið var að vinna að lagningu vega og mannvirkjagerða annarra með jarðýtum og öðrum stórvirkum vélum, ber víða á því, að slíkt veldur gróðurspjöllum, og eigi fer leynt, að oft er óþarflega óhrjálega að unnið. Þó að náttúran lækni sárin víðast hvar, getur svo farið, og þess eru þegar dæmi, að jarðrask véla veldur uppblæstri og frekari skaða, sem veruleg hætta getur stafað af. Er því full nauðsyn að setja ákvæði þau, sem fram eru sett í 26.—28. gr.

Sjálfsagt þykir, að mannvirkjagerð sú, er veldur gróðurspjöllum, sem hætta getur stafað af, beri kostnað við að bæta spjöllin og girða fyrir frekari landskemmdir.

Er nauðsyn, að sandgræðslan geti gripið í taumana og gert það, sem gera þarf, þegar svo ber undir, og einnig að hlutaðeigandi aðilar hafi samráð við sandgræðsluna um framkvæmdir, þegar fyrirsjáanlegt er, að eigi verður komizt hjá bagalegum gróðurspjöllum, svo að aðgerða er þörf.

Um VII. kafla.

Kafli þessi er einnig nýmæli og fjallar um tilraunir í þágu sandgræðslunnar. Ber mikil nauðsyn til, að gerðar verði víðtækar tilraunir á þessu sviði, verkefnin eru margþætt og til mikils að vinna. Um sambærileg verkefni erlendis er óvíða að ræða og fátt um vísindalegar tilraunir, er heimfærðar verði. Í því mikla máli að vernda og bæta gróðurlendi landsins verðum vér að standa á eigin fótum og byggja á innlendum tilraunum.

Um 29. gr.

Eðlilegt er, að vísindalegar tilraunir í þágu sandgræðslu og hagabóta séu um yfirráð og aðalstjórn í höndum tilraunaráðs jarðræktar, enda eigi sandgræðslustjóri sæti í ráðinu.

Um 30. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Verkefnið að bæta og auka gróðurlendi landsins er svo stórt og umfangsmikið, að þess er engin von, að fram gangi, svo að um muni, nema miklu fjármagni sé varið til framkvæmda. Er auðsætt, að þess verður að afla að nýjum leiðum og helzt á þann hátt, að um örugga tekjustofna sé að ræða. Er það meginhugsun frumvarpsins, að hinni nýju og auknu starfsemi sandgræðslunnar sé haldið uppi með fé, sem er aflað á þennan hátt, en að starfsemi sú, sem verið hefur og eigi má niður falla, að hefta sandfok, njóti fastra framlaga úr ríkissjóði, á fjárlögum ár hvert, svo sem verið hefur.

Fleiri leiðir til fjáröflunar hafa komið til greina.

Í frumvarpi því, er nefndin gekk frá 1958, var meðal annars gert ráð fyrir því að leggja gjald á búpening, og vísast um það til greinargerðar á þingskjali nr. 239 1958—59.

Er til umræðu kom, var búnaðarþing andvígt slíku gjaldi, og hið sama kom fram í landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis. Loks er þess að geta, að núverandi landbúnaðarráðherra hefur tjáð sig mótfallinn þessari leið til fjáröflunar. Að þessu athuguðu hefur nefndin eigi séð fært að taka þetta nýmæli upp í frumvarp sitt, þótt enn séu nefndarmenn hlynntir þeirri hugsun, að bændur leggi nokkurt fé af mörkum sem gjald af búfé sínu til þess að bæta og auka haglendi landsins, sem er og verður ein meginstoð undir björgulegum búskap á landinu.

En þótt slík fjáröflun sé eigi fest í frumvarpi þessu, er eðlilegt að gera ráð fyrir því, er um framkvæmdir er að ræða samkvæmt III. og IV. kafla frumvarpsins og bændur eiga að leggja fram fé á móti sandgræðslunni, að þess verði aflað með gjaldi á búfé innan þess félagssvæðis, sem að framkvæmdum stendur. Sú leið til fjáröflunar er því opin og eðlileg, hvort sem um sýslufélög, hreppsfélög eða aðrar félagsheildir er að ræða.

Um 31. gr.

Eins og nú er háttað löggjöf um tolla, er nokkur tollur á fóðurvörum, sem til landsins eru fluttar. Nema þeir tollar nú um 10% af tollverði vörunnar. Búast má við, að framvegis verði það svo, að fóðurvörur verði tollaðar nokkuð, t. d. til samræmis við veiðarfæri og önnur framleiðslutæki. Slíkur tollur á fóðurvörum getur verið bændum hagkvæmur og til stuðnings hyggilegri framleiðslu fóðurs heima fyrir á búum bænda. Hins vegar verður að teljast réttmætt og vel til fundið, að fé því, sem ríkissjóður innheimtir sem toll af innfluttum fóðurvörum, sé varið óskertu til eflingar búskap og framleiðslu. Verður þá eigi annað nær en að bæta

og auka gróðurlönd til beitar. Í greininni er gert ráð fyrir þessu, að tollur af fóðurvörum renni óskertur til Sandgræðslu Íslands.

Um 32. gr.

Er frá því var horfið að leggja gjald á búfé til að afla fjár til nýrra átaka í landgræðslu, varð samkomulag um að leggja til, að lagt verði fastagjald á áfengi, svo sem fram kemur í greininni. Er þetta gert í fullu samráði við landbúnaðarráðherra og að áeggjan hans.

Eins og kunnugt er, nýtur nú Skógrækt ríkisins mikilla tekna af sölu vindlinga, og mun í ráði að auka þá tekjulind skógræktinni til framdráttar. Eigi geta tveir aðilar brennt sama brandinum, og liggur þá beinast við, að sandgræðslan njóti nokkurs góðs af sölu áfengis, svo sem gert er ráð fyrir í greininni. Tiltölulega lágt gjald af hverjum lítra áfengis, sem seldur er, nemur þeirri fjárhæð, að það getur orðið mikil stoð starfsemi sandgræðslunnar.

Um 33. gr.

Sjálfsagt þykir, að fé því, er sandgræðslan fær til umráða sem toll af fóðurvörum og gjald af áfengi, verði eingöngu varið til hinnar nýju og auknu starfsemi sandgræðslunnar, sem í eðli og framkvæmd er nýtt landnám og landbætur. Hins vegar verði framvegis, eins og verið hefur, veitt fé á fjárlögum ár hvert til að hefta sandfok og forða landspjöllum. Hinum nýju og auknu tekjum sandgræðslunnar skal varið óskiptum til nýrra og stórra hluta, sem velflestum er nú ljóst orðið að framkvæma verður, ef hægt á að vera að auka framleiðslu búsafurða, svo sem með þarf, vegna vaxandi fjölgunar fólks í landinu.

Um IX. kafla.

Þarf eigi skýringar. Þó skal þess getið, að lágmark sektarákvæða er hækkað úr kr. 100.00 í kr. 500.00.

Fylgiskjal II.

Sandsvæði girt og tekin til græðslu.

1. Reykir á Skeiðum. Hið fyrsta foksvæði, sem Sandgræðsla Íslands girti og tók til græðslu, er í landi Reykja á Skeiðum í Árnessýslu. Af uppblæstri þar stafaði þá bráð hætta, er vofði yfir hinni grösugu sveit og jafnvel yfir hluta af Flóanum líka.

Þar var girt 1908—09 9880 m löng girðing um 265 ha. lands. Skjólgarðar voru hlaðnir úr grjóti og melfræi sáð fyrstu árin. Foksvæðið er nú að mestu algróið mel og vinglum, auk þess hafa bændur á Reykjum, en þar er nú fjórbýli, ræktað víðlend tún innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem áður var blásið land, en eigi örfoka.

Í sandgræðslugirðingunni á Reykjum voru á fyrri árum sandgræðslunnar gerðar ýmsar tilraunir og athuganir varðandi sandgræðslu.

2. Þykkvibær. Árið 1909 var lögð girðing milli Hólsár að austan og vestur í Þjórsá, sunnan byggðar í Þykkvabæ og Háfshverfi, girðingin var aukin 1928, alls 2160 ha., lengd 9030 m.

Efri hluti þessarar girðingar er algróinn melgróðri, auk þess sem vinglar og sveifgrös hafa sótt á melgróðurinn. Suðurhlutinn er ber sandur, eins og alls staðar meðfram ströndinni, en melgróðurinn ver hið gróna land, þótt sandur sé þar oft á hreyfingu frá fjörunni.

3. Kaldaðarnes í Árnessýslu. Foksvæði meðfram Ölfusá, girt 1910, 3000 m, 24 ha. Svæðið var að mestu leyti gróið með melgróðri, þegar enski herinn hóf þar flugvallargerð á stríðsárunum og umturnaði öllu, en nú hefur girðingin verið endur-

bætt og sáð í hana melgróðri, auk þess sem bóndinn í Kaldaðarnesi er að rækta þar tún.

4. Eyrarbakki — Óseyrarnes. Foksvæði við sjó, vestan þorpsins á Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá, girt 1911, en girðingin stækkuð 1922.

Þar voru grjótgarðar hlaðnir og fræi sáð og geysimikill sjóvarnargarður byggður að vestan og norðvestan. Nú er svo komið, að s. l. 20 ár hafa Eyrbekkingar ræktað mest af sínum kartöflum innan girðingarinnar, auk þess sem slægjulönd eru þar góð. Vingullinn (túnvingull) hefur komið af sjálfu sér þar, eins og alls staðar í hinum eldri girðingum.

5. Bolungavík. Sandsvæði við sjó norðan og austan við þorpið í Bolungavík. Girt 1914 6925 m, 145.5 ha.

Foksvæðið er nú að fullu gróið, að mestu leyti melgróður. Þar hefur fiskúrgangur verið notaður til áburðar.

6. Kaldárholt, Akbraut. Í Holtahreppi í Árnessýslu. Foksvæði við Þjórsá. Sá hluti svæðisins, sem er í landi Kaldárholts, girtur 1914, en land Akbrautar, sem er eyðibýli, 1931. Girðingin 6130 m, 293.9 ha.

Melfræi sáð, að litlu leyti við skjólgarða. Landið er nú algróið að mestu.

7. Landsveit. Hin miklu foksvæði í Landsveit í Rangárvallasýslu voru girt í tvennu lagi. Árið 1922 var suðurhlutinn girtur, en norðurhlutinn 1941. Er hér um að ræða mikinn hluta sveitarinnar milli Þjórsár og Ytri-Rangár, þar sem lá við algerðri auðn, áður en hafizt var handa um friðun og sandgræðslu. Lengd girðinga er 67200 m, 8142.2 ha. Þar voru hlaðnir grjótgarðar í mörg ár og melfræi sáð, auk þess sem hin seinni ár hefur verið sáð sandfaxi og vingulfræi, sem hefur reynzt mjög vel. Landið innan girðinga er í heild mikið gróið, aðeins moldarflesjur, að mestu ógrónar, en túnvingullinn er óðum að breiðast út um þær. Innan girðinga í Landsveit hafa verið góð slægjulönd í fjölda ára.

8. Bolholt í Rangárvallahreppi. Býlið fór að fullu í eyði 1949. Girt 1925, 1475 m, 95 ha., en er nú orðinn hluti af Gunnarsholtssvæðinu innan girðinga þeirra, sem taldar eru undir tölu 10.

Innan Bolholtsgirðingarinnar var sáð melfræi. Þar eru mjög háir melhólar með berum eyðum á milli. Þyrfti að jafna hólunum út og sá í sandfaxi og vingulfræi.

9. Galtalækur í Landsveit. Sérstök girðing lögð 1925 og stækkuð 1934 um sérstakt foksvæði án samhengis við hin miklu foksvæði í Landsveit, töluliður 7.

Landið var afhent eiganda jarðarinnar, eftir að unnið hafði verið þar að græðslu fram um 1940. Árið 1956 tók sandgræðslan landið aftur í sína vörzlu, þar eð fokhætta virtist vofa yfir að nýju vegna lélegrar vörzlu og ofbeitar.

Lengd girðingar er 5885 m, landstærð 90 ha.

10. Gunnarsholt. Hið forna býli, Gunnarsholt á Rangárvöllum, fór að fullu í eyði 1925, eftir að hús og tún hafði verið flutt um set tvívegis. Á árunum 1928—29 byggir sandgræðslan aftur upp á jörðinni og hefur þar búskap, en fyrsta sandgræðslugirðingin um land á þessu svæði er lögð 1926. Girðingar voru færðar út og ný svæði tekin til vörzlu 1938 og 1945. Alls lykja nú hinar svonefndu Gunnarsholtsgirðingar um 11378.2 ha. lands og eru að lengd 68100 m. Auk heimalands Gunnarsholts er hér um að ræða fleiri eyðijarðir og hluta af löndum margra jarða á Rangárvöllum ofanverðum, sem eru í byggð.

Á Gunnarsholtssvæðinu hefur, sem kunnugt er, verið mest unnið að sandgræðslu á landi hér, þar til hin síðari ár, að önnur uppblásturssvæði hafa verið látin sitja fyrir, þar sem sandfok er nú ekki til skaða í Gunnarsholtsgirðingu. Mikið af grjót- og timburgörðum settir upp og melfræi sáð í belti, þar til hin seinni ár, að ýmsar grastegundir hafa verið notaðar til sáningar ýmist í blöndur eða einar sér, svo sem túnvingull, sandfax o. fl. Hefur sú ræktun gengið afbragðs vel.

Mjög mikið land innan Gunnarsholtgirðinga er nú fullgróið, sérstaklega þar sem friðunarinnar hefur gætt lengst, og tún ræktuð til slægna eru um 260 ha. Hin síðustu ár hefur árlega verið borið á um 350 ha. Hið gróna land utan túns er víst

mest notað til beitar fyrir nautpening (í haust verða settir á um 250 gripir), en auk þess er um 300 fjár beitt á sérstaklega afgirt svæði, sem eru algróin.

11. Keldur á Rangárvöllum. Á Keldum er fyrst af öllum stöðum á Suðurlandi hafin merkileg viðleitni að verjast uppblæstri og sandfoki, áður en Sandgræðsla Íslands hóf starf sitt, en norðan Keldna eru óvarin afar víðlend foksvæði í Heklu-hraunum, sums staðar örfoka, sums staðar nokkuð gróin á ný, en þó háð hættu af foki.

Árið 1926 var girt 5180 m girðing um 107.5 ha. af heimahögum og hluti af túni á Keldum. Hefur með því tekizt að verja höfuðból þetta frá fullri eyðingu. Melfræi var sáð, rof og börð jöfnuð. Landið innan girðingar er nú algróið. Mikil hætta vofir enn yfir norðurhluta Keldnalands, aukist þar beit án vörzlu.

12. Hemla o. fl. í Austur-Landeyjum. Foksvæði við Þverá norðan og austan Hemlu, en fleiri jarðir eiga þar land. Girt 1927 12905 m, 1094 ha. Melfræi sáð. Er nú öll algróin að undanskildum ræmum meðfram Þverá.

13. Hnausar í Meðallandi. Foksvæði í landi þeirrar jarðar girt 1927, 3365 m, 113.2 ha. Melfræi sáð, hlaðnir garðar. Er algróin fjölbreyttum gróðri.

14. Kambsskeið í Holtum. Moldarfoksvæði í landi Hvamms og nærliggjandi jarða í Holtum. Girt 1928, 7160 m, 176.7 ha. Hlaðnir garðar, melfræi sáð. Er að mestu gróin, nema hvað moldarflesjur eru ógrónar hér og þar.

15. Strönd í Selvogi. Foksvæði umhverfis Strandarkirkju í Selvogi. Ágangur af sjávarsandi og landbrot af brimi. Framkvæmdir hafnar 1928 samkvæmt sérstakri löggjöf (lög nr. 50 7. maí 1928). Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er nú hið bezta slægjuland.

16. Bjarnarstaðir í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1550 m, 13.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu algróið, ágætt slægjuland.

17. Mýri í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1510 m, 15 ha. Melfræi sáð. Algróið og gott slægjuland.

18. Axarfjörður (norðurgirðing). Norðvestan við Skóga í Öxarfjarðarhreppi, sandsvæði við sjó. Girt 1929, 9200 m, 821 ha. Melfræi sáð. Landið gróið að mestu nema næst sjónum.

19. Sauðlauksdalur. Skeljasandfok frá sjó, svo sem kunnugt er og frægt frá tíð séra Björns Halldórssonar. Fyrst girt 1929, 2130 m, 55 ha., til þess að verja tún staðarins. Önnur girðing 1942, 14 km, um 1800 ha. Túnið er varið fyrir sandfoki. Melfræi sáð og hefur þrifizt vel meðfram sjó, en lakar uppi í landinu sökum bleytu. Verður reynt að hækka landið með skjólgörðum úr timbri og melfræi sáð í upphækkanirnar.

20. Axarfjörður (syðri girðing). Foksvæði austan og sunnan við Ærlækjarsel í Axarfirði. Girt 1931, 13513 m, 1121 ha. Melfræi sáð. Landið að mestu fullgróið. Þar vex nú mannhæðarhár gulvíðir.

21. Vík í Mýrdal. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið, svo að sandskaflar hlóðust að húsum.

Girt 1933, girðing færð út 1945, alls 2550 m, 16.7 ha.

Sjóvarnargarður byggður, skjólgarðar gerðir og melfræi sáð, þar til fyrir fimm árum, að melurinn var sléttaður og sandfaxi og vingli sáð, og er nú eitt hið bezta tún, sem Víkurbúar rækta og nytja.

22. Kópasker. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið. Girt 1934, 1339 m, 16 ha., Melfræi sáð. Er nú algróið, og rísa nú reisuleg hús innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem sandskaflar voru á hreyfingu áður fyrr.

23. Kirkjubæjarklaustur. Uppblástur við túnið meðfram Skaftá og heimreið á staðinn. Girt 1934, 2855 m, 44.4 ha. Melfræi sáð, þreifst illa. Sandfaxi og vingli sáð hin seinni ár með góðum árangri, og er nú verið að breyta landinu í tún.

24. Þorlákshöfn og Nes. Uppblásturssvæði meðfram sjó og allt norður til Selvogsheiðar frá Ölfusá að austan og að byggð í Selvogi að vestan.

Girt 1935, 21840 m, 7797.8 ha. Melfræi sáð. Melurinn hefur þrifizt heldur illa,

þó bezt upp af Þorlákshöfn. Í girðingunni er enn allmikið sandfok, einkum austur frá Leirunni austan Þorlákshafnar. Nú er verið að koma þar fyrir skjólgörðum úr timbri, síðan verður melfræi sáð. Sandurinn er mjög ófrjór, auk þess sem berar hraunklappir standa upp úr hér og þar, sem gerir sáningu mjög erfiða og nær óframkvæmanlega nema með mjög miklum kostnaði. Athafnalíf í Þorlákshöfn, svo sem fiskverkun, lítt hugsanleg, nema takist að hefta sandfokið.

25. Hvoll í Mýrdal í Dyrhólahreppi. Foksvæði meðfram sjó, sandur gekk á túnin. Girt 1935, 3190 m, 125.7 ha. í sjó fram, en kom ekki að notum.

Árið 1956 var girðingunni breytt og hún stækkuð, girt úr Klifanda að vestan í Dyrhólaey.

26. Arnarnes í Kelduhverfi. Foksvæði við sjó. Girt 1935, 3355 m, 524.4 ha. Melfræi sáð. Er að mestu gróin fjölbreyttum gróðri.

27. Hólabæir, Vestur-Landeyjum. Upphaflega uppblástur frá Þverá. Girt 1938, 7200 m, 348.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu leyti gróin. Búið er að taka nær ¼ af landinu úr vörzlu og breyta girðingu í samræmi við það.

28. Hafnahreppur, Gullbringusýslu. Sandsvæði meðfram sjó, á svæðinu frá Kalmanstjörn að Reykjanesvita. Girt 1938, 19950 m, 5963 ha. Sjálfgræðsla með melgróðri, vingli o. fl. grastegundum. Ameríski herinn skemmdi girðingu og land. Hefur nú verið endurbætt. Þar þarf ekki að gera annað en að bera á til að fá samfelldan gróður.

29. Önundarstaðir í Austur-Landeyjum. Sandur frá sjó. Girt 1939, 5602 m, 56 ha. Jörðin var þá í byggð, og var túnið varið með því að sá melfræi næst því. Síðar lagðist jörðin í eyði, og var girðingin þá tekin upp, þar eð landið er innan Landeyjagirðingar, sem lögð var 1955 (sjá tölulið 44).

30. Sandgerði í Gullbringusýslu. Foksvæði við sjó, og gekk sandur á þorpið. Girt 1941, 3188 m, 31.3 ha. Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er að mestu gróið, aðallega melgróðri.

31. Dimmuborgir í Mývatnssveit. Foksvæði í hrauni. Girt 1942, 8016 m, 422 ha. Hlaðnir garðar, melfræi sáð þrjú fyrstu árin, eftir að girt var. Melgróðurinn hefur ekki aðeins heft sandfokið, heldur breiðzt út um svæðið af sjálfsdáðum.

32. Ássandur, Kelduhverfi. Foksvæði vestan Jökulsár, þar sem eitt sinn voru hinar frægu Ásengjar. Girt 1942, 16750 m, 6000 ha. Melfræi sáð án skjólgarða, og hefur þrifizt mjög vel, auk þess hefur sandfax reynzt þar sæmilega. Þar er nú ekki lengur neitt sandfok, en víðáttumikil svæði gróðurlítil og gróðurlaus.

33. Suðurhagar í Álftaveri. Uppblástur frá Mýrdalssandi. Girt 1944, 6200 m, 230 ha. Friðun aukin til suðurs 1948, þá girtir um 12 km., um 1200 ha. Hlaðnir grjótgarðar. Melfræi, sandfaxi og vingulfræi sáð. Landið er nú að mestu gróið, einkum innan eldri girðingarinnar.

34. Leiðvöllur í Meðallandi. Stórbýlið Leiðvöllur eyddist af sandfoki norðaustan úr hrauninu. Jörðin fór að fullu í eyði 1943. Girt 1944—45, 38506 m, 4967 ha. Landið var hvergi orðið örfoka, en allur gróður eyddur af foki og fokmold og sandur alls staðar á hreyfingu.

Við slík skilyrði þrífst melurinn mjög vel. Heppnaðist því sáning melfræs, sem sáð var 1946—47, ágætlega, og hefur hann síðan breiðzt út sjálfkrafa og náð afar mikilli grósku, svo að vart eru slíks dæmi annars staðar.

Á Leiðvelli væri hægt að reisa að nýju myndarlegt býli eftir tólf til þrettán ára starf.

35. Hólasandur í Suður-Þingeyjarsýslu, norðan Mývatnssveitar. Að mestu land frá jörðum í Laxárdal. Girt sem varnargirðing á vegum sauðfjárveikivarnanna 1943—45. Sandgræðsla Íslands tók við landi og girðingu 1949. Landstærð um 6000 ha., lengd girðingar um 40 km. Þar hefur ekkert verið gert nema girða. Þyrfti að bera á vingulgróðurinn, sem er þar allsráðandi.

36. Berjanes í Vestur-Landeyjum. Uppblástur frá Affallinu. Girt 1948, 4200 m,

700 ha. Er raunverulega stækkun á Hemlugirðingu (sjá tölulið 12 hér að framan). Sjálfgræðsla gengur vel.

37. Lambastaðir í Álftaneshreppi í Mýrasýslu. Foksvæði við sjó. Sandur gekk á tún jarðarinnar. Girt 1949, um 3000 m, um 300 ha. Sáð vingli og stefnt að því að gera töluvert af svæðinu að túni.

38. Meðalland í Vestur-Skaftafellssýslu. Víðáttumikið sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í sveitinni. Girt 1953 úr Kúðafljóti að vestan í Eldvatn að austan, um 40 km, um 6000 ha. Sáð hefur verið túnvingli á mörkum sands og gróðurs og borið á til að stöðva frekari gróðureyðingu, þar sem mest mæðir á. Annars má búast við mikilli sjálfgræðslu víða um sandinn (vingull og stör), einkum ef gróðurinn væri styrktur með áburði.

39. Aðaldalsgirðing í Suður-Þingeyjarsýslu. Foksvæði frá sjó milli Laxár að austan og Skjálfandafljóts að vestan. Girt 1953, um 14 km, um 1500 ha. Sáð melfræi með allgóðum árangri. Melur, sem var í landinu, hefur breiðzt mikið út.

40. Vatnsbæjagirðing. Foksvæði við sjó norðan Víkingavatns og Lóns í Keldhverfi. Girt 1953—54, um 11 km, um 1100 ha. Melfræi sáð í mjóar spildur, þvert á fokáttina. Borinn tilbúinn áburður á melgróður, sem er fyrir í landinu, og reynt að fá hann til að breiðast út um sléttan sandinn.

41. Breiðavík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1953—54, um 12 km, um 1200 ha. Sáð melfræi, vingli og sandfaxi. Árangur misjafn, sandurinn víða of blautur fyrir slíkan gróður. Reynt er að hækka sandinn með því að setja upp trégirðingar, sem fýkur að.

42. Kollsvík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1954—55, um 6200 m, um 700 ha. Sáð melfræi með góðum árangri.

43. Hólssandur, austan Jökulsár á Fjöllum, sunnan byggðar í Axarfirði. Stórfellt sandfok úr suðri, er stefndi á byggðina. Girt 1954, um 40 km, um 600 ha. Settir upp um 45 km af timburgirðingum, sáð meðfram þeim melfræi og vingli og borið á. Hefur þegar náðst sá árangur, að fullar vonir standa til, að hinni bráðustu hættu sé bægt frá, en þörf mikilla aðgerða hin næstu ár og lengi enn.

44. Landeyjar. Sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í Austur- og Vestur-Landeyjum alla leið frá Hólsá að vestan til Markarfljóts að austan. Girt 1955, um 40 km, 11000—12000 ha. Settir hafa verið upp um 35 km af timburgörðum, melfræi sáð meðfram og borið á. Eiga garðarnir að gera hvort tveggja að stöðva fok og hækka landið.

45. Vík í Mýrdal. Foksandur frá Mýrdalssandi austan kauptúnsins meðfram þjóðvegi, milli hans og Víkurhamra. Girt 1955—56, um 500 m, um 115 ha. Sáð vingli og sandfaxi til túnræktunar með mjög góðum árangri.

46. Bakkabæir á Rangárvöllum. Foksvæði við Þverá. Girt 1956, um 9000 m, um 540 ha. Sáð vingli, melfræi og sandfaxi.

47. Skógasandur. Girt 1955, 12 km, 1000 ha. Sáð 1955 í 1000 ha. vingli og vallarfoxgrasi (25 og 75%). Sáð 1956 í aðra 100 ha. sömu tegundum (75 og 25%). Sáð 1957 í 30 ha. túnvingli.

Borið á og gengið frá, svo sem um túnrækt sé að ræða. Landið notað til beitar og slægna. Svæðið er allt úr landi Skóga, en afsalað í hendur Sandgræðslu Íslands.

Sandgræðslan lagði til allt girðingarefni og grasfræ og lét í té framlag til áburðarkaupa. Bændur í Austur-Eyjafjallahreppi unnu að girðingu og ræktunarstörfum og árangurinn í umsjá sandgræðslunnar.

48. Sólheimasandur. Girt 1956, 3200 m, 60 ha. Sáð 1956 í 18 ha. túnvingli og vallarfoxgrasi (75 og 25%). Sáð 1957 í 3 ha. túnvingli. Landið er eign Sólheimabænda. Um girðingu, fræ og áburð er sama að segja og um Skógasand. Landið er notað til slægna.

49. Skaftárdalur á Vestur-Síðu. Moldfok. Girt 1955, um 4000 m, um 112 ha. Sandgræðslan lagði til girðingarefni og fræ. Sáð var 1956 í 6 ha. til túnræktar, túnvingli og vallarfoxgrasi til helminga. Framkvæmd í höndum bóndans.

50. Randir í Mývatnssveit. Foksvæði norðaustanvert við Námaskarð, norðan þjóðvegarins. Girt 1957, 8500 m, 1125 ha.
Randsáð í 30 ha. melfræi.

Sandgræðslusvæði, sem hafa verið í vörzlum Sandgræðslu Íslands, en voru afhent hlutaðeigandi aðilum fyrir 1940:

1. Miðhús í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
Moldaruppblástur, girt 1910, 1550 m, 15 ha.
2. Mjósyndi í Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
Girt 1913, 2700 m, 65 ha.
3. Ytri-Sólheimar í Dyrhólahreppi.
Moldarrof í hlíðarbrekkum. Girt 1913, 2400 m, 38 ha.
4. Stóra-Hof á Rangárvöllum.
Sandágangur frá Geitasandi, sem hótaði öllu graslendi á Stóra-Hofi, sem í rauninni er aðeins gróðurspilda meðfram Eystri-Rangá. Girt 1926, 3520 m, 71.8 ha.
5. Reynifell á Rangárvöllum.
Uppblástur suður af Hekluhrauninu, er stefndi á túnið. Girt 1930, 3200 m, 36 ha.

Sandgræðsla, sem styrkur hefur verið veittur til, án þess að Sandgræðsla Íslands annaðist framkvæmdir:

1. Syðri-Fjörður í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu.
Sandur við sjó. Girt 1944, um 1500 m., um 10 ha.
2. Grænavatn í Mývatnssveit.
Árið 1945 voru hin svonefnd Sellönd suður af Grænavatni girt og veittur styrkur til þess úr ríkissjóði, er nam verði á öllu girðingarefni, komnu á næstu höfn.
Lengd girðingar um 11 km, landstærð um 2000 ha.
Þar var um mikinn uppblástur að ræða, sem tókst að hefta með friðun og sáningu melfræs. Landið er nú verðmætt beitiland.
3. Stjórnarsandur á Síðu.
Sandsvæði milli Stjórnar og Skaftár. Girt 1950, um 4000 m, um 2000 ha. Sandgræðslan lagði til efni í girðinguna, komið á staðinn.

— — —

Samkvæmt þessari talningu hefur sandgræðslan náð til:

1. Fimmtíu svæða, sem enn eru í vörzlu Sandgræðslu Íslands, sem eru alls að flatarmáli um 101176.6 ha, og girðingar um þau um 669.6 km.
2. Fimm svæða, sem hafa verið afhent hlutaðeigandi aðilum, eftir að sandgræðslan hafði haft þau til meðferðar.
Þessi fimm svæði eru alls um 225.8 ha. og lengd girðinga um 13.4 km.
3. Þriggja svæða, sem veittur hefur verið styrkur til að friða. Landstærð um 4010 ha., lengd girðinga um 16.5 km.

Sþ. 309. Fyrirspurn [176. mál]

til ríkisstjórnarinnar um aðild ríkisstofnana að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvaða ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands? Hvert hefur verið tillag þessa stofnana og fyrirtækja til Vinnuveitendasambandsins seinustu 10 árin?

Nd. **310. Lög** [85. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 31. jan.)

Samhljóða þskj. 149.

Sþ. **311. Nefndarálit** [61. mál]

um till. til þál. um öflun lánsfjár til Hvalfjarðarvegar.

Frá fjárveitinganefnd.

Samhljóða till. var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Nú hefur verið upplýst af ríkisstjórninni, að í athugun sé öflun lánsfjár til ýmissa mikilvægra framkvæmda í landinu, þar á meðal til vegagerðar. Ýmsir vegir koma að sjálfsögðu til greina í sambandi við skiptingu lánsfjár til vegagerðar, og telur nefndin, að það mál þurfi nánari athugun og undirbúning, áður en Alþingi geti ákveðið lánveitingar til einstakra vega.

Hins vegar lítur nefndin svo á, að Hvalfjarðarvegur sé svo mikilvæg umferðaræð og tengivegur milli landshluta, að hann hljóti að koma mjög til álita, ef lánsfé fæst og verður veitt til vegagerðar, og með hliðsjón af því leggur nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

KGuðj. var fjarverandi, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 31. jan. 1961.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Halldór E. Sigurðsson.

Ingvar Gíslason. Halldór Ásgrímsson. Jónas G. Rafnar.

Jón Árnason. Guðl. Gíslason.

Ed. **312. Frumvarp til laga** [177. mál]

um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Sameina skal rekstur Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Eftir sameininguna skulu fyrirtækin rekin undir heitinu „Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins."

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og ákveður laun hans.

3. gr.

Reikningum hvorrar tegundar rekstrarins skal haldið aðskildum í bókhaldi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og frá sama tíma eru lagðar niður stöður forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Lög nr. 69 1928, um einkasölu á áfengi, ásamt síðari breytingum, og lög nr. 58 1931, um einkasölu á tóbaki með síðari breytingum, svo og lög nr. 65 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, gilda framvegis eftir því sem þau eiga við með þeim breytingum, sem leiðir af þessum lögum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur oft verið um það rætt að sameina í sparnaðarskyni rekstur Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Hafa tvisvar sinnum verið lögð frumvörp fyrir Alþingi um þetta efni, árið 1943 og árið 1950, en í hvorugt skiptið hlutu frumvörpin afgreiðslu.

Athugun, sem fram hefur farið á vegum fjármálaráðuneytisins, hefur leitt í ljós, að sameining á rekstri þessara tveggja stofnana muni geta leitt til verulegs sparnaðar, bæði um mannahald og annan reksturskostnað. Þykir því einsætt að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess, að úr sameiningunni geti orðið.

Nd. 313. Frumvarp til laga [178. mál]

um breyting á lögum nr. 17 10. febrúar 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

14. grein laganna orðist svo:

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn, og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára og annan varaformann.

Ef bankaráðsmaður eða varamaður fellur frá eða verður óhæfur til starfsins, áður en starfstími hans er á enda, kýs Alþingi annan mann í hans stað.

Þá skal og ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu sitja fundi bankaráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að komið verði sama fyrirkomulagi á skipan bankaráðs Framkvæmdabanka Íslands og lögleitt var varðandi Búnaðarbanka Íslands í júní s. l. Samtímis þessu frumvarpi eru lögð fram frumvörp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, þar sem gert er ráð fyrir, að bankaráð þeirra banka verði skipuð með sama hætti.

Þó er þá frávik hér, að samkvæmt 3. mgr. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu sitji fundi bankaráðsins og hafi þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdabankinn hefur með höndum ýmis mikilvæg störf fyrir fjármálaráðuneytið. Á þessi skipan að tryggja nægileg tengsl milli ráðuneytisins og yfirstjórnar bankans. Má og hér minna á, að þegar lög um Framkvæmdabankann voru sett 1953, var ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu samkvæmt 14. gr. þeirra laga sjálfkjörinn í bankaráðið.

Nd. 314. Frumvarp til laga [179. mál]

um Landsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk Landsbankans er að reka hvers konar bankaviðskipti og stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna.

4. gr.

Landsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík, en auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankastjórn og bankaráð ákveða.

II. KAFLI
Um starfsemi bankans.

5. gr.

Hlutverk sitt leysir Landsbankinn af hendi með því:

a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveizlu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveizlu eigna;
g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

6. gr.

Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánum, sem fást greidd með skömmum

fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.

III. KAFLI
Um veðdeild.

7. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Landsbankinn.

Veðdeildin lánar gegn veði í fasteignum samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum.

IV. KAFLI
Stjórn bankans og reikningsskil.

8. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

9. gr.

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann. Ef bankaráðsmaður eða varamaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans, áður en starfstími hans er á enda, kýs Alþingi annan mann í hans stað.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

10. gr.

Bankastjórn Landsbanka Íslands er skipuð þremur bankastjórum sem bankaráð ræður. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi. Heimilt er bankaráði að ráða aðstoðarbankastjóra.

Ekki mega bankastjórar reka sjálfir atvinnu, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf nema samþykki bankaráðs komi til.

11. gr.

Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í mánuði. Aukafund skal halda, er formaður eða bankastjórn telur þess þörf eða meiri hluti bankaráðsmanna óskar þess.

Bankaráðsfundir eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Bankastjórar eiga rétt á að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er varða bankastjórana sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans.

12. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Landsbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

13. gr.

Bankaráð ræður aðalféhirði bankans, aðalbókara og forstöðumann endurskoðunardeildar og útibúa utan Reykjavíkur. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs.

14. gr.

Bankastjórn Landsbankans hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni eftir reglum, er ákveðnar skulu í reglugerð. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir, svo gilt sé.

15. gr.

Starfsár Landsbankans er almanaksárið. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

16. gr.

Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur bankans, svo og töp vegna afskrifaðra lána samkvæmt ákvörðun bankaráðs.

Tekjuafgangi skal bankaráð ráðstafa til varasjóðs og annarra hliðstæðra sjóða bankans að fengnum tillögum bankastjórnar.

17. gr.

Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Eigi mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum nema veðdeild, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

19. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða fyrir innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiptabókar með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði, og ef enginn hefur sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskírteinið eða viðskiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiptabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

20. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

21. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

22. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til að leysa veðið með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

23. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Landsbankanum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

24. gr.

Lög þessi taka gildi 15. marz 1961.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laganna skal Alþingi kjósa nýtt bankaráð samkvæmt ákvæðum þeirra, og skal kjörtími þess vera til ársloka 1964, og fellur þá jafnskjótt niður umboð núverandi bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samtímis frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, en þessum tveimur frumvörpum er ætlað að koma í stað laga nr. 63/1957, sem nú gilda um Landsbanka Íslands. Samkvæmt þeim lögum starfar Landsbankinn í tveimur aðskildum höfuðdeildum, Seðlabanka og Viðskiptabanka, en í þeim tveimur frumvörpum, sem nú hafa verið lögð fram, er Landsbankanum skipt í tvær sjálfstæðar stofnanir, er hvor um sig starfi samkvæmt sérstökum lögum. Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands er gerð grein fyrir rökum þeim, sem að því hníga, að Landsbankanum sé skipt á þennan hátt, og vísast hér til þess, sem þar er sagt.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru fá nýmæli. Samning þess hefur einkum verið í því fólgin að draga út úr núgildandi lögum um Landsbanka Íslands þau atriði, sem varða starfsemi hans sem viðskiptabanka, og skipa þeim saman í heil-

steypta löggjöf. Jafnframt hafa verið felld niður úr lögunum ýmis ákvæði, sem reynslan hefur sýnt, að eru orðin óþörf eða með öllu úrelt. Er ekki að furða, þótt slíkra breytinga sé þörf, þar sem núgildandi lög eru að mestu óbreytt frá lögum þeim, sem um bankann voru sett 1927 og 1928, en þau voru aftur að ýmsu leyti byggð á eldri lögum. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið í þessu frumvarpi, miða að því að gera lögin einfaldari og ljósari, og hefur í því efni verið höfð hliðsjón af nýlegum lögum, sem sett hafa verið um aðra viðskiptabanka, það er að segja Útvegsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h. f. og Verzlunarbanka Íslands h. f. Eru lög þau, sem gilda um alla þessa banka, mun einfaldari en núgildandi lög um Landsbankann, og stefnir þetta frumvarp að því að koma lögum þeim, sem um Landsbankann gilda, í svipað horf. Má raunar segja, að komið sé svo fast form á starfshætti og skipulag viðskiptabankanna, að fátt eitt í frumvarpi sem þessu geti orkað tvímælis.

Með tilliti til þess, að frumvarp þetta er í öllum meginatriðum byggt á núgildandi lögum, er ekki nauðsynlegt að ræða efni frumvarpsins grein fyrir grein. Hins vegar verður nú vikið að efni þess í meginatriðum og gerð grein fyrir helztu nýmælum.

Um hlutverk og skipulag bankans.

Í I. kafla frumvarpsins, 1.—4. grein, er fjallað um hlutverk bankans og skipulag, og eru þessi ákvæði sniðin eftir núgildandi lögum.

Um starfsemi bankans.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um starfsemi bankans. Í 5. grein er einungis um það að ræða að skilgreina verksvið bankans þannig, að hann geti tekið að sér öll venjuleg störf viðskiptabanka bæði innan lands og utan. Í 6. grein eru almenn ákvæði um, að bankinn skuli eiga hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum eignum, þar á meðal verðbréf, er nemi að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.

Um veðdeild.

Í 7. grein er svo fyrir mælt, að veðdeild Landsbankans skuli starfa sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Landsbankinn. Með þessu er lagt til, að veðdeildin fylgi Landsbankanum, en síðan bankinn var greindur sundur í tvær aðskildar deildir árið 1957, hefur veðdeildin fallið undir Seðlabankann. Hins vegar þykir eðlilegra, ef Landsbankanum verður skipt í tvo banka, að veðdeildin fylgi þeim bankanum, sem heldur Landsbankanafninu, enda hefur hún verið hluti af Landsbankanum og við hann kennd í rúm 60 ár. Það styður einnig þessa skipan, að Landsbankinn verður viðskiptabanki, en það er eðlilegra, að rekstur veðdeildar sé í höndum viðskiptabanka heldur en seðlabanka.

Um stjórn bankans og reikningsskil.

Í IV. kafla frumvarpsins, 8.—17. grein, er fjallað um stjórn bankans og reikningsskil, og er þessi kafli í meginatriðum sama efnis og ákvæði núgildandi laga. Eina efnisbreyting, sem máli skiptir, er fólgin í 9. gr., sem fjallar um skipun bankaráðs. Er þar gerð sú breyting, að allt bankaráðið verði kosið hlutbundinni kosningu af Alþingi í stað þess, að í gildandi lögum eru fjórir bankaráðsmenn kosnir af Alþingi, en formaður skipaður af ráðherra. Sú skipan, sem í frumvarpinu felst, hefur þegar verið lögfest varðandi bankaráð Búnaðarbanka Íslands. Er ætlun ríkisstjórnarinnar, að sama fyrirkomulag gildi um bankaráð allra ríkisbankanna, en með því, að bankaráð séu öll þingkjörin, á skipun þeirra að vera í eins nánu samræmi við vilja Alþingis og verða má. Þá eru í frumvarpinu bankastjórarnir nefndir bankastjórn en ekki framkvæmdastjórn eins og í eldri lögum, og er þetta í samræmi við þá málvenju, sem myndazt hefur. Í 10. grein er bankaráði heimilið að ráða aðstoðarbankastjóra. Hér er ekki um nýmæli að ræða, þar sem aðstoðarbankastjóri hefur verið starfandi við Landsbankann, án þess að um það væri sérstakt ákvæði í lögum.

Um ýmis ákvæði.

Í V. kafla frumvarpsins, 18.—23. grein, eru ýmis ákvæði, svo sem um skattfrelsi bankans og ýmis önnur réttindi hans, og er það allt sama efnis og í þeim lögum, sem nú gilda.

Nd. 315. Frumvarp til laga [180. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

I. KAFLI
Skipulag bankans og hlutverk.

1. gr.

Seðlabanki Íslands (á ensku the Central Bank of Iceland) er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

Seðlabanki Íslands (hér eftir nefndur Seðlabankinn) tekur við öllum eignum og skuldbindingum Landsbanka Íslands, Seðlabankans. Af stofnfé og varasjóðum Landsbanka Íslands, Seðlabankans, skulu 100 millj. kr. teljast stofnsjóður Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt;
2. að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við;
3. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum;
4. að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyris- og peningamál;
5. að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum;
6. að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt, sem varðar hlutverk hans;
7. að annast önnur verkefni, sem samrýmanleg eru tilgangi hans sem seðlabanka.

4. gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankanum rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hann skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

II. KAFLI
Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

5. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er bókhaldslega aðskilin deild í Seðlabankanum. Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að veita fyrirtækjum, er stunda sjávarútveg, stofnlán gegn veði í eignum þeirra.

Stofnlánadeildin starfar samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum. Heimilt er stofnlánadeildinni að opna nýja lánaflokka, eftir því sem stjórn Seðlabankans telur nauðsynlegt, enda séu þeir háðir ákvæðum laga nr. 41/1946, þó ekki ákvæðum 3.—11. greinar. Um nýja lánaflokka skal setja ákvæði í reglugerð, er ráðherra sá, sem fer með bankamál, gefur út að fengnum tillögum stjórnar Seðlabankans.

III. KAFLI
Seðlaútgáfa og mynt.

6. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla eða annan gjaldmiðil, er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.

Seðlar þeir, sem bankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

Ráðherra sá, sem fer með bankamál, ákveður samkvæmt tillögu Seðlabankans lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra, sem bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni.

7. gr.

Seðlabankinn skal stefna að því að eiga ávallt á móti að minnsta kosti helmingi seðlamagnsins, sem í umferð er, gulleign, innstæður eða aðrar auðseldar og óbundnar eignir í erlendum gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er. Skal bankinn birta reglulegar skýrslur um það, hve miklum hluta seðlaveltunnar þessi trygging nemi.

8. gr.

Fjármálaráðuneytið getur samið við Seðlabankann um, að hann taki við útgáfu myntar af ríkissjóði, og skulu þá úr gildi falla lög nr. 19/1925, um innlenda skiptimynt. Í stað þeirra skulu ákvæði 6. greinar þessara laga ganga í gildi um útgáfu myntar á sama hátt og um peningaseðla.

IV. KAFLI
Innlend viðskipti Seðlabankans og eftirlit með bankastarfsemi.

9. gr.

Seðlabankinn tekur við innlögum frá bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum og getur veitt þeim lán með endurkaupum tryggra víxla eða á annan hátt gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.

10. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hverrar þeirrar stofnunar annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati hans.

Bankaeftirlitið, en svo skal þessi starfsemi nefnast, skal fylgjast með því, að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Einnig skal því heimilt að gera athugasemdir, ef það telur hag eða rekstur inn-

lánsstofnunar óheilbrigðan, og skulu slíkar athugasemdir tilkynntar ráðherra þegar í stað. Gagnvart sparisjóðum tekur bankaeftirlitið við þeim störfum, sem sparisjóðseftirlitinu er falin með lögum um sparisjóði, nr. 69/1941.

Skylt er innlánsstofnunum að láta bankaeftirlitinu í té reikninga sína og aðrar upplýsingar í því formi og svo oft sem óskað er. Einnig er bankaeftirlitinu heimilt að rannsaka bókhald og eignir innlánsstofnana, hvenær sem ástæða þykir til.

Seðlabankinn skal taka við vörzlu og stjórn tryggingasjóðs sparisjóða, sbr. 17. grein laga nr. 69/1941, enda fer um endurskoðun reikninga hans eftir ákvæðum 30. gr. laga þessara.

11. gr.

Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, svo og aðrar opinberar lánsstofnanir og fjárfestingarsjóðir, skulu geyma lausafé sitt á reikningi í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið.

Seðlabankinn getur ákveðið, að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei vera hærri en 20% af því innstæðufé hjá viðkomandi stofnun, sem ávísa má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum. Seðlabankinn getur innan þessara hámarka breytt þessu hlutfalli, þegar ástæða þykir til, en sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnunum sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 2. málsgrein.

Valdi flutningar innstæðna vegna framkvæmdar 1. eða 2. málsgreinar í upphafi erfiðleikum fyrir ákveðnar innlánsstofnanir, skal Seðlabankinn leitast við að leysa úr því m. a. með því að yfirtaka samtímis af viðkomandi stofnun verðbréf eða aðrar eignir, sem hann metur gildar.

12. gr.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða, að innlánsstofnanir, sem um ræðir í 10. grein, skuli eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Einnig ákveður hann, hvaða verðbréf skuli metin gild í þessu skyni. Þegar komin eru á regluleg kaupþingsviðskipti, skulu yfirleitt ekki önnur verðbréf metin gild en þau, sem þar eru skráð, og skal þá miða verðmæti þeirra við markaðsgengi.

13. gr.

Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, er um ræðir í 10. grein, mega reikna af innlánum og útlánum. Nær þetta vald einnig til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 73/1933. Vaxtaákvarðanir skulu birtar í Lögbirtingablaði. Ákvörðunarvald þetta nær einnig til þóknunar, sem jafngildir vöxtum að áliti Seðlabankans.

14. gr.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Skulu allar innstæður ríkissjóðs og þeirra ríkisstofnana, sem eru á fjárlögum, geymdar í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið. Þurfi að eiga sér stað verulegar tilfærslur á innstæðum vegna þessa ákvæðis, skal Seðlabankinn leitast við að tryggja, t. d. með verðbréfakaupum á móti, að þær valdi ekki viðkomandi innlánsstofnunum erfiðleikum.

Heimilt er Seðlabankanum að veita ríkissjóði lán til skamms tíma, enda skal að því stefnt, að slík lán greiðist upp í lok hvers fjárhagsárs.

15. gr.

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur fyrsta flokks verðbréf, og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna til og reka kauphing, þar sem verzlað yrði með vaxtabréf og hlutabréf samkvæmt reglum, sem bankastjórnin setur og ráðherra staðfestir.

16. gr.

Seðlabankinn skal starfrækja greiðslujöfnunarkerfi til að auðvelda ávísanaviðskipti og vinna á annan hátt að því að greiða fyrir peningagreiðslum innan lands.

17. gr.

Heimilt er Seðlabankanum að reka önnur bankaviðskipti, sem samrýmanleg geta talizt hlutverki hans sem seðlabanka, en hann skal þó yfirleitt hvorki skipta við almenning né keppa um viðskipti við aðrar lánsstofnanir.

V. KAFLI

Gengismál og erlend viðskipti.

18. gr.

Seðlabankinn kaupir og selur erlendan gjaldeyri og ákveður gengi hans, að svo miklu leyti sem það er ekki sérstaklega ákveðið í lögum.

Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innstæðum og í gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er.

19. gr.

Rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri hafa auk Seðlabankans Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands. Heimilt er bankastjórn Seðlabankans að fengnu samþykki ráðherra að leyfa öðrum bönkum, svo og póststjórninni, að verzla með gjaldeyri innan takmarka, sem hún ákveður.

20. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki, svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Hann skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum, eftir því sem um verður samið.

21. gr.

Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisverzluninni og eftirlit með því, að lögum og reglum um verzlun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt. Gjaldeyriseftirliti bankans er heimilt vegna þessa verkefnis að krefjast hvers konar upplýsinga um gjaldeyrismál frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

Í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum Seðlabankans samkvæmt ákvæðum þessara laga og laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., skal setja nánari reglur um meðferð gjaldeyris og framkvæmd gjaldeyriseftirlits.

22. gr.

Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en um leið og það kemur til framkvæmda og kvóti Íslands hjá sjóðnum flyzt á reikning Seðlabankans, falla niður skuldir ríkissjóðs við bankann vegna framlaga Íslands til sjóðsins hingað til.

VI. KAFLI
Hagskýrslugerð.

23. gr.

Seðlabankinn starfrækir hagfræðideild, er safnar skýrslum og gerir áætlanir um greiðslujöfnuð, gjaldeyris- og peningamál og annað, sem hlutverk bankans varðar, og skal hún birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

Einnig skal hagfræðideildin vinna að annarri skýrslugerð og athugunum varðandi efnahagsmál og þar á meðal taka að sér þau verkefni á því sviði, sem ríkisstjórnin kann að fela henni. Í þessum efnum skal hagfræðideildin hafa nána samvinnu við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem að hliðstæðum verkefnum vinna.

Skylt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta hagfræðideild Seðlabankans í té þær upplýsingar, sem hún þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar.

VII. KAFLI
Stjórn bankans.

24. gr.

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

25. gr.

Bankastjórn Seðlabankans er skipuð þremur bankastjórum, sem ráðherra skipar að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórnin kýs sér formann til ekki skemmri tíma en eins árs í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir, getur ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, sett mann í hans stað á meðan.

Ekki mega bankastjórar vera í stjórn annarra peningastofnana eða fyrirtækja eða gegna öðrum störfum, sem ekki má skoða í beinum tengslum við starf þeirra við bankann, nema samþykki ráðherra komi til.

26. gr.

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Bankastjórnin heldur fundi með sér svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess.

27. gr.

Ráðherra getur að fengnu áliti bankaráðs vikið bankastjóra frá starfi. Ráðherra skal gera skriflega grein fyrir ástæðum fyrir uppsögninni, og skal bankastjóri eiga rétt á fullum launum í eitt til þrjú ár, svo og á eftirlaunum eftir 65 ára aldur, er nemi að minnsta kosti ⅔ hlutum launa, hvort tveggja samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Segi bankastjóri upp starfi, skal hann njóta launa í allt að eitt ár, svo og eftirlauna samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Ráðherra er einnig heimilt að víkja bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi.

28. gr.

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varafor-

mann. Ef bankaráðsmaður eða varamaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans, áður en starfstími hans er á enda, kýs Alþingi annan mann í hans stað.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

29. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans, og skal bankastjórnin hafa náið samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt, svo og um ákvarðanir í mikilvægum málum, er stefnu bankans varða, svo sem um vexti og innlánsbindingu. Enn fremur skal bankastjórnin gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans og þróun gjaldeyris- og peningamála.

Bankaráð gerir tillögur um reglugerð bankans og erindisbréf bankastjóra, er ráðherra gefur út.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Bankastjórnin undirbýr fundi bankaráðs ásamt bankaráðsformanni. Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema þegar rætt er um mál, er varða þá sjálfa.

30. gr.

Bankaráð ber ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans, og skal sérstök endurskoðunardeild starfa við bankann undir umsjón þess. Auk þess skal formaður bankaráðs, og í forföllum hans varaformaður, ásamt sérstökum bókhaldsfróðum endurskoðanda, sem til þess er ráðinn af bankaráði, fylgjast með framkvæmd endurskoðunar og gera reglulegar athuganir á bókhaldi og eignum bankans.

31. gr.

Bankaráð ræður aðalféhirði Seðlabankans og forstöðumann endurskoðunardeildar. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs.

VIII. KAFLI
Reikningsskil.

32. gr.

Starfsár Seðlabankans er almanaksárið. Ársreikningar bankans skulu samdir svo fljótt sem auðið er eftir árslok. Að lokinni endurskoðun skulu þeir staðfestir af bankaráði og úrskurðaðir af ráðherra. Skulu reikningarnir síðan birtir í ársskýrslu bankans og Stjórnartíðindum. Bankinn skal enn fremur birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit.

33. gr.

Af tekjum ársins skal greiða allan rekstrarkostnað, svo og tap, sem bankinn hefur orðið fyrir á árinu.

Af tekjuafgangi þeim, sem þá er eftir, skal greiða 5% arð af stofnfé bankans, enda nemi arðgreiðsla aldrei hærri upphæð en helmingi tekjuafgangsins. Bankaráð getur þó eftir tillögu bankastjórnar ákveðið hærri arðgreiðslu, ef aðstæður leyfa. Þeim hluta tekjuafgangsins, sem ekki er greiddur út sem arður, skal bankaráð ráðstafa til varasjóða bankans og deilda hans eftir tillögu bankastjórnarinnar.

Arður sá, sem greiddur er af stofnfé samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar, rennur í sérstakan sjóð, sem Seðlabankinn varðveitir, en hálfar árlegar tekjur sjóðsins skulu renna til Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 51/1957, um Vísindasjóð.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

34. gr.

Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

35. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

36. gr.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs, nánari ákvæði um starfsemi bankans, þar á meðal skal ákveða viðurlög í formi dagsekta eða refsivaxta, ef ákvörðunum bankans samkvæmt lögum þessum er ekki hlýtt.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. marz 1961. Um leið falla úr gildi lög nr. 63 frá 21. júní 1957.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal á Alþingi kjósa bankaráð samkvæmt ákvæðum þeirra, og skal kjörtími þess vera til ársloka 1964, en það skal ásamt ráðherra hlutast til um, að skipuð verði ný bankastjórn fyrir Seðlabankann, enda fellur þá um leið niður umboð núverandi stjórnar Seðlabankans.

Á meðan Seðlabankinn starfar í sama húsi og Landsbanki Íslands, geta bankarnir haft samvinnu um starfsmannahald, endurskoðun o. fl., eftir því sem um semst.

Heimilt er Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu að semja um það sín á milli, að inn á vaxtalausan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann vegna ákvæða 5. greinar laga um efnahagsmál, nr. 4/1960, greiðist óráðstafaðar innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum vegna mótvirðissjóðs, svo og 50 millj. kr. af mótvirðisfé, sem geymt er á sérstökum reikningi í Seðlabankanum, sbr. 4. grein laga nr. 17/1953, um Framkvæmdabanka Íslands, enda taki Seðlabankinn að sér að greiða eftirstöðvar reikningsins af rekstrartekjum ársins 1960 og næstu ára þar á eftir samkvæmt nánari ákvörðun bankaráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarpi þessu til laga um Seðlabanka Íslands ásamt frumvarpi til laga um Landsbanka Íslands, sem lagt er fram samtímis, er ætlað að koma í stað þeirra laga, sem nú gilda um Landsbanka Íslands. Núgildandi lög eru að stofni til frá 1928, en á þeim voru gerðar miklar breytingar með lögum nr. 33 29. maí 1957, um breyting á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands. Svo breytt voru lögin gefin út á ný sem lög nr. 63 21. júní 1957, um Landsbanka Íslands. Þótt segja megi, að margar þeirra breytinga, sem gerðar voru á lögum Landsbankans 1957, hafi stefnt í rétta átt, var löggjöfin í heild gölluð. M. a. blönduðust saman nýmæli nýju laganna og úrelt ákvæði hinna gömlu, svo að heildarsamræmi laganna rofnaði. Ríkisstjórnin telur því nauðsynlegt, að sett verði ný, heilsteypt löggjöf um þennan mikilvæga þátt í peningakerfi þjóðarinnar.

Sérstakur seðlabanki.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að fullur aðskilnaður verði gerður á milli Seðlabankans og Viðskiptabankans, sem einn mundi taka við nafni Landsbanka Íslands. Mundi með því vera á enda kljáð deila, sem staðið hefur hátt á fjórða áratug um það, hvort koma ætti á fót sérstökum seðlabanka. Um þetta atriði klofnaði bankamálanefndin 1925, en meiri hluti hennar lagði til, að seðlaútgáfan yrði falin sérstakri deild í Landsbankanum, en bankinn væri jafnframt áfram almennur viðskiptabanki. Þessi skipan komst á í aðalatriðum með Landsbankalögunum 1927 og 1928. Minni hluti nefndarinnar (Benedikt Sveinsson) lagði hins vegar til, að stofnaður yrði sérstakur seðlabanki, er skyldi nefnast Ríkisbanki Íslands.

Næstu þrjá áratugi eða til maí 1957 starfaði Landsbankinn í tveimur aðskildum höfuðdeildum, seðlabanka og sparisjóðsdeild auk veðdeildar og stofnlánadeildar, og voru þessar deildir allar undir einni sameiginlegri yfirstjórn. Hlutu seðlabankasjónarmið og viðskiptabankasjónarmið að blandast nokkuð saman í starfsemi bankans, en þó var eftir því sem á leið, sérstaklega eftir 1950, reynt að skilja seðlabankastörfin betur frá, að minnsta kosti bókhaldslega. Allmikill skoðanamunur var uppi allan þennan tíma um það, hvort þessi skipan væri heppileg. Árið 1937 lagði Emil Jónsson fram frumvarp um Seðlabanka Íslands, sem samið var fyrir Skipulagsnefnd atvinnumála af sænska hagfræðingnum Lundberg, en það náði ekki fram að ganga. Í áliti milliþinganefndar í bankamálum 1941 var enn ekki talið tímabært að stofnsetja sérstakan seðlabanka. Árið 1951 skipaði ríkisstjórnin nýja nefnd til að fjalla um skipulag bankamálanna. Komu innan hennar fram tillögur um stofnun sérstaks seðlabanka, en um þær varð ekki samkomulag í nefndinni, og skilaði hún ekki endanlegu áliti.

Í öllum þeim umræðum, sem átt hafa sér stað um þessi mál, hefur verið bent á tvær meginröksemdir gegn því að slíta Seðlabankann úr tengslum við Landsbankann. Annars vegar hefur því verið haldið fram, að það myndi hafa í för með sér aukinn kostnað að stofna sérstakan seðlabanka. Hins vegar hafa ýmsir talið, að það mundi styrkja aðstöðu Seðlabankans til að stjórna starfsemi bankakerfisins að vera í beinum tengslum við stærsta viðskiptabanka landsins og ráða þannig yfir stefnu hans. Þeir, sem hafa haldið fram nauðsyn þess, að stofnaður yrði sérstakur seðlabanki, hafa á hinn bóginn bent á fordæmi annarra þjóða og haldið því fram, að Seðlabankinn þyrfti að vera óháður viðskiptabankasjónarmiðum, en það gæti hann ekki orðið, ef hann væri hluti af banka, sem væri um leið helzti viðskiptabanki landsins.

Það má líta svo á, að breyting sú, sem gerð var á Landsbankanum 1957, hafi verið tilraun til að sætta þessi tvö sjónarmið. Seðlabankinn var eftir sem áður hluti af Landsbankanum, en hann var nú settur undir sérstaka stjórn. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að með þessu var í rauninni verið að skilja Seðlabankann frá viðskiptadeild bankans, þótt það skref væri ekki formlega stigið. Þar sem hinar tvær höfuðdeildir Landsbankans, Seðlabankinn og Viðskiptabankinn, eru nú hvor undir sinni stjórn, hljóta skipti þeirra að vera eins og á milli tveggja sjálfstæðra stofnana. Það er því óhætt að segja, að Seðlabankanum sé ekki lengur neinn styrkur að því að teljast til sömu stofnunar og Viðskiptabankinn að nafninu til.

Þessari aðgreiningu á milli deilda Landsbankans hefur einnig fylgt það, að greina hefur orðið sundur alla vinnu innan bankans, svo sem á milli tveggja sjálfstæðra stofnana. Er því varla lengur um að ræða neinn teljandi sparnað af þessari tilhögun. Sú samvinna, sem enn er möguleg á milli Seðlabankans og Viðskiptabankans, ætti eins að geta haldið áfram, þótt bankarnir verði formlega aðskildir.

Það má því í rauninni segja, að deilan um sjálfstæði Seðlabankans hafi verið á enda kljáð með lagabreytingunni 1957, þótt það væri ekki formlega viðurkennt. Nú er því tími til kominn að stíga þetta skref til fulls og breyta Seðlabankanum

í sjálfstæða stofnun og setja um hann heilsteypta löggjöf í stað þeirrar ófullkomnu löggjafar, sem nú er í gildi um starfsemi hans.

Um valdsvið og hlutverk Seðlabankans.

Valdsvið og hlutverk Seðlabankans, eins og það kemur fram í frumvarpi þessu, er sniðið í öllum meginatriðum eftir því, sem nú tíðkast erlendis. Að verulegu leyti er hér um sömu verkefni að ræða og Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, annast nú. Þó eru í frumvarpi þessu nokkur veigamikil nýmæli. Skulu nú helztu atriði frumvarpsins rakin og grein gerð fyrir mikilvægustu nýmælum.

1. Seðlaútgáfa og myntsláttа.

Frumvarpið hefur að geyma svipuð ákvæði um seðlaútgáfu og núgildandi lög. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að samið verði um það milli bankans og fjármálaráðuneytisins, að bankinn taki að sér myntsláttu. Ætti þetta fyrirkomulag að geta haft í för með sér sparnað og betri samræmingu á seðlaútgáfu og myntsláttu, enda hefur það verið tekið upp víða um lönd á undanförnum árum.

2. Bankaeftirlit.

Gert er ráð fyrir því, að Seðlabankinn hafi eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða og annarra innlánsstofnana. Hefur lengi verið mikil þörf á, að slíku eftirliti væri komið á hér á landi eins og annars staðar. Í áliti bankamálanefndar frá 1941 var sérstaklega lagt til, að slíku eftirliti yrði komið á fót.

3. Ákvörðunarvald um vexti o. fl.

Í frumvarpinu er Seðlabankanum falið sama vald og hann hefur nú varðandi ákvörðun á vöxtum og innlánsbindingu banka og annarra innlánsstofnana. Er þetta hvort tveggja meðal mikilvægustu tækja, sem Seðlabankinn hefur yfir að ráða til að hafa áhrif á peningamagnið og útlánagetu bankakerfisins. Jafnframt er Seðlabankanum heimilað að skylda innlánsstofnanir til þess að eiga verðbréf á móti tilteknum hundraðshluta af innstæðum.

4. Viðskipti við ríkissjóð.

Seðlabankinn hefur verið viðskiptabanki ríkissjóðs og annazt bankaþjónustu fyrir hann, og er gert ráð fyrir, að svo verði áfram.

5. Verðbréfaviðskipti og kauphing.

Það nýmæli er í frumvarpinu, að Seðlabankinn beiti sér fyrir því, að hér á landi komist á eðlileg verðbréfaviðskipti, meðal annars með því að stofna og reka kauphing. Er hér um að ræða eitt höfuðverkefni, sem vinna þarf að til að koma á eðlilegri fjármagnsmyndun innan lands.

6. Gjaldeyrismál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að Seðlabankinn gegni sama hlutverki og hingað til á sviði gjaldeyris- og gengismála, en varðveizla gjaldeyrisvarasjóðs þjóðarinnar og eftirlit með gjaldeyrisverzluninni hlýtur ætíð að verða eitt af meginhlutverkum hans.

Það nýmæli er í lögunum í þessu efni, að Seðlabankinn verði fjárhagslega aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en jafnframt falli niður skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann vegna framlaga Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hingað til.

7. Hagskýrslugerð.

Seðlabankinn hefur um árabil rekið hagfræðideild og annazt margs konar hagskýrslugerð. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að sú starfsemi haldi áfram og leggur

aðilum þá skyldu á herðar að láta bankanum í té þær upplýsingar, sem hann þarf á að halda vegna þessa verkefnis.

Um stjórn bankans.

Umræður um fyrirkomulag á stjórn Seðlabankans hafa mjög snúizt um það, hvort æskilegt væri, að Seðlabankinn væri í störfum sínum og stefnu óháður þeirri ríkisstjórn, sem við völd er hverju sinni. Halda sumir því fram, að bankinn eigi að vera sem sjálfstæðastur og vera reiðubúinn að ganga í berhögg við stefnu ríkisstjórnarinnar, ef hann telur hana ranga eða hættulega. Aðrir eru hins vegar á þeirri skoðun, að Seðlabankinn sé aðeins ein grein ríkisvaldsins og eigi að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Svo virðist vera í þessu máli sem fleirum, að hvorugur deiluaðili hafi með öllu rétt fyrir sér.

Reynsla flestra þjóða hefur sýnt það greinilega, að ekki er mögulegt fyrir seðlabanka, hversu óháður sem hann er að nafninu til, að reka til lengdar stefnu, sem gengur í berhögg við fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Ef til átaka kemur, hlýtur valdið að vera í höndum ríkisstjórnar, sem hefur á bak við sig meirihluta hinna kjörnu fulltrúa þjóðarinnar. Sú skipting framkvæmdavaldsins, sem mundi felast í raunverulegu sjálfstæði Seðlabankans, er því ekki samrýmanleg þingræðisstjórn, eins og við þekkjum hana. Þetta hefur komið glögglega fram í því, að þeir seðlabankar, sem verið hafa í einkaeign, eins og áður var títt, hafa yfirleitt leitazt við að móta stefnu sína sem mest í samræmi við vilja ríkisvaldsins.

Á hinn bóginn er sjálfsagt, að tekið sé verulegt tillit til skoðana Seðlabankans varðandi stefnu í efnahagsmálum og honum gefið hæfilegt ákvörðunarvald í þeim málefnum, sem liggja innan starfsviðs hans. Í þessu sambandi er vert að íhuga, hverjar eru höfuðástæðurnar fyrir því, að sá háttur er nú kominn á í öllum löndum að fela sérstökum seðlabanka að fara með mikilvæga þætti í stjórn peninga- og gjaldeyrismála. Hér er annars vegar um það að ræða, að stjórn þessara mála er að verulegu leyti sérfræðilegt viðfangsefni, sem heppilegra er að hafa í höndum sérstakrar stofnunar, er hefur aflað sér reynslu og þekkingar til að leysa úr þeim án pólitískra afskipta. Hins vegar er það eitt meginhlutverk Seðlabankans að standa vörð um gjaldmiðil þjóðarinnar og varðveita traust manna til hans innan lands og utan. En þessu hlutverki getur hann því aðeins gegnt til fulls, að menn sjái, að hann sé annað og meira en verkfæri í höndum ríkisstjórnarinnar.

Af þessu ætti að vera augljóst, að komast verður á náin samvinna og eðlileg verkaskipting á milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar, er byggist annars vegar á því, að ríkisstjórnin viðurkenni sjálfstætt hlutverk Seðlabankans og taki fullt tillit til skoðana hans varðandi þau mál, sem hann hefur sérþekkingu á, en hins vegar á því, að Seðlabankinn skilji, að endanlegt úrskurðarvald varðandi stefnu þjóðarinnar í efnahagsmálum hlýtur að vera hjá ríkisstjórninni, en ekki honum.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er reynt að skilgreina aðstöðu Seðlabankans gagnvart ríkisstjórninni í 4. grein. Þar er Seðlabankanum falið að hafa nána samvinnu við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum. Verði um verulegan ágreining að ræða milli bankans og ríkisstjórnarinnar, er bankanum rétt sem sérfróðum og ábyrgum aðila að skýra skoðanir sínar opinberlega. Engu að síður skal hann telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum. Nú er að sjálfsögðu hugsanlegt, að bankastjórn Seðlabankans geti með engu móti fallizt á stefnu ríkisstjórnarinnar í mikilvægu máli. Getur þá svo farið, að eina lausn vandans verði sú, að bankastjórnin víki úr sessi. Með tilliti til þessa eru ákvæði í 27. grein frumvarpsins, er vernda sérstaklega hag bankastjóra, sem vikið er úr starfi eða segir lausu starfi, t. d. vegna ágreinings við ríkisstjórn.

Fyrirkomulag það á stjórn Seðlabankans, sem í frumvarpinu felst, er í megin-

atriðum hið sama og í viðskiptabönkunum. Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, en almenn stjórn bankarekstrarins í höndum þriggja manna bankastjórnar. Það, sem helzt ber á milli, er, að frumvarpið gerir ráð fyrir nánari tengslum milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar en á sér stað með viðskiptabankana, enda felst það í hlutverki Seðlabankans, að hann verður að hafa nána samvinnu við ríkisstjórnina. Þetta kemur meðal annars fram í því, að gert er ráð fyrir því, að bankastjórar Seðlabankans verði skipaðir af ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, en ekki ráðnir af bankaráði, eins og á sér stað í viðskiptabönkunum.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er bankaráð skipað fimm mönnum, sem kosnir eru hlutbundinni kosningu af Alþingi, en ráðherra skipar formann bankaráðs og varaformann úr þeirra hópi. Hér er um að ræða sömu skipan og komið var á í Búnaðarbankanum síðastliðið ár og ætlunin er, að nú komist á varðandi alla ríkisbankana. Með því að allt bankaráðið sé kosið hlutfallskosningu á Alþingi, ætti að vera tryggt, að skipun þess sé hverju sinni í samræmi við styrkleikahlutföll stjórnmálaflokkanna á Alþingi. Eins og í viðskiptabönkunum verður hlutverk bankaráðs Seðlabankans að hafa yfirumsjón með starfsemi bankans, og skal bankastjórnin hafa náin samráð við það varðandi allar meiri háttar ákvarðanir. Til þess að stuðla að nánara eftirliti bankaráðs með starfsemi bankans, er gert ráð fyrir því, að það beri ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans og formaður bankaráðs ásamt sérstökum bókhaldsfróðum endurskoðanda fylgist reglulega með eignum og bókhaldi bankans.

Bankastjórnin er samkvæmt frumvarpinu skipuð þremur bankastjórum, og hefur hún með höndum framkvæmdavald í öllum málefnum bankans, og er valdsvið hennar hliðstætt valdsviði bankastjórna viðskiptabankanna. En með tilliti til þess, að margar ákvarðanir bankastjórnar Seðlabankans eru mjög mikilvægar fyrir þróun efnahagsmála í heild, er gert ráð fyrir því, að bankastjórnin hafi í starfi sínu náin samráð við ríkisstjórnina annars vegar (sbr. 4. gr.) og bankaráð sem fulltrúa Alþingis gagnvart bankanum hins vegar. Er æskilegt, að á komist náið og heilbrigt samstarf þessara aðila um að móta stefnu bankans og störf.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um það rætt, að Seðlabanki Íslands taki við öllum eignum og skuldbindingum Landsbanka Íslands, Seðlabankans. Um leið er ákveðið, að af hreinni eign bankans séu færðar á stofnfjárreikning 100 millj. kr., en stofnfé bankans er nú aðeins 4,8 millj. kr. Hefur þessi skipan þýðingu í sambandi við arðgreiðslu bankans samkvæmt 33. gr.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í grein þessari er hlutverk Seðlabankans skilgreint, en skilgreining sú, sem er í núgildandi löggjöf, er orðin mjög úrelt. Það hlutverk, sem bankanum er markað í þessari grein, er í samræmi við viðurkenndar skoðanir fjármálasérfræðinga og nýjustu fyrirmyndir í löggjöf annarra landa um seðlabanka.

Um 4. gr.

Grein þessari er ætlað að skilgreina stöðu Seðlabankans gagnvart ríkisvaldinu. Hér er um þrjú meginatriði að ræða:

1. að bankinn skuli hafa nána samvinnu við ríkisstjórn og gera henni grein fyrir skoðunum sínum;
2. að bankanum sé rétt sem sjálfstæðum, sérfróðum aðila að halda fram skoðunum sínum opinberlega, jafnvel þótt um ágreining við ríkisstjórn sé að ræða;

3. að endanlegt ákvörðunarvald um stefnu í efnahagsmálum hljóti þó ætíð að vera hjá ríkisstjórninni og undir það hljóti Seðlabankinn ætíð að beygja sig að lokum.

Um þetta atriði er sérstaklega rætt í hinni almennu greinargerð hér að framan.

Um 5. gr.

Þessi grein kveður svo á, að stofnlánadeild sjávarútvegsins skuli áfram vera deild í Seðlabankanum, og skal hún starfa samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum.

Jafnframt felur greinin í sér almenna heimild til að opna með reglugerð nýja lánaflokka, eftir því sem þörf er á. Með því er tryggt, að deildin geti starfað eðlilega að lánveitingum, eftir því sem fjáröflun leyfir, án þess að þörf sé sérstakrar lagaheimildar í hvert sinn, sem nýir lánaflokkar eru opnaðir.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar um einkarétt Seðlabankans til seðlaútgáfu eru að öllu leyti hliðstæð ákvæðum 8. greinar núgildandi laga.

Um 7. gr.

Grein þessi inniheldur ákvæði um, að Seðlabankinn skuli stefna að því að eiga ætíð gull eða frjálsa gjaldeyriseign á móti að minnsta kosti helmingi seðlamagnsins. Hér er ekki um að ræða hrein seðlatryggingarákvæði, þar sem bankinn er bundinn við ákveðið seðlatryggingarhlutfall. Slík ákvæði eru nú víðast talin úrelt, og reynsla Íslendinga er þar engin undantekning, enda má segja, að gulltryggingarákvæði núgildandi laga hafi frá upphafi verið dauður bókstafur.

Í stað þeirra er með þessari grein bent á það meginatriði, að Seðlabankanum beri að nota eðlilega aukningu seðlaveltunnar fyrst og fremst til að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar. Sú eðlilega aukning seðlaveltunnar, sem samfara er aukinni framleiðslu og viðskiptum að óbreyttu verðlagi, er sparnaður, að sínu leyti hliðstæður aukningu bankainnstæðna. Þennan sparnað getur Seðlabankinn hagnýtt til eflingar gjaldeyrisvarasjóðs þjóðarinnar, og er þessi grein ábending um, að svo skuli gert.

Um 8. gr.

Myntslátta er nú í höndum fjármálaráðuneytisins samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1925, um innlenda skiptimynt. Grein þessi gerir ráð fyrir, að Seðlabankinn taki við þessu hlutverki, en því ætti að geta verið samfara verulegur sparnaður og betri samræming myntsláttu og seðlaútgáfu. Heppilegra þótti, að hér yrði um heimildarákvæði að ræða, þar sem semja þarf um það á milli fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans, með hvaða kjörum bankinn tekur við þessum rétti af ríkissjóði.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar mæla svo fyrir, að koma skuli á vegum Seðlabankans á eftirliti með starfsemi banka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga og annarra stofnana, sem taka við innstæðum af almenningi eða reka sambærilega starfsemi að mati hans. Er til þess ætlazt, að greinin geri Seðlabankanum kleift að hafa eftirlit með starfsemi allra aðila, sem taka fé til ávöxtunar á hliðstæðan hátt og bankar og sparisjóðir, en engar reglur gilda nú um starfsemi slíkra aðila. Jafnframt því sem bankaeftirlitið tekur til starfa, tekur það við störfum, sem sparisjóðseftirlitinu eru falin í lögum um sparisjóði. Einnig taki Seðlabankinn við vörzlu og stjórn tryggingasjóðs sparisjóða, enda er eðlilegt, að hún sé í höndum sama aðila og sparisjóðseftirlitið.

Um 11. gr.

Aðalefni þessarar greinar er að skilgreina vald Seðlabankans til að ákveða, að innlánsstofnanir skuli eiga innstæður í Seðlabankanum á móti ákveðnum hluta innstæðna hjá sér. Samsvarandi ákvæði eru í núgildandi lögum, en án takmarkana. Þessi grein setur hins vegar hámark þeirrar innstæðubindingar, sem Seðlabankinn má ákveða, við 20% af innstæðum, sem ávísa má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum.

Í 1. málsgrein er svo fyrir mælt, að innlánsstofnanir, svo og aðrar opinberar lánsstofnanir, skuli geyma lausafé sitt á reikningi í Seðlabankanum. Er þetta í samræmi við þann megintilgang seðlabanka að vera banki bankanna. Þar sem búast má við því, að flutningur slíkra innstæðna í Seðlabankann geti valdið erfiðleikum þeim innlánsstofnunum, sem áður varðveittu þær, er svo kveðið á í 4. málsgrein, að Seðlabankinn skuli leitast við að leysa úr því meðal annars með því að yfirtaka eignir á móti. Sama gildir, ef innstæðubinding samkvæmt 2. málsgrein er svo mikil, að hún valdi í upphafi erfiðleikum. Hins vegar er þá eðlilegt, að Seðlabankinn reyni að leysa úr erfiðleikum með öðru en yfirtöku eigna, t. d. með því að gera innlánsstofnunum kleift að leysa innlagsskyldu sína af hendi í áföngum. Er æskilegt, að sett verði í reglugerð ákvæði, er kveði nánar á um, hve ört megi binda fé í Seðlabankanum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Um 12. gr.

Í lögum allra viðskiptabankanna eru ákvæði um, að þeir skuli eiga verðbréfaeign á móti tilskildum hluta innstæðna. Í þessari grein er Seðlabankanum gert kleift að skylda allar innlánsstofnanir til að eiga slíka verðbréfaeign, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim. Verður að telja sjálfsagt, að allar innlánsstofnanir ávaxti þannig hluta af innlánsfé sínu í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, einkum eftir að verðbréfaviðskipti hafa verið skipulögð á ný, sbr. 15. grein.

Um 13. gr.

Í þessari grein er Seðlabankanum fengið sama vald um ákvörðun á vöxtum og hann þegar hefur samkvæmt 16. gr. núgildandi laga. Vald þetta nær einnig til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 73/1933, en það vald var bankanum fengið með lögum nr. 4/1960.

Um 14. gr.

Það er eitt meginhlutverk Seðlabankans að vera viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Ekki felst þó í greininni, að ríkissjóður geti ekki, ef henta þykir, sótt bankaþjónustu til annarra banka, t. d. til Framkvæmdabankans. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar skulu allar innstæður ríkissjóðs og þeirra ríkisstofnana, sem eru á fjárlögum, geymdar í Seðlabankanum, enda eru í greininni hliðstæð ákvæði og í 11. grein um, að Seðlabankinn skuli aðstoða, ef flutningur þessara innstæðna veldur viðkomandi innlánsstofnunum erfiðleikum.

Í annarri málsgrein er rætt um lán Seðlabankans til ríkissjóðs og sú meginstefna ákveðin, að slík lán skuli veitt til þess fyrst og fremst að mæta árstíðabundnum fjárþörfum ríkissjóðs og greiðast upp í lok hvers fjárhagsárs.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um verðbréfaviðskipti Seðlabankans. Er það helzta nýmæli hennar að heimila Seðlabankanum að stofna og reka kaupþing. Hér á landi er peningamarkaðurinn svo þröngur, að ekki er líklegt, að óháð kaupþing geti þrifizt. Þess vegna er hér lagt til, að Seðlabankinn taki að sér að koma á kaupþingi og sjá um rekstur þess, enda má segja, að heilbrigð verðbréfa- og hlutabréfaviðskipti séu nauðsynlegur þáttur í starfhæfu peningakerfi.

Um 16. gr.

Seðlabankinn hefur undanfarin ár rekið greiðslujöfnunarkerfi í Reykjavík. Þykir rétt, að í lögum um seðlabanka séu ákvæði um þetta hlutverk hans.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í þessari grein er markað meginhlutverk Seðlabankans í gengis- og gjaldeyrismálum. Gert er ráð fyrir því, að Seðlabankinn fari með ákvörðunarvald í gengismálum að svo miklu leyti sem gengið er ekki ákveðið í lögum. Eins og nú háttar, felst í þessu, að Seðlabankinn ákveður, hvaða myntir skuli skrá og ákveður kaup- og sölugengi einstakra mynta í samræmi við löggengi íslenzku krónunnar, eins og það er ákveðið í lögum nr. 4 1960, um efnahagsmál.

Um 19. gr.

Þessi grein felur ekki í sér neinar breytingar frá því ástandi, sem nú ríkir, að öðru leyti en því, að það er beinlínis sett í lög Seðlabankans, að Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands skuli hafa rétt til að verzla með gjaldeyri, en þann rétt hafa þeir haft frá upphafi. Jafnframt er Seðlabankanum heimilað, að fengnu samþykki ráðherra, að leyfa öðrum bönkum og póststjórninni að verzla með gjaldeyri innan takmarka, sem bankinn setur. Þetta vald hefur Seðlabankinn einnig samkvæmt núgildandi lögum, en sú breyting er fólgin í greininni, að samþykki ráðherra þurfi að koma til.

Um 20. gr.

Grein þessi fjallar um ýmis verkefni Seðlabankans í gjaldeyrismálum, sem hann vinnur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Er þar í fyrsta lagi um að ræða framkvæmd greiðslusamninga við erlend ríki, en hana hefur Seðlabankinn ætíð annazt. Í öðru lagi er rætt um viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir, og er þá einungis átt við það, að Seðlabankinn annist reikningsviðskipti við alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann, fyrir hönd ríkissjóðs. Felst ekki í þessu nein breyting frá því fyrirkomulagi, sem nú ríkir. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn verði ríkisstjórninni til ráðuneytis um gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, en jafnframt, að bankinn geti tekið að sér framkvæmd í þeim efnum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ef um slíkt verður samið. Í þessu felst að sjálfsögðu ekki, að ríkisstjórnin geti ekki falið öðrum aðilum framkvæmd í slíkum málum, t. d. Framkvæmdabankanum, heldur eingöngu, að Seðlabankinn skuli annast slík mál, ef þess verður óskað og um það samið.

Um 21. gr.

Í grein þessari eru almenn ákvæði um það, að Seðlabankinn hafi með höndum gjaldeyriseftirlit og hafi rétt til að krefjast hvers konar upplýsinga, sem honum er þörf á í því sambandi. Jafnframt er svo fyrir mælt, að gefin skuli út heildarreglugerð um meðferð gjaldeyris og framkvæmd gjaldeyriseftirlits samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og ákvæðum laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála.

Um 22. gr.

Eins og nú er háttað, er ríkissjóður beinn aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum og hefur lagt fram stofnfé til þeirra. Fé til að greiða þessi stofnframlög hefur ríkissjóður fengið að láni hjá Seðlabankanum. Í þessari grein er lagt til, að þessu verði breytt þannig, að Seðlabankinn verði fyrir Íslands hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og leggi fram stofnfé til sjóðsins,

enda falli þá um leið niður skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann vegna framlaga til sjóðsins hingað til. Þetta fyrirkomulag er notað í fleiri löndum, t. d. í Svíþjóð, og er að því verulegur hagur fyrir ríkissjóð.

Um 23. gr.

Við Landsbankann hefur um margra ára skeið verið starfandi hagfræðideild, sem unnið hefur að mikilvægum verkefnum á sviði hagskýrslugerðar. Í þessari grein eru ákvæði, er mæla svo fyrir, að Seðlabankinn skuli starfrækja slíka deild áfram, og er viðkomandi aðilum lögð sú skylda á herðar að láta henni í té þær upplýsingar, sem hún þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Gert er ráð fyrir, að bankastjórnin sé skipuð þremur bankastjórum, sem ráðherra skipi að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórnin sjálf kýs sér formann til ekki skemmri tíma en eins árs í senn. Að því er kosningu formanns snertir, er hér um sams konar ákvæði að ræða og eru í lögum um kosningu forseta hæstaréttar.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um frávikningu bankastjóra og lausnarbeiðni þeirra. Þessi ákvæði eru að því leyti frábrugðin ákvæðum í lögum viðskiptabankanna, að reynt er að tryggja betur fjárhagslega afkomu bankastjóra, sem segir lausu starfi eða er vikið úr starfi vegna ágreinings við ríkisstjórnina. Er þetta gert til að styrkja aðstöðu bankastjóranna og stuðla að því, að þeir geti tekið á sig þá áhættu, sem er samfara því að fylgja fram skoðun sinni, þótt hún sé í andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt eru í greininni venjuleg ákvæði um frávikningu bankastjóra fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi.

Um 28.—29. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í þessari grein felst það nýmæli, að bankaráð beri ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans og formaður bankaráðs, og í forföllum hans varaformaður, fylgist með framkvæmd endurskoðunar og geri reglulegar athuganir á bókhaldi og eignum bankans. Er til þess ætlazt, að þetta fyrirkomulag verði til þess, að bankaráð fylgist betur en ella með starfsemi bankans og stuðli að fullkomnu eftirliti með störfum hans.

Um 31. og 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Stofnfé Landsbanka Íslands, Seðlabankans, er nú 4.8 milljónir króna. Af þessari upphæð greiðir Seðlabankinn árlega vexti í ríkissjóð. Samkvæmt 1. grein frumvarpsins er lagt til, að stofnfé bankans verði hækkað í 100 milljónir króna, og í þessari grein er ákvæði um það, að af þessari upphæð skuli bankinn greiða 5% arð á ári, þó ekki hærri upphæð en helming tekjuafgangsins. Einnig er lagt til, að þessi arðgreiðsla renni í sérstakan sjóð, sem Seðlabankinn varðveiti, en hálfar tekjur sjóðsins, það er að segja hálf arðgreiðsla að viðbættum hálfum vöxtum sjóðsins, renni til Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 51/1957, um Vísindasjóð. Vísindasjóður starfar, svo sem kunnugt er, að styrkveitingum til vísindastarfsemi, og renna 70%

af árlegum tekjum hans til styrkveitinga á sviði raunvísinda, og fer mestur hluti þess til ýmiss konar hagnýtra vísinda, svo sem fiskirannsókna, landbúnaðarrannsókna, iðnaðarrannsókna o. s. frv. Jafnframt renna 30% til hugvísinda, þar á meðal til íslenzkra fræða og hvers kyns þjóðfélagsvísinda. Á það er rétt að benda, að arðgreiðsla sú, sem gert er ráð fyrir í þessari grein, verður ekki þyngri byrði á bankanum en arðgreiðsla bankans af stofnfé var til ríkissjóðs fyrir svo sem þrjátíu árum, ef miðað er við heildareignir og tekjur bankans. Jafnframt þykir eðlilegt, að sá arður, sem greiddur er, renni ekki beint til ríkissjóðs, heldur til þess að efla vísindastarfsemi í landinu, en á því sviði þurfa Íslendingar að gera stórt átak á næstu árum, ef þjóðin á ekki að dragast aftur úr öðrum á sviði tækni og vísindalegrar þekkingar.

Um 34.—37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Í bráðabirgðaákvæðum er fjallað um kosningu nýs bankaráðs og nýrrar bankastjórnar. Einnig felst í þeim heimild til ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um að semja um uppgjör gengisreiknings þess, er myndaðist vegna ákvæða 5. greinar laga um efnahagsmál, nr. 4/1960. Á þennan reikning var fært gengistap ríkissjóðs og gjaldeyrisbankanna, svo og gengishagnaður sömu aðila. Heildarupphæð skuldar á þessum reikningi var 31. desember síðastliðinn 191.2 millj. kr., og var meginhluti skuldarinnar, eða 142.6 millj. kr., tilkominn vegna gengistaps á skuld Íslands við Greiðslubandalag Evrópu. Hér er Seðlabankanum og ríkisstjórninni heimilað að semja svo um, að innstæður ríkissjóðs vegna mótvirðissjóðs, sem námu um síðustu áramót 62.5 millj. kr., svo og 50 millj. kr. af mótvirðisfé, sem varðveitt er á sérstökum reikningi í Seðlabankanum, sbr. 4. grein laga nr. 17/1953, um Framkvæmdabanka Íslands, gangi inn á gengisreikning ríkissjóðs, enda taki Seðlabankinn jafnframt að sér að greiða eftirstöðvar reikningsins, það er að segja 78.7 millj. kr., af rekstrartekjum ársins 1960 og næstu ára þar á eftir. Með tilliti til þess að kanna þarf betur ýmis atriði þessa máls, m. a. áhrif þessarar breytingar á viðskipti ríkissjóðs við Seðlabankann, þótti rétt, að hér væri aðeins um að ræða heimildarákvæði.

Nd. 316. Breytingartillögur [117. mál]

við frv. til ábúðarlaga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Við 1. málsl. 5. mgr. bætist: á þreföldu fasteignamati, og skal kaupanda skylt að koma jörðinni í ábúð innan eins árs frá þeim degi, er jörðin var þannig af honum keypt.
   b. 2. og 3. málsl. 5. mgr. falli niður.
2. Við 4. gr. Við 2. mgr. bætist: eða fá jörðina keypta samkv. fyrirmælum 3. gr. þessara laga, ef söluverðið yrði með því lægra en kauptilboðið, enda uppfylli kaupandi skilyrði þau, sem 3. gr. setur hér um.

Sþ. 317. Nefndarálit [90. mál]

um till. til þál. um skipulagningu fiskveiða með netjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskmatsráðs. Mæla þeir aðilar báðir með samþykkt hennar. Nefndin er sammála um að mæla með tillögunni með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu reglna um takmörkun á veiðitíma, veiðarfæranotkun og veiðisvæðum þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Við þann undirbúning verði haft samráð við fiskmatsráð, Fiskifélag Íslands, fiskideild atvinnudeildar háskólans og samtök útvegsmanna og sjómanna.

Ef í ljós kemur, að lagasetningar þurfi um þetta efni, verði frumvarp þar að lútandi lagt fyrir Alþingi.

Alþingi, 1. febr. 1961.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Pétur Sigurðsson.
Gísli Guðmundsson. Hannibal Valdimarsson. Gísli Jónsson.
Björn Pálsson.

Nd. 318. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um fæðingarorlof.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið var rætt á nokkrum fundum nefndarinnar og sent til umsagnar Kvenréttindafélagi Íslands, Hjúkrunarfélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Vinnuveitendasambandið leggur til, að frumvarpið verði fellt, en Kvenréttindafélag Íslands og Hjúkrunarfélag Íslands leggja bæði áherzlu á, að frumvarpið verði lögfest strax á þessu þingi.

Frá Tryggingastofnuninni barst nefndinni engin umsögn. Hins vegar skýrði formaður nefndarinnar, Gísli Jónsson, frá samtali sínu við forstjóra Tryggingastofnunarinnar á þann veg, að forstjórinn legðist mjög gegn samþykkt frumvarpsins, nema því yrði breytt í veigamiklum atriðum.

Nefndin klofnaði um málið. Meiri hlutinn, þeir Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, leggur til, að frumvarpinu verði vísað til stjórnarinnar, en það er gamalkunn aðferð til að stöðva afgreiðslu vinsælla mála. En undirritaðir leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Meiri hluti nefndarinnar hefur haft við orð, að eðlilegra væri að fella ákvæði um fæðingarorlof annaðhvort inn í hin almennu orlofslög eða inn í lögin um orlof húsmæðra.

Sjálfsagt væri ekki útilokað að gera slíkt. En óneitanlega er þó árlegt hvíldarorlof nokkuð annars eðlis en fæðingarorlof, sem samkvæmt þessu frumvarpi er

þjóðfélagsráðstöfun til að tryggja, að kona, sem er fjarverandi frá vinnu sinni vegna þess, að hún er að fæða þjóðfélaginu nýjan þegn, þurfi ekki að óttast um atvinnuöryggi sitt og afkomu þess vegna.

En formsatriði sem þetta er okkur í minni hlutanum engan veginn neitt aðalatriði, og erum við því reiðubúnir til að flytja meginefni þessa frumvarps sem breytingartillögu við hvor orlofslögin sem væri, ef fylgi háttvirts meiri hluta nefndarinnar við málið væri þá tryggt.

Í annan stað lætur meiri hluti nefndarinnar í það skína, að hann telji þetta frumvarp ganga of skammt og því sé hann andvígur frumvarpinu. — Um þetta segir háttvirtur meiri hluti nefndarinnar í nefndaráliti sínu:

„Þótt frv. það, sem hér um ræðir, yrði að lögum, yrði engan veginn öllum konum, sem börn fæða, tryggt fæðingarorlof eða á annan hátt komið í veg fyrir tekjumissi af þeim ástæðum, en tekjumissir getur engu síður orðið verlulegur hjá konum, sem af sömu ástæðum yrðu að vanrækja eigin atvinnurekstur. Er málið því í heild miklu umfangsmeira en svo, að þetta frv., þótt að lögum yrði, leysti allan vandann."

Þetta er vissulega rétt, enda var það skýrt fram tekið í framsöguræðu flutningsmanns, að æskilegast væri að geta tryggt öllum konum, sem börn fæða, fullar tekjur, meðan atvinnutekjur falla niður vegna barnsburðar, og lýsti flm. yfir stuðningi sínum við breytingu á frumvarpinu í þá átt, ef vilji reyndist fyrir því í þinginu.

Við í minni hlutanum lýstum því einnig yfir í heilbrigðis- og félagsmálanefnd, að við værum fúsir til að standa að slíkri breytingu á frumvarpinu, en eftir það bar meira á þeim mótbárum, að frumvarpið legði byrðar á atvinnulífið, heldur en á hinum fyrri viðbárum, að það gengi of skammt.

Sú hugmynd, að málið megi leysa með því að fimm- eða sexfalda fæðingarstyrk þann, sem tryggingarnar greiða nú til allra mæðra við hverja fæðingu, er vissulega athyglisverð, en víst er um það, að ekki væri lögð minni byrði á atvinnulífið eða ríkissjóð með því móti.

Flutningsmaður þessa frumvarps, frú Margrét Sigurðardóttir, vakti á því athygli í greinargerð sinni fyrir frumvarpinu, að 3 mánaða fæðingarorlof væri nú tryggt öllum þeim konum, sem eru í þjónustu ríkisins, einnig nytu fastráðnar konur í þjónustu Reykjavíkurbæjar þessara réttinda, og auk þessa hefðu tvö stéttarfélög kvenna: „Sókn" og „Fóstra", náð samningum um fæðingarorlof til handa þeim konum innan þessara félaga, sem komnar væru á full laun í starfsgrein sinni. En lengra væri málið heldur ekki komið. En hver getur þá á móti því mælt, að í því sé fullkomið ósamræmi, að allar þær konur, sem eru í þjónustu atvinnulífsins og taka laun sín sem tímakaup eða vinna ákvæðisvinnu, allar iðnverkakonur, verzlunar- og skrifstofustúlkur — nema þær, sem áður voru nefndar — njóta einskis fæðingarorlofs? Hvað er því eðlilegra en að taka það sem næsta skref til að þoka þessu máli áfram í áttina til fullrar lausnar að reyna að tryggja þessum konum — sem oft missa niður allar tekjur sínar um lengri eða skemmri tíma í sambandi við barnsburð — nokkurt tekjuöryggi í formi fæðingarorlofs?

Samkvæmt frumvarpinu er ætlazt til, að þetta sé gert þannig, að þær konur, sem vinna allt árið, fái hámarksorlof 90 daga (3 mánuði), hvort sem þær eru fastráðnar eða ekki. En þær konur, sem hins vegar vinna gegn tímakaupi eða aðeins nokkurn hluta ársins, skulu fá orlofsgreiðslur hlutfallslega eftir vinnulaunum sínum næstliðið ár, eins og þau hafa verið gefin upp á skattaframtali. — Þær fengju þannig einnig meðaltekjur sínar í 3 mánuði sem fæðingarorlof.

Ekki er til þess ætlazt, að atvinnurekendur hver um sig greiði fæðingarorlof til þeirra kvenna, sem hjá þeim vinna. Eðlilegra þótti að mynda sjóð, er vera skal í vörzlu Tryggingastofnunar ríkisins, og sé honum ætlað að standa straum af framkvæmd laganna. Tekjur hans skulu vera ákveðin iðgjöld atvinnurekenda, miðuð við vinnuvikur, og jafnhátt framlag ríkissjóðs á móti. Hæð þessara iðgjalda verði ákveðin með reglugerð eitt ár í senn.

Þetta er svipaður tekjugrundvöllur og slysatryggingarnar hvíla á.

Margar þjóðir hafa komið á hjá sér fullkomnum mæðratryggingum. Meðal þeirra eru Svíar. Er þessum tryggingum þar í landi skipað með mjög svipuðum hætti og lagt er til í þessu frumvarpi.

Útilokað er, að Ísland geti fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 103, „um mæðravernd", nema fæðingarorlof, sem a. m. k. fullnægi þeim lágmarkskröfum, er í þessu frumvarpi eru gerðar, hafi áður verið lögfest.

Samþykkt frumvarpsins um fæðingarorlof væri flutningsmanni og undirrituðum sönnun þess, að Ísland vill keppa að því að komast í tölu þeirra þjóða, sem bezt búa að þjóðfélagslegu öryggi þegna sinna og vilja nokkuð á sig leggja til að treysta, svo sem bezt má verða, menningargrundvöll hins íslenzka þjóðfélags.

Eins og fyrr er sagt, leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. jan. 1961.

Hannibal Valdimarsson, frsm.
Jón Skaftason, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

HJÚKRUNARFÉLAG ÍSLANDS.

Reykjavík, 12. janúar 1961.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis.

Gísli Jónsson alþm.

Stjórn Hjúkrunarfélags Íslands styður eindregið frumvarp til laga um fæðingarorlof.

Anna Loftsdóttir,
formaður.

Fylgiskjal II.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS.

Reykjavík, 5. jan. 1961.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf nefndarinnar, dags. 3. des. s. l., þar sem óskað er umsagnar sambands vors um frumvarp til laga um fæðingarorlof.

Framkvæmdanefnd sambands vors hefur nokkuð rætt frumvarp þetta og samþykkt að leggja til, að það verði ekki samþykkt.

Kom fram í umræðunum, að um margvíslega framkvæmdaörðugleika yrði að ræða, eins og einnig er bent á í fyrrgreindu bréfi nefndarinnar.

Þá hefur einnig verið rætt við tryggingasérfræðing, sem er sammála um, að mál þetta þyrfti allt meiri athugunar við og væri nauðsynlegt að skoða það niður í kjölinn, bæði af sérfræðingum og þeim, sem hagsmuna hafa að gæta, áður en ákvörðun yrði tekin.

Fljótt á litið sýnist oss eðlilegt, ef til kæmi um orlof á kaupi vegna barnsburðar, að það væri þáttur í hinu almenna tryggingakerfi, og spurning þá, hvort ekki væri eðlilegra, að um dagpeningagreiðslur yrði að ræða.

Þar sem vér leyfum oss að vænta þess, að málið fái allt nánari athugun og

samband vort fái aðstöðu til að vinna að henni, ef til kemur, sjáum vér ekki ástæðu til að ræða málið frekar að sinni.

Virðingarfyllst,

Vinnuveitendasamband Íslands,

Björgvin Sigurðsson.

Félag ísl. iðnrekenda hefur kynnt sér framanritaða umsögn og er henni samþykkt.

Félag ísl. iðnrekenda,
Pétur Sæmundsen.

Fylgiskjal III.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS.

Reykjavík, 23. nóv. 1960.

Fundur í Kvenréttindafélagi Íslands, haldinn 15. nóv. 1960, lýsir ánægju sinni yfir frumvarpi til laga um fæðingarorlof, sem komið er fram á Alþingi (100. mál), og skorar á Alþingi að gera það að lögum þegar á þessu þingi.

Virðingarfyllst,

f. h. Kvenréttindafélags Íslands,

Sigríður J. Magnússon,
formaður.

Til Alþingis.

Fylgiskjal IV.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS.

Reykjavík, 13. des. 1960.

Háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur farið þess á leit við Kvenréttindafélag Íslands, að það sendi umsögn um frumvarp til laga um fæðingarorlof.

Félagið hefur þegar látið í ljós ánægju sína yfir þessu frumvarpi og skorað á Alþingi að gera það að lögum á þessu þingi, því að félagið telur frumvarpið, ef að lögum verður, mikilsvert spor í þá átt, að þjóðfélagið taki tillit til mismunandi aðstöðu kvenna og karla við fjölgun mannkynsins.

Þegar þetta frumvarp er orðið að lögum, má ætla, að Ísland geti fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1952—53, sem reiknað er með að hver menningarþjóð geri.

Með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem veita konum fæðingarorlof með fullum launum, hefur Alþingi sýnt skilning á réttmæti þessa máls.

Svör Kvenréttindafélags Íslands við spurningum háttvirtrar Nd. Alþingis:

1. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að framkvæmd væntanlegra laga verði í sömu höndum og framkvæmd almannatryggingalaganna, svo sem er um ýmis atriði tryggingalöggjafar, þótt ekki séu þau felld inn í almannatryggingalögin sjálf.

Umrætt frumvarp nær aðeins til kvenna, sem eru launþegar, en njóta ekki þegar fæðingarorlofs samkvæmt lögum eða samningum.

Æskilegt væri, að allar mæður gætu fengið orlof frá störfum fyrir og eftir fæðingu. Til þess að svo megi verða, þarf að veita **húsmæðrum,** sem vinna kauplaust, heimilishjálparstyrk svo mikinn, að þær gætu greitt fyrir fullkomna heimilis-

hjálp að minnsta kosti í einn mánuð. Ákvæði um slíkt orlof er ekki hægt að fella inn í þetta frumvarp, sem ætlar atvinnuveitendum að greiða iðgjald í orlofssjóð.

2. Eðlilegast er, að um fæðingarorlof gildi sömu reglur og um önnur orlof, hvað þetta snertir.

3. Sjálfsagt er, að allir atvinnuveitendur greiði iðgjald í orlofssjóð, hvort sem þeir hafa konur eða karla í þjónustu sinni, annað getur alls ekki komið til greina.

4. Ósennilegt er, að frumvarpið, ef að lögum verður, muni spilla fyrir því, að konur fái atvinnu, enda hafa atvinnuveitendur ekki fjárhagslega byrði af fæðingarorlofinu utan iðgjaldsins. Árslaun konu hækka ekki við fæðingarorlof, frekar en hvers annars starfsmanns, sem fær greidd laun, á meðan hann er sjúkur.

5. Iðgjaldagreiðslur er erfitt að ákveða fyrir fram til langs tíma, enda gerir frumvarpið ráð fyrir, að iðgjaldið sé ákveðið með reglugerð til eins árs í senn.

6. Fæðingarorlof með fullum launum ætti jafnvel að vera eðlilegri hlutur en sjúkdómsforföll með fullum launum, því að í raun og veru eru fæðingar barna beinlínis í þágu þjóðfélagsins, en það eru sjúkdómar ekki.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Kvennréttindafélags Íslands,

Sigríður J. Magnússon,
formaður.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 319. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. mai 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Fiskveiðasjóður Íslands á nú í útborguðum lánum um 275 millj. kr. Lán, sem sjóðurinn hefur tekið í erlendum gjaldeyri, nema um 64 millj. kr. Tekjur sjóðsins af útflutningsgjaldi áætlar stjórn sjóðsins 38 millj. kr. á þessu ári. Enn fremur áætlar hún tekjur af vöxtum og afborgunum af útlánum, að frádregnum vöxtum og afborgunum af skuldum sjóðsins, en að meðtöldu ríkisframlaginu, ca 25 millj. kr. Bankainnstæða sjóðsins um síðustu áramót nam um 12 millj. kr. Útborguð lán á árinu 1961 eru áætluð nál. 130 millj. kr. Á þessu ári og eftirleiðis mun sjóðurinn að líkindum þurfa á allmiklu erlendu fjármagni að halda og þá bíða tjón af útlánum þess fjár, ef skráningu erlends gjaldeyris verður síðar breytt til hækkunar.

Hér er um það vandamál að ræða, hversu með skuli fara, ef erlendar skuldir lánsstofnana hækka í íslenzkum krónum vegna gengisbreytingar. Það er um þrjár leiðir að velja:

1. Að hlutaðeigandi lánsstofnun greiði sjálf mismuninn án endurkröfuréttar gagnvart lántakendum, eins og algengast hefur verið hingað til.
2. Að lántakendur greiði mismuninn þannig, að eftirstöðvar lána hækki í íslenzkum krónum. Það er sú leið, sem gert er ráð fyrir í frv. að því er varðar Fiskveiðasjóð Íslands. Aðspurð af nefndinni hefur stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna samþykkt þá leið fyrir sitt leyti.
3. Að ríkisvaldið, sem ákveður gengisbreytinguna, sjái svo um, og þá væntanlega með löggjöf, að þriðji aðili greiði hugsanlegt gengistap á erlendu fjármagni í útlánum og að fé sé fyrir hendi til þess.

Einnig er hægt að hugsa sér, að hver þessara leiða verði farin að nokkru leyti, fleiri en ein leið samtímis.

Minni hl. telur, að ýtarleg athugun á þessum leiðum eigi að fara fram nú hið allra fyrsta, og getur þegar af þeirri ástæðu ekki mælt með því, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Jafnframt tekur minni hl. fram, að hann telur, að í sumum lánsstofnunum að minnsta kosti sé ekki gerlegt að láta þá, er föst lán hafa, taka á sig hækkun á höfuðstól lánanna í íslenzkum krónum við gengisbreytingu, og vafamál, hvort slíkt sé yfirleitt eðlilegt eða óhjákvæmilegt. Sum fasteignaveð hækka ekki neitt teljandi í verði, þó að gengislækkun verði á krónunni. Um þetta telur hann þó ekki rétt að kveða fastar að orði, fyrr en nánari athugun málsins hefur farið fram.

Hins vegar er á það að líta, að fyrir liggja frá fiskveiðasjóði upplýsingar um, að sjóðurinn eigi nú kost á erlendu láni, sem sé því skilyrði bundið, að hann tryggi sig gegn gengistapi á því að lána þetta fé út. Sjóðurinn mun, eins og sakir standa, ekki fús til að taka að sér að veita lán af erlendu fé, meðan ekki er fyrir því séð á einhvern hátt, að honum verði bætt tjón af gengisbreytingu, ef til hennar kæmi. En þörfin á erlendri lántöku er brýn þegar á þessu ári. Með tilliti til þess getur minni hl. fallizt á og mælt með því sem lausn til bráðabirgða í þessu máli, að ákveðið verði með lögum, að ríkissjóður bæti fiskveiðasjóði gengistap, sem verða kann á allt að 50 millj. kr. erlendu láni, ef tekið verður á árinu 1961.

Minni hl. flytur því brtt. við frv. og telur sér ekki fært að mæla með því, eins og það liggur fyrir. Hins vegar er hann samþykkur efni 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir að hækka lántökuheimild sjóðsins, og mundi mæla með slíkri breytingu, ef hún væri borin fram út af fyrir sig.

Alþingi, 31. jan. 1961.

Gísli Guðmundsson.

Nd. 320. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður skal bæta Fiskveiðasjóði Íslands það tap, sem hinn síðarnefndi kann að verða fyrir vegna breytinga á gengisskráningu íslenzkrar krónu af allt að 50 millj. kr. erlendri lántöku á árinu 1961.

Nd. 321. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um þátttöku Íslands í Hinni alþjóðlegu framfarastofnun.

Frá fjarhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, en það berst nefndinni fyrir áramót.

Þótti nefndinni á vanta, að með frv. fylgdi samningurinn um stofnunina. Síðar hefur ráðuneytið látið nefndinni í té samninginn í íslenzkri þýðingu.

Nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að rétt sé, að Ísland taki þátt í þeim samtökum þjóða til sameiginlegrar efnahagslegrar uppbyggingar, sem hér er að stefnt,

og leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur.

Fjárhagsnefnd telur rétt, ef frv. verður að lögum, að samningurinn um Hina alþjóðlegu framfarastofnun verði þá birtur samhljóða lögunum, eins og venja er til, þegar svo á stendur, bæði á frummálinu og í íslenzkri þýðingu.

Leggur nefndin því til, að á frv. verði gerð svofelld

BREYTING:

Atan við frv. bætist svo hljóðandi fylgiskjal:

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM HINA ALÞJÓÐLEGU FRAMFARASTOFNUN

Ríkisstjórnir þær, sem látið hafa undirrita samning þennan, telja, að gagnkvæmt samstarf um efnahagslegar framfarir, heilbrigð framþróun efnahagsmála í heiminum og jafnvægur vöxtur alþjóðlegra viðskipta muni leiða til samskipta landa í milli, er stuðlað geti að varðveizlu friðar og farsældar í heiminum,

að með því að flýta fyrir efnahagsþróun muni hægt að bæta lífskjör og efla efnahagslegar og félagslegar framfarir í löndum, sem skammt eru á veg komin, og sé þetta æskilegt ekki einungis landanna sjálfra vegna, heldur og í þágu alls mannkyns,

að auðveldara verði að ná slíku takmarki með því að auka straum fjármagns, bæði einkafjármagns og opinbers, landa í milli í því skyni að aðstoða við framkvæmdir til nýtingar auðlinda slíkra landa.

Fyrir því hafa þær orðið ásáttar um það, sem hér segir:

Upphafsgrein.

Hin alþjóðlega framfarastofnun (sem hér eftir nefnist „stofnunin") er stofnuð og ber að starfa í samræmi við ákvæði þau, sem hér greinir.

1. grein.
Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að stuðla að efnahagslegum framkvæmdum, auka

ARTICLES OF AGREEMENT OF THE INTERNATIONAL DEVELOPMENT ASSOCIATION

The Governments on whose behalf this Agreement is signed,

considering:

That mutual cooperation for constructive economic purposes, healthy development of the world economy and balanced growth of international trade foster international relationships conducive to the maintenance of peace and world prosperity;

That an acceleration of economic development which will promote higher standards of living and economic and social progress in the less-developed countries is desirable not only in the interests of those countries but also in the interests of the international community as a whole;

That achievement of these objectives would be facilitated by an increase in the international flow of capital, public and private, to assist in the development of the resources of the less-developed countries,

do hereby agree as follows:

Introductory Article.

The International Development Association (hereinafter called „the Association") is established and shall operate in accordance with the following provisions:

Article I
Purposes.

The purposes of the Association are to promote economic development, increase

framleiðni og bæta þar með lífskjör í löndum þeim, er skammt eru á veg komin og þátttakendur eru í stofnuninni, einkum með því að útvega fjármagn til þýðingarmikilla framkvæmda með kjörum, sem eru rýmri og íþyngja ekki greiðslujöfnuðinum jafnmikið og venjuleg lán, og stuðla á þann hátt að þeim markmiðum framkvæmda, sem Alþjóðabankinn til viðreisnar og framkvæmda (sem hér eftir nefnist „bankinn“) stefnir að, svo og að auka við starfsemi hans.

Ber stofnuninni í öllum ákvörðunum að fara eftir ákvæðum þessarar greinar.

productivity and thus raise standards of living in the less-developed areas of the world included within the Association's membership, in particular by providing finance to meet their important developmental requirements on terms which are more flexible and bear less heavily on the balance of payments than those of conventional loans, thereby furthering the developmental objectives of the International Bank for Reconstruction and Development (hereinafter called „the Bank“) and supplementing its activities.

The Association shall be guided in all its decisions by the provisions of this Article.

2. grein.

Þátttaka; stofnframlag.

1. málsgrein. Þátttaka.

a. Stofnendur skulu vera þeir aðilar bankans, sem greinir í viðbæti A við samning þennan og gerast aðilar fyrir dag þann eða á þeim degi, er greinir í 11. gr. 2. málsgrein c.

b. Þátttaka skal heimil öðrum aðilum bankans á þeim tímum og með þeim skilmálum, sem stofnunin ákveður.

2. málsgrein. Stofnframlög.

a. Hverjum aðila ber, um leið og hann gengur í stofnunina, að leggja fram þá upphæð, sem honum er ætluð. Þessar upphæðir eru hér nefndar stofnframlög.

b. Stofnframlag það, sem hverjum stofnfélaga er ætlað, skal vera upphæð sú, er stendur við nafn hans í viðbæti A og er greind í Bandaríkjadollurum með þeim þunga og skírleika, er gilti 1. janúar 1960.

c. Tíu hundraðshluta stofnframlags síns ber félagsríkjum að leggja fram í gulli eða frjálsri mynt, svo sem hér greinir: Helming upphæðarinnar innan 30 daga, frá því að stofnunin tekur til starfa samkvæmt 11. gr. 4. málsgrein, eða á þeim degi, er stofnfélagi gerist meðlimur, hvort sem síðar verður, áttunda hluta ári eftir að stofnunin tekur til starfa og áttunda hluta á hverju ári þaðan í frá með árs

Article II

Membership; Initial Subscriptions.

Section 1. Membership.

(a) The original members of the Association shall be those members of the Bank listed in Schedule A hereto which, on or before the date specified in Article XI, Section 2 (c), accept membership in the Association.

(b) Membership shall be open to other members of the Bank at such times and in accordance with such terms as the Association may determine.

Section 2. Initial Subscriptions.

(a) Upon accepting membership, each member shall subscribe funds in the amount assigned to it. Such subscriptions are herein referred to as initial subscriptions.

(b) The initial subscription assigned to each original member shall be in the amount set forth opposite its name in Schedule A, expressed in terms of United States dollars of the weight and fineness in effect on January 1, 1960.

(c) Ten percent of the initial subscription of each original member shall be payable in gold or freely convertible currency as follows: fifty percent within thirty days after the date on which the Association shall begin operations pursuant to Article XI, Section 4, or on the date on which the original member becomes a member, whichever shall be later; twelve and one-half percent one year

millibili, unz fyrrgreindur tíundi hluti stofnframlagsins er að fullu greiddur.

d. Þá níu tíundu hluta framlagsins, sem eftir eru, ber þeim stofnfélögum, sem taldir eru í 1. hluta viðbætis A, að greiða í gulli eða frjálsum gjaldeyri, og þeim stofnfélögum, sem greindir eru í 2. hluta viðbætis A, í eigin gjaldeyri. Þessir níutíu hundraðshlutar hins ákveðna stofnframlags skulu greiðast með fjórum jöfnum árlegum innborgunum sem hér segir: Fyrsta innborgun innan 30 daga, frá því að stofnunin tekur til starfa samkvæmt 11. gr. 4. málsgrein, eða á þeim degi, sem stofnfélagi gerist meðlimur, hvort sem síðar verður, önnur innborgun ári eftir að stofnunin tók til starfa og síðari greiðslur þaðan í frá með árs millibili á hverju ári þar eftir, unz umræddur hluti stofnframlagsins er að fullu greiddur.

e. Í stað þess hluta í gjaldeyri félagsríkis, sem það leggur fram eða því ber að leggja fram samkvæmt framangreindum d-lið eða samkvæmt 2. málsgrein 4. greinar, og stofnunin þarfnast ekki til starfsemi sinnar, skal hún taka við víxlum eða svipuðum skuldaviðurkenningum, sem ríkisstjórn félagsríkis gefur út eða geymslustofnun er hún tilnefnir, og eru slík bréf ekki seljanleg, bera ekki vexti og skulu greiðslukræf affallalaust, þegar þess verður krafizt, inn á reikning stofnunarinnar hjá þeirri geymslustofnun, sem tilgreind er.

f. Að því er samning þennan snertir ber stofnuninni að telja eftirtalin verðmæti til „frjáls gjaldeyris“:

1) Gjaldeyri félagsríkis, sem stofnunin telur að höfðu samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að sé á fullnægjandi hátt umbreytanlegur í gjaldeyri annarra félagsríkja til þarfa stofnunarinnar í starfsemi hennar, eða

after the beginning of operations of the Association; and twelve and one-half percent each year thereafter at annual intervals until the ten percent portion of the initial subscription shall have been paid in full.

(d) The remaining ninety percent of the initial subscription of each original member shall be payable in gold or freely convertible currency in the case of members listed in Part I of Schedule A, and in the currency of the subscribing member in the case of members listed in Part II of Schedule A. This ninety percent portion of initial subscriptions of original members shall be payable in five equal annual instalments as follows: the first such instalment within thirty days after the date on which the Association shall begin operations pursuant to Article XI, Section 4, or on the date on which the original member becomes a member, whichever shall be later; the second instalment one year after the beginning of operations of the Association, and succeding instalments each year thereafter at annual intervals until the ninety percent portion of the initial subscription shall have been paid in full.

(e) The Association shall accept from any member, in place of any part of the member's currency paid in or payable by the member under the preceding subsection (d) or under Section 2 of Article IV and not needed by the Association in its operations, notes or similar obligations issued by the government of the member or the depository designated by such member, which shall be non-negotiable, non-interest-bearing and payable at their par value on demand to the account of the Association in the designated depository.

(f) For the purposes of this Agreement the Association shall regard as „freely convertible currency“:

(i) currency of a member which the Association determines, after consultation with the International Monetary Fund, is adequately convertible into the currencies of other members for the purposes of the Association's operations; or

2) gjaldeyri félagsríkis, sem það fellst á, með þeim skilmálum er stofnunin tekur gilda, að víxla í gjaldeyri annarra félagsríkja til notkunar í störfum stofnunarinnar.

g. Að svo miklu leyti sem stofnunin ákveður ekki annað, ber öllum aðiljum, sem taldir eru í 1. hluta viðbætis A, að hafa þann gjaldeyri sinn, sem þeir hafa innborgað samkvæmt ákvæðum d-liðs þessarar málsgreinar, jafn-víxlanlegan, og hann var, þegar greiðsla fór fram.

h. Stofnunin ákveður upphæð og greiðsluskilmála stofnframlaga annarra félagsríkja en stofnríkja samkvæmt b-lið 1. málsgreinar þessarar greinar.

3. málsgrein. Takmörkun ábyrgðar.

Ekkert félagsríki skal vegna þátttöku sinnar bera ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar.

3. grein.

Aukning fjármagns.

1. málsgrein. Viðbótarframlög.

a. Stofnunin skal, þegar þurfa þykir með tilliti til áætlunar um lúkningu stofnframlaga stofnríkja og með um það bil 5 ára millibili þaðan í frá, endurskoða, að hve miklu leyti fjármagn hennar er fullnægjandi. Ef henni þykir með þurfa, skal hún ákveða almenna aukningu á framlögum. Engu að síður má hvenær sem er ákveða aukningu á almennum framlögum eða framlögum einstakra meðlima, enda skal eigi auka einstök framlög, nema viðkomandi félagsríki óski þess. Framlög, sem hér greinir, skulu hér eftir nefnast viðbótarframlög.

b. Að höldnum ákvæðum c-liðs hér á eftir skal stofnunin ákveða bæði upphæð og greiðsluskilmála viðbótarframlaga, þegar ákveðið verður að innheimta þau.

(ii) currency of a member which such member agrees, on terms satisfactory to the Association, to exchange for the currencies of other members for the purposes of the Association's operations.

(g) Except as the Association may otherwise agree, each member listed in Part I of Schedule A shall maintain, in respect of its currency paid in by it as freely convertible currency pursuant to subsection (d) of this Section, the same convertibility as existed at the time of payment.

(h) The conditions on which the initial subscriptions of members other than original members may be made, and the amounts and the terms of payment thereof, shall be determined by the Association pursuant to Section 1 (b) of this Article.

Section 3. Limitation on Liability.

No member shall be liable, by reason of its membership, for obligations of the Association.

Article III

Additions to Resources.

Section 1. Additional Subcriptions.

(a) The Association shall at such time as it deems appropriate in the light of the schedule for completion of payments on initial subscriptions of original members, and at intervals of approximately five years thereafter, review the adequacy of its resources and, if it deems desirable, shall authorize a general increase in subscriptions. Notwithstanding the foregoing, general or individual increases in subscriptions may be authorized at any time, provided that an individual increase shall be considered only at the request of the member involved. Subscriptions pursuant to this Section are herein referred to as additional subscriptions.

(b) Subject to the provisions of paragraph (c) below, when additional subscriptions are authorized, the amounts authorized for subscription and the terms and conditions relating thereto shall be as determined by the Association.

c. Þegar viðbótarframlög hafa verið ákveðin, skal gefa hverju félagsríki kost á að leggja fram þá upphæð og með þeim skilmálum, sem stofnunin ákveður með sanngjörnum hætti, er gerir félagsríki fært að halda hlutfallslega atkvæðisrétti sínum, en eigi verður félagsríkið skyldað til slíks framlags.

d. Allar ákvarðanir samkvæmt þessari málsgrein skulu gerðar með tveimur þriðju hlutum atkvæðamagns.

2. málsgrein. Viðbótargreiðslur lagðar fram af félagsríki í gjaldeyri annars félagsríkis.

a. Heimilt er stofnuninni að gera samninga með þeim skilmálum, sem samrýmanlegir eru ákvæðum þessa samnings og samkomulag næst um, um að taka við upphæðum frá hverju félagsríki til viðbótar stofnframlagi eða viðbótarframlögum, viðbótargreiðslum í gjaldeyri annars félagsríkis, enda skal stofnunin eigi gera slíkan samning, nema ljóst sé, að félagsríki það, í hvers gjaldeyri greiðslan á að fara fram, fallist á, að gjaldeyrir þess verði notaður til viðbótargreiðslu, og með þeim skilmálum, er þar um gilda. Í samningum um móttöku slíkra greiðslna má hafa ákvæði um, hvernig fara skal með ágóða af slíkum greiðslum og hvernig fara ber að, ef ríki það, sem þær leggur fram, hættir að vera félagsríki eða ef stofnunin hættir störfum.

b. Stofnuninni ber að afhenda því ríki, sem slíka greiðslu innir af hendi, sérstakt framfaraskírteini, þar sem greind er upphæð og gjaldmiðill þess fjármagns, sem fram er lagt, svo og gildandi ákvæði og skilmálar varðandi slíkt fjármagn. Slíku skírteini fylgir enginn atkvæðisréttur, og er það ekki framseljanlegt öðrum en stofnuninni.

c. Engin ákvæði þessarar málsgreinar skulu koma í veg fyrir, að stofnunin geti tekið við greiðslum frá félagsríki í þess eigin gjaldmiðli, eftir því sem um semst.

(c) When any additional subscription is authorized, each member shall be given an opportunity to subscribe, under such conditions as shall be reasonably determined by the Association, an amount which will enable it to maintain its relative voting power, but no member shall be obligated to subscribe.

(d) All decisions under this Section shall be made by a two-thirds majority of the total voting power.

Section 2. Supplementary Resources Provided by a Member in the Currency of Another Member.

(a) The Association may enter into arrangements, on such terms and conditions consistent with the provisions of this Agreement as may be agreed upon, to receive from any member, in addition to the amounts payable by such member on account of its initial or any additional subscription, supplementary resources in the currency of another member, provided that the Association shall not enter into any such arrangement unless the Association is satisfied that the member whose currency is involved agrees to the use of such currency as supplementary resources and to the terms and conditions governing such use. The arrangements under which any such resources are received may include provisions regarding the disposition of earnings on the resources and regarding the disposition of the resources in the event that the member providing them ceases to be a member or the Association permanently suspends its operations.

(b) The Association shall deliver to the contributing member a Special Development Certificate setting forth the amount and currency of the resources so contributed and the terms and conditions of the arrangement relating to such resources. A Special Development Certificate shall not carry any voting rights and shall be transferable only to the Association.

(c) Nothing in this Section shall preclude the Association from accepting resources from a member in its own currency on such terms as may be agreed upon.

4. grein.

Gjaldmiðill.

1. málsgrein. Notkun gjaldmiðils.

a. Nú tekur stofnunin við gjaldmiðli félagsríkis, sem greint er í 2. hluta viðbætis A, hvort sem sá gjaldmiðill er frjáls eða ekki, samkvæmt ákvæðum 2. greinar 2. málsgreinar d til greiðslu á þeim níutíu hundraðshlutum framlags, sem samkvæmt henni eru gjaldkræfir í gjaldmiðli þess ríkis, og ber henni réttur til að nota þann gjaldmiðil, bæði höfuðstól, vexti og önnur gjöld, til greiðslu á rekstrarútgjöldum, sem hún kann að baka sér á landsvæði viðkomandi félagsríkis, einnig til greiðslu á vörum, sem framleiddar eru, og þjónustu, sem innt er af hendi á landsvæðum félagsríkis eða nauðsynlegar kunna að verða vegna áætlana, sem stofnunin kostar á slíkum landsvæðum, allt í samræmi við heilbrigða peningamálastefnu, og auk þess, þegar og að svo miklu leyti sem efnahags- og fjármálaaðstæður viðkomandi ríkis leyfa, skal slíkur gjaldmiðill samkvæmt samningi milli félagsríkisins og stofnunarinnar vera víxlanlegur með frjálsum hætti eða á annan hátt koma að gagni við framkvæmdir, sem stofnunin kostar utan landsvæða félagsríkisins.

b. Að því er varðar nothæfi gjaldmiðils, sem stofnunin hefur tekið við til greiðslu á öðrum framlögum en stofnframlögum stofnfélaga, svo og gjaldmiðils, er af þeim stafar sem höfuðstóll, vextir eða önnur gjöld, skal fara eftir skilmálum þeim, sem settir voru, þegar slík framlög voru heimiluð.

c. Að því er varðar nothæfi gjaldmiðils, sem stofnunin hefur tekið við sem viðbótargreiðslum, öðrum en framlögum, og gjaldmiðli, sem af þeim stafar sem höfuðstóll, vextir eða önnur gjöld, skal fara eftir skilmálum þeim, sem settir voru, þegar slíkar greiðslur voru mótteknar.

d. Allan annan gjaldmiðil, sem stofnunin tekur við, er heimilt að nota og skipta á frjálsan hátt, og skal hann ekki háður neinum takmörkunum af hálfu þess félagsríkis, hvers gjaldmiðill notaður er eða víxlað er. Þó er stofnuninni heimilt að gera samninga við félagsríki,

Article IV

Currencies.

Section 1. Use of Currencies.

(a) Currency of any member listed in Part II of Schedule A, whether or not freely convertible, received by the Association pursuant to Article II, Section 2(d), in payment of the ninety percent portion payable thereunder in the currency of such member, and currency of such member derived therefrom as principal, interest or other charges, may be used by the Association for administrative expenses incurred by the Association in the territories of such member and, insofar as consistent with sound monetary policies, in payment for goods and services produced in the territories of such member and required for projects financed by the Association and located in such territories; and in addition when and to the extent justified by the economic and financial situation of the member concerned as determined by agreement between the member and the Association, such currency shall be freely convertible or otherwise usable for projects financed by the Association and located outside the territories of the member.

(b) The usability of currencies received by the Association in payment of subscriptions other than initial subscriptions of original members, and currencies derived therefrom as principal, interest or other charges, shall be governed by the terms and conditions on which such subcriptions are authorized.

(c) The usability of currencies received by the Association as supplementary resources other than subscriptions, and currencies derived therefrom as principal, interest or other charges, shall be governed by the terms of the arrangements pursuant to which such currencies are received.

(d) All other currencies received by the Association may be freely used and exchanged by the Association and shall not be subject to any restriction by the member whose currency is used or exchanged; provided that the foregoing shall not preclude the Association from

þegar hún kostar framkvæmdir á landsvæðum þess, og takmarka með þeim hætti réttindi stofnunarinnar til notkunar á gjaldmiðli þess ríkis, sem tekið hefur verið við sem höfuðstól, vöxtum eða öðrum gjöldum í sambandi við viðkomandi fjármögnun.

e. Stofnuninni ber að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja það, að þeir hlutar framlaga, sem greiddir eru samkvæmt 2. gr. 2. málsgrein d af meðlimum, sem greindir eru í fyrsta hluta viðbætis A, verði notaðir af stofnuninni á nokkurn veginn hlutfallslegan mælikvarða. Þó er heimilt að nota þann hluta slíkra framlaga, sem greiddur er í gulli eða í gjaldmiðli annars ríkis, með skjótara hætti.

entering into any arrangements with the member in whose territories any project financed by the Association is located restricting the use by the Association of such member's currency received as principal, interest or other charges in connection with such financing.

(e) The Association shall take appropriate steps to ensure that, over reasonable intervals of time, the portions of the subscriptions paid under Article II, Section 2(d) by members listed in Part I of Schedule A shall be used by the Association on an approximately *pro rata* basis, provided, however, that such portions of such subscriptions as are paid in gold or in a currency other than that of the subscribing member may be used more rapidly.

2. málsgrein. Viðhald verðgildis gjaldeyrisinnstæðna.

a. Þegar gjaldmiðill félagsríkis lækkar í verði eða þegar stofnunin telur, að gjaldmiðill þess hafi rýrnað verulega í verðgildi innanlands, ber því að greiða stofnuninni innan hæfilegs tíma viðbótarupphæð í eigin gjaldeyri, og skal hún teljast næg til þess að viðhalda því verðgildi þeirrar upphæðar í eigin gjaldeyri, sem meðlimur hefur samkvæmt 2. grein 2. málsgrein d greitt stofnuninni á þeim tíma, er framlag var greitt, svo og gjaldmiðils, sem lagður er fram samkvæmt ákvæðum þessa málsliðs, hvort sem slíkur gjaldmiðill liggur fyrir í formi greiðsluskírteina, sem móttekin hafa verið samkvæmt 2. grein 2. málsgrein e, eða ekki. Þó gildir það, sem að framan greinir, einungis á meðan og að svo miklu leyti sem slíkur gjaldmiðill hefur ekki í upphafi verið greiddur eða honum víxlað fyrir gjaldmiðil annars félagsríkis.

b. Þegar gjaldmiðill félagsríkis hækkar í verði eða verðmæti gjaldmiðils þess hækkar að áliti stofnunarinnar innan landsvæða þess, ber stofnuninni að endurgreiða slíku félagsríki innan hæfilegs tíma upphæð í gjaldmiðli þess ríkis, sem er jöfn hækkun þeirri, er orðið hefur á

Section 2. Maintenance of Value of Currency Holdings.

(a) Whenever the par value of a member's currency is reduced or the foreign exchange value of a member's currency has, in the opinion of the Association, depreciated to a significant extent within that member's territories, the member shall pay to the Association within a reasonable time an additional amount of its own currency sufficient to maintain the value, as of the time of subscription, of the amount of the currency of such member paid in to the Association by the member under Article II, Section 2(d), and currency furnished under the provisions of the present paragraph, whether or not such currency is held in the form of notes accepted pursuant to Article II, Section 2(e), provided, however, that the foregoing shall apply only so long as and to the extent that such currency shall not have been initially disbursed or exchanged for the currency of another member.

(b) Whenever the par value of a member's currency is increased, or the foreign exchange value of a member's currency has, in the opinion of the Association, appreciated to a significant extent within that member's territories, the Association shall return to such mem-

verðgildi gjaldmiðils þess, sem ákvæði a-liðs þessarar málsgreinar ná til.

c. Heimilt er stofnuninni að ganga fram hjá ákvæðum næsta málsliðs á undan, ef alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir almenna hlutfallslega breytingu á gjaldmiðilsverðmæti allra félagsríkja sinna.

d. Upphæðir, sem lagðar eru fram samkvæmt a-lið þessarar greinar til þess að viðhalda verðmæti gjaldmiðils, skulu vera víxlanlegar og skal mega nota þær á sama hátt og viðkomandi gjaldmiðil.

ber within a reasonable time an amount of that member's currency equal to the increase in the value of the amount of such currency to which the provisions of paragraph (a) of this Section are applicable.

(c) The provisions of the preceding paragraphs may be waived by the Association when a uniform proportionate change in the par value of the currencies of all its members is made by the International Monetary Fund.

(d) Amounts furnished under the provisions of paragraph (a) of this Section to maintain the value of any currency shall be convertible and usable to the same extent as such currency.

5. grein.

Starfsemi stofnunarinnar.

1. málsgrein. Afnot fjármagns og fjármögnunarskilmálar.

a. Stofnunin leggur fram fjármagn til þess að efla þróun á þeim landsvæðum heimsins, sem skammt eru á veg komin og aðiljar eru að stofnuninni.

b. Fjármagn, sem stofnunin leggur fram, skal notað í því skyni, sem stofnunin telur að eigi forgangsrétt vegna þróunar með tilliti til þarfa viðkomandi svæðis eða svæða. Ber að leggja fé fram til ákveðinna framkvæmda, nema sérstaklega standi á.

c. Ekki ber stofnuninni að leggja fram fé, ef hún telur, að slíkt fjármagn sé fáanlegt frá einstökum aðiljum með skilmálum, sem eru lántakanda hagstæðir, eða ef hægt er að afla fjármagnsins með lánum, svipuðum þeim, sem bankinn lætur af hendi.

d. Ekki ber stofnuninni að leggja fram fé, nema meðmæli liggi fyrir frá þar til bærri nefnd, sem vandlega hefur kynnt sér áætlunina. Slíkar nefndir skipar stofnunin, og tilnefnir fulltrúi eða fulltrúar félagsríkis þess eða félagsríkja, í hverra löndum viðkomandi framkvæmd er fyrirhuguð, nefndarmenn ásamt einum eða fleiri tæknistarfsmönnum stofnunarinnar. Ákvæðið um, að fulltrúi eða full-

Article V

Operations.

Section 1. Use of Resources and Conditions of Financing.

(a) The Association shall provide financing to further development in the less-developed areas of the world included within the Association's membership.

(b) Financing provided by the Association shall be for purposes which in the opinion of the Association are of high developmental priority in the light of the needs of the area or areas concerned and, except in special circumstances, shall be for specific projects.

(c) The Association shall not provide financing if in its opinion such financing is available from private sources on terms which are reasonable for the recipient or could be provided by a loan of the type made by the Bank.

(d) The Association shall not provide financing except upon the recommendation of a competent committee, made after a careful study of the merits of the proposal. Each such committee shall be appointed by the Association and shall include a nominee of the Governor or Governors representing the member or members in whose territories the project under consideration is located and one

trúar tilnefndir af fulltrúum félagsríkja skuli sitja í nefndinni, skal eigi gilda, þegar um er að ræða fjármagn til opinberrar alþjóðastofnunar eða svæðastofnunar.

e. Ekki ber stofnuninni að leggja fram fé til nokkurrar framkvæmdar, ef félagsríki, í hvers landi hún er staðsett, leggur á móti slíku fjárframlagi. Þó skal stofnunin ekki þurfa að kynna sér, hvort einstök félagsríki kunni að mótmæla, þegar um er að ræða fjármagn til opinberrar alþjóðastofnunar eða svæðastofnunar.

f. Ekki er stofnuninni heimilt að setja ákvæði þess efnis, að fjármagni, er hún leggur fram, skuli eytt í landi einhvers tiltekins félagsríkis eða félagsríkja. Eigi útilokar þetta ákvæði það, að stofnunin fullnægi ákvæðum um takmörkun á afnotum fjárframlaga, sem sett eru í samræmi við ákvæði greina þessara, og teljast þar til takmarkanir á viðbótargreiðslum samkvæmt samningi milli stofnunarinnar og þess, er fram leggur.

g. Stofnuninni ber að gera ráðstafanir til þess að tryggja það, að fjármagni því, er hún leggur fram, verði eingöngu varið í því skyni, sem til var stofnað, að höfðu tilliti til efnahags, virkni og samkeppnishæfra alþjóðaviðskipta, án tillits til pólitískra eða annarra áhrifa eða sjónarmiða, sem ekki eru efnahagslegs eðlis.

h. Fjármagn, sem útvegað er til fjármögnunar, má einungis afhenda móttakanda til ráðstöfunar til greiðslu á kostnaði við framkvæmdina, eftir því sem hann skapast.

2. málsgrein. Form og skilmálar fjármögnunar.

a. Fjármögnun af hálfu stofnunarinnar fer fram í lánsformi. Henni er þó heimilt að útvega fjármagn með öðrum hætti, annaðhvort

1) af fé, sem lagt er fram í samræmi við ákvæði 3. gr. 1, ásamt fé, sem af því stafar sem höfuðstóll, vextir eða önnor more members of the technical staff of the Association. The requirement that the committee include the nominee of a Governor or Governors shall not apply in the case of financing provided to a public international or regional organization.

3. takmörkun ábyrgðar samkvæmt 2. gr. 3.

c. Breytingar ganga í gildi gagnvart öllum félagsríkjum þrem mánuðum eftir dagsetningu formlegrar tilkynningar, nema skemmri tími sé tilgreindur í umburðarbréfinu eða skeytinu.

10. gr.

Túlkun og gerðardómur.

a. Öll ágreiningsatriði um túlkun á ákvæðum samnings þessa, er upp kunna að koma milli félagsríkja og stofnunarinnar eða milli félagsríkja innbyrðis, ber að leggja undir úrskurð framkvæmdastjórnar. Nú snertir málið sérstaklega félagsríki, er ekki hefur mátt tilnefna framkvæmdastjóra fyrir bankann, og ber því réttur til fulltrúa samkvæmt 6. gr. 4(g).

b. Nú fellir framkvæmdastjórn úrskurð samkvæmt a-lið, og er félagsríki heimilt að skjóta honum til stjórnarnefndar, er fellir endanlegan úrskurð. Á meðan hans er beðið, er stofnuninni heimilt, að svo miklu leyti sem hún telur nauðsynlegt vera, að fara eftir úrskurði framkvæmdastjórnar.

c. Nú rís ágreiningur milli stofnunarinnar og félagsríkis, er hætt hefur þátttöku eða vikið hefur verið frá, og ber að leggja hann undir úrskurð þriggja manna gerðardóms. Skipar stofnunin einn og landið annan, en þriðja manninn, oddamann, skal forseti Alþjóðadómsins eða annað yfirvald, sem skipað er samkvæmt reglum stofnunarinnar, skipa, nema aðiljar komi sér saman um annað. Hefur oddamaður vald til að úrskurða um öll atriði varðandi málsmeðferð (procedure), þegar aðiljar eru ósammála þar um.

(i) the right to withdraw from the Association provided in Article VII, Section 1;
(ii) the right secured by Article III, Section 1 (c);
(iii) the limitation on liability provided in Article II, Section 3.

(c) Amendments shall enter into force for all members three months after the date of the formal communication unless a shorter period is specified in the circular letter or telegram.

Article 10.

Interpretation and Arbitration.

(a) Any question of interpretation of the provisions of this Agreement arising between any member and the Association or between any members of the Association shall be submitted to the Executive Directors for their decision. If the question particularly affects any member of the Association not entitled to appoint an Executive Director of the Bank, it shall be entitled to representation in accordance with Article 6, Section 4 (g).

(b) In any case where the Executive Directors have given a decision under (a) above, any member may require that the question be referred to the Board of Governors, whose decision shall be final. Pending the result of the reference to the Board of Governors, the Association may, so far as it deems necessary, act on the basis of the decision of the Executive Directors.

(c) Whenever a disagreement arises between the Association and a country which has ceased to be a member, or between the Association and any member during the permanent suspension of the Association, such disagreement shall be submitted to arbitration by a tribunal of three arbitrators, one appointed by the Association, another by the country involved and an umpire who, unless the parties otherwise agree, shall be appointed by the President of the International Court of Justice or such other authority as may have been prescribed by regulation adopted by the Association. The umpire shall have full power to settle all questions of procedure in any case where the parties are in disagreement with respect thereto.

11. gr.

Lokaákvæði.

1. málsgrein. Gildistaka.

Samningur þessi gengur í gildi, þegar hann hefur verið undirritaður af hálfu ríkisstjórna, er leggja fram a. m. k. sextíu og fimm hundraðshluta allra framlaga, sem greinir í viðbæti A, og þegar skírteini samkvæmt 2. mgr. (a) þessarar greinar hafa verið fram lögð af þeirra hálfu, en þó eigi fyrr en 15. september 1960.

2. málsgrein. Undirskrift.

a. Ríkisstjórn, sem látið hefur undirrita samning þennan, ber að leggja fyrir bankann skírteini þess efnis, að hún hafi fallizt á samning þennan samkvæmt landslögum og gert allar ráðstafanir til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt honum.

b. Ríkin gerast þátttakendur frá þeim degi, er þau leggja fram skírteini það, er greinir í a-lið hér að framan, en ekki gerist ríki félagsríki, fyrr en samningur þessi gengur í gildi samkvæmt 1. málsgrein greinar þessarar.

c. Samningur þessi liggur frammi til undirskriftar ríkja þeirra, er greinir í viðbæti A, til loka skrifstofutíma 31. desember 1960 í aðalskrifstofu bankans. Hafi samningurinn ekki þá gengið í gildi, er framkvæmdastjórn bankans heimilt að framlengja undirskriftartímann í allt að sex mánuði.

d. Eftir að samningurinn hefur gengið í gildi, skal öllum ríkjum heimilt að undirrita hann, ef aðild þeirra verður samþykkt samkvæmt 2. gr. 1(b).

3. málsgrein. Gildi gagnvart lendum.

Með undirskrift sinni gengur hvert ríki að samningnum fyrir sína hönd og vegna

Article 11.

Final Provisions.

Section 1. Entry into Force.

This Agreement shall enter into force when it has been signed on behalf of governments whose subscriptions comprise not less than sixty-five percent of the total subscriptions set forth in Schedule A and when the instruments referred to in Section 2 (a) of this Article have been deposited on their behalf, but in no event shall this Agreement enter into force before September 15, 1960.

Section 2. Signature.

(a) Each governmet on whose behalf this Agreement is signed shall deposit with the Bank an instrument setting forth that it has accepted this Agreement in accordance with its law and has taken all steps necessary to enable it to carry out all of its obligations under this Agreement.

(b) Each government shall become a member of the Association as from the date of the deposit on its behalf of the instrument referred to in paragraph (a) above except that no government shall become a member before this Agreement enters into force under Section 1 of this Article.

(c) This Agreement shall remain open for signature until the close of business on December 31, 1960, at the principal office of the Bank, on behalf of the governments of the states whose names are set forth in Schedule A, provided that, if this Agreement shall not have entered into force by that date, the Executive Directors of the Bank may extend the period during which this Agreement shall remain open for signature by not more than six months.

(d) After this Agreement shall have entered into force, it shall be open for signature on behalf of the government of any state whose membership shall have been approved pursuant to Article II, Section 1 (b).

Section 3. Territorial Application.

By its signature of this Agreement, each government accepts it both on its own

allra lendna, sem viðkomandi ríki hefur með höndum alþjóðleg samskipti fyrir, nema ríkisstjórnin undanskilji einhver slík svæði skriflega.

4. málsgrein. Byrjun starfa.

a. Jafnskjótt og samningur þessi gengur í gildi samkvæmt 1. málsgrein, skal forseti kalla saman framkvæmdastjórafund.

b. Stofnunin tekur til starfa þann dag, er sá fundur er haldinn.

c. Á meðan fyrsti fundur stjórnarnefndar er ekki haldinn, fara framkvæmdastjórar með öll völd stjórnarnefndar nema þau, sem henni eru sérstaklega falin í samningi þessum.

5. málsgrein. Skrásetning.

Bankanum er falið að láta skrásetja samning þennan í aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 102. grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og reglugerðum samkvæmt henni, er Allsherjarþingið hefur sett.

Gert í Washington í einu eintaki, sem geyma ber í skjalasafni Alþjóðabankans, sem með undirskrift sinni hefur tekizt á hendur að annazt vörzlu samningsins, skrásetja hann hjá Sameinuðu þjóðunum og tilkynna öllum ríkjum, er greinir í viðbæti A, um dag þann, er samningurinn gengur í gildi samkvæmt 11. gr. 1. mgr. hans.

VIÐBÆTIR A
STOFNFRAMLÖG
(í milljónum Bandaríkjadollara)

I. HLUTI

Ástralía	20.18
Austurríki	5.04
Bandaríkin	320.29

behalf and in respect of all territories for whose international relations such government is responsible except those which are excluded by such government by written notice to the Accociation.

Section 4. Inauguration of the Association.

(a) As soon as this Agreement enters into force under Section 1 of this Article the President shall call a meeting of the Executive Directors.

(b) The Association shall begin operation on the date when such meeting is held.

(c) Pending the first meeting of the Board of Governors, the Executive Directors may exercise all the powers of the Board of Governors except those reserved to the Board of Governors under this Agreement.

Section 5. Registration.

The Bank is authorized to register this Agreement with the Secretariat of the United Nations in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations and the Regulations thereunder adopted by the General Assembly.

Done at Washington, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the International Bank for Reconstruction and Development, which has indicated by its signature below its agreement to act as depository of this Agreement, to register this Agreement with the Secretariat of the United Nations and to notify all governments whose names are set forth in Schedule A of the date when this Agreement shall have entered into force under Article XI, Section 1 hereof.

SCHEDULE A
INITIAL SUBSCRIPTIONS
(US $ Millions)*

PART I

Australia	20.18
Austria	5.04
Belgium	22.70

* In terms of United States dollars of the weight and fineness in effect on January 1, 1960.

Belgía	22.70	Canada	37.83
Danmörk	8.74	Denmark	8.74
Finnland	3.83	Finland	3.83
Frakkland	5296	France	52.96
Holland	27.74	Germany	52.96
Ítalía	18.16	Italy	18.16
Japan	33.59	Japan	33.59
Kanada	37.83	Luxembourg	1.01
Lúxemborg	1.01	Netherlands	27.74
Noregur	6.72	Norway	6.72
Stóra-Bretland	131.14	Sweden	10.09
Suður-Afríka	10.09	Union of South Africa	10.09
Sviþjóð	10.09	United Kingdom	131.14
Þýzkaland	52.96	United States	320.29
	763.07		763.07

II. HLUTI		PART II	
Afganistan	1.01	Afghanistan	1.01
Argentína	18.83	Argentina	18.83
Bólivía	1.06	Bolivia	1.06
Brasilía	18.83	Brazil	18.83
Burma	2.02	Burma	2.02
Ceylon	3.03	Ceylon	3.03
Chile	3.53	Chile	3.53
Colombía	3.53	China	30.26
Costa Rica	0.20	Colombia	3.53
Dóminíkanska lýðveldið	0.40	Costa Rica	0.20
Ecuador	0.65	Cuba	4.71
El Salvador	0.30	Dominican Republic	0.40
Eþíópía	0.50	Ecuador	0.65
Filippseyjar	5.04	El Salvador	0.30
Ghana	2.36	Ethiopia	0.50
Grikkland	2.52	Ghana	2.36
Guatemala	0.40	Greece	2.52
Haiti	0.76	Guatemala	0.40
Hondúras	0.30	Haiti	0.76
Indland	40.35	Honduras	0.30
Indónesía	11.10	Iceland	0.10
Írak	0.76	India	40.35
Íran	4.54	Indonesia	11.10
Írland	3.03	Iran	4.54
Ísland	0.10	Iraq	0.76
Ísrael	1.68	Ireland	3.03
Jórdan	0.30	Israel	1.68
Júgóslavía	4.04	Jordan	0.30
Kína	30.26	Korea	1.26
Kórea	1.26	Lebanon	0.45
Kúba	4.71	Libya	1.01
Líbanon	0.45	Malaya	2.52
Líbýa	1.01	Mexico	8.74
Malajaríkin	2.52	Marocco	3.53
Marokkó	3.53	Nicaragua	0.30
Mexíkó	8.74	Pakistan	10.09

Nicaragua	0.30		Panama	0.02	
Pakistan	10.09		Paraguay	0.30	
Panama	0.02		Peru	1.77	
Paraguay	0.30		Philippines	5.04	
Perú	1.77		Saudi Arabia	3.70	
Samband Arabaríkja	6.03		Spain	10.09	
Saudi-Arabía	3.70		Sudan	1.01	
Spánn	10.09		Thailand	3.03	
Súdan	1.01		Tunisia	1.51	
Thailand	3.03		Turkey	5.80	
Túnis	1.51		United Arab Republic	6.03	
Tyrkland	5.80		Uruguay	1.06	
Uruguay	1.06		Venezuela	7.06	
Venezuela	7.06		Viet-Nam	1.51	
Viet-Nam	1.51		Yugoslavia	4.04	
		236.93			236.93
	Alls	1000.00		Total ...	1 000.00

Ed. 322. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til l. um kirkjugarða.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 4. gr. Orðin „(en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög)“ falli burt.
2. Við 6. gr. Síðari málsl. 3. málsgr. orðist svo:
   Vottorð þetta sendist síðan ásamt uppdrætti að fyrirhuguðum kirkjugarði umsjónarmanni kirkjugarða, en hann leggur skilríki þessi ásamt umsögn sinni fyrir skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða til fullnaðarúrskurðar.
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju. Þó getur kirkjugarðsstjórn framlengt friðunartíma leiða, ef þar eru smekkleg minnismerki, eða af öðrum ástæðum.
4. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

Ed. 323. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 17. marz 1954, um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

Fyrir „kr. 25.00—100.00“ í 1. gr. komi: allt að kr. 100.00.

Ed. 324. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. febr. 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Karl Kristjánsson. Björn Jónsson.

Sþ. 325. Nefndarálit [65. mál]

um till. til þál. um umferðaröryggi á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið umsögn vegamálastjóra um hana. Þar eð umferð um veg þennan er orðin svo mikil, að öngþveiti mun verða á næstu árum, ef ekki verða einhverjar úrbætur gerðar, mælir nefndin með því, að tillagan verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (KGuðj) var ekki á fundi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 2. febr. 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason.
Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson. Jónas G. Rafnar.
Ingvar Gíslason. Jón Árnason.

Sþ. 326. Nefndarálit [75. mál]

um till. til þál. um tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið umsögn vegamálastjóra um hana. Þótt þegar hafi verið gerðar ýmsar tilraunir á því sviði, sem tillagan fjallar um, telur nefndin rétt að leita frekari úrræða í þessu vandamáli og leggur því til, að tillagan verði samþykkt. Nefndin telur ekki þörf sérstakrar fjárveitingar vegna tilrauna þessara, því að þær eru beinlínis mikilvægur þáttur í viðhaldi þjóðveganna og því eðlilegt, að kostnaður við þær greiðist af viðhaldsfé.

Einn nefndarmanna (KGuðj) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 2. febr. 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason.
Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson. Jónas G. Rafnar.
Ingvar Gíslason. Jón Árnason.

Nd. **327. Nefndarálit** [112. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkomulag hefur ekki orðið í fjárhagsnefnd um afgreiðslu frv. Meiri hl. (BK, SI og JóhH) mælir með því, að frv. verði samþykkt nú þegar, en undirritaðir telja rétt að fresta afgreiðslu málsins, þar til endurskoðun reikningsins er lokið.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fyrir hv. efri deild. Í nál. meiri hl. fjárhagsnefndar þeirrar þingdeildar, sem út var gefið 16. des. s.l. og prentað er á þingskjali 237, segir svo m. a.:

„Meiri hl. n. telur það vera til mikilla bóta að leggja ríkisreikning fyrir Alþingi svo skömmu eftir lok viðkomandi fjárhagsárs."

Út af þessum ummælum vill minni hl. benda á, að á hverju fjárlagaþingi á undanförnum árum hefur ríkisreikningur fyrir næstliðið ár verið afhentur þingmönnum. Hér er því engin breyting á orðin. Þingið hefur ekki fengið ríkisreikninginn fyrr að þessu sinni en áður hefur tíðkazt.

En vegna þess að endurskoðun reikninganna hefur ekki verið lokið, þegar þeir hafa verið lagðir fram á Alþingi, hefur orðið dráttur á því, að lög um samþykkt á ríkisreikningnum hafi verið afgreidd frá þinginu. Og enn er það svo, að mikið skortir á, að endurskoðun reikningsins sé lokið, þó að honum hafi verið útbýtt meðal þingmanna. Í athugasemdum við ríkisreikninginn fyrir árið 1959, sem hinir þingkjörnu yfirskoðunarmenn gáfu út 14. okt. s.l., er frá því skýrt, að þ. 12. okt. s.l. hafi ríkisendurskoðunin verið búin að ljúka endurskoðun reikninga fyrir árið 1959 frá 15 aðilum, en athugasemdir við þá óafgreiddar. Hins vegar var þá ólokið endurskoðun á reikningum 42 aðila.

Minni hl. n. taldi rétt að óska eftir nýjum upplýsingum um það, hvað langt væri komið endurskoðuninni. Þær upplýsingar hafa nú borizt nefndinni í greinargerð ríkisendurskoðunarinnar, dags. 27. jan. s.l. Samkvæmt þeirri skýrslu vantar enn mikið á, að lokið sé endurskoðun þeirra reikninga, sem ríkisreikningurinn fyrir 1959 er byggður á. Er greinargerð ríkisendurskoðunarinnar birt með þessu nál.

Í lögum nr. 61/1931 eru fyrirmæli um endurskoðun á reikningum ríkisins og ríkisstofnana. Eru þar m. a. ákvæði um þá endurskoðun, sem fram á að fara í fjármálaráðuneytinu, og í 10. gr. laganna segir svo:

„Fjármálaráðuneytinu ber að láta endurskoðunarskýrslu fylgja reikningum þeim, sem það endurskoðar, þegar þeir eru lagðir fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikingsins. — Í endurskoðunarskýrslu skal fram tekið, hvernig endurskoðun hefur verið hagað, hverjar athugasemdir hafi verið gerðar, svör við þeim og úrskurðir, enn fremur sérhvað það viðvíkjandi reikningsskilunum eða rekstri, er fjármálaráðuneytið telur rétt að vekja athygli á eða gera athugasemdir um til yfirskoðunarmanna."

Yfirskoðunarmennirnir, sem Alþingi kýs, verða að sjálfsögðu að byggja umsögn sína um ríkisreikningana að verulegu leyti á þeim endurskoðunarskýrslum, sem endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins ber að láta þeim í té. Minni hl. fjárhagsnefndar lítur því svo á, að þingkjörnum yfirskoðunarmönnum sé rétt að fresta afgreiðslu á ríkisreikningum til Alþingis, þar til endurskoðunardeild ráðuneytisins hefur að fullu lokið sínu verki við endurskoðun þeirra reikninga, sem ríkisreikningarnir byggjast á.

Þó að finna megi dæmi um það, að ríkisreikningar hafi verið afgreiddir frá Alþingi, án þess að endurskoðun þeirra hafi verið að fullu lokið, telur minni hl. það sízt til fyrirmyndar, heldur sé rétt að fresta afgreiðslu reikninganna, þar til þeir eru að fullu endurskoðaðir.

Ekki eru horfur á því, að endurskoðun þeirra reikninga, sem eru undirstaða ríkisreikningsins fyrir 1959, verði lokið áður en þessu þingi lýkur. Svo mikið verk

er þar enn óunnið, og skal þó ekki dregið í efa, að endurskoðunardeildin hafi hraðað störfum, eftir því sem unnt var með því starfsliði, sem þar er. Telur minni hl. því rétt að fresta samþykkt ríkisreikningsins að þessu sinni. en væntir þess, að endurskoðuninni verði lokið, þegar næsta þing kemur saman, svo að þá megi setja lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Það er því tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem mikið skortir á, að lokið sé endurskoðun reikninga, sem ríkisreikningurinn fyrir árið 1959 er byggður á, telur deildin ekki rétt að samþykkja frumvarpið að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. febr. 1961.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

Greinargerð frá ríkisendurskoðuninni um, hvað endurskoðun ríkisstofnana o. fl. er langt komin.

I.

Það, sem er óendurskoðað frá árinu 1959 og eldra:

Póstsjóður.
Endurskoðun næstum lokið árið 1958 og endurskoðað að nokkru árið 1959.

Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Endurskðun lokið til ársloka 1956 og langt komin fyrir árið 1957.

Innkaupastofnun ríkisins.
Endurskoðun langt komin fyrir árið 1959.

Bessastaðabúið.
Endurskoðun lokið árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.

Skólabúið á Hvanneyri.
Óendurskoðað fyrir árið 1959.

Skólabúið á Hólum.
Sömuleiðis.

Kleppsbúið.
Endurskoðun lokið árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík.
Endurskoðun lokið á gjöldum árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.

Lögreglustjórinn í Keflavík.
Sömuleiðis.

Vinnuhælið á Kvíabryggju.
Endurskoðun lokið til ársloka 1957. Ekki hefur tekizt að fá uppgerða reikninga hælisins nema til ársloka 1957.

Fangahúsið í Hafnarfirði.
Óendurskoðað árið 1959.

Fangahúsið á Ísafirði.
Sömuleiðis.

Húsameistaraembættið.
Sömuleiðis.

Tollgæzla í Reykjavík.
Sömuleiðis.

Skattstofa Reykjavíkur.
Sömuleiðis.

Landsspítalinn.
Endurskoðun lokið árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.
Þvottahús ríkisspítalanna.
Sömuleiðis.
Fæðingardeildin.
Sömuleiðis.
Hjúkrunarkvennaskólinn.
Sömuleiðis.
Vífilsstaðahælið.
Sömuleiðis.
Kleppsspítalinn.
Sömuleiðis.
Rannsóknarstofa háskólans.
Sömuleiðis.
Vita- og hafnamál.
Endurskoðun nærri lokið fyrir árið 1959.
Ferðaskrifstofa ríkisins.
Óendurskoðað árið 1959.
Skipaskoðun ríkisins.
Sömuleiðis.
Tilraunastöðin á Keldum.
Endurskoðað til 6. nóvember 1959.
Námslán.
Óendurskoðað árin 1958 og 1959.
Námsflokkar.
Óendurskoðað árið 1959.
Námsstjórar.
Sömuleiðis.
Vistheimilið í Breiðuvík.
Endurskoðað árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.
Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
Óendurskoðað árið 1959.
Íþróttakennaraskóli Íslands.
Sömuleiðis.
Framkvæmdir í Skálholti.
Sömuleiðis.
Jarðabótastyrkir.
Sömuleiðis.
Vélasjóður ríkisins.
Endurskoðun lokið til ársloka 1956 og langt komin árið 1957.
Sandgræðsla Íslands.
Óendurskoðað 1958 og 1959.
Skógrækt ríkisins.
Sömuleiðis.
Veiðimálastjóri.
Óendurskoðað árið 1959.
Sauðfjárveikivarnir.
Sömuleiðis.
Bændaskólinn á Hólum.
Sömuleiðis.
Bændaskólinn á Hvanneyri.
Sömuleiðis.
Fiskmat ríkisins.
Sömuleiðis.

Atvinnudeild háskólans.
Sömuleiðis.
Rannsóknaráð ríkisins.
Sömuleiðis.
Kjarnfræðinefnd Íslands.
Sömuleiðis.
Skipulag bæja og kauptúna.
Sömuleiðis.
Bjargráðasjóður Íslands.
Sömuleiðis, en talning sjóðs, verðbréfa og afstemming banka framkv. árið 1960.
Útflutningssjóður.
Endurskoðun lokið árið 1959, en afstemmingar eftir.
Atvinnumálanefnd.
Óendurskoðað árið 1959.
Byggingakostnaður sjómannaskólans.
Sömuleiðis.
Menningarsjóður.
Sömuleiðis.
Gunnarsholtshælið.
Endurskoðun lokið til ársloka 1959, en athugasemdir óafgreiddar.
Útflutningsnefnd sjávarafurða.
Óendurskoðað árið 1959.
Happdrættislán ríkissjóðs.
Óendurskoðað árin 1955—1959.

II.

Af reikningum ársins 1960 hefur verið endurskoðað sem hér segir:
Endurskoðun á reikningum Landssímans er lokið til marzsloka.
Endurskoðun er nærri lokið á reikningum eftirgreindra stofnana:
Landsspítalinn.
Ljósmæðraskólinn.
Þvottahús ríkisspítalanna.
Fæðingardeildin.
Hjúkrunarkvennaskólinn.
Vífilsstaðahælið.
Kleppsspítalinn.
Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.
Fávitahælið í Kópavogi.
Blóðbankinn.
Rannsóknarstofa háskólans.
Vífilsstaðabúið.
Kópavogsbúið.
Bessastaðabúið.
Vistheimilið í Breiðuvík.
Gunnarsholtshælið.
Upptökuheimilið í Elliðahvammi.
Reikningar Landsmiðjunnar eru endurskoðaðir til 1. júlí.

Endurskoðun á bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins fer fram daglega, og er henni því sem næst lokið fyrir það sem liðið er af árinu 1961.

Endurskoðun á bókhaldi útflutningssjóðs er lokið að undanteknum afsemmingum.

Lokið er einnig endurskoðun á nokkrum smærri reikningum fyrir árið 1960, sem borizt hafa eftir s.l. áramót.

III.

Um endurskoðun á tekjum embætta sýslumanna, bæjarfógeta, lögreglustjóra og tollstjóra er það að segja, að eftirtalin embætti eru óendurskoðuð fyrir árið 1958:

Borgardómarinn í Reykjavík.
Borgarfógetinn í Reykjavík.
Sakadómarinn í Reykjavík.
Tollstjórinn í Reykjavík.
Bæjarfógetinn á Akureyri.
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu.
Sýslum. N.-Múlasýslu og bæjarfóg. Seyðisfirði.
Bæjarfógetinn í Neskaupstað.
Sýslumaðurinn í S.-Múlasýslu.
— í Skaftafellssýslu.
— í Rangárvallasýslu.
— í Árnessýslu.
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.
Sýslum. Gullbr.- og Kjósarsýslu og bæjarfóg. Hafnarfirði.
Bæjarfógetinn í Kópavogi.

Fyrir árið 1959 og einnig árið 1960 eru öll embættin óendurskoðuð, en embættiseftirlit hefur farið fram sem hér segir hjá eftirgreindum embættum:

Bæjarfógetinn í Ólafsfirði 2. okt. 1959.
Sýslum. N.-Múlasýslu og bfg. Seyðisfirði 8. júlí og 21.—23. sept. 1959.
Bæjarfógetinn í Neskaupstað 3.—4. júlí og 23.—24. sept. 1959.
Sýslum. S.-Múlasýslu 1. júlí og 25. sept. 1959.
Sýslum. Gullbr.- og Kjósarsýslu og bfg. Hafnarfirði 28. okt. 1959.
Sýslum. Árnessýslu 13.—15. júlí 1959.
Lögreglustj. Bolungavík 12. ágúst 1959 og 2. nóv. 1959.
Bæjarfógetinn í Kópavogi 20. júlí 1960.
— á Akureyri og sýslum. Eyjafjarðarsýslu 7.—9. nóv. 1960.
— á Húsavík og sýslum. Þingeyjarsýslu 3.—4. nóv. 1960.
— í Neskaupstað 18. júlí 1960.
— í Vestmannaeyjum 28. nóv. og 5. des. 1960.
Sýslum. Barðastrandarsýslu 4. ágúst 1960.
— Dalasýslu 23.—24. sept. 1960.
— Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. sept. 1960.
— S.-Múlasýslu 5. júlí 1960.
— Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 21. sept. 1960.

Endurskoðun aðflutningsgjalda í Reykjavík fer fram daglega, jafnóðum og tollafgreitt er, en endurskoðun aðflutningsgjalda utan af landi fer yfirleitt fram 2—3 mánuðum eftir bókun og tollafgreiðslu.

Ed. 328. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Meiri hl. n. er ljós hin mikla nauðsyn þess, að settar verði almennar reglum um veitingu ríkisábyrgða, er miði að því að draga úr síhækkandi útgjöldum ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum. Verði ekki spyrnt hér við fótum, getur ríkis-

sjóður orðið fyrir stórfelldum áföllum vegna ríkisábyrgða á næstu árum, og eru þessi útgjöld sérstaklega alvarleg fyrir þá sök, að aldrei verður séð fyrir fram, hversu margra milljónatuga útgjöld er um að ræða. Reynslan hefur sýnt, að vanskilin hafa farið vaxandi ár frá ári, og geta útgjöldin fyrr en varir orðið lítt viðráðanleg, ef ekkert er að gert, því að þegar einn skuldari lætur ár eftir ár ábyrgðir falla á ríkissjóð, er hætt við, að fleiri hugsi sem svo, að ekki sé minni ástæða til, að ríkissjóður greiði þeirra skuldbindingar. Hér er því um mikið og sívaxandi vandamál að ræða, enda ríkisábyrgðir orðnar nú yfir 2200 millj. kr.

Meiri hl. n. gerir sér fulla grein fyrir hinni miklu þýðingu ríkisábyrgða til stuðnings fjölþættri uppbyggingu í landinu, enda er engan veginn tilgangur frv. að taka fyrir þá aðstoð ríkisvaldsins. Það á þó að vera meginstefna, að ábyrgðir falli ekki á ríkissjóð. Þurfi að veita sveitarfélögum eða atvinnufyrirtækjum opinbera aðstoð með beinum fjárstuðningi, á það að gerast á annan hátt en láta ábyrgðarskuldbindingar falla á ríkissjóð. Sú aðferð er vansæmandi fyrir skuldarana og hættuleg fjárhag ríkissjóðs, þegar ríkisábyrgðir hafa verið veittar jafnhömlulítið og gert hefur verið. Í slíkum tilfellum er heilbrigðara að veita beina fjárhagsaðstoð, að undangenginni nákvæmri athugun á öllum hag skuldara.

Útgjöld ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum verða að greiðast með álögum á landsfólkið, og það er því tvímælalaus skylda þings og stjórnar að gæta allrar þeirrar varfærni í þeim sökum, er við verður komið. Útgjöld þessi munu hafa orðið yfir 40 millj. kr. á árinu 1960, og er það eitt út af fyrir sig nægileg röksemd fyrir löggjöf, er stuðli að því að draga úr þessum áföllum.

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar hagga í engu meginefni frv. Stærsta efnisbreytingin er sú, að lagt er til að fella niður hið árlega áhættugjald af sjálfsskuldarábyrgðum, en upphaflega gjaldið hækkað nokkuð í staðinn, því að sanngjarnt er, að áhættugjaldið sé hærra af sjálfsskuldarábyrgðum en einföldum ábyrgðum. Bankar reikna ætíð áhættugjald, þegar bankaábyrgðir eru veittar, og þykir sanngjarnt, að ríkissjóður taki einnig slíkt gjald, þegar ríkisábyrgð er veitt, en þó aðeins í eitt skipti fyrir öll. Gjaldið er svo lágt, að það skiptir mjög litlu máli fyrir lántakendur.

Þá þykir ekki ástæða til að leggja hverju sinni undir úrskurð Alþingis, hvort falla megi frá aðför, ef greiðsla ábyrgðarláns fellur á ríkissjóð. Er lagt til, að látið sé nægja að leggja málið undir úrskurð fjárveitinganefndar. Þá þykir og eðlilegt, að fjárveitinganefnd öll fjalli um eftirgjöf vanskilaskulda skv. 9. gr. frv., enda þótt gera megi ráð fyrir, að nefndin velji undirnefnd úr sínum hópi til þess að undirbúa málin undir lokaafgreiðslu í nefndinni.

Alþingi, 3. febr. 1961.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Ed. 329. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 3. gr. Síðari mgr. orðist svo:
   Ríkissjóður má ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé trygging, sem fjármálaráðherra metur gilda.
2. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Taki ríkissjóður á sig sjálfsskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal greiða 1½% af ábyrgðarupphæð, um leið og ábyrgð er veitt.

3. Við 6. gr. Í stað orðanna „heimild Alþingis“ komi: heimild fjárveitinganefndar Alþingis.
4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar lög þessi öðlast gildi, skal fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur til fjármálaráðherra um, hversu innheimta skuli eða semja um skuldir vegna ábyrgða, sem á ríkissjóð hafa fallið. Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, ef fjárveitinganefnd mælir einróma með eftirgjöf.

Sþ. 330. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um athuganir á hafnarframkvæmdum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt till. og fengið um hana umsögn vitamálastjóra.
Leggur nefndin til, að till. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „Rannsóknum þessum verði hraðað svo, að þeim verði lokið á árinu 1961, ef mögulegt er“ í tillgr. komi: Rannsóknum þessum verði hraðað svo sem aðstæður leyfa.

Einn nefndarmanna (KGuðj) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 3. febr. 1961.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason, frsm.
Halldór E. Sigurðsson. Halldór Ásgrímsson. Jón Árnason.
Jónas G. Rafnar. Ingvar Gíslason.

Ed. 331. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 24 17. marz 1954, um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. febr.)

1. gr.

Í stað orðanna „kr. 9.00—36.00 á ári“ í 1. gr. laganna komi: allt að kr. 100.00 á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 332. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Strax í byrjun yfirstandandi þings var frv. þetta lagt fram. Það var tekið til 1. umræðu 24. okt. s. l. og þá vísað til 2. umræðu og landbúnaðarnefndar. 14 vikur eru liðnar, síðan frv. var vísað til nefndarinnar, en ekki hefur það fengizt tekið þar fyrir enn. Við undirritaðir, sem erum í minni hl. nefndarinnar, teljum þennan drátt á afgreiðslu málsins ekki forsvaranlegan og viljum freista þess með útgáfu nefndarálits af hálfu minni hlutans, að málið verði tekið fyrir og afgreitt í háttv. deild, enda ber brýna nauðsyn til raunhæfra aðgerða í þessu máli hið allra fyrsta.

Allmörg ræktunarsambönd hafa nú þegar ákveðið að ráðast í kaup nýrra stórvirkra ræktunarvéla, sem þau þurfa að fá til starfa, strax er jörð verður klakalaus í vor. Hafa þau sótt um styrki til kaupanna og bíða eftir svari. Það fer eftir aðgerðum Alþingis, hvort þau geta fengið vélarnar, því að án styrks frá ríkissjóði er þeim ókleift að eignast þær. Mun þá jarðræktarvinna falla niður á þeim svæðum, þar sem svo er ástatt, að óumflýjanlegt er að endurnýja vélakostinn að einhverju eða öllu leyti.

Sá grundvöllur fyrir endurnýjun vélakosts til ræktunarframkvæmda, sem lagður var með ákvæðum 10. gr. laga nr. 7 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, hefur algerlega brostið. Verðbólgan hefur gert fyrningarsjóðina óhæfa til að gegna hlutverki sínu, og sú hætta vofir yfir, að ræktunarframkvæmdirnar stöðvist af þeim sökum, ef ekkert er aðgert. Verður þetta ljóst, ef aðgætt er, hvernig verðlag hefur breytzt, síðan lögin tóku gildi. Í greinargerð með frv. er frá því greint, hvernig sú þróun hefur verið.

Skulu hér endurtekin nokkur dæmi:

Árið 1945 kostaði beltavél af miðlungsstærð kr. 43500.00. Árið 1950 kr. 136000.00, hafði rúmlega þrefaldazt. Árið 1955 kr. 184000.00, hafði fjórfaldazt. Árið 1959 kr. 385000.00, hafði nífaldazt. Árið 1960 kr. 622500.00, hafði fjórtánfaldazt.

Ræktunarsamböndin hafa að sjálfsögðu ekkert fjármagn til að mæta svo gífurlegum verðhækkunum. Verðbólgustökkið, sem efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar ollu, mun stöðva þá þróun, sem verið hefur í ræktun hér á landi hin síðari ár, ef því verður enn á frest skotið að leggja fram fé til endurnýjunar hinna stórvirku ræktunarvéla. Við lítum því svo á, að afgreiðsla þessa máls þoli enga bið, og leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. febr. 1961.

Ágúst Þorvaldsson, frsm. Karl Guðjónsson.

Ed. 333. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um ríkisábyrgðir.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd ræddi stjórnarfrumvarp þetta allmikið, en ekki tókst heildarsamkomulag í nefndinni um afgreiðslu þess.

Niðurstaðan varð sú, að meiri hl. nefndarinnar, stjórnarstuðningsmennirnir þrír, sem í nefndinni eru (JÞ, MJ, og ÓB), ákváðu að leggja til, að frumvarpið

verði samþykkt með dálitlum breytingum. Við minnihlutamennirnir (BjörnJ og KK) töldum breytingar þær, sem meiri hl. vildi fallast á, ekki fullnægjandi og skilum hvor sínu áliti.

Ég tel viðeigandi, að sett sé löggjöf um ríkisábyrgðir. Þær eru orðnar svo gildur þáttur og mikilsverður í framfarasókn þjóðarinnar, að tímabært er að setja um þær lögbundnar höfuðreglur. Hins vegar er ekki vandalaust að marka þessari þýðingarmiklu starfsemi svið og setja henni ákveðin takmörk, án þess að hún missi við það gildi það, er hún hefur haft og þarf að hafa fyrir athafnalífið í landinu og jafnvægi í byggð þess.

Ég er frumvarpinu samþykkur í ýmsum atriðum, en get þó ekki mælt með því óbreyttu.

Ég tel breytingartillögur meiri hlutans til bóta, en mikið vanta á, að þær séu fullnægjandi til lagfæringar.

Þess vegna flyt ég breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Stuðningur sá, sem ríkið hefur veitt til þjóðþrifa með ríkisábyrgðum á síðustu áratugum, er ómetanlegur. Með þeirri aðstoð hefur verið komið upp höfnum, dráttarbrautum, skipum, fiskiðjuverum, hraðfrystihúsum, síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, vinnslustöðvum landbúnaðarvara, vatnsveitum, rafveitum, hitaveitum, byggingarsjóðum fyrir almenning, stúdentagörðum, lánasjóði stúdenta, flugsamgöngum o. s. frv.

Fyrir ábyrgð ríkisins hefur tekizt að fá lánsfé til framkvæmdanna. Vegna framkvæmdanna hefur svo framleiðsla og atvinna aukizt, lífsþægindi skapazt og aðstaða til menningarlífs.

Fé hefði ekki fengizt án ríkisábyrgða vegna þess, að lántakendurnir sjálfir hafa ekki haft þær tryggingar að setja fyrir lánunum, sem lánveitendurnir hafa talið nægilega öruggar. Ríkisábyrgðirnar hafa ráðið úrslitum, stundum gert herzlumuninn sem viðbótartrygging, — stundum verið aðaltrygging.

Allir landsmenn hafa beint eða óbeint notið þessarar ábyrgðarstarfsemi ríkisins, og telja má, að hún hafi hreint og beint bjargað ýmsum stöðum úti á landi frá því að fara í auðn.

Ljóst virðist mér, að ekki verði hjá því komizt að fara þá leið til meiri háttar framfara og uppbyggingar á komandi árum, að þjóðfélagsheildin veiti framtaki landsmanna í ýmsum greinum aðstoð með ríkisábyrgðum, hjálpi þannig þeim, sem vilja hjálpa sér sjálfir, en skortir tryggingar, sem bankar telja fullnægjandi fyrir sig.

Það getur engum dulizt, sem les þetta stjórnarfrumvarp um ríkisábyrgðir, að stefna sú, er þar ríkir, er að þrengja í stórum stíl þessa leið frá því, sem verið hefur. Segja má, að þetta sé í samræmi við efnahagsmálastefnu ríkisstjórnarinnar, en það er ekki síður viðsjárvert þess vegna.

Ef frumvarpið verður gert að lögum án verulegra breytinga, er hætta á, að þessi leið verði fáum fær og sízt þeim, sem aðrar leiðir eru lokaðar og hennar þurfa þar af leiðandi mest með. Mun í þeim efnum, eins og auðskilið er, fyrst og fremst kreppa að þeim, sem búsettir eru utan þéttbýlisins.

Svo mjög á að þrengja leiðina, að ríkisstjórnin hefur ekki séð sér fært að láta reglur frumvarpsins ná til ríkisábyrgða vegna hafnargerða. Eru þær ábyrgðir undanþegnar með bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu, og skal, eins og þar er sagt, „heimilt að veita ríkisábyrgðir vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til".

Ekki er út á þessa undantekningu vegna hafnargerðanna að setja. En það, að hún er gerð, talar glögglega sínu máli um, að tilgangur frumvarpsins er, að tekið skuli upp breytt viðhorf til annarra frá því, sem verið hefur hingað til.

Langt er frá því, að ég líti svo á, að ekki þurfi að gæta hófs í veitingu ríkisábyrgða. Hægt er auðvitað að misnota þær, eins og flest annað, þó að gott sé, meðan rétt er á haldið.

Ég mæli síður en svo með því, að þeir aðilar, sem lánin fá á ríkisábyrgð, fái

að komast upp með það að vanrækja af ásetningi skil á lánunum í trausti þess, að ríkið borgi fyrir þá og heimti ekki endurgreiðslu af þeim. En hitt tel ég ekki bráðan voða, — eða á móti eðli þessarar ábyrgðarstarfsemi þjóðarheildarinnar, — þó að eitthvað lendi á ríkissjóði vegna ábyrgðanna um stundarsakir eða alveg, **ef illa gengur raunverulega.** Og fráleitt tel ég t. d., að ríkið láti lánardrottna ganga að og eyðileggja nauðsynlegt fyrirtæki, sem það hefur stutt með ábyrgð að komið væri á fót, þó að í vanskil lendi fyrir óhöpp eða það, sem ætla má að sé tímabundinn mótgangur.

Þetta hlýtur vitanlega að verða matsefni hverju sinni. Um það má ekki setja ósveigjanlegar reglur í lög.

Á það verður aftur á móti Alþingi ófrávíkjanlega að leggja ríka áherzlu að veita ekki heimildir til ríkisábyrgðar nema vegna þjóðþrifaframkvæmda, sem ekki fást nægileg lán til að öðrum kosti og tímabært er fyrir þjóðfélagið að gerðar séu. Sé þessa gætt við veitingu ríkisábyrgða, fæst réttur grundvöllur.

Skal nú vikið að þeim ákvæðum frumvarpsins, sem ég tel að breyta eigi og flyt tillögur um að breytt verði.

2. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

„Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.“

Í greinargerð frumvarpsins segir, eins og rétt er:

„Munur á sjálfskuldarábyrgð og svonefndri einfaldri ábyrgð er sá, að þegar um sjálfskuldarábyrgð er að ræða, getur skuldareigandi gengið beint að ábyrgðarmanni, ef eigi er greitt á réttum gjalddaga. Ef ábyrgð er einföld, verður að þrautreyna, að skuldari geti ekki innt greiðslu af höndum, áður en ábyrgðarmaður er krafinn.“

Enn fremur segir í greinargerðinni:

„Felst þá jafnframt í 2. gr. frumvarpsins sú lögskýringarregla, að þar sem eftirleiðis verður rætt um ábyrgð ríkissjóðs í lögum, sé átt við einfalda ábyrgð.“

Í greininni, eins og hún er orðuð, er gengið út frá, að **einföld ríkisábyrgð verði aðalreglan framvegis,** en sjálfskuldarábyrgð frekar undantekning. Hingað til hefur þetta verið öfugt, enda munu lánsstofnanir varla fást til að lána gegn annarri ríkisábyrgð en sjálfskuldarábyrgð.

Þar að auki tel ég betur í samræmi við tilgang ríkisábyrgðastarfseminnar, að hún sé í formi sjálfskuldarábyrgða og ríkið ákvarði, hvort að skuldunautum sé gengið, ef þeir lenda í vanskilum, eða þeim hjálpað til að gera skil og halda áfram starfseminni, sem ríkið veitti þeim ábyrgðaraðstoðina til að koma á fót.

Loks er á það að líta, að Alþingi hefur gefið út ábyrgðaheimildir í eitt skipti fyrir mörg, sem gilda fyrir ókominn tíma, t. d. að því er snertir vatnsveitur og hitaveitur, svo að dæmi séu nefnd. Þar er ekki tekið fram, að um sjálfskuldarábyrgðir sé að ræða, og skv. 2. gr. frv., ef að lögum yrði óbreytt, bæri þar af leiðandi að líta svo á, að heimildirnar séu aðeins til einfaldrar ábyrgðar, en þess konar ábyrgð mundi ekkert gildi hafa fyrir fyrirtækin, af því að þau mundu varla hafa veðhæfar tryggingar að setja, að mati lánveitenda.

Með 2. grein, eins og hún hljóðar, er stefnt að því að gera þá hjálparstarfsemi, sem ríkisábyrgðirnar hafa verið við framfarirnar í landinu, miklu ófullkomnari eftirleiðis.

Ég legg til, að greinin umorðist þannig, að gengið sé út frá, að **sjálfskuldarábyrgðir séu aðalreglan,** enda er annað þýðingarlítið. Með þeirri umorðun falla hinar áðurnefndu, útgefnu heimildir undir greinina sem sjálfskuldarábyrgðaheimildir, eins og þær hafa verið í framkvæmd og þurfa að vera áfram, ef þær eiga að vera nokkurs virði handa þeim, sem þær hafa verið veittar fyrir.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins á ríkissjóður að taka allhátt áhættugjald af þeim, sem hann gengur í ábyrgð fyrir.

Ég tel ekki viðeigandi eftir eðli málsins, að ríkissjóður afli sér tekna á þennan hátt, og legg því til, að grein þessi falli niður.

Þess skal getið, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga var sent frumvarpið til umsagnar. Hún lagði til, að fallið yrði frá kröfum um áhættu- og ábyrgðargjöld, þegar sveitarfélög eiga í hlut. Tillaga þessi frá stjórn sveitarfélagasambandsins er réttmæt, — og ríkissjóður á ekki að taka gjald af neinum fyrir það eitt að ábyrgjast fyrir hann til þjóðþrifa.

Í 5. gr. frumvarpsins er svo fyrir mælt, að ef ábyrgðargreiðsla fellur á ríkissjóð, megi fjármálaráðuneytið halda eftir til skuldajafnaðar greiðslum, sem aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, hvaða tegundar sem eru.

Mér finnst þetta of harkalegt ákvæði gagnvart sveitarfélögum og legg til, að vissar tegundir greiðslna verði undanteknar, svo sem framlög ríkisins til skóla.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er fjármálaráðherra heimilað að fela einhverjum ríkisbankanum að vera fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, athuga „ræki lega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og að því búnu gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda. Þá skal og bankinn fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir."

Enginn vafi er á því, að ráðherrann má án sérstakrar lagaheimildar leita aðstoðar bankans í þeim efnum, sem hér um ræðir, ef hann vill. Heimild greinarinnar hefur því ekki aðra þýðingu en þá að gefa í skyn, að þetta sé vilji löggjafans.

Ég er mótfallinn því, að Alþingi gefi út slíka viljayfirlýsingu. Bankasjónarmið á ekki nema að takmörkuðu leyti við, þegar um veitingu ríkisábyrgða er að ræða. Ég flyt þess vegna breytingartillögu við 7. gr.

Þá er 8. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir, að ráðherra geti með reglugerð ákveðið, að ríkisábyrgð megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta, miðað við matsverð fasteignar.

Ég tel réttara, að Alþingi sjálft ákveði hámarkið í sambandi við hverja heimild, sem það gefur til ríkisábyrgðar. Legg ég því til, að áminnzt ákvæði greinarinnar falli niður.

Framangreindar breytingar á frumvarpinu tel ég nauðsynlegar til þess að gera það við hæfi þeirrar mikilsverðu starfsemi, sem ríkisábyrgðirnar eru og þurfa að vera fyrir framfarir í landinu, framleiðsluaukningu, atvinnusköpun og jafnvægi í byggð landsins.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem ég hef nefnt og flyt tillögur um á sérstöku þingskjali, svo og með sumum þeim breytingartillögum, er meiri hlutinn flytur, en um þær mun ég ræða í framsögu.

Alþingi, 4. febr. 1961.

Karl Kristjánsson.

Ed. 334. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgðir.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Sé ekki tekið fram í heimildarlögum, að ábyrgð ríkissjóðs skuli vera einföld, ber að líta svo á, að þau lög heimili sjálfskuldarábyrgð.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.

3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
   Hér undir falla þó ekki greiðslur ríkisins til skóla eða aðrar lögbundnar greiðslur til sérstakra framkvæmda sveitarfélaga.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin láti fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, og eru þeir skyldir að láta í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er ríkisstjórnin telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Ef einhver tregðast við að láta umbeðnar upplýsingar í té, má fjármálaráðherra beita dagsektum allt að 500 kr. fyrir hvern dag, unz gögnin eru í té látin. Dagsektir þessar má ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.
5. Við 8. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli niður.

Ed. 335. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

1. Við fyrirsögn I. kafla A. Í stað „Mörk sveitarfélaga“ komi: Sveitarstjórnarumdæmi.
2. Við 1. gr. Í stað „Ríkið“ í upphafi 1. mgr. komi: Landið.
3. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Sveitarfélög eru þrenns konar, hreppar, kaupstaðir og sýslur.
4. Við 9. gr. Greinin ásamt fyrirsögn „B. Meðlimir sveitarfélaga“ falli niður.
5. Við 10. gr. Í stað orðanna „meðlima sinna“ í B-lið komi: íbúa sveitarfélagsins.
6. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn, bæjarstjórn í kaupstöðum, hreppsnefnd í hreppum og sýslunefnd í sýslum.
7. Við 18. gr. Við 1. mgr. bætist nýr liður:
   d. hafa óflekkað mannorð.
8. Við 19. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa og hans mega neyta í viðkomandi kaupstað eða hreppi.
9. Við 21. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Formaður sveitarstjórnar nefnist oddviti.
10. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
    Sveitarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.
11. Við 40. gr. Í stað „þegn hreppsins“ í 1. mgr. komi: hreppsbúa.

Ed. 336. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar, en ekki orðið sammála um afstöðu til þess. Vill meiri hl. n. (ÓB, MJ og JÞ) samþykkja frv. án teljandi breytinga, en undirritaður telur hins vegar, að frv. þurfi gagngerðra breytinga við, ef ekki á af samþykkt þess að stafa hætta fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu, en ýmis frumvarpsákvæðanna gætu auðveldlega með tillitslausri framkvæmd verkað sem hemill á framkvæmdir og framfarir, með því að þau miða að því að herða á

lánsfjárskorti og heimila ríkisvaldinu miklu harðari innheimtuaðferðir gagnvart þeim aðilum, sem verða fyrir fjárhagslegum áföllum, heldur en tíðkazt hafa fram til þessa. Mundi slíkt að stjálfsögðu bitna harðast á atvinnurekstri og framkvæmdum í þeim byggðum landsins, þar sem einkafjármagn er minnst, en framkvæmdaþörfin mest.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður megi ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila. Greinilega er að því stefnt með þessu ákvæði, að hin almenna regla verði sú framvegis, að aðeins verði veittar almennar ábyrgðir, þ. e. a. s. að lánardrottinn verði jafnan að þrautreyna með aðför innheimtu skuldar, áður en til kasta ábyrgðarinnar kemur. Verði þessi háttur upp tekinn undantekningarlaust eða undantekningarlítið, sem ætla má eftir ákvæðum greinarinnar, hlyti það að leiða til þess, að ríkisábyrgðir tryggðu stórum verr en nú er, að þeir, sem þær hljóta, væru nokkru nær um lánamöguleika. Þannig má ætla, að venjuleg ábyrgð gagnvart erlendum lánum yrði oftast haldlaus til lánsútvegunar. Þá eru og fjölmargar eða flestar framkvæmdir sveitarfélaga, sem ríkisábyrgða njóta, þess eðlis, að sölugildi þeirra er jafnvel margfalt minna en kostnaðarverð. En afleiðing þess er sú, að lánveitandi hlýtur að leggja áherzlu á sjálfskuldarábyrgðarformið gagnvart lánum til slíkra aðila. Væri slíku ekki fullnægt, mundi það óhjákvæmilega leiða til þess, að sveitarfélög og aðrir almennir aðilar, sem örðugt eða ómögulegt ættu með að bjóða auðseljanleg veð, yrðu illa úti á hinum almenna lánamarkaði og kæmu tæpast til greina með að fá erlend lán.

Nú er í gildi fjöldi lagaheimilda um ríkisábyrgðir, og hafa þær undantekningarlítið verið notaðar á þann hátt, að sjálfskuldarábyrgðir hafa verið veittar samkv. þeim. Með ákvæðum 2. gr. frv. yrði öllum þessum lagaheimildum breytt, þannig að aðeins gæti orðið um einfaldar ábyrgðir að ræða samkvæmt þeim eftirleiðis, nema ný lög heimiluðu. Mundi þetta vafalaust verða til þess, að flestar núgildandi ábyrgðarheimildir yrðu lítilsvirði til að lyfta undir þær þjóðþrifaframkvæmdir, sem þær hafa á undanförnum árum átt hinn mikilvægasta þátt í að hrinda áleiðis.

Með tilliti til þessa flyt ég brtt. við 2. gr. frv., þess efnis, að ábyrgðir þær, sem ríkið veitir, skuli vera sjálfskuldarábyrgðir, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Með þessari breytingu væri það tryggt, að allar núgildandi heimildir héldu gildi sínu óbreyttu, en framvegis yrði það metið eftir aðstæðum, hvort heldur yrðu veittar sjálfskuldarábyrgðir eða einfaldar ábyrgðir.

Í 3. gr. frv. er svo ákveðið, að ekki megi veita neinum þeim aðila, sem skuldar ábyrgðargreiðslur eða er í vanskilum með ábyrgðarlán, ríkisábyrgð, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið. Með hliðsjón af 6. gr. frv., sem útilokar samninga um vanskil, önnur en þau, sem þegar eru orðin, þýða þessi frumvarpsákvæði t. d., að bæjarfélag, sem ekki getur um stundarsakir staðið í fullum skilum á greiðslum, svo sem vegna togarakaupa eða byggingar fiskvinnslustöðvar, er með öllu útilokað frá lögheimilaðri aðstoð í formi ríkisábyrgða við allar aðrar framkvæmdir, hversu mikilvægar sem þær kunna að vera fyrir fjárhag bæjarfélagsins eða frá sjónarmiði almenningsþarfa. Slíkt tillitsleysi gæti ekki orðið neinum til hags. Miklu eðlilegra og farsælla hlyti að vera að meta réttilega orsakir vanskilanna og afleiðingar harkalegra aðgerða og haga aðgerðum í samræmi við slíkt mat. Gengur brtt. mín við 3. gr. frv. í þá átt.

Með 4. gr. frv. er fyrirhugað að leggja sérstakan skatt á alla þá, sem ríkisábyrgða njóta. Nemur skattur þessi 1% af ábyrgðarupphæð við veitingu ábyrgðar og að auki ½% á ári, svo lengi sem ábyrgðin varir, ef um sjálfskuldarábyrgð er að ræða. Hér er raunverulega um að ræða vaxtahækkun í nýju formi. Minni hluta fjhn. virðist hins vegar, að ekki sé bætandi á það vaxtaokur, sem nú er í gildi, og leggur því til, að ákvæðin um þessa nýju skattheimtu af framkvæmdum, sem eru það mikilvægar frá sjónarmiði almenningsheilla, að þeim er ákveðin sérstök fyrirgreiðsla með lögum, verði felld niður með öllu.

Þá eru í frv. ákvæði, sem heimila fjármálaráðuneytinu ótakmarkað vald til að halda eftir hvers konar greiðslum, sem ábyrgðaraðili á að fá frá ríkissjóði, ef sá hinn sami er í vanskilum með ábyrgðargreiðslur, og enn fremur um, að óheimilt sé að láta undan falla að ganga að veðum fyrir ábyrgðartímann, nema sérstök heimild Alþingis komi til.

Ákvæðum frv. um skuldajöfnuð er einkum eða eingöngu beint gegn sveitarfélögunum, sem lögum samkvæmt fá ýmiss konar árlegar greiðslur gegnum ríkissjóð, svo sem framlög til skóla, heilbrigðismála o. fl., ásamt greiðslum úr jöfnunarsjóði vegna hluta af söluskatti. Ekki verður séð, að á nokkurn hátt sé verjandi að svipta sveitarfélög lögbundnum greiðslum til óhjákvæmilegustu almennra þarfa, þótt fjárþröng orsaki vanskil á einstökum ábyrgðargreiðslum. Virðist nær lagi að hafa nauðsynlegt aðhald í því formi, að orsakir vanskila sveitarfélaganna og greiðslumöguleikar séu metnir, áður en til svo harkalegra aðgerða sé gripið.

Gert er ráð fyrir því, að ótilgreindum ríkisbanka verði falið að verða fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða. Skal banki þessi m. a. hafa með höndum eftirlit með öllum fjárreiðum ábyrgðaraðila og gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu því beri að snúast við ábyrgðarbeiðnum. Með þessum frumvarpsákvæðum er greinilega að því stefnt að gera hrein bankasjónarmið að ákvarðandi grundvallaratriðum í sambandi við veitingu ábyrgða af hálfu ríkissjóðs. Í framkvæmdinni mundi það þýða, að ábyrgðunum yrði hlutfallslega í æ ríkari mæli beint til hinna efnameiri aðila í þjóðfélaginu, en dregið að sama skapi eða meira úr þeirri aðstoð, sem í þeim felst til hinna, sem ekki ráða yfir miklu fjármagni. Ýmis önnur frumvarpsákvæði stefna til sömu áttar, svo sem áður er að vikið að nokkru.

Þegar til þess er litið, hve ríkisábyrgðir til margvíslegrar atvinnuuppbyggingar og framkvæmda hafa á undanförnum áratugum gegnt mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu, er auðsætt, að þar hefur verið um að ræða eitt mikilvægasta úrræði okkar fámennu og fjármagnslitlu þjóðar til þess að brjótast í gegnum erfiðleikana, sem óhjákvæmilega hefur þurft að yfirstíga til þess að gera mögulegar þær framfarir, einkum á sviði atvinnumála, sem hér hafa orðið. Því fer víðs fjarri, að þær forsendur, sem gert hafa ábyrgðir ríkisins til undirstöðuframkvæmda óhjákvæmilegar, séu nú brostnar og því sé fært að gerbreyta svo um stefnu sem hér er fyrirhugað, án þess að það leiði til hættulegs samdráttar í framkvæmdum og þá um leið versnandi afkomu þjóðarinnar sem heildar. En alveg sérstaklega mundi slík stefnubreyting verða hættuleg þeim byggðum landsins, þar sem fjármagnsmyndun hefur verið minnst og þörf er því brýnust á þeirri aðstoð, sem ríkisheildin getur veitt og verður að veita, án þess að í móti komi fullkomnar tryggingar fyrir því, að engin fjárhagsleg áhætta sé henni samfara.

Sú stefnubreyting, sem þetta frv. boðar, er af hálfu hv. ríkisstjórnar rökstudd með því, að ríkisábyrgðir séu nú orðnar óhæfilega miklar og vanskil vaxi ár frá ári og geti fyrr en varir reynzt óviðráðanleg. Það er rétt, að ábyrgðirnar eru miklar og sömuleiðis að vanskil hafa farið vaxandi, sérstaklega í tíð núv. hv. ríkisstjórnar. En rétt er þá jafnframt að hafa í huga, að af 30 flokkum ábyrgða, sem nú eru í gildi, hafa 15 reynzt algerlega áhættulausir til þessa og að vanskil í heild nema nú um 5% af heildarábyrgðarupphæð, eins og hún er nú, en að sjálfsögðu stórum minna, ef miðað er við allar veittar ábyrgðir, en tölur um þær eru ekki fyrir hendi. Þá er og athyglisvert, að látið hefur verið undir höfuð leggjast að kanna orsakir vanskila, sem orðið hafa, og byggja þetta frv. að nokkru á slíkri könnun, en slík könnun var eitt aðalatriði þeirrar þál., sem frv. verður rakið til. Liggja því ekki fyrir nein fullnægjandi rök fyrir því, að ekki væri unnt að draga mjög úr vanskilum án þess að grípa til svo harkalegra aðgerða og hættulegra sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Á hinn bóginn verður að telja eðlilegt, að settar verði almennar reglur um veitingu ábyrgða af hálfu ríkissjóðs, m. a. til

þess að hindra tilviljunarkennda og hlutdrægnislega notkun ábyrgðarheimilda, sem veittar eru með lögum, og til þess að koma í veg fyrir vanskil, eftir því sem unnt er, með aðgerðum, sem samrýmast alþjóðarhagsmunum. Í samræmi við þetta flyt ég breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. febr. 1961.

Björn Jónsson.

Ed. 337. Breytingartillögur [154. mál]

við frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ábyrgðir þær, sem ríkið veitir, eru sjálfskuldarábyrgðir, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.
2. Við 3. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Nú æskir aðili, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, ríkisábyrgðar, og skal hún þá því aðeins veitt, að nefnd sú, sem um ræðir í 7. gr., samþykki.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Nú fellur ábyrgðargreiðsla á ríkissjóð, og skal þá borið undir nefnd þá, er ákveðin er með 7. gr., hvað gera skuli, og þarf samþykki nefndarinnar til þeirra ráðstafana, sem gripið er til.
5. Við 6. gr. Greinin falli niður.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 5 manna nefnd, er vera skal fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem lög þessi mæla fyrir um eða fjármálaráðherra kveður nánar á um. Skal nefndin kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og nauðsyn framkvæmda þeirra, sem ábyrgðar er beiðzt fyrir, og að því búnu gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda.
7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar lög þessi öðlast gildi, skal nefnd sú, er ákveðin er með 7. gr., gera tillögur til fjármálaráðherra um, hversu innheimta skuli eða semja um skuldir vegna ábyrgða, sem á ríkissjóð hafa fallið. Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, ef nefndin leggur slíkt einróma til.

Ed. 338. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Á þinginu 1958 fluttu þeir Alfreð Gíslason og Björn Jónsson ályktunartillögu um athugun á aðbúnaði fanga. Var hún efnislega á þá leið, að nefnd sérfróðra manna yrði falið að rannsaka aðbúnað þeirra manna, sem dæmdir eru til refsivistar hér á landi, og gera síðan tillögur um nauðsynlegar endurbætur. Ályktun-

artillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar „í trausti þess, að rík áherzla verði lögð á skjótar úrbætur í fanga- og betrunarhúsmálum þjóðarinnar“.

Í greinargerð, er þessari tillögu fylgdi, er m. a. komizt svo að orði:

„Sú skoðun mun almenn, að fangelsismálum þjóðarinnar sé í ýmsu mjög ábótavant. Á það ekki hvað sízt við um þann þátt þeirra, sem mikilsverðastur er, meðferð afbrotamanna og afvegaleiddra ungmenna. Í menningarþjóðfélagi hlýtur sú meðferð að miðast við það að ná sem beztum árangri í lækningu þeirra meinsemda, sem orsaka misgerðir og afbrot. Þessum þætti mun lítill sómi sýndur í verki og árangur refsivistar reynast í samræmi við það.“

Enn fremur segir svo í greinargerðinni: „Á eina svokallaða vinnuhælið, Litla-Hraun, hefur um áraskeið verið safnað saman flestum eða öllum afbrotamönnum, sem dæmdir hafa verið til verulegrar refsivistar, og hefur þá ekkert tillit verið tekið til þess, hvers eðlis afbrotin voru eða manngerðirnar, sem látnar voru deila aðbúð og kjörum. Afleiðing þessa hefur orðið sú m. a., að óhörðnuð ungmenni, sem fyrst og fremst þarfnast sálarlegrar aðhlynningar og nytsamra starfa, hafa verið ofurseld áhrifum vanræktra og forhertra glæpamanna. Munu þess dæmi, að slík ungmenni hafi þá fyrst orðið löggæzlumönnum alvarlegt viðfangsefni og hættulegt, er þau höfðu afplánað hegningu sína á þessum stað.“

Í apríl 1960 lét ríkisstjórnin verða af því að fela einum sérfróðum manni að kynna sér ástand fangelsa landsins og gera áætlun um að koma fangelsismálum hér í nútímahorf. Að athugun lokinni lét þessi sérfræðingur dómsmálaráðuneytinu í té álitsgerð og tillögur um aðgerðir til úrbóta, og á grundvelli þeirra tillagna er frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli byggt.

Með efni þessa frumvarps er mjög stefnt í rétta átt, að því er varðar vissa hlið fangelsismálanna. Bygging fangelsa mismunandi tegunda, svo sem ráðgert er í frumvarpinu, er stórt framfaraspor og ekki sanngjarnt að heimta meira, eins og allar aðstæður eru hér á landi nú. Ef von væri til, að ríkisfangelsið í Reykjavík með sínum aðgreindu deildum, vinnuhælið og unglingafangelsið yrðu reist og tekin í notkun innan hóflegs tíma, mætti segja, að sómasamlega væri séð fyrir húsakosti og sá þáttur vandamálsins þannig farsællega leystur. En vonin til þess er því miður lítil. Til byggingar þessara miklu stofnana er í frumvarpinu ekki tryggt meira fé en 1 milljón króna á ári, og er auðsætt, að með þeirri fjárveitingu tekur það marga áratugi að koma þeim upp. Þetta er stór galli. Fyrir öll fangelsin, sem ráðgerð eru í frumvarpinu, er brýn nauðsyn nú þegar eða á næstu árum. Eftir marga áratugi má gera ráð fyrir, að þau verði orðin of lítil og úrelt, og þannig mundum við hjakka stöðugt í sama farinu í fangelsismálum, ef aldrei má gera stórt átak, en stórt átak í þessu efni kostar mikið fé.

Á það skal aðeins minnzt hér, að í frumvarpinu eru engin ákvæði um menntun eða þjálfun þess starfsliðs, sem hafa skal eftirlit með föngum og annast meðferð þeirra. Þetta er þó býsna mikilsvert atriði og engin ástæða til að sleppa því, jafnvel þótt dráttur verði á byggingu fangelsanna. Við fangelsi eiga að starfa sérfróður læknir, sérfróður sálfræðingur og sérmenntaðir fangaráðunautar, auk þjálfaðra fangavarða. Þessi hlið vandamálsins virðist ekki hafa verið athuguð, og er hún þó sennilega eins mikilsverð og húsakosturinn.

Í nánum tengslum við frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli er annað stjórnarfumvarp, frv. til laga um héraðsfangelsi. Bæði þessi frumvörp voru athuguð og rædd í allsherjarnefnd, og varð ekki fullt samkomulag um afgreiðslu þeirra. Vill meiri hlutinn mæla með samþykkt þeirra, eins og þau liggja fyrir, en minni hlutinn leggur til, að gerðar verði á þeim nokkrar breytingar, og eru tillögur um þær á sérstöku þingskjali.

Helzta breytingartillaga minni hlutans er sú, að öll fangelsi í landinu skuli vera eign ríkisins og rekin af því. Í héraðsfangelsafrumvarpinu er gert ráð fyrir, að stofn- og rekstrarkostnaður héraðsfangelsa greiðist, framvegis sem hingað til að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Þetta þykir ýms-

um óheppilegt ákvæði fyrir margra hluta sakir. Í athugasemdum, er fylgja frv. til laga um ríkisfangelsi, er nokkuð rætt um þessa hlutdeild sveitarsjóðanna í fangelsakostnaðinum. Hún tíðkaðist annars staðar á Norðurlöndum áður fyrr, en hefur nú verið afnumin hvarvetna. Síðan ber ríkissjóður einn allan kostnað af fangelsunum í þessum löndum, bæði ríkis- og héraðsfangelsum, og þykir það eðlileg og heppileg tilhögun og til stórbóta frá því, sem áður var. Á þessa leið er frá sagt í athugasemdunum.

Allsherjarnefnd sendi frumvörpin nokkrum aðilum til umsagnar, m. a. Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Í því tilefni gerði sambandssjórnin sérstaka samþykkt, svo hljóðandi:

„Stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga vísar til fyrri samþykkta sambandsþings, fulltrúaráðsfunda og bæjarstjórafunda þess efnis, að sveitarsjóðir verði leystir undan greiðslu lögreglukostnaðar, og telur eðlilegt, að fangelsin hér á landi verði reist og rekin fyrir fé ríkissjóðs, svo sem tíðkast hjá öðrum norrænum þjóðum."

Það er eðlilegt, að ríkið eigi og reki öll fangelsi í landinu, og það er sanngjarnt að létta fangelsakostnaðinum af sveitarsjóðunum. Því gerir minni hluti nefndarinnar það að tillögu sinni og jafnframt að ákvæði frv. til laga um héraðsfangelsi, þannig breytt, verði felld inn í frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, frumvörpin með öðrum orðum sameinuð.

Aðrar efnislegar breytingartillögur eru þær, að ekki skuli lögbundið, að vinnuhæli ríkisins megi hvergi vera nema á Litla-Hrauni, að ákvæði 5. gr. um afplánun meðlaga eða barnalífeyris verði fellt burt og að fjárveiting til fangelsabyggingar verði minnst 2 milljónir króna á ári í stað 1 milljónar.

Húsið á Litla-Hrauni var ekki byggt sem vinnuhæli fanga, og það hefur frá upphafi verið talið óhentugt til þeirra nota, enda vandræði þar farið vaxandi með árunum. Enn mun ekki hafa verið rannsakað til hlítar, hvort ódýrara sé og hagkvæmara að reisa frá grunni vinnuhæli handa 60 föngum eða gerbreyta hælinu á Litla-Hrauni og stækka það um meira en helming. Á meðan sú rannsókn hefur ekki farið fram, er óhyggilegt að einskorða með lögum staðsetningu hælisins við Litla-Hraun.

Ákvæðið um afplánun meðlaga í 5. gr. er með öllu óþarft. Í framfærslulögum er sveitarstjórnum heimilað með vissum takmörkunum að afla sér úrskurðar um, að styrkþega skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli ógreidd barnsmeðlög. Þetta ákvæði ber réttarfarinu ekki sérlega fagurt vitni, og er sannarlega nóg að flíka því í einum lögum.

Loks leggur minni hlutinn til, að árlegt minnsta framlag ríkissjóðs til fangelsabyggingar verði hækkað um helming. Nægileg er sú hækkun raunar ekki, en þó betri en engin. Fangelsismálin hafa árum saman verið látin sitja á hakanum þjóðfélaginu til skaða og skammar. Það er hverju orði sannara, sem segir í athugasemdum við frumvarpið, að fangelsismálin mega ekki gjalda þess um alla framtíð, að þau hafa til þessa dags orðið útundan.

Nánari grein fyrir breytingartillögunum verður gerð í framsöguræðu.

Alþingi, 6. febrúar 1961.

Alfreð Gíslason.

Ed. 339. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (AGl).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkið skal eiga og reka þessi fangelsi:
   1. Ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar.
   2. Vinnuhæli.
   3. Unglingafangelsi.
   4. Héraðsfangelsi.
2. Við 2. gr. Í stað „kvennafangelsi og gæzluvarðhald“ í fyrri málsgr. komi: kvennafangelsi, varðhald og gæzluvarðhald.
3. Við 3. gr. Orðin „að Litla-Hrauni í Árnessýslu“ falli burt.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Héraðsfangelsi til geymlu handtekinna manna og gæzlufanga skulu reist og rekin þar, sem þeirra er þörf að áliti dómsmálaráðuneytisins og að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.
   Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir héraðsfangelsa, en annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.
   Bygging nýrra fangelsa í samræmi við þessa grein skal háð leyfi Alþingis, enda samþykki það fjárveitingu til hennar.
   Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Veita skal úr ríkissjóði 2 millj. kr. á ári hverju hið minnsta til fangelsabygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem um getur í 1. gr., töluliðum 1—3.
6. Við 9. gr. Aftan við 2. málslið bætist: og lög nr. 29 1. febr. 1936, um fangelsi.

Sþ. 340. Breytingartillaga [160. mál]

við till. til þál. um ráðstafanir vegna læknaskorts.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við landlækni og læknadeild háskólans:

1. að gera þegar bráðabirgðaráðstafanir til að útvega lækna í þau læknishéruð, sem nú eru læknislaus,
2. að láta rannsaka orsakir læknaskortsins í landinu og gera síðan úrbætur til frambúðar í samræmi við niðurstöðu þeirrar athugunar, og
3. að kanna, hvort unnt sé á annan hátt að bæta úr öryggisleysi því, sem fólk í afskekktustu héruðum á við að búa í heilbrigðismálum.

Ed. 341. Frumvarp til laga [118. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. febr.)

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu bændunum Jóhanni Bergvinssyni, Áshóli í Grýtubakkahreppi, og Hólmgrími Sigurðssyni, Yztuvík í sömu sveit, hinum síðarnefnda 25 dagsláttur af ræktanlegu landi jarðarinnar við suðurmörk hennar.

Kaupverð skal vera eins og um semst eða — ef samkomulag verður ekki — þá samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að landinu, verði það aftur selt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 342. Frumvarp til laga [181. mál]

um heimild handa samgöngumálaráðherra til að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni sjóliðsforingja stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Siglingamálaráðherra skal heimilt að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni sjóliðsforingja undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955. um stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té stýrimannsskírteini í innan- og utanlandssiglingum á verzlunar- og varðskipum af hvaða stærð sem er og skipstjóraskírteini á sams konar skipum, eftir að hann hefur fullnægt ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda íslenzkum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni sjávarútvegsmálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð og fylgiskjöl fylgdu frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

Guðjón Ármann Eyjólfsson er fæddur 10. janúar 1935. Hann lauk s. l. haust sjóliðsforingjaprófi við Söværnets Officerskole í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt íslenzkum lögum er nám í stýrimannaskólanum í Reykjavík eða námskeiðum hans og íslenzk próf skilyrði til skipstjórnarréttinda á íslenzkum skipum. Hefur því verið að því horfið, er íslenzkir menn hafa lokið sjóliðsforingja-

námi erlendis, að viðurkenna með lögum hin erlendu próf þeirra sem jafngild íslenzkum, sbr. t. d. l. nr. 17 13. júní 1937, l. nr. 8 13. febr. 1948 og l. nr. 95 11. des. 1950.

Guðjón Ármann Eyjólfsson hefur verið ráðinn til starfa hjá landhelgisgæzlunni frá og með 1. þ. m. að telja, og hefur landhelgisgæzlan farið þess á leit við samgöngumálaráðuneytið, að það hlutist til um, að hin erlendu próf Guðjóns verði með sérstakri lagasetningu metin jafngild og innlend próf. Að sjálfsögðu verður Guðjón að fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum um siglingatíma til að fá atvinnuskírteini sem stýrimaður eða skipstjóri.

Fylgiskjal I.

LANDHELGISGÆZLAN

Reykjavík, 29. nóv. 1960.

Samgöngumálaráðuneytið, Arnarhváli, Reykjavík.

Hér með sendist hæstvirtu ráðuneyti afrit af prófskírteini frá Söværnets Officerskole í Kaupmannahöfn, dags. 21. nóv. 1960, til handa Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni, fæddum í Vestmannaeyjum 10. júní 1935, er lauk sjóliðsforingjanámi við fyrrnefndan skóla fyrir skömmu.

Vil ég leyfa mér að fara þess á leit, að ráðuneytið hlutist til um, að próf Guðjóns verði viðurkennt jafngilt prófi frá stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 28. desember 1960.

Með bréfi, dags. 22. þ. m., sendi ráðuneytið mér til umsagnar hjálagt erindi landhelgisgæzlunnar, dags. 29. f. m., þar sem farið er fram á, að prófskírteini Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar frá Söværnets Officerskole í Kaupmannahöfn verði viðurkennt jafngilt og prófskírteini frá stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Vegna þessa skal ég leyfa mér að taka fram, að siglingafræðikunnátta sú, er Guðjón Ármann Eyjólfsson hefur öðlazt með fyrrnefndu sjóliðsforingjaprófi, jafnast fyllilega á þá fræðslu í siglingafræði, sem stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir.

Erindið ásamt fylgiskjölum endursendist hér með.

F. h. s.

Jónas Sigurðsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins.

Nd. 343. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta var tekið til fyrstu umræðu og vísað til landbúnaðarnefndar 3. nóv. s. l. Hefur málið ekki fengizt tekið fyrir í nefndinni, þótt nú séu liðnir 95 dagar frá því að hún fékk það til athugunar. Minni hlutinn, sem stendur að þessu

nefndaráliti, vill ekki una slíkum drætti á afgreiðslu svo þýðingarmikils máls, og því er álit þetta útgefið, ef það gæti orðið til þess að knýja fram afgreiðslu á málinu og koma fram þeim nauðsynlegu lagabreytingum, sem í frv. felast.

Verðlagsbreytingar þær, sem orðið hafa vegna efnahagsráðstafana þeirra, sem núverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir og fékk lögfestar á síðasta vetri, hafa leitt af sér skort á fé til þeirra framkvæmda, sem Landnámi ríkisins er ætlað að sjá um samkv. lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þar sem framkvæmdirnar hafa orðið miklu dýrari heldur en þær voru, þegar fjárhæðir þær, sem í lögunum eru, voru ákveðnar og miðaðar við þáverandi verðgildi peninga.

Ekki mun af veita hér eftir sem hingað til að stuðla að ræktun og byggingum í sveitum, ef þjóðin á nú og í framtíðinni að vera sjálfri sér nóg um framleiðslu landbúnaðarvara. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir svipuðum stuðningi við landnám, ræktun og byggingar í sveitum og hann var fyrir gengislækkunina. Sá, sem reist hefur nýbýli, eftir að lögunum var breytt 1957, hefur fengið allt að 35 þús. kr. styrk frá landnáminu til jarðræktar og þar að auki 25 þús. kr. framlag til að byggja íbúðarhús, eða 60 þús. kr. styrk alls. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að samsvarandi upphæðir verði 40 þús. kr. og 50 þús. kr., eða alls 90 þús. kr., og má styrkurinn áreiðanlega ekki minni vera, ef nokkrum manni á að detta í hug að stofna nýbýli. Það sama gildir einnig um þá bændur, sem efnalitlir eru, en þurfa að byggja íbúðarhús á jörðum sínum, að þeirra hlut þarf að bæta, og er sú lagaheimild, er sett var á síðasta þingi um framlög til styrktar þeim bændum af því fé, sem landnámið hefur til umráða samkv. 41. gr., algerlega ófullnægjandi, nema fjárframlag ríkisins sé stóraukið, eins og frv. gerir ráð fyrir, því að annars er ekki hægt að veita nema örfáum bændum á ári hverju slíkan styrk.

Minni hlutinn lítur svo á, að ekki megi bíða að gera þær ráðstafanir, sem í frv. felast, og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. febr. 1961.

Ágúst Þorvaldsson, frsm. Karl Guðjónsson.

Sþ. 344. Nefndarálit [58. mál]

um till. til þál. um útboð opinberra framkvæmda.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Aftan við tillgr. bætist: ef þeir að öðru leyti eru taldir færir um að framkvæma verkið, verði settar fastar reglur um útboð opinberra framkvæmda.

Einn nefndarmanna (KGuðj) var ekki á fundi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 5. febr. 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jónas Gíslason.
Jónas G. Rafnar. Ingvar Gíslason. Jón Árnason.
Halldór E. Sigurðsson. Halldór Ásgrímsson.

Ed. 345. Frumvarp til laga [182. mál]

um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Suður-Þingeyjarsýslu eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfandafljóti, sem er ¾ hlutar eyjarinnar. Salan fari fram með því skilyrði, að eyjan verði friðuð fyrir búfjárágangi.

2. gr.

Söluverð skal ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við það mat tekið tillit til þess skilyrðis, sem sett er um söluna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingey í Skjálfandafljóti innan Suður-Þingeyjarsýslu er hinn forni þingstaður héraðsins og sýslan við hana kennd. ¾ hlutar hennar eru í eigu ríkisins, en ¼ hluti er í einkaeign. Nokkur ummerki eru þar um búðatóftir frá þeim tíma, er þar voru vorþing háð. Þar er örnefnið Þingvöllur, og má þar sjá leifar af fornum garði um völlinn. Þar er og Þinghóll, hæsti staður eyjarinnar, á miðjum Þingvelli.

Eyjan er talin vera 5½ km á lengd og 1½ km á breidd, þar sem hún er breiðust. Hún er nú aðallega eða eingöngu notuð til beitar, einkum að vorlagi, og hefur hluti ríkisins verið leigður bónda einum í því skyni. Allmikill hluti eyjarinnar er nú uppblásinn, en nyrðri hluti hennar, og þar með þingstaðurinn, er enn vel gróinn.

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samþykkt að reyna að ná eignarhaldi á eyjunni allri með það fyrir augum að friða hana fyrir ágangi búfjár og gera hana að eins konar héraðsgarði og vernda hinar sögulegu minjar, sem við hana eru tengdar. Er frumvarp þetta flutt að beiðni sýslumanns í samræmi við fyrrnefnda samþykkt sýslunefndarinnar. Hyggjast forráðamenn sýslunnar munu reyna að ná eignarhaldi með frjálsum samningum á þeim hluta eyjarinnar, sem er í einkaeign.

Ed. 346. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til laga um héraðsfangelsi.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir frá lagadeild háskólans, Dómarafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og félaginu „Vernd“. Mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. febr. 1961.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Sigurður Ó. Ólafsson.
Ólafur Jóhannesson.

Ed. 347. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir frá lagadeild háskólans, Dómarafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og félaginu „Vernd". Mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. febr. 1961.

Jón Þorsteinsson, form. frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 348. Frumvarp til laga [183. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipulag bankans.

1. gr.

Útvegsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk Útvegsbanka Íslands er að reka hvers konar bankaviðskipti, styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda þessar atvinnugreinar.

4. gr.

Útvegsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík, en auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankastjórn og bankaráð ákveða.

II. KAFLI
Um starfsemi bankans.

5. gr.

Hlutverk sitt leysir Útvegsbanki Íslands af hendi með því:

a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveizlu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;

f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveizlu eigna;
g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

6. gr.

Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánum, sem fást greidd með skömmum fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.

III. KAFLI
Um Fiskveiðasjóð Íslands.

7. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands skal vera sérstök deild í Útvegsbankanum með aðskildum fjárhag og bókhaldi og ber sjálfur kostnað af rekstri sínum.

Bankastjórn Útvegsbankans hefur á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og rekstur.

Um Fiskveiðasjóð fer að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum og reglugerðum, sem um hann gilda.

IV. KAFLI
Stjórn bankans og reikningsskil.

8. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

9. gr.

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann. Ef bankaráðsmaður eða varamaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans, áður en starfstími hans er á enda, kýs Alþingi annan mann í hans stað.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

10. gr.

Bankastjórn Útvegsbanka Íslands er skipuð þremur bankastjórum, sem bankaráð ræður. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi. Heimilt er bankaráði að ráða aðstoðarbankastjóra.

Ekki mega bankastjórar reka atvinnu sjálfir, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf nema samþykki bankaráðs komi til.

11. gr.

Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í mánuði. Aukafund skal halda, er formaður eða bankastjórn telur þess þörf eða meiri hluti bankaráðsmanna óskar þess.

Bankaráðsfundir eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Bankastjórar eiga rétt á að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er varða bankastjórana sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans.

12. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Útvegsbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

13. gr.

Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara bankans og stjórnendur útibúa utan Reykjavíkur. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs.

14. gr.

Bankastjórn Útvegsbankans hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni eftir reglum, er ákveðnar skulu í reglugerð. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir, svo gilt sé.

15. gr.

Starfsár Útvegsbankans er almanaksárið. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

16. gr.

Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur bankans, svo og töp vegna afskrifaðra lána samkvæmt ákvörðun bankaráðs.

Tekjuafgangi skal bankaráð ráðstafa til varasjóðs og annarra hliðstæðra sjóða bankans að fengnum tillögum bankastjórnar.

17. gr.

Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Eigi mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

19. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða fyrir innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiptabókar með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði, og ef enginn hefur sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskírteinið eða viðskiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiptabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

20. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

21. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

22. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja veðbréf og annað, sem hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá bankinn stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til að leysa veðið með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

23. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Útvegsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

24. gr.

Lög þessi taka gildi 15. marz 1961, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 34 frá 29. maí 1957, um Útvegsbanka Íslands, nema VI. kafli laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laganna skal Alþingi kjósa nýtt bankaráð samkvæmt ákvæðum þeirra, og skal kjörtími þess vera til ársloka 1964, og fellur þá jafnskjótt niður umboð núverandi bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að samræma löggjöfina um Útvegsbanka Íslands öðrum lögum um viðskiptabankana og þá sérstaklega með hliðsjón af frumvarpi því, sem nú liggur fyrir þinginu um Landsbanka Íslands.

Í frumvarpi þessu er ekki um efnisbreytingar að ræða, utan þess, sem nú skal greina.

Í 9. gr. eru ný ákvæði um það, hvernig bankaráð skuli skipað, og eru þau í samræmi við ákvæði þeirra frumvarpa ríkisstjórnarinnar um ríkisbankana, sem fyrir þessu þingi liggja og lögfest voru á síðasta þingi varðandi Búnaðarbankann.

Rétt þykir að vekja athygli á, að sú breyting er gerð í þessu frumvarpi frá gildandi lögum, að ráðherra getur ekki vikið bankastjóra frá, en til þess mundi þurfa ákvörðun bankaráðs samkvæmt 10. gr.

Ennfremur eru í 7. gr. tvímælalaus ákvæði um það, að framkvæmdastjórn Fiskveiðasjóðs Íslands heyri undir bankastjórn Útvegsbankans, en ekki bankaráð. Þetta atriði hefur orkað tvímælis, en ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur.

Að öðru leyti þykir frumvarp þetta ekki þurfa skýringar við. Þó skal þess getið, að eldri ákvæði VI. kafla laga nr. 34 29. maí 1957, um Útvegsbanka Íslands, eru látin halda gildi sínu til varúðar.

Nd. 349. Frumvarp til ábúðarlaga. [117. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. febr.)

Samhljóða þskj. 154 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð, og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi úttektarmanna.

Nú hefur eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann né fjölskylda hans hefur þar lögheimili, en tún jarðar fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar, svo að sveitarfélagið bíður hnekki af því, allt að dómi úttektarmanna, og skal þá sveitarstjórn krefjast þess, að jarðareigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgr. Nú byggir jarðareigandi ekki jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar, næst eftir að frestur er útrunninn, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórninni innan 6 daga að ráðstafa jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta það, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa áður fylgt, í ábúðarfæru ástandi og peningshús að minnsta kosti fyrir þá áhöfn, sem jörðin ber, er ábúandi tekur við henni, eða setji tryggingu fyrir, að svo verði gert, áður en ábúandi þarf að nota peningshúsin.

Sinni sveitarstjórn ekki boði jarðareiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkvæmt grein þessari fyrir 15. apríl, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár, en skylt er honum að annast viðhald mannvirkja, svo sem girðinga, húsa, vatnsbóla og annars, er jörðinni tilheyrir, enn fremur að ganga þannig frá húsum og mannvirkjum, að hættulaust sé fyrir búfé.

Nú hefur jörðin verið í eyði í 3 ár eða lengur og rýrnað að búrekstrargildi af þeim sökum, og er þá jarðareiganda skylt að gefa hlutaðeigandi hreppi eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörðina. Skal jörðin metin til slíkrar sölu af gerðardómi, sem skipaður sé þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor og hlutaðeigandi sýslumaður oddamann, og er hann formaður. Hafni þessir aðilar að kaupa samkvæmt þessu mati, er jarðareiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir. Hafi enginn not jarðarinnar að þessu gerðu, er landsdrottni ekki skylt að greiða af jörðinni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af hendi, svo sem vegagjöld, fjallskilagjöld og kostnað við fyrirskipaðar smalanir heimalanda. Má krefjast sölu slíkra jarða til greiðslu á skuldum af þessum sökum, ef vanskil hafa orðið í þrjú ár eða lengur.

18. gr. hljóðar svo:

Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á ¾ þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár gegn almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærslurétti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir. Nú gegnir landsdrottinn ekki þessari skyldu sinni, og getur þá leiguliði krafizt þess að fá jörðina keypta með þeim skilyrðum, sem um getur í 1. málslið þessarar málsgreinar.

Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. málsgr., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, en jafnframt sé eðlilegt tillit tekið til framlags jarðareiganda til umbóta á jörðinni í tíð leiguliða, einnig búrekstrargildis jarðarinnar, þegar kaupin eru gerð, og breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninga, eftir að fasteignamat síðast fór fram.

Nd. 350. Frumvarp til laga [184. mál]

um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Lánasjóður íslenzkra námsmanna. Skiptist hann í tvær deildir: lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, og er hlutverk hans að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og aðrar erlendar kennslustofnanir.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, Menntamálaráðs Íslands, stúdentaráðs Háskóla Íslands og Bandalags háskólamanna, og skal sá, er það tilnefnir hafa stundað háskólanám erlendis og nýlega lokið þar prófi, en hinn fimmta án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Fulltrúar Stúdentaráðs og Bandalags háskólamanna skulu þó tilnefndir til eins árs í senn. Varamenn eru skipaðir með sama hætti og til jafn langs tíma.

Nú stofna íslenzkir námsmenn erlendis með sér samtök, er meginþorri þeirra er aðili að, og starfa samkvæmt samþykktum, er menntamálaráðuneytið viðurkennir, og skal þá skipa í stjórnina samkvæmt tilnefningu þeirra í stað Bandalags háskólamanna.

Hlutverk stjórnarinnar er að annast nauðsynlegar lántökur fyrir sjóðinn og fjármál hans að öðru leyti. Útborgun lána, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum er sjóðsstjórn heimilt að fela bankastofnun.

Stjórnin skiptir fé því, sem til úthlutunar er ár hvert, milli deilda sjóðsins samkvæmt reglum, er hún setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Menntamálaráð Íslands veitir fé það, sem kemur í hlut lánadeildar íslenzkra námsmanna erlendis, sem námslán til íslenzkra stúdenta og annarra námsmanna við nám erlendis, samkvæmt reglum, sem menntamálaráð setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Úthlutun úr lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands annast fimm manna nefnd, skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, þannig: tveir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, tveir samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, og einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Fulltrúar stúdentaráðs skulu þó tilnefndir til eins árs í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Lán skulu veitt samkvæmt reglum, er nefndin setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

5. gr.

Lántakandi úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en endurgreiða lánin með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á allt að 15 árum. Vaxtagreiðslur og afborganir hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef námsmaður hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur stjórn lánasjóðsins það hverju sinni.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán einu sinni á ári, meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Fyrir lánum þessum skulu lánþegar gefa út skuldabréf og setja tryggingu, samkvæmt ákvörðun stjórnar lánasjóðsins.

6. gr.

Stúdentar frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám við Háskóla Íslands, njóta réttinda til námslána, samkvæmt 4. gr. með sama hætti og íslenzkir stúdentar.

7. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til framlag í fjárlögum, eigi lægra en kr. 6025000.00.

Allar eignir lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands og lánasjóðs íslenzkra námsmanna erlendis skulu renna til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna við gildistöku laga þessara.

8. gr.

Sjóðsstjórninni er heimilt að taka innanlands allt að 45 millj. króna lán handa sjóðnum á árunum 1961—1980, gegn tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins.

Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum árlega en svo, að öruggt sé, að sjóðurinn geti staðið straum af lánum þeim, er hann hefur tekið til starfsemi sinnar.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og samtímis falla úr gildi lög nr. 5/1952, um lánasjóð stúdenta, og lög nr. 17/1960, um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fé það, sem veitt er í fjárlögum fyrir árið 1961 til lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands, skal renna til lánadeildar stúdenta við Háskóla Íslands og fé það, sem veitt er til lánasjóðs íslenzkra námsmanna erlendis, skal renna til lánadeildar námsmanna erlendis.

Menntamálaráði er heimilt að gefa þeim námsmönnum erlendis, sem fengið hefðu styrk á árunum 1961 og 1962 samkvæmt reglum þeim, er gilt hafa, kost á að fá áfram þann styrk, er þeir hefðu fengið, í stað lána samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stuðningur við íslenzka námsmenn er veittur á 14. gr. A, II, a (áður 14. gr. B). Hefur þar verið um að ræða óafturkræfa styrki og námslán, sem greiðast að námi loknu.

Árin 1952—1960 hafa eftirtaldar upphæðir verið veittar í þessu skyni:

Ár	Lánasj. stúdenta 1000 kr.	Námsmenn erlendis 1000 kr.	Námlán alls 1000 kr.	Styrkir 1000 kr.	Heildar-fjárveiting 1000 kr.
1952	—	275	275	1000	1275
1953	300	400	700	875	1575
1954	500	400	900	875	1775
1955	500	400	900	875	1775
1956	650	400	1050	875	1925
1957	650	400	1050	875	1925
1958	650	400	1050	875	1925
1959	1000	1400	2400	600	3000
1960	1400	3250	4650	1945	6595
	5650	7325	12975	8795	21770

Eins og sést af þessu yfirliti, hefur þróunin verið sú, að fjárveitingar til námslána hafa aukizt verulega, en fjárveitingar til beinna námsstyrkja lengst af staðið í stað, þar til á s. l. ári, er fjárveitingar í heild voru auknar mjög verulega, en það var gert til þess að bæta námsmönnum erlendis upp aukinn námskostnað, er gengisbreytingin hafði í för með sér. Jafnframt voru þá sett lög um lánasjóð námsmanna erlendis, nr. 17/1960, og þar ákveðið, að ríkissjóður legði sjóðnum til kr. 3250000.00 árlega.

Með lögum nr. 5/1952 var svo ákveðið, að veittar skyldu árlega til lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands kr. 300000.00. Sú upphæð hefur farið allört vaxandi og hefur síðustu tvö árin numið kr. 1400000.00. Hafa því verið veittar kr. 4650000.00 til námslána árið 1960 og 1961, af fjárveitingu alls, sem hvort árið um sig nam kr. 6595000.00, og mismuninum, kr. 1945000.00, verið varið til styrkja. Árið 1959 setti menntamálaráðuneytið reglur um úthlutun 5 allt að 20000.00 kr. árlegra styrkja til námsmanna erlendis, er veittir skyldu til 5 ára. Árið 1960 var styrkjum þessum fjölgað í 7, og gert er ráð fyrir, að þeirri tölu verði haldið framvegis, en jafnframt var upphæðin hækkuð í 30000.00 kr. Enn fremur var heimilað að veita þá, hvort heldur er til náms erlendis eða við Háskóla Íslands.

Af þeirri upphæð, sem varið var til styrkja árið 1960, fóru því kr. 360000.00 til hinna svokölluðu „stóru styrkja“, en í ár verða námsmennirnir alls 19, sem þeirra njóta, og upphæðin því kr. 570000.00. Eftir eru því af fjárveitingunni í ár kr. 1375000.00, sem verja mætti til styrkja, þ. e. a. s. fjárlagaupphæðin, kr. 6595000.00 að frádregnum greiðslum vegna „stóru styrkjanna“ og auk þess að frádregnum þeim upphæðum, sem fjárlögin gera ráð fyrir að varið skuli til námslána.

Í fjárlögum þeim fyrir árið 1960, sem samþykkt voru eftir að gengi krónunnar var lækkað í febrúar það ár, var fjárveiting til námslána og styrkja til handa íslenzkum námsmönnum erlendis hækkuð sem því svaraði, að þeir gætu fengið áfram sömu upphæð í erlendum gjaldeyri í lán og styrki. Hins vegar jókst framfærslukostnaður námsmannanna sem því svaraði, er sá erlendi gjaldeyrir hækkaði í verði, sem þeir þurfa til viðbótar lánum og styrkjum. Meðallán til námsmanna erlendis,

að viðbættum styrkjum, hafa numið um 15000.00 kr., og meðallán til stúdenta við háskólann hér hafa numið rúmlega 10000.00 kr. Er mjög æskilegt að hægt sé að hækka þessar upphæðir mjög verulega. Hafa lánsstofnanir nú veitt vilyrði um að lána fé í þessu skyni, þannig að unnt sé að hækka lánin upp í 25000.00 kr. að meðaltali, veita þau í allt að fimm skipti í stað fjögurra og til 15 ára í stað 10 ára, eins og nú tíðkast. Í sambandi við hagnýtingu þessara lánsmöguleika er eðlilegt, að þeir tveir lánasjóðir, sem nú starfa, séu sameinaðir, og að horfið verði frá styrkveitingum, öðrum en „stóru styrkjunum“, en fé því, sem til ráðstöfunar verður samkvæmt fjárlögum og frá lánastofnunum, verði varið til hagkvæmra námslána.

Í samræmi við þetta gerir frumvarpið ráð fyrir því, að stofnaður verði nýr sjóður, Lánasjóður íslenzkra námsmanna, og renni eignir hinna tveggja lánasjóða, sem nú starfa, til hans. Hinn nýi sjóður skal hins vegar vera í tveimur deildum, lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum fimm manna, sem menntamálaráðherra skipar samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, menntamálaráðs, stúdentaráðs háskólans og Bandalags háskólamanna, en hinn fimmta án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Sá, sem tilnefndur er af Bandalagi háskólamanna, skal hafa stundað nám erlendis og hafa nýlega lokið þar prófi, þannig að tryggt sé, að hann sé kunnugur högum íslenzkra námsmanna erlendis. Þeir hafa enn ekki með sér neinn allsherjarfélagsskap, svo að ekki er unnt að ætla þeim fulltrúa í stjórninni með sama hætti og stúdentum við háskólann hér. Öll félög háskólamanna, sem hér starfa, eru hins vegar aðilar að Bandalagi háskólamanna. Þar eð gert er ráð fyrir, að það velji stjórnarmann, sem stundað hefur nám erlendis og lokið þar prófi, ætti að vera tryggt, að sjónarmið íslenzkra námsmanna erlendis komi fram í sjóðsstjórninni. Hins vegar mun vera í undirbúningi að stofna formlega samtök íslenzkra námsmanna erlendis. Verði það gert, gerir frumvarpið ráð fyrir því, að þau samtök velji eftir það fulltrúa í stjórnina í stað Bandalags háskólamanna.

Stjórn sjóðsins skal fara með fjármál hans, þ. á m. annast fyrir hann nauðsynlegar lántökur, og skipta því fé, sem til úthlutunar er ár hvert milli deilda hans, þ. e. milli stúdenta við háskólann hér og íslenzkra námsmanna erlendis, samkvæmt reglum, sem hún setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

Gert er hins vegar ráð fyrir, að sömu aðilar og nú taki ákvörðun um það, hvaða umsóknum um lán skuli sinni og að hverju marki, frá þeim tveimur hópum námsmanna, sem að ofan greinir, þ. e. menntamálaráð, að því er varðar íslenzka námsmenn erlendis, og fimm manna nefnd, skipuð á sama hátt og stjórn lánasjóðs stúdenta við háskólann nú, að því er snertir stúdenta við háskólann hér.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi sjóðnum árlega eigi minna fé en nú er veitt í fjárlögum, og enn fremur er sjóðsstjórninni heimilt að taka innanlands allt að 45 millj. kr. lán handa sjóðnum á árunum 1961—1980.

Í bráðabirgðaákvæðum er kveðið svo á, að fé það, sem veitt er í gildandi fjárlögum til námsmanna, skuli skiptast eins og þar er kveðið á milli stúdenta við háskólann hér annars vegar og íslenzkra námsmanna erlendis hins vegar. Þar eð menntamálaráð hefur undanfarið fylgt þeirri reglu, að veita námsmönnum erlendis námslán fyrstu tvö ár námsins, en lán og/eða styrk tvö ár í viðbót, má segja að þeir, sem þegar hafa stundað nám erlendis í tvö ár, hafi getað búizt við styrk næstu tvö ár. Hefur því þótt eðlilegt að heimila menntamálaráði að gefa þessum námsmönnum kost á að velja milli þess að fá þann styrk, sem þeir hefðu fengið eða öllu óbreyttu (lán + styrk að upphæð 15000 kr. að meðaltali) eða lán samkvæmt þeirri skipan, sem þetta frumvarp á að leggja grundvöll að (lán að upphæð 25000 kr. að meðaltali).

Frumvarpinu fylgir áætlun um hag sjóðsins til 1985, miðað við að meðalupphæð lána hans verði 25000 kr., námsmönnum fjölgi um 3.2% á ári og ríkisframlag hækki árlega um 5%. Lánsfjárþörf hans verður þá um 5 millj. kr. að meðaltali, að vöxtum meðtöldum, næstu 6 árin, en fer síðan smáminnkandi. Árið

1970 getur sjóðurinn byrjað að endurgreiða lánin og árið 1980 verða þau að fullu greidd. Hæst verður skuldin 1971, 45 millj. kr.

Frá og með árinu 1985 gæti ríkisframlagið fallið niður, því að þá á sjóðurinn orðið nægilegan varasjóð, sem gert er ráð fyrir, að hann verji til lána, annarra en námslána, og munu vaxtatekjur hans af þeim lánum gera kleift að brúa bilið milli annarra árlegra tekna annars vegar og námslánaþarfarinnar hins vegar, samkvæmt þeim forsendum, sem byggt er á.

Lánskjörum öllum er haldið óbreyttum frá því sem áður var, að öðru leyti en því, að endurgreiðslutími lánanna er lengdur úr 10 í 15 ár.

Fylgiskjal.

Skýringar

með áætlun um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

1. Stofnfé.

Sjóðurinn tekur við þeim skuldabréfum fyrir námslánum, sem veitt voru af lánasjóði íslenzkra námsmanna erlendis og lánasjóði stúdenta við Háskóla Íslands til ársloka 1960. Í áætluninni er gert ráð fyrir að sú upphæð sundurliðist þannig á sjóðina:

Skuldabréf lánasjóðs íslenzkra námsmanna erlendis	kr.	7 116 473.00
Skuldabréf lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands	—	5 804 082.80
	Alls kr.	12 920 555.80

Hefur þá verið dregið frá skuldabréfaeign síðarnefnda sjóðsins lán hans hjá tryggingarfélögum, að upphæð kr. 575 þúsund.

Í reyndinni er skuldabréfaeignin nokkru hærri. Stafar það af því, að af hagkvæmnisástæðum hefur verið gert ráð fyrir því, að lán, sem veitt hafa verið af þessum sjóðum á undanförnum árum, allt frá árinu 1952, hafi dreifzt jafnt á árganga. Ef svo hefði í rauninni verið, væri nú búið að greiða inn heldur meira af gjaldföllnum lánum en raun ber vitni. Í framkvæmdinni hefur því, samkvæmt þeim mismun, er þarna kemur fram, meiri hluti námslánanna verið veittur þeim námsmönnum, sem hálfnaðir eða meira en hálfnaðir voru með nám.

2. Tala námslána.

Á árinu 1960 var tala þeirra námsmanna, sem nutu styrks eða láns hjá menntamálaráði, um 330. Gert er ráð fyrir að sú tala verið svipuð á árinu 1961, eða 335, og gengið út frá þeirri tölu sem grunntölu. Síðan er sú tala hækkuð um 2.75% árlega. Þá er stuðzt við samanburð á tölu útskrifaðra stúdenta á undanförnum árum annars vegar og fólksfjölguninni í landinu á sama tíma hins vegar. Til viðbótar þessu er svo gert ráð fyrir sem svarar 100 námslánum, hverju að upphæð kr. 25 þúsund til stúdenta við Háskóla Íslands, og tala fullra námslána höfð 435 hið fyrsta ár. Raunveruleg tala þeirra námsmanna, er lána yrðu aðnjótandi, mun þó að sjálfsögðu verða nokkru hærri. Lánasjóður stúdenta við Háskóla Íslands lánaði t. d. á s. l. ári um 1400 þús. kr. til ca. 130—140 námsmanna. Samkvæmt framansögðu er hugsaður hluti stúdenta við Háskólann hér fyrsta árið 2.5 millj. kr. og myndi sú upphæð, miðað við jafnháa upphæð á mann, nægja handa ca. 240 stúdentum. Í áætluninni um tölu námslána er gert ráð fyrir því, að tala námslána til þeirra stúdenta, sem stunda nám heima, aukist allmiklu örar, eða úr 100 í 340 á næstu 25 árum, en þeirra, sem nám stunda erlendis, úr 335 í 638, og tala lána af 25 þús. kr. meðalstærð þannig úr 435 í 978 alls á þessu tímabili. Samsvarar það um 3.2% árlegri meðalaukningu.

3. Upphæð námslána.

Gert er ráð fyrir að meðalnámslán verði kr. 25 000.00 fyrir þann, er stundar nám erlendis. Upphæð árlegra námslána verður því áætluð tala þeirra, er um lán sækja, margfölduð með 25000, eða 335 · 25000 = kr. 8 375 000, að viðbættri upphæð er svarar til 100 námslána af meðalstærð, til þeirra, er stunda nám við Háskóla Íslands, samtals kr. 2 500 000.00, eða alls kr. 10 875 000.00 árið 1961, en síðan hækkandi í hlutfalli við fjölgun námslána.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að þessa skiptingu ber ekki að skoða sem fyrirfram hugsaða áætlun um það, hvernig ráðstöfunarfé sjóðsins verði skipt milli þeirra annars vegar, er nám stunda erlendis, og hins vegar hinna, sem stunda nám við Háskóla Íslands. Slíka áætlun er alls ekki unnt að gera langt fram í tímann, heldur verður að framkvæma hana árlega með hliðsjón af ýmsum atriðum, sem eru breytingum undirorpin frá ári til árs.

4. Ríkisframlag.

Á fjárlögum ársins 1961 eru á 14. gr. A II a ætlaðar kr. 6 595 000.00 til stuðnings íslenzkum námsmönnum. Hinir svokölluðu „stóru styrkir", sem þegar eru orðnir 12 (5 frá árinu 1959 og 7 frá árinu 1960), að viðbættum þeim 7, sem bætast við á yfirstandandi ári, eru að upphæð kr. 30 000.00 hver, og takast því alls kr. 570 000.00 af þessari upphæð þeirra vegna. Eftir eru þá kr. 6 025 000.00. Gert er ráð fyrir að allir styrkir, aðrir en „stóru styrkirnir", falli niður og getur því sjóðurinn fengið þessa upphæð til útlána á árinu 1961. Framvegis er gert ráð fyrir því, að sú upphæð hækki um 5% árlega. Ástæðan til þess, að þörf er á meiri árlegri aukningu ríkisframlagsins en nemur aukningu á tölu námslána er sú, að sjóðurinn verður að fá um ⅖ hluta ráðstöfunarfjár síns þegar á fyrsta ári að láni hjá lánastofnunum og greiða fyrir það háa vexti, en tekjur sjóðsins, afborganir og vextir, vaxa mjög hægt, bæði vegna þess hve sjóðurinn byrjar með lítið eigið fé og vegna hinna hagstæðu vaxta- og endurgreiðsluskilmála á námslánunum. Á 20. ári er ríkisframlagið orðið kr. 15 475 000.00, en hættir þá að hækka, helzt í þeirri upphæð til 1984, en fellur þá niður þar eða sjóðurinn á þá orðið nægilega mikið laust eigið fé til þess að vextir af því geti brúað bilið milli samanlagðra nettótekna sjóðsins og árlegra útlána, en lánsfé allt að fullu greitt.

Vöxtur ríkisframlagsins er, þegar alls er gætt, ekki svo ýkja mikill *að meðaltali á námsmann*, eða úr kr. 13 850.00 árið 1961, en kemst upp í kr. 16 930.00 er það verður hæst, árið 1981. Árið 1984 er það aftur komið niður í kr. 16 270.00 en hverfur þá að fullu. Eftir það getur sjóðurinn alveg staðið á eigin fótum og tekið sjálfur við áætlaðri fjölgun námslána. Meðaltal ríkisframlagsins á öllu tímabilinu er kr. 15 200.00 á námsmann.

5. Lánsfé.

Á fyrsta ári sjóðsins verður nauðsynlegt að taka kr. 4 350 000.00 að láni til þess að endurlána námsmönnum, tvö næstu árin svipaða upphæð, en síðan lækkar lánsfjárþörfin, þar sem þá fer að muna verulega um vexti og afborganir af því fé, sem eldri sjóðirnir lánuðu fram til ársloka 1960, og nýi sjóðurinn frá því ári, og frá og með 1970 verður ekki þörf fyrir lánsfé til þess að endurlána námsmönnum.

Gert er ráð fyrir því í áætluninni, að meðalársvextir af lánsfé verði 8% p. a. Er þeim bætt við höfuðstól skuldarinnar árið eftir að þeir falla til, þannig að heildarskuld á hverjum tíma er höfuðstóll skuldarinnar ásamt áföllnum vöxtum til næstu ársloka á undan. Frá og með árinu 1970 byrjar sjóðurinn að endurgreiða lánsféð, en heildarskuldin hækkar þó lengur, vegna þess að afborganirnar nema fyrst í stað lægri upphæð en vöxtunum. Hæst verður skuldin árið 1972, 45.4 milljónir. Síðan fer hún lækkandi og á árinu 1981 hverfur skuldin að fullu.

Lánasjóður íslenzkra

Ár	Tala námslána	Upphæð námslána í 1000 kr.	Gjöld í 1000 kr.			Útistandandi			Tekjur			
									Af eldri lánum		Af yngri lánum	
			Fastur kostnaður	Afskrifað	Samtals	Af eldri lánum	Af yngri lánum	Samtals	Vextir	Afborganir	Vextir	Afborganir
1961	435	10 875	100	–	100	12 490 325.88	10 657 500	23 147 825.88	111 368.99	430 229.92	–	–
1962	456	11 400	125	217.5	342.5	11 919 156.84	21 829 500	33 748 656.84	143 031.68	571 169.04	–	–
1963	477	11 925	125	228.0	353.0	11 134 950.48	33 516 000	44 650 950.48	194 596.24	784 206.36	–	–
1964	495	12 375	125	238.5	363.5	10 160 207.60	45 501 400	55 661 607.60	231 997.54	974 742.88	74 602.50	142 100
1965	516	12 900	175	247.5	422.5	9 030 669.60	57 710 240	66 740 909.60	256 014 59	1 129 538.00	222 435.50	433 160
1966	534	13 350	175	258.0	433.0	7 786 373.80	69 913 200	77 699 573.80	266 338.58	1 244 295.80	441 886.90	880 040
1967	555	13 875	175	267.0	442.0	6 493 972.40	82 022 080	88 516 052.40	256 232.01	1 292 401.40	730 590.00	1 488 620
1968	573	14 325	225	277.5	502.5	5 263 647.20	93 794 820	99 058 467.20	213 939.59	1 230 325.20	1 086 486.80	2 265 760
1969	600	15 000	225	286.5	511.5	4 117 899.00	105 419 580	109 537 479.00	173 648.58	1 145 748.20	1 432 162.20	3 075 240
1970	621	15 525	225	300.0	525.0	3 065 714.40	116 717 020	119 782 734.40	136 076.00	1 052 184.60	1 766 484.30	3 917 060
1971	642	16 050	300	310.5	610.5	2 120 376.72	127 655 780	129 776 156.72	101 506.34	945 337.68	2 087 806.70	4 790 240
1972	666	16 650	300	321.0	621.0	1 316 178.16	138 275 060	139 591 238.16	70 355.83	804 398.56	2 396 575.30	5 697 720
1973	687	17 175	350	333.0	683.0	724 616.92	148 467 060	149 191 676.92	43 754.32	591 361.24	2 691 589.60	6 639.500
1974	711	17 775	350	343.5	693.5	323 792.20	158 270 000	158 593 792.20	24 146.86	400 824.72	2 972 163.60	7 616 560
1975	732	18 300	400	355.5	755.5	91 140.00	167 574 120	167 665 260.00	10 816.56	232 652.20	3 237 577.00	8 629 880
1976	756	18 900	400	366.0	766.0	–	176 415 680	176 415 680.00	3 052.70	91 140.00	3 487 075.20	9 680 440
1977	780	19 500	450	378.0	828.0	–	184 758 420	184 758 420.00	–	–	3 718 840.30	10 767 260
1978	801	20 025	450	390.0	840.0	–	192 492 580	192 492 580.00	–	–	3 931 603.20	11 890 340
1979	825	20 625	500	400.5	900.5	–	199 796 520	199 796 520.00	–	–	4 124 609.30	12 908 560
1980	852	21 300	500	412.5	912.5	–	206 585 460	206 585 460.00	–	–	4 301 528.70	13 815 060
1981	876	21 900	500	426.0	926.0	–	213 714 480	213 714 480.00	–	–	4 466 271.60	14 602 980
1982	900	22 500	500	438.0	938.0	–	220 498 040	220 498 040.00	–	–	4 622 988.30	15 266 440
1983	924	23 100	500	450.0	950.0	–	227 335 500	227 335 500.00	–	–	4 777 063.90	15 800 540
1984	951	23 775	500	462.0	962.0	–	234 364 600	234 364 600.00	–	–	4 933 026.00	16 341 700
1985	978	24 450	500	475.5	975.5	–	241 365 180	241 365 180.00	–	–	5 090 634.50	16 889 320

6. Gjöld.

Mjög miklum erfiðleikum er bundið að áætla hinn fasta, árlega kostnað, sem óhjákvæmilegur verður vegna hins daglega reksturs. Allra fyrstu árin verður sá kostnaður væntanlega ekki ýkja mikill, en síðan hlýtur hann að aukast verulega. Lántakendur munu brátt skipta þúsundum og vinna í sambandi við innheimtu, tilkynningu gjalddaga, eftirlit með því hverjir lántakenda brautskrást eða hætta námi og allan annan daglegan rekstur, verða mjög umfangsmikil. Virðist óhjákvæmilegt að stjórn sjóðsins ráði fljótlega sérstakan starfsmann.

Í áætluninni er fasti kostnaðurinn við það miðaður, að fastur starfsmaður vinni sem svarar hálfum degi næstu 3—4 árin, en síðan verði starfsliðið aukið. Jafnframt er gert ráð fyrir nokkrum skrifstofukostnaði. Eftir það er kostnaðurinn hækkaður smátt og smátt upp í hálfa milljón, og er þá sérstaklega haft í huga að lögfræðileg aðstoð komi til skjalanna.

Árlega eru afskrifuð beint 2% af námslánum, þannig að hvert 25 þús. kr. námslán endurgreiðist með kr. 24 500.00. Samsvarar það því, að 50. hvert námslán tapist alveg.

Sú stutta reynsla, sem þegar er fengin af lánastarfsemi til námsmanna, bendir til þess, að lán til þeirra innheimtist vel og mun betur en hér er gert ráð fyrir.

7. Tekjur.

Tekjur sjóðsins, aðrar en ríkisframlag, eru vextir og afborganir af námslánum, svo og vextir af reiðufé sjóðsins á hverjum tíma.

námsmanna

Ríkisframlag í 1000 kr.	Lánsfé					Til ráðstöfunar					Ár
	Árlegt lánsfé			Endurgr. í 1000 kr.	Heildarskuld	Tekjur nettó	Frá fyrra ári	Vaxtatekjur	Samtals	Til næsta árs	
	Höfuðstóll 1000 kr.	Vextir 8 %	Samtals								
6 025	4 350	–	4 350 000.00	–	4 350 000.00	10 816 598.91	–	65 665.99	10 882 264.90	7 264.90	61
6 350	4 400	348 000.00	4 748 000.00	–	9 098 000.00	11 339 200.72	7 264.90	70 642.00	11 417 107.62	17 107.62	62
6 675	4 325	727 840.00	5 052 840.00	–	14 150 840.00	11 853 802.60	17 107.62	76 538.03	11 947 448.25	22 448.25	63
7 025	3 950	1 132 067.20	5 082 067.20	–	19 232 907.20	12 273 442.92	22 448.25	84 484.43	12 380 375.60	5 375.60	64
7 375	3 575	1 538 632.58	5 113 632.58	–	24 346 539.78	12 816 148.09	5 375.60	94 161.48	12 915 685.17	15 685.17	65
7 750	2 850	1 947 723.18	4 797 723.18	–	29 144 262.96	13 257 561.28	15 685.17	105 825.61	13 379 072.06	29 072.06	66
8 150	2 000	2 331 541.04	4 331 541.04	–	33 475 804.00	13 742 843.41	29 072.06	119 178.43	13 891 093.90	16 093.90	67
8 575	1 050	2 678 064 32	3 728 064.32	–	37 203 868.32	14 196 511.59	16 093.90	133 715.12	14 346 320.61	21 320 .61	68
9 000	250	2 976 309.47	3 226 309.47	–	40 430 177.79	14 851 798.98	21 320.61	148 267.99	15 021 387.58	21 387.58	69
9 450	–	3 204 414.22	3 204 414.22	750	42 884 592.01	15 346 804.90	21 387.58	163 218.05	15 531 410.53	6 410.53	70
9 925	–	3 364 767.36	3 364 767.36	1 650	44 599 359.37	15 899 890.72	6 410.53	178 498.91	16 084 800.16	34 800.16	71
10 425	–	3 461 948.75	3 461 948.75	2 650	45 411 308.12	16 444 049.69	34 800.16	193 940.50	16 672 790.35	22 790.35	72
10 950	–	3 488 904.65	3 488 904.65	3 600	45 300 212.77	16 966 205.16	22 790.35	209 162.05	17 198 157.56	23 157.56	73
11 500	–	3 439 017.02	3 439 017.02	4 625	44 114 229.79	17 538 695.18	23 157.56	225 136.95	17 786 989.69	11 989.69	74
12 075	–	3 300 138.38	3 300 138.38	5 725	41 689 368.17	18 060 925.76	11 989.69	241 859.26	18 314 774.71	14 774.71	75
12 700	–	3 058 149.45	3 058 149.45	6 925	37 822 517.62	18 636 707.90	14 774.71	259 616.98	18 911 099.59	11 099.59	76
13 350	–	2 699 801.41	2 699 801.41	8 150	32 372 319.03	19 236 100.30	11 099.59	278 361.00	19 525 560.89	25 560.89	77
14 025	–	2 202 785.52	2 202 785.52	9 675	24 900 104.55	19 721 943.20	25 560.89	298 469.43	20 045 973.52	20 973.52	78
14 725	–	1 554 008.36	1 554 008.36	10 950	15 504 112.91	20 308 169.30	20 973.52	317 581.69	20 646 724.51	21 724.51	79
15 475	–	755 329.03	755 329.03	12 125	4 134 441.94	20 966 588.70	21 724.51	335 915.89	21 324 229.10	24 229.10	80
15 475	–	165 558.06	165 558.06	4 300	–	29 744 251.60	24 229.10	345 442.52	30 113 923.22	8 213 923.22	81
15 475	–	–	–	–	–	34 864 428.30	8 213 923.22	764 340.44	43 842 691.96	21 342 691.96	82
15 475	–	–	–	–	–	35 552 603.90	21 342 691.96	1 427 660.64	58 322 956.50	35 222 956.50	83
15 475	–	–	–	–	–	36 309 726.00	35 222 956.50	2 129 245.09	73 661 927.59	49 826 927.59	84
–	–	–	–	–	–	21 479 954.50	49 826 927.59	2 865 895.93	74 172 778.02	49 722 778.02	85

a. Vextir.

Námslán eru vaxta- og afborganalaus þar til liðin eru 3 ár frá því að lántakandi er brautskráður eða hættir námi, en frá þeim tíma skulu þau bera 3½% vexti p. a. og endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Gert er ráð fyrir því að meðalnámstími sé 5 ár, og að námslánin skiptist jafnt á árganga.

Árið 1964 falla því til vextir í fyrsta sinn, þ. e. 3½% af einum fimmta hluta þeirrar upphæðar, sem lánuð var á 1. ári sjóðsins, þ. e. til þeirra, sem þá voru á síðasta námsári, að frádregnum þeim hluta upphæðarinnar sem afskrifaður var, þ. e.: kr. $10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} =$ kr. 74 602.50.

Árið 1965 verður vaxtaupphæðin: kr. $10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100}$ + kr. $10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{14}{15}$ (einn fimmtándi hluti þessarar upphæðar hefur þegar fallið sjóðnum til sem afborgun) + kr. $11\,172\,000 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} =$ kr. 74 602.50 + kr. 69 629.00 + kr. 78 204.00 = kr. 222 435.50, þ. e. vaxtagreiðslur þeirra, sem voru á næstsíðasta (þ. e. 4.) námsári á 1. ári sjóðsins, þeirra, sem voru á seinasta (þ. e. 5.) námsári á 1. ári sjóðsins og loks þeirra, sem voru á seinasta námsári á öðru ári sjóðsins.

Árið 1966 verða vaxtatekjur af námslánum kr. $10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100}$ + kr. $10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{14}{15}$ + kr. $10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{13}{15}$ + kr. $11\,172\,000 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100}$ + kr. $11\,172\,000 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{14}{15}$ + kr. $11\,686\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100}$ = kr. 74 602.50 + kr. 69 629.00 + kr. 64 655.50 + kr. 78 204.00 + kr. 72 990.40 + kr. 81 805.50 = kr. 441 886. 90, þ. e. vaxtagreiðslur þeirra, sem voru á 3., 4. og 5. námsári á fyrsta ári sjóðsins, þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári og á öðru ári hans og þeirra, sem voru á 5. námsári á þriðja ári hans, o. s. frv.

Vextir af eldri námslánum eru áætlaðir á sama hátt, með þeirri breytingu þó, að þar er endurgreiðslutími lánanna 10 ár.

b. Afborganir.

Árið 1964 falla í gjalddaga kr. 10 657 500 : 5 : 15 = kr. 142 100.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á síðasta námsári veturinn 1960—1961, þ. e. á fyrsta starfsári sjóðsins.

Árið 1965 verða afborganirnar kr. 10 657 500 : 5 : 15 · 2 + 11 172 000 : 5 : 15 = kr. 284 200.00 + kr. 148 960.00 = kr. 433 160.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á 5. námsári á öðru ári sjóðsins, og auk þess greiðslur þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári á fyrsta ári hans.

Árið 1966 verða afborganirnar kr. 10 657 500 : 5 : 15 · 3 + kr. 11 172 000 : 5 : 15 · 2 + kr. 11 686 500 : 5 : 15 = kr. 426 300 + kr. 297 920 + kr. 155 820 = kr. 880 040, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á 5. námsári á þriðja ári sjóðsins, greiðslur þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári á öðru ári hans og enn fremur greiðslur þeirra, sem voru á 3., 4. og 5. námsári á fyrsta ári hans.

Þannig eykst afborganaupphæðin frá ári til árs, eftir því, sem lántakendum fjölgar og námslánin þar með aukast.

Afborganir af eldri námslánum eru áætlaðar á sama hátt, miðað við 10 ára endurgreiðslutíma.

c. Áætlaðar vaxtatekjur.

Hér er um að ræða vexti, aðra en af námslánum, þ. e. hlaupareikningsvexti af tekjum sjóðsins, er liggja um lengri eða skemmri tíma áður en þeir eru lánaðir út aftur. Gert er ráð fyrir að þessir vextir nemi 1% af samanlögðum árstekjum sjóðsins.

Eftir að lán sjóðsins eru að fullu greidd, safnast upp hjá sjóðnum lausafé, er ekki þarf á að halda til námslána, meðan ríkisframlagið er látið haldast. Af þessu lausafé er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi 5% p. a., enda verður hægt að festa það til langs tíma til annars en námslána. Þetta er nauðsynlegt, ef ríkisframlagið á að geta fallið niður.

8. Nettótekjur.

Samanlagðar upphæðir ríkisframlags, lánsfjár og vaxta og afborgana af námslánum, að frádregnum kostnaði, nefnast einu nafni nettótekjur. Þegar bætt hefur verið við nettótekjurnar afgangi frá fyrra ári og vaxtatekjum af lausu fé, kemur fram ráðstöfunarfé sjóðsins í heild á hverju ári. Mismunur þessarar upphæðar og útlánaðs fjár til námsmanna færist til næsta árs. Ekki þarf að taka fram, að fé til næsta árs er jafnan haft svo lágt sem unnt er og sjóðurinn látinn lána allt það fé aftur, sem losnar fyrstu ár hans, til þess að halda lánsfjárþörfinni sem mest niðri, síðan til þess að verja því til afborgana og draga með því sem mest úr vaxtabyrði

af lánsfénu. En eftir 1980 safnar sjóðurinn lausafé, og lánar það til langs tíma. Miðað við lánskjör á námslánum mun sjóðurinn þurfa um 50 milljón króna varasjóð, sem ekki er varið til námslána, miðað við að sjóðurinn hafi af honum 5% árstekjur, til þess að ríkisframlagið megi niður falla. Forsenda þessa er þó sú, að námslánin þurfi ekki að aukast meira en gert er ráð fyrir í áætluninni.

9. Bundið eigið fé.

Eins og áður segir, tekur sjóðurinn við skuldabréfum, að upphæð tæplega 13 milljónum króna, af lánasjóðum þeim, sem nú starfa. Á fyrsta ári sjóðsins bætast við þessa upphæð námslán að upphæð kr. 10 657 500.00, þ. e. námslánin 1961, að frádregnum 2%, sem afskrifuð voru. Samtals verður þá útistandandi í árslok 1961:

Skuldabréf alls til ársloka 1960	kr.	12 920 555.80
÷ afborgað á árinu 1961	—	430 229.92
	Kr.	12 490 325.88
lánað 1961	—	10 657 500.00
	Kr.	23 147 825.88
Á næsta ári dregst frá þessu:		
÷ afborgað á árinu 1962	—	571 169.04
	Kr.	22 576 656.84
en við bætist lánsupphæð það ár, kr. 11 400 000.00 ÷ 2%	—	11 172 000.00
Alls í árslok 1962	kr.	33 748 656.84
Í árslok 1963 er upphæð bundins fjár orðin	—	44 650 950.48
Frá dregst á árinu 1964:		
Afborgað af lánum fyrir 1961 ..... kr. 974 742.88		
— — láni frá 1961 ..... — 142 100.00		
	—	1 116 842.88
	Kr.	43 534 107.60
Við bætist lánað 1964:		
kr. 12 375 000.00 ÷ 2%	—	12 127 500.00
	Kr.	55 661 607.60

10. Hlutdeild ríkisframlagsins í heildarupphæð námslánanna.

Á tímabili því, er áætlunin nær yfir, lánar sjóðurinn kr. 433 575 000.00 til 17 343 námsmanna, kr. 25 000.00 að meðaltali hverjum. Ríkisframlagið hefur þá samtals numið kr. 263 425 000.00 eða 60.7% af heildarútlánum, og er það um 28 milljónum króna lægri upphæð en þá nemur eigin fé sjóðsins, ýmist bundu í námslánum eða í varasjóði.

Sþ. 351. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um athuganir á hafnarframkvæmdum.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu. Rannsóknum þessum verði hraðað svo sem aðstæður leyfa.

Sþ. 352. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um héraðsskóla á Snæfellsnesi.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á byggingu héraðsskóla á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum fræðslumálastjóra og fjárhaldsmanns skólanna eru nú allir héraðsskólar í landinu yfirfullir, og þeir unglingar skipta hundruðum, sem ekki fengu inngöngu í skólana. Eftir að Samvinnuskólinn var gerður að heimavistarskóla í sveit, jókst aðsókn að honum mjög, og hefur að jafnaði ekki komizt í skólann nema helmingur þeirra, er þreytt hafa inntökupróf, auk hinna, er hugðu á skólavist, en treystu sér ekki til að þreyta prófið.

Af þessu er augljóst, að þörf fyrir heimavistarskóla í sveit fyrir unglinga er mikil og hefur verið vaxandi síðustu ár, m. a. vegna hraðvaxandi fjölda unglinga á skólaaldri. Þær röksemdir, er í fyrstu voru færðar fram fyrir héraðsskólahreyfingunni, hér á landi, eru enn í fullu gildi.

Þegar hefur orðið of langt hlé á byggingu héraðsskóla í landinu, og er tími til kominn að halda þar áfram. Þess vegna er þessu máli hreyft á Alþingi og um leið bent á mjög æskilega staðsetningu næsta héraðsskólans, á Snæfellsnesi. Koma þar margir staðir til greina, t. d. Búðir, svo og aðrir staðir, þar sem miklar líkur eru á nægu heitu vatni, ef það er talið óhjákvæmilegt.

Mikið hefur verið talað um að sameina heimavistarskóla í sveit gistihúsarekstri á sumrin. Í sumum hinna eldri héraðsskóla er reynsla af þessu misjöfn, en Bifröst sýnir, hvernig hægt er að sameina þetta tvennt, ef fyrir því er hugsað frá upphafi.

Ed. 353. Frumvarp til laga [30. mál]

um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. febr.)

1. gr.

Ríkið skal eiga og reka þessi fangelsi:

1. Ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar.
2. Vinnuhæli.
3. Unglingafangelsi.

2. gr.

Stofna skal í Reykjavík eða nágrenni hennar ríkisfangelsi, sem rúmi 100 fanga. Skal því skipt í þessar deildir: Einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, kvennafangelsi, varðhald og gæzluvarðhald. Dómsmálaráðherra kveður nánar á um skiptinguna.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða ítrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

3. gr.

Í vinnuhæli ríkisins að Litla-Hrauni í Árnessýslu skal vera rúm fyrir 60 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum öðrum en þeim, sem 4. gr. tekur til.

4. gr.

Stofna skal í sveit unglingafangelsi fyrir 25 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð 22 ára aldri. Skal um fangelsi þetta fara svo sem ákveðið er í 43. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

5. gr.

Afplánun meðlaga eða barnalífeyris samkvæmt framfærslulögum fer fram í vinnuhæli eða unglingafangelsi eftir aldri barnsfeðra.

6. gr.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsamála, ákveður nánar staðsetningu og gerð fangelsa, setur reglugerð um rekstur þeirra og skipar forstjóra þeirra.

7. gr.

Veita skal úr ríkissjóði 1 milljón króna á ári hverju hið minnsta til fangelsabygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem lög þessi mæla fyrir um.

8. gr.

Þegar hið nýja ríkisfangelsi samkvæmt 1. gr. 1. tölulið tekur til starfa, skal hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík lagt niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 26 7. marz 1928, um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli. Þegar hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík verður lagt niður samkvæmt 8. gr., fellur úr gildi tilskipun frá 4. marz 1871, um byggingu hegningarhúsa og fangelsa á Íslandi m. fl.

Ed. 354. Frumvarp til laga [124. mál]

um ríkisábyrgðir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. febr.)

1. gr.

Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum.

2. gr.

Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.

3. gr.

Ekki má ríkissjóður takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið.

Ríkissjóður má ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé trygging, sem fjármálaráðherra metur gilda.

4. gr.

Hver sá, er ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir, skal greiða honum áhættugjald um leið og ábyrgð er tekin, 1% af ábyrgðarupphæð.

Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal á sama hátt greiða 1% um leið og ábyrgð er veitt, en auk þess ½% á ári af ábyrgðarskuldinni, eins og hún er hverju sinni. Lánveitandi skal krefja hið árlega gjald og standa skil á því til ríkissjóðs, enda er ábyrgð ríkissjóðs úr gildi fallin, ef vanskil verða á gjaldinu. Ekki má ríkissjóður ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir erlendu láni nema fyrir milligöngu innlends banka, er sjái um greiðslur erlendis og annist innheimtu á hinu árlega ábyrgðargjaldi.

5. gr.

Nú fellur ábyrgðargreiðsla á ríkissjóð, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að halda eftir greiðslum, er aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til greiðslu skuldarinnar, þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu eigi fyrir hendi.

6. gr.

Ekki má undan fella að ganga að tryggingu fyrir ábyrgðarláni, ef greiðsla fellur á ríkissjóð, nema sérstök heimild fjárveitinganefndar Alþingis komi til.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela einhverjum ríkisbankanna að vera fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem fjármálaráðherra kveður nánar á um. Skal sá banki kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og að því búnu gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda. Þá skal og bankinn fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, og eru þeir skyldir að láta bankanum í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er bankinn telur nauðsynleg, til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Ef einhver tregðast við að láta umbeðnar upplýsingar í té, má fjármálaráðherra beita dagsektum, allt að 500 kr. fyrir hvern dag, unz gögnin eru í té látin. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má í þeirri reglugerð m. a. ákveða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli fyrir á annan hátt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur til fjármálaráðherra um, hversu innheimta skuli eða semja um skuldir vegna ábyrgða, sem á ríkissjóð hafa fallið. Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, ef fjárveitinganefnd mælir einróma með eftirgjöf.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til ný lagaákvæði hafa verið sett um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, skal heimilt, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., að veita ríkisábyrgð vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

Nd. 355. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur á nokkrum fundum sínum rætt frv. Það var sent nokkrum aðilum til umsagnar, og hafa umsagnir þeirra borizt. Samband íslenzkra samvinnufélaga og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna mæla með samþykkt frumvarpsins, en í umsögn S. Í. S. er fram tekið, að jafnframt sé nauðsynlegt, að ströng ákvæði verði sett í lög og reglugerðir, sem tryggi, að dýr geti ekki sloppið úr loðdýrabúrum. Sveinn Einarsson veiðistjóri sendi nefndinni ýtarlegt álit, þar sem segir m. a.:

„Ég er ekki mótfallinn því, að hafin verði minkarækt að nýju hér á landi, sé þannig frá málum gengið um örugga vörzlu dýranna og allt eftirlit með rekstri búanna, að þessi nýja atvinnugrein megi verða þjóðinni til gagns, en ekki tjóns."

Nefndin vill taka undir þessi orð veiðistjóra.

Ef leyfa á minkaeldi á ný hér á landi, verður aldrei of mikil áherzla á það lögð, að í þessu efni þarf að fara að öllu með gát. Fyrri reynsla okkar af minkarækt er um það nærtækasta og áþreifanlegasta sönnunin. Lög þau og reglugerðir, sem hjá okkur eru í gildi um loðdýrarækt, eru úrelt orðin og þurfa því endurskoðunar við, ef hér á að taka upp að nýju þessa atvinnugrein. En það, sem okkur skortir þó ef til vill miklu fremur en lög og reglur, er til þessarar atvinnugreinar kemur, er þekking og kunnátta. Það er álit allra, sem til loðdýraræktar þekkja, að hún verði ekki rekin, svo að í nokkru lagi sé og til þess að um nokkurn arð geti orðið að ræða, nema unnið sé af fullkominni kunnáttu og þekkingu á þessari framleiðslugrein. Þetta á alveg sérstaklega við um minkaræktina. Það er því ljóst, að ef við ráðumst í þennan atvinnuveg innan tíðar, þurfa sem fyrst héðan að fara maður eða menn, sem kynni sér til hlítar minkaræktina í einhverju því landi, þar sem hún er rekin af mestri fyrirhyggju og myndarskap. Sennilega verðum við fyrst í stað að fá hingað til lands erlendan kunnáttumann, sem verði okkur til leiðbeiningar um innflutning minka og minkaeldi.

Landbúnaðarnefnd hefur aflað sér ýmissa upplýsinga um loðdýrarækt í nágrannalöndum okkar, þ. á m. lög og reglur, sem um þetta efni gilda á Norðurlöndum. Einnig hafði nefndin til athugunar ýtarlega skýrslu Árna G. Eylands fulltrúa um minkaeldi í Noregi sem framleiðslugrein og um minkarækt í Svíþjóð og í Danmörku, og leyfir nefndin sér að birta meginhluta þessarar skýrslu Árna G. Eylands sem fylgiskjal með máli þessu.

Af þessum gögnum er ljóst, að loðdýraræktin er í þessum löndum mikilsverð framleiðslugrein, sem skilar þessum þjóðum miklum gjaldeyristekjum. Árið 1959 fluttu Svíar út minkaskinn fyrir yfir 79 millj. kr. sænskar. Sama ár nam útflutningur Dana í minkaskinnum 75.5 millj. kr. í dönskum krónum talið, og þetta sama ár fluttu Norðmenn út sömu vöru fyrir nær 72.2 millj. króna norskra. Þetta eru háar upphæðir og sýna, að hér er um að ræða gagnsama atvinnugrein fyrir þessar þjóðir. Það er því eðlilegt, að menn spyrji: Getur þessi atvinnuvegur ekki einnig orðið okkur Íslendingum gagnsamur og tekjudrjúgur? Það er álit nefndarinnar, að svo megi verða, sé rétt að farið. Að vísu mun þessi atvinnugrein vera háð tízkufyrirbrigðum og verðsveiflum, og af þeim sökum getur hún orðið áhættusöm. En svo má segja um ýmsar aðrar atvinnugreinar, og oft mundi lítið aflast, ef á ekkert væri hætt. Mjög styður það þennan atvinnuveg í okkar landi, að við getum framleitt í landinu sjálfu gnægðir af góðu og ódýru minkafóðri. Þetta er mikilsvert atriði, ekki sízt með tilliti til þeirrar samkeppni, sem við óhjákvæmilega hljótum að mæta af hendi þeirra þjóða, sem stunda minkarækt, en þurfa margar að flytja inn minkafóður.

Þegar rætt er um að leyfa á ný innflutning minka og minkaeldi, leggur nefndin höfuðáherzlu á, að því máli verði ekki hraðað svo, að ekki gefist tóm til að undirbúa innflutninginn og framkvæmd minkaræktarinnar svo vandlega sem kostur er á og af þeirri kunnáttu, sem til þarf. Mistökin þarf að forðast og tjónið, sem af því leiðir. Nefndin telur því ekki rétt að samþykkja frv. á þskj. 38 á þessu þingi, en leggur til, að ríkisstjórninni sé falið að láta endurskoða lög nr. 38 8. marz 1951, um loðdýrarækt, svo og lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um þessi efni með tilliti til þess, að innflutningur minka og minkaeldi verði leyft hér á landi. — Í trausti þess, að þetta verði gert, leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. febr. 1961.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Einar Sigurðsson.
Ágúst Þorvaldsson. Karl Guðjónsson.

Fylgiskjal.

Minkaeldi í Noregi sem framleiðslugrein.

Eftir móttöku bréfs landbúnaðarráðuneytisins, dags. 15. október 1960, og „heimkomu" mína til Noregs aftur skömmu síðar hef ég unnið nokkuð að því að afla upplýsinga um minkaeldi í Noregi o. fl., samkvæmt því, sem farið er fram á í bréfi ráðuneytisins og landbúnaðarráðherra ræddi við mig um að gera. Mun ég hér á eftir gera grein fyrir athugunum mínum og þeim upplýsingum, sem ég hef aflað. Mun ég fyrst gera nokkra grein fyrir loðdýrarækt Norðmanna almennt og þó halda mig mest við minkaræktina. Þar næst mun ég gera sérstaklega grein fyrir loðdýraræktinni í Rogalandsfylki og þá einnig fyrst og fremst minkaræktinni. Þá mun ég ræða sérstaklega fyrirætlanir um aukna minkarækt í Norður-Noregi og loks minnast dálítið á minkarækt í Svíþjóð og Danmörku og hverjar tekjur menn í þesum löndum hafa af eldi og ræktun minka.

Allt, sem ég segi um þessa hluti, er byggt á fljótlegri athugun. Er hvort tveggja, að þess er æskt af ráðuneytinu, að ég hraði greinargerð minni sem mest, og að ég tel ekki rétt né tiltækilegt að leggja í mikinn kostnað við öflun heimilda með ferðalögum og öðru, sem hefur veruleg útgjöld í för með sér. Hins vegar þarf heldur ekki að mínu áliti mikla athugun né mikinn efnivið til þess, að ljóst megi verða, að hin síðari ár hefur eldi minka verið Norðmönnum — svo og Svíum og Dönum og auðvitað fleiri þjóðum — mikil og góð tekjugrein. Er ég segi mikil og góð tekjugrein, hef ég það mjög í huga og vil þegar í upphafi benda á þá staðreynd, að minkaeldið byggist að mjög verulegu leyti á notkun fóðurefna, sem ella eru fremur verðlítil, svo að oft stappar nærri, að hirðing slíkra efna til fóðurs og hagnýting sé fundið fé. Á ég þar við fiskúrgang margs konar og affallsefni frá sláturhúsum. Má í því sambandi benda á, að við hinn síaukna fiskiðnað — flökun og frystingu — fellur til mikið af fyrsta flokks minkafóðri, umfram það sem áður var, meðan sá iðnaður var minni fyrirferðar. Má segja, að oft gerist minkaeldið blátt áfram fylgigrein nýtízku flökunar og fiskiðnaðar. Er þetta að mínum dómi mjög athyglisvert fyrir oss Íslendinga. Þegar svo er komið, að afgangur frá fiskflökun er orðinn eftirspurð útflutningsvara, er að vonum, þótt mönnum komi til hugar minkaeldi á Íslandi, í stað þess að selja vöru þessa til minkabúa í öðrum löndum.

Norges Pelsdyralslag.

Félagið er landsfélag, stofnað 1926. Meðlimir voru þá 391. Árið 1930 er tala meðlima orðin 3758 og kemst upp í 8086 árið 1937. Til þess tíma og fram á stríðs-

árin er refaræktin meginatriði loðdýraræktarinnar. En svo skiptir um, loðdýraræktin beinist meira og meira að minkaeldi, en refum fer fækkandi. Meðlimum félagsins fækkar einnig nokkuð, árið 1950 eru þeir 4904 og 1958 ekki nema 3243. Tölurnar miðast við þá, sem hafa greitt árgjald sitt í árslok ár hvert, og gefa því eigi neina örugga vissu um tölu loðdýraræktarmanna, sem að samtökunum standa. Hirðusemi um inheimtu gjalda getur verið misjöfn frá ári til árs.

Norges Pelsdyralslag skiptist í 32 héraðsfélög, sem að því standa.

Fleiri stofnanir eða félög starfa á vegum N. P. sem meira og minna sjálfstæð félög (datterselskaper). Af þeim má nefna: Pelssentralen (tekur á móti skinnum til sölu), Fórcentralen L/L, Oslo Skinnauksjoner S/L, A/S Kvern og netting og Pelsdyrtrygdelaget. Hlutafé og annað stofnfé í þessum félögum er allt eign Norges Pelsdyralslag — ekkert hlutafé á vegum annarra aðila. Af þessum nefndu fyrirtækjum fer að sjálfsögðu mest fjárhagslega fyrir skinnauppboðunum í Ósló, þar fer sala loðskinna fram með uppboðsfyrirkomulagi, svo að veltur á tugum milljóna ár hvert.

N. P. tekur aðeins 10 króna gjald af hverjum meðlima sinna. Fyrir þetta gjald fá þeir Norsk Pelsdyrblad, reiknast það á 5 krónur. Þar að auki fá héraðsfélögin endurgreiddar kr. 3.50 fyrir hvern félaga innan þeirra. Er þá eftir kr. 1.50, sem landsfélagið N. P. heldur eftir til „eigin þarfa". Er það aðeins lítil sárabót upp í það, sem útgáfa blaðsins Norsk Pelsdyrblad kostar meira en 5 krónur í útgáfu. — Hvernig má þetta verða? Samt starfar landsfélagið N. P. mikið og vel. — Á allar búvörur, sem seldar eru á vegum samvinnufélaga og annarra samtaka bænda, er lagt 2% sölugjald, sem samtökin fá til sinna eigin þarfa. Þannig fær N. P. miklar tekjur. Fyrirtækin, sem nefnd voru, gefa einnig mikinn arð, t. d. skinnauppboðin. N. P. er því eigi fjár vant.

N. P. hefur 5 ráðunauta í þjónustu sinni, einn þeirra er aðalráðunautur — „sjefinspektör" — og vinnur á skrifstofu félagsins í Ósló, hinir fjórir eru staðsettir hér og þar út um landið.

Sýningar.

Sýningar eru að sjálfsögðu virkur þáttur í minkaræktinni. Eru sýningarnar nú í haust nærtækasta dæmið um það, hvað þar er um að vera.

Alls verða á tímabilinu frá 22. nóv. til 9. des. haldnar 46 sýningar hér og þar um landið. Á stöku stað eru tvær sýningar með nokkurra daga millibili. Áður en sýningarnar hefjast, er haldið tveggja daga námskeið fyrir menn, er vilja læra að dæma dýr á sýningum. — Að loknum héraðssýningunum verður svo haldin landssýning á Litla-Hamri þann 13. des. Verða þar sýndir bæði refir og minkar, enda eru margar héraðssýningar, þar sem sýndir eru refir eingöngu, haldnar víðs vegar um landið, á sama tíma og minkasýningarnar fara fram. Þó eru refasýningarnar mun færri en minkasýningarnar, enda er refaræktin langtum umfangsminni en minkaeldið, eins og nú standa sakir, svo sem fyrr var sagt.

Árið 1958 voru alls sýndir 16353 minkar á héraðssýningunum, en 16985 árið 1959. Á landssýningunni 1959 mættu 29 refaeigendur með 119 refi, en 104 minkaræktarmenn með 483 dýr. 1958 var þátttakan meiri, þá mættu 133 minkamenn með 632 dýr. Þannig er nokkur áramunur, hvernig sú sýning er sótt, og getur margt valdið.

Nú í haust verða 4 minkasýningar hér í Rogalandsfylki, ein þeirra í Haugasundi, önnur á Móí í Dölum suður, en tvær í Stafangri, báðar tveggja daga sýningar, en hinar eru aðeins einn dag.

Norges Pelsdyralslag sendir dómara á sýningarnar héraðsfélögunum að kostnaðarlausu, en héraðsfélögin sjá fyrir sýningarstað, ljósaútbúnaði o. fl.

N. P. hafði um skeið tilraunabú á sínum vegum. Nú fæst félagið ekki lengur við tilraunastarfsemi. Það gaf tilraunabú sitt Dýralæknaháskólanum norska, og annast sú stofnun nú tilraunir varðandi minkaeldi, sérstaklega að því er viðkemur

Útflutningur loðskinna

	Silfurrefir:		Blárefir:		Platínurefir:	
Ár:	Tala	Verð	Tala	Verð	Tala	Verð
1951 .	71 093	8 899 524	50 409	4 811 612	3 736	555 633
1952 .	97 200	8 645 216	75 732	4 735 379	4 136	483 971
1953 .	43 361	3 429 436	50 898	3 132 664	942	121 974
1954 .	65 491	4 890 043	40 072	3 932 133	3 606	341 284
1955 .	26 251	2 452 676	29 570	3 883 012	831	109 151
1956 .	13 655	1 082 737	71 130	5 659 175	680	81 232
1957 .	10 342	729 590	46 491	4 077 859	484	44 087
1958 .	8 868	553 233	34 629	5 610 367	276	24 787
1959 .	2 224	200 030	38 270	7 816 115	355	24 028

heilsufari dýranna o. fl. Við búnaðarháskólann í Ási er einnig tilraunabú í loðdýrarækt, er þar lögð stund á fóðrunartilraunir, kynbætur o. s. frv.

Útflutningur grávöru.

Útflutningur loðskinna gefur mestar og beztar upplýsingar um, hver atvinna loðdýraræktin hefur verið Norðmönnum hin síðari ár. Á skránni hér að ofan er greint frá útflutningnum á árunum 1951—1959. Sést þar, hve þróunin hefur verið ör og hvernig minkaræktin hefur verið að vinna á, en refaræktinni hefur hrakað. 1959 nam útflutningur loðskinna yfir 80 millj. n. kr., þar af minkaskinn 72 millj.

Ekki er því að leyna, að raddir heyrast um, að minkaræktin sé nú orðin svo mikil víða um lönd, að hætta sé á verðfalli og jafnvel kreppu í þessari atvinnugrein. Í janúarblaði Norsk Pelsdyrblad er mönnum ráðið til að fara varlega í að auka minkaræktina, En þar er meira byggt á því, að aukin minkarækt sé varasöm, vegna þess að skortur kunni að verða á fóðri við hóflegu verði, heldur en hinu, að hætt sé við offramleiðslu. Varasamt sé að byggja á aðfluttu fiskfóðri o. s. frv.

Mikið er rætt um, hve minkarækt aukist víða um lönd. Set ég hér örfáar glefsur um þetta.

Heildarframleiðsla minkaskinna í Kanada árið 1959 var 1022000 skinn, en 1958 981000, aukning 4.2%.

Rússar eru miklir fyrir sér í loðdýrarækt sem öðru. Sérstaka athygli vekur, að þeir hafa í hyggju að koma upp mikilli minkarækt á Kólaskaganum, í sambandi við útgerð þar, og hagnýta þannig ódýr fiskiföng. Eitthvað eru þeir komnir á leið með þetta, en meira í efni. Eitt minkabú á þessum slóðum er talið framleiða um 20000 minkaskinn í ár, og ætlunin er, að á því búi verði framleiðslan komin upp í 70000 minkaskinn og 30000 blárefaskinn til viðbótar árið 1965.

Í Karelen (rússneska Karelen) hefur til þessa verið lítið um loðdýrarækt, en talið er, að nú séu þar um 20000 lífdýr í eldi, minkar og refir. Áætlun er um, að framleiðslan verði komin upp í 310000 skinn árið 1965, af því ca. 80% minkaskinn. Síðastliðið ár var framleiðslan 43000 skinn.

Árið 1952 nam sala minkaskinna í Bandaríkjunum nálægt 1 millj. stk. Á síðastliðnu „skinnaári" seldust í Bandaríkjunum 8.5 millj. minkaskinna. Af því voru um 5 millj. skinna innlend framleiðsla, en um 3.5 millj. skinna er innflutt vara. Bent er á, að þótt fólkinu fjölgi ört í Bandaríkjunum, aukist skinnaframleiðslan og innflutningur enn þá örar. Er deilt um, hver framvindan verði á þessu sviði á næstu árum.

Mikið er rætt um, að Japanir hyggi á mikla framleiðslu loðskinna, í sambandi við fiskveiðar sínar og hvalveiðar. Bent er á, að 1937 hafi ástandið verið þannig, að það kostaði 20 dali að framleiða eitt refaskinn í U. S. A., 15 dali í Noregi, en ekki nema um 4 dali í Japan. Nú er talið, að vinna við minkarækt í Japan þurfi ekki að kosta nema um 20% af því, sem sambærileg vinna kostar í Bandaríkjunum.

frá Noregi 1951—1959.

Refir alls:		Minkar:		Refir og minkar alls:	
Tala	Verð	Tala	Verð	Tala	Verð
125 238	14 266 769	48 188	6 467 152	173 426	20 733 921
177 068	13 864 566	99 003	9 485 654	276 071	23 350 220
95 201	6 684 074	156 113	13 930 144	251 314	20 614 218
109 169	9 163 460	181 658	19 594 870	290 827	28 758 330
56 652	6 444 839	276 049	33 747 751	332 700	40 192 590
85 465	6 823 144	367 698	40 717 538	453 163	47 540 682
57 317	4 851 536	543 576	49 819 479	600 893	54 671 015
43 773	6 188 387	554 496	60 823 076	598 269	67 011 463
40 849	8 040 173	581 791	72 142 554	622 640	80 182 727

Gefur þetta auga leið, hver hlutur Japana getur orðið í minkaræktinni, ef þeir komast að við sölu á hinum stóru skinnamörkuðum t. d. í Bandaríkjunum.

Verði samkeppni og framleiðsla svo mikil, að verð lækki, verður það tvennt, sem mestu ræður um afkomu loðdýraræktarinnar í hinum ýmsu löndum. Annað fóðrið, hvaða lönd standa bezt að vígi með gnótt af góðu og ódýru fóðri. Á því sviði ætti hlutur íslenzkra loðdýraræktarmanna að geta verið flestum betri. Hitt atriðið er *þekking og kunnátta*. Án þess höfuðstóls geta vextir og gróði af loðdýrarækt aldrei orðið annað en óviss lapningur. — Því ríður á miklu að horfast í augu við þau fullu sannindi, að það er ofar öllu, ef lagt er út í minkarækt á voru landi Íslandi, *að afla þekkingar og vanda vel til alls*. Hér tjáir ekki neinn hundavaðsháttur né handahóf, ekki að treysta á brjóstvit og eigin ágæti, menn verða að leggja sig niður við að læra af öðrum, læra vel og samvizkusamlega. Geri íslenzkir menn það, er engum vafa undirorpið, að íslenzk minkarækt getur gefið góða raun, eigi síður en minkarækt í Noregi og annars staðar á Norðurlöndum.

Frá Rogalandi.

Meðlimir í Rogaland Pelsdyrsavlslag voru 524 árið 1946, komast niður í 212 árið 1953, en eru nú 464. Á seinni árum lætur nærri, að tala félagsmanna og tala loðdýrabúa sé hin sama, flestallir, sem fást við loðdýrarækt, eru í félaginu.

Eftir því, sem næst verður komizt, munu nú vera um 35 þús. kvendýr í minkabúunum á Rogalandi. Á sýningu, sem verður innan fárra daga hér í Hillevåg við Stafangur, eru skráð um 750 dýr, eingöngu karldýr, sýnendur 250.[1]) Þetta er Stafangur, eru skráð um 750 dýr, eingöngu karldýr, sýnendur 250[1]) Þetta er fyrri sýning af tveimur hér við Stafangur, en auk þess er þriðja sýningin í Haugasundi.

Flest eru minkabúin heldur lítil. Auk þeirra, sem sinna minkaræktinni í miklum mæli, eru margir bændur, sem hafa minka sem aukafénað, og töluvert algengt er, að verkamenn, sem stunda fasta atvinnu, hafi smá minkabú, t. d. vegagerðarmenn og menn, sem vinna við járnbrautina.

Stærsta minkabúið á Rogalandi er hjá Oddi Stórhaug í Klepp. Kleppshreppur er nær eingöngu bændahreppur, íbúar um 6000, og um margt mesta og bezta búnaðarhérað á Jaðri. Þar er bændaskóli Jaðarsbyggja, tilraunabú í jarðrækt, sáðvörubú búvörusamvinnukaupfélags bænda í fylkinu, kartöflumjölsverksmiðja, plógaverksmiðja o. fl. slíkt. Ekkert þorp er þó í hreppnum, en nokkurt þéttbýli á tveimur stöðum, Krossinn, þar sem plógsmiðjan og mjólkurbúið er, og við járnbrautarstöðina, en þar er kartöfluverksmiðjan, samvinnu-ostageymsla mjólkurbúanna á Jaðri og rjómaísgerð mikil, svo að eitthvað sé nefnt. Sem sagt þetta er blómleg búnaðarsveit.

Vér förum í heimsókn til Odds Stórhaugs. Vinur minn, frændi hans, hringir og spyr, hvort hann sé viðlátinn. Helzt ekki fyrr en eftir svo sem hálftíma. Ég sæti því.

1) Hver sýnandi fær ekki að sýna fleiri en þrjú dýr.

Er ég kem í dyrnar, er Oddur rétt aðeins búinn að rýma aðalstofuna, hann og menn hans hafa verið að hamast við að búa um minkaskinn til sendingar til Óslóar, til sölu á skinnauppboðinu, sem hefst 1. desember. Og svo fer ég að „dæla upp úr" Oddi vitneskju um minkarækt hans og annarra Kleppsbúa svo og um minkaræktina á Jaðri og Rogalandi öllu.

Oddur er einn af 12 systkinum, missti föður sinn 13 ára og varð snemma að spila upp á eigin spýtur. Hann kom sér upp litlu refabúi, en byrjaði að fást við minkarækt árið 1945. Þá keypti hann 9 kvendýr og tvö karldýr. Nú á hann um 1000 kvendýr og um 200 karldýr. Bú hans er það stórt, að hann getur staðið að mestu á eigin fótum við fóðurkaup, hefur eigin kæligeymslu, „pelsar" sjálfur með eigin mönnum o. s. frv. Ég nota hér norska orðið að „pelsa", því að mig brestur íslenzkt orð. Sögnin „að pelsa" gildir um að aflífa dýrin, flá þau og verka skinnin, svo að þau séu flokkunar- og söluhæf. Oddur fræðir mig vel um samvinnu minkaræktarmanna á Jaðri og leggur áherzlu á, að án hennar sé vonlaust að fást við þessa atvinnu, nema um stórbú sé að ræða. Telur hann þá ekki, að minkabú hans sé stórbú, aðeins vænt bú, enda er hann í félagsskap að nokkru um fóðurkaup og geymslu, þótt hann sé sjálfum sér nægur um margt. Að sjálfsögðu er hann í Loðdýraræktarfélagi Rogalands og um leið sjálfskráður í Norges Pelsdyralslag. Árgjaldið er ekki nema 10 krónur, og fyrir það fá allir meðlimir Norsk Pelsdyrblad.

Fóðurkaupafélögin eru óumflýjanleg nauðsyn, segir Oddur. Þau eru tvö á Jaðri. Rogaland Pelsdyrfórlag hefur Jaðarinn sunnan til að starfssvæði, þótt raunar séu þar engin glögg mörk. Félagið er nú að koma sér upp frystihúsi í Sirevåg. Þar verður hægt að frysta og geyma um 600 smál. af fiskifóðri. Frystihúsið annast akstur á fóðrinu heim til félagsmanna, „bara að hringja, þá kemur það". Sagt hefur verið frá því í blöðum, að þetta félag hafi nú þegar samið um kaup á fiskifóðri frá Íslandi á árinu, sem í hönd fer.

Annað félag, Vestlandske Pelsfórlag, hefur aðsetur sitt í Klepp, steinsnar frá heimili Odds. Við skreppum út að skoða frystihús þess. Oddur gengur þar um eins og heima hjá sér, enda vafalaust meira við þetta riðinn en hann vill vera láta. Þetta er ekkert stórfyrirtæki, en húsið nýtt og vel til alls vandað. Hægt er að frysta 5 smál. á dag og geyma í frysti um 6000 kassa 50 kílóa af fiskúrgangi (flökunarúrgangi). Að þessu standa 25 minkaræktarmenn í Klepp. Þeir lögðu fram 30 krónur fyrir hvert kvendýr, sem þeir eiga í eldi, og ábyrgjast jafnmikla upphæð. Mér skilst, að þetta sé samvinnufélag með takmarkaðri ábyrgð. Þetta hentar vel við þau skilyrði, sem hér eru. Frystihúsið getur skipt við fleiri en þá, sem hafa lagt fram fé til þess að koma því upp. Minkaræktarmenn í Klepp eru margir og sumir smáir um framleiðslu. Við Klepp-járnbrautarstöð er heilt hverfi af minkabúum. Eigendur eru sumir hverjir verkamenn. Sú saga er mér sögð, að yfirmaður vegamála á Jaðri sé ergilegur yfir og telji vegagerðinni töluvert mein, *sjúkraforföll* vegagerðarmanna reglubundin og mikil um fengitíma minkanna ár hvert, og mjög ber á því sama um gottímann!

Við Oddur örkum upp á loft. Þar er annað fyrirtæki minkaræktarmanna — *Pelsing-sentralen*. Einnig hér er allt nýtt. Við teljum vonlaust, að minni minkabú annist pelsun heima hjá sér, segir Oddur, þess vegna verður að koma upp svona pelsunarstöðvum. Dýrin eru aflífuð heima og látin liggja, unz þau eru stirðnuð og köld. Svo eru skrokkarnir fluttir til stöðvarinnar. Í sérstökum klefa vinna 4 menn að því að flá skrokkana. Þeir vinna í ákvæðisvinnu og fá 50 aura fyrir minkinn. Duglegustu menn flá 200 minka á dag, en ekki skildist mér, að þá væri hugsað um 8 tíma dag. Skrokkunum flegnum er safnað saman og þeir seldir á 10 aura kg til fóðurmjölsgerðar. Í aðalsalnum vinna ca. 16 stúlkur að því að hreinsa skinnin, Eru notaðar við það eins konar skröpunarvélar að nokkru, en að miklu leyti er þetta handvinna með einföldum tækjum. Aðalatriðið er að ná fitunni frá holdrosu skinnanna, hún er seld til sápugerðar og þykir mjög góð sápufeiti. Að lokinni hreinsun eru skinnin dregin á þanir og þeim komið fyrir í þurrkgrindum, er standa í röðum meðfram öðrum vegg salarins. Í grindunum er blásið lofti inn í skinnbelgina um rifur, sem

eru á þönunum, verður loftið að vera hæfilega heitt. Loks eru skinnin merkt og hengd upp til eftirþurrkunar og svo annað tveggja búið um þau til sendingar til Ósló eða þau afhent eigendum óumbúin, ef þeir æskja þess. Pelsunarstöðin tekur kr. 3.50 fyrir að pelsa karldýr, en kr. 2.50 fyrir kvendýrið, sama gjald, hvort sem það er eignaraðili í stöðinni eða aðrir, sem pelsað er fyrir.

Þennan dag er ætlunin að anna því að pelsa 800 minka, og það er haldið á spöðunum. Klukkan að ganga 12, þegar Oddur ekur mér heim, er enn þá allt í gangi í stöðinni. Þetta er hviða, ekki nema 4—5 vikur í nóv.—des., og í þessari stöð þarf að pelsa 20—25 þús. minka.

Á Vigrestað sunnar á Jaðri er annað „pelsingsentral". Þar vinna um 27 manns að pelsun þessa dagana. Alls er búizt við, að þar verði pelsaðir yfir 20 þús. minkar. Ekkert er því til fyrirstöðu að flytja dauða og stirðnaða minkana langa leið til pelsunar, enda er það gert, þar eð minkaeigendur í sveitunum norðan fjarða, umhverfis Haugasund, hafa ekki neina pelsunarstöð norður þar.

Ég hef sagt þetta náið frá þessu, fóðurgeymslunum og pelsunarstöðvunum, af því að ég tel fyrirkomulagið sanna, svo að ekki verður um villzt, að annað tveggja þarf minkaræktin að vera á stórbúum, sem geta verið sér nóg um tækni og vinnu alla, einnig við pelsun, eða velja verður hinn kostinn, að minni minkabú — helzt á takmörkuðu svæði, hafi með sér mikla samvinnu bæði við fóðuröflun, fóðurgeymslu og við pelsun. Að smærri minkabú pukri hvert í sínu horni við þetta, er aflóga fyrirkomulag, sem ekki fær staðizt lengur. Með því móti verður skinnaframleiðslan aldrei í lagi að gæðum og frágangi og framleiðslan of dýr, gefur minkaræktarbændunum of lítið í aðra hönd. Það þarf nú orðið mikla þekkingu til þess að stunda minkarækt, og það þarf æfða menn og konur til þess að pelsa og verka skinnin. Mér var sagt, að konurnar, sem vinna við pelsunina, væru flestar giftar konur úr nágrenninu, sem fengjust við þetta ár eftir ár og þætti gott að grípa þannig upp nokkra peninga skömmu fyrir jólin ár hvert. Þær læra hver af annarri, en kunnáttuverkstjóri stjórnar vinnunni og lítur eftir, að rétt og vel sé unnið. Enginn getur flegið mink fljótt og vel, nema nokkur æfing komi til. Allt er þetta orðið kunnáttustarf.

Salurinn, þar sem pelsunin fer fram og ekki notast til þeirra hluta nema í mesta lagi tvo mánuði á ári, þótt frágangur skinna til flutnings sé reiknaður með, verður á öðrum tímum notaður til þess að geyma mjölfóður og „öryggisfóður" („sikringsfór") fyrir félagsmenn. Minkarnir eru ekki fóðraðir eingöngu á fiski, svo sem geta má nærri, öryggisfóðrið er mikilvægt, samsett eftir kúnstarinnar reglum, og í það blandað öllu því, sem visindalegar tilraunir og rannsóknir hafa leitt í ljós að dýrin þarfnast til þess að halda heilsu.

Sagnafár var Oddur um fjárhag sinn, það er ekki siður Jaðarbænda að flíka slíku, en sennilega hefur hann einhvers staðar á milli 4000 og 4500 minkaskinn að selja árlega. Losa þá brúttótekjur búsins eigi minna en 550—600 þús. kr. norskar. Hvað hreinar tekjur verða, skal ósagt látið. Sennilega eru brúttótekjurnar allmiklu meiri en þetta, þar eð útkoman og skinnagæði hjá Oddi eru fyrir ofan meðallag.[1])

Fengitími minkanna hér um slóðir er snemma í marz. Meðgöngutíminn er um 1½ mánuður. Yrðlingarnir fæðast því yfirleitt um mánaðamótin apríl—maí, og hvolparnir eru þá rúmlega 6 mánaða, þegar þeim er lógað og þeir pelsaðir. Kvendýrin eru höfð til undaneldis í 3 ár, en karldýr, sem vel reynast, í 4 ár. Kvendýrin fæða unga í fyrsta sinn, þegar þau eru ársgömul. Með þessu móti fer töluvert af viðkomunni til viðhalds og endurnýjunar stofninum. Afföllum margs konar verður einnig að reikna með.

Engar tölur eru til, er geri fært að flokka minkabúin á Rogalandi — og yfirleitt ekki í Noregi — í stærðarflokka. Einnig er óhægt um við að „finna út" *meðalstærð* minkabúa í landinu. Forstjóri Norges Pelsdyralslag nefnir, að meðalbú sé vart stærra en að það séu 100 kvendýr á búi.

1) Í ár er bændum við álagningu skatts og útsvars reiknað hvert minkaskinn, sem þeir hafa að selja, á 120 kr.

Norður-Noregur.

Um Jónsmessuleytið í ár hélt loðdýraræktarfélagið norska — landsfélagið, Norsk Pelsdyralslag — aðalfund sinn norður í Tromsö. Í því sambandi var allmikið rætt um aðstöðu til minkaeldis í Norður-Noregi. Er margt af því, sem fram hefur komið um þá hluti, athyglisvert, þegar um er að ræða að efna til minkaeldis á ný á Íslandi.

Ekki er það svo að skilja, að minkaeldi sé ókunnur hlutur norður þar. Nord-Troms pelsdyralslag nær yfir Troms-fylki og Finnmerkur-fylki. Á svæði þessa félags var framleiðsla minkaskinna fardagaárið 1951—52 um 5000 skinn. 1956—57 var framleiðslan orðin 27500 skinn og 1959—60 um 45000 skinn. Hins vegar er talið, að það, sem til fellst af minkafóðri í fiskiðjustöðvum norður þar, væri nægilegt fóður handa minkastofni, er gæfi af sér árlega um 140000 skinn. Með auknum fiskiðnaði, sem búast má við, eykst fóðurframleiðslan, sem getur verið, auðvitað til samræmis við fiskiðnaðinn. Því fer fjarri, að fiskúrgangurinn nýtist nú að fullu heima fyrir, og ber margt til þess. Minkabú eru ekki alls staðar, þar sem fiskúrgangurinn fellur til, og erfitt um hirðingu hans og flutning frá einum stað til annars o. s. frv. Afleiðingin af þessu er, að mikið er flutt af minkafóðri yfir til Svíþjóðar og Finnlands til notkunar þar. Hafa menn mikinn hug á því að efla minkaræktina og skipuleggja, svo að minkafóður, sem til fellur, og minkarækt haldist í hendur. Er hér í rauninni um nákvæmlega hið sama að ræða eins og blasir við á Íslandi. Eigum vér ekki heldur að nota minkafóðrið heima og framleiða skinnavöru til útflutnings, í stað þess að selja það til annarra landa, þótt slíkt sé auðvitað góðra gjalda vert hjá því, sem verra er, að láta fiskúrganginn fara að meira eða minna leyti forgörðum eða að vinna úr honum fiskimjöl, sem gefur of lítið í aðra hönd sökum óeðlilegrar samkeppni annarra þjóða, til þess að vinnslan beri sig sæmilega?

Nefnd manna hefur verið skipuð þar á norðurslóðum til þess að leggja á ráðin um, hvernig hægt sé að efna til og skipuleggja minkarækt með góðum árangri. Það, sem talið er að hái minkarækt í nyrztu fylkjum Noregs mest, er vöntun á samvinnu um öflun og nýtingu fóðurs. Er mjög athyglisvert það, sem sagt er um þá hluti. Stór minkabú, þar sem eru í eldi yfir 1000 dýr eða meira, geta við réttar aðstæður staðið á eigin fótum við fóðurkaup og geymslu, þau hafa ráð á því að hafa frystigeymslur og afla fóðurs með stórum tökum og tryggja þannig reglubundna og jafna fóðrun, sem er mjög áríðandi.

Smærri minkabú, einstök, eiga oft við mikla erfiðleika að etja um fóðuröflun og geymslu, betur hentar, að slík bú séu fleiri og nokkuð mörg á takmörkuðu svæði — í sama byggðarlagi — og hafi með sér full samtök um fóðuröflun og frystigeymslu, eða hafi sameiginlegt samband við frystihús. Þannig telja þeir, er að þessum málum vinna í Norður-Noregi, mjög áríðandi, að ekki sé látið skeika að sköpuðu með það, hvar og hvernig efnt er til minkaeldis. Hér þarf samtök og skipulag til þess að tryggja örugga og góða framleiðslu án óþarfa kostnaðar.

Annað atriði, sem mikið er rætt, er *þekking og kunnátta*. Norðlendingar, eða réttara sagt forráðamenn þeirra í þessum málum, gera sér ljóst, að án kunnáttu — mikillar kunnáttu og starfaþekkingar, er voði að efna til minkaeldis í verulegum mæli. Minkaeldið krefst nákvæmni og þekkingar, þar má ekkert reka á reiðanum. Í þessu sambandi er þess að geta, að mjög er um það rætt að efna til loðdýraeldis með kennslusniði við bændaskóla Finnmerkur í Tana, til þess að þar sé hægt að efna til námskeiða og halda uppi kennslu í öllu, er varðar þessa atvinnugrein.

Ef allt fer að líkum, mun minkaeldi sem atvinnuvegur þróast þannig í beinu og óbeinu sambandi við fiskveiðar og fiskiðju í Norður-Noregi á næstu árum, að annars vegar rísa upp stór minkabú í beinu sambandi við fiskiðjuna og í nágrenni fiskiðjuveranna og hins vegar smærri minkabú, víðast nokkuð í hverfum, nálægt fiskiþorpum og fiskiðjuverum, hafandi með sér félagssamtök um fóðurkaup og öflun. Kemur þar jafnvel til félagsleg „matargerð“ fyrir minkabúin, eins konar minka-

eldhús. Slíkur háttur hefur verið tekinn upp á nokkrum stöðum í Noregi, þar sem þéttbýlt er að minkabúum, og þykir gefast vel.

Til dæmis um, hvernig hugir manna norður frá stefna um þessa hluti, vil ég loks geta þess, að rétt í þessu sé ég þess getið í vikublaði frá Bodö, að í ráði sé, að hið kunna Bjellandfirma í Stavangri hafi í hyggju að byggja stórt frystihús og fiskflökunarstöð í Harstad, — skapast þá möguleikar til minkaræktar á staðnum — bætir blaðið við.

Mér virðist ljóst vera, að um tvennt megum vér á Íslandi líta til þess sama og gert er í Norður-Noregi varðandi væntanlega minkarækt: Að staðsetja búin skynsamlega með tilliti til fóðuröflunar og að gera oss það fullljóst, að það þarf *kunnáttu* til þess að fást við minkaeldi, hennar þarf að afla þegar í upphafi, það getur orðið of dýrt að læra eingöngu af eigin reynslu.

Svíþjóð.

Eldi loðdýra mun hafa hafizt í Svíþjóð laust fyrir 1920, því að elztu tölur þar að lútandi, sem ég hef náð í, eru frá 1919, og er þá ekki mikið um að vera. Það ár eru taldir tveir loðdýraræktarmenn í Svíþjóð, sem ala silfurrefi. Árið 1926 eru það 20 menn, sem ala silfurrefi, en 5 eru með blárefi. Minkar eru ekki taldir fyrr en 1928, tveir menn með 28 dýr. Svo færist loðdýraeldi í aukana nokkuð jafnt og þétt fram til 1940, en þá hrapar það niður, mest vegna stríðsins.

Árið	1939	er	tala	silfurrefa	150000	
—	—	—	—	blárefa	44000	
—	—	—	—	minka	107000	og
—	—	—	—	nutria	13000	
—	1943	—	—	minka komin niður í	56000	
—	—	—	—	silfurrefa komin niður í	64000	
—	—	—	—	blárefa komin niður í	26000	og
—	—	—	—	nutria komin niður í	2500	

Árið 1946, bara ári eftir stríðið, er tala minka aftur komin upp í 135000, en hinum loðdýrunum fjölgar lítið um sinn. Minkaræktin er dreifð um alla Svíþjóð frá suðri til norðurs, og fer töluvert fyrir henni í nyrztu héruðum landsins. Hið eina fylki í landinu, sem hefur enga minkarækt, svo að tölur frá greini, er Gotland.

Öflugur félagsskapur stendur að loðdýraræktinni í Svíþjóð — Sveriges Pälsdjursuppfödares Riksförbund. Í síðustu ársskýrslu félagsins eru meðal annars þessar upplýsingar. — En þrjár síðustu ársskýrslur félagsins fylgja greinargerð þessari.

Tala meðlima 30. júní 1959 1559, en á sama tíma 1960 1621.

Þessir meðlimir greiða félagsgjald af eftirtöldum fjölda loðdýra, en þá eru ekki talin karldýr, aðeins kvendýrin: 1960: silfurrefir 264, blárefir 2219, *minkar 251068*, nutria 111 og Chinchilla 1701. Minkurinn er þannig langsamlega meginatriði allrar loðdýraræktar í Svíþjóð. Hvað mikið er um minkaeldi utan félagsskaparins, er óupplýst.

Félagið hefur ráðunauta í þjónustu sinni og gefur út tímarit: Våra pelsdjur. Árið 1960 eru taldir 7 ráðunautar, er leiðbeina á mismunandi sviðum. Einn þeirra er um leið ritstjóri tímaritsins, og annar af þessum 7 er í raun og veru ráðunautur við Statens Veterinärmedicinska Anstalten, en er um leið loðdýraræktarfélaginu ráðgjafi um margt, er við kemur fóðrun og rannsókn fóðurefna. Við Búnaðarháskólann sænska er unnið að vísindalegum ransóknum varðandi minkaeldi og kynbætur. Þannig vinnur hinn frægi próf. Ivar Johansson, sem mér og fleiri íslenzkum búnaðarmönnum er að góðu kunnur, að kynbótatilraunum með minka. Fjórir aðrar sérfræðingar við háskólann eru tilnefndir, sem vinna að tilraunum og athugunum á þessu sviði.

Stofnunin *Statens Husdjurförsök* fæst einnig við tilraunir með minkarækt. Árið 1959 var auk þessa komið á fót í Svíþjóð stofnun er nefnist: *Stiftelsen Svensk*

Pälsdjursforskning. Að þeirri stofnun standa: Búnaðarháskólinn, Statens Husdjurförsök og þrjú fiskifélög og síðast, en ekki sízt Loðdýraræktarfélagið sænska. Stofnun þessi fæst við fóðrunartilraunir með mink. Stofnun þessi varði síðastliðið ár 45917 s. kr. til fóðrunartilrauna.

Sýningar og leiðbeiningamót — fältdagar — er mikið atriði í starfsemi loðdýraræktarfélagsins sænska, svo sem vænta má. Sýningarnar eru að mestu haldnar á vegum héraðasambanda loðdýraræktarmanna, en þau standa að landsfélaginu.

Landsfélagið — Riksförbundet — hefur afskipti af fóðurmálum félagsmanna, þ. e. að tryggja öflun fóðurs handa loðdýrunum. Er það orðið allumfangsmikið mál og ekki svo einfalt með öllu. Árið 1960 er talið að þurfi um 60000 smálestir af nýjum fiski og „sláturhúsamat" handa loðdýrunum. Til Norður-Svíþjóðar er flutt mikið af nýjum fiskúrgangi frá Norður-Noregi. Rætt er um að nota ódýrt fiskimjöl frá Perú. Undanrennuduft er eitt af því, sem notað er til fóðurs.

Landsfélagið stendur að *Pälscentralen,* þar er skinnunum safnað saman og þau síðan boðin fram til sölu hjá *A/B Nordiska Skinnauktioner.* Sérstök skinnanefnd frá Landsfélaginu hefur hönd í bagga við flokkun skinnanna og fylgist með sölunni.

Síðasta fardagaár — landsfélagið miðar skýrslur sínar við fardagaárið — voru á vegum A/B Nordiska Skinnauktioner boðin fram til sölu *637352 minkaskinn,* en árið áður 541216 skinn, þar að auki 5582 refaskinn síðastliðið ár og 4697 árið áður. Nýjung á síðastliðnu fardagaári er það talið, að boðin voru til sölu á uppboðum þessa sölufélags 1300 gærur — Swedish lamb — sem seldust á tiltölulega háu verði, miðað við takmörkuð gæði. Meðalverð á minkaskinnum seldum síðastliðið ár á vegum sölufélags þessa kemur ekki beinlínis í ljós í skýrslum þeim, sem ég hef aðgang að. Sagt er, að til og með á janúaruppboði hafi um 80% af „vetrarvörunni" verið selt fyrir meðalverð, er nam 92 s. kr. fyrir skinnið.

Loks fer hér á eftir skýrsla um útflutning minkaskinna frá Svíþjóð 1958 og 1959. Hefur sendiráð Íslands í Stokkhólmi sýnt mér þá vinsemd að útvega tölur þessar eftir tilvísun minni.

Þess skal getið, að árið 1958 er eitthvað af refaskinnum innifalið í tölunum, en þó er talið, að minkaskinnin séu um 99% af magninu. Sundurliðunin 1959 nær hins vegar eingöngu til minkaskinna.

Eins og tölur þessar sýna, hafa Svíar árið 1959 flutt út minkaskinn fyrir s. kr. 79256000 — fyrir yfir 79 millj. sænskra króna, sem er jafnvirði 590 millj. ísl. króna.

Vafalaust má bæta við tölur þessar nokkurri notkun minkaskinna innanlands í Svíþjóð, sennilega svo að nemur milljónum sænskra króna, en ekki eru tölur fyrir hendi, er sýna það, hve miklu slík notkun nemur.

Skýrslan sýnir á fróðlegan hátt, hverjir kaupa minkaskinnin sænsku. Bandaríkin eru þar efst á blaði, langefst, kaupa fyrir yfir 53 millj. s. kr. Svo koma Vestur-Þýzkaland og Bretland með svipað magn, o. s. frv., eins og tölurnar sýna.

Árið 1947 kom út mikil bók á sænsku um loðdýraeldi — *Pälsdjurskötsel.* Útgefandinn var Sveriges Pälsdjursuppfödares Riksförbund. Bókin er 400 blaðsíður og höfundar fleiri en einn. Ekki er mér kunnugt, hvort bók þessi hefur komið út síðar í nýrri útgáfu, en hún er ágæt handbók, jafnvel þótt svo gömul sé, að um útgáfuna frá 1947 sé að ræða, en auðvitað hefur margt nýtt komið til síðar.

Útflutningur minkaskinna frá Svíþjóð árin 1958 og 1959.

	Tonn		Fjöldi skinna	Verð í 1000 kr.	
	1958	1959	1959	1958	1959
Noregur		0	394		46
Danmörk	1	0	5876	620	599
Vestur-Þýzkaland	8	8	93558	8350	9020
Holland	0	0	649	55	49
Belgía og Luxenburg	0	0	1338	402	140

	Tonn 1958	Tonn 1959	Fjöldi skinna 1959	Verð í 1000 kr. 1958	Verð í 1000 kr. 1959
Stóra-Bretland	13	8	90339	11782	8771
Frakkland	1	1	10700	646	1320
Portúgal	0			63	
Ítalía	3	4	36236	2460	4744
Sviss	1	0	4464	775	420
Austurríki	0	0	1653	246	144
Líbanon	0	0	126	35	12
Kanada	0	0	8168	326	755
Bandaríkin	51	54	638122	46824	53228
Önnur lönd	0			23	
Samtals	78	78	891647	72626	79256

Danmörk.

Danir leggja mikla stund á minkaeldi og leggja alla alúð við, neyta allra ráða, sem hin þróaða búfræði þeirra og búvísindastarfsemi má veita. Er að því mikill styrkur.

Árið 1955 er talið að ársframleiðsla minkaskinna í Danmörku nemi um 400000 skinnum. Að baki þessarar miklu framleiðslu liggur að sjálfsögðu mikil og nokkuð jöfn þróun.

Árið 1932 er talið, að ekki séu nema 44 minkar í eldi í Danmörku og viðkoman 120 hvolpar. 1942 eru minkabúin um 800, fullorðin dýr í eldi um 9000 og viðkoman um 25000 hvolpar. Árið 1954 eru tilsvarandi tölur 1400 bú, 125346 dýr í eldi og 326617 hvolpar.

Áætlaðar tölur 1955 voru 1600 minkabú, 130088 fullorðin dýr og um 400000 hvolpar.

Árið 1952 var tala og stærð minkabúanna þannig, að fremur lítil bú voru langsamlega í meiri hluta. Af 1198 búum voru 225 bú með 1—50 dýr að meðaltali, 223 bú með 51—100 dýr, 178 bú með 101—150 dýr, 118 bú með 151—200 dýr, 150 bú með 201—300 dýr, 83 bú með 301—400 dýr, 56 bú með 401—500 dýr, 68 bú með 501—700 dýr, 36 bú með 701—1000 dýr, 41 bú með 1001—2000 dýr, og loks voru 10 bú með meira en 2000 dýr í eldi.

Þó að smábúin séu þannig í fleirtölu, vega stóru búin meira í framleiðslunni, og þau munu fremur hafa sótt á hin síðustu ár.

Félag loðdýraræktarmanna — Dansk Pelsdyravlerforening — gefur út blaðið Dansk Pelsdyravl. Í auglýsingablaði, ekki alveg nýju, segir félagið meðal annars, að Danir flytji út grávöru fyrir yfir 80 millj. króna (danskra) og að aðallinn af því sé um 800000 minkaskinn. Enn fremur segir þar, að loðdýraræktarmenn noti fisk og fiskúrgang fyrir um 50 millj. kr. á ári. Þessi 800 þús. skinn segja þeir að komi frá yfir 3000 minkabúum dreifðum um land allt.

Að Dansk Pelsdyravlerforening standa 5 héraðasambönd loðdýraræktarmanna skipuð eftir landshlutum í Danmörku. Danske Pels Auktioner eru fyrirtæki félagsins til þess að annast sölu grávörunnar.

Samkvæmt dönskum verzlunarskýrslum nam útflutningur minkaskinna frá Danmörku, talið í dönskum krónum:

1957	55.7 millj. króna	
1958	67.5 — —	
1959	75.5 — —	og áætlað
1960	100 — —	

Lönd þau, sem minkaskinn eru flutt til á þessum árum, eru: Vestur-Þýzkaland, Bretland, Bandaríkin, Noregur, Svíþjóð, Sviss, Austurríki, Kanada, Ítalía, Ástralía, Portúgal, Belgía og Luxemburg.

Að sjálfsögðu er innalandsnotkun loðskinna töluverð í Danmörku.

Danir hafa sett reglur um innflutning og umhirðu loðdýra, að því er varðar að tryggja, að dýr sleppi ekki úr haldi. Eru þær nokkuð nákvæmar og ákveðnar, svo að telja verður til nokkurrar fyrirmyndar. Fylgja þær hér með sem framhald þessara fábrotnu upplýsinga um minkaeldi í Danmörku. — Eigi alls fyrir löngu var í Morgunblaðinu viðamikil og upplýsandi grein um þessa hluti, geri ég því ráð fyrir, að áhugamönnum heima sé nokkuð kunnugt, hverju fram fer um loðdýraeldi í Danmörku.

Greinagóð bók er til á dönsku um minkaeldi, *Håndbog i Minkavl,* eftir Alf Lund ráðunaut. Bókin, sem er 224 bls., er gefin út 1955. Lund mun vera ráðunautur hjá Dansk Pelsdyravlerforening. Bók þessi er notuð hér í Noregi, því að Norðmenn munu ekki eiga neina bók um þetta efni jafngóða. Ekki er mér kunnugt, hvort ný útgáfa hefur komið út eftir 1955, en ég hygg, að svo sé ekki.

Upplýst er, að verð á minkaskinnum, seldum á uppboðum Danske Pels Auktioner söluárið 1959—60, hafi verið í dönskum krónum, meðalverð allrar sölu:

Standard	kr.	113.00
Pastel	—	125.00
Topas	—	133.00
Silverblu	—	103.00
Safir	—	123.00
Hvít	—	136.00

Danir telja, að eigi sé góð útkoma um viðkomu og uppeldi, ef ekki koma 3.5—4 hvolpar eftir hvert kvendýr, sem í eldi er.

Nokkrar ábendingar til tillögur.

Í frumvarpi Einars Sigurðssonar, Nr. 38. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 328, marz 1951, um loðdýrarækt, er gert ráð fyrir að fella úr gildi þær málsgreinar laganna frá 1951, þar sem bannað er að reisa minkabú, og afnám minkarækar ákveðið. Þetta er, ef að lögum verður, nægilegt til þess, að heimilt sé aftur að stunda minkaeldi á Íslandi. En þó tel ég þetta ekki fullnægjandi. Enginn minkastofn er til í landinu, svo sem að líkum lætur. Nýjan stofn þarf að flytja inn, og um allan innflutning búfjár — minka verður að telja til búfjár í þessu sambandi — gilda lög um innflutning búfjár, nr. 15 frá 8. marz 1948.

Ákvæði laganna frá 8. marz 1948 munu — um sum ákvæði — reynast óhentug, er til þess kemur að flytja inn stofn minka, sennilega allmörg dýr og oftar en einu sinni, og efni til minkaræktar.

Í lögunum segir, að landbúnaðarráðherra geti vikið frá banni gegn því að flytja inn „hvers konar dýr, tamin og villt". En öll frávik frá banninu eru háð ýmsum skilyrðum, svo sem eðlilegt er. Eitt ákvæðið er, að ríkið greiði allan kostnað við kaup og innflutning búfjárins og að hið innflutta búfé sé eign ríkisins. Gildi lög þessi um innflutning loðdýra — sem vart þarf að efa — gildir að sjálfsögðu einnig þetta ákvæði um ríkiseign og kostnað við innflutning loðdýra. Þetta tel ég ekki heppilegt né nauðsyn og tel hæpið, að Alþingi hafi áhuga á því, að ríkissjóður fari að standa straum af innflutningi minka. — Í lok 6. greinar laganna eru þó ákvæði, sem gera mögulegan innflutning hunda, refa og annarra ræktaðra rándýra. Hefur það ákvæði oft verið notað við innflutning hunda, en eigi fæ ég séð, að það sé lögunum samkvæmt að leyfa einstaklingum slíkan innflutning, þótt gert hafi það verið. Virðist það beinlínis stangast við önnur ákvæði laganna.

Að þessu athuguðu tel ég, að nauðsyn beri til og hreinlegra sé að bæta glöggu ákvæði við lög nr. 15 frá 8. marz 1948, um innflutning búfjár, — um það, hversu skuli með fara við væntanlegan innflutning minka. Ákvæði laganna tel ég of losaraleg, eins og þau eru varðandi „hunda, refi og önnur rándýr", enda kunnugt, að innflutningur hunda t. d. hefur átt sér stað á heldur losaralegan hátt, stundum, á undanförnum árum.

Hér að framan hef ég vakið athygli á því, að það þarf mikla og góða þekkingu á minkaeldi, til þess að vel fari framkvæmdir á því sviði. Það er því ótvírætt Þörf upplýsinga og leiðbeininga og það án tafar, þegar tekið er til við minka-innflutning og eldi.

Í lögum um loðdýrarækt frá 1951 er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands hafi í þjónustu sinni loðdýraræktarráðunaut. Nú er engum slíkum til að dreifa, — ég minnist ekki á hið fáránlega fyrirkomulag með veiðimálastjóra samkvæmt lögum um eyðingu refa og minnka, er samþykkt voru á Alþingi 28. maí 1957.

Margt mælir með því, að leiðbeiningar og eftirlit varðandi minkaeldi séu í höndum B. Í., þótt því sé ekki að leyna, að mestar líkur benda til þess, að væntanleg minkarækt verði lítt á vegum bænda sem grein búskapar. Sennilega er ekki nú sem stendur völ á neinum manni íslenzkum, sem er fær um að standa fyrir innflutningi minka og annast nauðsynlegar leiðbeiningar um minkaeldi. Auðvelt er að senda mann út að kynna sér slíkt, munu menn segja. En ég segi annað, hér nægir ekki að reka nefið í hlutina og „kynna sér" minkaeldi 2—3 mánuði, hér þarf mikla reynslu og örugga þekkingu, ef vel á að fara. Fæ ég eigi betur séð en að fulla nauðsyn beri til og sjálfsagt sé að ráða norskan, danskan eða sænskan minkaræktarráðunaut til hjálpar 1—2 fyrstu árin, valinn mann, reyndan og ráðsnjallan. Ekki mun vandalaust að ná í slíkan mann, en samt ætti það að takast.

Setja verður sérstaka reglugerð um innflutning minka og eldi. Í reglugerðinni verða að vera ákvæði um gerð minkahúsa og öryggi gegn því, að dýr sleppi úr haldi. Þrátt fyrir það, hve villiminkurinn veður uppi, og þótt vonlaust sé um að útrýma honum, verður að gera allt, sem skynsamlega er hægt, til þess að það komi ekki fyrir nema sem einstæð óhöpp eða beinlínis misindisverk, að minkar sleppi úr haldi.

Vel tel ég koma til greina að efna þegar frá upphafi til kennslu nokkurrar í hirðingu minka og eldi. Mætti leysa það mál á þann hátt, að við bændaskólann á Hvanneyri yrði komið upp litlu minkabúi — eins konar kennslubúi — og fenginn til maður sem kennari við skólann til þess að annast búið og kennsluna. Slíkt bú á ekki að stærð né rekstri að vera til þess að gefa arð, það er ekkert meginatriði. Fleira væri rétt að hafa undir í sama takinu. Það er kominn tími til þess og meira en það, að þeirri hneisu sé af létt, að við hvorugan bændaskólann er hægt að læra neitt að gagni um hinn minni búfénað, svo sem alifuglarækt, svínarækt og loðdýrarækt, af því að skólarnir eru ekki þannig úr garði gerðir með byggingar, búrekstur né kennslukrafta, að slíkt komi til greina. Hið tvennt fyrrnefnda hefur átt fullan rétt á sér, en hefur verið vanrækt hrapallega, nú getur loðdýraræktin — fyrst og fremst minkaræktin bætzt við. Það er kominn tími til að víkja frá þeirri villu að fást við það eitt á bændaskólunum — kennslustofnunum bændanna— sem gefur mestan arð, oft í beinni samkeppni við bændur, á þeim stað og í því héraði, þar sem skólarnir starfa. Það er alveg eins og gengið sé út frá því sem gefnu, að nemendur, sem menntast á bændaskólunum, eigi allir fyrir höndum að búa við sömu skilyrði eins og eru á Hólum og Hvanneyri að náminu loknu, — og jafnvel eins stórum búum eins og þar er búið.

Á Hvanneyri væri kennslubú í minkarækt heldur vel sett, þar væri hægt að sjá búinu fyrir reglubundnum aðdráttum minkafóðurs — fiskfóðurs — frá Akranesi, en einmitt í nágrenni Akraness má ætla að rísi upp minkarækt svo að um muni, mikil og góð aðstaða er til þess þar.

Sérfræðilega hluti, eins og val dýra um gerð og heilbrigði, ræði ég ekki. Um mörg afbrigði minka er nú að velja, og stöðugt koma fram ný afbrigði. Þetta verður verk sérfræðinga og sennilega nauðsyn að hafa við það erlendan sérfræðing, sem til þess yrði fenginn, — og svo helzt, að sá hinn sami yrði svo ráðunautur og fræðari heima að minnsta kosti 1—2 ár, svo sem ég nefndi hér að framan. Mér er ljóst, að dýr af góðum stofnum og sérafbrigðum liggja ekki á lausu hér í Noregi og heldur illa séð, er minkabændur selja slík dýr til útflutnings, en allt slíkt vinnst, ef með

ráði er farið og því opinbera ekki blandað í málið að óþörfu. Kvíði ég engu um þetta. Það er hægt að fá góð dýr, ef ekki er horft í aurana, og að lokum skiptir litlu máli, þótt fáein úrvalsdýr séu keypt nokkuð háu verði. Þannig lít ég á málið. Veðurfarslega hygg ég bezt að fá stofn frá Noregi, fremur en Danmörku, þótt eigi sé vafi á, að Danir eiga ágæta stofna.

Tekið saman í nóvember 1960.

Árni G. Eylands.

Nd. 356. Frumvarp til laga [186. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1961 skal koma saman þriðjudaginn 10. október 1961, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1961 koma saman eigi síðar en 15. febrúar.

Þar sem Alþingi því, er nú situr, mun eigi verða lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Lagt er til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi 10. október 1961.

Nd. 357. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Geir Gunnarsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Við 38. gr. laganna bætist:

Um sjómenn gilda svo hljóðandi sérákvæði:

Sérhver skipverji, sem lögskráður eða ráðinn er á íslenzkt skip, er tryggður gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð í skipi eða í landi, fyrir kr. 200000.00 — miðað við fulla örorku. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi skerðir ekki rétt skipverja til greiðslu úr lífeyrissjóði sjómanna. Kostnaður af sértryggingu þessari greiðist að hálfu af almannatryggingum og að hálfu af útgerðarmönnum samkvæmt reglugerð, er félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þrátt fyrir allar ráðstafanir, sem gerðar eru til slysavarna, kostar hin harða sjósókn íslenzkra sjómanna sífellt fórnir, og sérhver maður, sem ræðst í skiprúm, stofnar með því lífi sínu og limum í meiri hættu en við flest önnur störf, sem hann tækist á hendur í atvinnulífinu.

Þessa hættu, sem við sjómönnum blasir, láta þeir ekki á sig fá, en skylt ætti að vera að bæta fjölskyldum þeirra þó að nokkru leyti fjárhagslega, ef illa fer.

Þótt annað verði ekki bætt, er fráleitt, að auk þess gjaldi fjölskyldur sjómanna þess fjárhagslega án nokkurra sérbóta, hversu miklar hættur fyrirvinna sjómannaheimilanna stofnar sér í með því að taka að sér mikilvægustu störfin í þjóðfélaginu.

Slysahætta, sem fylgir starfi sjómanna, er að svo miklum mun meiri en við önnur störf, að þeim, sem stunda sjóinn, ber að tryggja hærri bætur en öðrum. Má á það benda, sem alþekkt er, að einstaklingar, er telja sig stofna sér í meiri hættu um tiltekinn tíma en að jafnaði annars, t. d. vegna ferðalaga, kaupa iðulega sérstaka, háa ferðatryggingu, meðan sú hætta varir. Sjómenn eru að staðaldri í meiri hættu við störf sín en um er að ræða við venjuleg ferðalög og því eðlilegt, að trygging þeirra sé hærri en almennt gerist.

Yfirmenn á togurum og farskipum hafa tryggt sér 200000.00 kr. líftryggingu, en aðrir sjómenn eru ekki sérstaklega tryggðir vegna starfa sinna umfram slysatryggingu almannatrygginganna.

Frumvarp þetta er fram borið til þess að tryggja, að enginn sjómaður verði lægra tryggður en yfirmenn á skipum eru nú, enda er á allan hátt óviðeigandi og til vansæmdar, að ekki séu allir sjómenn jafnhátt tryggðir.

Í viðræðum samninganefnda sjómannasamtakanna og Landssambands íslenzkra útvegsmanna nú fyrir skemmstu báru fulltrúar sjómannasamtakanna fram kröfu um örorku- og dánarbætur sjómanna. Samkomulag náðist ekki um að taka ákvæði um slíkar bætur inn í kjarasamninga. En báðar samninganefndirnar undirrituðu yfirlýsingu þess efnis, að með tilliti til þeirra mikilvægu starfa, sem sjómannastéttin innir af höndum fyrir þjóðarheildina, og þeirrar áhættu, sem störfum hennar er samfara, sé nauðsynlegt að endurskoða þau ákvæði laga, er gilda um örorku- og dánarbætur sjómanna. Hétu báðar nefndirnar að vinna að breyttri löggjöf til að tryggja betur viðurkenningu á þessari sérstöðu sjómanna. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.

Ed. 358. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um lagagildi reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpi þessu um lagagildi reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands var vísað til sjávarútvegsnefndar þann 14. nóv. 1960, en málið var tekið til umræðu í nefndinni þann 30. jan. 1961, eða eftir tveggja og hálfs mánaðar bið.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. hennar (EggÞ, JÁ og SB) telur ekki tímabært að samþykkja frumvarpið, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 1956, var það eitt af yfirlýstum stefnumálum hennar að beita sér fyrir stækkun fiskveiðilandhelginnar. Þá stóð fyrir dyrum sjóréttarráðstefnan í Genf, og varð að ráði að bíða með ákvörðun í málinu, þar til séð yrði, hver árangur yrði af henni. Ráðstefnunni lauk án árangurs. Þegar svo var komið, hóf ríkisstjórnin að undirbúa málið. Taldi hún rétt að hafa samráð

við stjórnarandstöðuna, þ. e. Sjálfstæðisflokkinn, um lausn málsins til þess að tryggja sem bezt samstöðu þjóðarinnar í þessu mikla hagsmunamáli hennar. Féllst Sjálfstæðisflokkurinn á að taka þátt í undirbúningi málsins og tilnefndi mann í nefnd, er ríkisstjórnin skipaði í þessu skyni.

Þegar endanleg ákvörðun í málinu var tekin vorið 1958 og ákveðið var að stækka fiskveiðilandhelgina út að 12 mílna mörkum, vildi fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni ekki eiga hlut að þeirri ákvörðun. Það voru því stjórnarflokkarnir þrír, er ákváðu stækkun fiskveiðilandhelginnar 1958.

Þegar landhelgisreglugerðin tók gildi þann 1. sept. sama ár, kom það brátt í ljós, að hér hafði ríkisstjórnin farið að vilja þjóðarinnar. Andstaða við stækkun fiskveiðilandhelginnar lét hvergi á sér bæra. Eftir að ríkisstjórn Breta sendi herskip sín inn í fiskveiðilandhelgi Íslendinga til að vernda þar veiðiþjófnað brezkra togara, en fiskiskip annarra þjóða hurfu á brott, efldist enn samstaða Íslendinga við það að verða fyrir hinu erlenda ofbeldi.

Þann 5. maí 1959, þegar hernaðaraðgerðir Breta í íslenzkri fiskveiðilandhelgi höfðu staðið um átta mánaða skeið, var borin fram á Alþingi till. til þál. í landhelgismálinu og samþykkt með atkvæðum allra viðstaddra þingmanna. Var tillagan svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Bretar héldu áfram að stunda veiðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi undir herskipavernd, en með lélegum árangri og miklum tilkostnaði. Hins vegar hafði stækkun fiskveiðilandhelginnar fært Íslendingum þá friðun fiskimiðanna að langmestu leyti, sem til var ætlazt með landhelgisreglugerðinni. Reynslan færði Bretum heim sanninn um það, að fiskistyrjöld við Íslendinga mundi seint færa þeim sigur, þótt liðsmunur væri mikill, en verða þeim hins vegar til vaxandi ámælis meðal bandalagsþjóða.

Eini möguleikinn til ávinnings fyrir Breta í þessu máli virtist því vera sá að vinna íslenzka valdhafa til nokkurs undanhalds í landhelgismálinu til þess að bjarga einhverju af því, er Bretar töldu sér annars tapað að fullu. Það, sem ekki tókst að vinna með herskipum, kynni að mega vinna með blíðmælum.

Skammt var liðið frá myndun núverandi ríkisstjórnar, þegar brezk blöð tóku óspart að láta í ljós þær vonir sínar, að takast mætti að ná samningum við íslenzk stjórnarvöld um afslátt í landhelgismálinu. Þótti mörgum Íslendingnum, að slíkar vonir hefðu við lítið að styðjast, eftir það, sem á undan var gengið, og væru auk þess í litlu samræmi við yfirlýsingu Alþingis frá 5. maí árið áður, en þar var skýrum stöfum sagt, að minni landhelgi en 12 mílur kæmi ekki til mála. En fregnir héldu áfram að berast frá Bretlandi um hugsanlega samninga við Íslendinga í landhelgismálinu og fóru að vekja ugg hér heima.

Eftir heimkomu utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra frá Tyrklandi í júlímánuði síðastliðið sumar, að lokinni síðari Genfarráðstefnu, óskuðu fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins í utanríkismálanefnd, að fundur yrði haldinn í nefndinni, þar sem gerð yrði grein fyrir, hvað gerzt hefði í landhelgismálinu. Á þeim fundi lýsti utanríkismálaráðherra því yfir, að ekkert hefði gerzt í málinu og að ekkert yrði gert í því af hálfu ríkisstjórnarinnar án samráðs við utanríkismálanefnd.

En á skammri stund skipast veður í lofti.

Þann 10. ágúst síðastliðinn boðaði ríkisstjórnin fund í utanríkismálanefnd. Ekki var þó fundarefnið það að hafa samráð við nefndina um landhelgismálið. Fundarefnið var þvert á móti það, að ríkisstjórnin tilkynnti nefndinni, að hún hefði orðið við þeirri ósk Breta að hefja með þeim viðræður um landhelgismálið. Fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins í nefndinni lýstu andstöðu sinni gegn þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ganga til samninga við Breta um landhelgina.

Um leið og fregn þessi barst út um landið, vakti hún hvarvetna undrun manna og reiði. Mótmælaalda reis um land allt, og samþykktum félagssamtaka, stofnana og almennra funda, þar sem harðlega var mótmælt samningum við Breta, rigndi yfir ríkisstjórnina og Alþingi næstu vikur og mánuði, og heldur svo áfram enn.

Hvað var nú orðið af þeim einhug í landhelgismálinu, er núverandi stjórnarflokkum varð svo tíðrætt um í síðustu alþingiskosningum?

Hvar var nú samstaðan, sem allir flokkar á Alþingi lýstu yfir með samþykkt sinni á þingsályktunartillögunni 5. maí 1959?

Hvað varð um fyrirheit utanríkisráðherrans frá því í júlí í fyrra, að ekkert skyldi gert í landhelgismálinu af hálfu ríkisstjórnarinnar nema í samráði við utanríkismálanefnd?

Og hvað var nú orðið af þeirri venju, sem allar fyrrverandi ríkisstjórnir hafa í heiðri haft við stækkun fiskveiðilandhelginnar, 1950, 1952 og 1958, að hafa samráð við stjórnarandstöðuna eins og sína stuðningsflokka í þessu mikilsverða máli þjóðarinnar?

Teningunum var kastað. Íslenzka ríkisstjórnin hafði ákveðið að ganga til samninga um íslenzka fiskveiðilandhelgi við þá einu þjóð, er beitti Íslendinga hernaðarlegu ofbeldi. Einlægur vilji þjóðarinnar til þess að standa saman í órofa fylkingu í þessu mikilsverða máli var nú lítils virtur. Flótti var brostinn í lið Íslendinga, og það voru foringjarnir, sem flýðu.

Á fyrsta fundi yfirstandandi Alþingis, þann 10. okt. síðastliðinn, bar formaður þingflokks framsóknarmanna fram þá fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar í sameinuðu þingi, hvað þá hefði gerzt í samningum ríkisstjórnarinnar við Breta í landhelgismálinu og hvort Alþingi yrði ekki látið fylgjast með, hvað gerðist í þeim samningum. Svör forsætisráðherra voru á þá leið, að ekkert væri frásagnarvert af viðræðum Breta og Íslendinga, en samráð yrðu höfð við Alþingi um málið. Við 1. umræðu þessa frumvarps höfðu þeir ráðherrar, er til máls tóku, sams konar ummæli, að samráð yrðu höfð við Alþingi. Liggja fyrir margítrekaðar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um þessi samráð, sem hún lofaði að hafa við þingið.

Nú er liðið um hálft ár, síðan ríkisstjórnin ákvað að eiga samningsviðræður við Breta um landhelgismálið. Brezk samninganefnd hefur dvalizt hér heima þessara erinda, og samningamenn ríkisstjórnarinnar hafa verið sendir til London til funda við Breta. Samt bólar ekkert á neinum samráðum ríkisstjórnarinnar við Alþingi um landhelgismálið, og enga greinargerð af neinu tagi er frá henni að hafa um málið. Það var því ekki að ófyrirsynju, að frumvarp var flutt um lagagildi landhelgisreglugerðarinnar.

Vilji ríkisstjórnin vera einráð um stærð íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, engin samráð hafa við Alþingi, en hafa hins vegar óbundnar hendur um samninga við Breta, þá er skiljanlegt, að hún kæri sig ekki um samþykkt þessa frumvarps. En meti ríkisstjórnin Alþingi meira en sjálfa sig í þessu máli, munu henni verða torfundin rök gegn því, að Alþingi beri öðrum fremur að dæma um stærð og fyrirkomulag íslenzkrar fiskveiðilandhelgi.

Ekki hefði það samt komið að sök, þótt fiskveiðilandhelgin hefði áfram verið ákveðin með reglugerð, ef fylgt hefði verið hefðbundinni venju að hafa samráð við Alþingi, eða alla flokka þingsins, um hvers konar breytingar á landhelginni. En um leið og brugðið er út af þessari venju og ríkisstjórnin ein hyggst ráða ráðum sínum í þessum efnum, er það orðin aðkallandi nauðsyn að setja lög um, að

ekkert verði gert í slíku stórmáli án vilja og vitundar Alþingis. Þess vegna er lögfesting þessa frumvarps þjóðarnauðsyn.

Alþingi, 13. febr. 1961.

Sigurvin Einarsson, frsm. Björn Jónsson.

Ed. 359. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til laga um héraðsfangelsi.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „beina“ í 1. mgr. komi: senda.
2. Við 2. gr. Í stað „Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir héraðsfangelsa“ í upphafi greinarinnar komi: Sveitarfélag leggur til á sinn kostnað lóð undir héraðsfangelsi.
3. Við 3. gr. Í stað „Beiðni sveitarfélaga“ í upphafi greinarinnar komi: Beiðni sveitarfélags.

Nd. 360. Lög [112. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

(Afgreidd frá Nd. 13. febr.)

Samhljóða þskj. 146.

Nd. 361. Breytingartillögur [100. mál]

við frv. til laga um fæðingarorlof.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „sem taka laun fyrir vinnu sína“ falli burt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við barnsfæðingu skal greiða hverri móður orlofsfé, sem nemur þrefaldri upphæð fæðingarstyrks samkvæmt 8. gr. laga nr. 13/1960, um breyting á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Útgjöldum þeim, sem lög þessi hafa í för með sér, skal skipt á þá aðila, sem bera útgjöld lífeyristrygginga, samkv. 2. efnismálsgr. 11. gr. laga nr. 13/1960, um breyting á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, og í sömu hlutföllum.

Sþ. 362. Tillaga til þingsályktunar [188. mál]

um alþingishús.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er vinni að því í samráði við ríkisstjórnina að gera tillögur um stækkun alþingishússins eða byggingu nýs þinghúss eftir því, hvort betur þykir leysa þörf Alþingis fyrir viðunandi húsnæði. Nefndin skal skila tillögum til Alþingis eigi síðar en haustið 1962.

Greinargerð.

Það er augljósara en svo, að ræða þurfi, að núverandi húsakynni Alþingis eru orðin með öllu óviðunandi. Slíkt er ekki heldur að undra, þar sem alþingishúsið er reist fyrir mörgum áratugum og þá ætlað miklu fámennari og áhrifaminni stofnun en Alþingi er nú. Miðað við aðrar aðstæður var þó alþingishúsið mjög vegleg bygging á þeim tíma og sýnir glöggt þá viðurkenningu og virðingu, sem menn vildu sýna Alþingi.

Talsvert hefur verið rætt um það seinustu árin, hvernig bezt yrði leyst úr húsnæðismálum Alþingis, svo að fullnægt yrði báðum þeim sjónarmiðum, að Alþingi væri sýndur sómi sem elztu og ráðamestu stofnun þjóðfélagsins og að þingmönnum væru búin viðunanleg starfsskilyrði. Nokkrir hafa bent á, að hugsanlegt væri að stækka svo alþingishúsið, að Alþingi geti haft þar áfram aðsetur sitt. Afstaða þeirra mun ekki sízt sprottin af því, að þeir telja alþingishúsið hafa unnið sér þá sögulegu helgi, að forðast beri brottflutning þingsins þaðan í lengstu lög. Aðrir telja, að húsnæðismál Alþingis verði ekki vel leyst, nema reist verði nýtt þinghús, er verði mikil bygging og glæsileg, sniðin í mót nýs tíma og miðuð við það, að Íslendingar eru nú sjálfstæð þjóð og vilja reisa Alþingi húsakynni í samræmi við það. Núverandi alþingishús mætti þó nýta áfram, svo að samrýmdist vel söguhelgi þess, t. d. sem aðsetur hæstaréttar.

Það er tilgangur þessarar tillögu, að þetta mál fái þá athugun, sem nauðsynleg er, og niðurstöður hennar leiddu til þess, að framkvæmdir gætu hafizt fyrr en síðar.

Ed. 363. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. febr. 1961.

Bjartmar Guðmundsson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason. Jón Þorsteinsson.

Nd. 364. Frumvarp til laga [189. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Hellu og Helludal í Breiðuvíkurhreppi.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu eyðijarðirnar Hellu og Helludal fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta eða um semst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oddviti hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps hefur með bréfi, dags. 30. jan. s. l., óskað þess, að ég flytti frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Hellu og Helludal til Breiðuvíkurhrepps. Oddviti hreppsnefndarinnar tilgreinir meðal annars í bréfi sínu eftirfarandi:

„Breiðvíkinga vantar tilfinnanlega sumarhaga fyrir sauðfé, og höfum við í huga að nota land þessara jarða sem beitiland fyrir sauðfé. Jarðirnar eru komnar í hina mestu niðurníðslu og eru orðnar sem hvert annað óræktað land. Búið er að rífa öll hús, sem á jörðunum voru, svo að ekki stendur þar steinn yfir steini".

Enn fremur segir oddviti: „Ég vil taka það fram, að Breiðuvíkurhreppur mun verða reiðubúinn til að láta jarðirnar til ábúðar, hvenær sem ábúandi býðst."

Ed. 365. Lög [186. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1961.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 356.

Nd. 366. Frumvarp til laga [29. mál]

um héraðsfangelsi.

(Eftir 3. umr. í Ed., 14. febr.)

1. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsyn á, að fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga sé reist í héraðinu, og skal hún þá senda til dómsmálaráðherra beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni.

Beiðninni skal fylgja skýrsla um nauðsynina. Ef ráðuneytið telur málaleitunina á rökum reista, skal það láta semja áætlun um kostnað og gera uppdrátt af húsinu.

2. gr.

Sveitarfélag leggur til á sinn kostnað lóð undir héraðsfangelsi, en annar stofnkostnaður greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög standa að sama héraðsfangelsi, skulu þau, ef ekki verður

samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára.

3. gr.

Beiðni sveitarfélags samkvæmt 1. gr. skal dómsmálaráðherra senda Alþingi, og ákveður það við afgreiðslu fjárlaga, hvort við henni skuli orðið.

Nú samþykkir Alþingi slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan þriggja ára, frá því er fyrsta framlag var innt af hendi.

4. gr.

Dómsmálaráðherra hefur þá íhlutun um byggingu héraðsfangelsa, sem nauðsynleg er til að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

5. gr.

Þarfnist héraðsfangelsi verulegra endurbóta eða viðauka, skal að öllu svo með fara sem segir í 1.—4. gr.

6. gr.

Nú telur dómsmálaráðherra þörf á stofnun héraðsfangelsis eða viðbót við eða endurbót á héraðsfangelsi, sem fyrir er, en sveitarstjórn hefur eigi hafizt handa um aðgerðir, eða hann telur áform hennar í þessum efnum ófullnægjandi, og skal hann þá leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um lausn málsins. Veiti Alþingi fé til framkvæmdanna, skal sveitarsjóði skylt að greiða sinn hluta kostnaðarins innan þriggja ára með jöfnum ársgreiðslum, ef eigi semst um annað.

7. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.

8. gr.

Rekstrarkostnaður héraðsfangelsa greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um rekstur héraðsfangelsa, eftir því sem þurfa þykir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29 1. febrúar 1936, um fangelsi.

Ed. 367. Frumvarp til laga [190. mál]

um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Jón Árnason, Kjartan J. Jóhannsson, Eggert G. Þorsteinsson.

1. gr.

Síldarútvegsnefnd skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara. Sameinað Alþingi kýs 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Íslands einn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi einn og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi einn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Kosningin

gildir til þriggja ára. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar formann úr hópi þingkjörinnar nefndarmanna til eins árs í senn, en nefndin kýs sér varaformann og ritara.

Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu dveljast á Siglufirði eða nálægum stöðum um síldveiðitímann á sumrin, en í Reykjavík eða nálægum stöðum, á meðan síldveiðin stendur yfir á öðrum tímum árs við Vestur- og Suðurland.

Nú vanrækir aðili að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Skrifstofur nefndarinnar skulu vera á Siglufirði og í Reykjavík, og getur nefndin ráðið tvo framkvæmdastjóra til að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau af tekjum síldarútvegsnefndar.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd hefur með höndum úthlutun útflutningsleyfa, síldarsöltunarleyfa og löggildir söltunarstöðvar. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á síld með ýmsum verkunaraðferðum, eftir því sem þurfa þykir. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútvegsins.

Til þess að standast kostnað af störfum nefndarinar getur síldarútvegsnefnd ákveðið, með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð allt að 2% — tveim af hundraði — af andvirði seldrar síldar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins. Nú verður sjóður þessi svo mikill, að öruggt þyki, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið, að fengnu samþykki ráðherra, að endurgreiða úr honum til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmagn seldrar síldar.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af íslenzkum skipum, verkuð hér á landi eða lögð á land verkuð, nema með leyfi síldarútvegsnefndar. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur, þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir smásendingum af millisíld.

Ákvæði þessarar greinar ná þó eigi til ísaðrar, frystrar eða niðursoðinnar síldar og ekki heldur til síldar, sem lögð er niður í dósir (konservesíld) eða önnur ílát, sem innihalda allt að 5 kg af síld.

4. gr.

Síldarútvegsnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að vera skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag síldarframleiðenda, opið öllum síldarframleiðendum, enda ráði umsækjandi yfir því lágmarksmagni síldar, er nefndin ákveður.

Nú hefur sölusamlag saltsíldarframleiðenda eða samvinnufélag umráð yfir 75% af saltsíldarframleiðslu landsmanna, eða sama hundraðshluta af saltsíld, sem verkuð er með sérstakri verkunaraðferð, og getur síldarútvegsnefnd þá ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháan eða hærri hundraðshluta af saltsíldarframleiðslunni eða þeirri sérverkuðu síld, er það hefur umráð yfir, enda sé þá æðsta vald í félagsmálum hjá félagsfundum og atkvæðisréttur félagsmanna miðist eigi nema að nokkru leyti við síldarmagn, svo að enginn þeirra geti farið með meira en 1/20 af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra á fundum þess.

5. gr.

Þeir, sem samkvæmt 4. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á saltsíld, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að útflytjendur saltsíldar skuli skyldir að taka síld til sölu af framleiðendum gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðshæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir framleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning saltsíldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt, að dómi síldarútvegsnefndar, til þess að tryggja gæði síldar eða sölu á saltsíldarframleiðslu landsmanna að takmarka söltun, og er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og að takmarka eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma.

8. gr.

Síldarútvegsnefnd úthlutar söltunarleyfum til saltenda. Síldarútvegsnefnd getur sett þau skilyrði, er hún telur þurfa til þess að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar. Til söltunar fyrir innanlandsmarkað þarf leyfi síldarútvegsnefndar.

Nú hefur söltunarleyfi verið úthlutað, en leyfishafi uppfyllir eigi sett skilyrði eða hlítir eigi þeim fyrirmælum síldarútvegsnefndar, sem sett hafa verið um verkun og söltun síldarinnar, og getur þá nefndin fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfinu.

Heimilt er síldarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð síldarinnar um borð í skipunum og við löndun síldarinnar. Sé settum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi aðila rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma.

Allir síldarsaltendur skulu samkvæmt ákvörðun nefndarinnar sækja árlega um söltunarleyfi fyrir ákveðinn tíma. Allir saltsíldarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að síldarsöltuninni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrirmælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við framleiðendur. Skýrslur um framleiðslumagn skal senda nefndinni daglega.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver síldareigandi beri ábyrgð á gæðum sinnar síldar, ákvæði um jafnaðarverð á síld sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

10. gr.

Brjóti löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur síldarútvegsnefnd svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

11. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og síldarútvegsnefnd með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á síld, og getur ríkisstjórnin þá með samþykki síldarútvegsnefndar, ef félag síldarframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 3. málsgr. 4. gr., æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja síld til útlanda, enda séu þá framkvæmdastjórar tveir og tilnefni síldarútvegsnefnd annan þeirra.

Sé slíkur félagsskapur saltsíldarframleiðenda eigi til eða síldarútvegsnefnd mælir eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur, getur ríkisstjórnin falið síldarútvegsnefnd einkasölu á síld til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá síldarútvegsnefnd tvo framkvæmdastjóra til þess að annast síldarsöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðhera gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdastjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé síldarútvegsnefnd falin einkasala á síld, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölunnar.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála og varða sektum, allt að 200 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið eru úr gildi numin lög nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð þeirra manna, sem nú skipa síldarútvegsnefnd.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem felur í sér nokkrar breytingar á skipun síldarútvegsnefndar, miðar m. a. að því að tryggja síldarsaltendum aðild að nefndinni, en það hafa þeir ekki, eins og lögin kveða á um skipun nefndarinnar nú. — Þá er í frumvarpi þessu um nokkrar aðrar breytingar að ræða, sem telja verður rétt að gerðar séu, en þær eru um atriði í lögunum, sem löngu eru úrelt og samrýmast ekki framkvæmd þeirra.

Svo sem kunnugt er, eru nú starfandi sölusamtök framleiðenda um sölu í flestum greinum sjávarútflutningsframleiðslunnar nema um sölu saltsíldar, en sá vöruflokkur hefur um alllangan tíma verið í höndum síldarútvegsnefndar. Með því fyrirkomulagi, sem nú er um skipun nefndarmanna, er það hending ein, sem ræður því, hvort nokkur síldarsaltandi á sæti í nefndinni. Það verður að teljast óeðlilegt, að framleiðendur, sem eiga ef til vill mest undir framkvæmd nefndarinnar komið, hafi ekki aðstöðu til þess að taka virkan þátt í sölumeðferðinni og gæta hagsmuna sinna.

Félög síldarsaltenda eru nú tvö starfandi í landinu: Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Bæði félögin, ásamt Fiskifélagi Íslands, hafa einróma samþykkt að óska eftir því, að sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld o. fl., komi sem fyrst til framkvæmda.

Sþ. 368. Fyrirspurnir. [191. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um undirbúning að byggingu og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur samkvæmt lögum nr. 20 16. apríl 1955?
2. Hve margar íslenzkar stúlkur hafa verið sendar á erlend vistheimili síðan 1956, og hve margar dveljast þar nú?
3. Eru til nokkrar skýrslur um það, hve margar stúlkur þurfa heimilisvist, og ef svo er, þá hverjar?
4. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að framkvæma fyrrnefnd lög frá 1955?

II. Til ríkisstjórnarinnar um niðurgreiðslu á vöruverði.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Hvaða vörutegundir voru greiddar niður, og hve miklu nam niðurgreiðslan á hverri vörutegund á s. l. ári miðað við kg eða lítra?
2. Hvað er áætlað, að niðurgreiðsla á hverri vörutegund nemi miklu samtals á yfirstandandi ári?

Sþ. 369. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði.

Flm.: Daníel Ágústínusson, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram borun eftir heitu vatni að Leirá í Borgarfirði, svo fljótt sem auðið er, í þeim tilgangi, að orkulindir þær, sem þar kunna að vera, verði hagnýttar til hitaveitu fyrir Akranes.

Greinargerð.

Snemma á þessari öld var byggð sundlaug við heita uppsprettu að Leirá í Leirársveit og endurbyggð fyrir nokkrum árum. Frá ómunatíð hafa verið heitar uppsprettur í óskiptu beitilandi Leirár og Hávarðsstaða í Leirársveit, og er þeirra getið í ýmsum fornum ritum. Eftir því sem elztu menn muna, hefur vatnsmagnið verið jafnt og stöðugt, eða 2/3 sekl. af 60° heitu vatni. Að tilhlutun landeigenda og Akraneskaupstaðar athugaði Gunnar Böðvarsson jarðhitasvæðið að Leirá haustið 1957. Taldi hann öll einkenni benda til þess, að vænta mætti nokkurs vatnsmagns, ef borað væri. Að beiðni nefndar þeirrar, sem undirbýr byggingu heimavistarbarnaskóla fyrir sveitahreppana í Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar, hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps og Akraneskaupstaðar var hafizt handa um jarðborun seint á árinu 1959. Var verkið unnið af jarðborunardeild raforkumálaskrifstofunnar, en greitt af fyrrnefndum þremur aðilum. Borunin gekk ágætlega, og var farið niður í 133 m dýpi. Þegar hætt var í febr. 1960, var rennslið orðið 7—8

sekl. af 80° heitu vatni. Síðan hefur vatnsrennsli þetta haldizt og einnig hitastig þess. Var þetta talinn mjög góður árangur, miðað við þann litla og ófullkomna bor, sem notaður var. Með borun þessari er tryggt nægilegt vatn fyrir heimavistarbarnaskóla að Leirá, félagsheimili og nauðsynlegar byggingar í tengslum við skólann og nokkur afgangur.

Það, sem næst ber að rannsaka, er það, hvort að Leirá er nægilegt vatn fyrir hitaveitu til Akraness og enn fremur þeirra sveitabýla, sem á þeirri leið eru. Af sérfræðingum er talið, að grundvöllur fyrir hitaveitu sé fenginn með 55 sekl. vatns fyrir Akranes og væntanlegt skólahverfi að Leirá. Vegalengdin til Akraness er 18—19 km. Þegar íbúar Akraness — sem nú eru tæplega 4000 — eru orðnir 5000, er að dómi sérfróðra manna fenginn fjárhagsgrundvöllur fyrir byggingu og rekstur hitaveitu, enda þótt fjarlægðin sé slík sem hér er um að ræða. Jafnframt er talið, að ca. 50 sekl. af 80° heitu vatni fullnægi notkun 5000 íbúa. Er mjög líklegt, að þeirri íbúatölu verði náð, þegar þetta mikla hagsmunamál Akraness yrði komið í framkvæmd, ef allt gengur að óskum. Akranes er vaxandi bær með fjölbreytt atvinnulíf og mikla framtíðarmöguleika til lands og sjávar.

Hitaveitur hafa alls staðar reynzt hin mestu þjóðþrifafyrirtæki, hvar sem þeim hefur verið komið á. Nægir í því sambandi að benda á Reykjavík, Sauðárkrók, Ólafsfjörð og Selfoss. Hitaveiturnar hafa orðið fjárhagslega sterk fyrirtæki, skapað margvísleg þægindi og þrifnað, auk gjaldeyrissparnaðar fyrir þjóðarbúið. Sú mundi einnig verða raunin á Akranesi, en þar munu nú greiddar árlega 6 millj. kr. fyrir olíu til upphitunar.

Rannsókn á jarðhitasvæðinu er kostnaðarsöm. Meðan ekki er sýnt, hvort til framkvæmda kemur, er erfitt fyrir bæjarfélagið að standa eitt undir þeim kostnaði, sem af rannsókninni leiðir. Það er því nauðsynlegt, að ríkið hafi forustu um þá rannsókn, sem hér er nauðsynleg, enda hefur það nú á að skipa tveimur stórvirkum jarðborum. Eigendur landsins hafa fúslega veitt leyfi til þess, að umrædd rannsókn á landinu fari fram, en endurgjald til þeirra fyrir hagnýtingu orkunnar, ef til framkvæmda kemur, yrði aftur á móti að verða metið af þar til kvöddum óvilhöllum mönnum.

Með samþykkt þingsályktunartillögu þessarar væri hitaveitumáli Akraness veitt mikilsvert brautargengi.

Ed. 370. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hellnahól í Rangárvallasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. febr. 1961.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ó. Ólafsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.

Páll Þorsteinsson. Jón Þorsteinsson.

Sþ. 371. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framkvæma niðurgreiðslu á korni ræktuðu hér á landi til jafns við niðurgreiðslu á innfluttu korni.

Greinargerð.

Kornrækt er nú tekin að ryðja sér til rúms hér innanlands, og má ætla, að sú þróun haldi áfram á komandi árum, ef kornræktinni eru búin eðlileg skilyrði til vaxtar.

Eins og málum er nú háttað um verðlag á kornvörum, verður ekki séð, að veruleg aukning geti orðið í þessari búgrein, þótt vaxtarmöguleikar hennar að öðru leyti væru hinir beztu.

Því er sem sagt þannig háttað nú, að korn, sem flutt er inn frá útlöndum, fær sérstakar niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Þær greiðslur nema 18.61% af fob.-verði vörunnar.

Erlent korn er því selt hér sem þessu nemur undir eðlilegu verði. Innlenda kornframleiðslan nýtur hins vegar engrar slíkrar niðurgreiðslu og á því í vök að verjast í samkeppninni við hið erlenda og niðurgreidda korn.

Meðan niðurgreiðsla er aðeins látin ná til innflutta kornsins, verkar hún því eins og verndartollur á útlendu vöruna gegn hinni innlendu.

Það er augljóst mál, að í alla staði er óeðlilegt, að þannig sé að farið til að þröngva kosti íslenzkrar búgreinar, sem allir eru sammála um, að æskilegt væri, að ætti sér mikla framtíð.

Eðlilegt hefði verið, að ríkisstjórnin hefði þegar bætt úr þessu misræmi með því að ákveða sömu verðbótagreiðslu á hið íslenzka korn og nemur niðurgreiðslunum á aðflutta kornið. En þetta hefur ekki verið gert, og því er hér lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að framkvæma þessa sanngjörnu leiðréttingu á verðbótakerfi sínu.

Ed. 372. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við fyrirsögn í fyrsta kafla, B. Meðlimir sveitarfélaga. Fyrirsögnin verði: Þegnar sveitarfélaga.
2. Við 10. gr. Í stað „meðlima“ í B-lið komi: þegna.
3. Við 15. gr. 2. mgr. Í stað „Bæjarstjórnir og hreppsnefndir“ komi: Bæjarstjórnir svo og hreppsnefndir.
4. Við 19. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa í sveitarfélaginu.
5. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra í sveitarstjórn.
6. Við 31. gr. Í stað „1/10“ í 1. málslið komi: 1/4.

7. Við 40. gr.
   a. Fyrir „íbúatölu“ í 1. mgr. komi: íbúaskrá.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Auk launa þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða oddvita innheimtulaun, 4% af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, sem honum ber að innheimta hjá gjaldendum hreppsins.
8. Við 44. gr. Í stað „samkvæmt 39. gr.“ komi: samkvæmt 40. gr.
9. Við 54. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ársreikningar hreppanna skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert og ársreikningar kaupstaða fyrir lok maímánaðar.
10. Við 57. gr. Úr 1. mgr. falli niður orðin: „31. maí ár hvert, en í Reykjavík eigi síðar en“.

Ed. 373. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 29. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Kæra má kosningu sýslunefndarmanns skriflega innan 14. daga, og sker sýslunefnd úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðuneytisins, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Hér er ekki um nýmæli að ræða. Ákvæði þetta er í 34. gr. laganna. Í sambandi við setningu nýrra sveitarstjórnarlaga er 34. gr. ásamt fleiri greinum á undan og eftir felld úr gildi, en ákvæði það, sem hér er um að ræða, er nauðsynlegt. Betur virðist fara á því að sameina ákvæði þetta öðrum ákvæðum laganna um kosningakærur, en þau ákvæði eru í 29. gr. laganna.

Þarfnast ekki nánari skýringar.

Sþ. 374. Þingsályktun [65. mál]

um umferðaröryggi á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður.

(Afgreidd frá Sþ. 15. febr.)

Samhljóða þskj. 71.

Sþ. 375. Þingsályktun [75. mál]

um tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum.

(Afgreidd frá Sþ. 15. febr.)

Samhljóða þskj. 82.

Sþ. 376. Þingsályktun [90. mál]

um skipulagningu fiskveiða með netjum.

(Afgreidd frá Sþ. 15. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu reglna um takmörkun á veiðitíma, veiðarfæranotkun og veiðisvæðum þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Við þann undirbúning verði haft samráð við fiskmatsráð, Fiskifélag Íslands, fiskideild atvinnudeildar háskólans og samtök útvegsmanna og sjómanna.

Ef í ljós kemur, að lagasetningar þurfi um þetta efni, verði frumvarp þar að lútandi lagt fyrir Alþingi.

Sþ. 377. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um hagnýtingu skelfisks.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Jónas G. Rafnar, Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans rannsókn á skelfisksmagni við strendur landsins. Jafnframt verði athugaðir möguleikar á hagnýtingu skelfisks til útflutnings og atvinnuaukningar í landinu.

Greinargerð.

Meðal flestra þjóða eru ýmsar tegundir skelfisks meðal dýrustu og lystilegustu matvæla. Er því víða lögð mikil áherzla á öflun þeirra og sölu.

Hér á landi hefur lítið verið gert að hagnýtingu skelfisks. Er þó víða ógrynni af t. d. kúfiski og kræklingi á fjörum og við strendur landsins. Fyrir nokkrum árum er þó hafin veiði og hagnýting rækju og humars. Greinir menn ekki á um, að þessir skelfiskar séu hin ágætasta fæða. Hefur þjóðin þegar verulegar gjaldeyristekjur af útflutningi þeirra. Voru árið 1959 fluttar út rækjur og humar fyrir 24.6 millj. kr. Árið 1960 nam útflutningsverðmæti þessara afurða 47.2 millj. kr. Er vafalaust hægt að auka þessar tekjur verulega, þegar ný mið hafa fundizt víðar við landið.

En í þessum efnum þarf að gera meira. Kræklingur og kúfiskur geta einnig orðið verðmæt útflutningsvara, ef rétt er á haldið. Flm. þessarar tillögu leggja því til, að rannsókn verði látin fram fara á magni þessara skelfiskstegunda og e. t. v. fleiri við strendur landsins og möguleikum á hagnýtingu þeirra til útflutnings. Virðist eðlilegt, að samráð verði haft við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans um þá rannsókn.

Brýna nauðsyn ber til þess, að við Íslendingar gerum okkur ljóst, að atvinnulíf okkar og framleiðsla þarf að verða fjölbreyttari en nú er. Fleiri stoðir þurfa að renna undir efnahagsgrundvöll þjóðfélags okkar. Öll náttúruauðæfi landsins verður að hagnýta. Við höfum ekki efni á því að láta t. d. skelfiskstegundir, sem aðrar þjóðir telja verðmæta vöru, liggja óhagnýttar í hrúgum á fjörum lands okkar. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Niðursuðuiðnaðinn verður að efla að miklum mun. Að því mun í senn verða mikil atvinnuaukning víðs vegar um landið og útflutningsafurðir landsmanna

verða verðmætari og fjölbreyttari. Það er einmitt slík aukning framleiðslunnar, sem ein er þess megnug að skapa þjóðinni raunhæfar kjarabætur og leggja traustan grundvöll að framförum og uppbyggingu innan hins íslenzka þjóðfélags.

Ed. 378. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir nr. 11 í 77. kafla tollskrár komi svofelld athugasemd:

Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af sýningarvélum fyrir kvikmyndir, sem fluttar eru inn af félagsheimilum í sveitum eða kauptúnum með 500 íbúa eða færri, þó ekki nema af einni vél á hvern stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta flutti ég á síðasta þingi og fylgdi því svofelld greinargerð:

Lögin um félagsheimili eru 13 ára. Áhrif þeirra eru þegar orðin mjög mikil, og sjást þess greinilega merki í flestum héruðum landsins. Glæsileg samkomuhús hafa risið upp og leyst af hólmi gömlu samkomuhúsin, sem mörg voru frá fyrstu árum ungmennafélaganna. Lögin marka því tímamót í þessum málum. Ríflegur stuðningur félagsheimilasjóðs — 40% — við byggingarnar hefur leyst úr læðingi mikil framlög, áhuga og fórnarlund um land allt fyrir byggingu félagsheimilanna. Með þeim er skapaður betri grundvöllur fyrir félags- og skemmtanalífið en áður þekktist.

Kvikmyndasýningar fara þó enn fram hjá flestum félagsheimilunum, enda þótt hér sé um að ræða skemmtun, sem fólk sækir almennt einna mest og er einhver hin ódýrasta, sem völ er á. Að vísu munu sums staðar til 16 m/m sýningarvélar, en þær 16 m/m kvikmyndir, sem hér eru til, eru næsta einhæfar, einkum fræðslumyndir og áróðursmyndir frá erlendum sendiráðum.

Í kaupstöðum landsins, 14 að tölu, eru alls staðar kvikmyndahús — eitt eða fleiri. Þau eru ýmist í einkaeign eða rekin af opinberum aðilum eða félögum. Íbúafjöldi þessara kaupstaða er 112 839 samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 1. des. 1958. Í þeim er því alls staðar greiður aðgangur að kvikmyndahúsum.

Í 62 kauptúnum landsins eru 35 m/m kvikmyndavélar í 18 þeirra, einkum þeim stærstu. Íbúafjöldinn er 24 079, og mun helmingur þeirra búa í umræddum 18 kauptúnum.

Í 152 sveitarfélögum, þar sem eigi eru nein kauptún, eru hvergi 35 m/m kvikmyndavélar. Íbúafjöldi þeirra er 33 238.

Af íbúum landsins búa því 33 þús. í sveitum og 12 þús. í kauptúnum, eða alls 45 þús., sem ekki hafa aðstöðu til að njóta venjulegra kvikmynda í heimabyggð sinni. Þetta eru rúmlega 26% þjóðarinnar.

Ýmsir munu segja, að 16 m/m kvikmyndir geti þarna bætt úr, en svo er ekki nema að sáralitlu leyti. Af kunnáttumönnum er upplýst, að 16 m/m útgáfur eru teknar af mörgum 35 m/m kvikmyndum, um leið og þær eru gerðar. Og af flestum kvikmyndum eru gerðar 16 m/m „kopíur“ eftir 4—5 ár. Kvikmyndahús, sem flytur inn 35 m/m kvikmynd, fær jafnframt sýningarrétt að 16 m/m myndinni í til-

tekinn árafjölda. Flytji kvikmyndahús inn báðar gerðirnar og leigi síðan 16 m/m myndirnar til sýningar í dreifbýlinu, þar sem einungis eru til 16 m/m sýningarvélar, þá bætist við greiðsla fyrir sýningarréttinn á 16 m/m myndunum. Þetta þýddi allmiklu meiri gjaldeyriseyðslu en ef alls staðar væri hægt að nota 35 m/m kvikmyndir.

Á 35 m/m kvikmyndavélar er hægt að kaupa linsur, svo að þær geti sýnt „cinemascope" myndir, sem nú tíðkast mjög.

Kvikmyndavél fyrir 35 m/m myndir kostar nú með sýningartjaldi og öðrum nauðsynlegum útbúnaði um £ 1 003-7-10 eða í ísl. kr. 107 423.00 í innkaupi. Samkvæmt útreikningi tollstjóraskrifstofunnar í Reykjavík eru aðflutningsgjöldin kr. 174 991.00 og sundurliðast þannig:

1.	Verðtollur 90%	kr.	96 681.00
2.	Tollstöðvagjald o. fl.	—	1 934.00
3.	Söluskattur 16.5%	—	33 677.00
4.	Innflutningsgjald 16.5%	—	33 677.00
5.	Söluskattur 3.3%	—	9 022.00
		Alls kr.	**174 991.00**

Kaupverð vélanna, eftir að þær hafa komizt í gegnum tollinn, verður þá kr. 282 414.00. Það er augljóst mál, að fámenn byggðarlög rísa ekki undir kaupum á svo dýrum sýningarvélum.

Kvikmyndasýningar geta aldrei orðið arðvænlegar í fámenninu, en kvikmyndir eiga samt sem áður jafnbrýnt erindi þangað og í fjölmennið. Með frumvarpi þessu er því lagt til að auðvelda 1/4 hluta þjóðarinnar að veita sér þá skemmtun og fræðslu, sem kvikmyndir búa yfir. Svo að undanþágan verði ekki misnotuð, er gert ráð fyrir, að hún sé bundin við eina sýningarvél handa hverju félagsheimili.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ekki skapað neitt nýtt fordæmi, sem hættulegt gæti talizt. Í lögum um tollskrá er að finna heimild til undanþágu fyrir hljóðfæri í skóla, kirkjuhljóðfæri, hljómplötur með verkum eftir íslenzka höfunda og sitt hvað fleira. Það virðist því vera sanngjarnt, að þessum þætti sé bætt við, ef það gæti orðið til þess, að kvikmyndir næðu til allrar þjóðarinnar. Fyrir ríkissjóð verður undanþága þessi ekkert tap, því að engar líkur benda til þess, að byggðarlög þau, sem gert er ráð fyrir að undanþágan nái til, hafi minnstu möguleika til að eignast sýningarvélar þessar við því verði, sem þær nú kosta, og tekjur af rekstri þeirra yrðu alltaf sáralitlar í fámennum byggðarlögum.

Ég hef rætt mál þetta mjög ýtarlega við Þorstein Einarsson íþróttafulltrúa, sem þekkir öllum öðrum betur rekstur félagsheimilanna og ástæður þess fólks, sem þau hefur byggt. Hann telur það mjög auka gildi félagsheimilanna, ef skilyrði væru þar til sýningar á venjulegum kvikmyndum, auk þess sem þúsundir manna fengju með því viðunandi aðstöðu til að njóta þessa merka menningartækis á borð við aðra þegna þjóðfélagsins. Frumvarp þetta er tilraun til að jafna þarna metin að nokkru.

Ed. 379. Breytingartillaga [71. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Daníel Ágústínussyni og Jóni Árnasyni.

Á undan 1. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Á eftir B. 10 komi nýr liður:

Svarfhólsvegur: Af Leirársveitarvegi um Hurðarbaksmel að Svarfhóli.

Nd. 380. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. febr. 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sig. Ingimundarson, fundaskr. Einar Olgeirson.
Skúli Guðmundsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 381. Frumvarp til laga [128. mál]

um þátttöku Íslands í Hinni alþjóðlegu framfarastofnun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. febr.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili að Hinni alþjóðlegu framfarastofnun (International Development Association).

2. gr.

Til þess að standast straum af framlögum Íslands til stofnunarinnar heimilast ríkisstjórninni að taka lán í Seðlabankanum, sem jafngildi 100.000 Bandaríkjadollurum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM HINA ALÞJÓÐLEGU FRAMFARASTOFNUN

Ríkisstjórnir þær, sem látið hafa undirrita samning þennan, telja, að gagnkvæmt samstarf um efnahagslegar framfarir, heilbrigð framþróun efnahagsmála í heiminum og jafnvægur vöxtur alþjóðlegra viðskipta muni leiða til samskipta landa í milli, er stuðlað geti að varðveizlu friðar og farsældar í heiminum,

að með því að flýta fyrir efnahagsþróun muni hægt að bæta lífskjör og efla efnahagslegar og félagslegar framfarir í löndum, sem skammt eru á veg komin, og

ARTICLES OF AGREEMENT OF THE INTERNATIONAL DEVELOPMENT ASSOCIATION

The Governments on whose behalf this Agreement is signed,
considering:

That mutual cooperation for constructive economic purposes, healthy development of the world economy and balanced growth of international trade foster international relationships conducive to the maintenance of peace and world prosperity;

That an acceleration of economic development which will promote higher standards of living and economic and social progress in the less-developed

sé þetta æskilegt ekki einungis landanna sjálfra vegna, heldur og í þágu alls mannkyns,

að auðveldara verði að ná slíku takmarki með því að auka straum fjármagns, bæði einkafjármagns og opinbers, landa í milli í því skyni að aðstoða við framkvæmdir til nýtingar auðlinda slíkra landa.

Fyrir því hafa þær orðið ásáttar um það, sem hér segir:

Upphafsgrein.

Hin alþjóðlega framfarastofnun (sem hér eftir nefnist „stofnunin") er stofnuð og ber að starfa í samræmi við ákvæði þau, sem hér greinir.

1. grein.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að stuðla að efnahagslegum framkvæmdum, auka framleiðni og bæta þar með lífskjör í löndum þeim, er skammt eru á veg komin og þátttakendur eru í stofnuninni, einkum með því að útvega fjármagn til þýðingarmikilla framkvæmda með kjörum, sem eru rýmri og íþyngja ekki greiðslujöfnuðinum jafnmikið og venjuleg lán, og stuðla á þann hátt að þeim markmiðum framkvæmda, sem Alþjóðabankinn til viðreisnar og framkvæmda (sem hér eftir nefnist „bankinn") stefnir að, svo og að auka við starfsemi hans.

Ber stofnuninni í öllum ákvörðunum að fara eftir ákvæðum þessarar greinar.

2. grein.

Þátttaka; stofnframlag.

1. málsgrein. Þátttaka.

a. Stofnendur skulu vera þeir aðilar bankans, sem greinir í viðbæti A við samning þennan og gerast aðilar fyrir dag þann eða á þeim degi, er greinir í 11. gr. 2. málsgrein c.

b. Þátttaka skal heimil öðrum aðilum bankans á þeim tímum og með þeim skilmálum, sem stofnunin ákveður.

countries is desirable not only in the interests of those countries but also in the interests of the international community as a whole;

That achievement of these objectives would be facilitated by an increase in the international flow of capital, public and private, to assist in the development of the resources of the less-developed countries,

do hereby agree as follows:

Introductory Article.

The International Development Association (hereinafter called „the Association") is established and shall operate in accordance with the following provisions:

Article I

Purposes.

The purposes of the Association are to promote economic development, increase productivity and thus raise standards of living in the less-developed areas of the world included within the Association's membership, in particular by providing finance to meet their important developmental requirements on terms which are more flexible and bear less heavily on the balance of payments than those of conventional loans, thereby furthering the developmental objectives of the International Bank for Reconstruction and Development (hereinafter called „the Bank") and supplementing its activities.

The Association shall be guided in all its decisions by the provisions of this Article.

Article II

Membership; Initial Subscriptions.

Section 1. Membership.

(a) The original members of the Association shall be those members of the Bank listed in Schedule A hereto which, on or before the date specified in Article XI, Section 2 (c), accept membership in the Association.

(b) Membership shall be open to other members of the Bank at such times and in accordance with such terms as the Association may determine.

2. málsgrein. Stofnframlög.

a. Hverjum aðila ber, um leið og hann gengur í stofnunina, að leggja fram þá upphæð, sem honum er ætluð. Þessar upphæðir eru hér nefndar stofnframlög.

b. Stofnframlag það, sem hverjum stofnfélaga er ætlað, skal vera upphæð sú, er stendur við nafn hans í viðbæti A og er greind í Bandaríkjadollurum með þeim þunga og skírleika, er gilti 1. janúar 1960.

c. Tíu hundraðshluta stofnframlags sins ber félagsríkjum að leggja fram í gulli eða frjálsri mynt, svo sem hér greinir: Helming upphæðarinnar innan 30 daga, frá því að stofnunin tekur til starfa samkvæmt 11. gr. 4. málsgrein, eða á þeim degi, er stofnfélagi gerist meðlimur, hvort sem síðar verður, áttunda hluta ári eftir að stofnunin tekur til starfa og áttunda hluta á hverju ári þaðan í frá með árs millibili, unz fyrrgreindur tíundi hluti stofnframlagsins er að fullu greiddur.

d. Þá níu tíundu hluta framlagsins, sem eftir eru, ber þeim stofnfélögum, sem taldir eru í 1. hluta viðbætis A, að greiða í gulli eða frjálsum gjaldeyri, og þeim stofnfélögum, sem greindir eru í 2. hluta viðbætis A, í eigin gjaldeyri. Þessir níutíu hundraðshlutar hins ákveðna stofnframlags skulu greiðast með fjórum jöfnum árlegum innborgunum sem hér segir: Fyrsta innborgun innan 30 daga, frá því að stofnunin tekur til starfa samkvæmt 11. gr. 4. málsgrein, eða á þeim degi, sem stofnfélagi gerist meðlimur, hvort sem síðar verður, önnur innborgun ári eftir að stofnunin tók til starfa og síðari greiðslur þaðan í frá með árs millibili á hverju ári þar eftir, unz umræddur hluti stofnframlagsins er að fullu greiddur.

e. Í stað þess hluta í gjaldeyri félagsríkis, sem það leggur fram eða því ber að

Section 2. Initial Subscriptions.

(a) Upon accepting membership, each member shall subscribe funds in the amount assigned to it. Such subscriptions are herein referred to as initial subscriptions.

(b) The initial subscription assigned to each original member shall be in the amount set forth opposite its name in Schedule A, expressed in terms of United States dollars of the weight and fineness in effect on January 1, 1960.

(c) Ten percent of the initial subscription of each original member shall be payable in gold or freely convertible currency as follows: fifty percent within thirty days after the date on which the Association shall begin operations persuant to Article XI, Section 4, or on the date on which the original member becomes a member, whichever shall be later; twelve and one-half percent one year after the beginning of operations of the Association; and twelve and one-half percent each year thereafter at annual intervals until the ten percent portion of the initial subscription shall have been paid in full.

(d) The remaining ninety percent of the initial subscription of each original member shall be payable in gold or freely convertible currency in the case of members listed in Part I of Schedule A, and in the currency of the subscribing member in the case of members listed in Part II of Schedule A. This ninety percent portion of initial subscriptions of original members shall be payable in five equal annual instalments as follows: the first such instalment within thirty days after the date on which the Association shall begin operations pursuant to Article XI, Section 4, or on the date on which the original member becomes a member, whichever shall be later; the second instalment one year after the beginning of operations of the Association, and succeding instalments each year thereafter at annual intervals until the ninety percent portion of the initial subscription shall have been paid in full.

(e) The Association shall accept from any member, in place of any part of

leggja fram samkvæmt framangreindum d-lið eða samkvæmt 2. málsgrein 4. greinar, og stofnunin þarfnast ekki til starfsemi sinnar, skal hún taka við víxlum eða svipuðum skuldaviðurkenningum, sem ríkisstjórn félagsríkis gefur út eða geymslustofnun er hún tilnefnir, og eru slík bréf ekki seljanleg, bera ekki vexti og skulu greiðslukræf affallalaust, þegar þess verður krafizt, inn á reikning stofnunarinnar hjá þeirri geymslustofnun, sem tilgreind er.

f. Að því er samning þennan snertir ber stofnuninni að telja eftirtalin verðmæti til „frjáls gjaldeyris“:

1) Gjaldeyri félagsríkis, sem stofnunin telur að höfðu samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að sé á fullnægjandi hátt umbreytanlegur í gjaldeyri annarra félagsríkja til þarfa stofnunarinnar í starfsemi hennar, eða

2) gjaldeyri félagsríkis, sem það fellst á, með þeim skilmálum er stofnunin tekur gilda, að víxla í gjaldeyri annarra félagsríkja til notkunar í störfum stofnunarinnar.

g. Að svo miklu leyti sem stofnunin ákveður ekki annað, ber öllum aðiljum, sem taldir eru í 1. hluta viðbætis A, að hafa þann gjaldeyri sinn, sem þeir hafa innborgað samkvæmt ákvæðum d-liðs þessarar málsgreinar, jafn-víxlanlegan, og hann var, þegar greiðsla fór fram.

h. Stofnunin ákveður upphæð og greiðsluskilmála stofnframlaga annarra félagsríkja en stofnríkja samkvæmt b-lið 1. málsgreinar þessarar greinar.

3. málsgrein. Takmörkun ábyrgðar.

Ekkert félagsríki skal vegna þátttöku sinnar bera ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar.

3. grein.

Aukning fjármagns.

1. málsgrein. Viðbótarframlög.

a. Stofnunin skal, þegar þurfa þykir með tilliti til áætlunar um lúkningu stofn-

the member's currency paid in or payable by the member under the preceding subsection (d) or under Section 2 of Article IV and not needed by the Association in its operations, notes or similar obligations issued by the government of the member or the depository designated by such member, which shall be non-negotiable, non-interest-bearing and payable at their par value on demand to the account of the Association in the designated depository.

(f) For the purposes of this Agreement the Association shall regard as „freely convertible currency“:

(i) currency of a member which the Association determines, after consultation with the International Monetary Fund, is adequately convertible into the currencies of other members for the purposes of the Association's operations; or

(ii) currency of a member which such member agrees, on terms satisfactory to the Association, to exchange for the currencies of other members for the purposes of the Association's operations.

(g) Except as the Association may otherwise agree, each member listed in Part I of Schedule A shall maintain, in respect of its currency paid in by it as freely convertible currency pursuant to subsection (d) of this Section, the same convertibility as existed at the time of payment.

(h) The conditions on which the initial subscriptions of members other than original members may be made, and the amounts and the terms of payment thereof, shall be determined by the Association pursuant to Section 1 (b) of this Article.

Section 3. Limitation on Liability.

No member shall be liable, by reason of its membership, for obligations of the Association.

Article III

Additions to Resources.

Section 1. Additional Subcriptions.

(a) The Association shall at such time as it deems appropriate in the light

framlaga stofnríkja og með um það bil 5 ára millibili þaðan í frá, endurskoða, að hve miklu leyti fjármagn hennar er fullnægjandi. Ef henni þykir með þurfa, skal hún ákveða almenna aukningu á framlögum. Engu að síður má hvenær sem er ákveða aukningu á almennum framlögum eða framlögum einstakra meðlima, enda skal eigi auka einstök framlög, nema viðkomandi félagsríki óski þess. Framlög, sem hér greinir, skulu hér eftir nefnast viðbótarframlög.

b. Að höldnum ákvæðum c-liðs hér á eftir skal stofnunin ákveða bæði upphæð og greiðsluskilmála viðbótarframlaga, þegar ákveðið verður að innheimta þau.

c. Þegar viðbótarframlög hafa verið ákveðin, skal gefa hverju félagsríki kost á að leggja fram þá upphæð og með þeim skilmálum, sem stofnunin ákveður með sanngjörnum hætti, er gerir félagsríki fært að halda hlutfallslega atkvæðisrétti sínum, en eigi verður félagsríkið skyldað til slíks framlags.

d. Allar ákvarðanir samkvæmt þessari málsgrein skulu gerðar með tveimur þriðju hlutum atkvæðamagns.

2. málsgrein. Viðbótargreiðslur lagðar fram af félagsríki í gjaldeyri annars félagsríkis.

a. Heimilt er stofnuninni að gera samninga með þeim skilmálum, sem samrýmanlegir eru ákvæðum þessa samnings og samkomulag næst um, um að taka við upphæðum frá hverju félagsríki til viðbótar stofnframlagi eða viðbótarframlögum, viðbótargreiðslum í gjaldeyri annars félagsríkis, enda skal stofnunin eigi gera slíkan samning, nema ljóst sé, að félagsríki það, í hvers gjaldeyri greiðslan á að fara fram, fallist á, að gjaldeyrir þess verði notaður til viðbótargreiðslu, og með þeim skilmálum, er þar um gilda. Í samningum um móttöku slíkra greiðslna má hafa ákvæði um, hvernig fara skal með ágóða af slíkum greiðslum og hvernig fara ber að, ef ríki það, sem þær leggof the schedule for completion of payments on initial subscriptions of original members, and at intervals of approximately five years thereafter, review the adequacy of its resources and, if it deems desirable, shall authorize a general increase in subscriptions. Notwithstanding the foregoing, general or individual increases in subscriptions may be authorized at any time, provided that an individual increase shall be considered only at the request of the member involved. Subscriptions pursuant to this Section are herein referred to as additional subscriptions.

(b) Subject to the provisions of paragraph (c) below, when additional subscriptions are authorized, the amounts authorized for subscription and the terms and conditions relating thereto shall be as determined by the Association.

(c) When any additional subscription is authorized, each member shall be given an opportunity to subscribe, under such conditions as shall be reasonably determined by the Association, an amount which will enable it to maintain its relative voting power, but no member shall be obligated to subscribe.

(d) All decisions under this Section shall be made by a two-thirds majority of the total voting power.

Section 2. Supplementary Resources Provided by a Member in the Currency of Another Member.

(a) The Association may enter into arrangements, on such terms and conditions consistent with the provisions of this Agreement as may be agreed upon, to receive from any member, in addition to the amounts payable by such member on account of its initial or any additional subscription, supplementary resources in the currency of another member, provided that the Association shall not enter into any such arrangement unless the Association is satisfied that the member whose currency is involved agrees to the use of such currency as supplementary resources and to the terms and conditions governing such use. The arrangements under which any such resources

ur fram, hættir að vera félagsríki eða ef stofnunin hættir störfum.

b. Stofnuninni ber að afhenda því ríki, sem slíka greiðslu innir af hendi, sérstakt framfaraskírteini, þar sem greind er upphæð og gjaldmiðill þess fjármagns, sem fram er lagt, svo og gildandi ákvæði og skilmálar varðandi slíkt fjármagn. Slíku skírteini fylgir enginn atkvæðisréttur, og er það ekki framseljanlegt öðrum en stofnuninni.

c. Engin ákvæði þessarar málsgreinar skulu koma í veg fyrir, að stofnunin geti tekið við greiðslum frá félagsríki í þess eigin gjaldmiðli, eftir því sem um semst.

are received may include provisions regarding the disposition of earnings on the resources and regarding the disposition of the resources in the event that the member providing them ceases to be a member or the Association permanently suspends its operations.

(b) The Association shall deliver to the contributing member a Special Development Certificate setting forth the amount and currency of the resources so contributed and the terms and conditions of the arrangement relating to such resources. A Special Development Certificate shall not carry any voting rights and shall be transferable only to the Association.

(c) Nothing in this Section shall preclude the Association from accepting resources from a member in its own currency on such terms as may be agreed upon.

4. grein.

Gjaldmiðill.

1. málsgrein. Notkun gjaldmiðils.

a. Nú tekur stofnunin við gjaldmiðli félagsríkis, sem greint er í 2. hluta viðbætis A, hvort sem sá gjaldmiðill er frjáls eða ekki, samkvæmt ákvæðum 2. greinar 2. málsgreinar d til greiðslu á þeim níutíu hundraðshlutum framlags, sem samkvæmt henni eru gjaldkræfir í gjaldmiðli þess ríkis, og ber henni réttur til að nota þann gjaldmiðil, bæði höfuðstól, vexti og önnur gjöld, til greiðslu á rekstrarútgjöldum, sem hún kann að baka sér á landsvæði viðkomandi félagsríkis, einnig til greiðslu á vörum, sem framleiddar eru, og þjónustu, sem innt er af hendi á landsvæðum félagsríkis eða nauðsynlegar kunna að verða vegna áætlana, sem stofnunin kostar á slíkum landsvæðum, allt í samræmi við heilbrigða peningamálastefnu, og auk þess, þegar og að svo miklu leyti sem efnahags- og fjármálaaðstæður viðkomandi ríkis leyfa, skal slíkur gjaldmiðill samkvæmt samningi milli félagsríkisins og stofnunarinnar vera víxlanlegur með frjálsum hætti eða á annan hátt koma að gagni við framkvæmdir, sem stofnunin kostar utan landsvæða félagsríkisins.

Article IV

Currencies.

Section 1. Use of Currencies.

(a) Currency of any member listed in Part II of Schedule A, whether or not freely convertible, received by the Association pursuant to Article II, Section 2(d), in payment of the ninety percent portion payable thereunder in the currency of such member, and currency of such member derived therefrom as principal, interest or other charges, may be used by the Association for administrative expenses incurred by the Association in the territories of such member and, insofar as consistent with sound monetary policies, in payment for goods and services produced in the territories of such member and required for projects financed by the Association and located in such territories; and in addition when and to the extent justified by the economic and financial situation of the member concerned as determined by agreement between the member and the Association, such currency shall be freely convertible or otherwise usable for projects financed by the Association and located outside the territories of the member.

b. Að því er varðar nothæfi gjaldmiðils, sem stofnunin hefur tekið við til greiðslu á öðrum framlögum en stofnframlögum stofnfélaga, svo og gjaldmiðils, er af þeim stafar sem höfuðstóll, vextir eða önnur gjöld, skal fara eftir skilmálum þeim, sem settir voru, þegar slík framlög voru heimiluð.

c. Að því er varðar nothæfi gjaldmiðils, sem stofnunin hefur tekið við sem viðbótargreiðslum, öðrum en framlögum, og gjaldmiðli, sem af þeim stafar sem höfuðstóll, vextir eða önnur gjöld, skal fara eftir skilmálum þeim, sem settir voru, þegar slíkar greiðslur voru mótteknar.

d. Allan annan gjaldmiðil, sem stofnunin tekur við, er heimilt að nota og skipta á frjálsan hátt, og skal hann ekki háður neinum takmörkunum af hálfu þess félagsríkis, hvers gjaldmiðill notaður er eða víxlað er. Þó er stofnuninni heimilt að gera samninga við félagsríki, þegar hún kostar framkvæmdir á landsvæðum þess, og takmarka með þeim hætti réttindi stofnunarinnar til notkunar á gjaldmiðli þess ríkis, sem tekið hefur verið við sem höfuðstól, vöxtum eða öðrum gjöldum í sambandi við viðkomandi fjármögnun.

e. Stofnuninni ber að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja það, að þeir hlutar framlaga, sem greiddir eru samkvæmt 2. gr. 2. málsgrein d af meðlimum, sem greindir eru í fyrsta hluta viðbætis A, verði notaðir af stofnuninni á nokkurn veginn hlutfallslegan mælikvarða. Þó er heimilt að nota þann hluta slíkra framlaga, sem greiddur er í gulli eða í gjaldmiðli annars ríkis, með skjótara hætti.

(b) The usability of currencies received by the Association in payment of subscriptions other than initial subscriptions of original members, and currencies derived therefrom as principal, interest or other charges, shall be governed by the terms and conditions on which such subcriptions are authorized.

(c) The usability of currencies received by the Association as supplementary resources other than subscriptions, and currencies derived therefrom as principal, interest or other charges, shall be governed by the terms of the arrangements pursuant to which such currencies are received.

(d) All other currencies received by the Association may be freely used and exchanged by the Association and shall not be subject to any restriction by the member whose currency is used or exchanged; provided that the foregoing shall not preclude the Association from entering into any arrangements with the member in whose territories any project financed by the Association is located restricting the use by the Association of such member's currency received as principal, interest or other charges in connection with such financing.

(e) The Association shall take appropriate steps to ensure that, over reasonable intervals of time, the portions of the subscriptions paid under Article II, Section 2(d) by members listed in Part I of Schedule A shall be used by the Association on an approximately *pro rata* basis, provided, however, that such portions of such subscriptions as are paid in gold or in a currency other than that of the subscribing member may be used more rapidly.

2. málsgrein. Viðhald verðgildis gjaldeyrisinnstæðna.

a. Þegar gjaldmiðill félagsríkis lækkar í verði eða þegar stofnunin telur, að gjaldmiðill þess hafi rýrnað verulega í verðgildi innanlands, ber því að greiða stofnuninni innan hæfilegs tíma viðbótarupphæð í eigin gjaldeyri, og skal hún teljast næg til þess að viðhalda því verð-

Section 2. Maintenance of Value of Currency Holdings.

(a) Whenever the par value of a member's currency is reduced or the foreign exchange value of a member's currency has, in the opinion of the Association, depreciated to a significant extent within that member's territories, the member shall pay to the Association within a

gildi þeirrar upphæðar í eigin gjaldeyri, sem meðlimur hefur samkvæmt 2. grein 2. málsgrein d greitt stofnuninni á þeim tíma, er framlag var greitt. svo og gjaldmiðils, sem lagður er fram samkvæmt ákvæðum þessa málsliðs, hvort sem slíkur gjaldmiðill liggur fyrir í formi greiðsluskírteina, sem móttekin hafa verið samkvæmt 2. grein 2. málsgrein e, eða ekki. Þó gildir það, sem að framan greinir, einungis á meðan og að svo miklu leyti sem slíkur gjaldmiðill hefur ekki í upphafi verið greiddur eða honum víxlað fyrir gjaldmiðil annars félagsríkis.

b. Þegar gjaldmiðill félagsríkis hækkar í verði eða verðmæti gjaldmiðils þess hækkar að áliti stofnunarinnar innan landsvæða þess, ber stofnuninni að endurgreiða slíku félagsríki innan hæfilegs tíma upphæð í gjaldmiðli þess ríkis, sem er jöfn hækkun þeirri, er orðið hefur á verðgildi gjaldmiðils þess, sem ákvæði a-liðs þessarar málsgreinar ná til.

c. Heimilt er stofnuninni að ganga fram hjá ákvæðum næsta málsliðs á undan, ef alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir almenna hlutfallslega breytingu á gjaldmiðilsverðmæti allra félagsríkja sinna.

d. Upphæðir, sem lagðar eru fram samkvæmt a-lið þessarar greinar til þess að viðhalda verðmæti gjaldmiðils, skulu vera víxlanlegar og skal mega nota þær á sama hátt og viðkomandi gjaldmiðil.

reasonable time an additional amount of its own currency sufficient to maintain the value, as of the time of subscription, of the amount of the currency of such member paid in to the Association by the member under Article II, Section 2(d), and currency furnished under the provisions of the present paragraph, whether or not such currency is held in the form of notes accepted pursuant to Article II, Section 2(e), provided, however, that the foregoing shall apply only so long as and to the extent that such currency shall not have been initially disbursed or exchanged for the currency of another member.

Ef nauðsyn krefur, er ráðuneytinu heimilt að gefa út innköllun til skuldheimtumanna sveitarfélagsins, að viðlögðum missi kröfu, sbr. lög nr. 19 4. júní 1924, 2. gr.

65. gr.

Að undangenginni rannsókn, samkvæmt 64. gr., skal ráðuneytið leggja fyrir sveitarstjórn að bæta um það, sem áfátt kann að reynast við rekstur eða fjárreiður sveitarfélagsins, innan hæfilegs frests, sem ráðuneytið ákveður, og gilda um þetta ákvæði 62. gr., eftir því sem við á.

66. gr.

Nú kemur í ljós, að fjárhagur sveitarfélags er slíkur, að það getur ekki með heilbrigðum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum, og er þá ráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl.

67. gr.

Nú eru skuldir sveitarfélags, aðrar en skuldir við ríkissjóð og skuldir tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs, svo miklar, að sveitarfélag fær eigi undir risið, án verulegrar lækkunar á þeim, og er þá sveitarstjórn rétt að snúa sér til hlutaðeigandi skiptaráðanda með beiðni um, að leitað verði nauðasamninga um greiðslu á skuldunum.

Ráðuneytið getur einnig lagt fyrir skiptaráðanda að leita nauðasamninga um skuldir sveitarfélaga, sem eins er ástatt um og segir í 1. mgr., þó að sveitarstjórn hafi ekki óskað slíkra samninga.

68. gr.

Þegar sveitarstjórn eða ráðuneytið hafa ákveðið að leita nauðasamninga, samkvæmt 67. gr., skal semja frumvarp til nauðasamninga.

Í frumvarpinu skal flokka skuldir sveitarfélagsins í tvo flokka. Annars vegar skulu taldar þær skuldir, sem samningunum er ekki ætlað að ná til, og geta tryggingа fyrir þeim. Hins vegar skulu taldar þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um, og þá tilgreint, hve háan hundraðshluta þeirra skulda eigi að greiða.

69. gr.

Beiðni til skiptaráðanda um að leita nauðasamninga, samkv. 67.—68. gr., skal fylgja:

a. frumvarp til nauðasamninga, sbr. 68. gr.,
b. efnahagsreikningur sveitarfélagsins fyrir síðastliðið reikningsár,
c. gildandi áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins.

Gögn þessi skulu liggja frammi til sýnis í skrifstofu skiptaráðanda, á meðan nauðasamningar standa yfir.

70. gr.

Þegar skiptaráðanda hefur borizt beiðni um að leita nauðasamninga, ásamt gögnum þeim, sem um ræðir í 69. gr., skal hann auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að gögn þessi liggi frammi til sýnis í skrifstofu sinni, þar til nauðasamningum er lokið eða tilraunum til þeirra hætt.

Enn fremur skal hann gefa út innköllun til skuldheimtumanna að viðlögðum missi kröfu, sbr. lög nr. 19 4. júní 1924, 2. gr., hafi slík innköllun ekki farið fram, sbr. 64. gr. 2. mgr.

71. gr.

Frá þeim degi að ákvörðun um að leita nauðasamninga hefur verið birt og þar til nauðasamningar hafa verið gerðir eða samningatilraunum lokið, fer um greiðslur á skuldum sveitarfélagsins, sem til voru orðnar við upphaf nauðasamninga, og ráðstöfun á eignum þess samkv. ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti, eftir því sem við getur átt.

72. gr.

Að loknum innköllunarfresti boðar skiptaráðandi til fundar með hæfilegum fyrirvara með öllum þeim skuldareigendum, sem semja þarf við. Boða skal til fundarins með ábyrgðarbréfi eða símskeyti til hvers skuldareiganda. Með sama hætti skal félagsmálaráðuneytinu og sveitarstjórn tilkynnt um fundinn.

73. gr.

Á fundi þeim, sem um ræðir í 72. gr., skal skiptaráðandi leggja fram gögn þau, er um ræðir í 69. gr. Frumvarpið skal síðan rætt, svo og breytingartillögur við það, sem skuldareigendum er rétt að bera fram.

Rétt er skuldareigendum að krefjast allra upplýsinga um hag sveitarfélagsins, sem máli skiptir og unnt er að láta í té.

74. gr.

Að umræðum um frumvarp til nauðasamninga loknum, samkvæmt 73. gr., skal það borið undir atkvæði ásamt framkomnum breytingartillögum. Breytingar á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjöf á þeim öðlast því aðeins gildi, að samþykki hlutaðeigandi veðhafa komi til. Samþykki skuldareiganda þarf og til þess að breyta lánskjörum eða veita eftirgjöf á lánum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs, sýslunefndar eða annarra.

75. gr.

Hljóti frumvarpið samþykki skuldheimtumanna, er hafa ráð yfir meira en helmingi fjárhæða þeirra skulda, sem því er ætlað að ná til, öðlast það gildi, þegar ráðuneytið hefur staðfest það.

Frumvarpið er þá bindandi fyrir alla skuldheimtumenn, en frekari kröfur á hendur sveitarfélaginu falla þá niður.

76. gr.

Nú á skiptaráðandi sæti í sveitarstjórn, sem leitað er nauðasamninga fyrir, og skal hann þá víkja sæti sem skiptaráðandi, en setuskiptaráðandi settur til þess að leita nauðasamninga.

77. gr.

Auk þeirra ákvæða, sem eru í 67.—76. gr. laga þessara, gilda lög um nauðasamninga, nr. 19/1924, um nauðasamninga sveitarfélaga, eftir því sem við getur átt.

78. gr.

Þegar skuldabyrði sveitarfélags er með þeim hætti, sem lýst var í 1. mgr. 67. gr., og ekki verður leitað nauðasamninga eða slíkar samningatilraunir hafa ekki borið árangur, skal ráðuneytið hlutast til um, að skuldaskil verði gerð fyrir sveitarfélagið.

Við þessi skuldaskil skal verðmæti eigna, sem eigi verða seldar, samkvæmt 11. gr. laga þessara, ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna. Draga skal frá matsverði þann hluta, sem ríkissjóður kann að hafa lagt til eignanna.

Ráðuneytið, sveitarstjórn eða kröfuhafar, sem eiga a. m. k. 40% af kröfum, sem matsgerð hefur áhrif á hvort skerðast að einhverju leyti, samkvæmt ákvæðum 79. gr., geta krafizt yfirmats.

Yfirmatsmenn skulu dómkvaddir af Hæstarétti.

79. gr.

Þegar verðmæti eigna sveitarfélagsins hefur verið ákveðið, samkvæmt 78. gr., og fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um allar skuldir þess, skal hlutaðeigandi skiptaráðandi gera úthlutunargerð, samkvæmt ákvæðum skiptalaga, og skulu skuldaskil fara fram samkvæmt henni.

Þær kröfur, sem ekki fást greiddar að einhverju leyti eða öllu samkvæmt úthlutunargerðinni, skulu niður falla.

Ákvæði 76. gr. gilda og um skiptaráðanda, sem gerir úthlutunargerð, samkvæmt grein þessari.

80. gr.

Ráðuneytið skal veita sveitarfélagi lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til greiðslu lausra og óveðtryggðra skulda, sem greiðast eiga samkvæmt úthlutunargerð þeirri, sem um ræðir í 79. gr.

81. gr.

Þegar ákveðin hafa verið skuldaskil sveitarfélags, samkvæmt 78. gr. laga þessara, fer um greiðslur á skuldum sveitarfélagsins, sem þá eru til orðnar, og ráðstöfun á eignum þess, svo og aðför eða kyrrsetningu, samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti eftir því, sem við getur átt, þar til skuldaskilum er lokið.

g. Um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar.

82. gr.

Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga, sem óheimilt er að selja eða veðsetja, samkvæmt 11. gr., og eignir sveitarfélaga verða eigi teknar til gjaldþrotaskipta, en ráðherra er heimilt að svipta sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipa því fjárhaldsstjórn, ef

a. sveitarstjórn hefur vanrækt fjárhagsskuldbindingar sínar við ríkissjóð eða skuldbindingar, sem ríkissjóður ber ábyrgð á,
b. skuldaskil og lánveiting úr Jöfnunarsjóði, sbr. 80. gr., hefur eigi nægt til þess að koma fjárhag sveitarfélags á heilbrigðan grundvöll,
c. sveitarstjórn vanrækir skyldur sínar, samkvæmt 10. gr. A, svo að vandræði hljótast af.

Heimilt er sveitarstjórn að höfða mál fyrir dómi til ógildingar úrskurði ráðherra.

83. gr.

Rétt er kröfuhafa á hendur sveitarfélagi, sem gert hefur fjárnám í eignum þess án árangurs, að krefjast þess, að ráðherra svipti sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipi því fjárhaldsstjórn.

84. gr.

Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags samkvæmt 82.—83. gr., skal ráðuneytið skora á sveitarstjórn að gera skil á hinum vangreiddu kröfum, og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að 6 mánaða frest til þess að koma vanskilunum í lag.

85. gr.

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þrem mönnum.

Í hreppum skipar hlutaðeigandi sýslunefnd tvo menn í fjárhaldsstjórn, en ráðherra skipar þriðja manninn, sem jafnframt er formaður fjárhaldsstjórnar.

Í kaupstöðum skipar ráðherra alla fjárhaldsstjórnarmenn, og skulu að jafnaði tveir þeirra vera búsettir í kaupstaðnum. Ráðherra skipar og formann fjárhaldsstjórnar.

86. gr.

Nú hefur ráðherra ákveðið að svipta sveitarstjórn fjárforræði sveitarfélags og fjárhaldsstjórn hefur verið skipuð, samkv. 82.—85. gr., og skal þá ráðuneytið gefa út tilkynningu um það, sem auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu, og öðlast ráðstafanir þessar þá gildi þegar í stað.

87. gr.

Á meðan sveitarfélag lýtur fjárhaldsstjórn, samkvæmt 82.—85. gr., má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði, nema með samþykki fjárhaldsstjórnar. Ályktanir sveitarstjórnar, sem hafa kostnað í för með sér, eru ógildar, nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar.

Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins, á meðan það er undir fjárhaldsstjórn, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

88. gr.

Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins fyrir tiltekið tímabil, sem þó skal eigi vera lengra en eitt og hálft ár. Lok áætlunarinnar skal miða við áramót.

Fjárhagsáætlun þessa skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar, ásamt umsögn sveitarstjórnar.

Eftir að ráðuneytið hefur staðfest áætlunina, gildir hún sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins tiltekið tímabil, sbr. 46. gr. 3. mgr.

Niðurjöfnunarnefnd annast niðurjöfnun útsvara samkvæmt þessari áætlun.

89. gr.

Reynist fjárhagur sveitarfélags slíkur, sem lýst er í 1. mgr. 67. gr., skal sveitarfélagið tekið til skuldaskila, samkvæmt ákvæðum 78.—81. gr. laga þessara, nema leitað sé nauðasamninga, samkv. ákvæðum 67.—77. gr., með þákvæðum árangri.

Ákvæði 66. gr. skulu og gilda um sveitarfélag, sem sett hefur verið undir fjárhaldsstjórn, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

90. gr.

Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðuneytisins, þegar telja má, að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing um það skal birt í Lögbirtingablaðinu.

91. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður þóknun fjárhaldsráðsmanna, sem greiðist úr ríkissjóði.

IV. KAFLI
Um sýslufélög.

92. gr.

Hlutverk sýslufélaga er að annast:

a. eftirlit með öllum fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna,
b. umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum,
c. setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár skrár yfir fjármörk, og einnig hestamörk, þar sem þess þykir þörf,
d. umsjón og stjórn vegamála, samkv. vegalögum, nr. 34/1947, lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102/1933, og lögum um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppavegi, nr. 38/1919,
e. afskipti af forðagæzlu, samkv. VIII. kafla laga nr. 54/1957, eftirlit samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7/1953, og úrskurðun og greiðslu reikninga, samkv. lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka,
f. setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna, samkv. lögum nr. 108/1945,
g. álitsgerðir um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað,
h. tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra, en sýslumaður skipar einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra,
i. stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og tillögur um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri,
j. önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

93. gr.

Í hverju sýslufélagi skal vera sýslunefnd, sem sér um, að hlutverk sýslufélags, samkv. 92. gr., sé rækt, og annast ásamt oddvita sínum öll málefni sýslufélagsins.

94. gr.

Í sýslunefnd eiga sæti, auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar, einn sýslunefndarmaður, sem kosinn er í hverju sveitarfélagi, innan sýslufélagsins.

95. gr.

Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.

Ákvæði 16.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna.

Við kosningu til sýslunefndar er heimilt að viðhafa framboð.

96. gr.

Hver sýslunefndarmaður skal hafa varamann, sem kjósa skal með sama hætti og sýslunefndarmann.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður, svo að hann getur ekki sótt sýslufund, og skal hann þá tilkynna varamanni sínum forföll svo tímanlega, að hann geti sótt fundinn.

97. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni áður en kjörtími hans er liðinn, skal svo fljótt sem við verður komið kjósa mann í nefndina

í stað hans, aðeins til þess tíma, er eftir var af kjörtímabilinu. Sama gildir um varasýslunefndarmann.

Nú er hreppi skipt, og falla þá niður umboð sýslunefndarmanns hans og varasýslunefndarmanns. Skal þá þegar kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum til loka kjörtímabilsins.

98. gr.

Sýslunefnd skal halda a. m. k. einn fund á ári, samkv. nánari ákvörðun oddvita, þó eigi síðar en 25. júlí, sbr. 59. gr.

Oddviti getur boðað til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna krefst þess.

Oddviti ákveður fundarstað, hafi nefndin ekki sjálf gert það.

99. gr.

Oddviti stjórnar sýslufundum, og gilda ákvæði 26. og 27. gr. laga þessara um sýslufundi, eftir því sem við á.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nefnd til að leysa þau af hendi eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda.

Um kosningar á sýslufundum fer samkvæmt ákvæðum 37. gr., eftir því sem við á.

100. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

101. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir yfirstandandi ár. Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og nettó-tekna samkv. skattskrá, allt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur í hlut hvers hrepps að greiða, skal greitt sýslumanni úr sveitarsjóði á næsta manntalsþingi.

102. gr.

Oddviti sýslunefndar er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga og annast öll bréfaviðskipti á vegum hennar. Hann geymir innstæðufé sýslunnar og skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins.

Oddvita ber að sjá um, að öll störf, sem sýslunefnd á að annast, sbr. 92. gr., séu tilhlýðilega unnin.

103. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sé fyrir því í lögum eða það sé ákveðið af sýslunefndinni.

Allur kostnaður við sýslufundarhald og stjórn sýslumála, þar með talin þóknun til sýslunefndarmanna fyrir fundarsetu, sem skal vera 300 krónur á dag til hvers, auk ferðakostnaðar, greiðist úr sýslusjóði.

104. gr.

Sýslunefnd kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum hópi til þess að endurskoða ársreikninga sýslusjóðs, sýsluvegasjóðs og annarra þeirra sjóða, sem vera kunna í vörzlum sýslunefndar eða oddvita hennar.

Um endurskoðun þessa gilda ákvæði 56. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

105. gr.

Oddviti skal hafa samið reikning um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir næstliðið ár svo og efnahagsreikning sjóðsins miðað við 31. des. svo tímanlega, að endurskoðun ársreikninganna, sbr. 104. gr., sé lokið fyrir aðalfund sýslunefndar, en á þeim fundi skal sýslunefnd úrskurða reikninginn.

Sama gildir um reikninga sýsluvegasjóðs og annarra þeirra sjóða, sem sýslunefnd hefur umsjón með.

Reikningar sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs, ásamt fylgiskjölum og úrskurðum, skulu að loknum aðalfundi sýslunefndar sendir félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

106. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum hópi til þess að endurskoða ársreikninga hreppanna og fyrirtækja rekinna á þeirra vegum, sbr. 58. gr. 2. mgr., og gilda ákvæði 56. gr. laga þessara um þá endurskoðun.

Endurskoðandi skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar, og ber honum að senda svör sín til endurskoðandans svo tímanlega, að þau geti legið fyrir aðalfundi sýslunefndar, þegar reikningurinn verður úrskurðaður.

Oddviti sýslunefndar annast skil til Hagstofu Íslands, svo sem nánar er mælt fyrir í 59. gr.

107. gr.

Nú hefur sýslunefnd samþykkt reglugerð um einhver þau málefni, sem hún hefur heimild til að setja reglugerð um samkvæmt lögum, og skal þá senda ráðherra reglugerðina til staðfestingar.

Slíkar reglugerðir öðlast gildi, þegar ráðherra hefur staðfest þær og þær hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

108. gr.

Strax að loknum aðalfundi sýslunefndar skal fundargerð, ásamt ársreikningum sýslusjóðs, sýsluvegasjóðs og annarra sjóða í umsjá sýslunnar, gefin út á prenti eða í fjölritun, sem síðan skal senda oddvitum hreppanna svo fljótt sem kostur er í hæfilega mörgum eintökum fyrir íbúa hreppanna. Einnig ber að senda sýslufundargerðina til félagsmálaráðuneytisins.

109. gr.

Þyki oddvita ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefur vald til, eða sé að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera ráðstöfun, sem sýslufélagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda ráðherra tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eftirrit af skýrslunni. Ráðherra sker úr ágreiningnum.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði o. fl.

110. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, 1.—8. gr., 17. gr., 30.—36. gr.

Lög nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Lög nr. 69 27. júní 1921, um hreppskilaþing.

Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.

Lög nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra.

Tilskipun, 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
Lög nr. 83/1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað.
Lög nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 2.—31. gr.
Lög nr. 61 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 3.—29. gr.
Lög nr. 33 14. júní 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2.—21. gr.
Lög nr. 26 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 3.—33. gr.
Lög nr. 58 28. nóvember 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2.—34. gr.
Lög nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, 5.—22. gr.
Lög nr. 45 27. júní 1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 5.—23. gr.
Lög nr. 60 31. október 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 5.—22. gr.
Lög nr. 57 24. maí 1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 4.—21. gr.
Lög nr. 17 22. marz 1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 5.—22. gr.
Lög nr. 109 30. desember 1949, um bæjarstjórn í Húsavík, 4.—21. gr.
Lög nr. 30 11. maí 1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 4.—22. gr.

Nd. 384. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Á s. l. vetri skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög um ræktunarsamþykktir o. fl. Nefnd þessi skilaði áliti til ríkisstjórnarinnar snemma á þessu þingi. Meiri hluti landbúnaðarnefndar hefur frestað að taka ákvörðun um frv. það, er hér um ræðir, af þeim sökum. Nú hefur landbúnaðarráðherra skýrt okkur frá því, að ekki sé að vænta frv. um þetta mál frá ríkisstjórninni í bráð.

Í fjárlögum fyrir árið 1961 er veitt 1 millj. kr. framlag til kaupa á jarðræktarvélum ræktunarsambandanna. Í því er fólgin viðurkenning Alþingis á nauðsyn málsins og leystur að þessu sinni sá þátturinn, sem mikilvægastur er. Landbúnaðarráðuneytið sér um úthlutun þess fjár í samráði við vélanefnd. Ræktunarsjóður hefur heimild til að lána til vélakaupa ræktunarsambandanna. Hefur landbúnaðarráðherra tjáð okkur, meiri hluta nefndarinnar, að hann muni beita sér fyrir því, að ræktunarsamböndin geti fengið nokkurn hluta af kaupverði vélanna að láni í ræktunarsjóði, þannig að styrkur og lán geti samanlagt numið 50—60% af kaupverði vélanna. Með því væru ræktunarsamböndin a. m. k. ekki lakar sett en verið hefur áður um vélakaup.

Málið stendur nú þannig:

1. Á fjárlögum 1961 er fjárveiting 1 millj. kr. til kaupa á ræktunarvélum.
2. Milliþinganefnd hefur lokið endurskoðun laga um jarðræktarsamþykktir og athugun á starfsgrundvelli ræktunarsambandanna og skilað áliti til ríkisstjórnarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að til greina komi og séu raunar æskilegar ýmsar breytingar á núgildandi lögum og skipan þessara mála. Hins vegar teljum við eðlilegt, að starf milliþinganefndarinnar verði sá grundvöllur, er á verði byggt, og þar sem álit hennar er í höndum ríkisstjórnarinnar, teljum við ekki ástæðu til, að háttv. deild taki afstöðu til þessa frv., en leggjum til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 17. febr. 1961.

Gunnar Gíslason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.

Ed. 385. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn: í hreppum hreppsnefnd og í kaupstöðum bæjarstjórn, er í Reykjavík nefnist borgarstjórn.
2. Við 13. gr. Í stað orðsins „bæjarfulltrúar“ í 3. mgr. komi: borgarfulltrúar.
3. Við 32. gr.
   a. Fyrir „bæjarstjórn“ í 2. mgr. komi: borgarstjórn.
   b. 3. mgr. orðist svo:
   Ákvæði laga þessara um bæjarstjóra og bæjarráð gilda og um borgarstjóra og borgarráð í Reykjavík.
4. Við 59. gr. Í stað „samkvæmt 52. gr.“ komi: samkvæmt 53. gr.
5. Við 95. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Við kosningu til sýslunefndar er heimilt að viðhafa framboð. Við slíka kosningu gilda reglur um hlutfallskosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við getur átt.

Ed. 386. Lög [131. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

(Afgreidd frá Ed. 17. febr.)

Samhljóða þskj. 304.

Sþ. 387. Breytingartillaga [160. mál]

við till. til þál. um ráðstafanir vegna læknaskorts.

Frá Ingvari Gíslasyni.

Við tillögugreinina bætist:

Jafnframt verði athugaðir möguleikar á að fá sérfræðinga í hinum ýmsu greinum læknisfræðinnar til þess að setjast að á stöðum utan Reykjavíkur og nágrennis eða starfa í sambandi við fjórðungssjúkrahúsin, eftir því sem framast eru tök á og bezt þykir henta.

Nd. 388. Frumvarp til laga [198. mál]

um búnaðarháskóla á Íslandi.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

Búnaðarháskóli skal starfræktur á Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.

Hlutverk Búnaðarháskóla Íslands er:

1. Að veita æðri menntun í búfræði og undirstöðugreinum hennar. Sé kennslan byggð á vísindalegum grundvelli.
2. Að vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði landbúnaðarins.

3. gr.

Búnaðarháskólinn skal hafa öll þau afnot af jörð og búi á Hvanneyri, sem kennsla og rannsóknarstörf þarfnast.

4. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra búnaðarháskólans.

5. gr.

Ráðherra skipar fasta kennara samkvæmt tillögum skólastjóra og kennararáðs. Skólastjóri ræður aukakennara og fasta aðstoðarmenn að fengnum tillögum kennararáðs og með samþykki ráðherra.

6. gr.

Fastakennarar skulu auk kennslustarfa annast rannsóknir í sérgreinum sínum. Starfstími þeirra er 11 mánuðir á ári.

7. gr.

Fastakennarar háskólans skulu ásamt skólastjóra mynda kennararáð.

Kennararáð hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans innan þeirra marka, er reglugerð ákveður.

Úrskurði kennararáðs má áfrýja til ráðherra.

8. gr.

Skólastjóra er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að fela einstökum kennurum yfirumsjón með sérstökum greinum skólastarfsins.

9. gr.

Námstími við Búnaðarháskóla Íslands er 4 missiri, 3 vetur og 1 sumar. Meðan húsnæði og aðrar aðstæður skortir, er ráðherra heimilt að ákveða, að námstíminn verði aðeins 3 missiri, 2 vetur og 1 sumar, og eru þá nemendur teknir inn í skólann annað hvert ár.

Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun námsins.

10. gr.

Skilyrði fyrir inngöngu í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé búfræðingur og hafi hlotið 1. einkunn við búfræðipróf. Kennararáð getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
b. Að hann auk þess hafi stúdentspróf eða miðskólapróf og framhaldsmenntun í stærðfræði, íslenzku, dönsku og ensku, er svari sem næst til:
   í stærðfræði stúdentsprófs máladeildar,
   í dönsku stúdentsprófs,
   í íslenzku og ensku prófs úr 2. bekk menntaskóla.

11. gr.

Lokapróf búnaðarháskólans er kandídatspróf í búfræði. Gangi nemandi frá prófi eða standist það ekki, getur kennararáð heimilað honum að endurtaka það síðar.

Skólastjóri ræður prófdómara í samráði við kennararáð.

12. gr.

Nemendur skólans skulu í hvívetna gæta háttvísi og velsæmis í skóla sem utan hans. Skal í reglugerð setja ákvæði um hegðun nemenda og viðurlög við brotum.

13. gr.

Búnaðarháskólinn skal, eftir því sem fé er til veitt í fjárlögum, stofna og annast fræðilegt bókasafn um landbúnað. Skal það vera nemendum til afnota og til útlána fyrir sérfræðinga á sviði landbúnaðarins, eftir því sem ástæður leyfa.

14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn búnaðarháskólans og gefur út reglugerð um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum skólastjóra og kennararáðs.

15. gr.

Kostnaður við stofnun og starfrækslu Búnaðarháskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bréfi menntamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, 26. febr. 1959, var skipuð þriggja manna nefnd til að semja frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri. Aðalefni bréfsins var á þessa leið:

„Búnaðarþing 1958 samþykkti ályktun þess efnis, að það teldi brýna þörf á, að kennsla í búvísindum hérlendis yrði efld og aukin frá því, sem nú er, og að stofnaður skyldi fullkominn búnaðarháskóli hér á landi og hann staðsettur á Hvanneyri.

Ráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd þriggja manna til að semja frumvarp til laga um stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri — — —“

Í nefndina skipaði ráðherra þá Steingrím Steinþórsson búnaðarmálastjóra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Benedikt Gröndal alþingismann og Guðmund Jónsson skólastjóra.

Nefndin hélt allmarga fundi, bæði á Hvanneyri og í Reykjavík, kynnti sér lög og reglugerðir búnaðarháskóla Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar og fékk tillögur kennara við framhaldsdeild búnaðarskólans á Hvanneyri.

Nefndin var sammála um, að ekki væri ráðlegt að hafa fyrstu lög um búnaðarháskóla á Íslandi um of ýtarleg, heldur bæta þau og auka með reglugerðum, meðan starfsemin er í byrjun og nokkur reynsla fæst.

Frumvarp það, sem nefndin samdi, var flutt á síðasta þingi af landbúnaðarnefnd samkvæmt ósk landbúnaðarráðherra. Varð það ekki útrætt. Málið er nú flutt öðru sinni í þeirri von, að Alþingi vilji gefa gaum einu veigamesta framtíðarmáli íslenzks landbúnaðar, því að þörf fyrir sérmenntaða menn fer vaxandi með hverju ári.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, eins og undirbúningsnefnd frumvarpsins gekk frá þeim:

1. grein.

Greinin þarf ekki skýringa við og er í samræmi við bréf menntamálaráðherra frá 26. febr. 1959.

2. grein.

Ætlazt er til, að búnaðarháskólinn hafi tvíþætt hlutverk: æðri kennslu í búvísindum og rannsóknir á því sviði.

3. grein.

Til þess að búfræðikennsla og rannsóknir á því sviði geti náð tilgangi sínum, er þörf á því að hafa til umráða nóg landrými, búfé og vélar. Allt þetta er fyrir hendi á Hvanneyri og þarf að vera til afnota fyrir háskólann.

4. grein.

Greinin þarf ekki skýringa við.

5. grein.

Greinin þarf ekki skýringa við.

6. grein.

Greinin ber með sér, að svo er til ætlazt, að kennarar skólans séu til þess hæfir að framkvæma rannsóknir og kennslustörf þeirra verði ekki meiri en svo, að tóm sé til slíks starfs. Starfstími kennaranna er langur, 11 mánuðir, enda er sumarið í flestum tilfellum hentugasti tími til rannsókna og tilrauna á sviði landbúnaðarins. Að sjálfsögðu verður að skapa starfsmönnum skólans launakjör í samræmi við lengd starfstíma þeirra.

7. grein.

Rétt þykir, að kennararáð aðstoði skólastjóra við meiri háttar ákvarðanir í málefnum skólans.

8. grein.

Þessi grein felur í sér ábendingu um það, að rétt geti verið að létta störfum af skólastjóra, en fela þau kennurum. Á þetta þó alveg sérstaklega við, ef sami maður fer einnig með stjórn bændaskólans.

9. grein.

Eins og stendur, er framhaldsnámið á Hvanneyri 2 vetur og 1 sumar. Hins vegar hafa allmargir hinna íslenzku búfræðikandídata að afloknu prófi farið til annarra landa (Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar) til meira náms í vissum sérgreinum landbúnaðarins. Hefur það tekið 1—2 ár. Komið gæti til greina að gera slíkt sérnám við erlendan búnaðarháskóla að skyldu. Ber þar hvort tveggja til, að það hefur almennt menntandi og þroskandi gildi að kynnast öðrum þjóðum, svo hitt, að því lengra sem farið er út í sérnám, því meiri ástæða er til að sækja það til annarra landa, þar sem allar aðstæður til vísindalegra rannsókna eru og munu ávallt verða mun betri en hér.

Hitt er þó lagt til í tillögum okkar, að lengja námið hér heima, strax og fært þykir vegna húsrýmis, kennslukrafta og rannsóknartækja. Er því í frumvarpinu gert ráð fyrir 3 vetrum og 1 sumri til kandídatsprófs í búfræði.

10. grein.

Fyrsta skilyrðið fyrir því að fá inngöngu í búnaðarháskólann er það að vera búfræðingur. Gert er ráð fyrir að taka ekki jafnaðarlega búfræðinga með lægra próf en 1. einkunn, þó geti kennararáð veitt undanþágu frá því, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Auk búfræðiprófs sé aðalkrafan sú, að umsækjandi sé stúdent. Heimilt sé þó að taka inn nemendur, sem auk miðskólaprófs hafi þá þekkingu í íslenzku, reikningi, dönsku og ensku, er lagagreinin segir til um. Er þessi krafa mjög sniðin eftir tilsvarandi ákvæðum í Danmörku og Noregi.

11. grein.

Í reglugerð þarf að kveða nánar á um það, hverjar reglur skulu gilda um endurtekningu prófa. Hins vegar má telja réttmætt að gefa kennararáði tækifæri til þess að hafa áhrif á það, á hvern hátt nemendum, sem falla eða ganga frá prófi, er leyft að taka það upp aftur. Er m. a. haft í huga, að hér er að ræða um heimavistarskóla, þar sem það er mikilvægt atriði, hverja framkomu nemendur hafa og hver áhrif þeirra eru á skólalífið.

12. grein.

Að sjálfsögðu verða nemendur að hafa fullt aðhald um það, að þeir ekki með gálauslegri framkomu spilli skólalífi og hafi áhrif til hins verra um álit stofnunarinnar út á við.

13. grein.

Mjög er það nauðsynlegt fyrir búnaðarháskóla að eiga stórt og vandað bókasafn, einkum um landbúnaðarvísindi. Væri og æskilegt að geta veitt búfræðimenntuðum mönnum utan stofnunarinnar aðgang að því.

14.—15. grein.

Þurfa ekki skýringa við.

Ed. 389. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um jarðgöng á þjóðvegum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað um það umsagnar vegamálastjóra. Nefndin er sammála um að mæla með frumvarpinu með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. b-liður hljóði svo:

Frá 1. jan. 1962 skulu 3 aurar af hverjum benzínlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti renna í brúasjóð. Kostnaður við jarðgöng, sem lengri eru en 35 metrar, skal greiddur af þessum tekjum brúasjóðs, og má eigi verja þeim á annan hátt.

Alþingi, 20. febr. 1961.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Sigurvin Einarsson.
Ólafur Jóhannesson. Bjartmar Guðmundsson.

Nd. 390. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (GJóh) áskilur sér rétt til að flytja brtt. og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 20. febr. 1961.

Jón Pálmason, form. Unnar Stefánsson, fundaskr. Jón Kjartansson, frsm.
Gunnar Jóhannsson, með fyrirvara. Björn Fr. Björnsson.

Ed. 391. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt efni þess á fundi sínum, — þá hefur nefndin kynnt sér umsagnir stjórna Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Fiskveiðasjóðs Íslands um málið.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Nefndarmennirnir EggÞ, JÁ og KJJ mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. SE vill ekki samþykkja frumvarpið óbreytt, og mun hann skila séráliti. BjörnJ var ekki á fundi nefndarinnar og tók því ekki afstöðu til málsins.

Með því að upplýst er af stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, að gengisáhættuákvæðið verði ekki sett í skuldabréf sjóðsins umfram það, sem svarar til þess erlenda lánsfjár, er sjóðurinn starfar með á hverjum tíma, og með þeirri takmörkun að því er þetta varðar mæla undirritaðir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. febr. 1961.

Jón Árnason, form., frsm.	Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.	Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 392. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Með sveitarfélögum er í lögum þessum átt við hreppa og kaupstaði.

Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.—8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr.

Ed. 393. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [194. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Páli Þorsteinssyni og Karli Kristjánssyni.

Þar sem nauðsyn ber til að breyta lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, til samræmis við sveitarstjórnarlög og lög um kosningar til Alþingis, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða í heild lög nr. 81/1936, um sveitarstjórnarkosningar, og leggi frumvarp um það efni fyrir næsta reglulegt Alþingi, þá telur deildin ekki ástæðu til að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 394. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Frá Gunnari Jóhannssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkið skal eiga og reka þessi fangelsi:
   1. Ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar.
   2. Vinnuhæli.
   3. Unglingafangelsi.
   4. Héraðsfangelsi.
2. Við 3. gr. Orðin „að Litla-Hrauni í Árnessýslu“ falli burt.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Héraðsfangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga skulu reist og rekin þar, sem þeirra er þörf að áliti dómsmálaráðuneytisins og að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.
   Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir héraðsfangelsa, en annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.
   Bygging nýrra fangelsa í samræmi við þessa grein skal háð leyfi Alþingis, enda samþykki það fjárveitingu til hennar.
   Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.
4. Við 9. gr. Aftan við 2. málslið bætist: og lög nr. 29 1. febr. 1936, um fangelsi.

Ed. 395. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 20. gr. Í stað 2. málsl. 1. málsgr. komi:
   Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósandi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Réttkjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru réttkjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um.
2. Við 110. gr. Á eftir „17. gr.“ komi: 3. málsgr. 27. gr.

Sþ. 396. Fyrirspurn [199. mál]

til ríkisstjórnarinnar um lánveitingar úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitabæja.

Frá Páli Þorsteinssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Daníel Ágústínussyni.

1. Verður ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitabæja útvegað nægilegt fé, til þess að sjóðirnir geti veitt lán samkvæmt þeim umsóknum, sem borizt höfðu fyrir síðastliðin áramót og enn eru óafgreiddar?
2. Ef svo er, hvenær geta þær lánveitingar hafizt?

Ed. 397. Lög [120. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hellnahól í Rangárvallasýslu.

(Afgreidd frá Ed. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 159.

Ed. 398. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

1. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, þannig:
   Vinna með skurðgröfum, jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum.
2. 2. tölul. (verður 3. tölul.) orðist svo:
   Vinna við viðgerðir á skipum, flugvélum, landbúnaðarvélum og vegagerðarvélum.
3. Á eftir 11. tölul. (verður 12. tölul.) komi tveir nýir töluliðir, þannig:
   a. Þvottahús sjúkrahúsa, bæjar- og sveitarfélaga og samvinnuþvottahús.
   b. Samkomur ungmennafélaga, íþróttafélaga, kvenfélaga, skátafélaga, bindindisfélaga og annarra menningarfélaga. Enn fremur allar samkomur annarra aðila, sem haldnar eru til ágóða fyrir líknar- og menningarstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um söluskatt eru senn ársgömul. Er ekki óeðlilegt, þótt á jafnvíðtækri löggjöf hafi komið fram ýmsir vankantar, sem nauðsynlegt er að sníða af. Með frumvarpi þessu er stigið spor í þá átt. Tekin eru fá atriði, sem snerta starfsemi og þjónustu. Er farið mjög hóflega í breytingarnar í þeirri von, að um þær geti orðið almennt samkomulag og þær hljóti afgreiðslu á þessu þingi, svo sem mikil nauðsyn er á. Ég hef leyft mér að flytja fjórar breytingartillögur um aukin undanþáguákvæði í 7. gr. laganna. Skulu breytingar þessar skýrðar í einstökum atriðum:

1) Lagt er til, að skurðgröfur, jarðvinnsluvélar og allar tegundir vegagerðarvéla verði undanþegnar söluskatti. Í upphafi héldu margir, að vinna með fyrrnefnd tæki væri ekki söluskattskyld. Hafa þeir sennilega gert ráð fyrir því, að hún félli undir úrskurð ráðherra og hlyti þannig undanþágu. En niðurlag 7. gr. laganna er þannig: **„Ráðherra kveður nánar á um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar og næstu greinar hér á undan.“**

Í leiðbeiningum um söluskatt, sem fjármálaráðherra hefur látið gefa út — til viðbótar reglugerðinni — og skattheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að fara eftir, segir m. a.:

„Búnaðarfélög og ræktunarsambönd eru söluskattskyld af allri seldri vinnu og hliðstæðri starfsemi, sbr. úrsk. um vélavinnu.

Vélamenn: Vinna vélamanna skoðast sem hluti af vélavinnu og er söluskattskyld, sbr. vélavinna.

Vélavinna, þar með talin vinna þeirra, er vélunum stjórna.
Vinna með vélum og öðrum meiri háttar tækjum, sem notuð eru við húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð, svo sem ámokstursvélar, steypuvélar, jarðýtur, skurðgröfur, vegagerðarvélar o. s. frv., er skattskyld. Gildir þetta jafnt, hvort í hlut eiga einstaklingar eða fyrirtæki ríkis og bæjar. Vinna þeirra manna, sem með vélarnar fara, er einnig skattskyld."

Það er því ekki um það að villast, að samkvæmt úrskurði ráðherra er starfsemi þessi söluskattskyld, enda þótt furðulegt megi teljast. Hér er yfirleitt ekki um venjulega sölu að ræða. Þótt búnaðarfélög og ræktunarsambönd semji gjaldskrár fyrir vélar sínar, miðast hún við það eitt að greiða nauðsynlegan rekstrarkostnað og halda tækjunum sæmilega við. Hér er því um samvinnu margra bænda að ræða um kaup og rekstur á jarðvinnsluvélum, í stað þess að einstakir bændur kaupi vélar til þeirrar starfsemi. Hefur þetta reynzt ágætlega og skilað margföldum árangri við það, sem einstaklingum væri kleift. Ræktunarframkvæmdirnar — hvort sem um er að ræða skurðgröft eða jarðvinnslu — eru því nánast gerðar á kostnaðarverði. Með jarðræktarstyrknum greiðir svo ríkissjóður hluta af kostnaðinum. **Það er óhugsandi, að ræktunarframkvæmdir bænda geti nokkurn tíma orðið tekjustofn fyrir ríkissjóð, eins og ætlazt er til með lögunum um söluskatt.** Hér hlýtur því að vera um regin-misskilning að ræða, sem nauðsynlegt er að leiðrétta strax. En eins og lögin eru nú með viðeigandi skýringum, er hér um að ræða beinan skatt — 3% — á stærstu kostnaðarliðina við alla nýrækt í landinu.

Sama er að segja um söluskatt á vegagerðarvélar. **Hann er ekkert annað en skerðing á fjárveitingu til vegamála.** Ríkissjóður veitir tugi milljóna til vega- og brúamála í landinu, og alltaf er þörfin umfram fjárveitingu. Hvernig í ósköpunum má það svo ske, að vegagerðin er allt í einu orðin tekjustofn fyrir ríkissjóð? Allt þetta háttalag minnir á karlinn í þjóðsögunni, sem sagði, um leið og hann axlaði pjönkur sínar og settist á bak klárnum: „Hesturinn ber ekki það, sem ég ber." Hér hlýtur því einnig að vera um mikinn misskilning að ræða, sem leiðrétta þarf án tafar.

2) Viðgerð á skipum og flugvélum er undanþegin söluskatti, samkv. 7. gr. laganna. Það er með öllu óeðlilegt, að sama gildi ekki um landbúnaðarvélar og vegagerðarvélar, því að annars er aðalatvinnuvegum þjóðarinnar stórlega mismunað. Með frumvarpinu er lagt til, að úr misræmi þessu verði bætt.

Búnaðarfélög og ræktunarsambönd hafa víða komið sér upp viðgerðarverkstæðum eða gerzt aðilar að þeim. Með þeim hætti er viðhald vélanna raunverulega unnið á kostnaðarverði. Verkstæði þessi hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir íslenzkan landbúnað til viðhalds og endurbóta á þeim mikla vélakosti, sem bændur hafa aflað sér á undanförnum árum. Það er alveg fráleitt að skattleggja þetta samvinnustarf íslenzkra bænda, frekar en verkstæði, sem einstakir bændur kynnu að reka á heimilum sínum til viðhalds eigin tækjum. Hér er því um mjög eðlilega og sjálfsagða leiðréttingu að ræða.

3) Samkvæmt 7. gr. laganna um söluskatt er rekstur sjúkrahúsa undanþeginn söluskatti. Hins vegar segir ráðherra í leiðbeiningum til skattheimtumanna sinna eftirfarandi:

„Þvottahús bæjar- og sveitarfélaga og annarra opinberra aðila, þar með talin þvottahús sjúkrahúsa, eru söluskattskyld af allri starfsemi sinni."

Það orkar vart tvímælis, að þvottur er mikilsverður þáttur í rekstri sjúkrahúsanna. Þess vegna munu öll sjúkrahús landsins telja jafnnauðsynlegt að hafa rúmgott þvottahús með fullkomnum vélum eins og eldhús, skurðstofu og herbergi til myndatöku. Það mætti því nákvæmlega á sama hátt leggja söluskatt á matinn í sjúkrahúsunum, skurðaðgerðir, myndatökur o. s. frv. Sama gildir og um þvottahús annarra heilbrigðisstofnana og elliheimila. Þetta er því fráleitara, þegar þess er gætt, að flest eða öll sjúkrahús landsins eru rekin með miklum halla og njóta þar að auki daggjalda frá ríkissjóði. **Hvaða vit er í því að gera slíkan rekstur að**

tekjustofni fyrir ríkissjóð? Það þarf mikla vanþekkingu á rekstri sjúkrahúsa til að láta sér slíkt til hugar koma.

Sama er auðvitað að segja um þvottahús bæjar- og sveitarfélaga. Það er mjög skynsamleg ráðstöfun, sem ýmis sveitarfélög hafa gert, t. d. í Borgarfirði, að byggja almenningsþvottahús — eitt eða tvö í hverju hreppsfélagi eftir staðháttum — með stórvirkum og fjölbreyttum þvottavélum, í stað þess að hvert heimili sé að kaupa slíkar vélar, þótt í smærri stíl sé. Með þessu fást betri vélar og öruggari í rekstri, auk hins mikla sparnaðar á vélakaupum. Rekstrarkostnaður vélanna skiptist svo á notendurna. **Hvaða skynsamleg rök mæla með því að gera þessa samhjálp þegnanna að tekjustofni fyrir ríkissjóð frekar en þvottavélar einstakra húsmæðra í landinu?** Áreiðanlega verða þau vandfundin. Það er einnig mjög virðingarverð þjónustustarfsemi, ef einstök bæjarfélög tækju að sér rekstur þvottahúsa til hagræðis fyrir íbúana. Ekki væri sæmandi, að ríkið gerði slíka starfsemi að tekjustofni sínum, frekar en annað, sem nefnt er hér að framan. Sama máli gegnir um samvinnuþvottahús, sem rekin eru í landinu.

Það virðist vera í fleiri atriðum en um þvottahús sjúkrahúsanna, sem framkvæmdin gengur jafnvel lengra en lögin ætlast til. Samkvæmt 7. gr. þeirra er **útfararþjónusta** undanþegin söluskatti. Hins vegar segja leiðbeiningar ráðherra, sem hann gefur eftir sömu lagagrein:

„Sala á líkkistum og líkklæðum er söluskattskyld.“

Er þá spurningin: Hvað er undanþegið söluskatti við hinztu ferð skattþegnanna úr þessum heimi? Einhvern tíma hefði þessi skattheimta þótt ganga nokkuð langt. Væntanlega verður þetta tekið til athugunar ásamt öðrum breytingum við meðferð málsins nú.

4) **Samkomuhald er söluskattskylt.** Í fyrrnefndum leiðbeiningum ráðherra er fyrst rætt um skemmtanir, sem eru háðar hinum almenna skemmtanaskatti. Síðan segir:

„Af öðrum skemmtunum, sem aðgangur er seldur að, hvort heldur um er að ræða skemmtun, sem skattur er greiddur af til sveitarfélaga, eða skemmtun, sem aðeins þarf leyfi lögreglustjóra til að halda, skal söluskattur reiknaður af söluverði aðgöngumiða. Sé aðgangur ekki seldur, skal skatturinn miðast við veltu, sem svarar til heildarkostnaðar skemmtunarinnar. Lögreglustjóri skal jafnan tilkynna formanni skattanefndar um hverja skemmtun, sem leyfi eru veitt fyrir.“

Það er fráleit lagasetning, að menn megi aldrei koma saman til fagnaðar án þess að gjalda ríkinu skatt eða verða lögbrjótar ella. En framangreind skýring ráðherra sýnir það ljóslega. Hér er lagt til að rýmka þetta ákvæði stórum og veita tilteknum félögum og samkomum undanþágu frá skattheimtunni. Öll eiga þessi félög það sameiginlegt að vanta fé til starfsemi sinnar og berjast í bökkum fjárhagslega. Hér er því um mjög óeðlilegan tekjustofn að ræða. Þó tekur út yfir, að þegar fólk kemur saman til gleðskapar og skiptir sameiginlegum kostnaði niður á þátttakendur, þá skuli samt vera skylt að leggja söluskatt á samkomuhaldið. Hér gengur skattheimtan áreiðanlega út yfir öll skynsamleg takmörk.

Eins og áður segir, hef ég í frumvarpi þessu valið fá atriði í von um það, að um þau fáist samkomulag á þessu þingi, enda ætti öllum að vera ljóst, að eðlilegt er að leiðrétta ýmsa vankanta á jafnviðtækri löggjöf, eftir að nokkur reynsla er fengin af framkvæmd hennar. Hér er ekki um tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð að ræða, sem skiptir verulegu máli, og í ýmsum þeim atriðum, sem frumvarp þetta fjallar um, hlýtur innheimtan að vera seinleg og erfið. Ég vænti því, að Alþingi geti fallizt á breytingartillögur þær, sem í frumvarpinu felast, og telji þær sanngjarnar og eðlilegar eftir þá reynslu, sem fengin er.

Nd. **399. Frumvarp til laga** [201. mál]

um breyting á lögum nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

Flm.: Gísli Guðmundsson, Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en kr. 4,00 fyrir hvern skotinn svartbak.

2. gr.

Fyrir „10—100“ í 5. gr. laganna komi: 100—1000.

3. gr.

Fyrir „50—300“ í 6. gr. laganna komi: 500—3000.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ráðherra setur reglugerð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1936 voru sett lög um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu). Með þeim lögum var sýslunefndum og bæjarstjórnum heimilað og — ef fyrir lá áskorun a. m. k. 5 æðarvarpsnotenda — gert skylt að gera samþykktir um eyðingu svartbaks. Ábúendum jarða var jafnframt gert skylt að eyða svartbakseggjum, hverjum í sínu landi. Væri ákveðið í samþykkt að eyða svartbak með skotum, skyldi ríkissjóður greiða helming skotmannslauna, allt að 20 aurum fyrir hvern skotinn fugl, en greiðslu skotmannslauna að öðru leyti skipt jafnt milli sveitar og sýslu. Árið 1941 voru svo sett ný tímabundin lög um eyðingu svartbaks. Áttu þau fyrst að gilda um tveggja ára skeið, en voru síðar framlengd allt til ársins 1954. Þessi lög frestuðu framkvæmd laganna frá 1936, en lögin frá 1936 komu aftur til framkvæmda, þegar úti var gildstími laganna frá 1941, og eru enn í gildi. Hins vegar eru hin gömlu ákvæði frá 1936 um greiðslu skotmannslauna úr ríkissjóði löngu orðin úrelt vegna verðlagsbreytinga og sömuleiðis ákvæðin um sektir fyrir að vanrækja eyðingu svartbakseggja o. fl. og lögin því gagnslaus. Í þessu frv. er lagt til, að úr þessu verði bætt. Gert er ráð fyrir, að skotmannslaun verði 8 kr. fyrir hvern skotinn svartbak — þar af helmingur úr ríkissjóði —, og má ætla, að það nægi til þess, að lögin geti borið árangur.

Flm. þessa frv. hafa aflað sér vitneskju um dúntekju í landinu ár hvert á tímabilinu 1900—1959, eða um 60 ára skeið. Eins og sjá má á skýrslum á fylgiskjali I, hefur dúntekja farið mjög minnkandi síðustu áratugina. Hæst komst dúntekjan (hreinsaður æðardúnn) á öðrum tug aldarinnar, upp í nál. 4600 kg, en síðustu 5 árin, sem skýrslan tekur til, hefur hún verið innan við 2000 kg að meðaltali. Það er almenn skoðun, að svartbakurinn, sem situr fyrir æðarungunum, þegar þeir byrja að fleyta sér á sjó, valdi hér miklu um, enda virðist honum hafa fjölgað til muna.

Ef takast mætti að fækka svartbak svo, að um munaði, má ætla, að æðarfugli færi að fjölga og dúntekjan ykist. Og þegar á það er litið, að hvert kg af hreinsuðum æðardún er nú 1300—1400 kr. virði, að frádregnum sölukostnaði, er auðsætt, að tilvinnandi er fyrir þjóðarbúið að leggja nokkuð í kostnað til að eyða vargi í nágrenni æðarvarpanna og stuðla þannig að aukningu hinnar verðmætu framleiðslu, sem hér er um að ræða, þar sem æðardúnninn er.

Samkv. skýrslu á fylgiskjali II hefur á árinu 1957 verið talinn fram æðardúnn í rúml. 70 hreppum. Hér eiga því nokkuð margir hlut að máli — og víða um landið. Ef í ljós kæmi, að eyðing svartbaks miðaði að því að auka vörpin, svo að um munaði, má gera ráð fyrir, að það yrði til þess að glæða áhuga manna almennt fyrir æðarvörpum og aukningu þeirra með öðrum aðferðum.

Í lögunum frá 1941 var gert ráð fyrir sérstöku gjaldi af æðardún í sambandi við þetta mál. Er að sjálfsögðu athugandi að lögleiða slíkt gjald, t. d. til sýslu- og sveitarsjóða, þótt tillaga um það hafi ekki verið tekin upp í þetta frv.

Fylgiskjal I.

Dúntekja í landinu árin 1900—1959 samkvæmt hlunnindaskýrslum Hagstofu Íslands.

	Kg		Kg
Árið 1900	3731.9	Árið 1930	3631.0
— 1901	3663.0	— 1931	3400.0
— 1902	2971.3	— 1932	3536.0
— 1903	3249.3	— 1933	3282.0
— 1904	3107.5	— 1934	3161.0
— 1905	3254.0	— 1935	2786.0
— 1906	3147.5	— 1936	3011.0
— 1907	3525.5	— 1937	3084.0
— 1908	3524.5	— 1938	2852.0
— 1909	3587.8	— 1939	3298.0
— 1910	3573.8	— 1940	3241.0
— 1911	3834.0	— 1941	2806.0
— 1912	2404.5	— 1942	2423.0
— 1913	4577.0	— 1943	2319.0
— 1914	3921.5	— 1944	2535.0
— 1915	4290.5	— 1945	2426.0
— 1916	4355.5	— 1946	2142.0
— 1917	3915.5	— 1947	1957.0
— 1918	3490.0	— 1948	2008.0
— 1919	3238.5	— 1949	1712.0
— 1920	3393.5	— 1950	1918.0
— 1921	3349.3	— 1951	2026.0
— 1922	3719.5	— 1952	?
— 1923	3815.4	— 1953	?
— 1924	3840.0	— 1954	1875.0
— 1925	3838.0	— 1955	1641.0
— 1926	3963.0	— 1956	1778.0
— 1927	4138.0	— 1957	2388.0
— 1928	4287.0	— 1958	2302.0
— 1929	4018.0	— 1959	1711.0

Fylgiskjal II.

Dúntekja í einstökum hreppum árið 1957 samkvæmt hlunnindaskýrslum Hagstofu Íslands.

Miðneshreppur	13.0 kg
Bessastaðahreppur	31.0 —
Kjalarneshreppur	18.0 —
Hvalfjarðarstrandarhreppur	8.0 —
Innri-Akraneshreppur	5.0 —
Borgarhreppur	2.0 —
Álftaneshreppur	39.0 —
Kolbeinsstaðahreppur	1.0 —
Miklaholtshreppur	1.0 —
Staðarsveit	1.0 —
Eyrarsveit	11.0 —
Helgafellssveit	7.0 —
Stykkishólmshreppur	55.0 —
Skógarstrandarhreppur	29.0 —
Miðdalahreppur	3.0 —
Fellsstrandarhreppur	10.0 —
Klofningshreppur	70.0 —
Skarðshreppur	30.0 —
Saurbæjarhreppur	8.0 —
Geiradalshreppur	28.0 —
Reykhólahreppur	86.0 —
Gufudalshreppur	3.0 —
Múlahreppur	67.0 —
Flateyjarhreppur	222.0 —
Barðastrandarhreppur	15.0 —
Auðkúluhreppur	6.0 —
Mýrahreppur	87.0 —
Mosvallahreppur	6.0 —
Ögurhreppur	65.0 —
Reykjarfjarðarhreppur	13.0 —
Snæfjallahreppur	120.0 —
Árneshreppur	132.0 —
Kaldrananeshreppur	19.0 —
Hólmavíkurhreppur	9.0 —
Kirkjubólshreppur	5.0 —
Fellshreppur	131.0 —
Bæjarhreppur	20.0 —
Ytri-Torfustaðahreppur	8.0 —
Hvammstangahreppur	31.0 —
Þverárhreppur	2.6 —
Vindhælishreppur	11.0 —
Höfðahreppur	3.0 —
Skagahreppur	57.0 —
Skefilsstaðahreppur	26.0 —
Skarðshreppur	4.0 —
Rípurhreppur	4.0 —
Viðvíkurhreppur	37.0 —
Hólahreppur	3.0 —
Haganeshreppur	6.0 —

Holtshreppur	32.0 kg
Grýtubakkahreppur	24.0 —
Flateyjarhreppur	5.0 —
Aðaldælahreppur	4.0 —
Reykjahreppur	40.0 —
Keldunesshreppur	22.0 —
Presthólahreppur	65.0 —
Svalbarðshreppur	4.0 —
Þórshafnarhreppur	18.0 —
Sauðaneshreppur	50.0 —
Skeggjastaðahreppur	44.0 —
Vopnafjarðarhreppur	37.0 —
Hjaltastaðahreppur	1.0 —
Borgarfjarðarhreppur	2.0 —
Loðmundarfjarðarhreppur	11.0 —
Reyðarfjarðarhreppur	82.0 —
Fáskrúðsfjarðarhreppur	60.0 —
Breiðdalshreppur	74.0 —
Beruneshreppur	125.0 —
Búlandshreppur	46.0 —
Geithellnahreppur	6.0 —
Bæjarhreppur	3.0 —
Nesjahreppur	3.0 —
Hafnarhreppur	41.0 —
Samtals	2388.0 kg

Fylgiskjal III.

Lög nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

1. gr.

Hvarvetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 5 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því, er krafa hefur fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

3. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, eða hún þykir fara í bága við gildandi lög eða reglugerðir, og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

4. gr.

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitar-

sjóður sinn fjórðung hvor. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur, hver fyrir sinn hrepp.

5. gr.

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við staðfestar samþykktir, sæti sektum frá 10—100 krónum.

6. gr.

Skyldur er hver jarðarábúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefur umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki jarðarábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 400. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum. Umsagnir bárust nefndinni frá eftirgreindum aðilum: Iðnaðarmálastofnun Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands og atvinnumálanefnd ríkisins. Í umsögn sinni óskar Félag ísl. iðnrekenda eftir breytingu á 2. gr. frv., sem feli í sér aukin áhrif iðnaðarins í stjórn stofnunarinnar. Atvinnumálanefndin mælir með því, að lög verði sett um iðnaðarmálastofnunina, en bendir á, að æskilegt hefði verið að afgreiða um leið frv. til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem nefndin hefði samið og sent ríkisstjórninni. Að öðru leyti mæla fyrrgreindir aðilar með frumvarpinu. Þá bárust nefndinni bréf frá Iðju, félagi verksmiðjufólks, og Landssambandi ísl. verzlunarmanna, þar sem óskað er eftir þátttöku í stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar.

Iðnaðarnefnd mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, en Þórarinn Þórarinsson áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum við frv., sem fram kunna að koma, og í trausti þess, að frv. það, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur samið um rannsóknarstofnun atvinnuveganna, verði lagt fyrir Alþingi og þingið geti því athugað bæði frv. samhliða. Eðvarð Sigurðsson hefur sama fyrirvara og felst í síðari hluta fyrirvara Þórarins Þórarinssonar.

Alþingi, 20. febr. 1961.

Jónas G. Rafnar, form., frsm.
Unnar Stefánsson, fundaskr.
Ragnhildur Helgadóttir.
Eðvarð Sigurðsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 401. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 19. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:
Þeim, sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur, er þó ekki skylt að taka við kjöri, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfleytt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri.

Ed. 402. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til l. um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Suður-Þingeyjarsýslu ókeypis til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfandafljóti, sem er ¾ hlutar eyjarinnar. Afhendingin fari fram með því skilyrði, að landið verði friðað fyrir ágangi búfjár og sýslan taki að sér verndun þeirra minja, sem eru á eynni, um hið forna þinghald þar. Skal sú verndun framkvæmd í samráði við þjóðminjavörð ríkisins.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Óheimilt skal Suður-Þingeyjarsýslu að selja þessa eign eða láta hana af hendi, nema til ríkisins. Hætti sýslan að annast eignina á þann hátt, sem 1. gr. mælir fyrir um, fellur þessi hluti eyjarinnar aftur undir ríkið endurgjaldslaust.

Nd. 403. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til laga um héraðsfangelsi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (GJóh) áskilur sér þó rétt til að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Alþingi, 21. febr. 1961.

Jón Pálmason, form. Unnar Stefánsson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson, frsm.
Jón Kjartansson. Gunnar Jóhannsson.

Ed. **404. Nefndarálit** [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Efnisatriði þessa frv. eru tvö:

a. Samkv. 1. gr.: að heimild ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast lán fyrir fiskveiðasjóð samkv. l. nr. 40 frá 1955 hækki úr 50 millj. kr. í 150 millj. kr.
b. Samkv. 2. gr.: að heimila sjóðnum, þegar hann endurlánar erlent lánsfé, að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum.

Áætlað er, að lánveitingar sjóðsins á þessu ári nemi um 130 millj. kr. Tekjur sjóðsins og handbært fé 1961 er áætlað um 75 millj. kr. Það eru þess vegna horfur á því, að sjóðinn skorti um 55 millj. kr. á þessu ári til þess að fullnægja lánsþörfinni.

Minni hl. nefndarinnar telur sjálfsagt, að Alþingi verði við ósk sjóðsstjórnarinnar um þá ríkisábyrgð, er um getur í 1. gr. frumvarpsins.

Lán úr fiskveiðasjóði munu að mestu hafa verið stofnlán til bátaútvegsins og fiskvinnslustöðva. Óhjákvæmilegt er að sjá þessum mikilsverðu atvinnugreinum fyrir nauðsynlegum stofnlánum. En það er ekki nóg að veita fiskveiðasjóði ríkisábyrgð til erlendrar lántöku í þessu skyni. Hann þarf jafnframt að fá tryggingu fyrir því að verða ekki fyrir fjárhagslegu tjóni, sem er honum um megn, ef til gengislækkunar kemur, eftir að hann hefur lánað hið erlenda fé út aftur í íslenzkum krónum. Á síðasta ári varð hann fyrir verulegu tjóni af þeirri gengisbreytingu, er þá var framkvæmd. Er skiljanlegt, að sjóðurinn megi ekki við því að verða fyrir slíkum áföllum hvað eftir annað.

En eins og fiskveiðasjóður er þess ekki megnugur að taka á sig gengisáhættu án baktryggingar, þá má t. d. hið sama segja um hvern þann útgerðarmann, sem kaupir sér fiskiskip og skuldar mikinn hluta kaupverðsins í erlendum gjaldeyri. Gengislækun gæti orðið honum þungur baggi, jafnvel svo þungur, að útgerð hans stæðist ekki þá byrði. Það er því full nauðsyn á því að dreifa meira þeirri áhættu, sem af gengisbreytingum stafar fyrir lántakendur erlends fjár en gert er með þessu frumvarpi.

Þótt umsækjendur um lán úr fiskveiðasjóði séu nauðbeygðir til að taka þar lán með gengisáhættu, af því að þeir eiga ekki kost annarra lána, þá er það vafasamt réttlæti, að þeir beri alla áhættuna, enda ráða þeir ekki neinu um það, hvenær gengisbreytingar eru framkvæmdar.

Minni hl. nefndarinnar telur eðlilegast, að athugað verði fyrir næsta þing, með hvaða hætti skuli mæta þeim áföllum, sem stafa af erlendum lántökum, þegar breytingar verða á gengisskráningu íslenzkrar krónu. Leggur minni hl. því til, að ríkissjóður bæti fiskveiðasjóði tap, er sjóðurinn kann að verða fyrir vegna gengislækkunar, á allt að 50 millj. kr. erlendu lánsfé, sem fengið yrði á þessu ári. Er breytingartillaga þess efnis flutt á sérstöku þingskjali. Nái sú breytingartillaga ekki samþykki deildarinnar, getur minni hl. nefndarinnar ekki mælt með samþykkt frv., þrátt fyrir það að hann er samþykkur 1. gr. þess.

Alþingi, 21. febr. 1961.

Sigurvin Einarsson.

Ed. 405. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (SE).

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Aftan við 3. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Ríkissjóður skal bæta Fiskveiðasjóði Íslands það tap, sem hinn síðarnefndi kann að verða fyrir vegna breytinga á gengisskráningu íslenzkrar krónu af allt að 50 millj. kr. erlendri lántöku á árinu 1961.

Nd. 406. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [178. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. febr.)

Samhljóða þskj. 383 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Með sveitarfélögum er í lögum þessum átt við hreppa og kaupstaði.
Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.—8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr.

12. gr. hljóðar svo:
Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn: í hreppum hreppsnefnd og í kaupstöðum bæjarstjórn, er í Reykjavík nefnist borgarstjórn.
Sveitarstjórn sér um, að hlutverk sveitarfélags, sbr. 10. gr., sé rækt, og annast öll málefni sveitarfélagsins.

13. gr. hljóðar svo:
Í hverri bæjarstjórn skulu vera níu bæjarfulltrúar, en haldast má þó óbreytt tala bæjarfulltrúa í kaupstöðum eins og nú er.
Ráðuneytinu er heimilt að breyta tölu bæjarfulltrúa, samkvæmt ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar, þó þannig, að þeir séu eigi færri en sjö og eigi fleiri en ellefu.
Í Reykjavík skulu borgarfulltrúar eigi vera færri en 15 og eigi fleiri en 27.

19. gr. hljóðar svo:
Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa í sveitarfélaginu.
Þeim, sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára, er skylt að taka við kjöri í sveitarstjórn.
Þeim, sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur, er þó ekki skylt að taka við kjöri, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfleytt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri.

20. gr. hljóðar svo:
Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitar-

stjórn. Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósandi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Réttkjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru réttkjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt varanlega frá því að eiga sæti í sveitarstjórn.

Nú forfallast aðalmaður, samkvæmt 2. mgr., sem átt hefur sæti á framboðslista, sem tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar stóðu að, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður sá, sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir voru kosnir, án tillits til þess, hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Nú forfallast aðalfulltrúi um stundarsakir vegna veikinda eða annars, og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum, sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna, skal varamaður taka sæti hans samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

32. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdarstjórn sveitarfélaga annast borgarstjóri í Rekjavík, bæjarstjórar í öðrum kaupstöðum og oddvitar eða sveitarstjórar í hreppunum eftir því, sem nánar er mælt fyrir í kafla þessum.

Heimilt er borgarstjórn Reykjavíkur að ákveða, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík. Verði slík heimild notuð, skal störfum milli borgarstjóranna skipt með ákvæðum í reglugerð.

Ákvæði laga þessara um bæjarstjóra og bæjarráð gilda og um borgarstjóra og borgarráð í Reykjavík.

59. gr. hljóðar svo:

Að lokinni afgreiðslu ársreikninga samkvæmt 58. gr. skal senda Hagstofu Íslands eitt eintak af reikningunum í því formi, sem ákveðið hefur verið samkvæmt 53. gr. laga þessara.

Reikninga kaupstaðanna skal einnig senda til ráðuneytisins.

Sýslumaður annast skil þessi strax að afloknum aðalfundi sýslunefndar fyrir alla hreppa sýslunnar, en bæjarstjórar annast skil, hver fyrir sinn kaupstað.

Skil til ráðuneytisins og Hagstofu Íslands samkvæmt þessari grein skulu gerð fyrir 31. júlí ár hvert.

95. gr. hljóðar svo:

Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.

Ákvæði 16.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna.

Við kosningu til sýslunefndar er heimilt að viðhafa framboð. Við slíka kosningu gilda reglur um hlutfallskosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við getur átt.

110. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, 1.—8. gr., 17. gr., 3. málsgr. 27. gr., 30.—36. gr.

Lög nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
Lög nr. 69 27. júní 1921, um hreppskilaþing.
Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.
Lög nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra.
Tilskipun, 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.
Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
Lög nr. 83/1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað.
Lög nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 2.—31. gr.
Lög nr. 61 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 3.—29. gr.
Lög nr. 33 14. júní 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2.—21. gr.
Lög nr. 26 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 3.—33. gr.
Lög nr. 58 28. nóvember 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2.—34. gr.
Lög nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, 5.—22. gr.
Lög nr. 45 27. júní 1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 5.—23. gr.
Lög nr. 60 31. október 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 5.—22. gr.
Lög nr. 57 24. maí 1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 4.—21. gr.
Lög nr. 17 22. marz 1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 5.—22. gr.
Lög nr. 109 30. desember 1949, um bæjarstjórn í Húsavík, 4.—21. gr.
Lög nr. 30 11. maí 1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 4.—22. gr.

Nd. 407. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og rætt efni þess á fundum sínum.
SkG er andvígur frv. og leggur til, að það verði fellt.
Aðrir nefndarmenn eru meginstefnu frv. samþykkir og leggja til, að það verði samþykkt. Þó áskilur Lúðvík Jósefsson sér rétt til að flytja brtt. við það og mun gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.
Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 4. gr.
   a. Fyrir „Seðlabankanum“ í 2. málsl. komi: Seðlabankastjórn.
   b. Fyrir „Hann“ í 3. málsl. komi: Hún.
2. Við 28. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. falli niður.

Alþingi, 22. febr. 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Nd. **408. Nefndarálit** [180. mál]

um frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin hefur skoðað þetta stjórnarfrumvarp. Meiri hl. n. mælir með samþykkt þess. En ég sé þess enga þörf og legg til, að frv. verði fellt.

Aðalbreytingin, sem lagt er til í frv. að verði gerð á gildandi lögum, er að fjölga mönnum í stjórn Seðlabankans úr 5 í 8, og á einn af viðbótarmönnunum að verða bankastjóri.

Ekki er hægt að koma auga á það, að nokkur minnsta þörf sé að fjölga stjórnendum bankans. Og ríkisstjórnin þarf ekki að fá lögum breytt til þess að geta ráðið yfir Seðlabankanum. Þau yfirráð hefur hún, þó að stjórn bankans sé skipuð með þeim hætti, sem nú er. Það kom glöggt í ljós í fyrra, að meiri hluti stjórnar bankans starfaði í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar og fór eftir hennar fyrirmælum.

Í athugasemdum með efnahagsmálafrumvarpi sínu á þinginu í fyrra kvaðst ríkisstjórnin hafa í hyggju að gera ráðstafanir til þess „að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands", og til þess að ná þessu marki sagðist stjórnin m. a. ætla að beita sér fyrir því, „að nokkur hluti innlánsaukningar hjá bönkum og sparisjóðum, þar á meðal innlánsdeildum kaupfélaga, verði bundinn í Seðlabankanum."

Eftir fyrirmælum ríkisstjórnarinnar tók meiri hluti stjórnar Seðlabankans þá ákvörðun og tilkynnti innlánsstofnunum með bréfi 18. maí 1960, að ákveðinn hluti af innstæðuaukningu, sem hjá þeim kynni að verða á því ári, skyldi greiddur inn á bundinn reikning eða innlánsskírteini í Seðlabankanum.

Fyrirskipun þessi var byggð á ákvæði í 16. gr. landsbankalaganna, þar sem segir, að stjórn Seðlabankans sé heimilt að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í Seðlabankanum. Það heimildarákvæði mun hafa verið sett til þess, að unnt væri að grípa í taumana, ef sú hætta væri yfirvofandi, að einhver innlánsstofnun, sem hefði náð til sín miklu sparifé, ráðstafaði því þannig, að valdið gæti óheppilegum áhrifum í fjármálalífinu. Ekki mun menn þá hafa órað fyrir því, að slík heimild yrði nokkru sinni misnotuð þannig, að samkvæmt henni yrði þess krafizt, að innlánsstofnanir, sem hafa svo lítið fé í sínum vörzlum, að alls engri röskun getur valdið í fjárhagsmálum þjóðarinnar í heild, létu af höndum hluta af sínu sparifé til bindingar í Seðlabankanum, þó að brýn þörf væri fyrir peningana í heimahéruðum stofnananna. Heimildin var heldur aldrei notuð fyrr en í fyrra, eftir að núverandi ríkisstjórn var setzt að völdum. Þá var það einnig eitt af hennar fyrstu verkum að fá því fram komið með aðstoð sinna liðsmanna á Alþingi, að framannefnd heimild til innstæðubindingar skyldi einnig ná til innlánsdeilda kaupfélaganna.

Og nú hefur Seðlabankinn gefið út nýtt bréf til innlánsstofnana, dags. 19. jan. 1961, á grundvelli þeirrar samþykktar, sem meiri hluti bankastjórnarinnar gerði í fyrra eftir fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Þar eru m. a. birtar reglur um bindingu innstæðna í Seðlabankanum frá og með 1. jan. 1961. Þar segir fyrst, að af heildarinnstæðuaukningu á hverjum þriggja fyrstu ársfjórðunganna skuli innlánsstofnanir greiða 30% inn á bundinn reikning í Seðlabankanum. Þetta á þó ekki að ná til innlánsstofnana, sem hafa minna en 5 millj. kr. í innlánsfé í byrjun ársins. — Í öðru lagi eru fyrirmæli í bréfinu um, að lágmarksbinding innstæðufjár á hverjum þriggja fyrstu ársfjórðunganna skuli þó vera 1% af heildarinnstæðum í byrjun ársfjórðungsins, hver sem breyting innlána er, og nær þetta til allra innlánsstofnana, hvort sem innstæður hjá þeim eru meiri eða minni en 5 millj. — Í fyrsta sinn eiga innlánsstofnanirnar að afhenda

Seðlabankanum fyrir 30. apríl n. k., samkvæmt þessu ákvæði, 1% af heildarinnstæðum, eins og þær voru hjá þeim um síðustu áramót.

Ég hef nokkuð athugað, hvernig þetta síðarnefnda ákvæði í bréfi Seðlabankans muni verða í framkvæmd. Til glöggvunar á því vil ég nefna dæmi um fyrirtæki, sem eiga að binda fé hjá bankanum samkvæmt bréfinu.

Nyrzti hreppurinn í Strandasýslu er Árneshreppur. Há fjöll skilja hann frá öðrum sveitum sýslunnar. Íbúar þessa einangraða hrepps munu nú vera hátt á þriðja hundrað, duglegt fólk í harðri lífsbaráttu. Það hefur sitt kaupfélag til að annast kaup og sölu á vörum. Aðalaðsetur félagsins er við Norðurfjörð, en útibú í Djúpuvík, vegna þess hvað hreppurinn er sundurskorinn. Kaupfélaginu hefur verið þannig stjórnað, að það stendur á fjárhagslega traustum grunni. Viðskiptaveltan er að sjálfsögðu ekki mikil, þar sem félagssvæðið er aðeins þessi eini hreppur, en þó mun kaupfélagið hafa selt framleiðsluvörur út af sínu svæði fyrir töluvert á þriðju millj. kr. árið sem leið. Það er framlag Árneshreppsbúa í þjóðarbúið, auk framleiðslu til eigin notkunar. Vegna þess að skipakomur eru strjálar til Norðurfjarðar, en enginn akfær vegur í hreppinn frá öðrum byggðum, þarf kaupfélagið að hafa tiltölulega meira fé bundið í vörubirgðum en mörg önnur viðskiptafyrirtæki. Félagið hefur innlánsdeild og fær nokkuð af nauðsynlegu rekstrarfé sínu með þeim hætti, að félagsmennirnir ávaxta sparifé sitt í innlánsdeildinni. Um næstsíðustu áramót voru innstæður í innlánsdeildinni samtals tæplega 400 þús. kr. Séu þær óbreyttar, á kaupfélagið á Norðurfirði að afhenda Seðlabankanum í Reykjavík 3963 krónur og 35 aura fyrir 30. apríl n. k. Þessa fjárhæð, kr. 3963.35, á fólkið, sem býr norðan Trékyllisheiðar í Strandasýslu, að leggja inn á bundinn reikning í Seðlabankanum að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja „jafnvægi í peningamálum“ þjóðarinnar.

Annað dæmi, sem ég vil nefna, er frá Flatey á Skjálfanda. Ég sá fréttir þaðan nýlega í Akureyrarblaði. Þar segir, að íbúar eyjarinnar séu 88. Ekki sitja þeir auðum höndum fremur en fólkið í hreppnum vestan Húnaflóa, sem áður er nefndur. Frá því er sagt, að hver verkfær maður í Flatey framleiði útflutningsvörur fyrir nær 140 þús. kr. að meðaltali yfir árið. Í Flatey er gamall sparisjóður. Heyrt hef ég, að innstæður þar muni nema um hálfri millj. kr. Ef svo er, eiga Flateyingar að senda Seðlabankanum um 5 þús. kr. fyrir 30. apríl þ. á. Það er þeirra framlag í það sinn til „jafnvægis“ ríkisstjórnarinnar.

Líklega óttast ríkisstjórnin, að forráðamenn kaupfélagsins á Norðurfirði og sparisjóðsins í Flatey gerist skyndilega léttúðarfullir um of, bregði á leik og fari svo gálauslega með fé sveitunga sinna, sem þeir hafa tekið til varðveizlu, að hættulegri röskun geti valdið í öllu fjármálalífi þjóðarinnar. Og má þá ætla, að til þess að afstýra þeirri hættu hafi ríkisstjórnin gefið út fyrirmælin um fjárheimtuna.

Vestur á Rauðasandi er minnsta kaupfélagið á landinu. Félagsmennirnir ekki nema rúmlega 20. Félaginu er vel stjórnað og það annast vörukaup og vörusölu fyrir félagsmennina með litlum tilkostnaði. Það hefur dálitla innlánsdeild. Og auðvitað á félagið að senda Seðlabankanum hluta af innstæðunni. Láta mun nærri, að það sé eitt ærverð, sem félagið á að senda suður í næsta aprílmánuði.

Það er alveg vafalaust, að bóndinn og kaupfélagsstjórinn í Kirkjuhvammi í Rauðasandshreppi mun senda ærverðið frá kaupfélagi sínu suður til Reykjavíkur, eins og fyrirskipað er, í síðasta lagi um sumarmálaleytið. Og þá gerist það í húsi Landsbankans við Austurstræti, að á eina blaðsíðu í innstæðubók Seðlabankans verður ritað með skýru letri:

Kaupfélag Rauðasands, Hvalskeri.
Innborgun 800.00.

Einhvers staðar á blaðsíðuna verður líka skrifað með stórum stöfum: **Bundinn reikningur.** Og feitt strik verður sett undir þessi tvö orð, svo að öllum starfsmönn-

um bankans megi vera ljóst, þegar þeir líta á reikninginn, að ekki má borga neitt út af innieign Rauðsendinga.

Bókhaldið er í bezta lagi.

Ríkisstjórnin vinnur að fjármálunum með alvöru- og virðuleikasvip. Sama er að segja um liðsmenn hennar á Alþingi. Hjá þeim sést varla bros í augnakrók um þessar mundir, því að nú eru alvarlegir tímar. Og þeir leggja fram tillögu á Alþingi um jafnvægi í byggð landsins, á sama tíma sem fyrirskipuð er allsherjarsmölun fjár af öllu landinu til frystingar í Seðlabankanum í Reykjavík.

Það eru vitanlega fleiri en kaupfélagsstjórarnir á Norðurfirði og Rauðasandi og sparisjóðshaldarinn í Flatey, sem fá bréfið, er út var gefið 19. f. m. og sumir nefna gangnaseðilinn. Bréfið er sent öllum kaupfélögum, sem hafa innlánsdeild, og öllum sparisjóðum.

En hvað hefst svo upp úr krafsinu?

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér um heildarinnstæður í sparisjóðum og innlánsdeildum, má gera ráð fyrir, að Seðlabankinn fái frá þeim í fyrstu göngum, ef vel smalast, um það bil 5 millj. kr. af öllu landinu utan kaupstaðanna við Faxaflóa. Hér er sem sagt ekki talið með það, sem hann fær frá Reykjavík, Akranesi, Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík. En verði einhver innstæðuaukning á 1. ársfjórðungi hjá þeim sparisjóðum og innlánsdeildum, sem hafa yfir 5 millj. kr. í sparifé, er hugsanlegt, að eitthvað komi þessu til viðbótar.

En hér með er ekki öllu lokið. Ríkisstjórnin mun einhvern tíma hafa heyrt þennan vísupart Jónasar:

Eins mig fýsir alltaf þó
aftur að fara í göngur.

Það eru aðeins fyrstu göngur, er fram eiga að fara í aprílmánuði, samkvæmt gangnaseðlinum, sem Seðlabankinn sendir út að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar. Seinni göngur verða í júlí og þriðja leit um veturnæturnar í haust. Smalað er um allar byggðir landsins, dali og strendur vestan-, norðan-, austan- og sunnanlands, þar sem sparisjóðir og innlánsdeildir eru til. Verði eignir manna þar óbreyttar, má gera ráð fyrir, að 15 millj. fáist samtals yfir árið frá sparisjóðum og innlánsdeildum á öllu landinu utan kaupstaðanna við Faxaflóa.

Ríkisstjórnin mun hafa reiknað út með aðstoð sérfræðinga sinna og reikningsvéla, að þessa fjárhæð þurfi hún að fá utan af landsbyggðinni inn í banka í Reykjavík til þess að ná því takmarki að koma á „jafnvægi í peningamálum". Allt reiknað út með vísindalegri nákvæmni.

Ákvæðin um heimild til að ákveða, að nokkur hluti af innstæðufé innlánsstofnana skuli bundinn á reikningi í Seðlabankanum eða í verðbréfum, eru sett í 11. og 12. gr. frv., sem hér liggur fyrir. Skotið er þar inn því nýmæli, að heimta megi, að innlánsdeildir kaupi verðbréf fyrir nokkuð af innstæðufénu.

Á liðnum áratugum hefur fjöldi fólks flutt sig búferlum utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur og annarra staða við Faxaflóa. Þetta fólk hefur flutt með sér fjármuni sína. Það er röng stefna að auka þessa fjármagnsflutninga með því að heimta hluta af sparifé þeirra, sem enn halda við byggðinni í sveitum og sjávarþorpum úti um landið, því að þar er mikil þörf fyrir þetta fé. Hér er heldur ekki um svo mikið fjármagn að ræða, að nokkur áhrif geti haft á peningamál þjóðarinnar í heild.

Ekki vildu þó fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárhagsnefndinni fallast á breytingar í þessu efni. Þeir styðja sína ríkisstjórn í þessu sem öðru, og trúlegt er, að aðrir þingmenn stjórnarflokkanna styðji líka með alvöru og festu þessar sem aðrar ráðstafanir stjórnarinnar. Til þess mun ríkisstjórnin ætlast af þeim, að þeir reynist ötulir liðsmenn hennar við smölun á fé af öllu landinu inn í Seðlabankann til þess að forða fósturjörðinni og börnum hennar frá jafnvægisleysi í fjármálum.

Ég legg til, að sú heimild til fjárheimtu og fjárbindingar, sem hér hefur verið rætt um, verði numin úr lögum. Það er vegna þess, hvað heimildin er ákaflega misnotuð af núverandi ríkisstjórn.

Alþingi, 22. febr. 1961.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 409. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefur verið samþykkt í Ed. Nefndin hefur kynnt sér umsagnir landnámsstjóra og stjórnarráðsfulltrúans í jarðeignadeild ríkisins, sem báðir leggja til, að frv. verði samþykkt.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frv.

Alþingi, 22. febr. 1961.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson.

Ágúst Þorvaldsson. Karl Guðjónsson.

Nd. 410. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frumv. þetta til athugunar. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Þrír nefndarmanna, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, vilja samþ. frumvarpið með litlum breytingum. Fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni vill fella frumvarpið, en ég er samþykkur meginefni frumvarpsins, en ósamþykkur nokkrum ákvæðum þess.

Ég hef því kosið að gera grein fyrir afstöðu minni og okkar Alþýðubandalagsmanna til frumvarpsins í sérstöku nefndaráliti.

Það er skoðun Alþýðubandalagsins, að meginefni frumvarpsins, sem miðar að því að gera Seðlabankann fullkomlega sjálfstæðan banka án skipulagstengsla við Landsbankann, eins og nú er, sé rétt. Reynslan hefur sýnt, að það er jafnnauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga og aðrar þjóðir að hafa sérstaka seðlabankastofnun, sem fari með æðstu stjórn peningamálanna, án þess að slíkri starfsemi sé blandað saman við almenn viðskiptabankastörf.

Í frumvarpinu um Seðlabanka Íslands eru ýmis ákvæði, sem ég er ósamþykkur eða teldi að betur færi að hafa á annan veg. Skal nú vikið að nokkrum þeirra:

1. **Stofnlánadeild sjávarútvegsins.**

   Í 5. gr. frv. er lagt til, að stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem stofnuð var sem sérstök deild í Landsbankanum, verði áfram sem deild innan Seðlabankans.

Ég er þeirrar skoðunar, að eðlilegra væri, að deild þessi yrði formlega sameinuð Fiskveiðasjóði Íslands, sem er, eins og kunnugt er, aðalstofnlánasjóður sjávarútvegsins.

Sé ætlunin, að stofnlánadeild þessi starfi áfram að öðru leyti en því að innheimta gömul lán, þá er augljóst mál, að rekstur deildarinnar er á allt öðrum grundvelli en venjuleg seðlabankastörf. Ég teldi því rétt að fella 5. gr. frumv. niður.

2. **Innlánsdeildir samvinnufélaga og binding innistæðufjár í Seðlabankanum.**

Ég er andvígur þeim ákvæðum frumvarpsins, sem heimila Seðlabankanum að krefjast þess, að innlánsdeildir samvinnufélaga og smærri sparisjóðir skuli binda nokkurn hluta af innistæðufé sínu í Seðlabankanum. Ég tel þó eðlilegt, að Seðlabankinn hafi slíkt vald yfir öðrum bönkum og stærstu sparisjóðunum.

Ráðstafanir eins og þær, sem nú hafa verið ákveðnar af Seðlabankanum, að skylda alla sparisjóði landsins og allar innlánsdeildir samvinnufélaga til þess að eiga nokkurn hluta af innistæðufé sínu á reikningi í Seðlabankanum og algerlega án tillits til rekstraraðstöðu viðkomandi sparisjóðs eða innlánsdeildar, álít ég ranglátar og hættulegar. Ég tel óeðlilegt, að beitt sé hinum hörðustu ákvæðum til þess að knýja fé úr litlum innlánsdeildum og sparisjóðum úti á landi til geymslu á reikningum í Seðlabankanum í Reykjavík.

3. **Stjórn bankans.**

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að bankastjórar Seðlabankans verði 3, eða fjölgað um 1 frá því, sem nú er. Ég tel ekki þörf á þessari fjölgun bankastjóra og allra sízt þar sem ráðgert er í bankamálafrumvörpum ríkisstjórnarinnar að halda áfram rekstri Framkvæmdabankans sem sérstaks banka, en sá banki starfar að verulegu leyti að venjulegum seðlabankastörfum. Ég hefði talið réttara að sameina Framkvæmdabankann Seðlabankanum, og hefði þá miklu fremur komið til mála að fjölga bankastjórum Seðlabankans, eins og nú er lagt til.

Í samræmi við þær skoðanir, sem hér koma fram, mun ég flytja breytingartillögur við frumvarpið eða styðja slíkar tillögur, ef fram koma.

Alþingi, 23. febr. 1961.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 411. Breytingartillaga [180. mál]

við frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (LJós).

5. gr. frv. falli niður.

Nd. 412. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. mjög rækilega og haft jafnframt til athugunar reglugerð um nýja lánaflokka stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka

Íslands, sem gefin var út 14. jan. 1961, samkvæmt bráðabirgðalögum frá 5. jan. s. l., sem frv. þetta er til staðfestingar á.

Nefndarmenn eru í meginatriðum samþykkir frv. Þó hafa ýmis atriði komið til álita og sumir nefndarmenn viljað ganga lengra en þessu frv. hefur verið ætlað, en það er í aðalatriðum að breyta stuttum lánum og lausaskuldum í viðskiptabönkum fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu, í lengri lán hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins.

SkG mun skila séráliti. Einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum og munu í því sambandi gera grein fyrir sérstöðu sinni. Þó hafa nefndarmenn sameiginlega afstöðu til breytingartillagna, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali og hníga að því að skilgreina nánar ákvæði frv. og taka af tvímæli.

Alþingi, 22. febr. 1961.

Birgir Kjaran, form.	Jóhann Hafstein, frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 413. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Aftan við 1. gr. bætist: og getur hún stofnað til skuldar við Seðlabankann í þessu skyni.
2. Á eftir 1. mgr. 3. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvæði 1. mgr. ná þó eigi til skuldbindinga samkvæmt vinnusamningum eða hlutaskiptasamningum, sem til hefur verið stofnað á næstu 6 mánuðum á undan þeim degi, er umrædd tilkynning stofnlánadeildar berst skiptaráðanda. Sömuleiðis ná ákvæðin eigi til þeirra skuldbindinga, sem til er stofnað eftir 14. janúar 1961. Kröfur eða réttindi fyrnast ekki vegna frests, sem leiða kann af ákvæðum 1. mgr.

Ed. 414. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um kornrækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum. Tveir nefndarmanna, PÞ og DÁ, leggja til, að það verði samþykkt óbreytt, og munu skila sérstöku nál. Meiri hluti n. leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða, en hann getur falið Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum aðila framkvæmd þeirra, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

2. Við 5. gr. Aftan við 1. tölulið bætist:
   a. ef um 50 ha. akra eða meira er að ræða.
   b. 2. töluliður orðist svo: Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu njóta sama framlags úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar.
3. Við 8. gr. Í stað „kr. 200 000.00“ komi: kr. 100 000.00.

Alþingi 23. febr. 1961.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson.

Nd. 415. Lög [177. mál]

um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 312.

Ed. 416. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um þátttöku Íslands í Hinni alþjóðlegu framfarastofnun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Karl Kristjánsson. Gísli Jónsson.

Nd. 417. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Leitað hefur verið umsagnar ýmissa aðila, sem málið varðar. Nefndin er sammála um að mæla með frv. með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „smálestir“ á þremur stöðum komi: rúmlestir.
   b. Í stað „25“ á tveimur stöðum í 2. mgr. komi: 50.
2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi hafa öðlazt meistararéttindi í matreiðslu- eða framreiðsluiðn og hafa staðizt brytapróf við matsveina- og veitingaþjónaskólann.

3. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistökuna eitt ár eða lengur. Til að halda rétti sínum til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðuneytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

Alþingi, 23. febr. 1961.

Jónas G. Rafnar, form. Ragnhildur Helgadóttir, frsm. Unnar Stefánsson, fundaskr.
Þórarinn Þórarinsson. Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 418. Frumvarp til laga [202. mál]

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi 1960—1961.)

1. gr.

e-liður 3. gr. lagannaa orðist svo:

e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins, og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna, allt að kr. 350 000 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 5/1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5/1956 var fjármálaráðherra heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lána allt að 200 millj. krónur vegna 10 ára áætlunarinnar. Á árunum 1956—1959 urðu miklar hækkanir á vöruverði og kaupgjaldi. Þegar þar við bættist breyting á gengisskráningu hinnar íslenzku krónu, er gekk í gildi á s. l. ári, var augljóst, að hækka yrði lántökuheimildirnar allmikið. Heimildirnar samkvæmt lögum nr. 5/1956 eru nú því nær fullnotaðar, en ætla má, að 150 millj. króna hækkun, sem farið er fram á samkvæmt frumvarpi þessu, muni nægja til loka ársins 1963.

Nd. 419. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt efni þess á fundum sínum. Ekki hefur orðið samkomulag í nefndinni um afgreiðslu málsins, og mun minni hlutinn (SkG) skila séráliti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að á frv. verði gerð eftirfarandi

BREYTING:

Við 9. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. falli niður.

Alþingi, 24. febr. 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 420. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til laga um Útvegsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt efni þess á fundum sínum. Ekki hefur orðið samkomulag í nefndinni um afgreiðslu málsins, og mun minni hlutinn (SkG) skila séráliti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að á frv. verði gerð eftirfarandi

BREYTING:

Við 9. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. falli niður.

Alþingi 24. febr. 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 421. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til laga um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta, sem flutt er af ríkisstjórninni til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er út voru gefin 5. f. m., er um lánveitingar til fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu, í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu þeirra.

Ýmsar orsakir liggja til þess, að sjávarútvegurinn á nú í erfiðleikum, m. a. sú gífurlega vaxtahækkun, sem ákveðin var snemma á næstliðnu ári. Sú ráðstöfun ríkisstjórnarinnar hefur lagt óviðráðanlegar klyfjar á fjölda manna og fyrirtækja, þar á meðal á útgerðarfyrirtæki. Þó að nú hafi verið ákveðin nokkur vaxtalækkun, er þar allt of skammt gengið til leiðréttingar.

Það skal því ekki dregið í efa, að brýn þörf sé fyrir lánveitingar til útgerðarfyrirtækja, til þess að rekstur þeirra stöðvist ekki.

Viðskiptamálaráðherra gaf út reglugerð 14. f. m. um fyrirhugaðar lánveitingar samkvæmt bráðabirgðalögunum, Er þar fram tekið, eins og í lögunum, að lán skuli aðeins veitt gegn veði í framleiðslutækjum sjávarútvegsins og sé bankaábyrgð þar að

auki til tryggingar lánunum. Í reglugerðinni segir enn fremur, að andvirði láns skuli greitt í reikning viðskiptabanka þess, sem lánið ábyrgist, enda geti hann gert það að skilyrði, að lánsfénu sé varið til að greiða skuldir við hann eða aðrar skuldir til skamms tíma, sem hann ákveður. Einnig segir í reglugerðinni, að fjár til lánveitinganna geti stofnlánadeildin aflað með því að stofna til skuldar við Seðlabankann, enda sé svo um samið við viðskiptabanka þeirra fyrirtækja, er lán fá, að staða þessara banka hjá Seðlabankanum batni í samræmi við það. Þá segir og, að umsóknir um lánin skuli afhendast viðskiptabanka umsækjenda, er síðan komi þeim áleiðis til lánveitanda, og hafa skuli „náin samráð" við banka um athugun á lánbeiðnunum.

Samkvæmt því, er að framan greinir, er það skilyrði fyrir láni, að banki taki ábyrgð á greiðslu þess, enda getur hann tekið lánsféð upp í skuldir lántakandans eða ráðið því, hvaða skuldir hann borgar með láninu.

Það er til hagræðis fyrir útvegsmenn að fá lán til lengri tíma til greiðslu á skyndilánum í bönkunum, en er þó alls ekki fullnægjandi. Marga útvegsmenn og fyrirtæki sjávarútvegsins skortir fé til greiðslu á lausaskuldum við aðra en banka og þurfa að nota væntanleg lán til greiðslu á slíkum kröfum. Lánin mega því ekki vera þeim skilyrðum bundin, að þau fari eingöngu til greiðslu á bankaskuldum. Þá virðist engin ástæða til að setja það ófrávíkjanlega skilyrði fyrir lánveitingu, að bankaábyrgð sé til tryggingar á greiðslu. Aðrar öruggar tryggingar ætti einnig að taka gildar.

Í frv. segir ekkert um það, við hvað skuli miða upphæðir veittra lána. Í brtt., er ég flyt, legg ég til, að lánin verði við það miðuð, að lántakendur geti greitt lausaskuldir sínar, svo að atvinnurekstur þeirra geti haldið áfram, enda sé verðmæti þeirra eigna, er þeir setja að veði, nægilegt til greiðslu á lánunum eða settar aðrar tryggingar, er sjóðsstjórnin metur gildar.

Samkvæmt 2. gr. frv. á stjórn stofnlánadeildarinnar að ákveða vexti af lánunum, að höfðu samráði við ríkisstjórnina. Ég legg til, að hámark vaxtanna verði 5%.

Frumvarp þetta er aðeins um nýjar lánveitingar til þeirra aðila, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu. En sjávarútvegurinn er ekki eini atvinnuvegurinn, sem nú skortir tilfinnanlega lánsfé. Svo er einnig um landbúnaðinn. Vaxtahækkunin og aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum á næstliðnu ári hafa lagt miklar byrðar á bændastéttina, og svo er komið, að margir bændur geta því aðeins haldið búrekstri sínum áfram, að þeir fái lán með viðráðanlegum vöxtum og borgunarskilmálum til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla. Þeir eiga líka tvímælalaust rétt á svipaðri fyrirgreiðslu og útvegsmenn. Og fyrirtæki, sem hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, hafa yfirleitt fengið mjög lítil stofnlán til þeirra framkvæmda og búa því við fjárskort eins og eigendur fiskvinnslustöðvanna.

Það er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja þeirra, á sama hátt og gert er með þessu frv. fyrir útvegsmenn og þeirra fyrirtæki. Ég ber því fram breytingartillögu við frv. um að bæta inn í það ákvæðum um sérstaka stofnlánadeild fyrir landbúnaðinn hjá Seðlabankanum. Í tillögum mínum er gert ráð fyrir, að sú lánadeild veiti lán til einstakra bænda, er skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, og einnig til fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir. Sömu reglur gildi um lánveitingarnar, lánstíma og vexti, eins og um lánin til sjávarútvegsins.

Á liðnum árum hefur verið komið upp atvinnufyrirtækjum á ýmsum stöðum að tilhlutun sveitarfélaga og með þeirra aðstoð til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Mörg slík fyrirtæki hafa notið aðstoðar ríkisins með lánum af atvinnuaukningarfé og ríkisábyrgðum. Flest eru þau á sviði sjávarútvegsins, og mun rekstur margra þeirra erfiður um þessar mundir eins og annarra útgerðarfyrirtækja. Mun því engu minni þörf nú en áður að veita opinbera aðstoð, til þess að starfsemi þeirra geti haldið áfram. Til þess að greiða fyrir því, að þau geti fengið stofnlán samkvæmt frumvarpinu, er hér liggur fyrir, flyt ég breytingartillögu um heimild til ríkisábyrgðar fyrir lánum til þeirra, allt að 30 millj. kr. Ríkisábyrgð sé þó því aðeins veitt, að

sú þingkjörna nefnd, sem úthlutar atvinnuaukningarfé samkv. 20. gr. fjárlaga, mæli með ábyrgðinni. Yrði þá nefndin að meta þörfina fyrir slíka aðstoð.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis“ í 1. málsgr. komi: eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar, svo sem ábyrgð banka eða ríkis.
   b. Við 3. málsgr. bætist:
   og séu ársvextirnir eigi hærri en 5%.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun stjórnar stofnlánadeildarinnar. Séu lánin við það miðuð, að lántakandi geti greitt lausaskuldir og haldið áfram atvinnurekstri sínum, enda sé verðmæti þeirra eigna, er hann veðsetur til tryggingar láninu, nægilegt til greiðslu á því, eða aðrar tryggingar settar, er lánveitandi metur gildar.
2. Við 3. gr. Á eftir „viðskiptabanka umsækjanda“ í 1. málsgr. bætist inn í greinina: ef um er að ræða,
3. Á eftir 4. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, þannig:
   a. (5. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs stofnlán samkvæmt þessum lögum, allt að 30 millj. kr., sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp með atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Ríkisábyrgð skal því aðeins veitt, að fyrir liggi meðmæli nefndar þeirrar, er úthlutar atvinnuaukningarfé samkv. 20. gr. fjárlaga.
   b. (6. gr.) Stofna skal sérstaka lánadeild við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, er nefnist Stofnlánadeild landbúnaðarins. Deildin veiti lán til að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarfurðir og skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla. Lánin skulu veitt gegn veði í fasteignum og búvélum bænda og fasteignum og vélum vinnslustöðva landbúnaðarins, eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar. Hámarkslánstími skal vera: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á vélar 10 ár. Vextir skulu vera þeir sömu og af lánum samkv. 2. gr., og mat á eignum fari eftir sömu reglum og þar greinir. Ákvörðun lánsupphæðar hverju sinni fer eftir ákvæðum 2. gr.
   Fjár til lánveitinga samkv. þessari grein skal aflað á sama hátt og til lána samkv. 1. gr.
   Ákvæði 3. gr. um sérstaka athugun á fjárhag umsækjanda, þegar þess er talin þörf, og um tímabundna stöðvun aðfarar, skulu einnig gilda um þá, er sækja um lán samkv. þessari grein.
4. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um stofnlán hjá Landsbanka Íslands, Seðlabankanum.

Alþingi, 27. febr. 1961.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. **422. Tillaga til þingsályktunar** [203. mál]

um varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Daníel Ágústínusson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að láta fara fram rannsókn sérfróðra manna á því, úr hvaða efni sé heppilegast að gera varanlegar götur í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Að undirbúa löggjöf — að þeirri rannsókn lokinni — um fjárhagslegan stuðning ríkissjóðs við varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við tillögu til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um fjárhagslegan stuðning við malbikun gatna í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Tillaga þessi var ekki útrædd.

Í fyrravor, þegar tillagan var flutt, hafði félagið Malbik s/f verið nýlega stofnað að tilhlutun Sambands ísl. sveitarfélaga. Stofnendur þess voru 9 kaupstaðir utan Reykjavíkur. Þegar unnið var að stofnun félagsins, var það samhljóða álit flestra eða allra verkfræðinga, sem eitthvað létu frá sér heyra um gatnagerð í bæjum, að þar kæmi vart önnur aðferð til greina en malbikun. Ástæðurnar voru einkum þessar:

1. Þar sem fjölþætt kerfi af leiðslum er í götum, sem oft þarf að endurbæta, er langtum auðveldara að brjóta upp malbikið en steypuna og gera þannig við göturnar aftur, að lítið sjái á.
2. Malbikaðar götur eru sléttari og fara betur með ökutækin.
3. Steyptar götur eru 50% dýrari eða jafnvel meir.
4. Vanda þarf betur undirstöðuna fyrir steypta vegi en malbikaða, og getur það oft orðið mikið fjárhagsatriði.

Hins vegar væri steypan sterkari og endingarbetri og því heppilegra efni í þjóðvegina, þar sem ekki væru neinar leiðslur. Það getur ekki verið nein tilviljun, að Reykjavík, Vestmannaeyjar, Keflavík o. fl. bæir hafa eingöngu notað malbik til varanlegrar gatnagerðar. Erlendis er einnig til víðtæk reynsla í þessum efnum. Þar mun algengast a. m. k., að slitlagið sé úr malbiki.

Á Akranesi var gerð tilraun s. l. haust með að steypa 300 m langan götuspotta, og kostaði það verk 600 þús. kr. Það þýðir, að km kostar 2 millj. kr. Skilyrði þarna voru hin beztu. Steypt var á sand, og þurfti ekkert að kosta til undirstöðunnar, enda var steypt yfir 20—30 ára gamlar skolpleiðslur og ekkert járn notað í steypuna. Þrátt fyrir þetta varð verkið ca. 60% dýrara en malbikaðar götur í Reykjavík. Þetta sannar bezt þá brýnu nauðsyn, að kunnáttumenn kveði hér upp sinn dóm eftir ýtarlega rannsókn. Hætt er við, að varanlegri gatnagerð miði hægt áfram, ef km þarf að kosta 2 millj. kr.

Um það bil er félagið Malbik ætlaði að ganga frá kaupum á vélum á s. l. hausti og gera annan undirbúning, svo að hægt yrði að hefja framkvæmdir næsta sumar, reis sú spurning hjá forvígismönnum Sambands ísl. sveitarfélaga, hvort ekki mundi betra að steypa götur en malbika. Af þeim ástæðum var frestað að ganga endanlega frá kaupum á fullkominni malbikunarvél. Það er því mjög nauðsynlegt, að rannsókn sérfróðra manna fari nú þegar fram um þau atriði, sem tillaga þessi greinir, að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, svo að óvefengjanlegur samanburður fáist um malbik og steinsteypu til varanlegrar gatnagerðar eða hvort enn aðrar leiðir koma til greina, eins og t. d. að steypa plötur í verksmiðjum og nota þær sem slitlag á götur.

Það er allt of dýrt, að einstök bæjarfélög séu stöðugt að gera tilraunir í þess-

um málum. Álitsgerð hinna færustu kunnáttumanna ætti hér að geta leitt sannleikann í ljós, svo að ekki þurfi að styðjast við ágizkanir.

Verulegt átak í varanlegri gatnagerð kaupstaða og kauptúna kostar mikið fé. Það er því nauðsynlegt, að stuðningur ríkissjóðs komi hér til. Útvegun lánsfjár leysir þennan vanda ekki. Vextir eru háir og greiðslugetu bæjarfélaganna takmörk sett, enda þarfirnar margvíslegar. Útvegun lána með háum vöxtum — svo að ekki sé rætt um gengisáhættu — gæti orðið bæjarfélögunum bjarnargreiði, þar sem hér er um óarðbærar framkvæmdir að ræða í venjulegri merkingu þess orðs. Stórlán til varanlegrar gatnagerðar fást tæplega nema með ríkisábyrgð. Hinar ábyrgari sveitarstjórnir mundu fara varlega í framkvæmdir, ef greiða þyrfti háa vexti af öllum stofnkostnaðinum. Þær óábyrgari mundu hugsa sér að velta byrðunum á ríkissjóð, ef svo bæri undir, og sjá þá væntanlega flestir, í hvert óefni er komið. Lánaleiðin hefur því augljósa ágalla.

Hér þarf að gera skynsamlega fjárhagsáætlun um varanlega gatnagerð, sem miði m. a. að þessu: Notuð sé sú aðferð, sem ódýrust er, en þó fullkomlega örugg, svo að sem lengstar götur fáist byggðar upp fyrir sem minnst fé. Ríkissjóður veiti hæfilegt framlag. Bæjarfélögin leggi strax fram ákveðinn hundraðshluta, og einhver hluti fengist í innlendu láni með hóflegum vöxtum. Með þessari eða svipaðri tilhögun væri varanleg gatnagerð bæjar- og sveitarfélaga byggð á traustum fjárhagsgrundvelli, sem flestum þeirra ætti ekki að vera um megn, ef tæknileg þjónusta og sameiginleg forusta kæmi frá einhverjum aðila, eins og t. d. upphaflega var hugmyndin með sameignarfélagið Malbik. Þar sem hér er um að ræða merkilegt framfaramál kaupstaða og kauptúna í landinu er nauðsynlegt, að lagður verði sá fjárhagsgrundvöllur, sem tryggi örygga framkvæmd, en málið sé ekki byggt á blekkingum, er komi sveitarfélögunum í óviðráðanlegt skuldafen.

Um langt árabil hafa 95 þús. kr. verið á fjárlögum til stuðnings varanlegri gatnagerð í bæjum. Slík fjárhæð skiptir nú orðið litlu máli. Í þessu sambandi má gjarnan á það minna, að ríkið innheimtir nú kr. 1.47 af hverjum benzínlítra í skatt, og er sú upphæð áætluð í heild 75 millj. kr. Þar af eiga 14 aurar að fara í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga, sem gerir 7 millj. kr., og 19 aurar í brúasjóð, sem verða 10 millj. kr., en 114 aurar renna í ríkissjóð, og er sú upphæð áætluð 58 millj. kr. Með þessu móti er langmestur hluti benzínskattsins gerður að venjulegri tekjuöflun fyrir ríkissjóð í stað þess að byggja upp samgöngukerfi landsmanna með ýmsum hætti.

Gatnagerðin er sameiginlegt vandamál allra kaupstaða og kauptúna í landinu. Óvíða hafa verið gerðar götur úr varanlegu efni, sem nokkru nemur, og setur það svipmót sitt á marga kaupstaði og kauptún. Víðast hvar verður að notast við hinar frumstæðu malargötur, með misjafnlega slæmum ofaníburði. Þetta veldur því, að farartækin slitna fyrr en ella og viðhald þeirra verður óeðlilega dýrt. Jafnframt er varanleg gatnagerð mjög mikilvægt hreinlætis- og menningarmál fyrir bæina og hvetur íbúa þeirra til snyrtilegrar umgengni á lóðum og húsum.

Við væntum því, að ljóst megi vera, að hér er um mikilvægt framfaramál að ræða, sem varðar stóran hluta þjóðarinnar, sem býr í kaupstöðum og kauptúnum landsins, — enn fremur að nauðsynlegt er að koma fastri skipan á þessi mál með sérstakri löggjöf, eftir að sú rannsókn hefur farið fram, sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um.

Ed. 423. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til laga um kornrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. vill gera allmiklar breytingar á frv., sem minni hl. getur ekki fallizt á.

Frv. um kornrækt hefur nú verið flutt á þremur þingum. Á síðasta þingi var það samþykkt í Ed., en varð eigi útrætt í Nd.

Tilraunir með kornrækt hafa verið gerðar á ýmsum stöðum hér á landi um alllangt skeið. Sú reynsla, sem fengin er af kornrækt á Sámsstöðum í Fljótshlíð og víðar, sýnir ótvírætt, að flest sumur getur korn náð góðum þroska víða hér á landi og að stundum verður uppskeran af hverjum ha. engu minni en á sér stað í nágrannalöndunum.

Þessi reynsla ásamt góðum skilningi bændastéttarinnar á nauðsyn þess að efla landbúnaðinn og gera innlenda framleiðslu sem fjölbreyttasta hefur leitt til þess, að áhugi bænda á kornrækt fer vaxandi og a. m. k. í sumum héruðum er í undirbúningi að auka kornrækt að miklum mun frá því, sem verið hefur, ef það reynist kleift sökum stofnkostnaðar.

Það bætir að jafnaði hag hvers bónda að hafa framleiðslu búsins svo fjölbreytta sem við verður komið á hverjum stað með hóflegum kostnaði. Og það eykur öryggi búskaparins, ef skakkaföll verða á einni búgrein, að þá séu aðrar jafnframt hafðar í taki. Kornrækt á því að geta orðið bændum, sem hana stunda, til fjárhagslegs stuðnings.

Aukin kornrækt er þó ekki fyrst og fremst hagsmunamál bandastéttarinnar, heldur hefur málið þjóðhagslegt gildi. Það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að landið sé vel nytjað og að hagnýtt séu góð atvinnuskilyrði, sem fyrir hendi eru. Með vaxandi fólksfjölda þurfa að koma nýjar atvinnugreinar og aukin atvinna. Efling landbúnaðarins og aukin fjölbreytni á því sviði stuðlar að jafnvægi í byggð landsins.

Árlega eru fluttar til landsins fóðurvörur fyrir allháa fjárhæð í erlendum gjaldeyri. Enn fremur er á þessu ári varið úr ríkissjóði eigi minna en 12 millj. kr. til niðurgreiðslu á verði innfluttra fóðurvara.

Ef ræktað væri hér á landi svo mikið magn af korni til fóðurs, að fella mætti niður að mestu eða öllu leyti innflutning á fóðurvörum, yrði að því verulegur sparnaður á erlendum gjaldeyri, þar sem áburður er að miklu leyti framleiddur innanlands.

En til þess að hægt sé að leggja stund á kornrækt með góðum árangri og hagnýta uppskeruna án mikils vinnuafls, þarf allmikinn vélakost. Stofnkostnaðurinn mun því hindra, að kornrækt aukist svo sem þörf er, nema veittur verði af hálfu ríkisins fjárhagslegur stuðningur vegna vélakaupa og vinnslu lands til kornræktar.

Með frv. þessu er lagt til, að ríkisframlag til kaupa á kornyrkjuvélum skuli nema allt að 50% af kaupverði þeirra, þó ekki yfir 200 þús. kr. til hvers kornræktarfélags, enda sé akurlendi þá minnst 10 ha., svo að tryggð sé full nýting hverrar vélasamstæðu, — enn fremur, að greitt skuli svipað framlag á hvern ha. akurs og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna túnræktar.

Minni hl. nefndarinnar telur fullkomlega tímabært, að sett verði þegar á þessu þingi löggjöf um kornrækt og að með frv. þessu sé ekki of langt gengið um fjárhagslegan stuðning af hálfu ríkisins.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1961.

Páll Þorsteinsson, frsm. Daníel Ágústínusson.

Nd. **424. Nefndarálit** **[7. mál]**

um frv. til laga um löggildingu bifreiðaverkstæða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt þetta frumvarp á mörgum fundum og leitað um það álits hjá ýmsum aðilum. Einnig hafa nokkrir þeirra, er áhuga hafa á að fá frumvarpið lögfest, komið til viðtals við nefndina.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Jón Pálmason, Jón Kjartansson og Unnar Stefánsson, mælir með því, að frumvarpið nái fram að ganga, en áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, ef þær koma fram, eða flytja breytingartillögur. Gunnar Jóhannsson er málinu andvígur og mun skila séráliti. Björn Fr. Björnsson var ekki mættur á fundi, þegar málið var afgreitt.

Nefndin hefur fengið umsögn um frumvarpið frá eftirgreindum aðilum:

1. Bifreiðaeftirliti ríkisins.
2. Félagi bifvélavirkja.
3. Sambandi bifreiðaverkstæðaeigenda.
4. Félagi bifreiðasmiða.
5. Stjórn Landleiða.
6. Olíufélaginu Skeljung.
7. Olíuverzlun Íslands.
8. Forstjóra Strætisvagna Reykjavíkur.
9. Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda.
10. Vegamálastjóra.
11. Landssambandi vörubifreiðastjóra.

Álit þessara aðila er nokkuð misjafnt. Þó mæla 9 þeirra með því, að frumvarpið verði samþykkt, og vilja sumir jafnvel ganga lengra í kröfum en frumvarpið gerir ráð fyrir, en aðrir eru því andvígir, að lengra sé farið.

Tveir aðilar, Félag íslenzkra bifreiðaeigenda og Landssamband vörubifreiðastjóra, mæla gegn því, að frumvarpið nái fram að ganga, og færa ýmis rök máli sínu til stuðnings. Láta þeir í ljós ótta um það, að af samþykkt þess muni leiða einokunaraðstöðu vissra stórra verkstæða og á einstökum stöðum.

Þetta er hugsanlegt, en þarf alls ekki að verða. Það fer allt eftir því, hvernig framkvæmdin verður á þeirri heimild, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þessu væri hægt að beita harkalega, en það er hægt að beita því frjálslega, svo að ekki verði ofvaxið eigendum verkstæðanna að fylgja kröfunum.

Við, sem mælum með því, að frumvarpið verði samþykkt, treystum því, að dómsmálaráðuneytið beiti heimild sinni frjálslega, svo að engin hætta sé á, að um einokun eða okur vissra aðila verði að ræða á viðgerðum bifreiða og annarra aflvéla.

Alþingi, 24. febr. 1961.

Jón Pálmason, form., frsm. Unnar Stefánsson, fundaskr. Jón Kjartansson.

Nd. 425. Frumvarp til laga [180. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. febr.)

Samhljóða þskj. 315 með þessum breytingum.

4. gr. hljóðar svo:

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

28. gr. hljóðar svo:

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

Nd. 426. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um löggildingu bifreiðaverkstæða.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp til laga um löggildingu bifreiðaverkstæða hefur verið rætt á mörgum fundum allsherjarnefndar. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Þrír nefndarmanna telja sig samþykka frumvarpinu. Þó hafa tveir þeirra gert þann fyrirvara, að þeir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Einn nefndarmanna, Björn Fr. Björnsson, var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt, en undirritaður tjáði sig ósamþykkan nokkrum atriðum í frumvarpinu og mundu því skila séráliti.

Nefndin hefur sent frumvarpið til nokkurra aðila í Reykjavík og óskað álits þeirra um málið. Svör hafa borizt frá flestum þeirra.

Nokkrir mæla með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Aðrir vilja, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu einni, að orðin í 1. gr. „gegn greiðslu“ verði felld niður, en Félag íslenzkra bifreiðaeigenda og Landssamband vörubifreiðastjóra mæla gegn frumvarpinu.

Þeir aðilar, sem mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, eru Bifreiðaeftirlit ríkisins, framkvæmdastjóri Strætisvagna Reykjavíkur, olíufélagið Skeljungur h/f, Olíuverzlun Íslands h/f og vegamálastjóri.

Þá hafa Landleiðir h/f lýst stuðningi sínum við frumvarpið með fyrirvara um nokkur atriði.

Í bréfi frá Landleiðum h/f til allsherjarnefndar segir meðal annars:

„Við teljum óheppilegt, að heimild sú, sem dómsmálaráðuneytinu er veitt í 1. gr., sé ótakmörkuð, þar sem löggildingarskylda víða úti um land gæti leitt til

fullkominnar einokunaraðstöðu. Við leyfum okkur að benda á þá leið til breytingar á 1. gr., að heimildin takmarkaðist við það, að á hverjum stað (bæjar- eða sveitarfélagi) fengju a. m. k. tvö verkstæði löggildingu, en hennar yrði ekki krafizt, þar sem aðeins eitt verkstæði uppfyllir skilyrði þau, sem sett kunna að verða.“

Þá kemur það mjög skýrt í ljós í bréfi Landleiða h/f, að af löggildingunni hljóti að leiða aukinn kostnað fyrir verkstæðin og því óhjákvæmilegt, að gerð verði breyting á álagningarreglum til hækkunar, og gera þær það að skilyrði fyrir stuðningi sínum við frumvarpið.

Þeir aðilar, sem ég hef hér bent á að hafi sent allsherjarnefnd umsagnir um frv. og mælt með því ýmist óbreyttu eða með breytingum, eru fyrirtæki, sem ekki er ætlazt til samkvæmt frumvarpinu að falli undir lögin. Álit þeirra ber því að skoða í öðru ljósi en þeirra, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að falli undir væntanleg lög.

Það ákvæði frumvarpsins að undanskilja nokkra aðila og þá fyrst og fremst þá, sem hafa stærstu vagnana, svo sem strætisvagna, langferðabíla, tankbíla olíufélaganna, Vegagerð ríkisins o. fl., sem allir hafa sín eigin viðgerðarverkstæði, er lítt skiljanlegt.

Í bréfi, sem allsherjarnefnd barst frá Félagi bifvélavirkja, segir m. a. um þetta atriði:

„Við teljum, að niður eigi að falla orðin „gegn greiðslu““ (Landleiðir h/f setja það aftur á móti sem skilyrði fyrir stuðningi sínum við frumvarpið, að 1. gr. verði samþykkt óbreytt), „þar sem við leggjum áherzlu á, að öll bifreiðaverkstæði eigi að falla undir löggildingarákvæði laga þessara. Fjöldi verkstæða er aðeins rekinn fyrir eigin bifreiðar fyrirtækja og einstaklinga, t. d. verkstæði fyrir strætisvagnana og olíufélögin, vegagerðina, sérleyfishafa o. fl., og selja því ekki út vinnu. Þessir aðilar eiga og gera við stærstu og fyrirferðarmestu bifreiðarnar, og er því mest í húfi, að þær séu í fullkomnu lagi. Er það því öryggiskrafa, að þessi verkstæði séu ekki verr búin tækjum og fagmönnum en þau verkstæði, sem selja út vinnu.“

Þá er og bent á, að félagið leggi áherzlu á, að Bifreiðaeftirlit ríkisins hafi í þjónustu sinni bifvélavirkjameistara, sem hafi starfsreynslu sem meistari á bifvélaverkstæðum, og fjalli hann um þessi mál.

Í bréfi, dags. 15. nóv. 1960, sem Iðnaðarmálastofnun Íslands sendi iðnaðarmálaráðuneytinu og allsherjarnefnd Nd. var sent, segir m. a.:

„Samtök bifreiðaverkstæðiseigenda hafa vakið athygli vora á því, að æskilegt sé, að orðin „gegn greiðslu“ verði látin falla niður. Kemur hvort tveggja til, að frá öryggissjónarmiði næðu lögin ekki til fulls tilgangi sínum, ef einkaverkstæði væru undanskilin löggildingarákvæðum, og einnig, að slíkt gæti gefið tækifæri til misnotkunar.“

Ég skal taka það fram, að svo framarlega sem það telst nauðsynlegt að löggilda bifreiðaverkstæðin, er vitanlega sjálfsagt, að löggildingin nái til sem allra flestra aðila og þá alveg sérstaklega til þeirra verkstæða, sem hafa með höndum viðgerðir á stærstu og fyrirferðarmestu bifreiðunum. Þetta liggur svo ljóst fyrir, að um það ættu ekki að vera skiptar skoðanir. Það er því lítt skiljanlegt, af hvaða ástæðum þeir aðilar, sem þessu frumvarpi eru fylgjandi, vilja ekki láta löggildingarákvæðin ná til áðurnefndra aðila, svo framarlega sem löggildingarákvæðin eiga að þjóna því markmiði að auka almennt öryggi í umferðarmálum.

Þá kem ég að áliti Félags íslenzkra bifreiðaeigenda og áliti Landssambands vörubifreiðastjóra. Báðir þessir aðilar mæla mjög ákveðið á móti frumvarpinu.

Félag íslenzkra bifreiðaeigenda segir m. a.:

a. Lög þessi eru sennilega óþörf, þar eð breytingar á verðlagsákvæðum mundu ekki aðeins ná sama, heldur betri árangri.
b. Þau eru ótímabær, vegna þess að Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur ekki þá aðstöðu, sem nauðsynleg er til þess að tryggja, að nægilega ströngum löggildingarákvæð-

um verði framfylgt. Má í því sambandi benda á, að slælega mun framfylgt ýmsum þeim reglum um iðnað og iðnaðarhúsnæði, sem náð geta til bifreiðaverkstæða.

Lögin mundu skapa vissum verkstæðum eins konar einokunaraðstöðu, hindra, að hægt væri að afnema verðlagsákvæði, sem eru undirrót meinsemdarinnar. Svo virðist sem lög þessi mundu verða til verulegra hagsbóta fyrir 10—20 bifreiðaverkstæði, þau mundu ekki leysa að verulegu leyti né á varanlegan hátt vandræði 12—14 þúsund bifreiðaeigenda og því verða að litlu liði fyrir 154 þús. notendur bifreiða.

Lögin teljum við því sennilega óþörf, áreiðanlega ótímabær og gildi þeirra takmarkað. Því álítum við tæplega verjandi fyrir hið háa Alþingi að samþykkja lögin, eins og sakir standa. Við mælum því gegn því, að frumvarpið verði samþykkt."

Þetta var endir á bréfi frá stjórn Félags íslenzkra bifreiðaeigenda.

Stjórn Landssambands vörubifreiðastjóra telur, að flestri þjónustu varðandi rekstur bifreiðaverkstæða sé mjög ábótavant. Verkstæðin hafi lélegan verkfærakost og það, sem sé þó enn þá alvarlegra, sé, að vinnukraftur sá, sem verkstæðin bjóði upp á, sé mjög misjafn og í mörgum tilfellum illa hæfur til þeirra verka, sem ætlazt verður til að fagmenn leysi vel af hendi, enda sé ljóst mál, að kennslu í bifvélavirkjun á verkstæðunum sjálfum sé mjög ábótavant, auk þess sem kennslu í iðnskólunum í því fagi þurfi ekki hvað sízt að taka föstum tökum.

Síðar í bréfinu segir orðrétt:

„Landssambandið vill ekki gera lítið úr þeirri viðleitni, sem liggur að baki frumvarpinu af hálfu ríkisvaldsins að því leyti að skapa meiri festu og aukið öryggi í sambandi við viðgerð bifreiða, en vill jafnframt benda á, að það óttast, að af hálfu hinna stóru verkstæðiseigenda, sem sambandið veit að eru aðalfrumkvöðull að flutningi frumvarpsins, sé tilgangurinn fyrst og fremst sá að skapa sér grundvöll til stórkostlegrar hækkunar á viðgerðum bifreiða í skjóli þess að afla verkstæðum nauðsynlegra tækja, sem vissulega ættu að vera fyrir hendi nú þegar, með þeirri álagningu, sem bifreiðaverkstæðin hafa nú heimild til. Augljóst er einnig, að með samþykkt frv. væri einokun stærri verkstæðanna löggilt."

Bréf Landssambands vörubifreiðastjóra endar á þessa leið:

„Miðað við það, sem að framan segir, og að mörg ákvæði frv. eru óljós, og þó sérstaklega það, að samtök bifreiðaeigenda koma ekki til með að eiga neina aðild að þeim reglugerðum, sem frv. gerir ráð fyrir, að settar verði verði og framkvæmd frv. hlýtur að byggjast á að verulegu leyti, getur stjórn Landssambandsins ekki mælt með samþykkt nefnds frv. í því formi, sem það er nú."

Ég hef hér að framan rætt um álit hinna ýmsu aðila, sem hafa fengið frumvarpið til umsagnar, og birt nokkur helztu atriði úr bréfum þeirra. Ég vil taka það fram, að sumt af því, sem þar kemur fram, getur orkað tvímælis, svo sem sú staðhæfing Félags íslenzkra bifreiðaeigenda, að óeðlilega ströng verðlagsákvæði séu ein af þremur vandkvæðum á viðgerðarþjónustunni og að afnám hámarksálagningarinnar sé aðalatriðið til þess að skapa eðlilega þróun þessara mála.

Rétt er að benda á, að leitað hefur verið umsagnar um frv. aðeins meðal nokkurra aðila í Reykjavík, en engra umsagna leitað meðal manna eða félaga utan höfuðstaðarins.

Að sjálfsögðu er ekki þýðingarminna að fá umsagnir um frv. frá mönnum utan Reykjavíkur. Það er þó vitað, að allmikil andstaða mun vera gegn frumvarpinu úti á landi, enda ekki óeðlilegt, þar sem þar eru víða mörg smá viðgerðarverkstæði, sem í mörgum tilfellum veita ágæta og nauðsynlega þjónustu, en mundu, ef frumvarpið verður að lögum, eiga það á hættu að þurfa að hætta starfsemi sinni. Það væri því að ganga freklega á rétt þess fólks, sem úti á landinu býr, ef frumvarpið yrði gert að lögum, án þess að því væri gefinn kostur á að kynna sér málið og segja sitt álit þar um.

Ekki er rétt að ganga fram hjá því, að margir telja sig fá beztar og um leið ódýrastar viðgerðir á hinum smáu verkstæðum. Að leggja slík verkstæði niður eða banna starfsemi þeirra með lögum mundi mæta mikilli andúð, enda væri slíkt frekleg skerðing á athafnafrelsi manna. Skúraverkstæðin geta því aðeins lifað, að þau láti af hendi þjónustu, sem er fyllilega sambærileg við það, sem er á hinum stærri verkstæðum. Geri þau það ekki, hverfa þau af sjálfu sér.

Af því, sem að framan segir, er það ljóst, að stór hluti bifreiðaeigenda er frumvarpinu mótfallinn.

Aðrir, svo sem bifvélavirkjar, eru meðmæltir frumvarpinu, þó með breytingu á 1. gr., sem ekki hefur náðst samkomulag um að breyta í nefndinni. Frumvarpið hefur á engan hátt verið kynnt nægjanlega. Tilgangur þess er mjög umdeildur, og af sumum er það talið stuðla að einokunaraðstöðu vissra aðila. Fyrir því tel ég mér ekki fært á þessu stigi að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en legg til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. febr. 1961.

Gunnar Jóhannsson.

Ed. 427. Lög [55. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 58.

Sþ. 428. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

(Lögð fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1961.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leysa fiskveiðideiluna við Breta í samræmi við orðsendingu þá, sem prentuð er með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, heimilar ríkisstjórninni, ef samþykkt verður, að leysa fiskveiðideiluna við Breta í samræmi við orðsendingu þá, sem prentuð er með ályktuninni, enda má telja tryggt, að brezka ríkisstjórnin fallist á þá lausn.

Þessi lausn felur í sér fjögur meginatriði:

1. Bretar viðurkenna nú þegar 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands.
2. Bretar viðurkenna þýðingarmiklar breytingar á grunnlínum á fjórum stöðum umhverfis landið, en af því leiðir aukningu fiskveiðilögsögunnar um 5065 km².
3. Brezkum skipum verður heimilað að stunda veiðar á takmörkuðum svæðum á milli 6 og 12 mílna og takmarkaðan tíma á ári, næstu þrjú árin.
4. Ríkisstjórn Íslands lýsir yfir því, að hún muni halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland og að ágreiningi um hugsanlegar aðgerðir skuli vísað til Alþjóðadómstólsins.

Áður en gerð verður nánari grein fyrir þessum fjórum atriðum, er nauðsynlegt að rekja stuttlega aðgerðir Íslendinga í landhelgismálinu.

Aðgerðir Íslendinga í landhelgismálinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um langan aldur hefur það verið deilumál milli ríkja, hvernig skyldi ákveða viðáttu landhelginnar.

Þegar litið er á aðstæður Íslendinga, þar sem auðug fiskimið eru allt umhverfis landið og þjóðin byggir afkomu sína að verulegu leyti á hagnýtingu fiskistofna á þessum miðum, er augljóst, hversu mikla þýðingu það hefur hver framvinda verður á þessu sviði.

Samningur sá, sem Danir gerðu við Breta árið 1901, um 3 mílna landhelgi við Ísland, hafði afdrifarík áhrif á viðgang fiskistofna hér við land með því að draga stórkostlega úr þeirri vernd, sem þeir nutu, meðan fiskveiðar útlendinga voru óheimilar innan við 4 mílur, sem miðaðar voru við beinar grunnlínur.

Löngu fyrir síðustu styrjöld var mönnum orðið ljóst, að hin samningsbundna landhelgi veitti fiskistofnunum ekki nægа vernd og fiskveiðar Íslendinga voru í hættu vegna ofveiði. Þegar eftir styrjöldina var því hafizt handa um undirbúning ráðstafana til verndar fiskistofnunum við Ísland. Árið 1948 voru sett lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, þar sem sjávarútvegsmálaráðherra var heimilað að setja reglur um fiskveiðar innan endimarka landgrunnsins.

Árið 1950 var sett fyrsta reglugerðin á grundvelli landgrunnslaganna, en hún gilti einungis fyrir Norðurland. Var þá enn í gildi samningurinn við Breta frá 1901. Með þessari reglugerð var mörkuð sú stefna, sem síðar var farin, að því er grunnlínur snertir. Voru þá ákveðnar beinar grunnlínur á þessu svæði, og jafnframt var fiskveiðilögsaga ákveðin 4 sjómílur frá grunnlínum.

Samningnum við Breta, sem uppsegjanlegur var með tveggja ára fyrirvara, hafði verið sagt upp í október 1949, og gekk hann úr gildi í október 1951. Um það leyti var mál Breta og Norðmanna um grunnlínur við Noreg komið í dóm fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag, og féll dómur í málinu í desember 1951. Norðmenn unnu málið í öllum meginatriðum og fengu þar með viðurkenningu á beinum grunnlínum, sem þeir höfðu miðað landhelgi sína við. Hafði þessi dómur Alþjóðadómstólsins mikla almenna þýðingu í sambandi við ákvörðun grunnlína og myndun reglna um það atriði.

Þegar hinn 19. marz 1952 gaf ríkisstjórn Íslands út reglugerð, er náði til alls landsins, þar sem beinar grunnlínur voru dregnar og fiskveiðilögsaga ákveðin 4 sjómílur frá þeim.

Brezka ríkisstjórnin og ríkisstjórnir þriggja annarra landa mótmæltu þessum aðgerðum Íslendinga, en létu þar við sitja. Hins vegar beittu samtök brezkra togaramanna sér fyrir löndunarbanni á íslenzkum ísvörðum fiski í brezkum höfnum.

Ítrekaðar viðræður fóru fram milli íslenzkra og brezkra stjórnvalda, þar sem báðir aðilar settu fram sjónarmið sín varðandi stækkun fiskveiðilögsögunnar og löndunarbannið. Fyrri hluta árs 1953 var t. d. rætt um þann möguleika að leggja deiluna um reglugerðina frá 19. marz 1952 fyrir Alþjóðadómstólinn, og hinn 24. apríl 1953 tjáði sendiherra Íslands í London brezka utanríkisráðuneytinu, að íslenzka ríkisstjórnin væri reiðubúin að skjóta þessum ágreiningi til Alþjóðadómstólsins og væri reiðubúin að taka upp viðræður við brezku stjórnina um, á hvern hátt það skyldi gert, að því tilskildu, að löndunarbanninu yrði strax aflétt, að fengnu samkomulagi um málsmeðferð.

Af þessu varð ekki, þar sem brezka ríkisstjórnin taldi sig ekki hafa aðstöðu til að tryggja, að því skilyrði íslenzku ríkisstjórnarinnar yrði fullnægt, að löndunarbanninu yrði aflétt, áður en deilumálið færi til dóms.

Löndunarbanninu var ekki aflétt fyrr en í nóvember 1956, eftir að samningar höfðu tekizt, fyrir atbeina Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu (OEEC), milli ís-

lenzkra og brezkra togaraeigenda, þar sem settar voru reglur um löndun íslenzks ísvarins fisks í brezkum höfnum, og er sá samningur enn í gildi.

Næstu aðgerðir Íslendinga í landhelgismálinu voru reglugerð nr. 70 30. júní 1958, þar sem fiskveiðilandhelgin var ákveðin 12 mílur. Grunnlínum þótti hins vegar ekki fært að breyta.

Samningar boðnir 1958 fyrir milligöngu Atlantshafsbandalagsins.

Fyrir gildistöku reglugerðarinnar 1958 var afstaða Íslands kynnt þeim þjóðum, sem einkum áttu hér hagsmuna að gæta, og þess freistað að fá þær til að viðurkenna væntanlegar ráðstafanir Íslendinga.

Í þeim viðræðum, sem þá áttu sér stað á vegum Atlantshafsbandalagsins, var þátttökuríkjum þess af Íslands hálfu boðið, að þeim skyldi heimilt að láta skip sín stunda veiðar um þriggja ára skeið milli 6 og 12 mílna allt umhverfis landið, gegn því skilyrði, að þau viðurkenndu þá þegar 12 mílna fiskveiðilögsögu og að vissar breytingar yrðu gerðar á grunnlínum. Þessar grunnlínubreytingar voru þó miklum mun minni en þær breytingar, sem Bretar eru nú reiðubúnir að fallast á til lausnar fiskveiðideilunni. Meðal annars var ekki gert ráð fyrir breytingum á grunnlínum hvorki á Faxaflóa né Selvogsbanka. Þessu tilboði íslenzku ríkisstjórnarinnar var hafnað.

Ríkisstjórnir þær, sem mótmæltu hinum nýju reglum, létu allar sitja við mótmælin ein, nema brezka ríkisstjórnin, sem ákvað að veita brezkum fiskiskipum herskipavernd innan 12 mílna markanna.

Við þetta skapaðist mikið hættuástand á Íslandsmiðum, þar sem íslenzku varðskipin háðu ójafna baráttu við ofurefli brezka flotans, og framferði brezkra togara og herskipa leiddi hvað eftir annað til háskalegra árekstra, svo að lífsháski stafaði af.

Með ályktun Alþingis hinn 5. maí 1959 voru túlkaðar skoðanir alþjóðar á framferði Breta hér við land og jafnframt ítrekuð sú stefna, sem mörkuð hafði verið þegar með landgrunnslögunum frá 1948. Ályktun þessi var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Ítrekuð mótmæli íslenzku ríkisstjórnarinnar gegn aðgerðum Breta voru ekki tekin til greina. Það var ekki fyrr en við upphaf ráðstefnunnar í Genf um miðjan marz 1960, að Bretar ákváðu að hætta þessum aðgerðum, og var þá einungis miðað við þann tíma, sem ráðstefnan stæði.

Ekki varð samkomulag á ráðstefnu þessari og því við lok hennar alger óvissa ríkjandi um, hvað við tæki. Þá ákvað íslenzka ríkisstjórnin að veita sakaruppgjöf öllum þeim brezkum togaraskipstjórum, sem brotlegir höfðu gerzt við reglugerðina um 12 mílna fiskveiðilandhelgina. Brezkir togaraeigendur tilkynntu síðan, að þeir mundu ekki láta skip sín veiða innan fiskveiðitakmarkanna næstu þrjá mánuði, talið frá 12. maí. Síðar var þetta framlengt um tvo mánuði, og enn um óákveðinn tíma, eftir að viðræður hófust við Breta.

Á s. l. sumri kom þó í ljós, að hættuástandi var ekki bægt frá og alvarlegir árekstrar urðu milli íslenzkra varðskipa og fiskibáta annars vegar og brezkra togara og herskipa hins vegar.

Um þær mundir bar brezka ríkisstjórnin fram tilmæli til íslenzku ríkisstjórnarinnar um viðræður til lausnar fiskveiðideilunni. Ríkisstjórnin féllst á þessi tilmæli, og segir um það svo í fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu hinn 10. ágúst 1960:

„Ríkistjórn Bretlands hefur farið þess á leit við ríkisstjórn Íslands, að teknar verði upp viðræður þeirra í milli um deilu þá, sem er um aðstöðu brezkra fiskiskipa á Íslandsmiðum. Þar sem íslenzku ríkisstjórninni virðist einsætt, að kanna beri til hlítar öll úrræði, sem koma mættu í veg fyrir áframhaldandi árekstra á Íslandsmiðum, auk þess sem vinna þurfi að framgangi ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959, hefur hún tjáð sig reiðubúna til slíkra viðræðna, jafnframt því, sem hún hefur ítrekað við brezku stjórnina, að hún telur Ísland eiga ótvíræðan rétt að alþjóðalögum til þeirrar fiskveiðilögsögu, sem ákveðin hefur verið."

Viðræður við Breta hófust í Reykjavík hinn 1. október 1960. Að þeim loknum er það mat ríkisstjórnarinnar, að unnt sé að leysa fiskveiðideiluna á grundvelli orðsendingar þeirrar, sem fylgir þingsályktunartillögu þessari. Er málið þar með lagt fyrir Alþingi til ákvörðunar, enda lýsti forsætisráðherra yfir því í þingbyrjun, að samráð yrði haft við Alþingi, áður en úrslitaákvörðun yrði tekin.

Skal nú gerð fyrir því nánari grein, í hverju lausn deilunnar er fólgin í einstökum atriðum.

Bretar viðurkenna 12 mílur og nýjar grunnlínur.

Samkvæmt 1. tölulið orðsendingarinnar er ráð fyrir því gert, að ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, og er sú lögsaga miðuð við breyttar grunnlínur eins og síðar getur.

Með þessu samkomulagi fær Ísland viðurkenningu Breta á 12 mílna mörkunum, og er auðsætt, hversu mikla þýðingu það hefur, ekki sízt þegar þess er gætt, að til þessa hafa Bretar hvorki viðurkennt formlega 4 mílna fiskveiðilögsöguna frá 1952 né 12 mílna lögsöguna frá 1958.

Í 2. tölulið orðsendingarinnar er gert ráð fyrir að taka upp nýtt grunnlínukerfi okkur miklu hagkvæmara en það, sem hingað til hefur gilt.

Skal nú gerð grein fyrir breytingunum, sem verða á fjórum þýðingarmiklum stöðum við landið.

Fyrsta breytingin er á Húnaflóa og leiðir til þess, að grunnlínupunktum fækkar um þrjá. Verður línan dregin þvert yfir flóann, milli yztu annesja, Horns og Ásbúðarrifs. Við þessa breytingu stækkar svæðið innan 12 mílna markanna um 972 km². Hefur svæði þetta ekki aðeins þýðingu fyrir þá, sem veiðar stunda þar, heldur einnig fyrir veiðar fyrir austan og vestan, vegna fiskigangna á þessum slóðum, og veitir auk þess vernd smáfiski, sem heldur sig þarna.

Önnur breytingin er sunnan Langaness og leiðir einnig til fækkunar á grunnlínupunktum um þrjá. Verður grunnlínan samkvæmt því dregin fyrir mynni þriggja flóa, Bakkaflóa, Vopnafjarðar og Héraðsflóa, auk Borgarfjarðar, úr Langanesi í Glettinganes. Aukning svæðisins innan 12 mílna marka nemur hér 1033 km². Þarna eru þýðingarmiklar ungfiskstöðvar, sem nú fá mjög aukna vernd fyrir togveiðum. Hefur þessi friðun því viðtæka þýðingu, enda sækja þangað vélbátar víða að af Austfjörðum.

Þriðja grunnlínubreytingin er á Faxaflóa og leiðir til fækkunar grunnlínupunkta um tvo, en auk þess sameinast nú Geirfugladrangur grunnlínukerfinu umhverfis landið og miðast suðurendi Faxaflóalínunnar við þann punkt. Geirfugladrangur var áður sjálfstæður grunnlínustaður. Nyrðri endi grunnlínunnar miðast við Skálasnaga á Snæfellsnesi, sem hefur verið nyrzturþriggja grunnlínupunkta á nesinu. Þessi breyting á grunnlínunni leiðir til aukningar á svæðinu innan 12 mílna markanna um 860 km². Er augljóst, hversu mikla þýðingu sú aukning hefur.

Loks er fjórða grunnlínubreytingin og hin mesta, á Selvogsbanka. Þar fækkar grunnlínupunktunum um þrjá og verður línan dregin úr Geirfuglaskeri, sunnan Vestmannaeyja, í Eldeyjardrang vestan Reykjaness. Með því stækkar fiskveiðilögsagan um 2200 km². Þar eru þýðingarmestu hrygningarsvæði nytjafiska við Ísland. Fleiri skip stunda veiðar á þessu svæði en annars staðar við landið. Er erfitt að

meta þá stórkostlegu þýðingu, sem þessi grunnlínubreyting mun hafa fyrir allar fiskveiðar við Ísland í framtíðinni.

Þær fjórar grunnlínubreytingar, sem ráðgerðar eru, leiða samanlagt til aukningar á fiskveiðilögsögunni um 5065 km².

Þessar breytingar á grunnlínum taka gildi um leið og lausn deilunnar fæst og verða ekki aftur teknar.

Takmörkuð veiðiheimild til Breta í þrjú ár.

Í 3. og 4. tölulið orðsendingarinnar eru ákvæði um, að brezk skip megi stunda veiðar milli 6 og 12 mílna á nánar tilteknum svæðum og tímum og skuli það gilda næstu þrjú ár. Jafnframt er gert ráð fyrir tilteknum svæðum milli 6 og 12 mílna, sem lokuð verði með öllu fyrir veiðum brezkra togara.

Þegar ákvæðið um heimild Breta til veiða milli 6 og 12 mílna er athugað, verður að taka tillit til þriggja atriða, sem skipta meginmáli. Í fyrsta lagi eru grunnlínubreytingarnar, sem áður getur, í öðru lagi þau svæði, sem algerlega eru undanskilin og brezk skip geta aldrei stundað veiðar á, og í þriðja lagi hinn takmarkaði tími á ári hverju, sem veiðarnar eru leyfðar.

Á svæðinu frá Horni að Langanesi er gerð mikilvæg grunnlínubreyting á Húnaflóa. Enn fremur er svæðið milli Grímseyjar og lands með öllu lokað. Sama gildir um svæðið umhverfis Kolbeinsey, en þar er oft mikið magn smáfisks. Um þriggja ára skeið verður brezkum skipum hins vegar leyft að stunda veiðar annars staðar á þessu svæði milli 6 og 12 mílna, en þó aðeins 4 mánuði á ári hverju, á tímabilinu júní til september, þannig, að samanlagður tími þeirra innan 12 mílna markanna verður eitt ár.

Á veiðisvæði Austfjarðabáta frá Langanesi að Mýrnatanga hefur grunnlínubreytingin sunnan Langaness mikla þýðingu. Fyrir Austfjörðum og Suðausturlandi eru veiðar brezkra skipa leyfðar milli 6 og 12 mílna misjafnlega langan tíma á ári hverju. Nyrzt, þar sem grunnlínubreyting er gerð, er veiðitíminn lengstur, 8 mánuðir, á tímabilinu maí til desember. Samanlagt verður þessi tími 2 ár, og vegna grunnlínubreytingarinnar verður verulegur hluti svæðisins milli 6 og 12 mílna utan við núverandi 12 mílna mörk.

Á miðsvæðinu, milli Glettinganess og Setuskers við Reyðarfjörð, eru veiðar brezkra skipa milli 6 og 12 mílna leyfðar í 6 mánuði á ári hverju, mánuðina janúar til apríl og júli og ágúst. Samanlagt verður þessi tími á hinu þriggja ára tímabili eitt og hálft ár.

Á syðsta svæðinu, sem nær frá Setuskeri að Mýrnatanga í Meðallandsbugt, er brezkum skipum heimilað að veiða milli 6 og 12 mílna í 5 mánuði, marz til júlí. Sú veigamikla undantekning er þó gerð, að á tveimur svæðum, við Hornafjörð og Ingólfshöfða, eru þessar veiðar bannaðar, en þessi svæði hafa undanfarið verið þýðingarmikil fyrir þorskanetjaveiðar báta. Þegar þessi svæði eru undantekin, eru brezkum skipum heimilaðar veiðar samanlagt í 15 mánuði á þriggja ára tímabilinu.

Frá Mýrnatanga að 20° v.l., sem er nokkuð austan við Vestmannaeyjar, eru brezkum skipum heimilaðar veiðar milli 6 og 12 mílna í 5 mánuði, apríl til ágúst. Samanlagður tími á þriggja ára tímabilinu verður einnig hér 15 mánuðir.

Er þá komið að svæðinu frá 20° v.l. að Geirfugladrang, þ. e. að miðunum umhverfis Vestmannaeyjar og á Selvogsbanka. Hér gætir að sjálfsögðu mjög hinnar stórkostlegu breytingar á grunnlínum á Selvogsbanka, sem áður getur. Mjög stórt svæði, sem nú er utan 12 mílna markanna, verður við breytinguna innan við 12 mílna mörkin, og meginhluti þess svæðis, sem brezkum skipum verður heimilað að veiða á tímabilið marz til maí ár hvert, um þriggja ára bil, verður utan núverandi 12 mílna marka. Samanlagður tími, sem veiðar verða leyfðar á milli 6 og 12 mílna, nemur 9 mánuðum.

Frá Geirfugladrang að Bjargtöngum, Faxaflói og Breiðafjörður, hefur grunnlínubreytingin mikla þýðingu fyrir Faxaflóa. Hér eru einnig þrjú svæði, sem algerlega verða lokuð til verndar þorskanetjaveiðum, í fyrsta lagi út af sunnanverðum Faxaflóa, í öðru lagi út af Snæfellsnesi og í þriðja lagi út af Breiðafirði. Öll eru þessi svæði þýðingarmikil vegna þorskanetjaveiða. Utan þessara lokuðu svæða verður brezkum skipum heimilað að stunda veiðar á milli 6 og 12 mílna um þriggja ára skeið á tímabilinu marz til maí, eða samanlagt í 9 mánuði.

Loks er svæðið undan Vestfjörðum, frá Bjargtöngum að Horni. Þar er ekki gert ráð fyrir, að brezkum skipum verði heimilaðar neinar veiðar innan 12 mílna marka.

Frambúðarauknings fiskveiðilögsögunnar um 5065 km².

Þegar litið er í heild á þau atriði, sem hér hafa verið talin, og skoðuð þau svæði og tímabil, sem gert er ráð fyrir, að brezkum skipum verði heimilt að veiða á milli 6 og 12 mílna, blasir eftirfarandi við:

Íslenzk skip stunda að vísu veiðar lengst af á öllum þessum slóðum. Þær veiðar eru þó mjög misjafnlega miklar og fara m. a. að sjálfsögðu eftir fiskigöngum frá ári til árs. Við ákvörðun veiðiheimilda til Breta hefur verið byggt á reynslu síðustu ára og við það miðað, að sem minnst tjón yrði af fyrir fiskveiðar Íslendinga sjálfra.

Í þessu sambandi er fróðlegt að gera sér grein fyrir, hvaða fiskmagn berst á land í mismunandi landshlutum. Eftirfarandi yfirlit sýnir aflamagn bátaflotans, sem landað var á árinu 1959, en það er síðasta heila árið, sem endanlegar upplýsingar eru til um. Þá er enn fremur sýnt, hver hundraðshluti hvers svæðis er í heildaraflamagni bátaflotans. Yfirlit þetta er byggt á skýrslum Fiskifélags Íslands.

Vestfirðir	27 271	smál.	12.2 %
Norðurland, vestra (Djúpavík—Grenivík)	19 955	—	8.9 %
Norðurland, eystra (Grímsey—Þórshöfn)	5 540	—	2.5 %
Austfirðir (Bakkafjörður—Hornafjörður)	13 722	—	6.1 %
Suðvesturland (Vestmannaeyjar—Stykkishólmur)	157 111	—	70.3 %

Ef litið er í heild á svæði þau milli 6 og 12 mílna, sem gert er ráð fyrir, að brezkum skipum verði leyft að stunda veiðar á, er flatarmál þeirra samanlagt 14487 km². Hér verður hins vegar að taka tillit til þess, að veiðarnar eru aðeins leyfðar í þrjú ár og í öðru lagi er tíminn takmarkaður á hverju ári við þrjá til átta mánuði. Þegar þessa er gætt, samsvara fyrrgreind svæði því, að Bretum séu heimilaðar veiðar á um 5500 km² í þrjú ár, en það er um 435 km² stærra en það svæði samanlagt, 5065 km², sem aukningin innan 12 mílna markanna nemur vegna grunnlínubreytinga. Sá er þó munurinn, að svæði það, sem vinnst vegna grunnlínubreytinganna, leiðir til stækkunar fiskveiðilögsögunnar, sem ekki verður aftur tekin.

Eftirfarandi yfirlit sýnir flatarmál íslenzkrar fiskveiðilögsögu frá því aðgerðir hófust til aukningar henni og til þeirra breytinga á grunnlínum, sem gert er ráð fyrir í orðsendingunni.

3 sjómílna fiskveiðitakmörk	24 530 km²
4 — — (1952)	42 905 km²
12 — — (1958)	69 809 km²
12 — — (breyttar grunnlínur 1961)	74 874 km²

Frekari útfærsla fiskveiðilögsögunnar.

Í lok orðsendingarinnar eru tvö atriði, sem skipta máli.

Ríkisstjórnin lýsir yfir því, að hún muni halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögu við Ísland. Slík útfærsla yrði þó tilkynnt brezku stjórninni með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágrein-

ingur varðandi ráðstafanirnar, skulu þær bornar undir Alþjóðadómstólinn, ef annar hvor aðili óskar þess. Þessi ákvæði eru í samræmi við tillögur og afstöðu Íslands á báðum Genfarráðstefnunum um réttarreglur á hafinu. Á báðum þeim ráðstefnum var lagt til af Íslands hálfu, að þar sem þjóð byggir afkomu sína á fiskveiðum meðfram ströndum, beri strandríki sérstaða, umfram hin almennu fiskveiðitakmörk, enda skyldi ágreiningur borinn undir gerðardóm. Þessar tillögur voru felldar.

Á fyrri Genfarráðstefnunni var samþykktur samningur um verndun fiskimiða úthafsins og undirritaði Ísland hann. Er þar gert ráð fyrir, að þegar sérstaklega stendur á og samningaviðræður við hlutaðeigandi ríki hafa ekki borið árangur, geti strandríki ákveðið einhliða verndarráðstafanir. Eiga þær ráðstafanir að byggjast á vísindalegri nauðsyn og sömu reglur gilda fyrir erlenda þegna sem innlenda. Gerðardómur sker úr, ef ágreiningur verður. Á þessari ráðstefnu var einnig samþykkt ályktun, þar sem mælt var með, að hlutaðeigandi þjóðir hefðu samvinnu um að tryggja forgangsrétt strandríkis, þegar nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir gegn ofveiði, og var þar einnig ákveðið, að gerðardómur skyldi skera úr ágreiningi.

Í orðsendingu þeirri, sem fylgir þessari þingsályktunartillögu, felst engin skuldbinding um, að miðað sé við þær efnistakmarkanir, sem ákveðnar voru í Genf. Hins vegar standa þær leiðir, sem samþykktar voru í Genf, að sjálfsögðu eftir sem áður opnar.

Loks er í orðsendingunni gert ráð fyrir, að hún, ásamt svari brezku ríkisstjórnarinnar, þar sem brezka stjórnin staðfestir efni hennar, verði skrásett hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Í 102. gr. stofnskrár samtakanna kveður á um, að einungis þeir samningar, sem þannig eru skrásettir, geti komið til meðferðar Alþjóðadómstólsins, ef ágreiningur rís um framkvæmd þeirra. Leiðir þetta ákvæði beint af því, sem áður er sagt um málsskot til Alþjóðadómstólsins.

Að endingu er tekið fram, að samkomulag á grundvelli orðsendingarinnar taki þegar gildi.

Hagkvæm lausn.

Tilraunir til að setja allsherjarreglur um víðáttu fiskveiðilögsögu hafa farið út um þúfur.

Fyrir Íslendinga hefur þegar mikið áunnizt, en fiskveiðideilan við Breta stendur enn og er viðbúið, að hún magnist á ný, ef ekki verður að gert.

Ísland er ekki eina ríkið, sem lent hefur í deilum við aðra út af stærð fiskveiðilögsögunnar. Ýmiss konar ágreiningur af þessum sökum hefur verið leystur með samningum ríkja á milli. Er þar skemmst að minnast samninga Rússa, Dana og Norðmanna við Breta.

Árið 1956 gerðu Bretar samning við Sovétríkin um réttindi brezkra fiskiskipa til veiða innan 12 mílna landhelgi við norðurströnd Sovétríkjanna. Samkvæmt samningnum er brezkum skipum heimilt að stunda veiðar allt að þriggja mílna mörkum á tilteknum svæðum. Var samningurinn gerður til 5 ára, en framlengist sjálfkrafa 5 ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af öðrum hvorum samningsaðila með eins árs fyrirvara. Samningnum var ekki sagt upp og gildir því næstu 5 ár.

Árið 1955 gerðu Bretar samning við Dani um fiskveiðilandhelgi við Færeyjar. Var þar um að ræða nokkra breytingu á grunnlínum, en landhelgin var eftir sem áður ákveðin 3 mílur. Samningur þessi var gerður til 10 ára. Árið 1959 var gerður nýr samningur milli sömu aðila um landhelgi við Færeyjar. Samkvæmt þeim samningi viðurkenndu Bretar 6 mílna fiskveiðilögsögu við eyjarnar, er skyldi mælast frá stórstraumsfjöruborði. Á milli 6 og 12 mílna voru enn fremur til tekin þrjú tiltölulega lítil svæði, þar sem einungis línu- og handfæraveiðar eru heimilar á tilteknum tímum og gildir það einnig fyrir brezk skip. Samningurinn gildir í þrjú ár, en er uppsegjanlegur eftir það með eins árs fyrirvara. Frá því samningur þessi var gerður, hafa aðrar þjóðir verið útilokaðar frá veiðum milli 6 og 12 mílna

við Færeyjar á þeim forsendum, að þær hafi ekki áður stundað reglubundnar veiðar á því svæði.

Á s. l. hausti gerðu Bretar samning við Norðmenn. Samkvæmt honum viðurkenna Bretar 12 mílna fiskveiðilandhelgi við Noreg, er taki þó ekki gildi gagnvart þeim, fyrr en að 10 árum liðnum. Á þessu tímabili heimilast brezkum skipum að veiða milli 6 og 12 mílna, að undanteknum fjórum tilteknum svæðum, sem eru með öllu lokuð fyrir togveiðum, og nær það einnig til norskra skipa.

Af þessum dæmum er ljóst, að aðrar þjóðir hafa talsvert viljað til vinna að geta fært út fiskveiðilögsögu sína svo að ekki hlytust árekstrar af. Engin þjóð á meira undir fiskveiðum en Íslendingar né hefur ríkari þörf til þess, að friður haldist á miðum umhverfis landið. Nú er um tvennt að velja, að halda deilunni áfram eða leysa hana með samkomulagi, sem er til frambúðar hagkvæmara en þau fiskveiðitakmörk, sem sett voru með reglugerðinni 1958.

Fylgiskjal I.

Orðsending utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Bretlands.

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem fram hafa farið í Reykjavík og London milli ríkisstjórna okkar varðandi fiskveiðideiluna milli landa okkar. Með tilliti til þessara viðræðna er ríkisstjórn mín reiðubúin að leysa deiluna á eftirfarandi grundvelli:

1. Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínum samkvæmt 2. gr. hér á eftir, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.
2. Grunnlínur þær, sem miðað er við í 1. gr., verði hinar sömu og ákveðnar eru í reglugerð nr. 70 30. júní 1958 með breytingum, að grunnlínur verði dregnar milli eftirfarandi punkta:
   A. Grunnlínupunktur 1 (Horn) til grunnlínupunktar 5 (Ásbúðarrif).
   B. Grunnlínupunktur 12 (Langanes) til grunnlínupunktar 16 (Glettinganes).
   C. Grunnlínupunktur 51 (Geirfugladrangur) til grunnlínupunktar 42 (Skálasnagi).
   D. Grunnlínupunktur 35 (Geirfuglasker) til grunnlínupunktar 39 (Eldeyjardrangur).

   Þessar breytingar taki þegar gildi.
3. Í þrjú ár frá dagsetningu svars yðar við orðsendingu þessari mun ríkisstjórn Íslands ekki hindra, að skip sem skrásett eru í Bretlandi, stundi veiðar á svæði því milli sex og tólf mílna innan fiskveiðilögsögu, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum og tímum:
   (i) Horn (grunnlínupunktur 1) — Langanes (grunnlínupunktur 12) (júní til september).
   (ii) Langanes (grunnlínupunktur 12) — Glettinganes (grunnlínupunktur 16) (maí til desember).
   (iii) Glettinganes (grunnlínupunktur 16) — Setusker (grunnlínupunktur 20) (janúar til apríl og júlí til ágúst).
   (iv) Setusker (grunnlínupunktur 20) — Mýrnatangi (grunnlínupunktur 30) (marz til júlí).
   (v) Mýrnatangi (grunnlínupunktur 30) — 20° v.l. (apríl til ágúst).
   (vi) 20° v.l. — Geirfugladrangur (grunnlínupunktur 51) (marz til maí).
   (vii) Geirfugladrangur (grunnlínupunktur 51) — Bjargtangar (grunnlínupunktur 43) (marz til maí).

4. Á áðurgreindu þriggja ára tímabili er þó skipum, sem skráð eru í Bretlandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðinu milli sex og tólf mílna innan fiskveiðilögsögunnar, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum:
   (i) Milli 63°37′ n.br. og 64°13′ n.br. (Faxaflói).
   (ii) Milli 64°40′ n.br. og 64°52′ n.br. (Snæfellsnes).
   (iii) Milli 65° n.br. og 65°20′ n.br. (Breiðafjörður).
   (iv) Milli Bjargtanga (grunnlínupunktur 43) og Horns (grunnlínupunktur 1).
   (v) Á svæði, sem takmarkast af línum, er dregnar eru frá suðurodda Grímseyjar til grunnlínupunkta 6 og 8.
   (vi) Milli 14°58′ v.l. og 15°32′ v.l. (Mýrabugt).
   (vii) Milli 16°12′ v.l. og 16°46′ v.l. (Ingólfshöfði).

Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins.

Ég leyfi mér að leggja til, að þessi orðsending og svar yðar við henni, er staðfesti, að efni hennar sé aðgengilegt ríkisstjórn Bretlands, verði skrásett hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 102. gr. í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og að samkomulag á þessum grundvelli gangi þegar í gildi.


Fylgiskjal II.

Note from the Foreign Minister of Iceland to the Foreign Minister of the United Kingdom.

Your Excellency,

I have the honour to refer to the discussions which have taken place in Reykjavík and London between our Governments concerning the fisheries dispute between our two countries. In view of these discussions my Government is willing to settle the dispute on the following basis:

1. The United Kingdom Government will no longer object to a twelve-mile fishery zone around Iceland measured from the base lines specified in paragraph 2 below, which relate solely to the delimitation of that zone.
2. The base lines which will be used for the purpose referred to in paragraph 1 above will be those set out in the Icelandic Regulation No. 70 of 30th June 1958, as modified by the use of the base lines drawn between the following points:
   A. Point 1 (Horn) to Point 5 (Ásbúðarrif).
   B. Point 12 (Langanes) to Point 16 (Glettinganes).
   C. Point 51 (Geirfugladrangur) to Point 42 (Skálasnagi).
   D. Point 35 (Geirfuglasker) to Point 39 (Eldeyjardrangur).
   These modifications will enter into force immediately.
3. For a period of three years from the date of Your Excellency's reply to this Note, the Icelandic Government will not object to vessels registered in the United Kingdom fishing within the outer six miles of the fishery zone referred to in paragraphs 1 and 2 above within the following areas during the periods specified:
   (i) Horn (Point 1) — Langanes (Point 12) (June to September).
   (ii) Langanes (Point 12) — Glettinganes (Point 16) (May to December).
   (iii) Glettinganes (Point 16) — Setusker (Point 20) (January to April and July to August).
   (iv) Setusker (Point 20) — Mýrnatangi (Point 30) (March to July).


ÍSLAND
REYKJAVÍK
Grunnlínustöðvar
Grunnlínur
Fiskveiðitakmörk
Aukning fiskveiðilandhelgi vegna breyttra grunnlína
maí–desember
janúar–apríl og júlí–ágúst
júní—september
júní—september
júní—
mars—júní
mars—ágúst
apríl—ágúst
mars—maí
mars—maí
mars—maí
mars—maí

(v) Mýrnatangi (Point 30) — 20° west longitude (April to August).
(vi) 20° west longitude — Geirfugladrangur (Point 51) (March to May).
(vii) Geirfugladrangur (Point 51) — Bjargtangar (Point 43) (March to May).

4. There will, however, be no fishing by vessels registered in the United Kingdom in the outer six miles of the fishery zone referred to in paragraphs 1 and 2 during the aforesaid period of three years in the following areas:
(i) Between 63°37′ north latitude and 64°13′ north latitude (Faxaflói).
(ii) Between 64°40′ north latitude and 64°52′ north latitude (Snæfellsnes).
(iii) Between 65° north latitude and 65°20′ north latitude (Breiðafjörður).
(iv) Between Bjargtangar (Point 43) and Horn (Point 1).
(v) Off the mainland in the area delimited by lines drawn from the southernmost point of Grímsey to base points 6 and 8.
(vi) Between 14°58′ west longitude and 15°32′ west longitude (Mýrabugt).
(vii) Between 16°12′ west longitude and 16°46′ west longitude (Ingólfshöfði).

The Icelandic Government will continue to work for the implementation of the Althing Resolution of May 5, 1959, regarding the extension of fisheries jurisdiction around Iceland, but shall give to the United Kingdom Government six months' notice of such extension and, in case of a dispute in relation to such extension, the matter shall, at the request of either party, be referred to the International Court of Justice.

I have the honour to suggest that this Note and Your Excellency's reply thereto, confirming that its contents are acceptable to the United Kingdom Government, shall be registered with the Secretary General of the United Nations in accordance with Article 102 of the United Nations Charter, and further to suggest that a settlement on this basis shall become effective forthwith.

Ed. 429. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til laga um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Hefur hún boðað á sinn fund nefnd þá, er samdi frv., og formenn félaga myndlistarmanna.

Nefndarmenn eru allir sammála um að flytja við frv. nokkrar breytingartillögur, sem eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. og fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 27. febr. 1961.

Auður Auðuns, form., frsm. — Ólafur Björnsson, fundaskr. — Friðjón Skarphéðinsson.
Páll Þorsteinsson. — F. R. Valdimarsson.

Ed. **430. Breytingartillögur** [41. mál]

við frv. til laga um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Aftan við b-lið bætist:
      geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs.
   b. Á eftir g-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
      Að hafa umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt þau séu geymd utan safnsins, nema þeim, sem geymd eru í Þjóðminjasafni eða falin þjóðminjaverði eða öðrum til umsjónar.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, þegar lög þessi öðlast gildi, en safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Skulu launin vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Mynda skal safnráð fimm manna, þannig:
   Forstöðumaður safnsins á sæti í ráðinu samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður þess. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.
   Menntamálaráðherra skipar einn mann í ráðið og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar.
   Íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem eru eða verið hafa félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, sem starfandi eru, þegar kosning fer fram, skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara og einn myndhöggvara. Varamenn skulu þeir vera, sem flest hljóta atkvæði næst hinum kjörnu safnráðsmönnum. Verði tala varamanna eigi fullskipuð með þeim hætti, skal kjósa á ný eins marga varamenn og á skortir fulla tölu.
   Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, er kosningarrétt og kjörgengi hafa til safnráðs samkvæmt framansögðu. Skal skráin liggja frammi í listasafninu hæfilegan tíma, áður en kosning til safnráðs fer fram, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá, og koma fram leiðréttingum.
   Undirbúning og framkvæmd kosningar til safnráðs skal menntamálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé forstöðumanni safnsins, sem er formaður hennar, ráðuneytisstjóranum í menntamálaráðuneytinu og einum manni, tilnefndum af stjórn Bandalags íslenzkra listamanna.
   Kosning til safnráðs skal vera leynileg og fara fram skriflega.
   Þegar kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla. Kjörstjórn skal síðan senda einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem atkvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hennar hendur aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósenda og kjörstjórnar.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar um kaup á listaverkum, ef forstöðumaður safnsins, eða safnvörður í forföllum hans, er henni andvígur. Ef ágreiningur rís milli formanns safnráðs og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð aðila í gerðabók ráðsins. Slíkum ágreiningi geta aðilar skotið til menntamálaráðherra til úrskurðar.

5. Við 11. gr. bætist nýr málsliður:
   Með samþykki safnráðs má þó víkja frá þessu ákvæði.
6. Við 14. gr.
   Á eftir orðunum „og til sölu innan veggja þess“ í síðasta málslið komi: og á sýningum, sem það heldur.

Nd. 431. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, og lögum nr. 13 31. marz 1960, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Margrét Sigurðardóttir.

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgr. 5. gr. laga nr. 13/1960 komi:

Fjölskyldubætur skulu greiddar með öllum börnum innan 16 ára aldurs. Fjölskyldubætur greiðist foreldrum barnsins, en séu þau ekki samvistum, þá því foreldri, sem foreldraréttinn hefur.

2. gr.

a-liður 59. gr. laga nr. 24/1956 orðist svo:

Fjölskyldubætur og hvers konar aðrar bætur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þær bætur, sem greiddar eru af almannatryggingunum vegna barna, skiptast í 3. flokka.

Í fyrsta lagi er um að ræða *barnalífeyri*, sem greiðist barni látins föður eða ef annað hvort forldranna er elli- eða örorkulífeyrisþegi. Þó er aðeins um heimild, en ekki skyldu að ræða, ef það er móðirin, sem er öryrki. Barnalífeyrir er trygging, sem faðirinn hefur keypt handa barni sínu eða börnum og greiðist þegar hans nýtur ekki lengur við eða hann er orðinn óvinnufær.

Barnalífeyrir er nú 600 kr. mánaðarleg greiðsla eða 7200 kr. á ári á fyrsta verðlagssvæði.

Í annan stað eru það *mæðralaunin*. Þau greiðast einstæðum mæðrum, sem hafa börn á framfæri sínu. Þetta eru laun, sem þjóðfélagið greiðir móðurinni fyrir hennar tvöfalda uppeldishlutverk og ábyrgð á börnunum gagnvart þjóðfélaginu, þar sem hún verður að vera því bæði faðir og móðir, að svo miklu leyti sem það er unnt, og með tilliti til þess, hve möguleikar hennar til tekjuöflunar eru heftir. „Bundinn er sá, er barnið geymir,“ segir gamalt máltæki, og er það sannmæli.

Mæðralaun eru nú á ári með einu barni 1400 kr., með tveimur börnum 7200 kr. og með 3 börnum og fleiri 14400 kr. á fyrsta verðlagsssvæði.

Í þriðja lagi eru það *fjölskyldubætur*. Þær greiðast „eðlilegri“ fjölskyldu, eins og það er stundum kallað, og þá átt við hjón, sem búa saman og ala sameiginlega upp börn sín.

Fjölskyldubætur eru nú 2600 kr. árlega með hverju barni og eru ekki háðar skiptingu landsins í verðlagssvæði.

Þetta eru þær bætur, sem greiddar eru samkv. lögum um almannatryggingar vegna barna hér á landi. Þó er ekki hér getið fæðingarstyrks, vissra tegunda ekknastyrks og vissra bóta vegna örorku og slysa, þar sem þær bætur skýra ekki það mál,

sem hér liggur fyrir. Þess skal getið, að bæturnar eru ekki háðar vísitölu, en fjölskyldubætur hafa hins vegar áhrif við útreikning framfærslukostnaðar.

Þegar við athugum þessar bætur og gerum okkur grein fyrir, hver rök liggja til þeirra, verður ljóst, að barnalífeyrir og mæðralaun greiðast sem bætur vegna þess, að þriðja aðilann í fullmótaðri fjölskyldu, föðurinn, vantar til að inna framfærsluskyldu sína af höndum.

Það er þannig ljóst, að fyrst að fengnum þessum bótum stendur hin einstæða móðir á sama fjárhagslega grunni og hin „eðlilega“ fjölskylda, þar sem bæði faðir og móðir vinna að framfærslu barna sinna. Að vísu mun enginn telja, að bætur þessar komi fyllilega í stað framfærslu fullvinnandi föður. Út frá því má vissulega ganga sem meginreglu, að fjárhagsafkoma móður og barns, sem ekki nýtur framfærslu og forsjár eiginmanns og föður, er að öðru jöfnu talsvert lakari en hinnar „eðlilegu“ fjölskyldu. En það skiptir ekki höfuðmáli í þessu sambandi. Hér er verið að sýna fram á, að bætur til hinnar einstæðu móður og barns hennar eða barna byggjast eingöngu á því, að þau njóta ekki fyrirvinnu föðurins, eins og konan og börnin í „eðlilegri“ fjölskyldu gera. Hafi menn þetta í huga, hlýtur að verða ljóst, að eðlilegt og sjálfsagt er, að fjölskyldubætur séu greiddar vegna allra barna. Þær eru greiddar til að létta fjárhagslega undir það þjóðhagslega mikilsverða hlutverk að koma börnum til manns. Þær eiga því að greiðast til þeirra, sem annast það hlutverk, til þeirra, sem ala börnin upp, án tillits til þess, hvort faðirinn og móðirin vinna sameiginlega að framfærslunni eða móðirin ein hefur það á hendi með fjárhagslegum stuðningi þeirra bóta, sem samkv. almannatryggingum eru greiddar vegna látins föður eða óvinnufærs. Að láta fjölskyldubætur einungis koma til góða hinni „eðlilegu“ fjölskyldu, sem að öðru jöfnu er langtum betur sett í lífsbaráttunni heldur en hin einstæða móðir eða elli- og örorkulífeyrisþegar, sem hafa börn á framfæri, getur ekki talizt annað en þjóðfélagslegt ranglæti, sem Alþingi ætti sem fyrst að sjá sóma sinn í að leiðrétta. Til þess er sú breyting á tryggingalöggjöfinni, sem hér liggur fyrir, fram komin.

Þar er lagt til í fyrsta lagi, að breytt sé tveim fyrstu málsgr. 5. gr. laga nr. 13/1960 og inn komi ákvæði um, að fjölskyldubætur séu greiddar vegna allra íslenzkra barna undantekningarlaust, og í öðru lagi, að burt séu numin úr tryggingalögum ákvæði 59. gr. laga nr. 24/1956, sem kveða á um það, að fjölskyldubætur megi aðeins fara saman með dagpeningum, en engum öðrum bótum. Er hér lagt til, að fjölskyldubætur megi fara saman með hvers konar öðrum bótum. Yrðu þessar breytingar gerðar á tryggingalögunum, mundu fjölskyldubætur falla í hlut þessara aðila, auk þeirra, sem áður hafa notið þeirra: einstæðra mæðra, ekkna og annarra, þar sem faðir barna þeirra er látinn, mæðra ófeðraðra barna, elli- og örorkulífeyrisþega, sem taka barnalífeyri, og að lokum þeirra mæðra, sem taka endurkræfan barnalífeyri, en endurkræfur barnalífeyrir nefnist það, þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir mæðrum barnalífeyrinn, en á endurkröfurétt á hendur barnsföður eða framfærslusveit hans, ef faðirinn stendur ekki í skilum. Um þennan síðasttalda hóp mæðra — þær, sem taka endurkræfan barnalífeyri — er ástæða til að ræða nokkuð sérstaklega.

Það hefur þegar verið tekið fram, en skal þó endurtekið og undirstrikað, að *endurkræfur barnalífeyrir getur á engan hátt skoðazt bætur frá almannatryggingum*, enda þótt Tryggingastofnun ríkisins annist milligöngu um greiðslu hans til mæðranna. Þær bætur, sem greiddar eru vegna þessara barna, eru einungis mæðralaunin. En mæðralaunin eru háð tekjuhámarki. Sé móðir að dómi Tryggingastofnunarinnar vel sett fjárhagslega, t. d. hafi hún milli 60 og 70 þús. kr. árslaun, eru henni ekki greidd mæðralaun.

Þessir foreldrar annast þá framfærslu síns barns eða barna án nokkurs tilstyrks almannatrygginganna, en hjón, sem samvistum dveljast, fá sínar árlegu fjölskyldubætur, — þar kemur ekkert tekjuhámark til skerðingar. Að vísu mun reyndin sú, að þessu skerðingarákvæði á mæðralaun sé ekki mikið beitt, en það mun fyrst og fremst

byggjast á því, að konur hafa yfirleitt lágar tekjur, og þær fáu konur, sem eru raunverulega tekjuháar eða búa við allgóðar fjárhagslegar ástæður, vita um þessi skerðingarákvæði og sækja þar af leiðandi ekki um mæðralaun. Hins vegar mun þessum skerðingarákvæðum vera beitt skilyrðislaust, ef ástæður konunnar eru þannig, að hún er gift eða býr með karlmanni eða barn hennar eða börn eru stjúpbörn hans. Með þessum börnum eru engar bætur greiddar frá tryggingunum. Barnið nýtur áfram hins tilskilda meðlags föður síns, en það er látið útiloka fjölskyldubætur vegna þessara barna, enda þótt, eins og áður er fram tekið, þar sé ekki um að ræða bætur frá almannatryggingunum, heldur aðeins hið eðlilega og sjálfsagða meðlag föðurins með barni sínu. Gegnir furðu, að svo augljós rangsleitni skuli vera látin viðgangast og samþykkt af löggjafarþingi þjóðarinnar, ekki einu sinni, heldur oft. En jafnvel þótt mæðralaun séu greidd, gætir harla undarlegs viðhorfs löggjafans til aðstöðu hinnar einstæðu móður annars vegar og hinnar „eðlilegu" fjölskyldu hins vegar, sem bezt sést af einföldu dæmi. Hugsum okkur, að kona búi ásamt barni sínu. Hún fær til framfærslu þess 600 kr. mánaðarlega frá barnsföður sínum, en hún annast sitt barn, býr því heimili og verður auk þess að vinna fyrir framfæri sínu og þess. Sem stuðning þjóðfélagsins í sinni hörðu lífsbaráttu fær hún mæðralaun. Í sama húsi búa hjón með eitt barn. Faðirinn er fullvinnufær og umhyggjusamur heimilisfaðir, móðirin annast barnið, býr fjölskyldu sinni heimili og vinnur því það, sem hún má. Hvort barnið þykir mönnum líklegt að búi við betri kjör? Löggjafinn virðist ekki vera í neinum vafa um það. Hann ætlar fjölskyldunni 2600 kr. árlegar bætur frá almannatryggingum, en hinni einstæðu móður 1400 kr.

Á næstliðnum vetri, fyrri hluta árs 1960, þegar gerðar voru ýmsar breytingar á tryggingalöggjöfinni, voru fjölskyldubæturnar stórauknar, sérstaklega á þann hátt, að þær voru látnar án til langtum fleiri barna en áður, þar sem þær eru nú greiddar strax með fyrsta barni. Því var þá mjög á lofti haldið af málgögnum ríkisstjórnarinnar svo og af henni sjálfri, að þessar auknu bætur ættu að létta þær byrðar, sem efnahagsráðstafanir þær, sem ríkisstjórnin var að lögfesta um þær mundir, batt landsmönnum. Voru fjölskyldubæturnar túlkaðar sem hreinar dýrtíðarbætur, og mun ekki fjarri sanni að líta á þær sem slíkar.

En fyrst svo er að mönnum þrengt af stóraukinni dýrtíð og minnkandi tekjum, að full ástæða er til að greiða bætur þegar með fyrsta barni hjá „eðlilegri" fjölskyldu, mundi þá ekki enn fyllri ástæða til að afnema þau ákvæði tryggingalaganna, sem útiloka þá hópa barnafólks, sem hér hefur verið rætt um, frá að njóta þessara bóta?

Það kann að vera álitamál, þótt hér verði ekki tekin afstaða til þess, hvort ástæða sé til að borga skilyrðislaust bætur með fyrsta og jafnvel öðru barni. Hitt er greinilegt, að væri sá háttur hafður á greiðslu fjölskyldubóta, að þeirra nytu einungis þær fjölskyldur, sem ættu við sérstaklega erfiða fjárhagsafkomu að stríða, væri allt annað viðhorf í þessum málum. En eins og málum er nú skipað, er um svo greinilega misskiptingu að ræða, að alþingismenn ættu að geta sameinazt um að leiðrétta þá rangsleitni, sem á sér stað í veitingu fjölskyldubóta.

Sumum kann að sýnast, að þegar faðirinn innir af höndum sitt lögboðna meðlag til framfærslu barnsins, beri honum hlutdeild fjölskyldubótanna, eða með öðrum orðum, að rétt væri að skipta þeim milli foreldranna, þegar þau eru ekki samvistum.

Það væri líka sanngjarnt, ef hér væri um raunveruleg helmingaskipti á framfærslu barnsins að ræða. Það er hins vegar skoðun flutningsmanns, að svo sé ekki, hlutur móður, sem barnið dvelst hjá, sé svo langtum erfiðari fjárhagslega og ábyrgðarmeiri siðferðilega, og væri auðvelt að styðja þá skoðun sterkum rökum, að bæði sé eðlilegt og réttlátt, að fjölskyldubætur falli óskertar í hlut móður eða þess aðila, sem annast uppeldi barnsins. Þannig megi þær líka koma barninu að sem beztum notum. Hækki framlag föðurins hins vegar svo í framtíðinni, að hann greiði raunverulega hálfan framfærslueyri barnsins, hljóta viðhorfin að breytast í þessu efni, og hann ætti þá fullan rétt á helmingi fjölskyldubótanna.

Sþ. 432. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Hermann Jónasson, Hannibal Valdimarsson, Karl Kristjánsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. 433. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta er annað af tveim frv. um Landsbankann, sem ríkisstjórnin hefur borið fram. Eins og ég hef gert grein fyrir í nál. mínu á þskj. 408 um Seðlabankann, tel ég enga þörf fyrir þær lagabreytingar, sem frumvörpin gera ráð fyrir. Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 28. febr. 1961.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 434. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til laga um Útvegsbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Aðalbreytingin á gildandi lögum, sem frv. þetta felur í sér, er ákvæðið um kosningu nýs bankaráðs nú þegar, þó að kjörtími núverandi bankaráðsmanna sé ekki liðinn. Ég sé enga þörf fyrir slíka lagasetningu og legg til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 28. febr. 1961.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 435. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 20 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar laga- og viðskiptadeildar Háskóla Íslands. Mælir hún með því, að frumvarpið verði samþykkt. Fylgir álit hennar hér með sem fylgiskjal. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmenn (BF og GuðlG) voru utanbæjar, er málið var endanlega afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 28. febr. 1961.

Sigurður Bjarnason, form. Jón Skaftason, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
— laga- og viðskiptadeild —

27. febr. 1961.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 20 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna.

Háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 14. febr. s. l., óskað umsagnar laga- og viðskiptadeildar um frv. þetta, og er sérstaklega óskað álits deildarinnar um það, „hvort frumvarpið, ef að lögum verður, mundi brjóta í bága við stjórnarskrá landsins".

Allt frá gildistöku laga nr. 20/1923 hafa gilt hér á landi tvenns konar lög um fjármál hjóna, þ. e. lög nr. 3/1900 um fjármál þeirra hjóna, er stofnuðu til hjúskapar fyrir 1. jan. 1924, en lög nr. 20/1923 um yngri hjónabönd. Þessi tilhögun er á margan hátt óhaganleg, enda er svo fyrir mælt í lögum um fjármál hjóna, sem lögfest voru á hinum Norðurlöndunum um svipað leyti og framangreind lög nr. 20/1923, að þessi nýju lög tækju yfirleitt til hjónabanda, sem til var stofnað fyrir gildistöku laganna. Tilhögun sú, sem lögmælt er í lögum nr. 3/1900, samrýmist naumast skoðunum þorra manna um jafnræði hjóna, en það orkar ekki tvímælis, að óæskilegt er — og telst enda til fádæma — að tvenn lög séu í senn í gildi um sama réttaratriðið, svo sem hér er. Af þessum sökum lýsir deildin fylgi sínu við frumvarpið og telur, að það gangi á engan hátt í berhögg við stjórnlög landsins.

Virðingarfyllst,

f. h. laga- og viðskiptadeildar,
Ólafur Björnsson,
deildarforseti.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar,
Alþingi.

Nd. 436. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frá Skúla Guðmundssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 11. gr.
   a. Á eftir orðunum „á reikningi hjá honum" í 3. málsgr. bætist inn í málsgreinina: þó aðeins af þeirri aukningu, sem er umfram þá upphæð, er svarar til almennra innlánsvaxta af öllu innlánsfénu.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
      Ákvæði þessarar greinar taka ekki til innlánsstofnana, sem hafa minna en 20 millj. kr. innstæðufé samtals.
2. Við 12. gr. Í stað „ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi" komi: í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi samtals.

Ed. 437. Frumvarp til laga [41. mál]

um Listasafn Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. marz.)

1. gr.

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Menningarsjóður greiðir listasafninu a. m. k. 500 þús. krónur árlega af tekjum sínum til listaverkakaupa.

2. gr.

Aðalhlutverk listasafnsins skal vera:

a. að afla svo fullkomins safns íslenzkrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna,
b. að afla viðurkenndra erlendra listaverka, og skal verja í því skyni allt að tíu af hundraði af því fé, sem safninu er fengið til listaverkakaupa, geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs,
c. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda og rita, eða með öðrum þeim hætti, er henta þykir og fé er veitt til,
d. að láta gera kvikmyndir um verk hinna fremstu íslenzku myndlistarmanna, ævi þeirra og starfsháttu, eftir því sem fjárráð og aðrar aðstæður leyfa,
e. að afla heimilda um íslenzka myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost,
f. að efna til farandsýninga um landið,
g. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenzka myndlist, eftir því sem óskað er og við verður komið,
h. að hafa umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt þau séu geymd utan safnsins, nema þeim, sem geymd eru í Þjóðminjasafni eða falin þjóðminjaverði eða öðrum til umsjónar.

3. gr.

Sýningarsalir safnsins skulu opnir almenningi án gjalds á auglýstum tíma.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, þegar lög þessi öðlast gildi, en safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Skulu launin vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn.

5. gr.

Mynda skal safnráð fimm manna, þannig:

Forstöðumaður safnsins á sæti í ráðinu samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður þess. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Menntamálaráðherra skipar einn mann í ráðið og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar.

Íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem eru eða verið hafa félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, sem starfandi er, þegar kosning fer fram, skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara og einn myndhöggvara. Varamenn skulu þeir vera, sem flest hljóta atkvæði næst hinum kjörnu safnráðsmönnum. Verði tala varamanna eigi fullskipuð með þeim hætti, skal kjósa á ný eins marga varamenn og á skortir fulla tölu.

Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, er kosningarrétt og kjörgengi hafa til safnráðs samkvæmt framansögðu. Skal skráin liggja frammi í lista-

safninu hæfilegan tíma, áður en kosning til safnráðs fer fram, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá, og koma fram leiðréttingum.

Undirbúning og framkvæmd kosningar til safnráðs skal menntamálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé forstöðumanni safnsins, sem er formaður hennar, ráðuneytisstjóranum í menntamálaráðuneytinu og einum manni, tilnefndum af stjórn Bandalags íslenzkra listamanna.

Kosning til safnráðs skal vera leynileg og fara fram skriflega.

Þegar kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla. Kjörstjórn skal síðan senda einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem atkvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hendur hennar aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósenda og kjörstjórnar.

6. gr.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar um kaup á listaverkum, ef forstöðumaður safnsins, eða safnvörður í forföllum hans, er henni andvígur.

Ef ágreiningur rís milli formanns safnráðs og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð aðila í gerðabók ráðsins. Slíkum ágreiningi geta aðilar skotið til menntamálaráðherra til úrskurðar.

7. gr.

Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði:

a. kaup á listaverkum til safnsins,
b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast,
c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir,
d. önnur mál, er forstöðumaður æskir að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd og safnið varða.

8. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga, hvað safnið á eftir sama höfund.

9. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil, að safnráðsmenn og höfundur séu um það sammála.

10. gr.

Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf, má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf.

Gjöf skal fylgja gjafabréf.

11. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til. Með samþykki safnráðs má þó víkja frá þessu ákvæði.

12. gr.

Safnráð tekur ákvörðun um það hverju sinni, hvort heimila skuli afnot af sýningarsölum safnsins fyrir aðrar sýningar en þær, er íslenzka ríkið stendur að.

13. gr.

Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt.

14. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenzkum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu, sem leiðir af ákvæðum 9. og 10. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkunum á vegum safnsins og öðrum listsýningum, sbr. 11. gr. Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess og á sýningum, sem það heldur, en til eftirgerðar í öðru skyni þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundaréttar, enda á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er brjóta í bág við þau.

Ed. 438. Frumvarp til laga [64. mál]

um kornrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. marz.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða, en hann getur falið Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum aðila framkvæmd þeirra, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

2. gr.

Aðilum, sem mynda með sér félagssamtök um að gera kornrækt að framleiðslugrein, þar sem bygg, hafrar eða aðrar korntegundir eru ræktaðar svo, að þær nái þroska, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að akurlendið sé þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn nái fullum þroska.
2. Að aðilar myndi með sér félagssamtök, kornræktarfélag, er skuldbindi sig til að rækta um 10 ára tímabil korn á minnst 10 hektörum lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum.

   Nú tekst einstaklingur á hendur skuldbindingar samkvæmt 1. málsgr., og skal þá veita honum sama stuðning og félagi, enda hlíti hann sömu skilyrðum og kornræktarfélag.
3. Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur ráði yfir landi, sem sé að minnsta kosti helmingi stærra en það land, sem samið er um að rækta korn á, og að allt landið sé nægilega þurrt og hæft til kornræktar.
4. Að aðilar skuldbindi sig til að hlíta reglum þeim, sem settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkorns, uppskeru, meðferð alla og annað til tryggingar því, að framleiðslan verði sem bezt vara.

5. Að aðili geri skýrslur, sem fyrirskipaðar verða, um allt, er varðar reksturinn. Einnig geri hann uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um kornræktina og einstaka þætti hennar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið.
6. Að samningsaðili skili aftur til þess, er annast framkvæmd laga þessara, þeim vélum og tækjum, sem stofnstyrkur hefur verið greiddur á, ef kornrækt fellur niður, og skulu þá dómkvaddir menn meta endurgreiðslu.

4. gr.

Þeim, sem tekið hafa að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af þeim stofnum, sem bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi skilríki frá seljanda um uppruna sáðkornsins, og ber hann ábyrgð á gæðum þess, hreinleika og spírunarhæfni.

Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu hafa forgangsrétt til að rækta útsæði af völdum stofnum, enda hlíti þeir reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Styrkur til kaupa á kornyrkjuvélum, allt að 50% af kaupverði þeirra, þar með talinn kostnaður við samsetningu vélanna og flutningskostnaður til kaupanda, enda standi eitt félag eða fleiri að kaupunum. Sama gildir um einstaklinga, eftir því, sem við á. Ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar geta notið sömu hlunninda, sbr. 2. lið 3. gr. Heimilt er að veita framlag til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum og þreskivélum eða uppskeru- og þreskivélasamstæðu og kornmyllum, enn fremur til kaupa á þurrktækjum fyrir þreskt korn, ef um 50 ha. akra eða meira er að ræða.
2. Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu njóta sama framlags úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar.
3. Heimilt er að verja árlega allt að kr. 10 000.00 til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.

6. gr.

Á fyrsta ári, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal gefa 5 félögum bænda eða einstaklingum, sem vilja taka að sér árlega ræktun korns á minnst 10 hektörum lands yfir áætlunartímabilið, kost á aðstoð löggjafar þessarar og síðan 5 félögum eða einstaklingum árlega.

Auglýsa skal eftir þátttöku fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst, og samningar skulu gerðir það tímanlega, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. október haustið áður en ræktun hefst.

7. gr.

Gefa skal út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar og um meðferð uppskerunnar, og sé eintak af þeim afhent samningsaðila, um leið og samningur er gerður.

8. gr.

Stofnframlag til vélakaupa, sbr. 5. gr., má vera allt að kr. 100 000.00 til hvers samningsaðila. Almennt framlag samkv. jarðræktarlögum greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningar um kornyrkju ná til.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal endurskoða þau innan 10 ára frá gildistöku þeirra.

Nd. 439. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Frá menntamálaráðherra.

1. Við 7. gr. Fyrir „kr. 6025000.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 4650000.00.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. 2. málsgr. falli niður.

Nd. 440. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögregluþjóna í kaupstöðum skipar bæjarstjórn eftir tillögum lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er ekki um nýmæli að ræða. Ákvæði sama efnis eru í hinum ýmsu lögum um kaupstaðina, sem nú er verið að fella úr gildi í sambandi við setningu nýrra sveitarstjórnarlaga. Þar eð ákvæði það, sem hér um ræðir, á ekki heima í sveitarstjórnarlögum, en fellur hins vegar alveg inn í efni laga um lögreglumenn, þykir rétt að leggja til, að umrædd breyting á lögum um lögreglumenn verði lögfest, enda er nauðsyn á, að greind regla um lögreglumenn sé í gildi. Er því þetta frumvarp borið fram sérstaklega, þótt lögin um lögreglumenn séu í heild í endurskoðun.

Nd. 441. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 17. marz 1954, um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (EOl) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 3. marz 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.

Jóhann Hafstein.

Nd. 442. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:
   9. gr. laganna orðist svo:
   Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.
   Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 600 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi, þegar lánssamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánssamnings.
   Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.
2. Við 1. gr. 2. mgr. falli niður.
3. Aftan við 2. gr. bætist:
   og eru jafnframt úr gildi numin 1. gr. laga nr. 39 1954, um breyt. á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, og lög nr. 35 1957, um breyt. á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Alþingi, 3. marz 1961.

Birgir Kjaran, form.	Jóhann Hafstein, frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.

Ed. 443. Breytingartillaga [41. mál]

við frv. til laga um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun safnráðs.

Nd. 444. Frumvarp til laga [126. mál]

um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. marz.)

1. gr.

Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 rúmlestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

Á fiskiskipum og flutningaskipum, sem eru 100 rúmlestir brúttó eða stærri, og á farþegaskipum, sem eru 100—800 rúmlestir brúttó, er skylt að hafa matsveina.

2. gr.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 1. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 2. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;
b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina- og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipum;
c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem matreiðslumaður á fiskiskipum samkv. 1. gr. í 18 mánuði.

3. gr.

Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

4. gr.

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi hafa öðlazt meistararéttindi í matreiðslu- eða framreiðsluiðn og hafa staðizt brytapróf við matsveina- og veitingaþjónaskólann.

5. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistökuna eitt ár eða lengur. Til að halda rétti sínum til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðuneytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 445. Lög [30. mál]

um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

(Afgreidd frá Nd. 3. marz.)

Samhljóða þskj. 353.

Nd. 446. Lög [29. mál]

um héraðsfangelsi.

(Afgreidd frá Nd. 3. marz.)

Samhljóða þskj. 366.

Sþ. 447. Nefndarálit [204. mál]

um till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið, og varð ekki samkomulag um afgreiðslu þess. Leggur undirritaður meiri hl. til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1961.

Gísli Jónsson, form. Jóhann Hafstein, frsm. Emil Jónsson, fundaskr.

Birgir Kjaran.

Sþ. 448. Nefndarálit [204. mál]

um till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

Við undirritaðir leggjum til, að tillagan verði felld, en náist ekki samkomulag um það, leggjum við til, að breytingar verði gerðar á orðsendingu þeirri til brezku stjórnarinnar, er tillagan fjallar um, og hún borin undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ástæðan til þess, að við leggjum til, að tillagan sé felld, er sú, að með samþykkt hennar vinnst ekki neitt, en hins vegar glatast hinn dýrmætasti réttur.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar er því haldið fram, að með samkomulaginu við Breta, er tillagan fjallar um, vinnist þrennt: Í fyrsta lagi viðurkenni Bretar 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands, í öðru lagi fáist nokkur lagfæring á grunnlínum, og í þriðja lagi hætti Bretar að láta herskip sín beita ofbeldi innan fiskveiðilandhelginnar.

Hið rétta er, að Bretar viðurkenna ekki 12 mílna fiskveiðilandhelgina, heldur lofa aðeins að „falla frá mótmælum“ gegn henni. Þetta orðalag: „að falla frá mótmælum“, getur verið hægt að teygja á alla vegu, og það er fjarri því að fela í sér nokkra endanlega viðurkenningu. Ólíklegt er, að hinir íslenzku samningamenn hafi ekki lagt á það ríka áherzlu í viðræðunum við Breta, að viðurkenningin yrði glögg, en Bretar bersýnilega ekki fallizt á það, og býr þar vitanlega eitthvað undir. Það, sem fyrir Bretum vakir, kemur bersýnilega fram í 4. lið orðsendingarinnar, sem ríkisstjórnin hyggst að senda brezku stjórninni, en þar er tekið fram, að brezk skip muni ekki veiða á svæðunum milli sex og tólf mílna, sem undanþágurnar ná ekki til, á „áðurgreindu þriggja ára tímabili“, en þar er átt við það tímabil, sem undanþágurnar eiga að gilda. Þetta orðalag bendir hiklaust til þess, að Bretar ætli að tefla þannig, að þeir hafi alveg óbundnar hendur, þegar þessu tímabili lýkur, *og þótt þeir hafi lofað því að falla frá mótmælunum, þá hafi þeir óbundnar hendur* til að beita mótaðgerðum, eins og t. d. nýju löndunarbanni eða öðrum hliðstæðum aðgerðum.

Það er þannig með öllu rangt, að Bretar veiti fulla viðurkenningu á 12 mílna fiskveiðilandhelginni með því samkomulagi, sem ríkisstjórnin hefur gert við þá. Jafnrangt er það líka, að þær lagfæringar, sem gerðar eru á grunnlínum, séu einhver gjöf frá Bretum, því að við áttum ekki aðeins fullan rétt til þeirra samkvæmt sáttmála þeim um landhelgina, er samþykktur var á hafréttarráðstefnunni í Genf 1958, heldur einnig til miklu víðtækari lagfæringa, sem við gátum gert, hvenær

sem okkur bauð svo við að horfa. Þessi réttur hefði strax verið notaður vorið 1958, er fiskveiðilandhelgin var færð út þá, ef ekki hefði strandað á Sjálfstæðisflokknum og Alþýðuflokknum. Ef samkomulagið, sem stjórnin hefur gert við Breta, kemur til framkvæmda, verður ekki hægt að nota þennan rétt til grunnlínubreytinga, nema Bretar samþykki það eða Alþjóðadómstóllinn felli úrskurð um það, en málsmeðferð þar getur tekið langan tíma. Hér hefur því ekki áunnizt neinn réttur, heldur hefur rétturinn til grunnlínubreytinga verið þrengdur og skertur.

Loks telur ríkisstjórnin það ávinning, að Bretar hætti hernaðaraðgerðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Bretar eru hættir þessum hernaðaraðgerðum fyrir nokkrum mánuðum vegna fordæmingar almenningsálitsins í heiminum og þeirrar reynslu, að togveiðar verða ekki stundaðar með neinum árangri undir herskipavernd. Engar líkur benda til þess, að Bretar hefðu því byrjað á slíku ævintýri aftur. Það þurfti því ekki að kaupa þá til að hætta því, sem þeir voru hættir.

Eins og nú hefur verið rakið, hefur því ekki neitt áunnizt við þetta samkomulag, heldur hið gagnstæða. Auk þess fylgir því hinn stærsti og háskalegasti réttindamissir, eins og nú skal rakið.

Í fyrsta lagi fá brezkir togarar rétt til þess næstu þrjú árin að stunda togveiðar á svæðinu milli sex og tólf mílna, þegar veiðitíminn er mestur á hverju svæði, að Vestfjarðasvæðinu einu undanskildu. Yfirlýst er, að aðrir erlendir togarar muni fylgja í slóð þeirra. Þetta getur ekki aðeins valdið bátaflotanum miklu tjóni á þessum þremur árum, heldur höggvið varanlegt skarð í fiskstofninn.

Í öðru lagi er svo látinn af hendi hinn einhliða réttur til útfærslu á fiskveiðilandhelginni, þar sem sérhver útfærsla verður hér eftir háð samþykki Breta eða úrskurði alþjóðadómstóls. Svo alvarlegt sem það er að veita erlendum togurum undanþágur til veiða innan fiskveiðilandhelginnar næstu þrjú árin, er þó afsalið á hinum einhliða rétti miklum mun alvarlegra, þar sem það á að gilda um aldur og ævi, en skýrt hefur verið tekið fram af utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra á fundi utanríkismálanefndar, að þetta ákvæði samkomulagsins eigi að verða óuppsegjanlegt. Aldrei framar munu því Íslendingar geta fært út fiskveiðilandhelgi sína með einhliða ákvörðun, eins og gert var 1952 og 1958, og sést gleggst á því, hve mikilsverðum rétti hefur hér verið fórnað.

Það er haft þessu réttindaafsali til afsökunar, að við getum lagt slík mál eftirleiðis fyrir Alþjóðadómstólinn. Því er fyrst til að svara, að þau ríki, sem eru íhaldssömust í landhelgismálunum, ráða nú mestu um skipun Alþjóðadómstólsins sökum áhrifa sinna í Öryggisráðinu. Hætta er því á, að þangað veljist menn með íhaldssamar skoðanir á þessum málum, en það er kunnara en frá þurfi að segja, að engar viðurkenndar reglur gilda um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, og er mikill ágreiningur milli þjóðréttarfræðinga um þau mál. Meðan svo háttar til, er eðlilegt að búast við því, að Alþjóðadómstóllinn reynist íhaldssamur og fylgist hægt með þróuninni, enda mun hann telja það skyldu sína að vera fremur varfærinn en fljótráður, þegar nýjar þjóðréttarvenjur eru að skapast. Má t. d. í þessu sambandi benda á, að Bretar buðu að láta Alþjóðadómstólinn dæma um rétt Kýpurbúa til sjálfstæðis, en forvígismenn Kýpurbúa höfnuðu því, þar sem fullvíst var talið, að dómstóllinn teldi sig bundinn af gamalli hefð og reglum, sem hefðu gert dómsúrskurðinn hagstæðan Bretum, þótt allur hinn siðferðilegi réttur væri með Kýpurbúum. Af svipuðum ástæðum hefur engin nýlenduþjóð óskað eftir því hingað til, að Alþjóðadómstóllinn úrskurðaði um rétt hennar til sjálfstæðis eða yfirráða í landi sínu, en um margt byggist tilkall Íslendinga til landgrunnsins á svipuðum forsendum og tilkall nýlenduþjóðar til lands síns.

Af þessum ástæðum er reginmunur á því, hvort við áskiljum okkur einhliða rétt til landgrunnsins eða hvort hann er bundinn ákvörðunum alþjóðadómstóls.

Með því að afsala hinum einhliða rétti er brotið blað í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Allt síðan Jón Sigurðsson hóf merki hinnar stjórnarfarslegu sjálfstæðis-

baráttu fyrir meira en öld, hefur þjóðin fylgt þeirri grundvallarreglu hans að afsala sér aldrei neinum rétti til frambúðar, heldur búa fremur við ofríki og valdbeitingu um stund. Með afsali hins einhliða útfærsluréttar er þessi höfuðregla Jóns Sigurðssonar þverbrotin.

Við leggjum því til samkvæmt því, sem hér er rakið, að þessi tillaga verði felld. Fáist það ekki, leggjum við til, að breytingar verði gerðar á orðsendingunni, og eru þær helztar, að viðurkenning Breta á tólf mílna fiskveiðilandhelginni verði gerð ótvíræð og niður falli afsal hins einhliða útfærsluréttar. Þá leggjum við til, að tillagan verði borin undir þjóðaratkvæðagreiðslu, ef þingið hafnar henni ekki, því að heit allra þingmanna fyrir síðustu kosningar voru með þeim hætti, að enginn þeirra hefur umboð til að samþykkja slíka tillögu. Hér er og um slíkt stórmál að ræða, að þjóðin sjálf á að taka hina endanlegu ákvörðun.

Alþingi, 5. marz 1961.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Hermann Jónasson.

Sþ. **449. Nefndarálit** [204. mál]

um till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar.

Þessari þingsályktunartillögu var vísað til utanríkismálanefndar 3. marz, og fundur var haldinn í nefndinni samdægurs. Mætti ég á fundinum sem varamaður, þar sem aðalmaður Alþýðubandalagsins í nefndinni, Finnbogi R. Valdimarsson, var veikur.

Á þessum fundi utanríkismálanefndar var reynt að afla nokkurra upplýsinga um milliríkjasamning þann, sem þáltill. fer fram á að ríkisstjórninni sé heimilað að gera, en mjög lítið tóm og aðstaða gafst til þess, og þær upplýsingar, er fengust frá ráðherrum og tilkvöddum embættismönnum, voru af mjög skornum skammti.

Aðspurður um tímagildi samningsins, svaraði Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra því, að hann væri óuppsegjanlegur, með öðrum orðum gilti um aldur og ævi.

Aðspurður um, hvort hann vildi birta yfirlýsingu brezku stjórnarinnar um, að hún færi ekki fram á framlengingu eftir 3 ár, sem sami ráðherra kvaðst hafa, neitaði hann að láta nefndinni þá yfirlýsingu í té.

Þá var ráðherrann aðspurður, hvort búast mætti við, að aðrar þjóðir færu í kjölfar Breta. Kvað hann mega búast við því, að aðrar þjóðir færu fram á hið sama og Bretar nú fengju og væri ekki hægt að neita þeim um það.

Hvað íslenzku togarana og veiðar þeirra snertir kváðu dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra samþykkt þáltill. hafa í för með sér endurskoðun á afstöðu þeirra.

Þá var Davíð Ólafsson fiskimálastjóri tilkvaddur og beðinn að gefa nefndinni álit sitt um, hver áhrif þær ráðstafanir, sem samþykkt orðsendinganna mundi hafa í för með sér, hefðu á fiskistofninn. En samkvæmt lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948 ber Fiskifélagi Íslands að gera tillögur til sjávarútvegsmálaráðuneytisins, áður en reglugerð er út gefin, en samþykkt þessarar þáltill. jafngildir útgáfu reglugerðar.

Eigi fengust svör um, hvort slíkt álit yrði gefið. Yfirleitt var greinilegt, að ekki átti að veita tíma né aðstöðu til þess að láta fram fara á vegum nefndarinnar þá raunsæju rannsókn, sem svo mikilvægur samningur sem þessi krefst.

Klofnaði því nefndin bráðlega. Fulltrúar stjórnarflokkanna, fjórir að tölu vildu samþykkja þáltill., en þrír, fulltrúar Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins, voru andvígir henni.

Afstaða mín til málsins er sú, að ég legg til, að þáltill. verði felld, en mun hins vegar freista þess ásamt öðrum minni hluta nefndarinnar að leggja fram til vara breytingartillögur við samninginn.

Skal nú vikið að samningnum sjálfum og hinum einstöku atriðum hans.

Réttindaafsal um aldur og ævi.

Það ákvæði þessa samkomulags, sem mesta undrun vekur og er háskalegra en allur annar undansláttur, sem í því felst, er það, að Íslendingum er ætlað að falla frá rétti sínum um einhliða aðgerðir til breytinga á fiskveiðilandhelgi sinni um aldur og ævi. Slík skuldbinding í milliríkjasamningi hefur aldrei fyrr verið gefin í allri sögu Íslendinga.

Engir samningar, hvorki þeir, sem Danir gerðu að Íslendingum forspurðum, á meðan þeir fóru sem yfirþjóð með málefni okkar sem sinnar nýlendu, né heldur neinir samningar Íslendinga sjálfra, hafa tekið þannig réttinn um alla framtíð af öldum og óbornum, eins og þessi samningur á að gera. Hinn illræmdi NATO-samningur átti þó ekki að gilda nema í 20 ár.

„Herverndarsamningurinn“ svonefndi er uppsegjanlegur að fullu og öllu á 1½ ári.

En nú ætlar ríkisstjórn Íslands með knappan meiri hluta Alþingis á bak við sig og í miklum minni hluta meðal þjóðarinnar að svipta Íslendinga með samningi við Breta, sem gilda á um aldur og ævi, öllum rétti til einhliða ákvörðunar um lífshagsmunamál þjóðarinnar, stærð landhelginnar í kringum landið.

Hér er engin vafasöm eða umdeild fullyrðing á ferðinni. Ríkisstjórnin hefur sjálf á fundi í utanríkismálanefnd Alþingis lýst því yfir, að ákvæði samkomulagsins um tilkynningarskylduna til Breta með 6 mánaða fyrirvara og um skylduna til þess að lúta dómi Alþjóðadómstólsins um alla frekari stækkun landhelginnar sé óuppsegjanlegt og standi um alla framtíð. Þannig á að binda hendur Íslendinga um alla framtíð, þó að hver þjóðin af annarri tæki sér með einhliða ákvörðun miklu stærri landhelgi, t. d. landhelgi yfir öllu venjulegu landgrunni.

Þetta atriði samkomulagsins eitt er svo fjarstætt og niðurlægjandi og slíkt réttindaafsal af Íslands hálfu, að engum Íslendingi, sem raunverulega ræður gerðum sínum, ætti að koma til hugar að ljá samþykki sitt við samningi, sem felur það í sér.

Bretar upp að 6 mílum.

En þetta ákvæði er ekki einasta réttindaafsalið af Íslendinga hálfu samkvæmt þessu samkomulagi. Samkvæmt samkomulaginu er Bretum heimilað að stunda fiskveiðar upp að 6 mílna mörkunum svo að segja allt í kringum landið. Þeir eiga að vísu að færa sig lítils háttar til á miðunum við landið, en alla mánuði ársins eiga þeir að fá leyfi til þess að stunda togveiðar sínar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, — enginn mánuður fellur þar úr.

Hér er vissulega um meiri eftirgjöf að ræða af Íslands hálfu en flestir átta sig á í upphafi.

Augljóst er, að á fiskimiðunum fyrir Austurlandi verður um hreina áníðslu að ræða. Þar má erlendi flotinn skarka alla mánuði ársins upp að 6 mílum.

Fyrir Norðurlandi mega hin erlendu skip vera 4 beztu mánuðina, eða allt sumarið. Afleiðingin verður sú, að öll erlend síldveiðiskip, sem gerð eru út hér í norðanverðu Atlantshafi, geta ruðzt inn á beztu síldarmið okkar. Þrengslin á síldarmiðunum hafa þótt mikil undanfarin ár. En hvað verður nú næstu þrjú árin?

Tækninni fleygir fram. Ný og áður óþekkt tæki eru tekin í notkun svo að segja árlega. Norðmenn og Rússar telja, að ofveiði ógni síldveiðunum við Noreg

og í Norður-Atlantshafi yfirleitt. Fiskifræðingar þessara þjóða hafa varað við þessari ofveiði. En skilningur íslenzku ríkisstjórnarinnar á þessum málum er sá, að hún ætlar að steypa yfir síldarmið okkar mörg hundruð erlendum skipum.

Síldveiðisvæðið fyrir Norður- og Austurlandi er ekkert sérsvæði Norðlendinga og Austfirðinga. Það er veiðisvæði alls bátaflota landsmanna. Þangað sækja Vestmannaeyingar, Suðurnesjamenn, Breiðfirðingar, Vestfirðingar, Reykvíkingar og yfirleitt allir landsmenn, sem síldveiðar stunda. Hér er því verið að fórna hagsmunum allra landsmanna. Það mun líka koma brátt í ljós, að það ákvæði samkomulagsins að ætla að heimila erlendum og íslenzkum togurum að veiða á þeim svæðum við Vestmannaeyjar, við Eldey, í Faxaflóa og við Breiðafjörð, sem ráðgert er, mun valda vetrarútgerð bátaflotans á þessum slóðum gífurlegu tjóni.

Útlendir togarar fá með þessu leyfi til þess að stunda togveiðar þar, sem bátarnir hafa stundað og munu stunda vetrarveiðar sínar. Árekstrar hljóta að verða. Og fiskigöngum verður spillt.

Einhver beztu fiskimið landsins, eins og í Meðallandsbugt, við Hvalbak, út af Rauðanúp, við Eldey, í Jökuldjúpi og víðar, eiga að standa Bretum opin upp að 6 mílum einmitt þann tíma, sem veiðin er mest á þessum miðum.

Hvað gerist eftir 3 ár?

En verðum við þá ekki laus við þennan ófögnuð eftir 3 ár samkvæmt samkomulaginu? munu ýmsir spyrja. Því verður að svara neitandi, eða allar líkur benda því miður til þess, að svo verði ekki.

Orðalag samkomulagsins er að vísu við það miðað, að Bretar fái leyfi til fiskveiða í íslenzkri landhelgi í næstu 3 ár, en hitt verður að hafa í huga, að í samkomulaginu er ekki eitt einasta orð, sem skuldbindur Breta til þess að hverfa út úr landhelginni að liðnum þessum 3 árum og virða íslenzka landhelgi að þeim tíma liðnum.

Viðurkenning fékkst engin.

Þá er augljóst á samkomulaginu, að íslenzka ríkisstjórnin hefur enga formlega viðurkenningu fengið fyrir 12 mílunum við Ísland.

Í 1. gr. samkomulagsins segir aðeins, að Bretar „falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland". „Viðurkenning" er hvergi orðuð, heldur aðeins „að falla frá mótmælum".

Nú hefur dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, rauverulega viðurkennt í umræðum á Alþingi um málið, að það sé rétt, að formleg viðurkenning hafi ekki fengizt. Orðrétt sagði Bjarni Benediktsson þetta:

„Hitt er annað mál, að Alþingi hefur aldrei falið ríkisstjórninni að afla viðurkenningar Breta um 12 mílna fiskveiðilögsöguna, þegar af því, að það taldi rétt okkar til hennar ótvíræðan og þess vegna óþarfa aðra viðurkenningu Breta en þá, að þeir hættu ofbeldisaðgerðum."

Dómsmálaráðherra játar þannig, að viðurkenningin hafi ekki fengizt, en hann afsakar það með því að segja, að Alþingi hafi ekki falið ríkisstjórninni að afla slíkrar viðurkenningar, heldur aðeins að fá Breta til þess að hætta ofbeldisaðgerðum sínum.

Þessi afsökun er harla haldlítil, þar sem dómsmálaráðherrann hafði sjálfur lýst því yfir á Alþingi, áður en samkomulagið var gert, að grundvallarskilyrði frá Íslendinga hálfu fyrir samningi við Breta yrði fullkomin og óafturkallanleg viðurkenning á 12 mílna landhelgi Íslands. En aðalatriði málsins er það, að formlega og bindandi viðurkenningu á 12 mílunum hafa Bretar ekki viljað gefa. Það atriði í greinargerð ríkisstjórnarinnar, sem einna mest áherzla er lögð á og lesið var upp í útvarpið í tvo daga í röð, að Bretar hafi veitt viðurkenningu á 12 mílna landhelgi okkar, er því alrangt. Slík viðurkenning fékkst ekki.

Grunnlínupunktarnir gerðir að óbreytanlegum samningi.

Grunnlínupunktarnir eru með þessu samningsuppkasti gerðir að óbreytanlegum samningi við brezku ríkisstjórnina. En grunnlínupunktana höfum vér enn samkvæmt íslenzkum lögum rétt til þess að draga að vild, og til hins sama höfum vér ótvíræðan rétt bæði að alþjóðalögum og samkvæmt ákvörðunum sjóréttarráðstefnunnar í Genf.

Þessum réttindum öllum er verið að afsala þjóðinni með því að semja við Breta um nokkra punkta og gera það síðan háð samþykki þeirra eða Alþjóðadómstólsins í Haag, hvort breyta megi. Slíkt framferði er óafsakanlegt.

Aðrar þjóðir koma á eftir Bretum.

Þá er það greinilegt og viðurkennt af ríkisstjórninni, að verði þessi samningur gerður við Breta, þá koma aðrar þjóðir á eftir og krefjast hins sama og fá það hjá ríkisstjórninni.

Af þessu leiðir, að aftur leggst sá aragrúi togara og annarra veiðiskipa að Íslandsströndum, sem þjóðin vildi bægja burt með aðgerðum sínum 1958. Afleiðingin liggur í augum uppi: Hættan á eyðingu íslenzkra fiskimiða á ný.

Og með því að láta undan brezka ofbeldinu nú er verið að bjóða öðrum ofbeldisseggjum Atlantshafsbandalagsins, — segjum t. d. Belgum eða Vestur-Þjóðverjum, upp á sama leikinn að þrem árum liðnum: að halda herskipum inn fyrir tólf mílurnar — og fá svo sérréttindasamning til næstu þriggja ára, sem sjálfkrafa gildir fyrir hina andstæðinga 12 mílnanna!

Afleiðingarnar af þeirri vítaverðu undanlátssemi fyrir ofbeldinu og verðlaunun yfirgangsins, sem í þessum samningi felst, eru vissulega ófyrirsjáanlegar.

Viðbrögð andstæðinga vorra.

Viðbrögð andstæðinga vorra erlendis við þessu uppkasti eru tvenns konar, og hefur þau borið nokkuð á góma í umræðum um þetta mál.

Hinir ofstækisfyllri meðal andstæðinga vorra, einkum í Bretlandi, vilja helzt hvergi hvika frá „ránsrétti“ Breta til að veiða upp að þrem mílum og óskapast yfir hvers konar „undanslætti“ frá þeim mörkum. Þetta er sams konar afstaða og harðvítugra nýlendudrottna, sem heldur vilja eiga á hættu að tapa öllu en að semja um eitthvert undanlát. — Ríkisstjórnin hefur notfært sér í allríkum mæli háværar raddir frá mönnum af þessu tagi og reynt að telja þær rökstuðning fyrir undanhaldi sínu. — Því fer fjarri, að svo sé. Sá hópur manna, sem hér á hlut að máli, mun alltaf halda í „sérréttindi“ og gamlan „ránsrétt“, svo lengi sem hann er ekki sviptur þeim, og hrópa hátt í hvert sinn, er nýfrjálsar þjóðir taka sér þann rétt, er fyrir þeim var haldið um áratugi eða jafnvel aldir.

Hinir vitrari meðal fjandmanna Íslendinga hugsa hins vegar raunsæjar um þessi mál, — og þar er ríkisstjórn Bretlands fremst í flokki, því að enginn frýr henni vits, þótt grunuð sé hún um græsku. Stjórn þessa ríkis, er var voldugast nýlenduríki heims í upphafi þessarar aldar, sér, hvert stefnir í heiminum: að þjóðir, sem áður voru undirokaðar, taka sér frelsi og eignast sjálfar auðlindir sínar, er auðhringar Breta og annarra kúgara jusu áður af. Ríkisstjórn Bretlands sér, að við þessa þróun fær hún ekki ráðið með ofbeldi. Hún verður því að haga málum þannig að reyna að tryggja arðránsaðstöðu brezku auðhringanna í löndum eða á fiskimiðum hinna nýfrjálsu þjóða. Ríkisstjórn og auðhringar Bretlands reyna því að nota áhrif sín og pólitísk sambönd við misvitra og skammsýna valdamenn þessara þjóða til þess að tryggja sér þau framtíðarítök í auðlindum þeirra, sem mestu skipta, þótt slá verði ofur litlu af á yfirborðinu, sem hvort sem er var tapað. Þess vegna álítur ríkisstjórn Bretlands klókt af sér að lofa að veiða aðeins 3 ár á svæði, sem hvort sem er var lokað, — en véla samtímis valdhafa Íslands til að afsala einkarétti Íslands til frekari útfærslu á landgrunninu, sem auðvitað er aðalatriðið fyrir Breta.

Brezku ríkisstjórninni er þetta ljóst, og henni tekst líka að sannfæra forustumenn togaraeigenda og annarra, sem mest básúna út óánægju sína, um, að þetta sé klókleg pólitík. En hún kærir sig ekki um að hafa of hátt um þetta, meðan verið er að véla Íslendinga til að afsala sér einkarétti til lögsögu yfir landgrunninu um aldur og ævi.

Samt er það svo, að bresk blöð hafa ekki dulið áægju sína með það, að frekari einhliða útfærsla íslenzkrar fikveiðilögsögu sé stöðvuð með þessum samningi, og segja það réttilega höfuðatriðið.

Þetta þarf Alþingi og þjóðin einnig að gera sér ljóst til þess að skilja höfuðinntak þessa samnings og láta ekki hávær hróp ofstækisfyllstu og skammsýnustu andstæðinga vorra villa oss sýn um það, að með þessum samningi eru þeir vitrari hinna voldugu fjandmanna Íslendinga að heimta framtíðarsigurinn til sín, að svo miklu leyti og svo lengi sem brezkt auðvald fær einhverju ráðið í heiminum.

Voðinn vegna breyttrar veiðitækni.

Þegar ríkisstjórn leggur til að gera samning, sem varðar líf og afkomu Íslendinga um alla framtíð, verður að gera ráð fyrir því, að hún hafi hugsað fyrir þeirri gerbyltingu í veiðitækni, sem fram undan er. Það sést líka af hinni hvítu bók ríkisstjórnar Íslands, er lögð var fyrir Sameinuðu þjóðirnar í september 1958, að hún gerir ráð fyrir hugsanlegri notkun „risavaxinna verksmiðjuskipa útbúinna rafmagnstækjum og -dælum“ eins og þar segir orðrétt („The Ieclandic Fishery Questions“, bls. 17). Það má því eins búast við brezkum flota búnum slíkum ógnar-eyðingartækjum, og gagnvart slíkum voðavélum veiðitækninnar yrðu 12 mílur vart meiri vernd en 1, 2 eða 3 mílur áður. Hins vegar höfum vér Íslendingar sára og dýra reynslu af því, hve langan tíma það tekur að fá sett alþjóðalög eða reglur, er verndi fiskistofn vorn gegn nýrri tækni. Botnvarpan var líka eitt sinn bylting í veiðitækni, og enn stendur baráttan á lagasviðinu við afleiðingar hennar.

Það er því ljóst, að afsal einhliða lögsögu Íslendinga yfir landgrunninu býður voðanum af nýrri veiðitækni heim, auk alls annars. Og vér Íslendingar stæðum, ef þessi samningur væri gerður, varnarlausir uppi til einhliða aðgerða, meðan ekki væri búið að koma á skynsamlegum alþjóðareglum. Og það getur tekið langan tíma, eins og dæmin sanna.

Enginn varnagli er við þessu sleginn í uppkastinu. Bretar geta þess vegna hafið veiðar með rafmagnsdælum í Kolluál eða Meðallandsbugt og víðar, — og þá má ætla, að mörgum útvegsbóndanum taki að þykja „þröngt fyrir dyrum“.

Óuppsegjanlegur samningur á þessum tímum óðfluga tækniframfara er því voði, sem verður að afstýra.

Einn veigamesti þáttur sjálfstæðisbaráttunnar svikinn.

Þegar Ísland forðum var sjálfstætt ríki, mun landgrunnið hafa verið vort í meðvitund manna og leyfi landsráðenda þótt nauðsynlegt til veiða þar. Á niðurlægingartímum nýlendukúgunarinnar var þó landhelgin talin 32, 24 og síðast 16 sjómílur, unz brezki ræninginn, seigur með sölusamninga, kom henni niður í 3 sjómílur 1901 með svínakjötssamningnum við Dani, — en gegn mótmælum Íslendinga.

Það er vor náttúrlegi réttur sökum hinnar sérstöku legu lands vors og landgrunns og vegna þeirrar lífsnauðsynjar vorrar að lifa á fiskveiðum að hafa lögsögu yfir landgrunni Íslands til þess að tryggja fiskstofninn þar. Aðrar þjóðir telja sig eiga botninn undir hafinu umhverfis sig, a. m. k. í 100 metra dýpi. Vér viljum einnig ráða þessum botni, hvort hann er skafinn með drápstækjum, hvort grandað er þeim lífsgróðri, sem við hann dafnar. Vér viljum hafa lögsögu yfir fiskveiðum á þessu landgrunni líka í þágu þess verkefnis að afla matvæla handa öðrum og tryggja vöxt og viðgang fiskstofnsins.

Eins og það er og var vor náttúrlegi réttur að ráða þessu landi einir og frjálsir, — réttur, sem alda arðrán og undirokun gat ekki eyðilagt, — eins er það vor náttúr-

legi réttur að hafa lögsögu yfir þess landgrunni til þess að tryggja tilveru vora, sem byggist fyrst og fremst á fiskimiðunum.

Það hlaut því að vera einn veigamesti þáttur sjálfstæðisbaráttu vorrar, er vér tókum að hefja oss upp úr nýlenduástandinu, að binda enda á ránsvald og rányrkju þjóða eins og Breta á fiskimiðum vorum.

Eftir að vér Íslendingar endurreistum lýðveldið 1944 og ákváðum að taka í vorar hendur óskoruð yfirráð yfir landi voru, svo sem vér höfðum að fornu, var og flestum ljóst, að sams konar yfirráðum þurftum vér að ná yfir landgrunninu, a. m. k. hvað snerti fiskveiðar og vernd fiskstofns. **Því var með lögunum um „vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins" frá 1948 lýst hátíðlega yfir lögsögu íslenzka ríkisins „innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti."** Á þeirri lögsögu og þeim lögum hafa allar útfærslur fiskveiðilögsögunnar síðan byggzt.

Þetta var þá mikilvægt spor í áttina til fullra yfirráða þjóðarinnar yfir öllu landgrunninu, — stórt spor í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, stigið af öllum flokkum þingsins í sameiningu og því hátíðlega lofað af ríkisstjórn þeirri, er þá fór með völd, að samráð yrði ætíð haft við alla flokka um framkvæmd þessa máls.

Með þessu samningsuppkasti, ef samþykkt yrði, **er þessi löglýsti réttur vor til** lögsögu um fiskveiðar á landgrunninu **gerður háður brezku samþykki og úrskurðum Alþjóðadómstólsins,** en ekki íslenzkum reglum, svo sem lög vor mæla fyrir um.

Lögin um landgrunnið frá 1948 eru skert og brotin, ef þetta uppkast er samþykkt.

Samningurinn við Breta, ef gerður verður, táknar uppgjöf á lögsögu Íslands eins yfir landgrunni voru um aldur og ævi, ef tillögumenn þáltill. fengju vilja sinn fram.

Þetta væru svik við eitt veigamesta sjálfstæðismál þjóðarinnar, svik við þá hugsjón, sem landgrunnslögin frá 1948 byggðust á.

Það væri verið að afsala rétti vor Íslendinga og vor einna til lögsögu yfir landgrunninu, þeim er vér lýstum 1948 allir sem einn með lögum frá Alþingi Íslendinga.

Ofbeldi Breta löggilt. Hagsmunum Íslendinga fórnað fyrir Atlantshafsbandalagið.

Brezka ríkisstjórnin hefur að áeggjan hinna voldugu brezku auðhringa, er ráða brezka togaraflotanum, beitt Íslendinga ofbeldi, ein allra ríkisstjórna. Það orkar ekki tvímælis, að aldrei hefði komið til mála að gera þennan samning, nema þessu ofbeldi hefði verið beitt. Það níðingsbragð brezka herveldisins að ráðast á vopnlausa smáþjóð, sem á að heita „bandamaður hennar", er undirrót þeirra „samninga", sem ríkisstjórnin hefur staðið í, og þessa samningsuppkasts.

Nú er lagt til að verðlauna níðingana fyrir ódæðið, veita ofbeldismönnunum sérréttindi til afskipta af lögsögu Íslands um aldur og ævi.

Öldum saman drottnuðu Danir yfir landi voru með svívirðilegum hætti, án þess að forfeður vorir nokkru sinni viðurkenndu rétt danska ríkisins til slíkrar drottnunar.

Nú á að gefast upp fyrir brezku ofbeldi eftir nokkurra mánaða taugastríð og veita brezkri ríkisstjórn óhæfilegan rétt til afskipta af íslenzkri lögsögu, — og það án þess að þeir hafi bilað, sem það taugastríð fyrst og fremst mæddi á, varðskipsmenn vorir.

Það er annað, sem veldur undanhaldinu og uppgjöf réttinda vorra. Það er undirgefni valdhafanna á landi voru undir það auðvald, er ræður Atlantshafsbandalaginu. Þetta bandalag hinna fornu, voldugu nýlenduvelda reynir um allan heim að halda í hin gömlu sérréttindi og arðránsaðstöðu auðmannastéttanna í löndum þeim, sem þær hafa arðrænt og undirokað. Hér reynir brezka auðvaldið að halda í sinn gamla „ránsrétt" á fiskimiðum vorum og fær til þess aðstoð annarra nýlenduræningja í þessu bandalagi nýlenduveldanna.

Valdhafar vorir láta nú undan þessum ofbeldismönnum til þess að þóknast þessu ofbeldisbandalagi.

Eigi hefðum vér getað endurreist lýðveldið á Íslandi 1944, ef forfeður vorir hefðu gert slíka óafturkallanlega og óuppsegjanlega samninga um land vort sem valdhafar vorir nú leggja til að gera um landgrunnið.

Það ber því að lýsa sökinni af ofbeldinu og uppgjöf þeirri, sem í þessu uppkasti felst, á hendur brezka hervaldinu, Atlantshafsbandalaginu og erindrekum þess á Íslandi, þeim veikgeðja valdhöfum, er nú leggja til við Alþingi að samþykkja þennan samning.

Það hlýtur hins vegar að vera ljóst, að íslenzk þjóð er óbundin um alla framtíð af samningi, sem annars vegar er til kominn fyrir ofbeldi og hervaldsbeitingu, en hins vegar samþykktur af stjórnarliði, sem ekkert umboð hefur til slíks frá þjóðinni, heldur hafði þvert á móti hátíðlega heitið í kosningum að hvika hvergi frá 12 mílna fiskveiðilögsögunni og lögunum um lögsögu Íslands yfir landgrunninu.

Forsætisráðherra núverandi stjórnar, Ólafur Thors, lýsti yfir á Alþingi s. l. vor eftirfarandi: „Ég hef enga heimild til þess að afsala þjóð minni 12 mílum.“ — Og þá hefur ríkisstjórnin enn síður umboð til að afsala þjóðinni einkarétti á landgrunninu.

Íslenzk þjóð er óbundin af þessum samningi nauðungar og svika.

Hins vegar skal þeim, er þennan samning vilja gera, gefinn kostur til að gera það á löglega bindandi hátt með því að leggja hann undir þjóðardóm í þjóðaratkvæðagreiðslu, svo sem stjórnarskrá lýðveldisins gerir ráð fyrir um mál, er mest umdeild og örlagaríkust gætu orðið.

Mun ég ásamt fulltrúum Framsóknarflokksins í utanríkismálanefnd flytja tillögu um slíka þjóðaratkvæðagreiðslu, er fram færi, ef meiri hluti Alþingis samþykkir þáltill. Mun ég og ásamt þeim flytja til vara breytingartillögur við orðsendinguna til brezku ríkisstjórnarinnar til þess að freista að afstýra örlagaríkustu ákvæðum hennar. Alger samstaða er milli Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins um afstöðuna gegn þessari þingsályktunartillögu og um breytingartillögur við hana til vara, þótt vér fulltrúar flokkanna gerum grein fyrir afstöðu vorri hvor um sig.

Höfuðtillaga mín er, að þáltill. verði felld.

Alþingi, 5. marz 1961.

Einar Olgeirsson.

Sþ. 450. Breytingartillögur [204. mál]

við till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Frá Hermanni Jónassyni, Einari Olgeirssyni og Þórarni Þórarinssyni.

1. Aftan við tillögugreinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Áður en sú heimild öðlast gildi, skal þó samningsuppkastið hafa verið lagt undir þjóðardóm í þjóðaratkvæðagreiðslu og hlotið meiri hluta greiddra atkvæða.
2. Við fylgiskjal I.
   a. Í 1. tölulið orðsendingarinnar komi í stað orðanna „falli frá mótmælum sínum gegn“ orðin: viðurkenni óafturkallanlega.
   b. Aftan við 3. tölulið orðsendingarinnar bætist:
      Ríkisstjórn Bretlands heitir því að fara ekki fram á framlengingu þessarar undanþágu að þessu tímabili loknu og sjá til þess, að brezk veiðiskip hverfi að fullu og öllu burt af þessum svæðum, er þessu tímabili lýkur.

c. Í 4. tölulið orðsendingarinnar komi í upphafi töluliðarins í stað orðanna „Á áðurgreindu þriggja ára tímabili er þó“ orðin: Framvegis er.
d. Í 2. efnismálsgrein orðsendingarinnar, þeirri er byrjar með orðunum „Ríkisstjórn Íslands“, komi í stað orðanna „en mun ..... Alþjóðadómstólsins“ svo hljóðandi orðalag: samkvæmt íslenzkum lögum og alþjóðarétti.

Sþ. 451. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um verndun fiskstofna við strendur Íslands.

Flm.: Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka nú þegar til rækilegrar athugunar í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans, hvort eigi sé nauðsynlegt til verndar fiskstofnum við strendur landsins að banna ýsuveiðar með herpinót á helztu uppeldisstöð þessa nytjafisks og sömuleiðis smásíldarveiði á grunnmiðum og inni í fjarðarbotnum.

Skal undinn bráður bugur að athugun þeirri, sem að framan greinir, svo að eigi þurfi að dragast lengi, að reistar verði skorður við þeirri hættu, sem allar líkur benda til að stafað geti af þessum veiðiaðferðum.

Greinargerð.

Öllum fiskveiðiþjóðum er nú orðið ljóst, að gæta þarf varhuga við þeirri tækni, sem nú er í sívaxandi mæli farið að beita á svið fiskveiðanna.

Sérstaklega er það hér í norðurhöfum, þar sem menn eru lengst á veg komnir með beitingu fiskveiðitækninnar, að þessi þróun er farin að vekja nokkurn ugg, því að ýmis fyrirbæri á þessu sviði gefa nú orðið nokkra bendingu um, að svo sé nú komið, að frjósemi fiskstofnanna fái eigi lengur rönd við reist veiðitækninni. Þá er það augljóst orðið, að hin nýja tækni getur auðveldlega valdið miklum truflunum á fiskgöngum og á margan hátt haft hin skaðlegustu áhrif á eðlishætti fisksins.

Því háðari sem þjóðir eru fiskveiðunum, því uggvænlegra er þeim þetta nýja viðhorf og því fastar knýr það á um, að allrar varúðar sé gætt og í tíma athugað, hvað helzt sé tiltækilegt til þess að sporna við ofveiðinni.

Íslendingar eru þannig settir, eins og enn er komið, að engin þjóð á eins mikið og þeir undir fiskveiðum komið. Er þeim því öllum öðrum þjóðum fremur nauðsynlegt að vera vel á verði og fylgjast með því, sem er að gerast á miðunum við strendur landsins. Og sízt af öllu mega þeir með fyrirhyggjuleysi flana að því að beita þeim veiðiaðferðum, sem skefjalaust tortíma uppfæðingnum á fyrsta aldursskeiði, en það mun oft vera svo, þegar slíkum veiðiaðferðum er beitt, að sá hluti veiðinnar, sem engum er að gagni sökum smæðar og er því fleygt, er að tölunni til miklu stærri en sá hluti, sem eitthvert verðmæti er í.

Það er því í alla staði óhyggilegt, eins og nú hagar til, að ganga að fiskveiðunum hér við land eins og sá brunnur verði aldrei tæmdur, hvaða rányrkju og bolabrögðum sem beitt er. Slíkur hugsunarháttur er hættulegur. Og að því leyti sem rányrkja af þessu tagi ber skynsamleg og raunhæf viðhorf til málsins ofurliði, verður með opinberum ráðstöfunum að banna slíkan verknað og fylgja því banni svo eftir, að raunhæft reynist.

Fullvíst má telja, að versta gereyðingartæki, sem beitt er á ungviði fisksins, sé dragnótin. Dragnótaveiðar á grunnmiðum innan landhelginnar, á uppeldisstöðvum ungfisksins, hafa nú verið leyfðar, illu heilli. Ætti Alþingi sem allra fyrst að

sjá sóma sinn í því að afturkalla slíkt leyfi og aflétta þeirri plágu, sem að öðrum kosti hlýtur óhjákvæmilega að fylgja í kjölfar þess.

Þá er nú í vaxandi mæli kostað mjög kapps um það að veiða smásíld, uppfæðing á fyrstu vaxtarstigum, og fer veiði þessi fram á grunnmiðum og inni í fjarðarbotnum, þar sem þessi kræða leitar skjóls yfir harðasta tíma vetrarins. Hafa veiðar þessar átt sér stað í allstórum stíl og þessari smásíldarkræðu ausið upp gegndarlaust, því að sökum þess, hve þessi seiði eru mögur og smá, þurfa afköstin að magni til að vera geysimikil til þess að fá nokkurt verðmæti, sem um munar. Hér er um ótvíræða rányrkju að ræða, sem tafarlaust verður að stöðva.

Til viðbótar þessu er nú farið að veiða ýsu á uppeldisstöðvum hennar á grunnmiðum í herpinót, og skilur þar ekkert á milli þess af veiðinni, sem eitthvert gagn er í, og hins, sem gagnslaust er og því mokað steindauðu í sjóinn aftur.

Er tillaga þessi flutt með það fyrir augum, að látin verði fram fara nú þegar gagnger athugun á þessum rányrkjuveiðiaðferðum, í því skyni, að þaðýti undir og flýti fyrir því, að fyrir slíkar veiðar verði tekið.

Þá er nokkuð gert að því að stunda smáufsaveiðar inni á höfnum og öðru landvari, þar sem þessi uppfæðingur leitar skjóls að vetrinum. Eru slíkar veiðar vægast sagt varhugaverðar. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því máli hér, þó að ákvæði um það séu ekki beinlínis tekin upp í meginmál tillögunnar.

Ed. 452. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, sem komið er frá hv. neðri deild, ásamt þeim umsögnum, sem borizt höfðu frá 8 aðilum til iðnaðarnefndar þeirrar hv. deildar.

Iðnaðarnefnd mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 3. marz 1961.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Hermann Jónasson. Daníel Ágústínusson.

Ed. 453. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um verkstjóranámskeið.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið um það umsagnir Verkstjórasambands Íslands, vitamálastjóra, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, vegamálastjóra, Vinnuveitendasambands Íslands, Félags íslenzkra iðnrekenda og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Mæla allir þessir aðilar með samþykkt frv., en sumir vilja breyta ákvæðunum um stjórn námskeiðanna og inntökuskilyrði.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu, að inntökuskilyrði verði ákveðin með reglugerð. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða styðja aðrar brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 3. marz 1961.

Eggert G. Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Hermann Jónasson. Daníel Ágústínusson.

Ed. 454. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til laga um verkstjóranámskeið.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra ákveður með reglugerð inntökuskilyrði á námskeiðin.

Ed. 455. Breytingartillaga [41. mál]

við frv. til l. um Listasafn Íslands.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið í Reykjavík. Skal safnráð þegar hefja undirbúning þeirrar byggingar með því m. a. að velja húsinu stað og láta gera af því teikningu. Enn fremur skal ráðið gera tillögur um öflun fjár til byggingarinnar umfram það, sem veitt er til hennar í fjárlögum.

Sþ. 456. Breytingartillaga [204. mál]

við till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Páli Þorsteinssyni, Karli Guðjónssyni, Karli Kristjánssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Ingvari Gíslasyni, Ágúst Þorvaldssyni og Birni Jónssyni.

Við fylgiskjal I. Á eftir D-lið tölul. 2 bætist 7 nýir stafliðir, svo hljóðandi:

E. Grunnlínupunktur 5 (Ásbúðarrif) til nýs grunnlínupunktar, Eyjarfóts í Grímsey.
F. Nýr grunnlínupunktur, Eyjarfótur í Grímsey, til grunnlínupunktar 10 (Rifstangi).
G. Grunnlínupunktur 16 (Glettinganes) til grunnlínupunktar 50 (Hvalbakur).
H. Grunnlínupunktur 50 (Hvalbakur) til grunnlínupunktar 25 (Stokksnes).
I. Grunnlínupunktur 25 (Stokksnes) til grunnlínupunktar 28 (Ingólfshöfði).
J. Grunnlínupunktur 28 (Ingólfshöfði) til grunnlínupunktar 31 (Meðallandssandur II).
K. Grunnlínupunktur 35 (Geirfuglasker) til grunnlínupunktar 51 (Geirfugladrangur).

Ed. 457. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt án breytinga. Sömu afstöðu hefur nefndin tekið til frumvarpa um hliðstæð efni á þingskjölum nr. 11—28, sbr. og þingskjal nr. 192. — Einn nefndarmanna, ÓlJ, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. marz 1961.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Alfreð Gíslason.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 458. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að námsstyrkir falli að mestu niður, en stóraukin lán komi í þeirra stað. Um þetta atriði hafa reynzt vera mjög skiptar skoðanir. Bæði háskólaráð og stúdentar við Háskóla Íslands hafa mælt með samþykkt frv. óbreytts, en stúdentar á nokkrum stöðum erlendis hafa eindregið mælzt til, að styrkjunum verði haldið.

Með tilliti til þessa tók hæstv. menntamálaráðherra málið til endurskoðunar og flutti á þskj. 439 brtt. þess efnis, að styrkir skuli haldast, en lánakerfið endurskipulagt og stóraukið, eins og frv. gerir ráð fyrir. Í fylgiskjali með þessu nál. er gerð grein fyrir, hvaða áhrif þessi breyting mundi hafa á fjárhag og lánamöguleika sjóðsins.

Menntamálanefnd mælir einróma með samþykkt brtt. á þskj. 439 og að þeim samþykktum með frv. svo breyttu.

Alþingi, 7. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Helgi Bergs.
Jón Kjartansson. Geir Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Þess hefur verið óskað, að veitt væri svar við eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða áhrif hefur það á **meðallánsupphæð** áætlunarinnar, ef „dreifðu styrkirnir“ yrðu látnir halda sér?
2. Hvaða áhrif hefur það á **lánsfjárþörf** hins fyrirhugaða lánasjóðs, ef „dreifðu styrkirnir“ væru látnir halda sér?

Svar við fyrri spurningunni er að finna á töflu I. Upphæð sú, sem varið var í „dreifðu styrkina“ á s. l. ári, mun hafa verið kr. 1375000.00, ef gengið er út frá

fjárlögum þess árs. Ef þeirri upphæð yrði varið til óendurkræfra styrkja á þessu ári (og samsvarandi upphæð á næsta og næstu árum), mundi þess þegar fara að gæta á árinu 1964 í minnkandi tekjum vaxta og afborgana. Í dálki 2 í töflunni eru sýndar þær upphæðir ár hvert, sem sjóðurinn mundi missa af tekjum sínum. Í dálki 3 hefur upphæðinni í dálki 2 verið deilt með námsmannatölunni það ár.

Í dálki 4 er meðaltalsupphæð „dreifðu styrkjanna“ á námsmann, þ. e. áðurnefndar kr. 1375000.00 deildar með áætlaðri tölu námsmanna, er styrks njóta á þessu ári, þ. e. 435, sem gerir kr. 3160.00. Gert er ráð fyrir, að sú upphæð haldist óbreytt. Í dálki 5 er svo meðallánsupphæð á námsmann, eins og hún yrði á þessu ári, ef „dreifðu styrkjunum“ væri haldið. Tölurnar í þessum dálki (nr. 5) sýna, hvað eftir yrði af fé til þess að lána ár hvert, þegar búið væri að veita styrkina og standa auk þess undir skuldbindingum við banka um greiðslu þeirra vaxta og afborgana, sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Í dálki 6 eru svo samanlagðar upphæðir styrkja og lána ár hvert.

Lækkun námslánanna nemur tæpri 41 milljón á öllu tímabilinu, eða kr. 2558.00 að jafnaði á ári á námsmann.

Í töflu II er að finna svar við síðari spurningunni.

Ef halda á meðalupphæð samanlagðra styrkja og lána í kr. 25000.00 á námsmann, verður nauðsynlegt að taka að láni fé til þess að bæta sjóðnum upp tekjumissinn. Árlegar upphæðir, sem sjóðurinn þarf að taka að láni (til viðbótar því fé, sem áætlunin gerir ráð fyrir), eru sýndar í dálki 1, en það eru að sjálfsögðu sömu tölurnar og í dálki 2 í töflu I. Þetta viðbótarfé hefur sjóðurinn enga möguleika á að greiða jafnóðum, og hleðst það því upp sem skuld, sem í árslok 1985 er með 8% vöxtum p.a. orðin rúmar 68 milljónir.

Einnig hefur verið gerð áætlun um þessa viðbótarskuld með 7% vöxtum p.a., og er hún orðin 63.7 milljónir í lok þessa tímabils.

Tafla I.

	Tala námslána	Tekjumissir alls	Pr. námsmann	Styrkur	Lán	Alls
	1	2	3	4	5	6
1961	435	–	–	3160	21840	25000
1962	456	–	–	3160	21840	25000
1963	477	–	–	3160	21840	25000
1964	495	27375	55	3160	21785	24945
1965	516	83850	163	3160	21677	24837
1966	534	167100	313	3160	21527	24687
1967	555	281057	506	3160	21334	24494
1968	573	426705	745	3160	21095	24255
1969	600	578401	964	3160	20876	24036
1970	621	738368	1189	3160	20651	23811
1971	642	908794	1416	3160	20424	23584
1972	666	1092507	1640	3160	20200	23360
1973	687	1291398	1880	3160	19960	23120
1974	711	1505973	2118	3160	19722	22882
1975	732	1737015	2373	3160	19467	22627
1976	756	1984148	2625	3160	19215	22375
1977	780	2246579	2880	3160	18960	22120
1978	801	2520601	3147	3160	18693	21853
1979	825	2803455	3398	3160	18442	21602
1980	852	3077353	3612	3160	18228	21388
1981	876	3347727	3822	3160	18018	21178

	Tala náms-lána	Tekjumissir alls	Pr. námsmann	Styrkur	Lán	Alls
	1	2	3	4	5	6
1982	900	3613562	4015	3160	17825	20985
1983	924	3872604	4191	3160	17649	20809
1984	951	4143170	4357	3160	17483	20643
1985	978	4419254	4520	3160	17320	20480
		40867005				

Tafla II.

	Höfuðstóll 1	Vextir 8% p.a. 2	Heildarskuld 3
1961	–	–	–
1962	–	–	–
1963	–	–	–
1964	27375	–	27375
1965	83850	2190	113415
1966	167100	9073	289588
1967	281057	23167	593812
1968	426705	47505	1068022
1969	578401	85442	1731865
1970	738368	138549	2608782
1971	908794	208703	3726279
1972	1092507	298102	5116888
1973	1291398	413220	6821796
1974	1505973	545744	8873513
1975	1737015	709881	11320409
1976	1984148	905633	14210190
1977	2246579	1136815	17593584
1978	2520601	1407487	21521672
1979	2803455	1721734	26046861
1980	3077353	2083749	31207963
1981	3347727	2496637	37052327
1982	3613562	2964186	43630075
1983	3872604	3490406	50993085
1984	4143179	4079447	59215711
1985	4419254	4737260	68372225
Samtals kr.	40867005	27505220	–

Sþ. 459. Breytingartillaga [204. mál]

við till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Frá Jóni Skaftasyni.

Við fylgiskjal I. Aftan við 2. málsgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
Eigi skal þó málskot til Alþjóðadómstólsins fresta slíkri útfærslu.

Sþ. 460. Nefndarálit [48. mál]

um till. til þál. um lán til veiðarfærakaupa.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Tillaga þessi er nú flutt í annað sinn á Alþingi. Efni tillögunnar er að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort unnt sé að skipuleggja hjá einni eða fleiri lánastofnunum veitingu fastra lána til kaupa á sérstaklega verðmiklum veiðarfærum, sem hafa þá endingu, að fært sé að taka þau að veði fyrir slíkum lánum.

Tillagan var flutt snemma á þessu þingi og var á sínum tíma send til umsagnar Landsbankanum, Útvegsbankanum, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands. Frá bönkunum hafa ekki borizt svör, en bæði Landssambandið og Fiskifélagið hafa mælt með því, að tillagan verði samþykkt, Landssambandið með bréfi, dags. 14. des. s. l., og Fiskifélagið með bréfi, dags. 19. jan. s. l. Meiri hl. nefndarinnar hefur samt, því miður, ekki talið sér fært að mæla með till.

Minni hl. telur hins vegar sjálfsagt að fela ríkisstjórninni að athuga málið, úr því að slík athugun hefur ekki farið fram, svo að kunnugt sé, síðan tillagan kom fram í fyrra, og fær ekki skilið, að það geti verið varhugavert á neinn hátt, að Alþingi hlutist til um, að sú athugun fari fram. Á s. l. hausti var svo komið, að ríkisstjórnin varð að beita sér fyrir bráðabirgðalausn í þessu máli að því er varðaði áfallnar skuldir vegna síldarnóta. Það er vissulega engin furða, þó að menn láti sér til hugar koma, að eðlilegt geti verið og framkvæmanlegt að veita sérstök lán og með sérstökum afborgunarkjörum t. d. út á veiðarfæri, sem nú orðið kosta 700—800 þús. kr. og eiga að geta enzt í nokkur ár, og að um það geti þá gilt almennar reglur, sem hlutaðeigendum séu fyrir fram kunnar. Í greinargerð till. er svo að orði komizt, að jafnvel þótt um sæmilega veiði sé að ræða, virðist auðsætt, að ekki sé kleift að greiða að fullu svo verðmikil veiðarfæri af afla eins árs, og hefur sú skoðun vissulega mikið til síns máls. Hér er þó ekki lengra farið en að óska eftir athugun á málinu.

Að athuguðu máli mælir minni hl. með því, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 6. marz 1961.

Gísli Guðmundsson, frsm. Hannibal Valdimarsson. Björn Pálsson.

Sþ. 461. Breytingartillaga [204. mál]

við till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Frá dómsmálaráðherra.

Við fylgiskjal I. Í stað orðsins „Mýrnatangi“ í (iv) og (v) í tölul. 3 komi: Meðallandssandur I.

Sþ. 462. Þingsályktun [204. mál]

um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

(Afgreidd frá Sþ. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 428 (með leiðr. á þskj. 461).

Nd. 463. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og sakadómarar í Reykjavík rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

Í umdæmum utan kaupstaða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

Í Reykjavík sæta opinber mál rannsókn, meðferð og dómsuppsögu í sakadómi, er skipaður skal eftir ákvörðun dómsmálaráðherra þremur til fimm sakadómurum, og er einn þeirra yfirsakadómari. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á sína ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirsakadómara, enda skiptir hann störfum með sakadómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Forseti skipar yfirsakadómara og sakadómara. Yfirsakadómari tekur laun samkvæmt III. launaflokki laga nr. 92/1955 og sakadómarar samkvæmt IV. launaflokki sömu laga.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Saksóknari getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík, eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir bezt við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm, einum eða fleiri dómurum, er halda megi dómþing, hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.

Í Reykjavík geta þrír sakadómarar annaðhvort eftir ákvörðun yfirsakadómara eða eftir boði dómsmálaráðherra farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

Dómur getur kvatt tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf.

3. gr.

Við 2. málsgr. 8. gr. bætist nýr liður, sem verður 6. töluliður: 6. Saksóknari og fulltrúar hans.

4. gr.

Orðin „sækjanda og“ í 13. gr. falli niður. Í stað orðsins „áfrýjun“ í sömu gr. komi orðin: afgreiðslu dómsgerða.

5. gr.

Í stað orðanna „Sakadómari í Reykjavík“ í 4. málsgr. 18. gr. komi orðið: Saksóknari.

6. gr.

20. gr. orðist svo:

Saksóknari ríkisins fer með ákæruvaldið.

Forseti skipar saksóknara. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Saksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Dómsmálaráðherra skipar fulltrúa með lögfræðiprófi og annað starfslið til aðstoðar saksóknara með samþykki hans.

Fulltrúar og aðrir starfsmenn saksóknara taka samkvæmt launalögum sömu laun og hliðstæðir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra.

Saksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

7. gr.

21. gr. orðist svo:

Saksóknari skal hafa gætur á afbrotum, sem framin eru. Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Getur hann gefið lögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um framkvæmd rannsóknar og verið við hana staddur eða látið fulltrúa sinn vera það. Hann höfðar opinber mál, sbr. þó 112.—114. gr., tekur ákvörðun um áfrýjun þeirra og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem honum eru falin í lögum.

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun á hendur opinberum starfsmanni fyrir brot í starfi, skal hann jafnan leita umsagnar ráðuneytis þess, sem í hlut á. Ráðuneytinu ber að láta saksóknara í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Haldast skulu sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmálaráðherra kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála. Þegar svo stendur á, gefur dómsmálaráðherra saksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar framkvæmdir og leggur samþykki sitt á ákæruskjal og áfrýjunarstefnu.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafið saksóknara skýrslna um einstök mál.

8. gr.

22. gr. orðist svo:

Þegar saksóknari er svo riðinn við mál eða aðilja, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Nú berst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, og skipar hann þá annan löghæfan mann, sbr. 2. málsgr. 20. gr., til meðferðar þess máls. Sama gildir, ef saksóknari hefur lögmæt forföll.

9. gr.

23. gr. orðist svo:

Nú skal mál því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal handhafi ákæruvalds og dómari rannsaka það af sjálfsdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur málsaðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.

Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot, er sætir málshöfðun einstaks aðilja, getur saksóknari höfðað mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu lagi. En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök að, ef hann krefst þess, unz dómur er upp kveðinn í héraði.

10. gr.

24. gr. breytist svo:

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 1. málsgr. komi orðið: saksóknara.
2. Á eftir fyrsta málslið 1. málsgr. komi nýr málsliður svo hljóðandi: Saksóknari getur bæði að tillögu héraðsdómara og af sjálfsdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður.

11. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrri málslið 3. málsgr. 25. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.

12. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ á þremur stöðum í 27. gr. komi orðið: saksóknara.

13. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 28. gr. komi orðið: saksóknari.

14. gr.

1. Fyrsta málsgr. 29. gr. orðist svo:
   Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá leitað um það fyrirmæla saksóknara.
2. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í fyrri málslið 2. málsgr. 29. gr. komi orðið: Saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.

15. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 30. gr. komi orðið: saksóknari.

16. gr.

3. málsgr. 32. gr. orðist svo:
Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum saksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík.

17. gr.

Fyrri málsliður 2. málsgr. 33. gr. orðist svo:
Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfiskilyrði að fengnum tillögum saksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík.

18. gr.

Síðari málsliður 1. málsgr. 42. gr. orðist svo: Og getur kærandi þá borið málið undir saksóknara, sem tekur ákvörðun um, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram.

19. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 73. gr. komi orðið: saksóknari.

20. gr.

74. gr. orðist svo:
Dómari getur borið undir saksóknara, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá saksóknari ákvörðun um það atriði. Saksóknari getur og af sjálfsdáðum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa saksóknara verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákæruvaldið bresti aðild o. s. frv., þá veitir dómari saksóknara kost á að skýra málið og kveður síðan upp úrskurð um, hvort taka skuli kröfu saksóknara til greina. Samsvarandi gildir, þegar rannsóknar er krafizt í málum, er greinir í 3. málsgr. 21. gr.

21. gr.

79. gr. orðist svo:

Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og skipar þá saksóknari sækjanda einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Rétt er þó saksóknara að sækja mál sjálfur eða láta fulltrúa sinn gera það. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með mál, né heldur sá, er vegna afstöðu sinnar til máls eða aðilja væri óhæfur dómari í því máli.

Hlutverk sækjanda er að stuðla að því, að hið sanna og rétta komi í ljós, og yfir höfuð að létta dómara starfið með málflutningi sínum. Honum ber, þegar er hann hefur fengið skjöl málsins, að athuga gaumgæfilega, hvort rannsókn um einstök atriði kunni að vera áfátt, og benda dómara tafarlaust á það, til þess að úr því verði bætt. Í flutningi málsins skal hann lýsa staðreyndum skilmerkilega og án allra óþarfa málalenginga og draga fram öll atriði, sem máli skipta, sbr. 75. gr. Lagaatriði ber honum að greina stutt, ljóslega og hlutlægt. Loks skal hann leiða ályktanir sínar af því, sem hann hefur með greindum hætti fram flutt.

Skipuðum sækjanda ber þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun dómara.

22. gr.

84. gr. orðist svo:

Hæstaréttarlögmönnum og þeim héraðsdómslögmönnum, er fengið hafa löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði, er skylt samkvæmt skipun saksóknara að sækja opinbert mál í lögsagnarumdæmi, þar sem þeir hafa skrifstofu, og þar í grennd. Nú reynist skipaður sækjandi óhæfur að áliti dómara eða honum verða forföll, og skipar þá saksóknari annan löghæfan mann í hans stað.

Það er borgaraleg skylda hverjum heilum lögráða manni að taka að sér starf verjanda í opinberu máli innan lögsagnarumdæmis, þar sem hann er búsettur. Nú telur dómari verjanda rækja starfann óviðunandi eða verjanda verða forföll, og skipar dómari þá annan löghæfan mann í hans stað.

23. gr.

Fyrsti málsliður 2. málsgr. 87. gr. orðist svo:

Þóknun sækjanda, sem saksóknari hefur skipað, og skipaðs verjanda skal ákveða í dómi, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun.

24. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 112. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fimmta málslið 4. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

25. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsgr. 113. gr. komi orðið: saksóknara.

26. gr.

Í stað orðanna „22. gr.“ í lok 1. málsgr. 114. gr. komi: 2. málsgr. 21. gr.

27. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 1. málsgr. 115. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

28. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 118. gr. komi orðið: saksóknari.

29. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 124. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

30. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. tölulið 129. gr. komi orðið: saksóknari.

31. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. tölulið 1. málsgr. 130. gr. komi orðið: saksóknara og í stað orðanna „22. gr.“ í sama tölulið komi: 2. málsgr. 21. gr.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

32. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrra málslið 131. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Síðari málsliður sömu gr. orðist svo: Saksóknari skipar því næst sækjanda og dómari (formaður) verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund til næsta þinghalds, sbr. 115. og 116. gr.

33. gr.

1. málsgr. 143. gr. orðist svo:

Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal þó ákveða tiltekinni fjárhæð, sbr. 2. málsgr. 87. gr. Saksóknari sækir mál í héraði og fyrir Hæstarétti svo og fulltrúi hans í héraði án sérstaks endurgjalds, en verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum gert að greiða tiltekna fjárhæð málssóknarlauna, er renni í ríkissjóð. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

34. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. tölulið 154. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. tölulið sömu gr. komi orðið: saksóknara.

35. gr.

159. gr. orðist svo:

Ef skipaður sækjandi eða verjandi gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt frá 200—5000 krónur í dómi eða úrskurði.

36. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 171. gr. komi orðið: Saksóknari.

37. gr.

Þriðji málsliður 2. málsgr. 174. gr. orðist svo:

Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en saksóknara, sökunaut eða verjanda hans eitt eintak hverjum svo og þeim öðrum, er kæran varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.).

38. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 175. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í upphafi 2. málsgr. sömu gr. komi: saksóknara.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. tölulið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
4. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.

39. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 177. gr. komi: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. 177. gr. komi: saksóknara.

40. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 179. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.
4. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komið orðið: saksóknari.
5. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í þriðja málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.
6. Síðasti málsliður sömu málsgr. orðist svo: Skipar þá forseti dómsins verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðir og sendir þær því næst saksóknara.

41. gr.

180. gr. orðist svo:

Saksóknari undirbýr ágrip dómsgerða með þeim hætti, sem tíðkazt hefur, og lætur síðan, er hann hefur veitt verjanda kost á athugun frumvarps síns, fjölrita ágrip.

Nú telja saksóknari og verjandi sakaratriði miður rannsökuð en skyldi, og gera þeir þá, um leið og þeir undirbúa ágrip dómsgerða, skrá um þau atriði og kynna þau hvor öðrum. Saksóknari ákveður því næst, hverra frekari gagna skuli leita með prófun máls í héraði. Að því loknu annast saksóknari gerð viðbótarágrips.

Saksóknari endursendir Hæstarétti síðan dómsgerðir héraðsdóms ásamt framhaldsprófum, ef því er að skipta, og ágrip dómsgerða. Ákveður forseti Hæstaréttar svo þingfestingardag máls og tilkynnir saksóknara og verjanda það með hæfilegum fyrirvara.

42. gr.

181. gr. orðist svo:

Saksóknari sækir öll opinber mál í Hæstarétti án sérstaks endurgjalds, og hvíla á honum sömu skyldur, sem hingað til hafa hvílt á sækjanda fyrir þeim dómi, og samkvæmt þeim fyrirmælum, er í lögum þessum segir.

Nú er saksóknari settur samkvæmt 22. gr., og ákveður dómsmálaráðherra honum þá þóknun fyrir starf hans.

43. gr.

Í stað orðsins „sækjanda“ í 182. gr. komi orðið: saksóknara.

44. gr.

Í stað orðsins „sækjandi“ í 184. gr. komi orðið: saksóknari.

45. gr.

Í stað „181. og 182. gr.“ í 185. gr. komi: 182. og 183. gr.

46. gr.

1. Í stað „200—2000 krónur“ í 1. málslið 1. málsgr. 186. gr. komi: 200—5000 krónur.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í þriðja málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
4. Í stað orðsins „Sækjanda“ í fyrra málslið 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknara.
5. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.

47. gr.

187. gr. orðist svo:

Nú þykir verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir Hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum 200—5000 króna sekt á hendur til ríkissjóðs.

48. gr.

188. gr. orðist svo:

Nú þykir Hæstarétti að vísu vera gallar á verki héraðsdómara, skipaðs sækjanda í héraði, verjanda eða annarra, en ekki slíkir sem sektum eigi að varða, og getur dómurinn þá vítt viðkomendur fyrir þá, eftir því sem honum þykir ástæða til.

49. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 191. gr. komi orðið: saksóknara.

50. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 193. gr. komi orðið: saksóknara.

51. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 194. gr. komi orðið: Saksóknari.

52. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 195. gr. komi orðið: saksóknari.

53. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 198. gr. komi orðið: saksóknara.

54. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laganna um störf saksóknara ríkisins koma til framkvæmdar 1. júlí 1961.

Lögmæti aðgerða, sem fram hafa farið fyrir þann tíma, skal meta eftir eldri lögum, en aðgerðir, sem síðar fara fram, hlíta ákvæðum þessara laga.

Dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið afhenda saksóknara ríkisins þau skjöl opinberra mála, sem þar eru og embætti hans varða.

55. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál 1.—53. gr. þeirra inn í lög nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er lagt til, að skipaður verði saksóknari ríkisins, er fari með ákæruvald, og að ný skipan verði gerð á embætti sakadómarans í Reykjavík.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála fer dómsmálaráðherra nú með ákæruvaldið. Á Norðurlöndum og víða annars staðar hefur ákæruvaldð verið fengið í hendur sérstökum saksóknara. Langt er síðan, að tillögur komu einnig fram hér á landi um slíka skipun þessara mála, þó að þær hafi til þessa eigi náð fram að ganga.

Á árunum 1931 til 1934 kom hreyfing á þessi mál innan stjórnmálaflokkanna, Sjálfstæðisflokksins, Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins, og átti hugmyndin um skipun opinbers ákæranda þar miklu fylgi að fagna. Árið 1934 bar Gunnar Thoroddsen, núverandi fjármálaráðherra, fram á Alþingi frumvarp til laga um opinberan ákæranda ásamt greinargerð (þskj. 53). Málið náði þá eigi fram að ganga, en Alþingi samþykkti ályktun um heildarendurskoðun réttarfarslöggjafar landsins eftir fullkomnustu erlendum fyrirmyndum.

Í árslok 1934 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra, Hermann Jónasson, nefnd þriggja lögfræðinga til að semja frumvörp um réttarfarsmálin. Frumvarp um meðferð opinberra mála, er nefndin samdi, var lagt fyrir Alþingi 1939 ásamt ýtarlegri greinargerð (þskj. 27). Var þar lagt til, að ákæruvaldið yrði falið sérstökum opinberum ákæranda, er nefndist saksóknari ríkisins. Frumvarp þetta varð ekki útrætt á því þingi, og á sama veg fór árið 1940, er það var borið fram af nýju.

Árið 1947 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, nefnd þriggja lögfræðinga til þess að semja frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. Var frumvarp ásamt greinargerð, er nefndin samdi, lagt fram á Alþingi 1948 (þskj. 12). Var hér enn lagt til, að stofnað yrði embætti saksóknara ríkisins, sem færi með opinbert ákæruvald. Frumvarp þetta dagaði uppi á Alþingi, og á sömu leið fór 1949. Á árinu 1950 voru borin fram tvö stjórnarfrumvörp. Var annað þeirra almennt frumvarp um meðferð opinberra mála, og samkvæmt því skyldi dómsmálaráðherra fara áfram með ákæruvald (þskj. 18). Hitt frumvarpið fjallaði um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra (þskj. 19). Fyrrgreinda frumvarpið varð að lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, en síðargreinda frumvarpið dagaði uppi.

Að tilhlutun þáverandi dómsmálaráðherra, Friðjóns Skarphéðinssonar, var því næst frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála ásamt greinargerð lagt fram á Alþingi 1959. Í frumvarpi þessu var enn lagt til, að ákæruvaldið yrði lagt í hendur sérstaks embættismanns, saksóknara ríkisins. Frumvarp þetta fékk ekki afgreiðslu á Alþingi.

Í fyrrgreindu frumvarpi, sem lagt var fram á Alþingi 1948 (þskj. 12) var gert ráð fyrir fjölgun sakadómara í Reykjavík úr einum í þrjá til fimm eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. En í almenna frumvarpinu um meðferð opinberra mála, sem lagt var fram 1950 og samþykkt sem lög nr 27/1951, var eigi gert ráð fyrir þessari breytingu á embætti sakadómara.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru hinar eldri tillögur um saksóknara og fjölgun sakadómara í Reykjavík teknar upp af nýju. Að því er varðar embætti saksóknara, þá er æskilegt, að ekki dragist lengur, að sú skipan á meðferð opinbers ákæruvalds komist á hér á landi eins og í þeim löndum, þar sem réttarskipan er líkust okkar. Er ekki lengur viðunandi, að fjárskorti sé borið við gegn þeirri réttarbót. Um fjölgun sakadómara í Reykjavík er það að segja, að fulltrúar við embætti sakadómarans hafa um árabil í verki verið sjálfstæðir dómarar, og er þá rétt, að sú embættisstaða þeirra sé um starfsheiti og kjör að fullu viðurkennd í lögum.

Í frumvarpi þessu eru þau ein ákvæði, sem leiðir beint af fyrirhuguðum breytingum á meðferð ákæruvalds og skipan sakadómaraembættisins í Reykjavík. Má einnig um efni frumvarps þessa vísa til athugasemda, sem áður hafa komið fram í

sambandi við frumvörp, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi og greind eru hér að framan.

Með samþykkt frumvarps þessa væri lokamarki engan veginn náð, að því er varðar endurbætur á meðferð opinberra mála hér á landi. Algers aðskilnaðar er t. d. þörf milli dómstarfa og lögreglustjórnar. Spor í þá átt voru tillögur þær, er áður greinir, um rannsóknarstjóra, en hann skyldi m. a. fara með stjórn rannsóknarlögreglu í Reykjavík, sem nú ber undir sakadómara. Frá þessum tillögum er síður en svo endanlega fallið, þó að þær hafi ekki verið teknar upp í frumvarp þetta, enda verður stefnan að vera sú, að koma meðferð opinberra mála í þessu sem öðru hvarvetna í rétt horf. Í stað þess að flytja nú frumvarp, er fæli í sér tillögur um allsherjarumbætur í þessum efnum, hefur hins vegar af ýmsum ástæðum verið horfið að því ráði að takmarka efni frumvarpsins, svo sem gert hefur verið, og þá við það miðað, að nauðsynleg löggjöf um þessi mál verði sett í áföngum.

Nd. 464. Frumvarp til laga [41. mál]

um Listasafn Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. marz.)

1. gr.

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Menningarsjóður greiðir listasafninu a. m. k. 500 þús. krónur árlega af tekjum sínum til listaverkakaupa.

2. gr.

Aðalhlutverk listasafnsins skal vera:

a. að afla svo fullkomins safns íslenzkrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna,
b. að afla viðurkenndra erlendra listaverka, og skal verja í því skyni allt að tíu af hundraði af því fé, sem safninu er fengið til listaverkakaupa, geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs,
c. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda og rita, eða með öðrum þeim hætti, er henta þykir og fé er veitt til,
d. að láta gera kvikmyndir um verk hinna fremstu íslenzku myndlistarmanna, ævi þeirra og starfsháttu, eftir því sem fjárráð og aðrar aðstæður leyfa,
e. að afla heimilda um íslenzka myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost,
f. að efna til farandsýninga um landið,
g. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenzka myndlist, eftir því sem óskað er og við verður komið,
h. að hafa umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt þau séu geymd utan safnsins, nema þeim, sem geymd eru í Þjóðminjasafni eða falin þjóðminjaverði eða öðrum til umsjónar.

3. gr.

Sýningarsalir safnsins skulu opnir almenningi án gjalds á auglýstum tíma.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, þegar lög þessi öðlast gildi, en safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Skulu launin vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn.

5. gr.

Mynda skal safnráð fimm manna, þannig:

Forstöðumaður safnsins á sæti í ráðinu samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður þess. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Menntamálaráðherra skipar einn mann í ráðið og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar.

Íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem eru eða verið hafa félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, sem starfandi er, þegar kosning fer fram, skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara og einn myndhöggvara. Varamenn skulu þeir vera, sem flest hljóta atkvæði næst hinum kjörnu safnráðsmönnum. Verði tala varamanna eigi fullskipuð með þeim hætti, skal kjósa á ný eins marga varamenn og á skortir fulla tölu.

Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, er kosningarrétt og kjörgengi hafa til safnráðs samkvæmt framansögðu. Skal skráin liggja frammi í listasafninu hæfilegan tíma, áður en kosning til safnráðs fer fram, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjöskrá, og koma fram leiðréttingum.

Undirbúning og framkvæmd kosningar til safnráðs skal menntamálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé forstöðumanni safnsins, sem er formaður hennar, ráðuneytisstjóranum í menntamálaráðuneytinu og einum manni, tilnefndum af stjórn Bandalags íslenzkra listamanna.

Kosning til safnráðs skal vera leynileg og fara fram skriflega.

Þegar kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla. Kjörstjórn skal síðan senda einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem atkvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hendur hennar aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósenda og kjörstjórnar.

6. gr.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar um kaup á listaverkum, ef forstöðumaður safnsins, eða safnvörður í forföllum hans, er henni andvígur.

Ef ágreiningur rís milli formanns safnráðs og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð aðila í gerðabók ráðsins. Slíkum ágreiningi geta aðilar skotið til menntamálaráðherra til úrskurðar.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun safnráðs.

7. gr.

Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði:

a. kaup á listaverkum til safnsins,
b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast,
c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir,
d. önnur mál, er forstöðumaður æskir að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd, og safnið varða.

8. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga, hvað safnið á eftir sama höfund.

9. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil, að safnráðsmenn og höfundur séu um það sammála.

10. gr.

Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf, má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf.

Gjöf skal fylgja gjafabréf.

11. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til. Með samþykki safnráðs má þó víkja frá þessu ákvæði.

12. gr.

Safnráð tekur ákvörðun um það hverju sinni, hvort heimila skuli afnot af sýningarsölum safnsins fyrir aðrar sýningar en þær, er íslenzka ríkið stendur að.

13. gr.

Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt.

14. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenzkum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu, sem leiðir af ákvæðum 9. og 10. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkunum á vegum safnsins og öðrum listsýningum, sbr. 11. gr. Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess og á sýningum, sem það heldur, en til eftirgerðar í öðru skyni þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundaréttar, enda á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er brjóta í bág við þau.

Nd. 465. Lög [115. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna.

(Afgreidd frá Nd. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 151.

Nd. 466. Lög [118. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi.

(Afgreidd frá Nd. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 341.

Sþ. 467. Nefndarálit [127. mál]

um till. til þál. um sameiningu löggæzlu og tollgæzlu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir, sameina almenna löggæzlu og tollgæzlu.

Alþingi, 10. marz 1961.

Magnús Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Jón Árnason.	Halldór E. Sigurðsson.	Halldór Ásgrímsson.
Karl Guðjónsson.	Guðl. Gíslason.	Ingvar Gíslason.

Sþ. 468. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um rannsókn á magni smásíldar hér við land.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið um hana umsagnir Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans, fiskideildar. Mæla báðar þessar stofnanir með samþykkt tillögunnar. Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 10. marz 1961.

Magnús Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Jón Árnason.	Halldór E. Sigurðsson.	Halldór Ásgrímsson.
Karl Guðjónsson.	Guðl. Gíslason.	Ingvar Gíslason.

Ed. 469. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgðir.

Frá Karli Kristjánssyni og Birni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Þær ábyrgðarheimildir, sem Alþingi hefur gefið út, áður en lög þessi öðlast gildi, og ekki hafa verið notaðar, mega teljast heimildir til sjálfskuldarábyrgðar, hafi annað ekki verið ákveðið, þegar Alþingi samþykkti þær.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Nd. 470. Frumvarp til laga [124. mál]

um ríkisábyrgðir.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. marz.)

1. gr.

Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum.

2. gr.

Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.

3. gr.

Ekki má ríkissjóður takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið.

Ríkissjóður má ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé trygging, sem fjármálaráðherra metur gilda.

4. gr.

Hver sá, er ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir, skal greiða honum áhættugjald um leið og ábyrgð er tekin, 1% af ábyrgðarupphæð.

Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal greiða 1½% af ábyrgðarupphæð, um leið og ábyrgð er veitt.

5. gr.

Nú fellur ábyrgðargreiðsla á ríkissjóð, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að halda eftir greiðslum, er aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til greiðslu skuldarinnar, þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu eigi fyrir hendi.

6. gr.

Ekki má undan fella að ganga að tryggingu fyrir ábyrgðarláni, ef greiðsla fellur á ríkissjóð, nema sérstök heimild fjárveitinganefndar Alþingis komi til.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela einhverjum ríkisbankanna að vera fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem fjármálaráðherra kveður nánar á um. Skal sá banki kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og að því búnu gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda. Þá skal og bankinn fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, og eru þeir skyldir að láta bankanum í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er bankinn telur nauðsynleg, til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Ef einhver tregðast við að láta umbeðnar upplýsingar í té, má fjármálaráðherra beita dagsektum, allt að 500 kr. fyrir hvern dag, unz gögnin eru í té látin. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má í þeirri reglugerð m. a. ákveða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli fyrir á annan hátt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur til fjármálaráðherra um, hversu innheimta skuli eða semja um skuldir vegna ábyrgða,

sem á ríkissjóð hafa fallið. Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, ef fjárveitinganefnd mælir einróma með eftirgjöf.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til ný lagaákvæði hafa verið sett um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, skal heimilt, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., að veita ríkisábyrgð vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

Nd. 471. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið, og leggja nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, Gunnar Jóhannsson, var veikur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 10. marz 1961.

Einar Ingimundarson, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Helgi Bergs.
Jón Kjartansson.

Nd. 472. Frumvarp til laga [184. mál]

um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. marz.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Lánasjóður íslenzkra námsmanna. Skiptist hann í tvær deildir: lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, og er hlutverk hans að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og aðrar erlendar kennslustofnanir.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, Menntamálaráðs Íslands, stúdentaráðs Háskóla Íslands og Bandalags háskólamanna, og skal sá, er það tilnefnir, hafa stundað háskólanám erlendis og nýlega lokið þar prófi, en hinn fimmta án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Fulltrúar stúdentaráðs og Bandalags háskólamanna skulu þó tilnefndir til eins árs í senn. Varamenn eru skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Nú stofna íslenzkir námsmenn erlendis með sér samtök, er meginþorri þeirra er aðili að og starfa samkvæmt samþykktum, er menntamálaráðuneytið viðurkennir, og skal þá skipa í stjórnina samkvæmt tilnefningu þeirra í stað Bandalags háskólamanna.

Hlutverk stjórnarinnar er að annast nauðsynlegar lántökur fyrir sjóðinn og fjármál hans að öðru leyti. Útborgun lána, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum er sjóðsstjórn heimilt að fela bankastofnun.

Stjórnin skiptir fé því, sem til úthlutunar er ár hvert, milli deilda sjóðsins samkvæmt reglum, er hún setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Menntamálaráð Íslands veitir fé það, sem kemur í hlut lánadeildar íslenzkra námsmanna erlendis, sem námslán til íslenzkra stúdenta og annarra námsmanna við nám erlendis, samkvæmt reglum, sem menntamálaráð setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Úthlutun úr lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands annast fimm manna nefnd, skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, þannig: tveir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, tveir samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands og einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Fulltrúar stúdentaráðs skulu þó tilnefndir til eins árs í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Lán skulu veitt samkvæmt reglum, er nefndin setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

5. gr.

Lántakandi úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en endurgreiða lánin með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á allt að 15 árum. Vaxtagreiðslur og afborganir hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef námsmaður hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur stjórn lánasjóðsins það hverju sinni.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán einu sinni á ári, meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Fyrir lánum þessum skulu lánþegar gefa út skuldabréf og setja tryggingu, samkvæmt ákvörðun stjórnar lánasjóðsins.

6. gr.

Stúdentar frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám við Háskóla Íslands, njóta réttinda til námslána samkvæmt 4. gr. með sama hætti og íslenzkir stúdentar.

7. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til framlag í fjárlögum, eigi lægra en kr. 4650000.00.

Allar eignir lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands og lánasjóðs íslenzkra námsmanna erlendis skulu renna til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna við gildistöku laga þessara.

8. gr.

Sjóðsstjórninni er heimilt að taka innanlands allt að 45 millj. króna lán handa sjóðnum á árunum 1961—1980, gegn tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins.

Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum árlega en svo, að öruggt sé, að sjóðurinn geti staðið straum af lánum þeim, er hann hefur tekið til starfsemi sinnar.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og samtímis falla úr gildi lög nr. 5/1952, um lánasjóð stúdenta, og lög nr. 17/1960, um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fé það, sem veitt er í fjárlögum fyrir árið 1961 til lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands, skal renna til lánadeildar stúdenta við Háskóla Íslands, og fé það, sem veitt er til lánasjóðs íslenzkra námsmanna erlendis, skal renna til lánadeildar námsmanna erlendis.

Ed. 473. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um verkstjóranámskeið.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (6. gr.) Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórapróf, á rétt til að fá skírteini. Um prófskírteini og frágang þeirra skal nánar ákveðið í reglugerð.
2. (7. gr.) Verkstjórar, sem lokið hafa prófi, og verkstjórar, sem starfandi eru, þegar lög þessi öðlast gildi, og starfað hafa þá sem verkstjórar a. m. k. 12 mánuði á síðustu þrem árum, ganga að öðru jöfnu fyrir um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu.

Ed. 474. Frumvarp til laga [9. mál]

um verkstjóranámskeið.

(Eftir 2. umr í Ed., 10. marz.)

1. gr.

Halda skal, að fengnu samþykki ráðherra, námskeið í verkstjórn árlega, eða oftar, ef þörf krefur.

2. gr.

Stjórn námskeiðanna annast þrír menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, samkvæmt tilnefningu Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Ráðherra skipar formann námskeiðsstjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra iðnaðarmála fer með yfirstjórn þessara mála.

3. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð inntökuskilyrði á námskeiðin.

4. gr.

Ráðherra setur ákvæði um það með reglugerð, að fengnum tillögum Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu, prófum, einkunnagjöf og útgáfu prófskírteina skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

5. gr.

Próf skulu haldin að loknu námskeiði.

Ráðherra skipar prófdómendur, að fengnum tillögum stjórnar námskeiðanna.

Skýrslur um prófið, ásamt fullu nafni hvers prófþega, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem hann hefur hlotið, skal rita í bækur, sem ráðuneytið löggildir til þess. Prófdómendur og stjórn námskeiðanna skulu staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

6. gr.

Stjórn verkstjóranámskeiðanna skal hafa samstarf við samtök framleiðenda og aðra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, og gera árlega tillögur um, hvar, hvenær og með hvaða sniði verkstjóranámskeið skulu haldin næsta ár á eftir.

Kostnaðaráætlun skal fylgja slíkum tillögum hverju sinni.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal annast framkvæmd námskeiðanna í umboði námskeiðsstjórnar og hafa á hendi fjárreiður þeirra og varðveita gögn þau og muni, sem námskeiðunum tilheyra.

7. gr.

Jafnframt verkstjóranámskeiðum skal stjórn námskeiðanna heimilt að starfrækja bréfaskóla í verkstjórn, ef henta þykir.

8. gr.

Kostnaður við verkstjóranámskeið og bréfaskóla samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 475. Frumvarp til laga [179. mál]

um Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. marz.)

Samhljóða þskj. 314 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

Nd. 476. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um Landsbanka Íslands.

Frá viðskiptamálaráðherra.

24. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 477. Frumvarp til laga [183. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. marz.)

Samhljóða þskj. 348 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:
Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.
Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.
Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

Nd. 478. Breytingartillaga [183. mál]

við frv. til l. um Útvegsbanka Íslands.

Frá viðskiptamálaráðherra.

Við 24. gr. Fyrir orðin „taka gildi 15. marz 1961“ komi: öðlast þegar gildi.

Nd. 479. Frumvarp til laga [178. mál]

um breyting á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. marz.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:
Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.
Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 600 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi, þegar lánssamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánssamnings.
Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.

2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn, og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára og annan varaformann.

Þá skal og ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu sitja fundi bankaráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin 1. gr. laga nr. 39 1954, um breyt. á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, og lög nr. 35 1957, um breyt. á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

Nd. 480. Breytingartillaga [180. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá viðskiptamálaráðherra.

Fyrri málsl. 37. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 481. Frumvarp til laga [210. mál]

um fjáröflun til íþróttasjóðs.

Flm.: Daníel Ágústínusson, Alfreð Gíslason læknir.

1. gr.

Af súkkulaði, brjóstsykri, konfekti, karamellum, lakkrís og öðru sælgæti, sem framleitt er hér á landi, skal í næstu 5 ár greiða gjald, að upphæð kr. 2,00 af hverju kg, sem framleitt er og selt, og rennur gjald þetta í íþróttasjóð.

2. gr.

Verksmiðjur þær, sem sælgæti framleiða, skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á sælgæti, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka í heildsölu, sem gjaldinu nemur, en gjaldið telst ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts, og óheimilt er að leggja á það í smásölu.

4. gr.

Íþróttanefnd ríkisins skal verja fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, eftir því sem fyrir er mælt í II. kafla l. nr. 49 7. apríl 1956, ásamt öðru því fé, sem veitt er í sjóðinn á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1961.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við Íþróttanefnd ríkisins, sem hefur lengi talið mikla nauðsyn á því, að íþróttasjóður fengi tekjustofn til viðbótar því framlagi, sem árlega er veitt til hans á fjárlögum. Fjárhagur sjóðsins er nú slíkur, að til vandræða horfir fyrir þá mörgu aðila, sem þaðan vænta styrks. Vex árlega sú upphæð, sem sjóðurinn skuldar af áætlaðri þátttöku til þeirra, sem hafa rétt til styrks úr sjóðnum til framkvæmda sinna. Skal þetta skýrt nánar með yfirliti undanfarin 8 ár, sem sýnir ógreidda þátttöku — eftir að úthlutun hefur farið fram ár hvert — og fjárveitingar í sjóðinn á sama tíma.

Ár	Ógreidd þátttaka	Fjárveiting
1954	3,8 millj. kr.	750000 kr.
1955	5,0 — —	1000000 —
1956	5,9 — —	1200000 —
1957	8,4 — —	1400000 —
1958	10,6 — —	1600000 —
1959	13,1 — —	1600000 —
1960	14,9 — —	2000000 —
1961	16,0 — —	2000000 —

Íþróttanefndin hefur unnið eftir þeirri meginreglu að styrkja byggingu íþróttamannvirkja með 20—40% af stofnkostnaði. En hámarkið er 40% samkvæmt íþróttalögunum. Sundlaugar, íþróttahús, baðstofur og héraðsíþróttavellir hafa hlotið 40%. Íþróttavellir einstakra félaga og íþróttaáhöld 30%. Skíðamannvirki 20%. Allar teikningar og önnur sérfræðileg aðstoð hefur að fullu verið greidd af íþróttasjóði. Þá er nokkur styrkur veittur til íþróttakennslu hinnar frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, og hefur hann numið ca. 10—15% af heildarkostnaði. Enn fremur til útgáfu á leikreglum.

Eftir að íþróttalögin tóku gildi 1940, hefur íþróttasjóður styrkt eftirgreind mannvirki:

35 sundlaugar.	12 baðstofur.
7 íþróttahús.	13 skíðaskála.
80 íþróttavelli.	1 skíðalyftu.
5 skíðastökkbrautir.	5 golfvelli.

Fyrir þeirri fjáröflunarleið, sem valin er með frumvarpi þessu, eru a. m. k. þrjú fordæmi.

1. Landgræðslusjóður fær skatt af vindlingum.
2. Styrktarfélag fatlaðra og lamaðra fær skatt af eldspýtum.
3. Styrktarfélag vangefinna fær skatt af öli og gosdrykkjum.

Það er því mjög eðlilegt, að farið sé fram á það, að skattur af sælgæti gangi til að byggja íþróttamannvirki og styrkja íþróttakennslu og stuðla með því að aukinni hreysti og heilbrigði þjóðarinnar.

Framleiðsla þeirra sælgætistegunda, sem frumvarpið tekur til, hefur verið þessi undanfarin ár, samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands: 1955 565 tn., 1956 592 tn., 1957 530 tn., 1958 482 tn., 1959 503 tn. Tekjustofn þessi ætti því að gefa rúmlega 1 millj. kr.

á ári til íþróttasjóðs, ef miðað er við framleiðsluna 1959 og kr. 2,00 af kg, svo sem gert er í frumv. þessu. Heildsöluverð á sælgætistegundum þessum er kr. 74,50—124,50, svo að ekki verður um verðhækkun að ræða, sem neinu máli skiptir.

Það er von okkar, að með frumvarpi þessu megi ráða nokkra bót á þeim fjárhagsvandræðum, sem íþróttasjóður hefur átt við að búa um langt skeið og tafið hafa mjög fyrir því, að hann gæti gegnt hlutverki sínu sem skyldi.

Sþ. 482. Nefndarálit [98. mál]

um till. til þál. um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. marz 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason. Jónas G. Rafnar.
Jón Árnason. Ingvar Gíslason. Halldór E. Sigurðsson.
Halldór Ásgrímsson. Karl Guðjónsson.

Sþ. 483. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um undirbúning brúarbyggingar yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft till. til athugunar og fengið um hana umsögn vegamálastjóra.

Í greinargerð með tillögunni er upplýst, að brú á Óseyrarnesi var tekin á brúalög árið 1953 og vegurinn að henni í tölu þjóðvega árið 1955, og í umsögn vegamálastjóra kemur fram, að engin tæknileg vandkvæði eru talin vera á byggingu þessara mannvirkja.

Hins vegar hefur ekki verið lögð í það vinna að gera nákvæma kostnaðaráætlun um verkin, þar eð ekkert fé hefur verið veitt til framkvæmdanna og ekki er vitað, hvenær það muni gert. Lausleg athugun bendir til þess, að brúin muni verða mjög kostnaðarsamt mannvirki.

Á hinn bóginn er á það að líta, að með byggingu Þorlákshafnar skapast nýtt viðhorf í atvinnumálum íbúanna á Eyrarbakka og á Stokkseyri og í nálægum sveitum, eins og bent er á í greinargerð með þáltill., og mundi vafalaust vera hagkvæmt að tengja fyrirhugaða höfn með beinu vegarsambandi við Þorpin og hina þéttu byggð austan Ölfusár.

Telur fjárveitinganefnd með hliðsjón af framansögðu, að sú samgöngubót, sem þáltill. fjallar um, eigi að koma til athugunar ásamt öðrum mikilvægum vega- og brúagerðum, ef úr því verður, að tekið verði erlent lán til samgöngubóta á landi, eins og hæstv. forsætisráðherra hefur upplýst að geti komið til greina, og með tilliti til þess leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Guðl. Gíslason. Jónas G. Rafnar.
Jón Árnason. Ingvar Gíslason. Halldór E. Sigurðsson.
Halldór Ásgrímsson. Karl Guðjónsson.

Ed. **484. Lög** [10. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 10.

Ed. **485. Lög** [11. mál]

um breyting á tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851, um eftirlaun.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 11.

Ed. **486. Lög** [12. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 12.

Ed. **487. Lög** [13. mál]

um breyting á lögum nr. 32 2. nóv. 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 13.

Ed. **488. Lög** [14. mál]

um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 14.

Ed. **489. Lög** [15. mál]

um breyting á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 15.

Ed. **490. Lög** [16. mál]

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 16.

Ed. **491. Lög** [17. mál]

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 17.

Ed. **492. Lög** [18. mál]

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 105/1936, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 18.

Ed. **493. Lög** [19. mál]

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 19.

Ed. **494. Lög** [20. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 20.

Ed. **495. Lög** [21. mál]

um breyting á lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 21.

Ed. **496. Lög** [23. mál]

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 23.

Ed. **497. Lög** [24. mál]

um breyting á lögum nr. 74 11. júní 1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 24.

Ed. **498. Lög** [25. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og lögum nr. 47 1958, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 192.

Ed. **499. Lög** [26. mál]

um breyting á lögum nr. 89 29. des. 1953, um löggilta endurskoðendur.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 26.

Ed. **500. Lög** [27. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 27.

Ed. **501. Lög** [28. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 28.

Nd. **502. Frumvarp til laga** [211. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 38. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með samþykki landbúnaðarráðherra getur framleiðsluráð ákveðið, að enginn megi verzla í heildsölu með egg og gróðurhúsaafurðir nema með leyfi framleiðsluráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá stjórn Sambands eggjaframleiðenda:

Lög þau, sem hér um ræðir, eru lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Lög þessi voru samræmd

og felld í eina heild með lögum nr. 59/1960, og munum vér hér á eftir vísa til þeirra laga.

Í VI. kafla, 38. gr. áminnztra laga segir:

„Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.“

Með tilvísun til þessara laga veitti framleiðsluráð félagi voru einkaheimild til sölu eggja með svo hljóðandi bréfi, dags. 22. sept. 1958:

„Á fundi framleiðsluráðs landbúnaðarins þann 17. þ. m. var rædd umsókn yðar um, að framleiðsluráðið viðurkenndi yður sem einan söluaðila á eggjum, samkvæmt lögum frá 1956.

Samþykkt var að gefa þessa viðurkenningu með því skilyrði, að Samband eggjaframleiðenda standi opið til viðskipta öllum eggjaframleiðendum landsins og vinni að skipulagsbundinni sölu eggja um land allt. Heimild þessi gildir frá 1. janúar 1959 að telja.

Þetta tilkynnist yður hér með.“

Á þessum grundvelli hóf félag vort starfsemi sína þann 1. jan. 1959, enda hafði aðalfundur félags vors þann 18. maí 1958 einróma samþykkt að stofna til samsölu á eggjum.

Strax í upphafi starfrækslu vorrar kom í ljós, að einstakir framleiðendur vildu ekki hlíta lögum þessum og neituðu að afhenda samsölunni egg sín til heildsöludreifingar.

Til þess að fá úr því skorið, á hvaða rétti þessir menn byggðu neitun sína, kærði stjórn félags vors þann 29. júní 1959 m. a. hr. Steindór Árnason, Öldugötu 53 í Reykjavík, til sakadómara. Var þetta nokkurs konar prófmál.

Endalok þessa máls bárust oss í eftirfarandi bréfi frá sakadómaranum í Reykjavík, dags. 25. okt. 1960:

„Hér með tilkynnist yður, að dómsmálaráðuneytið hefur hinn 18. okt. s. l. ritað mér á þessa leið:

Eftir móttöku bréfs yðar, herra sakadómari, dags. 4. þ. m., sem fylgdi endurrit dómsrannsóknar varðandi kæru Sambands eggjaframleiðenda á hendur Steindóri Árnasyni, Öldugötu 53, Reykjavík, vegna sölu á eggjum, tekur ráðuneytið fram, að það fyrirskipar ekki frekari aðgerðir í máli þessu.“

Varðandi þetta mál barst framleiðsluráði enn fremur svo hljóðandi bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 19. okt. 1960:

„Ráðuneytið hefur hinn 17. þ. m. ritað dómsmálaráðuneytinu bréf, þar sem segir svo:

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. þ. m., ásamt fylgiskjölum, varðandi kæru Sambands eggjaframleiðenda á hendur Steindóri Árnasyni, Öldugötu 53, Reykjavík, vegna sölu á eggjum.

Vegna þessa vill ráðuneytið taka fram, að það telur ákvæði f-liðs 4. gr. laga nr. 40 4. apríl 1956, um breyting á lögum nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, ekki nógu ótvírætt til, að á þeim verði byggð sú ákvörðun framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem fram kemur í bréfi þess til Sambands eggjaframleiðenda, dags. 22. sept. 1958, að viðurkenna sambandið sem einkasöluaðila á eggjum frá 1. janúar 1959.

Ráðuneytið telur viðurkenningu framleiðsluráðs því marklausa hvað snertir einkarétt til sölu á eggjum.

Í samræmi við framanritað telur ráðuneytið, að Steindór Árnason hafi ekki gerzt brotlegur við nefnd lög, sbr. lög nr. 94/1947, og beri því ekki að höfða sakamál gegn honum.“

Jafnframt því að tilkynna framleiðsluráði landbúnaðarins þetta tekur ráðuneytið

fram, að dómsmálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. í gær, tilkynnt sakadómaranum í Reykjavík, að það fyrirskipi ekki frekari aðgerðir í máli þessu.“

Samkvæmt ofanrituðu er ljóst, að lögin ná ekki þeim tilgangi, sem þeim var í upphafi ætlað. Oss þykir þetta þó mjög einkennilegt, þar sem tilgangur laganna kom greinilega í ljós í framsöguræðu hr. alþm. Páls Zóphóníassonar f. h. meiri hluta landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, þegar lög þessi voru afgreidd.

Til þess að taka af allan vafa varðandi lög þessi óskum vér því eftir, að eftirfarandi grein komi til viðbótar 38. gr. laga 59/1960:

„Með samþykki landbúnaðarráðherra getur framleiðsluráð ákveðið, að enginn megi verzla í heildsölu með egg og gróðurhúsaafurðir nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.“

Vér vitum, að yður er vel kunnugt um gang eggjasölumálanna frá fyrstu tíð, en þykir þó rétt að rifja upp nokkur atriði varðandi þessi mál.

Á árunum 1948 til 1952 var gerð tilraun með starfrækslu samsölu á eggjum. Samsala þessi var ekki lögbundin og varð að hætta af eftirtöldum meginorsökum:

1. Samsalan fékk engin egg, þegar markaður var góður og auðvelt að selja.
2. Þegar framboð var meira en eftirspurn, fékk samsalan öll þau egg, sem framleiðendur gátu ekki selt sjálfir. Að sjálfsögðu hafði hún heldur engan — eða lítinn — markað fyrir þau egg.

Eftir þessa tilraun til samsölu ákvað stjórn S. E. að byrja ekki samsölu að nýju, nema hún nyti verndar laga og ótvíræður meiri hluti framleiðenda óskaði þess.

Þegar lögunum um framleiðsluráð var breytt árið 1956, boðaði stjórn S. E. alla eggjaframleiðendur landsins bréflega til fundar á ýmsum stöðum til að kanna áhuga þeirra til stofnunar samsölu. Í framhaldi af þessu var einróma samþykkt á aðalfundi S. E. 1957 að vinna að stofnun samsölu, sem síðan var stofnuð á aðalfundi 1958, eins og áður getur.

Eftir að sýnt var, að menn greindi á um lagabókstaf þann, sem samsalan starfaði eftir, var svo hljóðandi tillaga samþ. einróma á aðalfundi S. E. 29. maí 1960:

„Þar sem viðurkenning sú, er framleiðsluráð landbúnaðarins veitti S. E. með bréfi, dags. 22. sept. 1958, sem eina söluaðila á eggjum, hefur ekki haft það gildi fyrir félagið, sem ætlazt var til, skorar fundurinn á stjórn S. E. að:

1. Vinna að því að fá sem fyrst úrskurð dómstólanna í málum þeim, er félagið hefur höfðað.
2. Fá lögunum breytt þannig, að enginn vafi leiki á réttindum S. E.
3. Þangað til slík viðurkenning er fengin, verði S. E. heimilað að taka aðeins á móti eggjum frá þeim framleiðendum, sem leggja alla innleggsskylda framleiðslu sína inn til félagsins.“

Þar sem ýmislegt hefur komið fram síðan á ofangreindum aðalfundi S. E. 1960, ákvað stjórn félagsins að kanna enn á ný hug framleiðenda til samsölunnar og hefur nú undanfarið haldið fundi með framleiðendum á Suðvesturlandi.

Fyrir fundum þessum lá eftirfarandi tillaga til umræðu:

„Almennur fundur eggjaframleiðenda ..... o. s. frv. telur ástand það, sem nú ríkir í eggjasölumálum, algerlega óviðunandi og skorar því á stjórn S. E. að fá lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins breytt í það horf, að öll egg verði seld í gegnum sölusamtök, sem viðurkennd verði af framleiðsluráði.“

Tillaga þessi var alls staðar samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta nema í Reykjavík, þar sem mikill meiri hluti fundarmanna var henni andvígur.

Á fundum þessum var yfirleitt mjög vel mætt, eftir því sem gerist á slíka fundi, og voru þar flestir þeir framleiðendur, sem mestra hagsmuna hafa að gæta.

Greinilega kom fram á fundunum, að samsala á eggjum er framleiðendum nauðsynleg, m. a. af eftirtöldum ástæðum:

1. Framleiðendur eru yfirleitt langt frá markaðsstað.
2. Aðalsölusvæðið, Reykjavík og nágrenni, er orðið það stórt, að ógerlegt er að dreifa eggjum nema á skipulagsbundinn hátt.
3. Starfrækja þarf fullkomnar eggjageymslur, þar sem framleiðendur hafa fæstir tök á að geyma egg hver fyrir sig, sem oft er nauðsynlegt, þegar framleiðsla og neyzla fer ekki saman.
4. Tryggja þarf framleiðendum sem jafnast og eðlilegast verð á eggjum, en slíkt er óhugsandi, þegar framleiðendur selja hver í samkeppni við annan og við mjög misjöfn skilyrði.
5. Tryggja þarf neytendum góð og vel með farin egg með því að stuðla að vöruvöndun og heilbrigðu eggjamati.
6. Pakka þarf eggin í neytenda-pakkningar fyrir kjörbúðir.

Það, sem helzt var talið samsölu á eggjum til foráttu, var:

1. Að framleiðendur í Reykjavík og nágrenni telja sig vegna staðsetningar sinnar eiga forgangsrétt til eggjasölu í Reykjavík.
2. Að samsalan muni óbeint stuðla að offramleiðslu á eggjum.
3. Aukinn dreifingarkostnaður.

Hvað þessum liðum viðvíkur vill stjórn S. E. taka fram:

Um lið 1: Vér álítum, að allir eggjaframleiðendur eigi jafnan rétt til markaðs án tillits til búsetu, svo framarlega sem þeir geti framleitt góða vöru og komi henni óskemmdri á markaðsstað.

Um lið 2: Offramleiðsla á eggjum hefur alltaf átt sér stað, ef árferði hefur verið gott, hvort sem samsala hefur starfað eða ekki. Erfitt er þó að dæma um, hvort um offramleiðslu á eggjum er að ræða eða ekki, þar sem lítið er vitað hverju sinni, hve mikið eggjamagn raunverulega er til. Samsala mundi betur geta gert sér grein fyrir slíku og gert viðeigandi ráðstafanir til hagnýtingar, ef með þyrfti, og með því komið í veg fyrir, að mikil verðmæti færu forgörðum.

Um lið 3: Fyrsta árið, sem samsalan starfaði, nam raunverulegur dreifingarkostnaður um 8%, þrátt fyrir það að samsalan hafði ekki nærri öll eggin til sölumeðferðar. Útilokað virðist, að framleiðendur hver fyrir sig geti annazt dreifingu, gæðamat, sölu, innheimtu og umbúðakostnað á ódýrari hátt.

Fylgiskjal.

Yfirdýralæknirinn, Reykjavík.

27. febrúar 1961.

Mér hefur borizt bréf yðar ásamt afriti af greinargerð varðandi eggjasölumál.

Óskað er eftir því, að ég láti í ljós álit mitt á málum þessum, þar sem hér er um mjög vandmeðfarna og viðkvæma neyzluvöru að ræða, á margan hátt sambærilega við kjöt og kjötvörur.

Eins og kunnugt er, eru eigi til neinar reglur varðandi mat og meðferð eggja hér á landi.

Einu reglur, sem stjórnarvöld hafa gefið út varðandi alifugla og egg, lúta að verzlun með útungunaregg og ungasölu.

Þá er og að finna ákvæði, er banna hænsnahald í fjósum, í reglugerð um mjólk og mjólkurvörur.

Allir, sem kunnugir eru þessum málum, munu samdóma um, að nauðsyn beri til, að egg séu metin og flokkuð, og að setja þurfi ákveðnar reglur um meðferð og geymslu þeirra.

Í þessu sambandi má minna á, að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur látið mál þessi nokkuð til sín taka, m. a. hefur borgarlæknir farið þess á leit við hið háa landbúnaðarráðuneyti, að settar yrðu reglur um geymslu og meðferð eggja.

Í vissum tilvikum geta egg verið hættuleg neyzluvara og því eðlilegt, að svipað aðhald sé haft með geymslu og meðferð á þessari vöru og nú gildir t. d. um kjöt og kjötvörur.

Til þess að slíkt aðhald sé framkvæmanlegt, verður dreifing eggjanna að fara fram gegnum ákveðna aðila, þar sem hægt er að koma fram mati og eftirliti á vörunni og annast geymslu hennar við fullkomin skilyrði, þegar nauðsyn ber til.

Jafnframt mati á eggjum, sem berast til slíkra dreifingar- og geymslustöðva, skapast greið leið til þess að fylgjast með gæðum og meðferð eggja frá hverjum einstökum framleiðanda og koma fram aðgerðum til úrbóta, þar sem þess væri þörf, á svipaðan hátt og nú á sér stað hjá einstökum mjólkurframleiðendum.

Réttlátt mat og góð aðstaða til geymslu eggjanna ætti að vera til mikilla hagsbóta bæði fyrir framleiðendur og neytendur, þar sem það miðar að því að auka gæði vörunnar. Óþarft er að taka fram, hve mikilvægt slíkt er frá almennu þrifnaðar- og heilbrigðissjónarmiði.

Með því að dreifa eggjum nægilega oft úr fullkomnum geymslum til verzlana ætti einnig að mega tryggja það, að egg yrðu ekki fyrir skemmdum í verzlunum, þar sem ekki er fyrir hendi fullkomin aðstaða til geymslu þeirra.

Þar sem hér er um mál að ræða, sem varðar neytendur almennt engu síður en framleiðendur, tel ég eðlilegt, að viðkomandi stjórnarvöld tryggi eðlilegan framgang þessara mála með nauðsynlegum laga- og reglugerðarákvæðum.

Virðingarfyllst,

Páll A. Pálsson.

Til stjórnar Sambands eggjaframleiðenda, Reykjanesbraut 6, Reykjavík.

Sþ. 503. Nefndarálit [63. mál]

um till. til þál. um að hraða framkvæmdum í rafmagnsmálum á Snæfellsnesi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað umsagnar raforkumálastjóra um málið. — Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sem allra fyrst fara fram rækilega athugun á því, hvernig auðið sé að leysa á viðunandi hátt raforkumál Snæfellinga.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um raforkumál á Snæfellsnesi.

Alþingi, 14. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. — Jón Árnason, frsm. — Birgir Finnsson, fundaskr. — Ingvar Gíslason.

Jónas G. Rafnar. — Halldór Ásgrímsson. — Guðl. Gíslason.

Halldór E. Sigurðsson. — Karl Guðjónsson.

Nd. 504. Frumvarp til laga [212. mál]

um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jarðhitasjóður. Hann er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hans.

Tekjur sjóðsins eru:

a. fé það, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni,
b. vextir af fé sjóðsins,
c. tekjuafgangur, er kann að verða hjá jarðborunum ríkisins, þar með talinn endurgreiddur kostnaður af leit og borunum, sbr. 2. gr.

Jarðhitasjóður má taka að láni allt að kr. 50000000.00 til starfsemi sinnar.

2. gr.

Úr jarðhitasjóði má verja fé til vísindalegra rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna við vinnslu jarðhita o. fl.

Úr jarðhitasjóði skal greiða kostnaðarhluta ríkisins af jarðborunum, samkv. 3. og 4. gr.

Þegar ráðizt er í framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita, sem fundizt hefur við leit samkv. fyrstu málsgrein, eða unninn með borunum skv. 3. gr. og 4. gr., skal telja með stofnkostnaði mannvirkjanna þann hluta leitar- og borunarkostnaðar, sem greiddur hefur verið úr jarðhitasjóði eða ríkissjóði, og endurgreiða hann í jarðhitasjóð með áföllnum vöxtum.

3. gr.

Ríkisstjórnin lætur framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskyni og til vinnslu víðs vegar um landið til hagnýtingar jarðhitans í hitaveitum til almenningsþarfa og til ræktunar, raforkuvinnslu og iðnaðar.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá jarðhitadeild raforkumálastjórnar, hvar borað er, en jafnan skal láta sitja í fyrirrúmi borun á þeim stað, eða þeim stöðum, þar sem vænta má, að verðmæti jarðhitans verði mest og komi fyrst að notum.

4. gr.

Með jarðborum ríkisins má jafnframt framkvæma jarðboranir fyrir sveitarfélög og einstaklinga, sem óska þess, eftir því sem því verður við komið og gegn greiðslu borkostnaðar. Ráðherra getur ákveðið, að hluti borkostnaðar sé eigi greiddur fyrr en mannvirkjagerð hefst til notkunar þess jarðhita, sem borað er eftir. Um þetta skal gerður samningur hverju sinni.

5. gr.

Raforkumálastjóri annast stjórn jarðhitasjóðs og reikningshald undir yfirumsjón ráðherra. Jarðhitadeild gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún send ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Greiðslur úr sjóðnum skal inna af hendi samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun, er ráðherra hefur samþykkt, eða að fenginni heimild ráðherra í hvert sinn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn svonefndi norðurlandsbor, sem keyptur hefur verið samkvæmt ákvörðunum Alþingis og ríkisstjórnarinnar, er nú kominn til landsins. Eins og nafnið ber með sér er hann fyrst og fremst ætlaður til borunar norðanlands, en síðar verður að sjálfsögðu borað með honum víðar á landinu, þar sem ástæða þykir til að leita að og bora eftir jarðhita. Áætlað er, að árleg útgjöld vegna norðurlandsborsins verði um 5 millj. krónur, ef hann er í stöðugri notkun. Þau verkefni, sem nú eru fyrst og fremst höfð í huga, eru borun á Húsavík, á Námaskarði, í Ólafsfirði og við Akureyri. En víða er vottur jarðhita og þeir staðir því margir víðs vegar um landið, þar sem ástæða er til að framkvæma tilraunaboranir.

Vegna hins mikla kostnaðar við jarðboranir er þó sjálfsagt að nota í fyrstu ýmsar ódýrari aðferðir, sem þekktar eru, til leitar jarðhita, svo sem jarðfræðilegar athuganir og jarðeðlisfræðilegar mælingar. Tímabært er að auka þessa hlið jarðhitarannsóknanna verulega frá því sem nú er, og er ástæða til að láta fara fram kerfisbundna leit með vísindalegum aðferðum, einnig í landshlutum, þar sem lítið ber á jarðhita, svo sem t. d. um Austurland.

Gufubor ríkisins og Reykjavíkurbæjar hefur nú starfað í full tvö ár. Með honum hefur verið borað í Reykjavík, að Suður-Reykjum, við Hveragerði og í Krísuvík. Á öllum þessum fjórum hitasvæðum er meira eða minna brýn þörf að halda borun áfram. Auk þess er full þörf að hefja að minnsta kosti rannsóknarboranir á öðrum gufusvæðum, svo sem Trölladyngju, Reykjanesi, Torfajökli, Kerlingafjöllum o. s. frv. Árleg útgjöld við gufuborinn eru nú nær 20 milljónir króna, þegar hann er í stöðugri notkun.

Árangur hefur orðið góður af borunum gufuborsins bæði í Reykjavík og í Ölfusi. Reykjavíkurbær hefur þegar tekið í notkun meginhluta þess heita vatns og gufu, sem upp kom við boranirnar í Reykjavík. Til athugunar er að koma upp raforkuveri til að nýta gufu þá, er fengizt hefur á landi ríkisins í Ölfusi. Verði það gert ætti samkv. þessu frumvarpi, ef það verður að lögum, borunarkostnaður sá, sem þegar er orðinn og ríkið hefur greitt, að endurgreiðast í jarðhitasjóð, af fé því, sem til byggingar orkuversins verður aflað.

Borun með gufubornum á Suður-Reykjum og í Krísuvík hefur hins vegar til þessa ekki borið árangur og er þó vitað, að á báðum þeim stöðum er verulegt magn jarðhita fyrir hendi. Fullvíst er, að Krísuvíkursvæðið á eftir að skila mikilli gufu, þótt borun fyrstu þriggja holanna með gufubornum bæri ekki árangur.

Það liggur í hlutarins eðli, að við þær rannsóknarboranir, sem eiga eftir að fara fram víðs vegar um landið, mun sums staðar og e. t. v. allvíða um lítinn eða engan árangur verða að ræða. Hins vegar má vænta, að á einstökum stöðum verði árangur því betri, þannig að þjóðhagslega séð verði heildarútkoman af jarðhitaleit og jarðhitavinnslu hagkvæm. Á það verður að treysta ef halda á trúnni á mikilvægi þessarar orkulindar landsins. En vegna hinnar miklu óvissu um árangur jarðhitaleitar og borunar á hverjum stað og hins mikla kostnaðar, sem þær þó hafa í för með sér, verður varla komizt hjá því, að ríkið annist jarðhitaleit og rannsóknarboranir og taki á sig hluta hinnar fjárhagslegu áhættu, sem þeim fylgir. Skiptir einnig máli, að skipulagðar séu heildarrannsóknir um allt landið, en jarðhitaleit og rannsóknir ekki látnar ákveðast eingöngu af fjárhag og frumkvæði einstakra sveitarfélaga og einstaklinga.

Fara athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins hér á eftir.

Um 1. gr.

Á fjárlögum ársins 1961 eru veittar 6000000 krónur til jarðborana ríkisins og er hér reiknað með þeirri fjárveitingu sem stofnfé sjóðsins, en síðan verði fé veitt til hans árlega á fjárlögum. Til þess að nægilegt fé verði til þeirra borana, sem æski-

legt er að framkvæma, er gert ráð fyrir, að sjóðurinn taki lán til starfsemi sinnar. Starfsemi sjóðsins er með þeim hætti, að allmikill hluti af því fé, sem hann fær til umráða, verður að vera óendurkræft, en nokkurn hluta þess má ætla honum að endurgreiða jafnóðum og hann fær endurgreiddan leitar- og borunarkostnað.

Um 2. gr.

Kostnaður af vísindalegum rannsóknum á jarðhita hér á landi, annar en borunarkostnaður, hefur til þessa verið hverfandi lítill á móti því fé, sem til sjálfra jarðborananna hefur farið. Svo mun og verða framvegis. En gæta þarf þess hins vegar að vanrækja ekki hina vísindalegu hlið þessara mála. Hér á landi eru öll skilyrði fyrir hendi til þess, að íslenzkir vísindamenn séu brautryðjendur á sviði jarðhitarannsókna. Hafa alþjóðastofnanir þegar nokkrum sinnum leitað aðstoðar íslenzkra vísindamanna á þessu sviði. Aukin vísindaleg þekking á jarðhitanum mun og án efa spara töluvert í borunar- og vinnslukostnaði í framtíðinni.

Það er hlutverk jarðhitasjóðs að kosta jarðboranir ríkisins og að greiða það fé, sem ríkið leggur fram í bili á móti öðrum.

Um 3. gr.

Greinin fjallar fyrst og fremst um rannsóknarboranir, sem ríkið lætur framkvæma víðs vegar um landið að ráði sérfræðinga sinna til að komast að raun um, hvar vænta má að boranir eftir jarðhita muni bera árangur. Rannsóknarboranirnar ber að sjálfsögðu að framkvæma þar, sem helzt má vænta, að not geti orðið að þeim jarðhita, sem finnast kann við borunina. Hins vegar er eðlilegt að gera ráð fyrir, að rannsóknarborun ríkisins sé hætt á hverjum stað, þegar komizt hefur verið að niðurstöðu um það, hvort jarðhiti er fyrir hendi eða ekki, og aðrir taki þá við frekari borun, ef til hagnýtingar jarðhitans kemur, eða samið verði um borunina sérstaklega. Ef um er að ræða jarðhita, sem ríkið hefur sjálft umráðarétt yfir eða hefur í hyggju að notfæra sér, kemur að sjálfsögðu til sérstakrar ákvörðunar ráðherra í hvert sinn um framhald borana.

Um 4. gr.

Til þess er ætlazt, að jarðboranir ríkisins vinni einnig fyrir aðra, ef þess er óskað, en gegn fullu endurgjaldi. Væntanlega verður hér einkum um að ræða beiðnir frá sveitarfélögum, því að fáir einstaklingar munu hafa efni á því að láta bora fyrir sig, nema í mjög smáum stíl. Sveitarfélag getur óskað borunar af ýmsu tilefni. Getur verið um að ræða rannsóknarborun, þar sem hvorki ríki né aðrir hafa áður borað, framhald rannsóknarborana til að ganga betur úr skugga um, hvort nægilegt magn jarðhita sé fyrir hendi til að ráðast í vissar framkvæmdir, eða beinlínis borun til að afla heits vatns eða gufu til notkunar, sem þegar er ákveðin eða jafnvel þegar hafin. Meðan enn er aðeins um að ræða rannsóknarundirbúning að framkvæmdum til hagnýtingar jarðhitans, mun sveitarfélagi oft vera örðugt um fjárútvegun til borana og því mikil þörf á að fá gjaldfrest á einhverjum hluta borkostnaðarins. Hins vegar er borunarkostnaður jafnaðarlega ekki nema mjög lítill hluti stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem gera þarf til að hagnýta jarðhitann, og því vel hægt að ætlast til, að sveitarfélag greiði borkostnaðinn að fullu, þegar það hefur ákveðið að ráðast í framkvæmdirnar og aflað fjár til að hefja verkið.

Um 5. gr.

Ætlazt er til, að um stjórn og meðferð jarðhitasjóðs fari á sinn hátt eins og um raforkusjóð.

Ed. 505. Frumvarp til laga [180. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. marz.)

Samhljóða þskj. 315 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:
Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

28. gr. hljóðar svo:
Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.
Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.
Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

37. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 63 frá 21. júní 1957.

Ed. 506. Frumvarp til laga [179. mál]

um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. marz.)

Samhljóða þskj. 314 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:
Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.
Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.
Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

24. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 507. Frumvarp til laga [183. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. marz.)

Samhljóða þskj. 348 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:
Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.
Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.
Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

24. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 34 frá 29. maí 1957, um Útvegsbanka Íslands, nema VI. kafli laganna.

Sþ. 508. Nefndarálit [79. mál]

um till. til þál. um rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana vitamálastjóra til umsagnar. Mælir hann með samþykkt tillögunnar.
Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 15. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. Jónas G. Rafnar, frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.
Halldór Ásgrímsson. Guðl. Gíslason. Jón Árnason.
Halldór E. Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Sþ. 509. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form. Pétur Sigurðsson, frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Hannibal Valdimarsson. Björn Pálsson. Gísli Jónsson.

Sþ. 510. Nefndarálit [137. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á lögum um vegi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn vegamálastjóra.

Á grundvelli ályktunar Alþingis frá 26. marz 1958, um heildarathugun á vegakerfi landsins, hefur þegar verið unnið allmikið verk, þannig að sæmilegt yfirlit er fengið um ástand vegakerfisins.

Í framhaldi þessarar athugunar telur nefndin æskilegt, að fram verði nú látin fara heildarathugun eigi aðeins á lögum um þjóðvegi, heldur öllum gildandi lögum um opinbera vegi og brýr. Þar sem fjárskorturinn er erfiðasti þrándur í götu þessara samgöngubóta, telur nefndin einnig rétt að athuga öll tiltækileg úrræði til öflunar fjár til vegagerðar.

Nefndin telur ekki ástæðu til að afgreiða sérstaka ályktun um reiðvegi, sbr. tillögu um það efni á þskj. 202, sem til nefndarinnar hefur verið vísað, þar eð sjálfsagt er og eðlilegt, að það mál komi til athugunar við þá heildarendurskoðun, sem till. þessi fjallar um.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun og endurskoðun á gildandi lögum um opinbera vegi og brýr og láta jafnframt athuga möguleika á öflun fastra tekjustofna til vega og brúagerða.

Fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins í nefndinni lýstu yfir við afgreiðslu málsins, að þeir teldu eðlilegra, að endurskoðunin yrði framkvæmd af þingkjörinni nefnd, og áskildu sér rétt til að flytja brtt. þess efnis.

Alþingi, 15. marz 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar. Ingvar Gíslason.
Halldór Ásgrímsson. Guðl. Gíslason. Jón Árnason.
Halldór E. Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Sþ. 511. Breytingartillaga [137. mál]

við brtt. á þskj. 510 [Endurskoðun á lögum um vegi].

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Ingvari Gíslasyni og Karli Guðjónssyni.

Meginmál tillögunnar orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa, að viðhafðri hlutfallskosningu, fimm manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um opinbera vegi og brýr og athuga möguleika á öflun fastra tekjustofna til vega- og brúagerða. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi hinna kjörnu.

Ed. 512. Frumvarp til laga [74. mál]

um jarðgöng á þjóðvegum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. marz.)

1. gr.

Þar sem svo hagar til, að torfæra eða hætta er á þjóðvegi, sem ekki er auðveldara að ryðja úr vegi eða brúa á annan hátt, skal að undangenginni rannsókn og nákvæmri staðsetningu gera jarðgöng.

2. gr.

Fé til framkvæmda fæst þannig:

a. Ef jarðgöng eru ekki yfir 35 metra að lengd, skal kostnaður greiðast af fé því, sem á fjárlögum er veitt til vegarins.
b. Frá 1. jan. 1962 skulu 3 aurar af hverjum benzínlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti renna í brúasjóð. Kostnaður við jarðgöng, sem lengri eru en 35 metrar, skal greiddur af þessum tekjum brúasjóðs, og má eigi verja þeim á annan hátt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 513. Lög [158. mál]

um breyting á lögum nr. 24 17. marz 1954, um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Afgreidd frá Nd. 15. marz.)

Samhljóða þskj. 331.

Nd. 514. Frumvarp til laga [152. mál]

um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. marz.)

1. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í, og getur hún stofnað til skuldar við Seðlabankann í þessu skyni.

2. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis.

Lánstíma skal miða við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna. Hámarkslánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán út á vélar 10 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því að hún varð til.

3. gr.

Telji stjórn stofnlánadeildarinnar, að fengnum tillögum frá viðskiptabanka umsækjanda, þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda, áður en unnt verði að afgreiða lánbeiðni frá honum, getur hún tikynnt það skiptaráðanda, og er þá hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsumsókn hefur verið afgreidd, þó aldrei lengur en til 31. desember 1961. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta á því tímabili.

Ákvæði 1. mgr. ná þó eigi til skuldbindinga samkvæmt vinnusamningum eða hlutaskiptasamningum, sem til hefur verið stofnað á næstu 6 mánuðum á undan þeim degi, er umrædd tilkynning stofnlánadeildar berst skiptaráðanda. Sömuleiðis ná ákvæðin eigi til þeirra skuldbindinga, sem til er stofnað eftir 14. janúar 1961. Kröfur eða réttindi fyrnast ekki vegna frests, sem leiða kann af ákvæðum 1. mgr.

Frá því stofnlánadeild hefur sent ofangreinda tilkynningu til skiptaráðanda og þar til lánsumsókn hefur verið afgreidd, þó ekki lengur en til 31. desember 1961, má lánbeiðandi ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

4. gr.

Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu háðar ákvæðum laga nr. 41/1946, þó ekki ákvæðum 3.—11. greinar.

Í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með bankamál, gefur út að fengnum tillögum stjórnar stofnlánadeildarinnar, skal setja nánari reglur um lánskjör og önnur atriði, eftir því sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 515. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja framkominni breytingartillögu frá Karli Kristjánssyni á þskj. 402.

Alþingi, 15. marz 1961.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Ólafur Jóhannesson.
Alfreð Gíslason.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 516. Breytingartillaga [152. mál]

við frv. til laga um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs stofnlán samkvæmt þessum lögum, allt að 25 millj. kr., sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp með atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Ríkisábyrgð skal því aðeins veitt, að fyrir liggi meðmæli nefndar þeirrar, er úthlutar atvinnuaukningarfé samkv. 20. gr. fjárlaga.

Nd. 517. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið, og leggur meiri hluti nefndarinnar (EI, JK, SI og HB) til, að það verði samþykkt. HB skrifar þó undir nefndarálit þetta með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið.

Minni hluti nefndarinnar (GJóh) er andvígur samþykkt frumvarpsins að svo stöddu, og mun hann skila sérstöku áliti.

Þeir Valdimar Stefánsson sakadómari og Theódór Líndal prófessor mættu á fundi nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið. Sakadómarinn mælti með samþykkt þess óbreytts og taldi það vera til bóta. Theódór Líndal prófessor mælti með þeim breytingum, sem lúta að sakadómaraembættinu. Að því er breytingu á meðferð ákæruvalds varðar, taldi prófessorinn hins vegar vera gengið of skammt í frv., en taldi þó mega við það sitja, að nauðsynlegum breytingum yrði komið fram í áföngum.

Alþingi, 16. marz 1961.

Einar Ingimundarson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Helgi Bergs, með fyrirvara.

Jón Kjartansson.

Nd. 518. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Áður hafa verið flutt á Alþingi frumvörp til laga um meðferð opinberra mála. Frumvörp þessi hafa ekki náð fram að ganga.

Nú hefur dómsmálaráðherra á síðustu dögum þingsins lagt fram nýtt frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. Aðalbreytingin frá núgildandi lögum er, að skip-

aður verði saksóknari ríkisins og að ný skipan verði gerð á embætti sakadómarans í Reykjavík. Slík gerbreyting um meðferð opinberra mála er stórmál. Ber því að vanda allan undirbúning slíkrar breytingar sem bezt, leita umsagna og álits hæfustu lögfræðinga og sérfræðinga á þessu sviði.

Í langflestum tilfellum hefur það verið viðtekin regla hjá nefndum Alþingis við afgreiðslu stærri mála að leita umsagna þeirra aðila, sem að dómi nefndanna hafa sérþekkingu eða sérstöðu til viðkomandi máls. Þessari sjálfsögðu reglu hefur meiri hluti allsherjarnefndar ekki fylgt við afgreiðslu þessa frumvarps. Ber meiri hluti allsherjarnefndar því við, að ekki muni vinnast tími til að leita umsagna löglærðra manna eða samtaka þeirra um frumvarpið, svo framarlega sem það eigi að verða að lögum á þessu þingi. Slíkri afgreiðslu á stórmáli mótmæli ég eindregið.

Það er sýnilegt, að verði frumvarpið gert að lögum, hefur það í för með sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð, en fyrir þeirri hlið málsins er engin grein gerð í upplýsingum þeim, sem frumvarpinu fylgja. Ríkisstjórnin telur, að ríkið geti ekki bætt kjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem fyrir eru, og hafa þegar hlotizt vandræði af vegna ófullnægjandi launa ýmissa starfshópa í ríkiskerfinu. Meðan mál standa svo, tel ég ekki ástæðu til að mæla með því, að upp verði sett ný embættisbákn á vegum ríkisins.

Í samræmi við það, sem að framan segir, legg ég til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 16. marz 1961.

Gunnar Jóhannsson.

Ed. 519. Frumvarp til laga [213. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera minnispening í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta slá sérstakan minnispening úr gulli í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 1961. Má með forsetaúrskurði ákveða, að peningur þessi skuli vera mynt, er gjaldgeng sé hér á landi og sé gildi hans 500 krónur.

2. gr.

Heimilt er að selja pening þann, sem um ræðir í 1. grein, með allt að 50% álagi á nafnverð.

Ágóða þeim, er verða kann af sölu minnispeningsins, skal verja til framkvæmda á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar á þessu ári hefur orðið að ráði að láta gera gullpening, og er með þessu frumvarpi farið fram á heimild Alþingis til þess. Fyrirhugað er, að peningur þessi verði með vangamynd Jóns Sigurðssonar á framhlið og skjaldarmerki Íslands á bakhlið. Stærð hans verður 23 mm í þvermál

og þyngd 8.96 g, hreint gull að $^{9}/_{10}$ hlutum. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að heimilt sé að selja umræddan pening með allt að 50% álagi, en slíkt er algengt í sambandi við sölu slíkra gullpeninga erlendis. Ætti því að verða nokkur ágóði af sláttu hans. Hefur þótt vel til fallið, að þeim ágóða yrði varið til framkvæmda á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð.

Alþingi hefur á undanförnum árum veitt nokkurt fé til framkvæmda á Rafnseyri. Allmikið er þó enn ógert til þess að framkvæmdum þessum verði lokið og staðnum sýndur sá sómi, sem honum ber.

Fer hér á eftir yfirlit um þessi mál.

Árið 1955 var fullgerður uppdráttur að 1. áfanga byggingar að Rafnseyri. Er það tveggja hæða íbúðarhús á kjallara og stærðin er 165 fermetrar að flatarmáli og rúmmál hússins um 1500 m^3.

Í húsinu er rúmgóð íbúð fyrir prestinn, ein rúmgóð kennslustofa, heimavist fyrir 12—16 börn og skólamötuneyti.

Árið 1956 var hafizt handa um byggingu hússins, það steypt upp og gert fokhelt á því ári.

Árið 1957 var ekkert unnið við bygginguna vegna takmarkaðra fjárveitinga. En s. l. 3 ár hefur alltaf verið unnið eitthvað við húsið á hverju ári, eða eftir því sem fjárveiting hefur leyft. Má segja að upprunalegar kostnaðaráætlanir hafi raskazt verulega vegna þess hversu byggingin hefur tekið langan tíma.

Nú er búið að múrhúða húsið utan og innan. Innrétting í íbúð prests langt komin. Gert er ráð fyrir að um mánaðamótin maí—júní verði lokið við íbúð prestsins svo og innréttingar í kjallara. Ábúandi jarðarinnar býr nú í gamla prestssetursbúsinu sem stendur fast við hið nýja hús. Ákveðið hefur verið að rífa og fjarlægja þetta hús og skal því lokið í byrjun júní n. k. Ábúandinn mun fyrst um sinn fá inni í hinu nýja húsi.

Ýmsar frekari endurbætur hafa verið gerðar á Rafnseyri og má þar nefna: A. Íbúðarhús fyrir bóndann, sem staðsett verður nálægt peningshúsum þeim, er byggð voru fyrir 3 árum. B. Kirkjan er orðin mjög hrörleg og þarfnast mikillar viðgerðar, eða endurbyggingar. C. Lagfæra þarf lóð og land umhverfis húsin. D. Á uppdrætti þeim, sem gerður var 1955, var gert ráð fyrir 2. áfanga. Er það álma áföst við það, sem nú hefur verið byggt í 1. áfanga, 155 fermetra og 1100 rúmmetra að stærð. Það hús er 2 hæðir. Á neðri hæð er skólastofa, sem jafnframt má nota sem samkomu- og veitingasal, svo og eldhús. Á annarri hæð eru 10 gestaherbergi eða heimavistarherbergi svo og snyrtiherbergi. Núverandi skólastofa og heimavist verða þá gerðar að setustofu og skóla. Þessi álma var gerð með það fyrir augum, að þegar skólinn starfar ekki, verði þar gistimöguleikar fyrir ferðafólk.

Þá er og eftir að gera skógræktargirðingu um hvilft þá, sem bæjarhúsin standa í, og töluverður annar skógræktarkostnaður er fyrirsjáanlegur.

Þegar lokið verður að fullu þeim byggingarframkvæmdum, sem að ofan greinir, mun á Rafnseyri verða heimavistarskóli, er fullnægir þörf allra sveitahreppa Arnarfjarðar.

Allar þessar framkvæmdir munu kosta allmikið fé, en með því að afla fjár svo sem í frv. er gert ráð fyrir ættu bein fjárframlög úr ríkissjóði að geta lækkað að sama skapi.

Um framkvæmdir á Rafnseyri hafa þeir húsameistari ríkisins, fræðslumálastjóri og biskup haft aðaleftirlit, í samráði við forseta Íslands, ríkisstjórn og þingmenn Vestfirðinga.

Nd. **520. Frumvarp til laga** [214. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Í 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, sem verði 3. töluliður, svo hljóðandi:

Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 5000000.00 auk þess framlags, er áður greinir.

2. gr.

4. gr. laganna breytist þannig:

a. 3. málsgr. orðist svo:

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar, en skulu aldrei nema minna en 65% af kostnaðarverði hennar. Lánin séu affallalaus. Þau endurgreiðast með jöfnum árlegum greiðslum á 50—75 árum.

b. Ákvæði greinarinnar um C.-flokk lána orðist svo:

C.-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 50 ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meginbreytingar þær, sem felast í þessu frv., á löggjöfinni um verkamannabústaði eru þessar:

1. Ákveðið er nýtt framlag ríkisins til byggingarsjóðsins, er nemi árlega 5 milljónum króna.
2. Ákveðið er, að lán úr sjóðnum skuli aldrei nema lægri upphæð en 65% af kostnaðarverði viðkomandi eignar.
3. Lágmarkstími lána er lengdur úr 42 árum í 50 ár.

Það er tilgangur laganna um verkamannabústaði að hjálpa þeim, sem eru efnaminnstir og lægst launaðir, til að eignast eigin íbúðir. Því voru þau ákvæði sett, að lánin mættu vera allt að 90% af kostnaðarverði viðkomandi eignar og lánstíminn 42—75 ár. Þessum ákvæðum var nokkurn veginn fylgt í upphafi, en mjög hefur skort á, að það hafi verið gert hin síðari ár. Stafar það jöfnum höndum af fjárskorti byggingarsjóðsins og síhækkandi byggingarkostnaði.

Til sönnunar um þetta má nefna eftirfarandi:

Árið 1955 var byrjað á fjölbýlisbyggingum á vegum byggingarfélagsins hér í Reykjavík. Hafa nú verið reist þrjú slík fjölbýlishús, hvert með 32 íbúðum, eða 28 þriggja herbergja íbúðum og 4 tveggja herbergja íbúðum. Stærri íbúðirnar eru 82 fermetrar, en hinar minni 60 fermetrar.

Flutt var í fyrstu fjölbýlisbygginguna um áramótin 1956—57. Þriggja herbergja íbúð kostaði þá 265 þús. kr., og lánaði byggingarsjóðurinn þá 150 þús. kr. út á slíka íbúð. Útborgun kaupanda nam samkvæmt því 115 þús. kr.

Næsta sambýlishús var fullgert 1959. Þriggja herbergja íbúð kostaði þá 320 þús. kr. Sjóðurinn lánaði þá 150 þús. kr., svo að útborgun kaupanda varð 170 þús. kr.

Þriðja sambýlishúsið er senn að verða fullgert. Gert er ráð fyrir, að þriggja herbergja íbúð kosti nú 360 þús. kr., en lán sjóðsins verði 160 þús. kr. Útborgun kaupanda verður þá 200 þús. kr.

Nýlega hefur verið byrjað á fjórða fjölbýlishúsinu. Ráðgert er, að þar muni þriggja herbergja íbúð kosta um 400 þús. kr., en lán sjóðsins haldist óbreytt, eða 160 þús. kr. Útborgun kaupanda verður þá 240 þús. kr.

Hér er vissulega um miklu meiri útborganir að ræða en efnalitlir fjölskyldumenn geta innt af höndum, eins og nú er komið málum.

Frv. það, sem hér er flutt, er því byggt á fyllstu nauðsyn. Æskilegt hefði verið, að öll löggjöfin um verkamannabústaði hefði verið tekin til rækilegrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sú starfsemi, sem byggist á henni, yrði stórlega efld og aukin. Hér er aðeins stefnt að því að leysa úr mest aðkallandi þörf. Þess er því að vænta, að þetta mál hljóti afgreiðslu Alþingis, þótt skammt sé eftir þingtímans.

Nd. 521. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 21 apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. marz 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Ed. 522. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt, BjörnJ þó með fyrirvara. Einn nm. (KK) mælir eigi með samþykkt þess.

Alþingi, 16. marz 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson. Magnús Jónsson.

Ed. 523. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um Útvegsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt, en einn nm. (KK) mun skila séráliti.

Alþingi, 16. marz 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson. Magnús Jónsson.

Sþ. 524. Nefndarálit [110. mál]

um till. til þál. um vita, leiðarmerki og öryggi sjófarenda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög um stjórn vitamála og vitabyggingar með hliðsjón af þeim búnaði, sem nú tíðkast á fiski- og farskipum hér við land; einnig að fá tillögur kunnáttumanna á þessu sviði um, hvernig því fé, sem fer til þessara mála, verði bezt varið til öryggis sjófarenda við landið.

Einnig skal athuga, eftir því sem við á, þá þýðingu, sem slík tæki kunna að hafa fyrir flugsamgöngur.

Alþingi, 16. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form. Pétur Sigurðsson, frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Gísli Jónsson.
Hannibal Valdimarsson. Björn Pálsson. Gísli Guðmundsson.

Nd. 525. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Frá Helga Bergs.

Við 1. málslið 2. efnismálsgr. 6. gr. bætast orðin: samkvæmt tillögu Hæstaréttar.

Nd. 526. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til laga um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja, ef fram koma.

Einn nefndarmanna (RH) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 17. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Jón Kjartansson. Helgi Bergs. Geir Gunnarsson.

Nd. 527. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og umsagnir, sem fyrir liggja. Nefndin mælir með frv., en telur jafnframt nauðsynlegt að gera breytingar á ákvæðum laga um skiptingu tekna af skólunum til samræmis við skiptingu kostnaðarins.

Nefndin mælir því með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr., svo hljóðandi:
   17. gr. laganna orðist svo:
   Leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla, annarra en heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla, skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar greiða stofnkostnað.
   Aðrar tekjur, sem til kunna að falla vegna skólahalds, renna að einum fjórða hluta í ríkissjóð og að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga, að því er tekur til barnaskóla, en að hálfu í ríkissjóð og að hálfu til sveitarfélaga, að því er tekur til heimangönguskóla gagnfræðastigs.
   Tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla ganga óskiptar til greiðslu rekstrarkostnaðar þeirra.
2. 4. gr. (verður 5. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1958.

Alþingi, 17. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form. — Helgi Bergs, frsm. — Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr., með fyrirvara.

Jón Kjartansson. — Geir Gunnarsson.

Nd. 528. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um verkstjóranámskeið.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða styðja brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 17. marz 1961.

Jónas G. Rafnar, form. — Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. — Þórarinn Þórarinsson.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 529. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið saman við eldri lagaákvæði um ábúð á leigujörðum. Mælir hún með, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. — Ásgeir Bjarnason og Jón Þorsteinsson voru ekki viðstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. marz 1961.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.

Nd. 530. Breytingartillögur [43. mál]

við frv. til laga um úthlutun listamannalauna.

Frá menntamálaráðherra.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Allir íslenzkir listamenn skulu koma til álita við úthlutun listamannalauna og val í heiðurslaunaflokk, án tillits til aldurs, efnahags eða borgaralegra starfa.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Listamannalaunum skal úthluta sem hér segir:
   Ekki færri en tólf listamenn skulu hafa föst heiðurslaun, 36 þús. kr. á ári. Árlega skal úthluta launum í tveim flokkum, 20 þús. kr. og 12 þús. kr. Ekki færri en þrjátíu listamenn skulu njóta launa í hvorum þessara flokka, og skal úthlutunin árlega miðuð við það, að nokkur skipti verði á listamönnum í þessum flokkum og þó einkum lægri flokknum, svo að sem allra flestir verðugir listamenn njóti að minnsta kosti launa annað eða þriðja hvert ár.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Val listamanna í heiðurslaunaflokk og úthlutun listamannalauna skulu hafa á hendi fimm menn, sem Alþingi kýs til fjögurra ára í senn, og skal nefndin hafa samráð við sérfróða menn í hverri listgrein.

Ed. 531. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um fræðslumyndasafn ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. marz 1961.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.
Páll Þorsteinsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 532. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1961.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.
Páll Þorsteinsson. F. R. Valdimarsson.

Nd. 533. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um ríkisábyrgðir.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar stjórnarflokkanna vilja samþ. frv., en Skúli Guðmundsson og ég viljum fella frumvarpið eða gera verulegar breytingar á því.

Meginefni þessa frumvarps er að breyta þeim reglum, sem lengi hafa verið í gildi um ríkisábyrgðir. Ábyrgðir ríkissjóðs hafa yfirleitt verið svonefndar sjálfskuldarábyrgðir, en nú er ætlunin, að þær verði svonefndar einfaldar ábyrgðir. Með þessu er stefnt að því að draga úr gildi þessara ábyrgða. Telja má fullvíst, að þessi breyting verði til þess, að í mjög mörgum tilfellum komi ríkisábyrgðir viðkomandi aðilum að engum notum.

Enginn vafi leikur á því, að ríkisábyrgðir lána hafa á undanförnum árum mjög stuðlað að því, að hægt hefur verið að útvega lán til ýmissa aðkallandi og nauðsynlegra framkvæmda. Augljóst er, að tilætlun ríkisstjórnarinnar með þessu frumvarpi er að draga úr framkvæmdum. Með því að draga úr gildi ríkisábyrgðanna á að torvelda aðilum að fá nauðsynleg framkvæmdalán. Hér er því um einn lið viðreisnarstefnunnar að ræða, þann, sem miðar að almennum samdrætti í þjóðfélaginu.

Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir ýmsum hömlum til þess að draga úr veitingu ríkisábyrgða. Þannig er gert ráð fyrir, að almennt megi ekki veita ríkisábyrgð að nýju þeim aðila, sem stendur í vanskilum við ríkið. Einnig er ráðgert, að ríkisbanki skuli vera fjármálaráðuneytinu til ráðgjafar um það, hvort rétt sé að veita ríkisábyrgð, og er augljóst, að með því er ætlað að stefna að því, að þeir sem efnaðastir eru, skuli jafnan sitja fyrir ríkisábyrgðum.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir þessu frumvarpi og munum greiða atkvæði gegn því. Ég mun þó freista þess að koma fram nokkrum breytingum á frumv. og flytja um það tillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. marz 1961.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 534. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (KK) mælir ekki með samþykkt frv.

Alþingi, 17. marz 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Björn Jónsson.

Ed. 535. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt, en þeir BjörnJ og KK munu skila sérálitum.

Alþingi, 17. marz 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Sþ. 536. Nefndarálit [66. mál]

um till. til þál. um auknar gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið um hana umsagnir frá Ferðaskrifstofu ríkisins, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda og Ferðamálafélaginu.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um ferðamál og verði við undirbúning þeirrar löggjafar tekið til alhliða athugunar, á hvern hátt sé af opinberri hálfu hægt að stuðla að auknum gjaldeyristekjum þjóðarinnar af ferðamannaþjónustu. Við undirbúning löggjafarinnar skal haft samráð við þá aðila, er sérstaklega vinna að ferðamálum eða hafa beinna hagsmuna að gæta í því sambandi.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um ferðamál.

Alþingi, 18. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. Halldór Ásgrímsson, frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason.
Ingvar Gíslason. Jónas G. Rafnar. Halldór E. Sigurðsson.
Karl Guðjónsson. Jón Árnason.

Nd. 537. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Er hún sammála um nauðsyn löggjafar um þetta efni, en hefur hins vegar ekki orðið ásátt um einstök atriði frv. og því ekki náðst samkomulag um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. er ljós nauðsyn þess, að settar verði almennar reglur um veitingu ríkisábyrgða, er komi þeim í fastara form, meiri hófsemi verði gætt við veitingu þeirra og betra aðhald haft með endurgreiðslum, svo að verulega dragi úr síhækkandi útgjöldum ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum. Telur hann, að frv. þetta miði að því marki, og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Ed. 538. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin athugaði frumvarp þetta og ræddi það. Stuðningsmenn stjórnarinnar í nefndinni (JÞ, MJ, ÓB), sem eru meiri hluti, vilja í engu hagga frumvarpinu.

Ég tel frumvarpið óþarft og sum ákvæði þess fráleit.

Ég álít, að nær hefði verið að setja milliþinganefnd, kjörna af Alþingi, til þess að endurskoða bankalöggjöfina í heild, samræma hana til frambúðar og koma ódýrari skipan á bankastarfsemi landsins heldur en fleygja inn á Alþingi — eins og ríkisstjórnin hefur nú gert — frumvörpum um fjóra bankana til þess fyrst og fremst að efla pólitíska áhrifaaðstöðu sinna flokka í stjórnum þessara banka. Geri hver ríkisstjórn þetta eftirleiðis, er hætt við, að bankarnir geti orðið óheillavænlega lausir í rásinni.

Með breytingu, sem gerð var á Landsbankalögunum árið 1957, var bankanum formlega skipt að stjórn og valdi í tvær deildir, seðlabanka og viðskiptabanka. Það telja nú flestir að rétt hafi verið að gera. Samvinna var höfð áfram milli deildanna um starfsmannahald o. fl.

Sú breyting, sem gera á með þessu frumvarpi og kölluð er í greinargerð þess „að stíga skrefið til fulls og breyta Seðlabankanum í sjálfstæða stofnun“, er fremur smávægileg og hefði sannarlega getað beðið, þar til milliþinganefnd hefði lokið heildarendurskoðun á löggjöf bankakerfisins.

Formbreytingin er sennilega heldur ekki aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er nú fram borið. Talið er, að sá fiskur liggi hér undir steini, að ríkisstjórnin vilji koma þrem mönnum til viðbótar frá sínum flokkum í stjórn Seðlabankans, — fjölga til þess stjórnendum hans úr 5 í 8, — og til þess þarf að breyta lögunum. Einn þessara viðbótarmanna á að vera bankastjóri, svo að bankastjórar Seðlabankans verði þrír, en ekki tveir, eins og nú er.

Þannig vinnur ríkisstjórnin að því að framkvæma sitt öfugmælatal um sparnað á vegum hins opinbera.

Ég tel algerlega óþarft að fjölga bankastjórunum og flyt þess vegna breytingartillögu um, að hinum þriðja verði ekki við bætt.

Ekki hefur þýðingu að ræða frumvarpið í löngu máli, þar sem vitað er, að ríkisstjórnin hefur tryggt sér samstöðu um það hjá stuðningsflokkum sínum og áliðið er þings. Meinlegustu atriðin fyrir almenning vil ég þó nefna og gera breytingartillögur við þau, ef vera mætti, að einhverjum frá stjórnarflokkunum rynni blóð til réttrar skyldu í sambandi við þau.

Fyrsta málsgr. 10. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

„Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hverrar þeirrar stofnunar annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati hans."

Önnur og þriðja málsgr. 11. gr. eru á þessa leið:

„Seðlabankinn getur ákveðið, að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei vera hærri en 20% af því innstæðufé hjá viðkomandi stofnun, sem ávísa má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum. Seðlabankinn getur innan þessara hámarka breytt þessu hlutfalli, þegar ástæða þykir til, en sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnunum sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 2. málsgrein."

Fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd neðri deildar, Skúli Guðmundsson, sýndi ljóslega fram á það í ýtarlegu nefndaráliti (þskj. 408), hve þarna er um ósanngjörn og óskynsamleg ákvæði að ræða, sem jafnvel geta orðið hlægileg, ef framkvæma á þau á þann hátt, sem þegar hefur verið ákveðið og tilkynnt hefur verið með bréfum frá Seðlabankanum til innlánsstofnananna, er um ræðir í áðurnefndri fyrstu málsgr. 10. gr. Ég leyfi mér að skírskota um þetta til nefndarálits flokksbróður míns, sem birtir þar m. a. orðréttar tilvitnanir í bréf Seðlabankans.

Vegna hinna tilgreindu ákvæða á Seðlabankinn að geta tekið — og ætlar að taka — umráðarétt af öllum sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga yfir verulegum hluta þess fjár, sem þar er innistandandi eða verður inn lagt. Féð verður flutt frá heimastöðvum innlánsstofnananna til bindingar í Seðlabankanum.

Þarna er allt of langt gengið. Það ætti hver maður að geta séð, hvar sem hann er búsettur á landinu. En allra harðast kemur þetta þó niður á þeim, sem eiga heima fjarri höfuðborginni, sem féð á að vista í og óneitanlega býður þó upp á meiri lánsfjármöguleika en aðrir staðir. Til viðbótar þeim stöðuga fjárflutningi, sem á sér stað vegna fólksflutninga til Reykjavíkur og nágrennis frá sveitum, þorpum og kaupstöðum úti um land, á nú líka að seilast með lagaboði til sparifjár þeirra, sem ekki flytjast, og fjarlægja það eigendunum, — taka frá byggðum þeirra þetta afl hlutanna, sem gera skal þar.

Ég tel móti öllu réttlæti, að lög heimili, að binding þessi og fjárflutningur nái til allra sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga, hversu lítil fyrirtæki sem það eru, og þess vegna fráleitt að halda því fram, að þau geti haft skaðleg áhrif á jafnvægi peningamálanna hjá þjóðinni.

Innlánsdeildirnar eru ekki útlánastofnanir. Í eðli sínu eru þær sérstakir reikningar, sem viðskiptamenn samvinnufélaganna leggja sparifé sitt í, til þess sjálfra sín vegna að greiða fyrir rekstri þessara viðskiptafyrirtækja sinna. Með bindingunni og brottnámi fjárins eru eigendurnir sjálfir sviptir bæði umráða- og afnotarétti fjárins.

Útlánastarfsemi lítilla sparisjóða getur verið mikilsverð litlu umhverfi, en hennar getur ekki gætt til röskunar í peningamálum þjóðfélagsins í heild.

Ég flyt þess vegna tillögu um, að bindingarákvæðin taki ekki til minni innlánsstofnana en þeirra, sem hafa yfir innstæðufé að ráða, er nemur 10 milljónum króna eða meira samtals. Allir þingmenn ættu að geta fallizt á þessa breytingartillögu, og ef þingmennirnir, sem búsettir eru í dreifbýlinu, gera það ekki, má telja það sönnun þess, að þeir virða ekki eins og skyldi heimahagana og taka ekki eins og skyldi tillit til aðstöðu fólksins, sem þar dvelst og starfar, því að kunnugleikann á þýðingu sparifjárins í heimabyggðunum getur þá þingmenn ekki skort.

Það væri til mikilla bóta, ef breytingartillagan yrði samþykkt, og þess vegna er hún flutt. Hins vegar tel ég — eins og ég hef að framan getið — frumvarpið svo gallað í heild, að ég legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 19. marz 1961.

Karl Kristjánsson.

Ed. 539. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til laga um Útvegsbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Heildarendurskoðun bankalöggjafar landsins, framkvæmd af þingkjörinni milliþinganefnd, væri eðlileg. Káf í gildandi lög um Útvegsbanka Íslands — eins og frumvarp þetta er — aðallega til þess að kjósa nú þegar bankaráð, þó að kjörtími verandi bankaráðs sé ekki liðinn, tel ég þarfleysu. Legg ég þess vegna til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. marz 1961.

Karl Kristjánsson.

Ed. 540. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hef á þskj. 538 lýst mig andvígan — af þar greindum ástæðum — setningu þeirrar löggjafar um Seðlabanka Íslands, sem felst í stjórnarfrumvarpinu á þskj. 315.

Í samræmi við þá afstöðu mína legg ég að sjálfsögðu til, að þetta frumvarp um Landsbanka Íslands verði fellt.

Alþingi, 20. marz 1961.

Karl Kristjánsson.

Ed. 541. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, leitað umsagna um málið og fengið svör. — Nefndin gat eigi orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 3. gr.

1. Á eftir orðinu „frystrar" komi: reyktrar.
2. Fyrir „5" komi: 10.

Alþingi, 17. marz 1961.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 542. Frumvarp til laga [215. mál]

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Árið 1961 skulu happdrættisvinningar Styrktarfélags vangefinna vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni Styrktarfélags vangefinna. Erindi félagsins fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Styrktarfélag vangefinna hefur tvö undanfarin ár rekið happdrætti til fjáröflunar. Öllum nettóhagnaði hefur félagið varið til byggingarframkvæmda og annars til hagsbóta fyrir vangefið fólk. Þessum byggingarframkvæmdum, sem eru leikskóli og dagheimili í Safamýri í Reykjavík, svo og starfsmannahús í Skálatúni, er enn ekki lokið, og skortur er á fé. Hyggst því styrktarfélagið efna til happdrættis á þessu ári í fjáröflunarskyni, svo að ljúka megi áminnztum byggingarframkvæmdum. Að vinningar happdrættisins séu skattfrjálsir, er mikilsvert atriði til örvunar sölu happdrættismiða. Vonum því, að háttvirtu Alþingi þóknist að samþykkja ofanritað frumvarp.

Ed. 543. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. n., þeir ÓB, MJ og JÞ, mælir með samþykkt þess án breytinga. KK er frv. andvígur.

Ég tel hins vegar, að veigamestu ákvæði frv. séu til bóta frá núgildandi lögum, en er mótfallinn ýmsum einstökum atriðum öðrum.

Fullkominn skipulagslegur aðskilnaður Seðlabankans og Landsbankans verður að teljast meginefni þessa frv., ásamt þeim ákvæðum þess, sem tryggja úrslitavald Alþingis og ríkisstjórnar um stefnu bankans í efnahagsmálum. Stórt spor var stigið í þessa átt með bankalöggjöf þeirri, sem sett var 1957, en þar var þó skemmra gengið en æskilegt hefði verið, þar sem enn héldust nokkur skipulagstengsl Seðlabanka og Viðskiptabanka og ekki var fulltryggt, að stjórn Seðlabankans væri ávallt svo skipuð, að ekki yrðu árekstrar milli hennar og stefnu Alþingis og ríkisstjórnar.

Að því leyti sem þetta frv. bætir úr nefndum ágöllum löggjafarinnar frá 1957, verður að telja það spor í rétta átt, og er í samræmi við skoðanir Alþýðubandalagsins fyrr og síðar. Hins vegar er ljóst, að jafnhliða þessari breytingu hefði verið nauðsynlegt að gera fleiri skipulagsbreytingar á bankamálunum, m. a. af hagkvæmnisástæðum. Er þar ekki sízt að nefna það, að leggja hefði átt Framkvæmdabankann niður og leggja störf hans í hendur Seðlabankans og viðskiptabankanna eftir eðli þeirra. Hefði af slíkri ráðstöfun getað orðið verulegur sparnaður í heildarrekstri bankakerfisins, en ógagn ekkert. En ríkisstjórnin virðist ekki hafa neinn áhuga fyrir raunhæfum sparnaðaraðgerðum í þessum efnum fremur en öðrum, sem snerta embættismannakerfið. Þannig eiga nú samtals 14 bankaráðsmenn og bankastjórar að stjórna tveim bönkum, þar sem einn banki með helmingi færri stjórnendum og stórum minna starfsliði hefði auðveldlega nægt. Tvær hagfræðideildir, sín við hvorn banka, eiga að vinna nákvæmlega sama verkefni, en auk þeirra vinna að skyldum störfum Hagstofa Íslands og efnahagsmálaráðuneyti, sem núverandi ríkisstjórn hefur stofnað. En þrátt fyrir allar þessar stofnanir eru hagskýrslugerðir að ýmsu leyti í molum og ófullkomnari en víðast annars staðar. Fjölgun bankastjóra við Seðlabankann úr 2 í 3, jafnframt því sem starfssvið hans er þrengt, er svo hámark þessarar skipulagslausu útþenslustefnu.

Með ákvæðum 5. gr. frv. er fyrirhugað, að stofnlánadeild sjávarútvegsins verði sérstök deild í seðlabankanum. Ákvæði þessarar gr. stríða gegn meginefni frv., þar sem störf stofnlánadeildarinnar eru eingöngu þess eðlis, að þau eiga heima í viðskiptabanka. Einnig verður að telja það óhagkvæmt, að fleiri bankar en einn gegni því hlutverki að sjá útveginum fyrir stofnlánum. Stofnlánadeildina hefði því átt að sameina Fiskveiðasjóði Íslands og fela honum forsjá þeirra nýju lánaflokka, sem nú er fyrirhugað að opna til handa útveginum og bæta eiga að nokkru aðstöðu hans vegna þeirrar lánsfjárkreppu, sem núv. ríkisstjórn hefur skapað.

Með ákvæðum bankalöggjafarinnar frá 1957 var stjórn Seðlabankans heimilað að ákveða, að bankar og sparisjóðir skyldu geyma hluta af innstæðufé sínu í Seðlabankanum, og var sú heimild frá upphafi einungis hugsuð sem öryggi gagnvart stærstu sparisjóðunum og bönkunum, enda aldrei notuð fyrr en af núv. ríkisstjórn. Með efnahagslögunum frá s. l. ári aflaði ríkisstjórnin svo heimildar til þess, að innstæðufé innlánsdeilda samvinnufélaga yrði fest í Seðlabankanum. Bæði þessi heimildarákvæði eru nú felld inn í þetta frv. nokkuð breytt. Að því er þessi ákvæði taka til innlánsdeilda samvinnufélaganna og smærri sparisjóða og með hliðsjón af því, hvernig núv. ríkisstjórn hefur notað og hyggst nota þessar heimildir, er ég þeim algerlega andvígur og mun flytja eða styðja breytingartillögur samkvæmt því. Það á ekkert skylt við skynsamlega heildarstjórn á peningamálum þjóðarinnar að svipta samvinnufélögin því rekstrarfé, sem félagsmenn þeirra leggja þeim til með því að efla innlánsdeildirnar, — né heldur þær illræmdu ráðstafanir að krefja smáa sparisjóði í fjárvana byggðarlögum um verulegan hluta af umráðafé sínu og það jafnvel þótt engin aukning á því eigi sér stað. En slíkt getur hins vegar valdið algerlega óþörfum erfiðleikum og helzt þar, sem sízt skyldi.

Alþingi, 20. marz 1961.

Björn Jónsson.

Nd. **544. Frumvarp til laga** [216. mál]

um sjúkraþjálfun.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraþjálfarar hér á landi hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra að fengnum meðmælum landlæknis og stjórnar Félags íslenzkra sjúkraþjálfara. Löggiltir sjúkraþjálfarar skulu hafa lokið námi í sjúkraþjálfun (fysiotherapi) við skóla í þeirri grein, sem viðurkenndur er sem fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í, eða hafa menntun, sem því jafngildir að dómi þeirra aðila, sem gefa þurfa meðmæli samkvæmt grein þessari. Einnig má löggilda þá, sem starfað hafa í þessari grein, þegar lög þessi öðlast gildi, ef meðmæli fást frá ofangreindum aðilum.

2. gr.

Sjúkraþjálfun (fysiotherapi) er meðferð, sem sjúkum er veitt í lækningaskyni með nuddi, æfingum, ljósum, hita og rafmagni.

Löggiltum sjúkraþjálfara ber að meðhöndla sjúklinga einungis samkvæmt fyrirmælum lækna.

3. gr.

Ekki mega læknar hafa í þjónustu sinni annað fólk til að framkvæma sjúkraþjálfun en löggilta sjúkraþjálfara.

4. gr.

Óheimilt er að ráða aðra en þá, sem eru fullgildir sjúkraþjálfarar samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra starfa við sjúkrahús, elliheimili, hressingarhæli, barnahæli og aðrar þess háttar stofnanir eða að skólum til starfa við sjúkraleikfimi.

5. gr.

Um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkraþjálfara, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu löggildingar. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni Félags íslenzkra sjúkraþjálfara. Í þeim félagsskap eru aðeins þeir sjúkraþjálfarar, sem stundað hafa nám í grein sinni við viðurkennda skóla erlendis og lokið þaðan tilskildum prófum. Hér á landi starfar enginn skóli í þessari grein.

Tilgangur þessa frv. er tvíþættur. Annars vegar lýtur það að því að tryggja þeim sjúkraþjálfurum, sem lokið hafa námi í sérgrein sinni, rétt til að starfa við sjúkraþjálfun fram yfir þá, sem ekki hafa til starfsins lært. Hins vegar lýtur það að öryggi þeirra sjúklinga, er á sjúkraþjálfun þurfa að halda. Á miklu veltur fyrir heilsu þeirra, að sú meðferð sé framkvæmd á réttan hátt, og því þeirra hagur, að þeir einir hafi heimild til að stunda þetta starf, sem til þess hafa kunnáttu.

Í lögum nr. 47 frá 1932 eru ákvæði um svokallað takmarkað lækningaleyfi. Samkvæmt þeim er það veitt tannlæknum, nuddurum, sem tekið hafa upp starfsheitið sjúkraþjálfarar, og öðrum að fullnægðum nánar greindum skilyrðum í lögunum. Felur það í sér heimild til að stunda sjúklinga undir eftirliti læknis.

Ákvæði skortir í lögum til að vernda rétt lærðra sjúkraþjálfara til starfa. Á meðan svo stendur, er félagsskapur þeirra hér á landi ekki viðurkenndur sem þátttakandi í Alþjóðasamtökum sjúkraþjálfara, og hlýzt vitanlega af því ýmiss konar óhagræði.

Sérstök lög gilda hér á landi um tannlækna, ljósmæður og hjúkrunarkonur. Má segja, að sá flokkur heilbrigðisstarfsmanna, sem frv. þetta fjallar um, hafi þar orðið afskiptur og fyllsta ástæða sé til að bæta þar um.

Fylgiskjal.

Greinargerð frá formanni Félags íslenzkra sjúkraþjálfara, frú Vivian Svavarsson.

Nudd og sjúkraæfingar, „fysioterapi", eða sjúkraþjálfun eru gömul lækningaaðferð, þó að hún hafi ekki lengi verið almennt notuð á Íslandi. Í nágrannalöndum og um allan heim hafa kröfur aukizt um hæfni og menntun þeirra, sem starfa í þessari grein, og ákveðnar reglur verið settar þar að lútandi. Hér á landi er enginn skóli starfandi, sem veitir nauðsynlega menntun til þessa starfa, og því hefur orðið að leita þeirrar menntunar til annarra landa. Hins vegar hefur komið fyrir, að lítið menntaðar eða jafnvel ómenntaðar stúlkur hafi fengizt við þetta starf. Þar sem nudd og sjúkraæfingar, „fysiurgi", eru talin sérgrein í lækningum, er mjög óheppilegt, að það fái lengur viðgengizt, að ólærðu fólki leyfist að starfa í þessari grein, þó að það gerist að nafninu til undir eftirliti læknis, þar sem slíkt eftirlit getur aldrei verið fullnægjandi. Þær kröfur verður einnig að gera til menntunar þeirra, sem við þetta starfa, að þeir séu í engu eftirbátar starfsfélaga sinna í öðrum löndum.

Samtök þeirra löggiltra „nuddkvenna", sem lokið hafa prófi frá löggiltum skólum erlendis, hafa verið starfandi í 20 ár. En félag þeirra, Félag íslenzkra sjúkraþjálfara, getur ekki án stuðnings laga haft eftirlit með því, að ólært fólk starfi ekki í þessari grein. Þar sem hér er fyrst og fremst um heill og öryggi sjúklinga að ræða, er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt, að svipuð lög verði sett um nuddkonur og á sínum tíma voru sett um hjúkrunarkonur.

Nd. 545. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Hellu og Helludal í Breiðuvíkurhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leitað umsagnar landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins um það. Mæla þeir aðilar báðir með samþykkt frumvarpsins. Nefndin mælir því með, að frumvarpið verði samþ. — Benedikt Gröndal var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 18. marz 1961.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Jónas Pétursson. Ágúst Þorvaldsson.

Karl Guðjónsson.

Nd. **546. Nefndarálit** [124. mál]

um frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að sett verði heildarlög um ríkisábyrgðir, veitingu þeirra og skilyrði fyrir því, að slík aðstoð sé veitt af hálfu ríkisins.

Á síðustu áratugum hefur Alþingi veitt ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum til bæjar- og hreppsfélaga, annarra félaga og einstaklingsfyrirtækja til þess að greiða fyrir fjáröflun til nauðsynlegra framkvæmda og framfara á mörgum sviðum. Hefur sá stuðningur, sem ríkið hefur veitt með þessum hætti, verið ákaflega þýðingarmikill, því að án hans hefði ekki verið mögulegt að fá lánsfé til framkvæmdanna. Mjög þýðingarmiklar framkvæmdir til viðhalds og eflingar atvinnulífi um land allt hafa þannig verið byggðar á grundvelli ríkisábyrgðanna.

Að sjálfsögðu hafa alþingismenn gert sér ljóst, að áhætta fylgdi sumum ábyrgðum, sem veittar hafa verið. En talið hefur verið, að ríkisvaldið gæti ekki með öðrum auðveldari hætti veitt óhjákvæmilega aðstoð við þá uppbyggingu og framfarir í þjóðfélaginu, sem þar var um að ræða. Og margar ríkisábyrgðirnar eru alveg áhættulausar, að því er séð verður.

Ég tel ekki óeðlilegt, að settar séu með lögum aðalreglur um veitingu ríkisábyrgða. En það er ekki vandalaust að setja slíkar reglur. Við samningu þeirra þarf að hafa það tvennt í huga að setja ábyrgðunum eðlileg takmörk til þess að draga úr áhættunni við veitingu þeirra og þó ekki síður hitt, að sníða þeim ekki svo þröngan stakk, að synjað verði um aðstoð hins opinbera eftir þeirri leið til framkvæmda, sem óhjákvæmilegar eru til hagnýtingar á auðlindum og aukinnar framleiðslustarfsemi um land allt.

Það sést greinilega við athugun á frumvarpinu, að til þess er ætlazt af ríkisstjórninni, er frumvarpið flytur, að dregið verði úr þeirri aðstoð, sem veitt hefur verið með ríkisábyrgðunum. Um þetta atriði og fleira, sem fram kemur í frv., vísa ég til umsagnar Karls Kristjánssonar í nefndaráliti á þskj. 333, er hann lagði fram í efri deild 4. f. m.

Ég flyt tillögur um breytingar á nokkrum greinum frv. Breytingartillögur þessar flutti Karl Kristjánsson við afgreiðslu frv. í efri deild. Skal hér gerð nokkur grein fyrir tillögunum.

Í 2. gr. frv. segir, að ríkissjóður megi ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila. Gera má ráð fyrir, að þó að slíkt ákvæði verði sett í lög, verði það aðalreglan, að sjálfskuldarábyrgð verði veitt, þar sem einföld ábyrgð mundi yfirleitt ekki koma að gagni. Tel ég því réttara að orða greinina þannig, að sérstaklega skuli fram tekið, að ábyrgð sé einföld, ef til þess er ætlazt.

Í 4. gr. segir, að hver sá, er ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir, skuli greiða gjald til ríkissjóðs, 1% eða 1½% eftir því, hvort um einfalda ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð er að ræða. Á fundi fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga í vetur var því mótmælt, að gjald þetta yrði lagt á sveitarfélögin. Ég tel rétt að fella þetta tekjuöflunarákvæði úr frv.

Samkv. 5. gr. getur ríkisstjórnin tekið greiðslu á skuldum, sem myndazt hafa vegna þess, að ábyrgðir hafa fallið á ríkissjóð, af fé, sem skuldunautur kann að eiga að fá frá ríkissjóði, þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu eigi fyrir hendi. Þetta mun einkum snerta bæjar- og hreppsfélög, ef samþykkt verður. Þó að slíkt sýnist réttmætt, t. d. þegar um er að ræða hluta sveitarfélaga af söluskatti, virðist of langt gengið, ef tekið verður til skuldajafnaðar fé, sem sérstaklega er veitt samkvæmt lögum til ákveðinna framkvæmda, svo sem framlög til skólabygginga o. þ. u. l.

Flyt ég því breytingartillögu um viðbót við greinina, er takmarkar nokkuð heimildina til skuldajafnaðar.

Í 7. gr. frv. segir, að fjármálaráðherra sé heimilt að fela einhverjum ríkisbankanna að veita ráðuneytinu aðstoð við afgreiðslu ríkisábyrgða. Skal þá bankinn kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast skuli við ábyrgðarumsókninni.

Ég tel ekki rétt af Alþingi að benda sérstaklega á ríkisbankana sem ráðgjafa við framkvæmd ríkisábyrgðarheimilda, þar sem venjuleg bankasjónarmið geta ekki ætíð gilt um veitingu ábyrgðanna. Legg ég því til, að sá hluti greinarinnar verði felldur niður. Hins vegar er eðlilegt að samþykkja það ákvæði greinarinnar, að ríkissjóður láti fylgjast með rekstri þeirra aðila, sem ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir.

Í 2. málslið 8. gr. er gert ráð fyrir, að reglugerð mæli fyrir um hámark ábyrgðar, er miðist við matsverð framkvæmdar. Réttara þykir, að þetta verði eins og áður ákveðið af Alþingi í hvert sinn sem ábyrgð er veitt, og legg ég því til, að þetta verði fellt úr frv.

Breytingartillögurnar eru fram bornar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. marz 1961.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 547. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá Skúla Guðmundssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Sé ekki tekið fram í heimildarlögum, að ábyrgð ríkissjóðs skuli vera einföld, ber að líta svo á, að þau lög heimili sjálfskuldarábyrgð.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr. Við greinina bætist:
   Hér undir falla þó ekki greiðslur ríkisins til skóla eða aðrar lögbundnar greiðslur til sérstakra framkvæmda sveitarfélaga.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin láti fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, og eru þeir skyldir að láta í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er ríkisstjórnin telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Ef einhver tregðast við að láta umbeðnar upplýsingar í té, má fjármálaráðherra beita dagsektum allt að 500 kr. fyrir hvern dag, unz gögnin eru í té látin. Dagsektir þessar má ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.
5. Við 8. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli niður.

Ed. 548. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

1. Við 15. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf, og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti.

2. Við 19. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri hafa auk Seðlabankans Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands.
3. Við 24. gr. Í stað orðsins „bankastjórnar“ í niðurlagi gr. komi: framkvæmdastjórnar.
4. Við 25. gr. Í stað orðanna „Bankastjórn Seðlabankans“ og „Bankastjórnin“ í 1. mgr. komi: Framkvæmdastjórn Seðlabankans (og) Framkvæmdastjórnin.
5. Við 26. gr.
   a. Í stað orðsins „Bankastjórnin“ í 1. og 2. mgr. komi: Framkvæmdastjórnin.
   b. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Skal nánar kveðið á um umboð til skuldbindingar í reglugerð.
6. Á eftir 32. gr. komi ný gr., er verði 33. gr., svo hljóðandi:
   Alþingi kýs tvo endurskoðendur bankans til tveggja ára í senn. Endurskoðendur gefa skýrslu til bankaráðs og stjórnarráðs, er fylgja skal ársreikningum bankans. Bankaráð ákveður þóknun endurskoðenda.
7. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
   Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.
8. Við 36. gr. Við greinina bætist:
   Í reglugerð skulu og sett fyrirmæli um lífeyrissjóð starfsmanna bankans.

Nd. 549. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um landsútsvör.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið um landsútsvör hefur legið lengi hjá nefndinni. Lengi vel var látið í veðri vaka, að frumvarp að nýrri útsvarslöggjöf mundi verða lagt fram á þessu þingi og í því mundu verða ákvæði um landsútsvör. Með tilliti til þessa vildi meiri hlutinn bíða með afgreiðslu málsins, þar sem óeðlilegt væri að afgreiða þennan þátt útsvarsmálanna með sérstakri löggjöf á sama þingi og heildarlög yrðu sett um útsvör. — En nú er ljóst orðið, að ríkisstjórnin hefur orðið svo síðbúin með útsvarsfrumvarp sitt, að það verður ekki lagt fram á þessu þingi. Þar með er átylla meiri hlutans niður fallin, og sér minni hlutinn því enga ástæðu til að bíða lengur. Við í minni hlutanum leggjum því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Efni þess er það í sem skemmstu máli, að fyrirtæki og stofnanir, sem starfsemi reka, er nær til landsins alls, hvort sem eru skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingafélög eða verzlunarstofnanir ríkisins, eins og áfengis- og tóbaksverzlunin, skuli greiða landsútsvar. Skal það renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en skiptast milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Má það augljóst vera, að útsvarsbyrðarnar leggjast ekki réttlátlega á þegnana, meðan fyrirtæki, sem verzlun reka við fólk um land allt, greiða útsvar aðeins til eins sveitarfélags. Þannig greiddu Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasala ríkisins um 13 milljónir króna til Reykjavíkurbæjar á s. l. ári. Eins er þessu farið með stórfyrirtæki eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og mörg önnur, sem taka

mestan hluta gróða síns af viðskiptum við fólkið utan Reykjavíkur, en skila hins vegar óskiptri útsvarsgreiðslu sinni til höfuðborgarinnar.

Gegn því verða naumast færð gild rök, að réttmætara væri, að útsvarsgreiðslur af slíkum viðskiptum skiptust á landslýðinn almennt. Rangsleitni þess fyrirkomulags, sem nú ríkir, leiðir til þess, að útsvarsstigar sveitarfélaganna utan Reykjavíkur eru hærri, og leggjast því þyngri útsvarsbyrðar á hvern einstakling þar en í höfuðborginni.

Úr þessu misrétti mætti bæta með landsútsvörum, eins og lagt er til í þessu frumvarpi. Þess vegna leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. marz 1961.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Jón Skaftason.

Nd. 550. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur ekki viljað fallast á að mæla með samþykkt þessa frumvarps, og ber hann það fyrir sig, að of stutt sé síðan lögin um lífeyrissjóð togarasjómanna voru sett. Fullnægjandi reynsla sé því ekki fengin af framkvæmd laganna.

Ég tel það hins vegar ranglátt með öllu, að togarasjómenn fá nú lægri hundraðshluta af meðallaunum seinustu 10 ára eftir 30 ára starf en opinberir starfsmenn fá eftir jafnlangan starfsaldur. Togarasjómennirnir fá aðeins 50% meðallauna sinna, en opinberir starfsmenn 60%. Lagt er til í þessu frumvarpi, að þetta verði leiðrétt og fái togarasjómenn einnig 60% af meðallaunum sínum. Verður það að teljast sjálfsögð breyting í réttlætisátt.

Samkvæmt gildandi lögum fá togarasjómenn þá fyrst lífeyrisréttindi, er þeir hafa verið 10 ár á togara og hafa náð 65 ára aldri.

Megintilgangur laganna um lífeyrissjóð togarasjómanna var sá að gera það eftirsóknarverðara ungum mönnum að starfa að staðaldri á togurum, enda er þjóðinni það mikil nauðsyn. Slíkum atvinnurekstri verður ekki uppi haldið með góðum árangri nema með þaulvönum mönnum. Hlaupamenn koma þar aðeins að hálfu gagni og þó aðeins ásamt öðrum, sem gert hafa sjómennsku að lífsstarfi sínu.

Ekki verður óeðlilegt talið, þótt aldursmark í lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna sé haft lægra en í lífeyrissjóðum annarra stétta. Því er hér lagt til, að aldursmark togarasjómanna verði sett við 55 ára aldur í stað 65 ára, svo sem nú er.

Þetta eru þær tvær meginbreytingar, sem felast í þessu frumvarpi frá gildandi lögum. Telur undirritaður báðar réttmætar og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1961.

Hannibal Valdimarsson.

Ed. 551. Frumvarp til laga [182. mál]

um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

(Eftir 2. umr. í Ed. 20. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Suður-Þingeyjarsýslu ókeypis til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfandafljóti, sem er ¾ hlutar eyjarinnar. Afhendingin fari fram með því skilyrði, að landið verði friðað fyrir ágangi búfjár og sýslan taki að sér verndun þeirra minja, sem eru á eynni, um hið forna þinghald þar. Skal sú verndun framkvæmd í samráði við þjóðminjavörð ríkisins.

2. gr.

Óheimilt skal Suður-Þingeyjarsýslu að selja þessa eign eða láta hana af hendi nema til ríkisins. Hætti sýslan að annast eignina á þann hátt, sem 1. gr. mælir fyrir um, fellur þessi hluti eyjarinnar aftur undir ríkið endurgjaldslaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 552. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. marz.)

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla að níu tíundu hlutum.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður níu tíundu hluta upphitunarkostnaðar.

3. gr.

2. málsgr. 16. gr. laganna orðist þannig:

Annan kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður þannig: Vegna heimangönguskóla að hálfu, en sveitarfélög að hálfu — vegna heimavistarskóla greiðir ríkissjóður að níu tíundu hlutum, en sveitarsjóður einn tíunda hluta.

4. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla, annarra en heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla, skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar greiða stofnkostnað.

Aðrar tekjur, sem til kunna að falla vegna skólahalds, renna að einum fjórða hluta í ríkissjóð og að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga, að því er tekur til barnaskóla, en að hálfu í ríkissjóð og að hálfu til sveitarfélaga, að því er tekur til heimangönguskóla gagnfræðastigs.

Tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla ganga óskiptar til greiðslu rekstrarkostnaðar þeirra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1958.

Ed. 553. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma.

Alþingi, 20. marz 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson.

Ed. 554. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera minnispening í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson.

Ed. 555. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði allmiklar efnisbreytingar á lögum nr. 74 frá 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Það má telja eðlilegt að endurskoðun fari fram á þessum lögum eftir svo langan tíma sem þau hafa verið í gildi. En hitt er einnig nauðsynlegt, að sú endurskoðun sé ýtarleg og gerð í samráði við þá aðila í landinu, sem kunnugastir eru þessum málum og þar hafa mestra hagsmuna að gæta.

Sjútvn. hefur athugað frv. þetta, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar, en það eru flutningsmenn frv., leggur til, að frv. verði samþykkt, en minni hl. nefndarinnar telur, að hér þurfi að koma til ýtarleg endurskoðun á lögunum. Frv. var sent til umsagnar sex aðilum, er fjalla um síldarútvegsmál, en aðeins tveir þeirra hafa sent nefndinni umsagnir sínar um málið.

Af þessum ástæðum leggur minni hl. nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða lög nr. 74 frá 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og að sú endurskoðun verði gerð í samráði við síldarútvegsnefnd, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. marz 1961.

Sigurvin Einarsson, frsm. Björn Jónsson.

Ed. 556. Ábúðarlög. [117. mál]

(Afgreidd frá Ed. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 349 (sbr. 154).

Ed. 557. Lög [184. mál]

um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 472.

Ed. 558. Lög [178. mál]

um breyting á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 479.

Nd. 559. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Kvaddi hún til sín ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins og ræddi við hann um ýmis atriði, sem nauðsynlegt þótti að leggja til að breytt yrði.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. marz 1961.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Jón Skaftason. Guðl. Gíslason.

Ed. 560. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það er nú á þskj. 444.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 20. marz 1961.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Hermann Jónasson.
Magnús Jónsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 561. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „Staðarmörk“ í 2. mgr. komi: Takmörk.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „mörkum“ í 2. mgr. komi: takmörkum.
3. Við 5. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
   Ef skuldir slíks hrepps eru svo miklar, að þær torveldi sameiningu hreppanna, má ráðuneytið o. s. frv.
4. Við 6. gr. Í stað orðsins „staðarmörk“ í 2. mgr. komi: takmörk.
5. Við 7. gr. Í stað tölunnar „150“ í fyrri mgr. komi: 200.
6. Við 8. gr. Í stað orðanna „ákveður ráðuneytið, hvernig með skuli fara“ komi: sker ráðuneytið úr ágreiningi.

7. Við 17. gr. Í stað orðanna „í hvítasunnudag“ í fyrri mgr. komi: á hvítasunnudag.
8. Við 18. gr. Stafliður d falli niður.
9. Við 27. gr. Í stað orðsins „atkvæðisefnið“ í síðustu mgr. komi: það.
10. Við 34. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
    Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og nefnda hennar, en hefur o. s. frv.
11. Við 40. gr. Í stað „innheimtulaun 4%“ í 2. mgr. komi: innheimtulaun samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, þó eigi yfir 4%.
12. Við 43. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
    Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur o. s. frv.
13. Við 46. gr.
    a. Aftan við 1. mgr. bætist: þó eigi lengur en til 31. marz næsta árs.
    b. Í stað orðanna „skal vera regla“ í síðustu mgr. komi: skal vera meginregla.
14. Við 47. gr. Í stað niðurlags 1. mgr. frá og með orðunum „sé ávaxtað á tryggum stað“ komi: sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, eftir því sem við verður komið.
15. Við 55. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
    Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn og í fyrsta skipti að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum.
16. Við 92. gr. Upphaf h-liðar orðist svo:
    tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, sem hver um sig hefur fengið meirihlutafylgi sýslunefndarmanna, þegar skipa skal o. s. frv.
17. Við 102. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo:
    Hann ávaxtar innstæðufé sýslunnar á öruggan hátt og geymir skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins.

Sþ. 562. Nefndarálit [70. mál]

um till. til þál. um athugun á möguleikum til fiskveiða við vesturströnd Afríku.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna um málið.

Nefndin gat eigi orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Leggja undirritaðir til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Árnason, frsm.
Guðl. Gíslason. Jónas G. Rafnar.

Ed. 563. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frá Karli Kristjánssyni og Birni Jónssyni.

1. Við 11. gr.
    a. Á eftir orðunum „á reikningi hjá honum“ í 3. málsgr. bætist inn í málsgreinina: Þó aðeins af þeirri aukningu, sem er umfram þá upphæð, er svarar til almennra innlánsvaxta af öllu innlánsfénu.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákvæði þessarar greinar taka ekki til innlánsstofnana, sem hafa minna en 10 millj. króna innstæðufé samtals.

2. Við 12. gr. Í stað orðanna „ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi“ komi: í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er samtals nemi.
3. Við 24. gr. Í stað orðanna „þriggja manna bankastjórnar“ komi: tveggja manna bankastjórnar.
4. Við 25. gr. Fyrsta málsgr. greinarinnar orðist svo:
Bankastjórn Seðlabankans er skipuð tveimur bankastjórum, sem ráðherra skipar að fengnum tillögum bankaráðs.

Ed. 564. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Í síðari málsgrein 5. gr. laganna í stað orðanna „minnst 5 milljónir króna á ári“ komi: minnst 6.5 milljónir króna á ári.

2. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Til bygginga íbúðarhúsa á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 40 þúsund krónur á hverju býli. Framlagið greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu er lokið, enda hafi byggingarfulltrúi staðfest með vottorði, að fullnægt hafi verið settum skilyrðum um frágang byggingarinnar.

Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 2.0 milljónir króna árlega, í fyrsta sinn árið 1962.

3. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um ræðir í 38. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt lögum nr. 49 frá 11. júní 1960, greiðir ríkissjóður 6.0 milljónir króna á ári næstu 4 ár frá og með árinu 1962.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því að endurskoðun fór fram á lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum á árinu 1957, hafa miklar verðlagsbreytingar orðið til hækkunar á framkvæmdakostnaði við ræktun og byggingar. Þessar verðlagsbreytingar hafa leitt af sér, að sú fjárhagsaðstoð, sem lögin veita, er, þegar miðað er við kostnað framkvæmdanna, hlutfallslega minni en til var ætlazt, þegar lögin voru sett. Framlögin til ræktunar hefur ekki verið unnt að hækka samhliða þeirri hækkun, sem á ræktunarkostnaðinum varð. Ræktunarkostnaður hefur hækkað frá því 1957 úr 9.200 kr. á ha í 12.776 krónur á ha árið 1960, sem svarar til 38% hækkunar á kostnaðarverði ræktunar og girðinga.

Samkvæmt þeim reglum, sem þá voru settar á grundvelli laganna, var framlag Landnámsins á 10 ha ræktun ákveðið 35 þúsund krónur, greitt þannig, að á fyrstu 5 ha, sem ræktaðir voru, var framlag 5000 krónur á ha, en 2000 krónur á þá 5 ha, er síðar voru ræktaðar. Kostnaðarauki nýbyggjandans á þessa ræktun nemur um 36 þúsund krónum, en framlögin hafa á sama tíma staðið í stað. Ræktun 10 ha túns kostar nú um 123 þúsund krónur, ræktun og girðingar auk framræslukostnaðar.

Við ákvörðun framlaganna eftir lögunum frá 1957 var gengið út frá því, að hin opinbera aðstoð, þ. e. hinn almenni jarðræktarstyrkur samkvæmt jarðræktarlögum og framlag Landnáms ríkisins samanlagt, næmi allt að öllum ræktunarkostnaði á fyrstu 5 ha, sem ræktaðir væru á hverju býli, og allt að helmingi kostnaðar við ræktun næstu 5 ha, en eftir að hvert býli hefði náð 10 ha túnstærð, féllu niður framlagsgreiðslur frá Landnámi ríkisins.

Framlagshækkun sú, sem gert er ráð fyrir í 1. grein frumvarps þess, sem hér er lagt fram, mundi gera það framkvæmanlegt að hækka framlögin nokkuð, en þar sem einnig allur framkvæmdakostnaður við framræslu, ræktun, girðingar og neyzluvatnsveitur í byggðahverfum hefur aukizt tilsvarandi og framkvæmdir einstaklinga, mundi framlagshækkun sú, sem hér er gert ráð fyrir, vart standa undir meiri hækkun en svaraði til 15—20 þúsund krónum á býli einstaklinga, eða að framlagið hækkaði úr 36 þúsund krónum í 50—55 þúsund krónur á býli, miðað við sömu býlatölu og verið hefur á styrkkerfinu á undanförnum árum.

Í annarri grein frumvarpsins er gerð tillaga um tilsvarandi hækkun á framlagi til bygginga íbúðarhúsa á nýbýlum. Framlagið er nú 25 þúsund krónur á íbúðarhús. Frá því að það ákvæði var bundið með lögum, hefur byggingarkostnaður hækkað sem afleiðing tvennra efnahagsráðstafana. Sú hækkun nemur allt að 100 þúsund krónum á hús með 90 m² gólffleti á einni hæð. Með hliðsjón af þessu er lagt til, að framlag þeirra hækki um 15 þúsund krónur á íbúðarhús, og til þess að standa undir þeirri hækkun, hækki framlög á þessum lið til Landnáms ríkisins um 500 þúsund krónur, úr 1.5 milljónum króna í 2 milljónir króna.

Íbúðarhúsabyggingar hafa á undanförnum árum tekið tvö ár, og í byggingu árlega hafa alls verið 110—120 íbúðarhús. Svarar það til, miðað við fulla framlagsgreiðslu, að sú fjárhæð, er greiða þurfi árlega, svari til fullnaðarframlags á 55—60 býli, og heildarframlagið er hér miðað við, að árlega fari fram greiðslur, er svara til fullnaðargreiðslu til 50 íbúðarhúsa.

Ákvæðin í 3. grein frumvarpsins um 1.5 milljón króna hækkun vegna ákvæða 38.—41. greina laganna eru afleiðing þess, að samþykkt voru með lögum nr. 49 frá 11. júní 1960 framlög til þeirra bænda, er komast í erfiðleika vegna íbúðarhúsabygginga á jörðum sínum. Í ljós hefur komið hin síðari ár, að mikil hætta er á, að jarðir, sem búið er að rækta og byggja peningshúsakost á, hafa ekki mannsæmandi íbúðarhús og geta farið í eyði, af því að eigendur ekki treysta sér til uppbyggingar íbúðar. Lán til íbúðarhúsa hafa verið lág í hlutföllum við kostnað og nema nú ekki yfir 25% af kostnaðarverði. Er ljóst, að ekki er á einu eða fáum árum hægt að leggja fram af arði búsins það, sem til vantar til að greiða kostnaðarverðið. Á næstu árum má gera ráð fyrir, eftir framkomnum umsóknum um aðstoð samkvæmt lögunum nr. 49 frá 11. júní 1960, að það verði ekki færri en 40 aðilar árlega, er væru í þeirri aðstöðu að eiga rétt til aðstoðar eftir ákvæðum laganna.

Vænta má, að ræktun á þeim jörðum, er höfðu minni tún en 10 ha, komist það áleiðis, að þeim áfanga yrði að fullu náð eigi síðar en árið 1965, og með tilliti til þess er gengið út frá, að framlagsgreiðslur falli niður frá þeim tíma til jarða með minni tún en 10 ha.

Sþ. 565. Nefndarálit [92. mál]

um till. til þál. um aðstoð við niðurlagningar- og niðursuðuiðnað síldar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Í fjárveitinganefnd hefur ekki orðið samstaða um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hlutinn leggur til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaður minni hluti leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. marz 1961.

Karl Guðjónsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson.

Ingvar Gíslason.

Sþ. 566. Nefndarálit [143. mál]

um till. til þál. um byggingu radíóvita á Sauðanesi við Siglufjörð.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og aflað sér umsagnar vita- og hafnamálastjórnar um það.

Ljóst er af umsögn þeirri, að radíóviti er áformaður á Sauðanesi við Siglufjörð, þótt ýmsar tæknilegar ástæður valdi því, að nú um skeið hefur verið horfið að því ráði að reka til reynslu stefnuradíóvita 2—3 sumarmánuði á Selvíkurnefi við Siglufjörð, en bygging öflugs radíóvita á Sauðanesi verið látin bíða.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðanna „reistur verði öflugur radíóviti“ í tillgr. komi: hraðað verði byggingu radíóvita.

Alþingi, 21. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Karl Guðjónsson, frsm.

Guðl. Gíslason. Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason.

Jónas G. Rafnar. Halldór Ásgrímsson. Jón Árnason.

Sþ. 567. Nefndarálit [147. mál]

um till. til þál. varðandi rafvæðingu Norðausturlands.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið umsögn raforkumálastjóra um hana. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á árinu 1961 gera rækilega athugun á því, á hvern hátt auðið sé að leysa raforkumál Norður-Þingeyinga á viðunandi hátt innan þeirra tímamarka, er 10 ára rafvæðingaráætlunin gerir ráð fyrir.

Alþingi, 21. marz 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Jónas G. Rafnar.	Karl Guðjónsson.	Halldór Ásgrímsson.
Ingvar Gíslason.	Halldór E. Sigurðsson.	Jón Árnason.

Sþ. 568. Nefndarálit [101. mál]

um till til þál. um eflingu iðnrekstrar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana til umsagnar rannsóknaráði ríkisins og Félagi ísl. iðnrekenda, og mæltu báðir þessir aðilar með samþykkt hennar.

Nefndin gat samt ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hlutinn vill vísa henni til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir leggjum til, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir fyrri málslið 1. tölul. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Framangreindar stofnanir hafi um framkvæmd málsins náið samstarf við Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna.

Alþingi, 21. marz 1961.

Halldór Ásgrímsson, frsm.	Halldór E. Sigurðsson.	Ingvar Gíslason.
	Karl Guðjónsson.	

Sþ. 569. Nefndarálit [70. mál]

um till. til þál. um athugun á möguleikum til fiskveiða við vesturströnd Afríku.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Leggur meiri hlutinn til, að hún verði samþykkt óbreytt. Undirritaður minni hl. vill hins vegar gera veigamiklar breytingar á tillögunni.

Eins og tillagan er fram borin, fjallar hún eingöngu um hugsanlegar veiðar við vesturströnd Afríku og tilraunaveiði þar.

Nú er málum svo háttað, að Norðmenn hafa lagt mikinn kostnað í veiðitilraunir á þessum slóðum og sent þangað bæði rannsóknar- og veiðiskip. Árangur af tilraunum þeim hefur næsta lítill orðið. Styrju- og túnfisksveiði hefur nær engin

orðið, en síldar munu þeir lítillega hafa orðið varir. Í heild hafa tilraunir Norðmanna alveg brugðizt vonum og af þeim hlotizt mikið fjárhagstap.

Með þessa reynslu í huga virðist því að svo stöddu engan veginn fýsilegt, að fjármunum þeim, sem íslenzka ríkið hefur lagt í aðstoð eða tilraunir fyrir okkar fiskiflota, verði til þeirra tilrauna varið, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Á hinn bóginn verður ekki annað séð en að á nálægari veiðislóðum bíði fjölmörg verkefni, sem líkleg væru til að skapa stóraukna fiskveiði, ef fjármunir til rannsókna, fiskleitar og aðstoðar við flotann gætu verið rýmri en nú er.

Af þess háttar verkefnum má nefna aukna síldarleit og leiðbeiningar á hafsvæðunum austan Íslands að sumri og hausti og sunnan við landið að vetri og vori.

Þá fer því enn fjarri, að fullkönnuð séu miðin við Grænland og á ýmsum þeim hafsvæðum, sem íslenzki flotinn hefur lítillega reynt veiðar á hin síðustu ár.

Með tilliti til alls þessa er hér lagt til, að á tillögunni verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka fiskleitar-, fiskirannsókna- og aðstoðarstarfsemi við íslenzka fiskiflotann heima fyrir og á fjarlægum miðum og verði sú þjónusta framkvæmd í nánu samráði við fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um aukna fiskleitar-, fiskirannsókna- og aðstoðarstarfsemi við íslenzka fiskiflotann.

Alþingi, 21. marz 1961.

Karl Guðjónsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson.

Ingvar Gíslason.

Sþ. 570. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um rannsókn virkjunarskilyrða í Fjarðará.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn raforkumálastjóra.

Nefndin telur eðlilegast að taka til heildarathugunar, hversu rafvæðingu Austurlands verði hagað á heppilegastan hátt, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara heildarathugun á því, hvernig raforkuþörf Austurlands verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt. Verði m. a. tekin til athugunar tenging orkusvæða Austurlands og Norðurlands, virkjun Lagarfoss og virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Till. til þál. um raforkumál Austurlands.

Alþingi, 21. marz 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Árnason.

Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson. Guðl. Gíslason.

Ingvar Gíslason. Jónas G. Rafnar. Karl Guðjónsson.

Sþ. 571. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um fjáröflun til byggingarsjóða.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, en eigi orðið sammála um afgreiðslu hennar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð á árinu 1960 hefur að tilhlutan ríkisstjórnarinnar verið aflað meira fjár til útlána úr veðdeild Landsbankans og byggingarsjóði Búnaðarbankans en nokkru sinni áður hefur verið lánað úr sjóðum þessum á einu ári, þar sem ríkisstjórnin vinnur nú að öflun fjár fyrir sjóði þessa til útlána á yfirstandandi ári og þar sem auk þess tillagan felur ekki í sér ábendingu um nein ný úrræði til fjáröflunar, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. marz 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Árnason.
Guðl. Gíslason. Jónas G. Rafnar.

Nd. 572. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og er sammála um að mæla með samþykkt þess, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Nefndin leggur til, að á frv. verði gerðar svofelldar

BREYTINGAR:

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Úr jarðhitasjóði má verja fé til rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum, jarðeðlisfræðilegum og öðrum vísindalegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna við vinnslu jarðhita o. fl.
2. Við 3. gr. Í stað „Ríkisstjórnin“ í 1. mgr. komi: Ríkið.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Jafnan skal leita umsagnar raforkuráðs um allar greiðslur úr sjóðnum og framkvæmdir, er sjóðnum er ætlað að veita fé til.

Alþingi, 21. marz 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.
Skúli Guðmundsson. Davíð Ólafsson.

Nd. 573. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 7. apríl 1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur eigi orðið sammála um frumvarp þetta. Tveir nefndarmanna leggja til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, einn nefndarmanna (RH) var fjarverandi, en undirritaðir leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. marz 1961.

Geir Gunnarsson, frsm. Helgi Bergs.

Nd. 574. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta var fram borið skömmu eftir að samningum lauk um sjómannakjörin. Í þeim samningum var það ein af kröfum sjómanna, að þeim yrðu tryggðar 200 þús. kr. örorku- og dánarbætur umfram slysatryggingu almannatrygginganna. Var til þess vitnað, að áður hefðu yfirmenn á farskipum og togurum fengið samninga um slíka aukatryggingu.

Ekki náðist samkomulag um það í landssamningunum að samningsbinda slíka tryggingu. En samninganefndir beggja aðila — sjómannasamtakanna innan A. S. Í. og Landssambands íslenzkra útvegsmanna — undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu, sem efnislega var á þá leið, að með tilliti til þeirra mikilvægu starfa, sem sjómannastéttin inni af höndum, og þeirrar áhættu, er störfum hennar er samfara, sé full ástæða til að endurskoða gildandi lagaákvæði um örorku- og dánarbætur sjómanna, og heiti báðir aðilar að vinna að breyttri löggjöf, er viðurkenni sérstöðu sjómanna að þessu leyti.

Til efnda á þessu loforði er frumvarp þetta flutt.

Nú gerðist það, skömmu eftir að landssamningum sjómanna lauk, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna samdi um það við yfirmenn á fiskiflotanum, að þeir skyldu fá slíka aukatryggingu, sem hér um ræðir og sjómönnum hafði verið synjað um. Enn gerðist það skömmu síðar, að nokkur þeirra sjómannafélaga, sem felldu landssamningana og héldu verkfalli áfram, fengu samninga um margnefnda aukatryggingu. Þannig njóta yfirmenn fiskiflotans og nokkrir sjómannanna nú 200 þús. kr. aukatryggingar, en aðrir ekki. Slíkt misrétti er óþolandi, og er beinasta leiðin til að ráða bót á því sú, sem felst í þessu frumvarpi, að lögfesta, að sérhver skipverji, sem lögskráður eða ráðinn er á íslenzkt skip, sé sérstaklega tryggður gegn öllum slysum, hvort sem þau verði um borð í skipi eða í landi, fyrir 200 þús. kr., miðað við banaslys eða fulla örorku.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, leggur til, að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en við undirritaðir, sem minni hlutann skipum, leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt, áður en þessu þingi lýkur.

Alþingi, 21. marz 1961.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Jón Skaftason.

Sþ. 575. Nefndarálit [101. mál]

um till. til þál. um eflingu iðnrekstrar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Atvinnumálanefnd ríkisins hefur haft þau atriði m. a. til athugunar, sem tillagan fjallar um. Efni tillögunnar mun einnig að verulegu leyti koma til úrlausnar í sambandi við þá framkvæmdaáætlun, sem ríkisstjórnin hefur nú í undirbúningi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 21. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.
Jón Árnason. Guðl. Gíslason.

Nd. 576. Lög [41. mál]

um Listasafn Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 464.

Sþ. 577. Nefndarálit [160. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir vegna læknaskorts.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum. Var till. send til umsagnar til landlæknis, læknadeildar Háskóla Íslands og til Læknafélags Íslands. Hafa allir þessir aðilar sent nefndinni umsagnir um málið og mæla eindregið með því, að tillagan verði samþykkt. Benda þeir á ýmsar leiðir, sem til úrbóta mættu verða, og þykir því rétt að birta hér með umsagnir þeirra allra sem fylgiskjöl.

Nefndin er sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað síðari málsliðar í tillögugreininni komi:

Í því sambandi sé athugað, hvort tiltækilegt sé eða líklegt til árangurs:

1. að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslæknis;
2. að greiða staðaruppbót á laun í fámennum héruðum;
3. að hraða byggingu eða endurnýjun læknisbústaða;
4. að hið opinbera eigi nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða í fámennum héruðum;
5. að breyta skipun læknishéraða.

Alþingi, 21. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form. Gísli Jónsson, frsm. Jón Pálmason, fundaskr.
Jón Kjartansson. Hannibal Valdimarsson. Gísli Guðmundsson.
Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

LANDLÆKNIR

Um skort héraðslækna og héraðslæknaskipan.

Frá því um síðustu aldamót (1899), eftir að héraðslæknisembættum í landinu var fjölgað upp í 42, hefur alltaf öðru hverju veitzt örðugt að hafa öll héruðin skipuð læknum, og hafa stöku héruð verið læknislaus árum saman. Sennilega hefur ástandið þó aldrei verið jafnískyggilegt og nú, og sé ég engar líkur til, að úr því rætist, nema gerðar séu ráðstafanir til þess, að héruðin verði útgengilegri, og er ég þó ekki bjartsýnn á árangurinn. Enginn umsækjandi hefur nú fengizt um 10 læknishéruð, og er 6 þeirra gegnt af nágrannahéraðslæknum, en 4 af læknum eða læknakandidötum til bráðabirgða. Ekki stafar þetta af því, að skortur sé á læknismenntuðum mönnum í landinu. Um síðustu áramót voru 43 fullgildir læknar við framhaldsnám eða bráðabirgðastörf, langflestir erlendis, og 70 læknakandídatar, einnig flestir erlendis eða í þann veginn að fara utan að loknu kandídatsnámi.

Hér á eftir verður reynt að gera nokkra grein fyrir orsökum þessarar uggvænlegu þróunar og að því búnu bent á helztu hugsanlegar leiðir til úrbóta.

Því þarf ekki að lýsa, hve mjög jafnvægi í byggð landsins hefur raskazt á undanförnum áratugum. Þó að landsbúum hafi fjölgað jafnt og þétt, eða um 2% á ári síðan 1940, hefur heildarmannfjöldi í sveitum nálega staðið í stað, en kaupstaðir tekið við aukningunni að langmestu leyti og þorp að litlu leyti. Í mörgum byggðarlögum hefur fólki fækkað, byggð hefur lagzt í auðn eða liggur við auðn. Læknar munu sízt una öðrum betur á strjálbýlum eða afskekktum stöðum, og hygg ég, að þetta sé meginorsök læknafæðarinnar úti á landsbyggðinni og jafnframt það, sem örðugast verður að hafa nokkur áhrif á. En auk þess kemur hér fleira til, sem leggst á sömu sveif. Árið 1930 voru 48 læknishéruð í landinu, og var íbúafjöldi í aðeins 7 þeirra innan við 800 manns. Nú eru læknishéruð 57 og íbúafjöldi 16 þeirra innan við 800 manns, en það eru eftirtalin héruð:

1.	Flateyjarhérað	139	íbúar
2.	Djúpavíkurhérað	299	—
3.	Reykhólahérað	392	—
4.	Suðureyrarhérað	426	—
5.	Raufarhafnarhérað	459	—
6.	Bakkagerðishérað	522	— (Hjaltastaðahreppur meðtalinn).
7.	Bíldudalshérað	557	—
8.	Grenivíkurhérað	619	—
9.	Súðavíkurhérað	638	—
10.	Flateyrarhérað	688	—
11.	Þingeyrarhérað	688	—
12.	Höfðahérað	693	—
13.	Kirkjubæjarhérað	704	—
14.	Vopnafjarðarhérað	728	—
15.	Kópaskershérað	741	—
16.	Egilsstaðahérað eystra ..	784	—

Hér hefur gerzt tvennt. Annars vegar hefur orðið fólksfækkun í héruðum vegna brottflutnings. Hins vegar hefur Alþingi fjölgað læknishéruðum, ekki þó fyrst og fremst á þeim stöðum, þar sem mannfjöldi hefur aukizt, heldur aðallega með því að búta sundur tiltölulega fámenn héruð, þar sem vegalengdir voru miklar eða samgöngur erfiðar af öðrum ástæðum. Þetta er að vísu vorkunn, enda hafa kröfur um læknisþjónustu farið mjög vaxandi, og hafa sjúkratryggingar og stórstígar framfarir í læknisfræði átt sinn þátt í því. En stórbættar samgöngur með nýtízku farartækjum hefðu þó mátt vega hér upp á móti, og fremur hefði það virzt rökrétt afleiðing af tilfærslu fólksins í landinu, að héruðum hefði verið steypt saman, þar

sem fækkun hefur orðið mest, enda veit ég engin dæmi um jafnfámenn læknishéruð í öðrum löndum. Það er að minnsta kosti staðreynd, að læknar eru mjög tregir til að setjast að í héruðum með innan við 800 íbúa, og á það alveg sérstaklega við um afskekkt héruð. Sú stefna að skipta strjálbyggðum læknishéruðum í því skyni að auðvelda fólkinu aðgang að læknisþjónustu virðist mér því hafa haft öfug áhrif við það, sem til var ætlazt. Hún hefur gert þessi héruð óútgengileg, og í stað þess að þurfa ef til vill að sækja lækni um langan veg, horfir fólkið fram á að þurfa að vera læknislaust.

Í fámennustu héruðunum er hvort tveggja, að tekjur eru tiltölulega litlar og læknarnir hafa tímum saman lítið sem ekkert að gera við læknisverk, en við það sætta hinir langmenntuðu, ungu læknar sig ekki, enda heldur læknir ekki við kunnáttu sinni, nema hann sé í fullu starfi. Aukatekjur í þessum héruðum eru yfirleitt rýrar og óvissar, og embættislaun eru læknum greidd eftir VI. flokki launalaga. Þó að þeir sitji síður en svo við lakari kost en aðrir launamenn í landinu, eru heildartekjur þeirra samt ekki sambærilegar við það, sem starfandi læknar í kaupstöðum bera úr býtum, eða við það, sem gerist í hinum stærri héruðum, og jafnar mismunur á launaflokkum þennan mun aðeins að óverulegu leyti.

Ein ástæða til þess, hve ófúsir ungir læknar eru að setjast að utan kaupstaða, er uppeldi þeirra á námsárum. Læknisuppeldi sitt hljóta þeir á fullkomnasta sjúkrahúsi landsins, eins og alls staðar tíðkast, og í náminu er megináherzla lögð á klínísk læknisstörf. Þeir venjast á að hafa á milli handa hin margvíslegustu rannsóknar- og lækningatæki, að beita tækni, sem sífellt verður flóknari og fullkomnari, og að vinna hópstarf með sérfræðingum af ýmsu tagi. Þó að öðrum þáttum læknisfræði séu að sönnu gerð nokkur skil í náminu, eru læknastúdentar framar öllu aldir upp til að verða sjúkrahúslæknar, og því veigra þeir sér við að setjast að við læknisstörf, þar sem þeir verða að vinna einir án aðgangs að sjúkrahúsi og með tvær hendur tómar, borið saman við það, sem þeir hafa vanizt. Til þessa má vafalaust meðal annars rekja, að nær allir ungir læknar virðast nú hyggja á framhaldsnám með það í huga að fá annaðhvort síðar stöðu við sjúkrahús eða geta að minnsta kosti starfað í nánum tengslum við þau. Við þetta bætist, að íslenzkir læknar hafa undanfarið átt og eiga enn greiðan aðgang að framhaldsnámi erlendis, einkum í Svíþjóð, þar sem þeir geta í senn unnið fyrir miklu kaupi og aflað sér sérfræðilegra réttinda, og ekki bætir úr skák, að kröfur um sérnám munu nú orðnar vægari hér á landi en í nokkru grannlanda okkar.

Enn má benda á, að miklar kröfur eru nú gerðar til húsakynna. Þó að ötullega hafi verið unnið að því undanfarið að koma upp góðum læknisbústöðum úti um landið, eru 7 bústaðir í áðurgreindum 16 læknishéruðum gömul hús og úr sér gengin.

Að lokum skal þess getið, að víða erlendis er enn skortur á læknum, svo sem t. d. í Svíþjóð, en þar dveljast nú flestir þeir íslenzkir læknar, sem erlendis eru. Ef í framkvæmd skyldi komast hugmynd Norðurlandaráðs um samnorræn réttindi til handa læknum, óttast ég mjög samkeppni við þessi frændríki okkar, eins og háttað er störfum og kjörum embættislækna hér á landi.

Aðaltillögur.

Breytt læknaskipun. Til þess eru engar líkur, og verður að horfast í augu við þá staðreynd, að hinir langmenntuðu og vel þjálfuðu ungu læknar fáist til að sitja hálfaðgerðarlausir yfir nokkur hundruð manns, allra sízt á afskekktum eða strjálbýlum stöðum. Gæti ekkert breytt þessu annað en það, að íslenzkum læknum lokuðust leiðir til atvinnu erlendis, en á því eru engar horfur. Sú lausn á læknaskorti landsbyggðarinnar, sem líklegust væri til að bera árangur, er að stækka læknishéruðin, eftir því sem við verður komið, steypa saman fámennum héruðum og gera á þann hátt eitt lífvænlegt héraðslæknisembætti úr tveimur, sem reynslan

hefur annaðhvort þegar sýnt, að enginn vill setjast í, eða nokkurn veginn er víst um, að enginn muni fást í, þegar héraðslæknar af hinni eldri kynslóð láta af störfum. Samtímis mætti gera ráðstafanir, sem í senn mundu bæta læknisþjónustuna og auka á líkur til, að læknar fengjust í héruðin, svo sem að heimila eftir nánari reglum ráðningu ríkislaunaðra aðstoðarlækna hluta úr ári eða allt árið eftir staðháttum og mannfjölda og að sjá fyrir öruggum farartækjum í ófærð (snjóbifreiðum), er í sumum tilfellum að minnsta kosti gætu verið eign héraðanna. Það er tvímælalaust mjög ákjósanlegt, að tveir læknar vinni saman, þar sem því verður við komið. Auk þess að veita hvor öðrum fulltingi, þegar vanda ber að höndum, gætu þeir skipzt á vöktum og jafnvel haldið uppi reglulegum viðtalstímum á stöðum fjarri læknissetri. En slík ráðstöfun ætti einnig að geta stuðlað að því, að læknarnir yndu sér betur, og væri það ekki lítils vert. Hins vegar virðist mér óráðlegt, að tveir héraðslæknar sitji samtýnis, því að ekki mundi það öfundlaust, ef annar nyti meiri hylli. Á hverjum slíkum stað ætti því að vera aðeins einn húsbóndi og aðstoðarlæknir hans.

En það eru ekki aðeins fámenn læknishéruð, sem steypa mætti saman. Ástæðulaust er, að hvert læknishéraðið sé ofan í öðru á þéttbýlustu svæðum landsins. Þar tel ég eðlilegt, að héruðum verði fækkað á næstunni, en sjúkrasamlög ráði í þess stað starfandi lækna þangað, sem þeirra er þörf.

Læknishérað tel ég ekki viðunanlega fjölmennt, nema íbúar þess séu í fæsta lagi 1000, enda ætti þá að fara saman, að einn læknir hefði góðar tekjur og hæfilegt starf. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, hve mjög er bruðlað með héraðslækna hér á landi. Í Noregi, sem vel má bera saman við Ísland, einkum norðurhluta landsins, koma um 8200 manns á hvern héraðslækni, en á Íslandi um 3000. Utan Óslóborgar og Reykjavíkur eru tilsvarandi tölur um 7500 og 1900. Í Svíþjóð koma hartnær 10000 manns á hvern héraðslækni.

Með því að bera fram framanskráðar tillögur hef ég ekki það eitt í huga, að læknishéruð verði útgengilegri en verið hefur, heldur jafnframt hitt, að læknisþjónusta verði ekki óhóflega dýr ríkissjóði, en það sjónarmið virðist nokkuð hafa verið sniðgengið á undanförnum árum. Ég tel nú tímabært, að fram fari gagngerð endurskoðun á síðustu læknaskipunarlögum, en legg til í bráð, að nú þegar verði lögð niður 4 læknishéruð: Flateyjarhérað, Súðavíkurhérað, Djúpavíkurhérað og Bakkagerðishérað. Skal gerð nánari grein fyrir þessu.

Í Flateyjarhéraði eru nú tæplega 140 manns, og þarf ekki að láta sér til hugar koma, að þangað fáist læknir framar, og auk þess verður ekki gengið fram hjá kostnaðinum við að halda uppi sérstöku læknishéraði með svo sárafáum íbúum, en héraðslæknislaunin ein nema nú um 560 krónum á hvern héraðsbúa á ári. Um Súðavíkurhérað hefur nú enginn læknir sótt og enginn, sem leitað hefur verið til, léð máls á að setjast þar að. Hefur löngum gengið erfiðlega að halda þar lækni, læknaskipti verið tíð og héraðslæknir á Ísafirði þjónað þar tímum saman. Síðan 1944 hafa setið þar 11 læknar eða læknakandídatar, 2 læknastúdentar, og 5 sinnum hefur héraðið verið falið Ísafjarðarlækni, þar af í eitt skipti nær 4 ár í senn. Djúpavíkurhérað hefur verið læknislaust tímum saman, enda fer saman, að héraðið er mjög fámennt og afskekkt. Síðan 1944 hafa setið þar 9 læknar eða læknakandídatar og 10 læknastúdentar, en 15 sinnum hefur héraðið verið falið Hólmavíkurlækni, mislengi í einu. Bakkagerðishérað er einnig bæði fámennt og afskekkt og hlýtur þó að verða enn fámennara, því að varla verður lengi daufheyrzt við eindregnum og endurteknum óskum íbúa Hjaltastaðahrepps um að sameinast aftur Egilsstaðahéraði (norður). Til þess eru því engar líkur, að þangað fáist læknir nema stuttan tíma í senn, og hefur ekki verið völ á neinum bráðabirgðalækni nú um það bil eitt ár. Við slíka hlaupaþjónustu læknastúdenta eða nýbakaðra læknakandídata, sem augljóslega yrði að sæta í framangreindum þremur héruðum, fer margt í handaskolum, einkum það, sem lýtur að skýrslugerð, heilbrigðiseftirliti og heilsuvernd, svo sem ónæmisaðgerðir, skólaeftirlit o. fl. Á það má og benda, að

yfirleitt eru nú möguleikar á að flytja burtu hættulega veika sjúklinga, og hefur það verið gert í vaxandi mæli úti á landsbyggðinni, jafnt þótt læknir hafi setið á staðnum. Ég teldi því að ýmsu leyti betur séð fyrir læknisþjónustu, ef þessi héruð yrðu sameinuð nágrannahéruðum og væru þannig á ábyrgð eins og sama læknis um lengri tíma. Geri ég um þetta eftirfarandi tillögur: Súðavíkurhérað verði sameinað Ísafjarðarhéraði, enda hentar héraðsbúum, að undanteknum íbúum Súðavíkur sjálfrar, fullt svo vel að vitja læknis til Ísafjarðar. Í Ísafjarðarhéraði yrðu þá um 3700 manns, og ef sá mannfjöldi þætti ofviða þremur læknum, sem nú sitja á Ísafirði, eru meiri líkur til, að fá mætti starfandi lækni til að setjast að á Ísafirði, en að fá lækni til Súðavíkur, en vel gæti líka komið til mála, að héraðslæknir á Ísafirði fengi heimild til að ráða sér ríkislaunaðan aðstoðarlækni nokkra mánuði á ári, eftir því sem hann teldi sér henta. Djúpavíkurhérað verði sameinað Hólmavíkurhéraði og Bakkagerðishérað Norður-Egilsstaðahéraði, en heimilt væri eftir sem áður að ráða í þessi héruð lækna eða læknakandídata, hvenær sem þeirra væri kostur, og yrðu þeir þá aðstoðarlæknar hlutaðeigandi héraðslækna.

Breytingar á launakjörum. Tekjur héraðslækna eru aðallega fengnar annars vegar með föstum embættislaunum og hins vegar með greiðslum frá sjúkrasamlögum og einstaklingum fyrir læknishjálp og lyf, þar sem sérstakar lyfjabúðir eru ekki. Skulu þessi tvö greiðslukerfi rakin nokkru nánara.

Föst laun eru greidd eftir þremur launaflokkum (sjá reglugerð nr. 47 14. maí 1958), er svara til X., VII. og VI. flokks launalaga. Í 5 læknishéruðum fer greiðslan eftir X. flokki launalaga. Ársbyrjunarlaun eru þar (sjá lög nr. 1 1951) kr. 46207.00 í byrjun, en hækka á 5 árum í kr. 60186.00. Aukatekjur eru allmiklar í þessum héruðum, enda hefur ekki fram til þessa reynzt örðugt að fá þangað lækna. Í 12 læknishéruðum fer launagreiðsla eftir VII. flokki launalaga. Þar eru byrjunarársgrunnlaun kr. 55511.75, en eftir 5 ár kr. 73624.25. Enginn umsækjandi hefur um nokkurt skeið fengizt um eitt þessara héraða (Hólmavík), en hin eru skipuð. Í 38 læknishéruðum fer launagreiðsla eftir VI. flokki launalaga. Þar eru ársgrunnlaun ein og hin sömu, kr. 78300.25. Nú eru 9 þessara héraða óskipuð. Í þessum launaflokki eru öll áðurnefnd 16 héruð með innan við 800 íbúa.

Greiðslur frá sjúkrasamlögum eru að langmestu leyti inntar af hendi fyrir unnin verk, en ekki eftir umsömdu númeragjaldi, og fara þær eftir gjaldskrá héraðslækna frá 1932 með breytingum síðast frá 1956, en þá var upphaflega gjaldskráin sexfölduð. Samkvæmt því er nú greiðsla fyrir sjúkraviðtal með rannsókn kr. 12.00, en fyrir sjúkravitjun kr. 18.00. Hefur hin hægfara og hlutfallslega litla hækkun gjaldskrárinnar fram til þessa verið skýrð með hækkun þeirri, er gerð var á launum héraðslækna með launalögum 1945. Ýmis ákvæði þessarar gjaldskrár, svo sem gjald til læknis fyrir hverja klukkustund á ferðalagi, eru löngu úrelt og þarfnast skjótrar endurskoðunar.

Með núverandi greiðslufyrirkomulagi eru tekjur lækna í fólksfæstu héruðunum vafalaust fyrir neðan það, sem kandídötum er greitt fyrir skylduþjónustu á sjúkrahúsum, og er hér komið upp ósamræmi, sem ekki er stætt á.

Ég tel nauðsynlegar eftirfarandi breytingar á launakjörum héraðslækna, hvort sem fallizt yrði á að fækka læknishéruðum eða ekki:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf eingöngu, en til slíkra starfa telst einkum: samfelld seta læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisaðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna (sjá auglýsingu nr. 84 1934).
2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir samningum, er stéttarfélög lækna gera fyrir þeirra hönd við þessa aðila eða Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd þessara aðila.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinir almannatrygginga eiga í hlut.
4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélög lækna setja og birta almenningi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.
5. Ef samkomulag næðist ekki um greiðslur samkvæmt liðum 2—4, yrði að vera heimilt að setja læknum gjaldskrá fyrir læknisverk, og tel ég þá eðlilegra, með tilliti til núverandi skipunar tryggingarmálanna, að félagsmálaráðuneytið setti hana.

Um framangreindar tillögur um breytingar á launagreiðslum embættislækna yrði að sjálfsögðu að hafa náið samráð við Tryggingastofnun ríkisins. Enn fremur tel ég rétt, að ákveðið yrði samtímis um laun fyrir embættisstörf lækna og greiðslur samkvæmt liðum 2—4. Þó að greiðslur samkvæmt þessum liðum ættu að vísu fyrir sér að breytast, væri þá eigi að síður í upphafi fundinn grundvöllur, sem hafa mætti til hliðsjónar við síðari samninga.

Sérfræðinám. Ég tel mikla nauðsyn á, að sett verði hið fyrsta strangari skilyrði en hingað til hafa gilt fyrir sérfræðiviðurkenningu í læknisfræði, og þyrfti því að hraða afgreiðslu reglugerðar þeirrar, sem nú liggur í aðalatriðum fyrir.

Læknisbústaðir. Halda þarf áfram og herða á byggingu læknisbústaða, þar sem þessir bústaðir eru gamlir og úr sér gengnir, en fjöldi þeirra og staðsetning fer vitanlega eftir því, hvort fallizt verður á að fækka læknishéruðum eða ekki.

Varatillögur.

Ef ekki verður fallizt á tillöguna um að steypa saman læknishéruðum og gera embættin á þann hátt lífvænleg, eða meðan það er ekki gert, mun óhjákvæmilegt að auka til muna útgjöld ríkis (og sveitarfélaga) vegna héraðslæknaþjónustunnar í landinu, og verður hér á eftir bent á helztu ráðstafanir, sem mér virðast tiltækilegar.

Staðaruppbót. Í mannfæstu héruðunum legg ég til, að greitt verði álag á föst laun, er nefna má staðaruppbót:

a. Héraðslæknar í héruðum með færri en 450 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 50% fastra launa (Djúpavíkur, Reykhóla, Suðureyrar: Kostnaður á ári um kr. 117450.00).
b. Héraðslæknar í héruðum með 450—600 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 33⅓% fastra launa (Raufarhafnar, Bakkagerðis, Bíldudals: Kostnaður á ári um kr. 78300.00).
c. Héraðslæknar í héruðum með 600—800 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 25% fastra launa (Grenivíkur, Súðavíkur, Flateyrar, Þingeyrar, Höfða, Kirkjubæjar, Vopnafjarðar, Kópaskers, Austur-Egilsstaða: Kostnaður um kr. 176175.00).

Heildarkostnaður vegna þessarar breytingar mundi þá nema, miðað við manntal 1. desember 1959, um kr. 371925.00. Ef sparnaður við að leggja niður Flateyjarhérað er dreginn frá, verður kostnaðurinn kr. 293625.00.

Lyf, lækningatæki o. fl. í eigu læknishéraðs. Að óbreyttri héraðaskipan er augljóst, að læknar fást ekki til að setjast að í fámennustu héruðunum. Hljóta þau því að verða að sæta þeirri læknisþjónustu, sem læknakandídötum ber að inna af hendi um sex mánaða skeið til þess að hljóta lækningaleyfi. Hins vegar vex kandídötum eðlilega í augum að fara í hérað til svo stuttrar dvalar og verða að hafa með sér öll nauðsynleg lyf og lækningatæki og auk þess húsgögn í læknisbústað. Veldur þetta því, að kandídatar sniðganga þessi auðu héruð eftir megni, en reyna í þess stað að koma sér að sem aðstoðarlæknar héraðslækna, ef ekki er völ sæmilegra héraða, og tekst það oft, eins og reynsla er fengin fyrir. Þessi nauð-

stöddu héruð fara því jafnvel oft á mis við þá bráðabirgðaþjónustu, sem ætlazt er til, að þau eigi að geta notið. Úr þessu verður ekki bætt, nema læknishéruðin eigi sjálf nauðsynleg lyf og lækningatæki og helztu húsgögn í læknisbústað. Yrði þá vitanlega að búa þannig um, að ekkert færi í súginn við læknaskipti, þ. e. að tæki og lyf yrðu talin og verðlögð við hver skipti. Þótt héruðum yrði steypt saman, þyrfti eigi að síður að sjá fyrir lækningatækjum og húsgögnum á stöðum, þar sem aðstoðarlæknum væri ætlað að sitja um stundarsakir, en hlutaðeigandi héraðslæknir mundi sjá fyrir lyfjum.

Þjónusta læknastúdenta eða erlendra lækna í héruðum. Sumir virðast ætla, að fá megi læknastúdenta til að þjóna tíma og tíma í auðum læknishéruðum. Til skamms tíma hefur þetta verið svo, en eftir síðustu breytingu háskólareglugerðarinnar (sjá auglýsingu nr. 76 1958) hefur læknanámið verið þyngt svo mjög, námstími á sjúkrahúsum aukinn og námstíminn í heild takmarkaður, að ekki verður lengur gert ráð fyrir neinni slíkri þjónustu af hálfu læknastúdenta. Þá hefur þeirri hugmynd skotið upp, að fá megi erlenda lækna til að gerast héraðslæknar hér á landi. Til þessa eru alls engar líkur eins og öllum mun ljóst, sem kunnugir eru þessum málum meðal annarra þjóða, og tel ég þess vegna óþarft að ræða þetta atriði nánar.

Ritað í marz 1961.

Fylgiskjal II.

LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 13. marz 1961.

Varðandi bréf allsherjarnefndar, dags. 23. febrúar 1961, um „Tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir vegna læknaskorts", 160. þingmál 1960—1961, vill Læknafélag Íslands taka fram eftirfarandi atriði:

1. Læknafjöldi á Íslandi má teljast nægilegur, þar sem 1 læknir er fyrir hverja 760 íbúa, og auk þess eru um 75 læknar og kandídatar við nám eða bráðabirgðastörf erlendis.
2. Skortur á læknum í héruðum stafar af tregðu ungra lækna til þess að taka að sér störf á þessum stöðum. Auk þeirra 6 héraða, sem voru læknislaus um áramót, mun 8 héruðum þjónað af ungum læknum (kandídötum) til fullnægingar fyrirmæla um 6 mánaða vinnuskyldu í héruðum.
3. Orsakir þess, að læknar vilja ekki vera í þessum afskekktu héruðum, eru:
   a. Almennur fólksstraumur frá þeim stöðum, þar sem menn fara margs konar félagslegra og annarra þæginda á mis, hafa t. d. minni möguleika á að koma börnum sínum til mennta o. s. frv.
   b. Fólksfæð og þess vegna of lítið að starfa sem læknir. Íbúatala í læknislausu héruðunum, sem um getur í greinargerð þáltill., er samkv. nýjustu heilbrigðisskýrslum (fyrir árið 1957):

Árneslæknishérað (Djúpavíkurlæknishérað) ..	324	íbúar
Flateyjarlæknishérað	182	—
Reykhólalæknishérað	416	—
Súðavíkurlæknishérað	649	—
Kópaskerslæknishérað	1210	—
Bakkagerðislæknishérað	527	—

   Sennilegt er, að síðan hafi enn fækkað í sumum þessara héraða, en því mannflesta, Kópaskershéraði, hefur verið skipt í tvö héruð, Kópaskershérað og Raufarhafnarhérað.
   c. Ófullnægjandi starfsskilyrði, svo sem skortur á verkfærum og aðstoð (hjúkrunarkvenna og annarra) og erfiðleikar á að fá aðstoð annarra lækna, þegar nauðsyn krefur.

d. Léleg launakjör. Í læknislausu héruðunum, sem að ofan getur, voru samkv. athugun, sem Læknafélag Íslands lét gera fyrir árið 1957 (yngri skýrslur ekki tiltækar), árstekjur fyrir læknisverk greidd af sjúkrasamlögum á þessum stöðum frá kr. 8200 upp í kr. 61000, en að meðaltali kr. 31000.

Héraðslæknar starfa samkvæmt gjaldskrá frá 1933 og mega 6-falda hana. Almenn rannsókn á sjúklingi er þar verðlögð á kr. 2.00 (nú 2 kr. × 6 = 12 kr.). Fyrir ferðalög greiðist 2 kr. á klst. fyrstu 5 klst. ferðarinnar, næstu 6 klst. 1 kr., en eftir það 0.50 kr. á klst. Nú má 6-falda þetta allt, og rétt er að geta þess, að frá kl. 23 til kl. 7 má leggja á þessar upphæðir 50%. Fyrir sólarhrings ferðalag, sem hefst kl. 7 að morgni, má héraðslæknir því reikna sér 26 kr. × 6 = 156 kr. Svo bætist væntanlega við rannsókn á sjúklingi, 12 kr., eða alls 168 kr. fyrir sólarhrings starf. Ef ókunnugum héraðslækni væri fenginn fylgdarmaður (svo sem vera bæri, a. m. k. í vetrarferðum, vegna sameiginlegs öryggis læknis og héraðsbúa) og fengi fylgdarmaðurinn Dagsbrúnarkaup, yrði það kr. 835.90 á sólarhring.

e. Takmarkaðir möguleikar á að flytjast úr afskekktum fámennishéruðum, þar sem nærri mun láta, að íbúatalan í 25 héruðum sé innan við 1000 og af þeim séu í 15 héruðum færri en 800 íbúar. Óttinn við að festast og „forpokast" í lélegum héruðum er eitt af mörgu, sem fælir unga menn frá að sækja um þau. Þá þekkjast því miður nokkur dæmi þess, að embætti héraðslækna hafi ekki verið veitt eftir þeim reglum, sem héraðslæknar og landlæknir hafa talið réttmætar. Jafnvel margra ára réttlátar embættaveitingar eyða seint þeirri tortryggni og gremju, sem slíkt veldur.

Til þess að læknisþjónusta geti talizt „sæmileg", verður að gera vissar lágmarkskröfur varðandi þekkingu og starfsskilyrði:

1. Fullmenntaðir læknar. Þjónusta læknastúdenta kemur lítt til greina vegna núverandi námstilhögunar við læknadeild háskólans. Hjúkrunarmenn geta einir sér ekki leyst af hendi „sæmilega" læknisþjónustu.
2. Nauðsynlegustu tæki til rannsókna og lækninga, sem eru skilyrði fyrir því, að fullmenntaðir læknar geti neytt þekkingar sinnar. Samkvæmt greinargerð í merku læknariti (Medical Clinics of North America, nóv. 1960) munu slík tæki ásamt litlum röntgentækjum nú kosta um 200 þús. kr., og er þó gert ráð fyrir, að læknirinn eigi auk þess sjálfur öll algeng minni háttar tæki, sem til skamms tíma voru talin fullnægjandi.
3. Vel búnir læknabústaðir bæði sem íbúðir og vinnustaðir. Búnaði og viðhaldi læknabústaða er víða ábótavant, en annars staðar eru engir til. Hér er því þörf mikilla umbóta, og verður sérstaklega að gæta þess, að húsrými fáist fyrir þau tæki, sem getið var um hér að ofan, og önnur aðstaða til þess að vinna með þeim.
4. Hentug farartæki fyrir héraðslækna, sem þeir gætu aflað sér á viðráðanlegu verði. Eins og nú standa sakir, eru kaup og rekstur bifreiða héraðslækna þyngri fjárhagslegur baggi en þeir fá með góðu móti risið undir. En varðandi sjúkraflutninga virðist nauðsynlegt, að fram fari athugun á, hvernig bezt verði ráðið fram úr þeim málum, t. d. með heildarskipulagningu þeirra um land allt.

Laun héraðslækna. Á aðalfundi Læknafélags Íslands 1959 var samþykkt svo hljóðandi ályktun 5 manna nefndar, sem skipuð var héraðslæknum eingöngu, um föst laun héraðslækna:

„Læknafélag Íslands lítur svo á, að embættislaun beri ekki að skoða sem greiðslu fyrir almennar lækningar, heldur fyrir eftirfarandi m. a.:

1. Búsetu í viðkomandi héraði, ásamt gegningarskyldu jafnt á nótt sem degi.
2. Almennt heilbrigðiseftirlit og umsjón með heilbrigðisframkvæmdum héraðsins, svo sem:
   a. Sóttvarnir.
   b. Eftirlit með berklum, kynsjúkdómum og sullaveiki.

c. Matvælaeftirlit.
d. Eftirlit með vatnsbólum.
e. Húsnæðiseftirlit.
f. Eftirlit með framkvæmd heilbrigðissamþykkta og skólaeftirlit.

3. Fyrirskipaðar heilbrigðisskýrslugerðir."

Þetta er margendurtekin krafa héraðslækna, en við hana þarf nú að bæta því, að launin séu miðuð við 1000 íbúa eða fleiri, en staðaruppbót greiðist í héruðum, sem hafa minna en 1000 íbúa, og því hærri sem íbúarnir eru færri.

Greiðsla fyrir almenn lækningastörf verði hin sama um land allt og miðist við eina og sömu gjaldskrá, hvort sem læknar starfa í kaupstöðum eða sveit.

Endurskoðun þarf að fara fram á skipan læknishéraða, og kæmi í því sambandi til athugunar breyting á héraðamörkum jafnframt sameiningu fámennustu héraða.

Jafnhliða endurskipulagningu héraða þyrfti einnig að hefja undirbúning að því að fá héraðslæknum til aðstoðar heilsuverndarhjúkrunarkonu og heilbrigðiseftirlitsmann (Sanitarian), eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) gerir ráð fyrir að komið verði á, jafnvel hjá frumstæðum þjóðum.

Hin öra þróun læknisfræði á síðustu áratugum hefur leitt til þess, að æ fleiri læknar stunda sérfræðistörf, en hinum fækkar hlutfallslega, sem fást við almennar lækningar. Læknismenntunin er alþjóðleg, og þegar eru nokkur brögð að því, að íslenzkir læknar leiti til annarra landa, ekki einungis til framhaldsnáms, heldur einnig til þess að ílendast þar. Þá má geta þess, að íslenzkir læknar hafa tekið að sér héraðslæknastörf í nágrannalöndum okkar, m. a. í Færeyjum og Norður-Svíþjóð, og sætt þar miklu betri kjörum en hér bjóðast. Líkur eru því ekki miklar til þess, að hæfir erlendir læknar leiti til Íslands.

Undanfarið hefur verið unnið nokkuð að því að samræma læknismenntun í ýmsum löndum, sérstaklega á Norðurlöndum, með það fyrir augum, að læknar geti öðlazt gagnkvæman rétt til starfa í þessum löndum.

Búast má við, að allt þetta stuðli að frekari flutningi lækna úr landi en orðinn er, ef ekki verður skjótt brugðið við um kjarabætur þeim til handa og þá fyrst og fremst til héraðslækna, en á héruðum mundi læknaskortur bitna harðast.

Varðandi niðurlag þáltill. um að koma upp elli- og örorkuheimilum í strjálbýlum héruðum telur Læknafélag Íslands rétt að vekja athygli á því, hversu erfiðlega hefur gengið að reka svipaðar stofnanir jafnvel í hinum þéttbýlli héruðum. Hins vegar lítur félagið svo á, að það sé mjög æskilegt, að unnið verði að því, að fleiri sérfræðingum verði gert kleift að starfa við hin stærri sjúkrahús utan Reykjavíkur.

Læknafélag Íslands telur brýna þörf á, að fram fari gagnger athugun á því, hvað gera þurfi, til þess að læknar fáist til þess að sinna héraðslæknisstörfum, og mælir eindregið með því, að umrædd tillaga til þingsályktunar verði samþykkt. Félagið væntir þess, að samráð og samvinna verði höfð við það um lausn þessara mála.

Virðingarfyllst,

f. h. Læknafélags Íslands,

Kristinn Stefánsson.

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Fylgiskjal III.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
— Læknadeild —

Reykjavík, 10. marz 1961.

Bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 23. febr. 1961, varðandi tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir vegna læknaskorts, á þingskjali 279, ásamt breytingartillögum á þingskjölum 340 og 387.

Læknadeild Háskóla Íslands tók mál þetta til umræðu á fundi 1. marz s. l., og var forseta deildarinnar falið að svara bréfinu.

Samkvæmt læknaskrá 1. janúar 1961, útgefinni af landlækni, telst mér til, að þá starfi:

í Reykjavík	113	læknar
í kaupstöðum utan Reykjavíkur	49	—
í héruðum utan kaupstaða	37	—
læknar, sem eru að skipta um störf	5	
kandídatar, sem eiga ófengið lækningaleyfi, starfandi hér á landi	27	
Starfandi læknar og læknakandídatar hér á landi samtals	231	
Læknar, útskrifaðir 1950 eða síðar, sem hafa fengið lækningaleyfi á Íslandi, en eru við nám eða bráðabirgðastörf erlendis	34	
Kandídatar, útskrifaðir 1950 eða síðar, sem eiga ófengið lækningaleyfi, en eru við nám erlendis eða bráðabirgðastörf	42	
Læknar og kandídatar við nám eða bráðabirgðastörf erlendis eru samtals	76	

Frá 1950—1960, að báðum árum meðtöldum, hafa útskrifazt 167 kandídatar í læknisfræði frá háskólanum, og eru 76 af þeim við nám eða bráðabirgðastörf erlendis. Flestir þessara manna munu miða nám og störf við það að geta síðar hlotið viðurkenningu sem sérfræðingur í einhverri grein læknisfræðinnar.

Í ársbyrjun 1961 útskrifuðust 12 læknakandídatar, og skráðir voru við nám í læknadeild háskólans í febrúar 1961:

í síðasta hluta	47
í miðhluta	32
í fyrsta hluta	84

Af þessu virðist mega ráða, að ekki færri en 20 kandídatar muni útskrifast hér að meðaltali árin 1961—1966.

Sökum þess, að margir læknar og einkum læknakandídatar breyta oft um og flytjast milli byggðarlaga, er nokkrum vandkvæðum bundið að safna öruggum tölum um skiptingu milli staða innanlands. Tíðir flutningar til útlanda og heimkomur valda sams konar óvissu. Fyrrgreindar niðurstöðutölur um þessi atriði munu þó nærri sanni.

Þegar þess er gætt, að starfandi læknar hér á landi eru 231, þá bendir það eindregið til þess, að ekki sé um almennan læknaskort að ræða. Í greinargerð með fyrrgreindri þingsályktunartillögu er einungis rætt um vöntun á héraðslæknum og þess getið, að 6 héruð séu læknislaus og önnur 4 óveitt, af því að enginn hafi um þau sótt. Óveitt eru þá 10 héraðslæknisembætti, á sama tíma og 76 íslenzkir læknar og læknakandídatar eru við bráðabirgðastörf og nám erlendis. Læknaskortur í héruðum getur vart stafað af því, að ekki ljúki nógu margir prófi í læknisfræði við háskólann.

Fari svo, að 20 læknakandídatar útskrifist árlega á næstu 6 árum, mun ekki í náinni framtíð þurfa að óttast fámenni í læknastétt, svo framarlega sem flestir

Íslendingar, sem nú dveljast erlendis og framvegis kunna að fara þangað til framhaldsnáms í læknisfræði, hverfa aftur heim til starfa. Skortur á héraðslæknum stafar því fyrst og fremst af tregðu ungra lækna til þess að sinna þessum störfum.

Orsakir þessa munu margs konar og verður hér einungis drepið á nokkrar þeirra.

Með hraðvaxandi þekkingu í læknisfræði og síaukinni tækni við læknisstörf fjölgar þeim læknum hlutfallslega, sem gerast sérfræðingar, en hinum fækkar að sama skapi, er stunda almenn læknisstörf.

Starfsskilyrði héraðslækna eru á ýmsan hátt erfið. Tæki til rannsókna eru af skornum skammti og möguleikar til aðgerða takmarkaðir, bæði sökum ófullnægjandi útbúnaðar og skorts aðstoðarmanna. Tækifæri ungs læknis til þess að halda við þekkingu sinni og auka hana eru því mjög takmörkuð, og er það því ekki að ástæðulausu, að ungir læknar kvíði því, að þeirra bíði lítill frami í fámennum héruðum, þar sem þeir eigi á hættu að týna að nokkru þeirri þekkingu og leikni, sem þeir hafa aflað sér með löngu og erfiðu námi. Því fámennari sem héruðin eru, því alvarlegri verður þessi hætta. Sú skipting læknishéraða, sem leitt hefur til mjög fámennra héraða, hefur og sætt allmikilli gagnrýni meðal héraðslækna, enda kvarta ungir og áhugasamir læknar oft undan því, að þeir hafi ekki næg verkefni við læknisstörf í hinum fámennari héruðum.

Heildartekjur héraðslækna munu að jafnaði verða því lægri, sem héruðin eru fámennari og strjálbýlli. Að vísu eru fastalaun hærri í fámennum héruðum, en þetta vegur ekki á móti því, hve miklu minni tekjur fást þar fyrir læknishjálp.

Hinir almennu fólksflutningar úr strjálbýli til bæjanna valda sennilega mestu um það, hve erfiðlega gengur að fá héraðslækna. Verði framhald á þessum flutningum, er ástæða til þess að ætla, að enn muni draga úr áhuga lækna fyrir héraðslæknisstörfum.

Á tímum vaxandi alþjóðasamvinnu og einkum með nánara samstarfi við Norðurlönd má gera ráð fyrir, að framvegis verði auðveldara fyrir Norðurlandalækna að starfa erlendis. Nú þegar dveljast óvenjumargir íslenzkir læknar erlendis, og þess þekkjast dæmi, að sumir þeirra sinni héraðslæknisstörfum í nágrannalöndum vorum. Talið er, að ungum læknum bjóðist betri kjör erlendis en fáanleg eru hér.

Að svo stöddu verður ekki um það spáð, hvort læknar kunni að flytjast af landi brott í vaxandi mæli, en á hinu virðast engar líkur, að hæfir erlendir læknar leiti hingað til héraðslæknisstarfa.

Nauðsynlegt mun vera að byggja nýja læknisbústaði, en breyta öðrum og endurbæta, ef þeir eiga að teljast viðunandi sem einkabústaðir, lyfjabúðir og lækningastofur. Hinar stórstígu framfarir í húsagerð á síðari tímum valda því, að menn eru nú miklu kröfuharðari um húsnæði en þegar hinir eldri læknisbústaðir voru reistir.

Búsetu í fámenni fylgir skortur ýmissa þæginda, sem menn geta einungis veitt sér í margmenni, enda þótt aðbúnaður sé að öðru leyti svo góður sem verða má.

Í fyrrgreindri þingsályktunartillögu er rætt um stofnun elli- og örorkuheimila í fámennum læknishéruðum. Í því sambandi má benda á, hve erfiðlega hefur gengið að fá starfsfólk á slík heimili, séu þau í nokkurri fjarlægð frá borgum og bæjum.

Læknadeild Háskóla Íslands telur brýna nauðsyn bera til þess, að athugun fari fram á héraðaskipun og starfsháttum héraðslækna, og mælir með því, að umrædd þingsályktunartillaga verði samþykkt.

F. h. læknadeildar Háskóla Íslands,

Kristinn Stefánsson,
deildarforseti.

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Ed. 578. Breytingartillögur [180. mál]

við frv til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 11. gr. Fyrir orðið „lausafé“ í 1. mgr. komi: laust fé.
2. Við 13. gr. Fyrir „73/1933“ komi: 58/1960.

Ed. 579. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Seðlabanki“ á fjórum stöðum í gr. komi: Þjóðbanki (í viðeigandi falli).
2. Við 2. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ á tveimur stöðum í gr. komi: Þjóðbankans.
3. Við 3. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ komi: Þjóðbankans.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ komi: Þjóðbankinn.
   b. Í stað orðsins „Seðlabankastjórn“ komi: Þjóðbankastjórn.
5. Við 5. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á þremur stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn (í viðeigandi falli).
6. Við 6. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á tveimur stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn (í viðeigandi falli).
7. Við 7. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ komi: Þjóðbankinn.
8. Við 8. gr. Í stað orðsins „Seðlabankann“ komi: Þjóðbankann.
9. Við fyrirsögn IV. kafla. Í stað orðsins „Seðlabankans“ komi: Þjóðbankans.
10. Við 9. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ komi: Þjóðbankinn.
11. Við 10. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á tveimur stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn.
12. Við 11. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á sex stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn (í viðeigandi falli).
13. Við 12. gr. Í stað orðsins „Seðlabankanum“ komi: Þjóðbankanum.
14. Við 13. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á tveimur stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn (í viðeigandi falli).
15. Við 14. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á þremur stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn (í viðeigandi falli).
16. Við 15. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ komi: Þjóðbankinn.
17. Við 16. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ komi: Þjóðbankinn.
18. Við 17. gr. Í stað orðsins „Seðlabankanum“ komi: Þjóðbankanum.
19. Við 18. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á tveimur stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn.
20. Við 19. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ á tveimur stöðum í gr. komi: Þjóðbankans.
21. Við 20. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ komi: Þjóðbankinn.
22. Við 21. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á tveimur stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn (í viðeigandi falli).
23. Við 22. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á tveimur stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn (í viðeigandi falli).

24. Við 23. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á tveimur stöðum í gr. komi: Þjóðbankinn (í viðeigandi falli).
25. Við 24. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ komi: Þjóðbankans.
26. Við 25. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ komi: Þjóðbankans.
27. Við 26. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ komi: Þjóðbankans.
28. Við 28. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ komi: Þjóðbankans.
29. Við 29. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ komi: Þjóðbankans.
30. Við 31. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ komi: Þjóðbankans.
31. Við 32. gr. Í stað orðsins „Seðlabankans“ komi: Þjóðbankans.
32. Við 33. gr. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ komi: Þjóðbankinn.
33. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ á sjö stöðum í ákvæði til bráðabirgða komi: Þjóðbankinn (í viðeigandi falli).
34. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frv. til laga um Þjóðbanka Íslands.

Nd. 580. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Áhættugjald það, sem greitt verður samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skal geymt á sérstökum reikningi. Má einungis nota fé þetta, eftir því sem til vinnst, til þess að greiða ábyrgðarkröfur, sem á ríkissjóð kunna að falla, svo og kostnað við framkvæmd laga þessara. Nú endurgreiðist skuld, sem greidd hefur verið af framangreindum reikningi, og skal þá hið endurgreidda fé lagt á reikninginn.

Nd. 581. Breytingartillaga [173. mál]

við brtt. á þskj. 561 [Sveitarstjórnarlög].

Frá Jóni Pálmasyni.

16. till. orðist þannig:

h-liður 92. gr. frumvarpsins orðist svo:

tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra. Eru þeir tilnefndir, sem flest fá atkvæði, enda sé hlutfallskosning heimil. Sýslumaður skipar síðan einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra.

Nd. 582. Lög [9. mál]

um verkstjóranámskeið.

(Afgreidd frá Nd. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 474.

Nd. 583. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á viðskiptum fjármálaráðuneytisins við Axel Kristjánsson og h/f Ásfjall.

Flm.: Geir Gunnarsson, Karl Guðjónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka viðskipti fjármálaráðuneytisins og Axels Kristjánssonar, Hafnarfirði, og hlutafélagsins Ásfjalls í sambandi við ríkisábyrgð, sem heimiluð var á 22. gr. fjárlaga 1959, svo og útgerð Axels Kristjánssonar í ábyrgð ríkissjóðs á togaranum Brimnesi.

Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, skriflegar og munnlegar, bæði af embættismönnum og einstökum aðilum.

Greinargerð.

Á 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 er ríkisstjórninni heimilað, svo sem þar segir: „Að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 4320000 kr. lán til kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi, þó ekki yfir 80% af kaupverði skipsins.“

Axel Kristjánsson stofnaði síðan fyrirtækið Ásfjall h/f, sem hafði yfir að ráða innborguðu hlutafé að upphæð kr. 100000.00. Það félag flutti inn togarann Keili, sem smíðaður var árið 1950. Ábyrgð ríkissjóðs fyrir kr. 4320000.00 var síðan veitt í árslok 1959 og gengið út frá því, að endanlegt kaupverð togarans næmi nákvæmlega því, að 80% þess svaraði til hámarksupphæðarinnar, sem þannig var notuð að fullu.

Samkvæmt upplýsingum forsvarsmanns fyrirtækisins í Alþýðublaðinu 19. jan. 1960 nam kaupverðið þó eigi nema nál. kr. 2880000.00, en viðgerðir fóru fram á skipinu erlendis, og virðast þær hafa kostað álíka mikið og skipið sjálft, eða nál. kr. 2520000.00, og ríkisábyrgð einnig verið veitt vegna þeirra.

Þegar fyrstu greiðslur vegna láns þessa féllu í gjalddaga, varð ríkissjóður að annast þær, og lauk útgerð togarans Keilis í janúar s. l., er honum var lagt vegna greiðsluþrots fyrirtækisins Ásfjalls h/f.

Nauðungaruppboð á togaranum fór fram hinn 2. marz s. l., og keypti ríkissjóður skipið á kr. 1500000.00, en á því hvíla skuldir að upphæð kr. 9300000.00, þar af kr. 7000000.00 með ríkisábyrgð, en skipið talið þannig á sig komið, að aðalvél þess sé allt að því ónothæf, en ljósavélar hafa verið starfræktar með undanþáguheimildum, frá því að skipið kom til landsins. Kostnaður við að skipta um vél er talinn nema um 8—10 millj. kr.

Verður að telja mál þetta allt þannig vaxið, að fullkomin ástæða sé til þess, að það sé rannsakað náið og leitt í ljós m. a., hvernig raunverulegt kaupverð skipsins hefur af hálfu ríkissjóðs verið sannreynt, þegar haft er í huga ástand skipsins eftir ársnotkun.

Fullkomin ástæða er til þess, að rannsakað verði, á hvern hátt veðhæfni skipsins hefur verið könnuð, áður en ríkisábyrgðin var veitt, m. a. hver hafa verið vottorð skipaeftirlits ríkisins um ástand þessa 10 ára gamla togara, þegar þess er gætt, að einu ári eftir að ríkisábyrgð fyrir 7 millj. kr. samkvæmt núverandi gengi er veitt, er skipið selt fyrir 1.5 millj. kr., en áhvílandi skuldir nema 9.3 millj. kr. og kostnaður við óumflýjanlega viðgerð nemur 8—12 millj. kr.

Í lagaheimildinni fyrir ríkisábyrgðinni til Axels Kristjánssonar eða hlutafélags hans er ráðuneytinu falið að láta ábyrgðina aðeins af hendi gegn gildum tryggingum. Nú kemur í ljós aðeins rúmu ári eftir veitingu ríkisábyrgðarinnar, að ríkið

hlýtur margra milljóna króna tjón af viðskiptum þessum við Axel Kristjánsson eða hlutafélag hans, enda þótt ætla megi, að aðili þessi hafi haft öll ráð á að setja tryggingar, sem firrt hefðu ríkissjóð skaða.

Í þessu sambandi má geta þess, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar varð ekki við beiðni sama aðila um ábyrgð bæjarsjóðs Hafnarfjarðar fyrir láni til kaupa þessa skips, þar eð tryggingar í skipinu einu saman voru ekki taldar fullnægjandi fyrir slíkri ábyrgð.

Það verður því að ætla, að ekki muni við því amazt, að þjóðin fái fulla greinargerð um það, á hverjum rökum þáverandi fjármálaráðherra, Guðmundur Í. Guðmundsson, gaf út fyrrgreinda ríkisábyrgð, þar sem fyrir liggur, að því fer víðs fjarri, að gildar tryggingar hafi verið fyrir henni settar.

Snemma á árinu 1959 var togarinn Brimnes, sem verið hafði í eigu Seyðisfjarðarkaupstaðar, tekinn af kaupstaðnum vegna vanskila á ríkistryggðum lánum. Ríkissjóður tók skipið í sína vörzlu og ákvað að fela Axel Kristjánssyni forstjóra í Hafnarfirði að hafa með höndum rekstur skipsins.

Í þessu sambandi aflaði ríkisstjórnin sér heimildar Alþingis á fjárlögum fyrir árið 1959, þar sem henni var heimilað: „Að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til 1. sept. n. k. með það fyrir augum, að afla skipsins verði landað sem mest á Seyðisfirði, þó þannig, að rekstrarafkomu þess sé ekki stefnt í hættu með löndun aflans þar. Enn fremur að innleysa gegn veði í skipinu áhvílandi sjóveðs- og fjárnámskröfur."

Ráðstafanir þessar voru gerðar af stjórn Alþýðuflokksins, sem sat á árinu 1959, og voru framkvæmdar í aðalatriðum á eftirfarandi hátt:

Fjármálaráðherra, Guðmundur Í. Guðmundsson, fól Axel Kristjánssyni rekstur skipsins, og mun engin sérstök rekstrarstjórn hafa unnið með honum. Ríkissjóður mun í upphafi rekstrarins hafa lagt fram 2.5 millj. kr. Rekstur skipsins var með þeim hætti, að það lagði aldrei upp neinn afla í heimahöfn sinni, Seyðisfirði, eins og Alþingi hafði þó gert ráð fyrir. Hins vegar mun talsverður hluti af afla skipsins hafa verið lagður upp til vinnslu í frystihúsi Axels Kristjánssonar.

Axel Kristjánsson stjórnaði rekstri skipsins út árið 1959 og nokkuð fram á árið 1960, þótt heimild Alþingis, sem ríkisstjórninni var veitt, gerði ekki ráð fyrir því, að ríkissjóður hefði með höndum rekstur togarans lengur en til 1. sept. 1959. Verður því ekki séð, samkvæmt hvaða heimild Axel Kristjánsson hefur rekið togarann Brimnes á ábyrgð ríkissjóðs eftir 1. sept. 1959.

Nálægt miðju ári 1960 stöðvaðist útgerð togarans Brimness vegna taprekstrar, og hefur skipið síðan legið í Reykjavíkurhöfn. Engar upplýsingar hafa opinberlega komið fram um það, hve mikið tap ríkissjóður hefur haft af þessum rekstri togarans Brimness undir stjórn Axels Kristjánssonar.

Þessi rekstur togarans Brimness á ábyrgð ríkissjóðs fór að verulegu leyti fram á sama tíma og Axel Kristjánsson hafði sjálfur með höndum rekstur togarans Keilis, sem áður er minnzt á.

Þar sem nú er svo komið, að rekstur beggja þessara togara hefur stöðvazt og ríkissjóður án efa orðið fyrir verulegum töpum vegna beggja skipanna, sýnist full ástæða vera til þess, að samskipti ríkissjóðs og Axels Kristjánssonar varðandi rekstur þessara skipa og fjárhagslegar skuldbindingar séu teknar til gaumgæfilegrar athugunar og Alþingi fái glögga skýrslu um málið.

Nd. 584. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um lögskráningu sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 21. marz 1961.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.
Pétur Sigurðsson. Gísli Guðmundsson.

Sþ. 585. Nefndarálit [195. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu skelfisks.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans. Mæla báðir þessir aðilar með samþykkt tillögunnar.
Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 22. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.
Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason.
Karl Guðjónsson. Jón Árnason. Guðlaugur Gíslason.

Sþ. 586. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu till. til þál. á þskj. 92.
Ríkisstjórnin er nú að láta semja framkvæmdaáætlun í samræmi við yfirlýsingu, sem gefin var, þegar stjórnin var mynduð.
Engar raddir hafa heyrzt um það, að ríkisstjórnina skorti heimildir að lögum til að láta vinna þetta verk.
Flm. till. ætlast til þess, að 5 manna nefnd undirbúi löggjöf, er kveði á um, „hversu semja skuli“ áætlanir um framleiðslu og framkvæmdir í landinu með tilliti til vaxandi fólksfjölda og jafnvægis í byggð landsins.
Þær áætlanir, sem þarna mun átt við, hljóta að vera mjög margþættar og hægt að vinna að þeim með ýmsu móti og af mörgum aðilum og stofnunum, og yrði án

efa vandasamt að einskorða í lögum, hvernig þær skuli semja. Ef slíkar áætlanir eru hins vegar gerðar, þá er svo sjálfsagt, að þær miðist við alla þjóðina og allt landið, að slíkt þarf naumast að taka fram í sérstökum lögum.

Eftir atvikum teljum við þó rétt, að málið hljóti nánari athugun, og leggjum til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Jón Árnason.
Guðl. Gíslason. Jónas G. Rafnar.

Sþ. 587. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi var til meðferðar í fjárveitinganefnd. Nefndin ræddi málið nokkuð, en gat ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. En við undirritaðir nefndarmenn getum ekki á þá afgreiðslu fallizt, ekki sízt þegar það er haft í huga, að samdráttur í framkvæmdum, en ekki skipulegar framkvæmdir, virðist vera stefna núverandi ríkisstjórnar. Þess vegna leggjum við til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir, að sett verði löggjöf, sem framkvæmda- og framleiðsluáætlanir byggist á.

Eins og tekið hefur verið fram í greinargerð þingsályktunartillögunnar og í ræðu fyrsta flutningsmanns, er hann gerði grein fyrir tillögunni af hálfu flutningsmanna, hafa verið gerðar hér á landi áætlanir um ýmsar framkvæmdir, svo sem raforkuáætlun og fleira, og jafnvel hafa verið gerðar tilraunir til heildaráætlana um einhver takmörkuð tímabil, án þess þó að um fastmótaðar stefnur hafi verið að ræða, heldur ákvörðun ríkisstjórna á hverjum tíma. Hér er hins vegar lagt til að setja löggjöf, sem gerð þessara áætlana verði byggð á. Mundi þá skapast festa um áætlanagerðir, auk þess sem það yrði til tryggingar uppbyggingu í þjóðfélaginu, sem mun verða ör, ef rétt er á haldið. Kemur þar hvort tveggja til: fjölgun þjóðarinnar og mikil þörf fyrir örari uppbyggingu vegna framleiðsluaukningar og óleystra verkefna. Íslenzka þjóðin á mörg óleyst verkefni, sem hún þarf að leysa í náinni framtíð á skipulegan hátt. Af þeirri ástæðu og þeim öðrum, sem við höfum hér gert grein fyrir, teljum við þörf á samþykkt þessarar þingsályktunartillögu.

Alþingi, 21. marz 1961.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Ingvar Gíslason.
Karl Guðjónsson.

Ed. 588. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

Inn í 2. efnismálsgr. 6. gr. á undan orðunum „Saksóknari nýtur" bætist eftirfarandi:

Áður en embætti saksóknara er veitt, skal leita umsagnar Hæstaréttar um umsækjendur, og má engum manni veita embættið, nema Hæstiréttur hafi látið í ljós álit, að hann sé til þess hæfur.

Ed. 589. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis" í 1. málsgr. komi: eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar, svo sem ábyrgð banka eða ríkis.
   b. Við 3. málsgr. bætist:
   og séu ársvextirnir eigi hærri en 5%.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun stjórnar stofnlánadeildarinnar. Séu lánin við það miðuð, að lántakandi geti greitt lausaskuldir og haldið áfram atvinnurekstri sínum, enda sé verðmæti þeirra eigna, er hann veðsetur til tryggingar láninu, nægilegt til greiðslu á því, eða aðrar tryggingar settar, er lánveitandi metur gildar.
2. Við 3. gr. Á eftir „viðskiptabanka umsækjanda" í 1. málsgr. bætist inn í greinina: ef um er að ræða.
3. Á eftir 4. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, þannig:
   a. (5. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs stofnlán samkvæmt þessum lögum, allt að 25 millj. kr., sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp með atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Ríkisábyrgð skal því aðeins veitt, að fyrir liggi meðmæli nefndar þeirrar, er úthlutar atvinnuaukningarfé samkvæmt 20. gr. fjárlaga.
   b. (6. gr.) Stofna skal sérstaka lánadeild við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, er nefnist stofnlánadeild landbúnaðarins. Deildin veiti lán til að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir og skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla. Lánin skulu veitt gegn veði í fasteignum og búvélum bænda og fasteignum og vélum vinnslustöðva landbúnaðarins, eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar. Hámarkslánstími skal vera: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á vélar 10 ár. Vextir skulu vera þeir sömu og af lánum samkvæmt 2. gr., og mat á eignum fari eftir sömu reglum og þar greinir. Ákvörðun lánsupphæðar hverju sinni fer eftir ákvæðum 2. gr.
   Fjár til lánveitinga samkvæmt þessari grein skal aflað á sama hátt og til lána samkvæmt 1. gr.

Ákvæði 3. gr. um sérstaka athugun á fjárhag umsækjanda, þegar þess er talin þörf, og um tímabundna stöðvun aðfarar, skulu einnig gilda um þá, er sækja um lán samkvæmt þessari grein.

4. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um stofnlán hjá Landsbanka Íslands, Seðlabankanum.

Sþ. 590. Tillaga til þingsályktunar [219. mál]

um sjálfvirkt símakerfi um land allt.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna eins og unnt er að framkvæmd áætlunar póst- og símamálastjórnarinnar um sjálfvirkt símakerfi fyrir allt landið, m. a. með fjárhagslegri fyrirgreiðslu, svo sem möguleikar leyfa á hverjum tíma.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggja nú fjórar tillögur varðandi sjálfvirkan síma fyrir Austurland, Borgarnes, Siglufjörð og Suðurland. Allsherjarnefnd hefur fengið tillögur þessar til meðferðar og sent þær til umsagnar póst- og símamálastjórnarinnar. Samkvæmt ósk nefndarinnar hefur Gunnlaugur Briem póst- og símamálastjóri sent nefndinni heildaráætlun stofnunarinnar um símaframkvæmdir á næstu árum. Mætti hann auk þess á fundi nefndarinnar, skýrði áætlunina og gaf margar og fróðlegar upplýsingar.

Þingsályktunartillaga sú, sem nefndin nú flytur, er hugsuð sem afgreiðsla Alþingis á áðurnefndum fjórum tillögum, með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið í málinu.

Samkvæmt þeirri áætlun, sem nefndin birtir sem fylgiskjal, er talið kleift að gera síma sjálfvirkan um land allt á tiltölulega stuttum tíma, þannig að allir kaupstaðir, kauptún, þorp og margir sveitasímar þar í nánd fái sjálfvirkan síma fyrir árslok 1966 ásamt sjálfvirku sambandi sín á milli, en nærri allir sveitabæir verði tengdir við kerfið fyrir árslok 1968.

Framkvæmdir þessar munu samkvæmt áætlun kosta 500 milljónir króna, en póst- og símamálastjóri skýrði nefndinni svo frá, að eðlileg aukning símans á viðkomandi árabili mundi kosta um 300 milljónir, ef ekki yrði stöðvuð sú þróun, sem verið hefur í þeim málum. Talið er kleift að standa straum af þessum kostnaði án framlags frá ríkissjóði, og er þá reiknað með venjulegum greiðslufresti, sem framleiðendur erlendis veita símanum. Þó þyrfti síminn sennilega á stuttum lánum að halda fyrstu 2—3 árin, aðallega til að greiða tollgjöld.

Ef ekki verður komið upp sjálfvirku símakerfi, mun á næstu árum reynast mjög erfitt að fá varahluti í handvirka kerfið, sem fyrir er.

Sjálfvirkur sími um land allt mundi stórbæta símaþjónustu og verða opinn allan sólarhringinn. Langlínusamtöl yrðu ódýrari en verið hefur, og eftir 1967 gætu orðið verulegar gjaldskrárlækkanir. Starfslið símans mundi verða 500—600 manns færra en við handvirkan síma, og er launasparnaður áætlaður 24 milljónir króna árlega eftir 1968. Tekjur símans mundu einnig aukast verulega, þar sem notkun sjálfvirks síma er stórum meiri en handvirks.

Fylgiskjal.

25. febrúar 1961.

Póst- og símamálastjórnin hefur meðtekið bréf háttvirtrar allsherjarnefndar, dags. 22. nóv. og 13., 21. og 23. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um tillögur til

þingsályktunar um sjálfvirkar símstöðvar fyrir Austurland, Borgarnes, Siglufjörð og Suðurland.

Að undanförnu hefur verið unnið að heildaráætlun um sjálfvirkan síma um allt land. Að vísu er áætluninni ekki alveg lokið, og er aðallega eftir að finna hagkvæmustu lausn á sambandi við sveitasíma, þar sem margir þeirra eru nú tengdir við sömu loftlínu.

Virðist kleift að gera símann sjálfvirkan um allt land á tiltölulega stuttum tíma án framlags úr ríkissjóði, en sennilega þyrfti á stuttum lánum að halda fyrstu 2—3 árin til þess að brúa bilið, frá því að efni kemur til landsins og þar til það hefur verið sett upp og er komið í notkun, og er þar aðallega um tollgjöld að ræða.

Í áætluninni er gert ráð fyrir, að allir kaupstaðir, kauptún, þorp og margir sveitabæir þar í nánd hafi fengið sjálfvirkan síma fyrir árslok 1966 ásamt sjálfvirku sambandi sín á milli. Síðan verði haldið áfram, þannig að nærri allir sveitabæir verði tengdir við sjálfvirka kerfið fyrir árslok 1968.

Gert er ráð fyrir, að fé til þessara framkvæmda fáist sumpart með sparnaði í afgreiðsluvinnu, er afgreiðslan verður sjálfvirk, og sumpart með tekjum af nýjum símanotendum og auknum símaviðskiptum, þrátt fyrir það þótt sjálfvirk langlínusímtöl verði ódýrari. Sem dæmi um þróunina má geta þess, að síðan símtalaafgreiðslan milli Keflavíkur og Reykjavíkur var gerð sjálfvirk á síðasta ári, hafa viðskiptin meir en þrefaldazt, en afgreiðslufólki í Keflavík samtímis fækkað um 25 og meðalgjaldið fyrir símtölin lækkað verulega.

Framkvæmdirnar fela í sér sjálfvirkar símstöðvar ásamt búnaði fyrir sjálfvirka langlínuafgreiðslu, fjölgun langlínurása með fjölsímum, radíóstöðvum og jarðsímum o. fl., svo og ný hús á ýmsum stöðum. Hver símanotandi á síðan að geta valið beint númer annars notanda, hvar sem er í landinu, og væntanlega einnig sérnúmer fyrir hjálp (lækni, slökkvilið, lögreglu), klukku, veðurfréttir, almennar fréttir, bilanatilkynningar, upplýsingar um póst og síma, pöntun símtals til útlanda og kvaðningu í síma o. fl. Afgreiðsla langlínusímtala frá sjálfsölum er fyrirhuguð, þegar verðmeiri mynt hefur verið gefin út heldur en nú er fyrir hendi. Þá er og fyrirhuguð sjálfvirk afgreiðsla milli fjarritvéla hjá fyrirtækjum í ýmsum landshlutum.

Ýmsar ástæður ráða, hvaða tímaröð er hentugust fyrir framkvæmdirnar, svo sem nágrenni við Reykjavík, þar sem sérfróðir menn eru fyrir hendi, svo og stærð stöðvanna, þar sem mest sparast af afgreiðsluvinnu og þar sem fjölgun notenda er örust, því að ef þetta er gert fyrst, skapast um leið fjárhagslegur grundvöllur fyrir öðrum framkvæmdum á eftir. Enn fremur verður að hafa hliðsjón af því, hvar nægar símarásir eru þegar fyrir hendi eða auðvelt er að fjölga þeim, svo og af línukerfi því, sem fyrir er, húsnæði o. fl.


Er gert ráð fyrir, að hinni stjálbýlu sveitabyggð verði síðast lokið, enda er það að mörgu leyti örðugasta verkefnið, vegna þess að þar eru loftlínur með ófullkominni einangrun og margir notendur víða á sömu línu, og þarf þar því tiltölulega miklar línubreytingar, áður en um sjálfvirkan síma verður að ræða.


Hið gamla vandamál að gera sveitunum kleift að ná í hjálp allan sólarhringinn, þegar slys, veikindi, bruna o. fl. ber að höndum, mundi leysast með sjálfvirkri símaafgreiðslu, en það hefur áður verið óleysanlegt vegna hins mikla kostnaðar við að hafa næturvörð á öllum stöðvum við handvirka afgreiðslu.


Röð framkvæmdanna hefur í stórum dráttum verið hugsuð sem hér segir:

1961—62 Auk stækkunar í Reykjavík nýjar stöðvar í Hafnarfirði, Selási, Vestmannaeyjum, Kópavogi, Akranesi. Sjálfvirk langlínuafgreiðsla til Akureyrar, fjölgun símarása til Vestfjarða og Siglufjarðar o. v., svo og ný hús á ýmsum stöðum.

1963—64 Nýjar stöðvar í Borgarnesi, Brúarlandi, Húsavík, Raufarhöfn, Kópaskeri, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Hjalteyri, Hrísey, Grenivík, Selfossi, Hveragerði, Eyrarbakka, Hvolsvelli, Laugarvatni, Þykkvabæ, Vík, Stykkishólmi,


BOLUNGAVÍK
SUÐUREYRI
HNÍFSDALUR
FLATEYRI
ÍSAFJÖRÐUR
SÚÐAVÍK
NESKAUPSTAÐUR
94
PATREKSFJÖRÐUR
BÍLDUDALUR
HOLMAVÍK
SKAGASTRÖND
HOFSÓS
BLÖNDUÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
VARMAHLÍÐ
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
95
BRÚ
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
SANDUR
ÓLAFSVÍK
GRAFARNES
93
BORGARNES
HVALFJÖRÐUR
AKRANES
91
REYKJAVÍK
BRÚARLAND
ÞINGVELLIR
LAUGARVATN
GERÐAR
SANDGERÐI
KEFLAVÍK
SELÁS
KÓPAVOGUR
HAFNARFJÖRÐUR
HVERAGERÐI
SELFOSS
92
GRINDAVÍK
ÞORLÁKSHÖFN
STOKKSEYRI-EYRARBAKKI
99
HVOLSVÖLLUR
HVOLSVÖLLUR
VESTMANNAEYJAR
98


RAUFARHÖFN
KÖPASKER
HÖRSHÖFN
ÓLAFSFJÖRÐUR
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HJALTEYRI
BREIÐAMÝRI
AKUREYRI
96
VOPNAFJÖRÐUR
BORGARFJÖRÐUR
EGILSSTAÐIR
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
REYÐARFJÖRÐUR
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
BREIÐDALSVÍK
97
DJÚPIVOGUR
FAGURHÓLSMÝRI
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
AÐALSTÖÐ
SVÆÐISSTÖÐ
SKIPTISTÖÐ
ENDASTÖÐ
LANDSSÍMI ÍSLANDS
Teiknað 23.2.61 GA.
Staðf.
M = 1:1000000
Áætlun um sjálfvirkar símstöðvar 1967
Blað af
B-5281



LANDSSÍMI ÍSLANDS		
Teiknað 3.3.'61 GA.	Áætlun um sjálfvirka sima 1961-'68	Blað af
Staðf.	Aukningar umfram 1961	5283

Grafarnesi, Ólafsvík, Sandi og Höfn í Hornafirði. Stækkanir í Reykjavík, Akureyri og Keflavík. Ný hús og aukning símarása á ýmsum stöðum.

1965—66 Nýjar stöðvar að Brú, Sauðárkróki, Hofsósi, Varmahlíð, Blönduósi, Skagaströnd, Hvammstanga, Borðeyri, Hólmavík, Búðardal, Ísafirði, Hnífsdal, Bolungavík, Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Súðavík. Stækkanir í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Akranesi, Brúarlandi og Selási. Ný hús og aukning símarása á ýmsum stöðum. Sjálfvirkar stöðvar: Reyðarfjörður, Eskifjörður, Neskaupstaður, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Borgarfjörður, Vopnafjörður, Þórshöfn, Fáskrúðsfjörður, Djúpivogur, Breiðdalsvík (með Stöðvarfirði).
Stækkanir, ný hús, aukning símarása.

1967—68 Sveitasímum breytt og þeir tengdir við sjálfvirka kerfið. Nýjar smástöðvar og stækkanir á ýmsum stöðum, svo og aukning símarása.

Hér með fylgir yfirlitsmynd, sem sýnir í aðaldráttum, hvernig landinu er skipt í 9 höfuðsvæði, hvert með einni svæðisstöð, en út frá henni skiptistöðvar og endastöðvar. Hvert svæði hefur 2-tölustafa einkennisnúmer, sem notendur velja á undan símanúmerinu, ef um annað svæði er að ræða.

Afgreiðslutími á búnaði til sjálfvirkra stöðva er um 2 ár, og er því ekki hægt að bíða með ákvörðun slíkra framkvæmda eftir fjárlögum hvers árs. Með samþykki ráðherra hefur þegar verið pantað slíkt efni til framkvæmdanna 1961—62, en tillögur um framhaldspantanir fyrir árin 1963—64 eru í undirbúningi. Af þeim mörgu till. til þál, sem nýlega hafa komið fram, virðist mega ráða, að póst- og símamálastjórnin færist ekki meira í fang með nefndum áætlunum en almennur áhugi er fyrir að gera, ef það er fjárhagslega kleift. Póst- og símamálastjórnin mundi fagna því, ef nefndar tillögur leiða til þess, að viljayfirlýsing komi fram á Alþingi varðandi þessi mál, og sérstaklega ef jafnframt yrði heimilað að taka allt að 20 millj. kr. lán til þess að brúa tímabilið milli greiðslu aðflutningsgjalda og gjalddaga tekna í sambandi við framkvæmdirnar, eða þá að veita 1—2 ára gjaldfrest á tollum af hlutaðeigandi efni.

Nú eru í landinu um 24000 sjálfvirkir símar og um 10000, sem ekki eru sjálfvirkir, eða samtals um 34000 símar (40000 talfæri) (32300 símar við síðustu áramót). Á undanförnum 3 áratugum og einnig síðustu árin hefur þörfin fyrir síma aukizt um 7% árlega.

Langlínusímtölum hefur undanfarið fjölgað að meðaltali um 6% árlega, en samkvæmt erlendri reynslu má ætla, að þau tvöfaldist, þar sem afgreiðslan er gerð sjálfvirk. Síðan afgreiðslan milli Keflavíkur og Reykjavíkur var gerð sjálfvirk á síðasta ári, hafa samtölin þar á milli meir en þrefaldazt.

Í þeirri áætlun, sem hér er um að ræða, er ekki aðeins fólgið að gera þá 10000 síma, sem nú er handvirkir, sjálfvirka, heldur og langlínuafgreiðsluna þeirra á milli, svo og að framkvæma aukninguna á notendafjölda og langlínuafgreiðslunni fram að árslokum 1968. Er reiknað með, að notendafjöldinn aukist úr 32325 í lok 1960 upp í 57700 í lok 1968. Lauslega er áætlað, að kostnaðurinn við þessar framkvæmdir verði 20000 kr. á notanda, eða samtals rúmlega 500 millj. króna.

Nú er talið, að afgreiðslufólk við handvirka innanbæjar- og langlínuafgreiðslu sé nærri 500, en þar af starfi um 100 tæplega hálfan daginn, svo að talan ætti að teljast 440 miðað við fullt starf. Þessi tala mundi vegna aukninganna orðin nærri 700 árið 1968, ef sjálfvirkum stöðvum yrði ekki fjölgað, en aðeins stækkaðar þær sjálfvirku stöðvar sem fyrir eru. Þrátt fyrir sjálfvirkjun um allt land mundi þessi fjöldi ekki sparast alveg, því að nauðsynlegt verður að sinna símskeytum, símtölum þeirra, er ekki hafa síma, kvaðningum í síma svo og símtölum við útlönd. Á hinn bóginn yrði nauðsynlegt að fjölga tæknifróðum mönnum vegna rekstrar og viðhalds sem svarar nærri 5% af fjölda afgreiðslufólksins. Veruleg fækkun afgreiðslufólksins kemur fyrst verulega til greina á árinu 1963, en eykst svo jafnt ár frá ári til 1968,

er hún er áætluð að svara til launasparnaðar um 24 millj. á ári. Meiri hluti afgreiðslufólksins er stuttan tíma í starfi og starfsmannabreytingar þar tíðar og víða orðið örðugt að fá fólk til símaafgreiðslunnar. Er því ekki gert ráð fyrir, að umrædd fækkun valdi miklum örðugleikum eða skapi neitt atvinnuleysi.

Auknar tekjur af fjölgun langlínusímtala er nokkuð örðugt að áætla, þar sem sjálfvirku símtölin verða jafnframt ódýrari. Hefur því verið talið rétt að áætla fyrst um sinn að sá hluti fjölgunarinnar, sem leiðir af sjálfvirkri afgreiðslu, hafi tiltölulega litla tekjuaukningu í för með sér, en að tekjuaukningin í heild verði lítið hærri en hún hefði annars orðið vegna fjölgunar notenda og almennari þróunar viðskiptalífsins. Er því áætlað, að auknu tekjurnar vaxi frá 1963 í jöfnum skrefum upp í 19 millj. á ári 1967 og 21 millj. á ári 1968.

Er gert ráð fyrir, að þetta tvennt, afgreiðslusparnaðurinn og auknar tekjur af langlínusímtölum, geti að verulegu leyti borið kostnaðinn við að breyta þeim símum, sem nú eru handvirkir, í sjálfvirka síma, hins vegar beri stofngjöld og auknar tekjur af afnotagjöldum nýrra síma kostnaðinn við fjölgun símanna eins og hingað til.

Útgjöldin fara þó ávallt á undan tekjunum, og fyrstu 2—3 árin verða örðugust fjárhagslega, sérstaklega vegna aðflutningsgjaldanna (50—60% af fob-verði).

Stofnkostnaðurinn við framkvæmdirnar er að sjálfsögðu mikill, en hann yrði líka mikill, þótt ekki yrði lagt út í að breyta handvirku símunum í sjálfvirka á svo stuttum tíma, bæði vegna óhjákvæmilegra aukninga, endurnýjunar og flutninga. Það virðist hins vegar fjárhagslega hagkvæmast fyrir landssímann að ljúka framkvæmdunum á sem stytztum tíma og jafnframt bezt fyrir þjóðina í heild. Eftir 1967 verður hagur landssímans samkvæmt áætluninni orðinn svo góður, að verulegar gjaldskrárlækkanir gætu komið til greina. Við sjálfvirkan símarekstur er gjaldskráin miklu meira bundin en annars af tæknilegum ástæðum, og er ekki hægt að hafa hana eins breytilega eftir fjarlægð. Símtalagjaldið færi þá líka eftir raunverulegum samtalstíma í langlínusímtölum. Símtöl innan sérsvæðis hverrar stöðvar kostuðu þá sama og innanbæjarsímtal, símtöl milli stöðvarsvæða, en innan umdæmis sömu skiptistöðvar, sama og innanbæjar fyrir hverjar 15—21 sek., símtöl milli mismunandi skiptistöðva umdæma, en innan sömu svæðisstöðvar, 12—15 sek. eftir fjarlægð, en milli svæðastöðva 6—12 sekúndur eftir fjarlægð.

Þetta þýðir yfirleitt mjög mikla lækkun frá núverandi símtalagjaldi, í mörgum tilfellum t. d. lækkun úr kr. 6.00 í kr. 0.70 hvert símtal.

Nokkrar frekari upplýsingar um áætlunina fást af meðfylgjandi töflu og línuritum, en annars verður áætlunum ekki lokið fyrr en síðar í vor. Þær eru að sjálfsögðu byggðar á núverandi verðlagi.

G. Briem.

Áætlun um símaþróun 1962—1967.

Árslok	Allt landið Notendur	Sjálfvirkir Notendur	Handvirkir Notendur	R/HF Notendur	Utan R/HF Notendur
1959	31495	20828	10667	18328	13167
1960	32325	22546	9779	18500	13825
1961	35150	24750	10450	20500	14650
1962	40500	31200	9300	25100	15400
1963	43400	35400	8000	27200	16200
1664	46100	38700	7400	29000	17100
1965	48800	42000	6800	30800	18000
1966	51700	46800	4900	32700	19000
1967	54700	52000	2700	34700	20000
1968	57700	57700	0	36700	21000

Sþ. 591. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þáltill. á nokkrum fundum. Náðist ekki samkomulag um afgreiðslu málsins. Gefur minni hl. n., þeir Gísli Guðmundsson og Jón Kjartansson, út sérstakt nál. og gerir þar grein fyrir afstöðu sinni. Þeir Jón Pálmason og Hannibal Valdimarsson voru eigi á fundi, er málið var tekið til afgreiðslu.

Leggur meiri hl. n. til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins, m. a. með stofnun jafnvægissjóðs ásamt ákvæðum um framlög í því skyni og úthlutun þess fjár. Skal tilgangur þessarar löggjafar fyrst og fremst vera sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.

Alþingi, 22. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form. Gísli Jónsson, frsm. Pétur Sigurðsson.

Sþ. 592. Nefndarálit [155. mál]

um till. til þál. um rannsókn á hagkvæmni aukinnar ákvæðisvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um till., og mæla bæði samböndin með samþykkt hennar. Einn nefndarmanna (JPálm) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið. Mælir nefndin með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Síðari málsgr. tillgr. orðist svo:

Leiði rannsóknin í ljós, að aukin ákvæðisvinna sé þjóðhagslega æskileg, heimilar Alþingi ríkisstjórninni að veita nauðsynlega aðstoð og fyrirgreiðslu í samráði og samstarfi við fyrrgreinda aðila.

Alþingi, 22. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Hannibal Valdimarsson. Jón Kjartansson. Gísli Jónsson.

Sþ. 593. Nefndarálit [145. mál]

um till. til þál. um tillit til framfærslukostnaðar námsfólks í sköttum og tryggingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur leitað álits Tryggingastofnunar ríkisins og skattstjórans í Reykjavík um málið, og eru báðir aðilar hlynntir umræddri athugun.

Fjórir nefndarmenn vilja samþykkja tillöguna óbreytta, en tveir (GíslJ og PS) gera fyrirvara, þar eð þeir telja annan lið tillögunnar (varðandi skatta) óþarfan. JPálm var fjarstaddur.

Alþingi, 22. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Gísli Jónsson, með fyrirvara.	Pétur Sigurðsson, með fyrirvara.
Gísli Guðmundsson.	Jón Kjartansson.	Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 594. Nefndarálit [162. mál]

um till. til þál. varðandi brottflutning fólks frá Íslandi.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Leitað var umsagnar Hagstofu Íslands og Bandalags háskólamanna um till., og mæltu báðir aðilar með samþykkt hennar. Í nefndinni vildu fjórir samþykkja tillöguna með breytingu, en einn var á móti henni (GíslJ), einn sat hjá (HV) og einn var fjarstaddur (JPálm).

Meiri hl. leggur til, að till. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi síðustu 10 ár og rannsaka eftir föngum ástæður fyrir brottflutningi til annarra landa. Skýrslan og niðurstöður rannsóknarinnar verði lagðar fyrir Alþingi.

Alþingi, 22. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Pétur Sigurðsson.	Gísli Guðmundsson.
	Jón Kjartansson.	

Sþ. 595. Nefndarálit [92. mál]

um till. til þál. um aðstoð við niðurlagningar- og niðursuðuiðnað síldar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt till. á nokkrum fundum og fengið um hana umsögn eftirtalinna aðila: Fiskifélags Íslands, Iðnaðarmálastofnunar Íslands og stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.

Hafa allir þessir aðilar sent nefndinni umsagnir um tillöguna, og hafa þær verið athugaðar. Varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu málsins. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að till. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. marz 1961.

Magnús Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason, frsm.
	Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.

Sþ. 596. Nefndarálit [114. mál]

um till. til þál. um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið umsögn vita- og hafnamálastjóra um hana.

Þótt þegar hafi farið fram athuganir á þessu vandamáli og nokkrum voða sé frá bægt með aðgerðum þeim, sem öðru hverju eru framkvæmdar til að opna útrennsli Dyrhólaóss, þá hafa enn ekki farið fram rannsóknir á gildi hugsanlegra framkvæmda, sem komið gætu í veg fyrir tjón á landi af völdum óssins. Má þar einkum til nefna rannsókn á því, hvort bót væri að gerð hliðs í ósinn, sem hindraði rennsli sjávar inn í hann, svo sem vitamálastjóri bendir á, og fleiri ráðstafanir geta komið til greina til að hindra það tjón, sem Dyrhólaós enn veldur.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga nánar en gert hefur verið, hvað tiltækilegast sé að gera til að hindra frekari landspjöll af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Alþingi, 22. marz 1961.

Magnús Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Karl Guðjónsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Jónas G. Rafnar.	Guðl. Gíslason.
Halldór E. Sigurðsson.	Jón Árnason.	Ingvar Gíslason.

Nd. 597. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um sömu laun kvenna og karla.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Mál þetta, frumvarp til laga um sömu laun kvenna og karla, hefur legið mánuðum saman óafgreitt hjá nefndinni. En nú loks er ljóst, að meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, þeir Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, leggst gegn málinu. Minni hlutinn, Hannibal Valdimarsson og Jón Skaftason, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins er ekki aðeins ákveðið, að laun kvenna skuli í hvívetna vera hin sömu og karla hjá ríki og sveitarfélögum, heldur skuli nákvæmlega sömu reglur einnig gilda fyrir konur sem karla við færslu milli launaflokka.

Með 3. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um það, að öll skrifstofustörf og afgreiðslustörf í verzlunum skuli greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af körlum eða konum. Mundi sú réttarbót ná til margra, því þótt ótrúlegt sé, er launamisrétti kvenna óvíða meira en einmitt við verzlunar- og skrifstofustörf.

4. gr. frumvarpsins fjallar um launajafnrétti kvenna og karla við hvers konar störf í hraðfrystihúsum, verksmiðjum, við iðju og iðnað og yfirleitt við störf í

þjónustu atvinnuveganna. Segir þar, að öll slík störf skuli greidd sama kaupi, hvort sem unnin séu af konum eða körlum.

Er ráð fyrir því gert, að launajafnréttið komist á með þeim hætti, að við gildistöku laganna skuli öll sérákvæði í kaupgjaldssamningum stéttarfélaga um lægra kaup konum til handa falla úr gildi.

Engum dytti nú í hug, að konan í kennarastétt skuli hafa lægri laun fyrir sitt kennarastarf en karlmaðurinn, stéttarbróðir hennar. Það mundi á sama hátt þykja fjarstæða, að kona í læknisstarfi eða kona, sem væri lögfræðingur, ætti að hafa lægri laun eða vinna samkvæmt lægri taxta lækna eða lögfræðinga en karlmenn í þessum stéttum. En á ýmsum öðrum sviðum ris almenningsálitið ekki enn þá gegn miklu launamisrétti kvenna í þjónustu þess opinbera.

Á líkan hátt er þessu farið við ýmis störf í þjónustu atvinnuveganna.

Við nokkur störf, svo sem fiskflökun í hraðfrystihúsunum, vinnu við skreið, hreistrun á fiski, blóðhreinsun og spyrðingu á fiski til herzlu, vinnu við fiskþvottavélar, vinnu við hrogn og saltsíld og nokkur fleiri störf, er nú víðast hvar á landinu talið sjálfsagt að greiða konum sama kaup og körlum.

En þrátt fyrir þetta er það enn þá aðalreglan, að konum í fiskiðnaðinum sé greitt um 20% lægra kaup en körlum er greitt. Á þetta sér eigi sízt stað við þau störf, þar sem konur afkasta fullkomlega eins verðmætu starfi og karlmenn mundu skila í þeirra sporum.

Í þessu er sem sé ekkert samræmi lengur, og er því sá einn kostur fyrir hendi til að binda endi á það að viðurkenna til fulls launajafnrétti kvenna og karla.

Þegar þetta frumvarp var flutt á síðastliðnu hausti, var kaup í almennri verkakvennavinnu 78.08% af kaupi karla við sömu störf. — Kvennakaupið var kr. 16.14 á klst. móti kr. 20.67, er körlum var greitt.

Nú er kvennakaup í Tálknafirði kr. 19.34 á klst. Á Skagaströnd hefur samizt um sama kaup til kvenna og karla, þ. e. kr. 20.67 á klst. Með hinum nýju samningum í Vestmannaeyjum samdist um, að fram til 15. maí í vor verði kaup kvenna í almennri vinnu kr. 19.19 á klst. við þurrkhúsvinnu og við pökkun á saltfiski kr. 21.38 á klst. og við þá vinnu, sem áður var goldin karlmannskaupi, kr. 23.75.

Hefur því allnokkuð áunnizt í jafnréttisátt í þessum málum, meðan meiri hluti Alþingis hefur legið á frumvarpinu um sömu laun kvenna og karla og spyrnt gegn öllu réttlæti.

Verkakvennafélögin bera nú öll fram kröfu um, að kvennakaupið í almennri vinnu verði a. m. k. 90% af kaupi karla. Munu þau fylgja fast fram þeirri lágmarkskröfu. Þannig er lokasóknin nú þegar hafin til algers launajafnréttis kvenna og karla.

Ísland hefur bæði sem aðildarríki að Alþjóðavinnumálastofnuninni og sem þátttökuríki í Sameinuðu þjóðunum skuldbundið sig til að stuðla að fullu launajafnrétti kvenna. En samt virðist Alþingi Íslendinga enn um sinn ætla sér það hlutskipti að spyrna á móti broddunum í þessu mannréttindamáli.

Alþýðusamband Íslands hefur oftar en einu sinni verið beðið umsagnar um frumvarp þetta við fyrri flutning þess. Hefur Alþýðusambandið ávallt mælt mjög eindregið með því, að það yrði samþykkt. Af þessum sökum þótti ekki ástæða til að senda Alþýðusambandinu frumvarpið til umsagnar í þetta sinn.

En á þessu þingi var flutt í háttvirtri efri deild frv. til laga um launajöfnuð kvenna og karla. Aðalefni þess er það, að á árunum 1962—1967 skuli laun kvenna hækka til jafns við laun karla í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu. Hin árlega launahækkun skal ákveðin af þriggja manna nefnd — launajafnaðarnefnd, og skal Alþýðusamband Íslands eiga í henni einn fulltrúa af þremur.

Um þetta frumvarp var Alþýðusambandið beðið umsagnar. Það mælti gegn því,

en lýsti jafnframt eindregnum stuðningi við frumvarpið um sömu laun kvenna og karla. — Rétt þykir að birta umsögn þessa sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Alþingi, 22. marz 1961.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Jón Skaftason.

Fylgiskjal.

Umsögn Alþýðusambands Íslands um frv. Jóns Þorsteinssonar o. fl. um launajöfnuð kvenna og karla.

15. desember 1960.

Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur rætt um frumvarpið um launajöfnuð kvenna og karla, sem flutt er af Jóni Þorsteinssyni og fleirum.

Það er niðurstaða þessara umræðna, að miðstjórnin treystir sér ekki til að mæla með samþykkt frumvarpsins. Til þess gengur það allt of skammt.

Kvennasamtökin í landinu hafa þegar sett fram kröfur um, að kvennakaup verði hvergi lægra en 90% af kaupi karla. Nú er kvennakaupið sem næst 78% af kaupi karla. Af því sést, að konurnar hugsa sér að ná launajafnréttinu í tveimur áföngum og þó hinn stærri hlut í samningum þeim, sem nú standa fyrir dyrum.

Ef gert er ráð fyrir, að kaup karla hækki í væntanlegum samningum um 17%, væri almennt verkamannakaup kr. 24.18 í dagvinnu. Ef kvennakaupið væri 90% af þessu kaupi, hefði það hækkað um kr. 5.63 á klst.

En samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að fyrsta lagfæring til launajafnaðar fáist 1. janúar 1962 og þá aðeins 76 aurar á klst., miðað við núverandi kaupgjald, — en ekki yrði launajöfnuði náð samkvæmt því fyrr en á árinu 1967.

Þá er upptalningin í 1. grein: „verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu" allt of takmörkuð. Fjöldi starfsgreina kvenna innan A. S. Í. fengi enga lagfæringu launa samkvæmt þessu. Ákvæði 1. greinar um launajöfnuð á árunum 1962—1967 mundu aðeins ná til þeirra kvenna, sem vinna eftir samningum almennu verkakvennafélaganna — eftir samningum Iðju — og eftir samningum verzlunarfólks. En hvað um konur, er vinna í sjúkrahúsum, í prentsmiðjum, við bókband o. s. frv., o. s. frv.?

Út af 3. grein frumvarpsins viljum við taka fram, að verkalýðsfélögunum er áreiðanlega næsta óljúft að láta ákvörðun um kaupgjaldsmál sín í hendur nefndar, sem verkalýðssamtökin ættu í aðeins einn fulltrúa af þremur.

Samkvæmt 4. gr. eiga stéttarfélög, sem semja um kaup og kjör, að sækja um launahækkanir til þessarar nefndar. Samkvæmt sömu grein hafa samningar, sem félögin gera við atvinnurekendur, ekki gildi, fyrr en þeir hafa hlotið staðfestingu af þessari margnefndu nefnd.

Með þessu er samningsaðstaða verkalýðsfélaganna öll torvelduð og samningsrétturinn beint skertur.

Verður því ákvæði 5. greinar einskis virði. Væri frumvarpið orðið að lögum, mundu atvinnurekendur auðvitað vitna til laganna og alls ekki ljá máls á að semja um launajafnrétti fyrr en á árinu 1967.

Mjög er líka hætt við, að kröfum kvenna nú um hinn mikla áfanga til launajafnréttis, sem konurnar hyggjast nú að ná, verði svarað með því að segja sem svo:

Verkalýðsleiðtoginn Eggert Þorsteinsson, fyrrverandi lögfræðingur Alþýðusambandsins Jón Þorsteinsson og alþýðuflokksmaðurinn Friðjón Skarphéðinsson hafa lagt til, að byrjað sé á að minnka bilið milli kvenna- og karlakaupsins í ársbyrjun 1962. Hvað eruð þið þá að krefjast stórkostlegra kauphækkana, sem minnki bilið milli kvenna- og karlakaups að meira en hálfu nú þegar? — Nei, konur góðar,

hættið við allar slíkar kröfur nú. Við skulum bíða, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, til að byrja með til ársins 1962 og sætta okkur síðan við, að launajöfnuði þess fólks, sem nefnt er í 1. grein, verði náð á árinu 1967.

Mun nú brátt sýna sig, hvort þessum rökum verður ekki beitt af atvinnurekendum gegn kröfum kvennasamtakanna í væntanlegum samningum.

Það er því skoðun miðstjórnar, að auk alls þess, sem nú hefur verið nefnt, sé frumvarpið flutt á mjög óheppilegum tíma.

Miðstjórn Alþýðusambandsins er þá einnig kunnugt um, að fyrir háttvirtu Alþingi liggur einnig annað frumvarp um sömu laun kvenna og karla. Það gengur lengra en þetta frumvarp í öllum atriðum, og mælir miðstjórnin eindregið með því, að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands,

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 598. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna var flutt á öndverðum vetri og hefur legið óafgreitt hjá nefndinni mánuðum saman. — Það var sent til umsagnar ýmsum aðilum, þ. á m. Vinnuveitendasambandi Íslands.

Vinnuveitendasambandið viðurkennir í umsögn sinni þörfina fyrir slíkan skóla, en mælir þó gegn því, að frumvarpið verði samþykkt.

Meiri hl. nefndarinnar, þeir Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, er andvígur frumvarpinu og leggur til, að það verði fellt. — Jón Skaftason er ekki samþykkur frumvarpinu í öllum atriðum og mun því skila séráliti. En ég undirritaður legg eindregið til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 22. marz 1961.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 599. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1961.

Jón Pálmason, form.	Ben. Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.
Karl Guðjónsson.	Helgi Bergs.	

Sþ. 600. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um hlutdeild hinna einstöku atvinnugreina í þjóðarframleiðslunni.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað till. og einnig till. til þál. á þskj. 96 um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins, sem snertir einn þátt umræddra athugana.

Með hliðsjón af athugun málsins í heild leggja undirritaðir nefndarmenn til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Síðari hluti tillögugreinarinnar orðist svo:

3. Heildarfjármagni, sem bundið er í atvinnuvegunum hverjum um sig og notkun rekstrarfjár.
4. Gerður verði samanburður á beinum og óbeinum framlögum og styrkjum af hálfu hins opinbera til einstakra atvinnustétta og atvinnuvega.

Rannsókn þessi verði framkvæmd af Framkvæmdabanka Íslands með aðstoð Hagstofu Íslands. Leitazt skal við að láta hana ná yfir nokkurt tímabil. Verði rannsókn þessari hraðað eftir föngum, og þegar niðurstöður hennar liggja fyrir, skal birta þær þjóðinni í ljósu og aðgengilegu formi.

Alþingi, 22. marz 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason.
Jónas G. Rafnar. Jón Árnason.

Sþ. 601. Nefndarálit [116. mál]

um till. til þál. varðandi leiðbeiningastarfsemi í niðursuðuiðnaði.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn Fiskifélags Íslands.

Svo sem skýrt er frá í greinargerð tillögunnar, hefur þegar að tilhlutun IMSÍ verið fenginn ráðunautur til þess að rannsaka ástand niðursuðuiðnaðarins og benda á leiðir til eflingar þeim atvinnuvegi. Sérfræðingur þessi hefur skilað ýtarlegri skýrslu, sem mun vera til athugunar hjá viðkomandi aðilum. Að leiðbeiningarstarfi er og þegar unnið af hálfu Fiskifélagsins.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Með hliðsjón af því, að kunnugt er, að ríkisstjórnin hefur vakandi áhuga á þessu vandamáli, telja undirritaðir nefndarmenn hvorki heppilegt né nauðsynlegt, að Alþingi mæli fyrir um tiltekna aðferð til úrbóta, og leggja því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. marz 1961.

Magnús Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gislason.
Jónas G. Rafnar. Jón Árnason.

Sþ. 602. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um athugun á möguleikum til vitagerðar á Eldeyjarboða.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvort unnt sé að koma upp vitabyggingu á Eldeyjarboða. Skal rannsókn þessi einnig taka til þess að fá upplýsingar um, úr hvaða bergtegundum Eldeyjarboði sé og styrkleika hugsanlegrar undirstöðu.

Greinargerð.

Eldeyjarboði er um 17.5 sjómílur til suðvesturs frá Geirfugladrang, og er talið, að hann hafi að nokkru leyti myndazt við eldsumbrot árið 1783, sbr. Landskjálftar á Íslandi, Þorv. Thoroddsen, bls. 254. Í fyrstu myndaðist þar eyja, sem konungur sló eign sinni á, sbr. Lovsamling for Island IV., bls. 744, en eyjan hvarf aftur í djúpið. Samkvæmt því, sem segir í „Den islandske lods", frá 1903, er Eldeyjarboða lýst á þann hátt, að hann sé gamall gígur um ⅓ úr sjómílu að ummáli og komi þrír tindar hans úr sjó við stórstraumsfjöru.

Vitabygging á Eldeyjarboða er mikilsverð öryggisráðstöfun fyrir sjófarendur, en auk þess hefur dr. Gunnlaugur Þórðarson bent á það m. a. í grein í Tímanum 21. þ. m., að yrði byggður viti þarna, fengist þar nýr mikilvægur grunnlínupunktur.

Af þessum ástæðum verður að telja fyllilega réttmætt, að nokkru fé sé varið til þess að framkvæma þá rannsókn, er tillagan fjallar um.

Ed. 603. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir undirritaður meiri hluti nefndarinnar með því, að frumvarpið verði samþykkt. ÓlJ undirritar þó nefndarálitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja og styðja breytingartillögur.

Alþingi, 22. marz 1961.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Sigurður Ó. Ólafsson.
Ólafur Jóhannesson, með fyrirvara.

Ed. 604. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1961.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Ólafur Jóhannesson. Alfreð Gíslason.

Sþ. 605. Nefndarálit [46. mál]

um till. til þál. um verndun geitfjárstofnsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. og leggur til, að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, á hvern hátt tiltækilegast sé að koma í veg fyrir eyðingu geitfjárstofns landsmanna.

Alþingi, 22. marz 1961.

Magnús Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Ingvar Gíslason, frsm.
Halldór Ásgrímsson. Guðl. Gíslason. Jónas G. Rafnar.
Jón Árnason. Halldór E. Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Sþ. 606. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [188. mál]

í málinu: Till. til þál. um alþingishús.

Frá Gísla Jónssyni.

Í trausti þess, að forsetar Alþingis taki mál þetta til athugunar og beiti sér fyrir hagkvæmri lausn á því, telur þingið ekki ástæðu til að samþykkja ályktun í málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 607. Þingsályktun [63. mál]

um raforkumál á Snæfellsnesi.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sem allra fyrst fara fram rækilega athugun á því, hvernig auðið sé að leysa á viðunandi hátt raforkumál Snæfellinga.

Sþ. 608. Þingsályktun [98. mál]

um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 109.

Sþ. 609. Þingsályktun [110. mál]

um vita, leiðarmerki og öryggi sjófarenda.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög um stjórn vitamála og vitabyggingar með hliðsjón af þeim búnaði, sem nú tíðkast á fiski- og farskipum hér við land; einnig að fá tillögur kunnáttumanna á þessu sviði um, hvernig því fé, sem fer til þessara mála, verði bezt varið til öryggis sjófarenda við landið.

Einnig skal athuga, eftir því sem við á, þá þýðingu, sem slík tæki kunna að hafa fyrir flugsamgöngur.

Sþ. 610. Þingsályktun [127. mál]

um sameiningu löggæzlu og tollgæzlu.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir, sameina almenna löggæzlu og tollgæzlu.

Sþ. 611. Þingsályktun [137. mál]

um endurskoðun á lögum um vegi.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun og endurskoðun á gildandi lögum um opinbera vegi og brýr og láta jafnframt athuga möguleika á öflun fastra tekjustofna til vega og brúagerða.

Sþ. 612. Þingsályktun [132. mál]

um rannsókn á magni smásíldar hér við land.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 193.

Sþ. 613. Þingsályktun [51. mál]

um undirbúning löggjafar um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 53.

Sþ. 614. Þingsályktun [66. mál]

um undirbúning löggjafar um ferðamál.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Alþingi ályktar af fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um ferðamál og verði við undirbúning þeirrar löggjafar tekið til alhliða athugunar, á hvern hátt sé af opinberri hálfu hægt að stuðla að auknum gjaldeyristekjum þjóðarinnar af ferðamannaþjónustu. Við undirbúning löggjafarinnar skal haft samráð við þá aðila, er sérstaklega vinna að ferðamálum eða hafa beinna hagsmuna að gæta í því sambandi.

Ed. 615. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til laga um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. (KK) er andvígur frv. í þeirri mynd, sem það er, og vill gera á því breytingar. Einn nefndarmanna (AGl) var fjarverandi, er málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 23. marz 1961.

Friðjón Skarphéðinsson, form.	Auður Auðuns, frsm.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.

Sþ. 616. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um fjáröflun til byggingarsjóða.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar, og leggur undirritaður minni hl. til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Þörf byggingarsjóðs ríkisins fyrir aukin framlög er mjög brýn, enda hefur byggingarkostnaður hækkað stórlega, síðan efnahagsráðstafanirnar voru gerðar á s. l. ári, og reynsla er fyrir því, raunar fyrr og síðar, að umsóknir um lán eru ávallt miklu fleiri en hægt hefur verið að fullnægja, og má gera ráð fyrir, að hlutfallið að þessu leyti eigi enn eftir að versna, þegar tekið er tillit til hins stórhækkaða

byggingarkostnaðar, sem gerir þörf húsbyggjenda fyrir hærri lánsfjárhæðir en veittar hafa verið brýnni en nokkru sinni áður.

Lán úr byggingarsjóði ríkisins hafa á undanförnum árum numið eftirgreindum upphæðum:

1955	24.4 millj.	kr.	
1956	63.6 —	—	
1957	45.6 —	—	
1958	48.7 —	—	
1959	34.5 —	—	
1960	71.8 —	—	(að frádr. víxillánum 59.8 millj.)

Samkvæmt umsóknum, sem lágu fyrir hjá húsnæðismálastjórn um s. l. áramót, nema lánsbeiðnir um 130 millj. kr.

Sést af þessu, að 1960 hefur byggingarsjóður lagt fram talsvert hærri upphæð en næstu ár á undan, og er það út af fyrir sig þakkarvert. En þó ber þess að geta, að hér er ekki um nýtt fjármagn að ræða að öllu leyti, því að 12 millj. kr. af þessari upphæð eru ýmsar víxilskuldir húsbyggjenda, sem breytt var í föst lán með sérstökum samningum við lánsstofnanir.

Ef halda á sömu upphæð á þessu ári og talin er hafa verið veitt úr sjóðnum á árinu 1960 og sízt var of há, miðað við aðstæður, verður því enn að leita eftir nýrri tekjuöflun á þessu ári, og kæmi þá e. t. v. til álita að fara aftur fram á það við bankastofnanir, að þær breyti einhverju af víxilskuldum húsbyggjenda í föst lán, svo sem gert var í fyrra. Slíkt leysir vandann þó aldrei nema að sáralitlu leyti, enda fyrirsjáanlegt, að hvort sem er verður að leita annarra úrræða, þar sem lögbundnir tekjustofnar byggingarsjóðs standa engan veginn undir lánsfjárþörfinni, og þar við bætist, að áætlað er, að þessir tekjustofnar gefi minna en verið hefur undanfarin ár, eins og sést af því, að árið 1959 voru fastatekjur sjóðsins 36.95 millj. og árið 1960 32.30 millj. og eru áætlaðar 31.40 millj. á þessu ári. Er sýnilegt, að tekjurnar ganga saman ár frá ári. Úr þessu verður að bæta, bæði með því að efla hina föstu tekjustofna og bæta nýjum við og leggja sjóðnum auk þess til bein fjárframlög, meðan hann er ómegnugur þess að sinna hlutverki sínu af sjálfsdáðum. Ber vitanlega að stefna að því að gera grundvöll veðlánakerfisins slíkan, að það geti staðið undir sanngjarnri lánsaðstoð vegna eðlilegrar og sjálfsagðrar byggingarstarfsemi, sem er að allra dómi mjög mikilvægur þáttur í þjóðarbúskapnum og ber að sinna sem slíkum.

Í sambandi við fjármagnsþörf byggingarsjóðanna má minna á, að ríkissjóði hefur nýlega áskotnazt álitleg upphæð, 6 milljónir dollara, eða um 230 millj. kr., sem er óafturkræft framlag frá Bandaríkjastjórn vegna tekjumissis, er leiddi af gengislækkuninni. Virðist ekki óeðlilegt, að hluti þessarar upphæðar verði látinn ganga til byggingarsjóðanna til eflingar starfsemi þeirra.

Alþingi, 21. marz 1961.

Ingvar Gíslason, frsm. Karl Guðjónsson. Halldór E. Sigurðsson.

Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 617. Nefndarálit [57. mál]

um till. til þál. um rannsókn á slysum við akstur dráttarvéla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. og mælir með samþykkt hennar óbreyttrar. Leitað var umsagnar öryggismálastjóra, Slysavarnafélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands. — JPálm var ekki við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, frsm.	Gísli Guðmundsson.
Gísli Jónsson.	Hannibal Valdimarsson.	Jón Kjartansson.

Nd. 618. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [173. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. marz.)

Samhljóða þskj. 383 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Með sveitarfélögum er í lögum þessum átt við hreppa og kaupstaði.
Takmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.—8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr.

3. gr. hljóðar svo:
Kaupstöðum og sýslum má eigi fækka eða fjölga nema með lögum.
Sama gildir um breytingu á takmörkum kaupstaða og sýslna.

5. gr. hljóðar svo:
Nú hefur íbúatala hrepps verið lægri en 100 samfellt í fimm ár, og er þá ráðuneytinu heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að sameina hreppinn þeim nágrannahreppi í sömu sýslu, sem sýslunefnd telur eftir atvikum bezt henta.
Ef skuldir slíks hrepps eru svo miklar, að þær torveldi sameiningu hreppanna, má ráðuneytið verja fé úr Jöfnunarsjóði til greiðslu hluta þeirra, svo að eigi verði talið, að þær íþyngi hinum sameinuðu hreppum óeðlilega.

6. gr. hljóðar svo:
Nú er kauptún eða þorp með 300 íbúa eða fleiri í hreppi og hinn hluti hreppsins telur 200 íbúa eða fleiri, og hefur þá hvort um sig, kauptúnið eða þorpið annars vegar, og sá hluti hreppsins, sem kauptúnið eða þorpið er ekki í, hins vegar, rétt til þess að vera sérstakt sveitarfélag.
Nú hafa tilmæli um skiptingu hrepps samkvæmt 1. mgr. verið samþykkt á sveitarfundi, sbr. 31. gr., af a. m. k. ⅔ hlutum hreppsbúa, sem eiga lögheimili í þeim hluta hans, sem óskar skiptingar, og skal þá ráðuneytið skipta hreppnum samkvæmt 1. mgr. Ráðuneytið ákveður takmörk milli hinna nýju sveitarfélaga samkvæmt grein þessari, eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar.

7. gr. hljóðar svo:
Ráðuneytið getur skipt hreppi, samkvæmt beiðni hreppsnefndar að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 200.
Ráðuneytið ákveður hreppamörk, þegar skipt er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr. hljóðar svo:
Ef ekki næst samkomulag um fjárreiður hreppa, þegar þeir eru sameinaðir eða þeim er skipt, samkvæmt 4., 6. eða 7. gr. þessara laga, sker ráðuneytið úr ágreiningi.

12. gr. hljóðar svo:
Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn: í hreppum hreppsnefnd og í kaupstöðum bæjarstjórn, er í Reykjavík nefnist borgarstjórn.
Sveitarstjórn sér um, að hlutverk sveitarfélags, sbr. 10. gr., sé rækt, og annast öll málefni sveitarfélagsins.

13. gr. hljóðar svo:
Í hverri bæjarstjórn skulu vera níu bæjarfulltrúar, en haldast má þó óbreytt tala bæjarfulltrúa í kaupstöðum eins og nú er.
Ráðuneytinu er heimilt að breyta tölu bæjarfulltrúa, samkvæmt ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar, þó þannig, að þeir séu eigi færri en sjö og eigi fleiri en ellefu.
Í Reykjavík skulu borgarfulltrúar eigi vera færri en 15 og eigi fleiri en 27.

17. gr. hljóðar svo:
Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fara fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar.
Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, kosning skal fram fara vegna skipta á sveitarfélagi, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla aðalmanna og varamanna, eða ef kjósa á bæjarstjórn, samkvæmt 33. gr. 2. mgr., og skal þá kosning fram fara svo fljótt sem við verður komið.

18. gr. hljóðar svo:
Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir sem:
a. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
b. eru íslenzkir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
c. eru fjárráðir.
Að fullnægðum skilyrðum þessarar greinar, a—c, hefur hver þegn sveitarfélags kosningarrétt í sínu sveitarfélagi, sbr. 9. gr.

19. gr. hljóðar svo:
Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa í sveitarfélaginu.
Þeim, sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára, er skylt að taka við kjöri í sveitarstjórn.
Þeim, sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur, er þó ekki skylt að taka við kjöri, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfleytt

sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri.

20. gr. hljóðar svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósandi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Réttkjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru réttkjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt varanlega frá því að eiga sæti í sveitarstjórn.

Nú forfallast aðalmaður, samkvæmt 2. mgr., sem átt hefur sæti á framboðslista, sem tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar stóðu að, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður sá, sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir voru kosnir, án tillits til þess, hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Nú forfallast aðalfulltrúi um stundarsakir vegna veikinda eða annars, og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum, sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna, skal varamaður taka sæti hans samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

27. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

32. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdastjórn sveitarfélaga annast borgarstjóri í Reykjavík, bæjarstjórar í öðrum kaupstöðum og oddvitar eða sveitarstjórar í hreppunum eftir því, sem nánar er mælt fyrir í kafla þessum.

Heimilt er borgarstjórn Reykjavíkur að ákveða, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík. Verði slík heimild notuð, skal störfum milli borgarstjóranna skipt með ákvæðum í reglugerð.

Ákvæði laga þessara um bæjarstjóra og bæjarráð gilda og um borgarstjóra og borgarráð í Reykjavík.

34. gr. hljóðar svo:

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og annast yfirleitt framkvæmdir bæjarmálefna, nema bæjarstjórn hafi ákveðið annað um einstök mál.

Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og nefnda hennar, en hefur ekki atkvæðisrétt, nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á bæjarstjórnar- og nefndarfundum. Ekki má kjósa hann í fastar nefndir, nema hann sé bæjarfulltrúi, en fela má honum formennsku slíkra nefnda.

43. gr. hljóðar svo:
Sveitarstjóri fer með þau störf, sem oddvita eru falin, sbr. 39. gr.
Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hennar. Eigi hefur hann atkvæðisrétt þar, nema hann sé einnig hreppsnefndarmaður.
Sveitarstjórn setur samþykkt, er ráðherra staðfestir, um starfssvið sveitarstjóra og laun, sem greiðast úr hreppssjóði.

46. gr. hljóðar svo:
Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins næsta reikningsár. Ráðuneytið getur veitt bæjarstjórnum og sýslunefndir hreppsnefndum undanþágu frá þessu ákvæði, þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi, þó eigi lengur en til 31. marz næsta árs.
Ræða skal fjárhagsáætlun á tveim fundum með að minnsta kosti einnar viku millibili, sbr. þó 28. gr.
Fjárhagsáætlun, samkvæmt þessari grein, skal vera meginregla um upphæð gjalda í sveitarfélaginu og fjárstjórn þar á reikningsárinu.

47. gr. hljóðar svo:
Sveitarstjórn skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn sveitarfélagsins. Hún skal sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með. Sveitarstjórn skal og gæta þess, að peningaeign sveitarfélagsins sé haldið aðgreindri frá peningaeign sjóðshaldara eða annarra, og sjá um, að fé sveitarfélagsins sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, eftir því sem við verður komið.
Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má eigi greiða, nema til komi samþykki sveitarstjórnar, og enga greiðslu má inna af hendi nema með samþykki bæjarstjóra, sveitarstjóra eða oddvita, eftir því sem við á.

55. gr. hljóðar svo:
Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn og í fyrsta skipti að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Bæjarstjórnir skulu kjósa tvo endurskoðendur og hreppsnefndir einn eða tvo endurskoðendur. Um leið skulu kosnir jafnmargir varaendurskoðendur.
Fulltrúar í sveitarstjórn eru eigi kjörgengir sem endurskoðendur eða varaendurskoðendur sveitarsjóðsreikninga, eða reikninga fyrirtækja, sem rekin eru af sveitarstjórn.
Sveitarstjórn er heimilt að starfrækja sérstaka endurskoðunardeild eða fela endurskoðunarskrifstofu, sem félagsmálaráðuneytið hefur veitt viðurkenningu, að annast reikningslega endurskoðun reikninga sveitarfélagsins.

59. gr. hljóðar svo:
Að lokinni afgreiðslu ársreikninga samkvæmt 58. gr. skal senda Hagstofu Íslands eitt eintak af reikningunum í því formi, sem ákveðið hefur verið samkvæmt 53. gr. laga þessara.
Reikninga kaupstaðanna skal einnig senda til ráðuneytisins.
Sýslumaður annast skil þessi strax að afloknum aðalfundi sýslunefndar fyrir alla hreppa sýslunnar, en bæjarstjórar annast skil, hver fyrir sinn kaupstað.
Skil til ráðuneytisins og Hagstofu Íslands samkvæmt þessari grein skulu gerð fyrir 31. júlí ár hvert.

92. gr. hljóðar svo:
Hlutverk sýslufélaga er að annast:

a. eftirlit með öllum fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna,
b. umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum,
c. setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár skrár yfir fjármörk, og einnig hestamörk, þar sem þess þykir þörf,
d. umsjón og stjórn vegamála, samkvæmt vegalögum, nr. 34/1947, lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102/1933, og lögum um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppavegi, nr. 38/1919,
e. afskipti af forðagæzlu, samkvæmt VIII. kafla laga nr. 54/1957, eftirlit samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7/1953, og úrskurðun og greiðslu reikninga, samkvæmt lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka,
f. setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna, samkvæmt lögum nr. 108/1945,
g. álitsgerðir um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað,
h. tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra. Eru þeir tilnefndir, sem flest atkvæði fá, enda sé hlutfallskosning heimil. Sýslumaður skipar síðan einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra,
i. stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og tillögur um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri,
j. önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

95. gr. hljóðar svo:
Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.
Ákvæði 16.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna.
Við kosningu til sýslunefndar er heimilt að viðhafa framboð. Við slíka kosningu gilda reglur um hlutfallskosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við getur átt.

102. gr. hljóðar svo:
Oddviti sýslunefndar er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga og annast öll bréfaviðskipti á vegum hennar. Hann ávaxtar innstæðufé sýslunnar á öruggan hátt og geymir skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins.
Oddvita ber að sjá um, að öll störf, sem sýslunefnd á að annast, sbr. 92. gr., séu tilhlýðilega unnin.

110. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.
Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:
Lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, 1.—8. gr., 17. gr., 3. málsgr. 27. gr., 30.—36. gr.
Lög nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
Lög nr. 69 27. júní 1921, um hreppskilaþing.
Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.
Lög nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra.
Tilskipun, 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.
Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Lög nr. 83/1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað.
Lög nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 2.—31. gr.
Lög nr. 61 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 3.—29. gr.
Lög nr. 33 14. júní 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2.—21. gr.
Lög nr. 26 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 3.—33. gr.
Lög nr. 58 28. nóvember 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2.—34. gr.
Lög nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, 5.—22. gr.
Lög nr. 45 27. júní 1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 5.—23. gr.
Lög nr. 60 31. október 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 5.—22. gr.
Lög nr. 57 24. maí 1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 4.—21. gr.
Lög nr. 17 22. marz 1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 5.—22. gr.
Lög nr. 109 30. desember 1949, um bæjarstjórn í Húsavík, 4.—21. gr.
Lög nr. 30 11. maí 1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 4.—22. gr.

Nd. 619. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 40. gr. Aftan við greinina bætist: nema sveitarstjórn ákveði annað.

Ed. 620. Breytingartillögur [59. mál]

við frv. til laga um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AGl).

1. 1. gr. orðist svo:
   Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum skulu konum greidd sömu laun og körlum.
2. 2. gr. orðist svo:
   Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.
3. 3. gr. orðist svo:
   Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.
4. 4. gr. orðist svo:
   Öll störf í hraðfrystihúsum, verksmiðjum og við iðju og iðnað o. s. frv. skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.
5. 5. gr. falli niður.

Nd. 621. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um jarðgöng á þjóðvegum.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum í dag, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Með hliðsjón af samþykkt sameinaðs Alþingis í gær, þar sem Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun og endurskoðun á gildandi lögum um opinbera vegi og brýr og jafnframt athuga möguleika á öflun fastra tekjustofna til vega- og brúagerða, leggur meiri hluti nefndarinnar til, að jafnframt verði athugað um tekjuöflun til að standast kostnað við jarðgöng, eins og frv. ræðir um, og með það í huga leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. marz 1961.

Sigurður Ágústsson, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm.	Jónas Pétursson.

Nd. 622. Breytingartillögur [215. mál]

við frv. til laga um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. 1. gr. orðist þannig:
   Árið 1961 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:
   Styrktarfélags vangefinna,
   Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,
   Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra.
2. Fyrirsögn orðist þannig:
   Frumvarp til laga um skattfrelsi vinninga í happdrættum Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra.

Nd. 623. Frumvarp til laga [212. mál]

um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. marz.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jarðhitasjóður. Hann er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hans.

Tekjur sjóðsins eru:

a. fé það, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni,
b. vextir af fé sjóðsins,

c. tekjuafgangur, er kann að verða hjá jarðborunum ríkisins, þar með talinn endurgreiddur kostnaður af leit og borunum, sbr. 2. gr.

Jarðhitasjóður má taka að láni allt að kr. 50000000.00 til starfsemi sinnar.

2. gr.

Úr jarðhitasjóði má verja fé til rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum, jarðeðlisfræðilegum og öðrum vísindalegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna við vinnslu jarðhita o. fl.

Úr jarðhitasjóði skal greiða kostnaðarhluta ríkisins af jarðborunum, samkv. 3. og 4. gr.

Þegar ráðizt er í framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita, sem fundizt hefur við leit samkv. fyrstu málsgrein, eða unninn með borunum skv. 3. gr. og 4. gr., skal telja með stofnkostnaði mannvirkjanna þann hluta leitar- og borunarkostnaðar, sem greiddur hefur verið úr jarðhitasjóði eða ríkissjóði, og endurgreiða hann í jarðhitasjóð með áföllnum vöxtum.

3. gr.

Ríkið lætur framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskyni til vinnslu víðs vegar um landið til hagnýtingar jarðhitans í hitaveitum til almenningsþarfa og til ræktunar, raforkuvinnslu og iðnaðar.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá jarðhitadeild raforkumálastjórnar, hvar borað er, en jafnan skal láta sitja í fyrirrúmi borun á þeim stað, eða þeim stöðum, þar sem vænta má, að verðmæti jarðhitans verði mest og komi fyrst að notum.

4. gr.

Með jarðborum ríkisins má jafnframt framkvæma jarðboranir fyrir sveitarfélög og einstaklinga, sem óska þess, eftir því sem því verður við komið og gegn greiðslu borkostnaðar. Ráðherra getur ákveðið, að hluti borkostnaðar sé eigi greiddur fyrr en mannvirkjagerð hefst til notkunar þess jarðhita, sem borað er eftir. Um þetta skal gerður samningur hverju sinni.

5. gr.

Raforkumálastjóri annast stjórn jarðhitasjóðs og reikningshald undir yfirumsjón ráðherra. Jarðhitadeild gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún send ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Greiðslur úr sjóðnum skal inna af hendi samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun, er ráðherra hefur samþykkt, eða að fenginni heimild ráðherra í hvert sinn.

Jafnan skal leita umsagnar raforkuráðs um allar greiðslur úr sjóðnum og framkvæmdir, er sjóðnum er ætlað að veita fé til.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 624. Frumvarp til laga [124. mál]

um ríkisábyrgðir.

(Eftir 3. umr. í Nd., 23. marz.)

1. gr.

Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum.

2. gr.

Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.

3. gr.

Ekki má ríkissjóður takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið.

Ríkissjóður má ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé trygging, sem fjármálaráðherra metur gilda.

4. gr.

Hver sá, er ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir, skal greiða honum áhættugjald, um leið og ábyrgð er tekin, 1% af ábyrgðarupphæð.

Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal greiða 1½% af ábyrgðarupphæð, um leið og ábyrgð er veitt.

Áhættugjald það, sem greitt verður samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skal geymt á sérstökum reikningi. Má einungis nota fé þetta, eftir því sem til vinnst, til þess að greiða ábyrgðarkröfur, sem á ríkissjóð kunna að falla, svo og kostnað við framkvæmd laga þessara. Nú endurgreiðist skuld, sem greidd hefur verið af framangreindum reikningi, og skal þá hið endurgreidda fé lagt á reikninginn.

5. gr.

Nú fellur ábyrgðargreiðsla á ríkissjóð, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að halda eftir greiðslum, er aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til greiðslu skuldarinnar, þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu eigi fyrir hendi.

6. gr.

Ekki má undan fella að ganga að tryggingu fyrir ábyrgðarláni, ef greiðsla fellur á ríkissjóð, nema sérstök heimild fjárveitinganefndar Alþingis komi til.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela einhverjum ríkisbankanum að vera fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem fjármálaráðherra kveður nánar á um. Skal sá banki kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og að því búnu gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda. Þá skal og bankinn fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, og eru þeir skyldir að láta bankanum í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er bankinn telur nauðsynleg, til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Ef einhver tregðast við að láta umbeðnar upplýsingar í té, má fjármálaráðherra beita dagsektum, allt að 500 kr. fyrir hvern dag, unz gögnin eru í té látin. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má í þeirri reglugerð m. a. ákveða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli fyrir á annan hátt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur til fjármálaráðherra um, hversu innheimta skuli eða semja um skuldir vegna ábyrgða, sem á ríkissjóð hafa fallið. Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, ef fjárveitinganefnd mælir einróma með eftirgjöf.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til ný lagaákvæði hafa verið sett um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, skal heimilt, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., að veita ríkisábyrgð vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

Sþ. 625. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Á Alþingi í fyrra var af hálfu Framsóknarflokksins flutt í efri deild frv. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það frv. hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Snemma á þingi því, er nú situr, var svo þetta frv. flutt í annað sinn, einnig í Ed. Var málinu útbýtt á Alþingi 20. okt. og vísað til nefndar að lokinni 1. umræðu 31. okt. Meginefni frv. þessa er að koma föstu skipulagi á tiltekinn þátt þeirrar starfsemi, sem að því miðar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og tryggja, svo sem unnt er, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, verði ekki felldar niður. Í þessu skyni er í frv. m. a. kveðið á um, að stofnaður skuli Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður og árlegt framlag til hans 20 millj. kr. Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að úr sjóðnum verði veitt lán til að „kaupa eða koma upp atvinnutækjum eða aðstöðu til hvers konar framleiðslu- og atvinnuaukningar, sem til þess er fallin að efla atvinnulífið í landinu og stuðla að jafnvægi í byggð landsins“, að lánin verði veitt „sveitarfélögum, samvinnu- og hlutafélögum og einstaklingum og þá fyrst og fremst í þeim landshlutum, sem verst eru á vegi staddir í atvinnumálum“, og að leitað verði „umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar, áður en lán er veitt félagi eða einstaklingi“. Gert er ráð fyrir, að skipuð verði sérstök sjóðstjórn og að hún geti haft með höndum „að gera árlega skýrslu um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í einstökum byggðarlögum, eftir því sem ástæða þykir til, og tillögur og áætlanir um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins“ og að lán úr sjóðnum verði veitt „með hliðsjón af slíkum tillögum og áætlunum“. Ýmis fleiri ákvæði eru í frv., sem miða að því að styrkja þá starfsemi, sem hér er um að ræða. Gert er ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn annist dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir fyrirmælum sjóðstjórnar.

Enn hefur þetta frv. ekki fengizt afgreitt úr nefnd í efri deild og þó senn komið að þinglokum. Hins vegar var till. sú til þál., sem fyrir liggur, með fremur óákveðnu orðalagi, flutt fyrir nokkru í sameinuðu þingi, og standa að henni 7 þingmenn úr Sjálfstæðisflokknum. Virðist hér vera um að ræða eins konar frávísunartillögu eða dagskrá í sambandi við frumvarpið í efri deild, þótt með óvenjulegum hætti sé. Tillagan virðist hafa átt að gefa tilefni til að fresta enn á ný afgreiðslu þess mikilvæga málefnis fyrir byggðir landsins, sem frv. í efri deild fjallar um.

Afgreiðsla frv. hefur nú verið dregin svo lengi, að þess er varla að vænta, að það verði að lögum á þessu þingi. Eftir atvikum getur minni hl. því fallizt á, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að

jafnvægi í byggð landsins, sem í meginatriðum verði sniðið eftir frv. því, er nú liggur fyrir efri deild á þskj. 65.

Alþingi, 22. marz 1961.

Gísli Guðmundsson, frsm. Jón Kjartansson. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 626. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er öll sammála um að styðja að framgangi þess. Tveir nefndarmenn, Ásgeir Bjarnason og Páll Þorsteinsson, áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartill. við frumvarpið og munu skila sérstöku áliti.

Alþingi, 23. marz 1961.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson.

Ed. 627. Lög [128. mál]

um þátttöku Íslands í Hinni alþjóðlegu framfarastofnun.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 381.

Ed. 628. Lög [179. mál]

um Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 506 (sbr. 314).

Ed. 629. Lög [183. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 507 (sbr. 348).

Nd. 630. Frumvarp til laga [180. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 23. marz.)

Samhljóða þskj. 315 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

11. gr. hljóðar svo:

Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, svo og aðrar opinberar lánsstofnanir og fjárfestingarsjóðir, skulu geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið.

Seðlabankinn getur ákveðið, að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei vera hærri en 20% af því innstæðufé hjá viðkomandi stofnun, sem ávísa má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum. Seðlabankinn getur innan þessara hámarka breytt þessu hlutfalli, þegar ástæða þykir til, en sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnunum sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 2. málsgrein.

Valdi flutningar innstæðna vegna framkvæmdar 1. eða 2. málsgreinar í upphafi erfiðleikum fyrir ákveðnar innlánsstofnanir, skal Seðlabankinn leitast við að leysa úr því, m. a. með því að yfirtaka samtímis af viðkomandi stofnun verðbréf eða aðrar eignir, sem hann metur gildar.

13. gr. hljóðar svo:

Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, er um ræðir í 10. grein, mega reikna af innlánum og útlánum. Nær þetta vald einnig til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960. Vaxtaákvarðanir skulu birtar í Lögbirtingablaði. Ákvörðunarvald þetta nær einnig til þóknunar, sem jafngildir vöxtum að áliti Seðlabankans.

15. gr. hljóðar svo:

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf, og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna til og reka kaupþing, þar sem verzlað yrði með vaxtabréf og hlutabréf samkvæmt reglum, sem bankastjórnin setur og ráðherra staðfestir.

26. gr. hljóðar svo:

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Bankastjórnin heldur fundi með sér svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Skal nánar kveðið á um umboð til skuldbindingar í reglugerð.

28. gr. hljóðar svo:

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

34. gr. hljóðar svo:

Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundir þagnarskyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.

37. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 63 frá 21. júní 1957.

Nd. 631. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um vega- og brúasjóð.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og sent það vegamálastjóra til umsagnar. Vegamálastjóri hefur sent nefndinni ýtarlega umsögn um frv. og telur það spor í framfaraátt — með auknum tekjum til að standa undir vega- og brúaframkvæmdum. Hann bendir þó á, að í frv. er ekki gert ráð fyrir, að fé úr fyrirhuguðum sjóði fáist til sýsluvega og hreppavega, sem hafa þó mikla þörf fyrir aukin fjárframlög til vega- og brúagerða. Þá segir vegamálastjóri enn fremur:

„Þar sem komin er fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um heildarendurskoðun á vegalögum, hef ég í greinargerð til fjárveitinganefndar, dags. 15. þ. m. (febr.), lagt til, að við þá endurskoðun verði athugað að fella inn í vegalögin ákvæði um fasta tekjustofna til vega- og brúaframkvæmda, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Með tilvísun til þessa leyfi ég mér að leggja til, að frumvarp þetta verði að efni til fellt inn í vegalög við væntanlega endurskoðun þeirra.“

10. landsk. þm., Bjartmar Guðmundsson, og fleiri alþingismenn hafa í sameinuðu þingi flutt till. til þál. um endurskoðun á lögum um vegi, sem vegamálastjóri vitnaði til í umsögn sinni. Fjárveitinganefnd mælti einróma með samþykkt tillögunnar og gerði hana fyllri með því að leggja til að láta fram fara athugun og endurskoðun um brýr, sem byggðar eru á vegum þess opinbera, og jafnframt athuga möguleika á öflun fastra tekjustofna til vega- og brúagerða. Nú hefur þingsályktunartillaga þessi verið samþykkt í sameinuðu þingi.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv., en meiri hluti hennar leggur til í samræmi við framanritað, að hv. deild samþykki að **vísa frv. til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. marz 1961.

Sigurður Ágústsson, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson.

Ed. 632. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. l. nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Magnús Jónsson. Björn Jónsson.

Ed. 633. Lög [152. mál]

um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 514.

Ed. 634. Lög [209. mál]

um breyting á lögum nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 463.

Ed. 635. Lög [207. mál]

um breyting á lögum nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 440.

Nd. 636. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til laga um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Fyrirsögn orðist svo:
Frumvarp til laga um afhendingu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

Ed. 637. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta flytja þrír Alþýðuflokksmenn, þ. e. allir Alþýðuflokksmennirnir í efri deild, og mun því mega telja, að þar komi fram afstaða flokksins til launajafnaðar kvenna og karla. Ekki er hægt að segja, að sú afstaða sé sérlega skelegg eða myndarleg.

Efni frumvarpsins er, að laun kvenna skuli á sex árum hækka „til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu“.

Manni verður fyrst fyrir að spyrja: Hvers vegna ekki jöfn laun kvenna og karla fyrir sömu störf í öllum starfsgreinum? Hér virðist ekki verið að hugsa um að tryggja öllum konum sama rétt. Áhuginn ekki heilsteyptari en þetta.

Ekki skal heldur samkv. frumv. fara hraðara en það til jafnréttisins, að launamunurinn jafnist um ⅙ hluta á ári, svo að það taki sex ár að koma honum í kring.

Sett skal samkv. frumvarpinu ríkislaunuð nefnd manna, er stéttarfélög kvenna skulu sækja um þessar launahækkanir til, eða að minnsta kosti verða stéttarfélögin að fá árlega hjá nefndinni staðfesta hækkunina. Og fleira er í frumvarpinu af fyrirmælum, sem hafa í för með sér skriffinnsku í sex ár og hlaup aftur og fram.

Engu er líkara en að Alþýðuflokkurinn sé feiminn við að bera fram málefni jafnréttisins og vilji seinka því, að konur komi í kring þessu áhugamáli sínu. Við hvað er hann feiminn? Er hann feiminn við félaga sinn, Sjálfstæðisflokkinn? Eða lumar hann sjálfur á íhaldsseminni, er í frumvarpinu felst? Tillögu um skipun óþarfrar nefndar á launum í sex ár undrast vissulega enginn úr þeirri átt.

Með frumvarpinu er ekki verið að flýta fyrir því, að allar konur í landinu öðlist jafnlaunaréttinn, sem sumar þeirra hafa þegar fengið, heldur tefja fyrir því. Í frumvarpinu segir að vísu, að ekki sé með slíkum lögum skertur réttur stéttarfélaganna til að semja um það við vinnuveitendur, að launajöfnuður skuli ganga í gildi á skemmri tíma. En hverjum dettur í hug, að vinnuveitendur færu að semja um slíkt, þegar búið væri að setja löggjöf um sex ára selfærslutíma? Til þess væri alls ekki hægt að ætlast.

Launajafnréttið er að ryðja sér til rúms, og ekki þýðir fyrir neinn að þrjózkast á móti því. Íslendingar hafa þegar skuldbundið sig til að koma því á hjá sér.

Ísland hefur gerzt aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni og fullgilt jafnlaunasamþykkt hennar. Lögleitt hefur verið, að ríkið greiði konum, sem eru í starfsmannaliði þess, sömu laun og körlum fyrir sömu störf. Bæjarfélög munu yfirleitt gera slíkt hið sama. Samið hefur verið um, að konur, sem vinna í sumum starfsgreinum verkakvenna, svo sem við vissar tegundir fiskverkunar, hafi sama kaup og karlmenn.

Eftir er aðeins að stíga sporið heilt, svo að allar konur, sem selja vinnu sína, njóti sama réttar.

Ekkert samræmi er í því, að þær konur, sem enn hafa ekki fengið jafnlaunaréttinn, fái hann treglega útilátinn í sjöttupörtum, eina sneið á ári í sex ár, — eins og Alþýðuflokksmennirnir leggja til í frumvarpinu.

Ég legg til, að allar konur fái jafnlaunaréttinn vafningalaust 1. júlí n. k. Flyt um það breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. marz 1961.

Karl Kristjánsson.

Ed. 638. Breytingartillögur [59. mál]

við frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Konur skulu hafa sömu laun og karlar fyrir sömu störf.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Við 5. gr. Greinin falli niður.
6. Við 6. gr. (sem verður 2. gr.). Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1961.

Ed. 639. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Launajafnrétti kvenna og karla er mannréttindamál, sem nú á ört vaxandi fylgi að fagna, og er skeleggri baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrst og fremst svo fyrir að þakka. Í nokkrum starfsgreinum njóta konur þegar sömu launa og karlmenn. Þannig eiga konur, sem eru opinberir starfsmenn, rétt til sömu launa og karlar, þótt framkvæmd þess lagaréttar sé í ýmsum atriðum ábótavant. Einnig hafa verkalýðsfélögin þegar fengið því framgengt sums staðar, að verkakonum er greitt sama kaup og körlum. Konur, sem vinna við fiskflökun í frystihúsum, fá nú orðið karlmannskaup víðast hvar. Nýlega voru á Skagaströnd gerðir samningar um, að tímakaup kvenna skyldi vera hið sama og karla, og víðar á landinu hefur bilið á milli kvenna- og karlakaups mjókkað að mun á þessu ári. Þessi þróun bendir til þess, að óðum muni styttast, þar til fullu jafnrétti verði náð í þessu efni.

Það er ekki margt að heiti þess frumvarps, sem flutt er í efri deild af þrem þingmönnum Alþýðuflokksins. Það nefnist frumvarp til laga um launajöfnuð kvenna og karla. Fyrirsögnin er ágæt í sjálfri sér, en því miður verður ekki sama sagt um meginmál frumvarpsins. Þegar það er athugað, kemur í ljós eitt og annað, sem hlýtur að valda fylgjendum launajafnréttis talsverðum vonbrigðum. Skal nú að því vikið lítillega.

1. Í frumvarpinu er ráðgert, að ekki skuli stigið neitt skref í átt til launajafnréttis fyrr en að einu ári liðnu og að fullum launajöfnuði verði ekki náð fyrr en eftir sex ár. Þetta er langur biðtími, þegar um er að ræða leiðréttingu á viðurkenndu ranglæti.

2. Launajöfnuðurinn á ekki að ná til allra starfsgreina samkvæmt frumvarp-

inu. Þetta gera flutningsmenn sér ljóst og játa í greinargerð. Þeir sleppa starfsgreinum til þess, eins og þeir orða það, „að gera lögin ekki of erfið í framkvæmd og flókin“. Launamisréttið á með öðrum orðum ekki að afnema með lögum þessum, og veldur því viss hlíf við lögin sjálf og framkvæmd þeirra. Það er margt skrýtið í kýrhausnum.

3. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins á þriggja manna nefnd að ákveða hina árlegu launahækkun, og verður ákvörðunum hennar ekki áfrýjað. Í þessari nefnd á sæti aðeins einn fulltrúi vinnustéttanna. Hér er því verið að taka af launþegasamtökunum rétt til ákvörðunar um kaupgjaldsmál sín og fá hann í hendur lögskipaðri nefnd. Munu verkalýðssamtökin a. m. k. kunna löggjafanum litlar þakkir fyrir slíka réttarskerðingu.

4. Þá er stéttarfélögunum gert að skyldu að sækja um launahækkanir í nóvember ár hvert eða fá þær ekki ella, að því er virðist. Umsóknirnar ber að senda til fyrrgreindrar þriggja manna nefndar, sem síðan ákveður, hvernig við skuli brugðizt. Öll sýnist þessi skriffinnska, sem krafizt er, undarlega erfið og flókin, þegar þess er gætt, að hér á ekki að vera um annað en lögboðna launahækkun að ræða, sem fyrir fram er ákveðin.

Þau atriði, sem nú hafa verið talin, lýta mjög þetta frumvarp, og ef frumvarpið óbreytt verður að lögum, má allt eins gera ráð fyrir, að þau torveldi og tefji æskilega þróun þess mikla sanngirnismáls, sem launajöfnuður kvenna og karla er. Þá er verr farið en heima setið.

Í 5. gr. frumvarpsins segir, að lögin skerði ekki rétt launþegasamtakanna til að semja um það við atvinnurekendur, að launajöfnuður fáist á skemmri tíma en lögin mæla fyrir um. Þetta ákvæði lítur vel út, fljótt á litið, — en hvernig verður það í reyndinni? Vinnuveitendur fá með lögunum í hendur gott vopn, og það munu þeir nota. Öllum tilmælum um launajafnrétti kvenna og karla í náinni framtíð munu þeir vísa á bug með tilvísun til gildandi laga, en samkvæmt þeim næst þessi jöfnuður ekki fyrr en á árinu 1967 og þó raunar aldrei í vissum starfsgreinum.

Alþýðusambandi Íslands var sent þetta frumvarp til umsagnar, og barst heilbrigðis- og félagsmálanefnd svar þess í des. s. l. Í umsögn Alþýðusambandsins segir svo m. a.:

„Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur rætt um frumvarpið um launajöfnuð kvenna og karla, sem flutt er af Jóni Þorsteinssyni og fleirum.

Það er niðurstaða þessara umræðna, að miðstjórnin treystir sér ekki til að mæla með samþykkt frumvarpsins. Til þess gengur það allt of skammt.

Kvennasamtökin í landinu hafa þegar sett fram kröfur um, að kvennakaup verði hvergi lægra en 90% af kaupi karla. Nú er kvennakaupið sem næst 78% af kaupi karla. Af því sést, að konurnar hugsa sér að ná launajafnréttinu í tveimur áföngum og þó hinum stærri hlut í samningum þeim, sem nú standa fyrir dyrum.“

Þannig mælir miðstjórn Alþýðusambandsins gegn samþykkt þessa frumvarps. Hins vegar tekur miðstjórnin það fram í lok greinargerðar sinnar, að henni sé kunnugt um, að annað frumvarp um sömu laun kvenna og karla liggi fyrir Alþingi, og með því að það gangi lengra en þetta frumvarp í öllum atriðum, þá mælir hún eindregið með því, að það verði samþykkt.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd klofnaði við afgreiðslu þessa máls. Leggur 2. minni hl. til, að frumvarpinu verði í öllum atriðum breytt til samræmis við frv. til laga um sömu laun kvenna og karla, en það frv. fluttu Hannibal Valdimarsson o. fl. í neðri deild í vetur, og hefur það síðan legið óafgreitt í nefnd.

Breytingartillögur 2. minni hluta eru prentaðar á sérstöku þingskjali, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsöguræðu.

Alþingi, 24. marz 1961.

Alfreð Gíslason, læknir.

Ed. 640. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Snemma á þessu þingi fluttu þrír þingmenn Framsóknarflokksins í Nd. frv. um breyt. á lögum nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Felur það í sér breytingar á þeim greinum laganna, sem kveða á um framlög úr ríkissjóði til landnáms ríkisins og bygginga á sveitabýlum, til hækkunar frá því, sem er samkvæmt gildandi lögum.

Frv. því var vísað til landbúnaðarnefndar Nd. 3. nóv. 1960. Þegar frv. hafði legið hjá nefndinni 95 daga, þá skilaði minni hlutinn áliti, þ. e. fulltrúar þeirra flokka, sem nú eru í stjórnarandstöðu. Þar segir, að málið hafi ekki fengizt tekið fyrir í nefndinni fyrr en þá og að minni hl. nefndarinnar vilji ekki lengur una slíkum drætti á afgreiðslu svo þýðingarmikils máls, en leggi til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

En meiri hl. landbúnaðarnefndar Nd. virðist ekki hafa hug á að hraða afgreiðslu málsins, því að hann hefur ekki enn skilað áliti um frv., þótt nú sé komið að þinglokum og liðnir séu 140 dagar, síðan nefndin fékk það til athugunar.

En svo bar við, að fyrir þremur dögum var borið fram í þessari háttv. deild stjórnarfrumvarp þetta, þar sem lagt er til, að gerðar verði breytingar á sömu ákvæðum laganna um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem frv. framsóknarmanna fjallar um, svo að frumvörpin eru að sumu leyti samhljóða, en að öðru leyti í þessu frv. gert ráð fyrir nokkru lægri framlögum en í frv. framsóknarmanna.

Í greinargerð þessa frv. er m. a. tekið fram, að ræktunarkostnaður hafi á þremur síðustu árum hækkað sem svarar 38% og að á sama tíma hafi byggingarkostnaður hækkað sem nemur allt að 100 þús. kr. á hús með 90 m² gólffleti á einni hæð. Efnahagsráðstafanir núverandi ríkisstjórnar valda langmestu um þessar miklu hækkanir.

Þegar á öndverðu þessu þingi var af hálfu Framsóknarflokksins lögð áherzla á, að nauðsyn beri til vegna hinna gífurlegu verðhækkana að hækka framlög þau, sem um ræðir í þessu frv. Því ber að fagna, að ríkisstjórnin hefur nú áttað sig á þessu og hyggst nú gera nokkra bragarbót undir þinglok. En við teljum, að hækkun á þessum framlögum megi ekki minni vera en lagt er til í frv. því um þetta efni, sem liggur fyrir Nd.

Við leggjum því til, að frv. þetta verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „minnst 6.5 milljónir“ komi: minnst 7.5 milljónir.
2. Við 3. gr. Í stað „6.0 milljónir“ komi: 7.5 milljónir.

Alþingi, 24. marz 1961.

Páll Þorsteinsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 641. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um jarðgöng á þjóðvegum.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þeir Kjartan J. Jóhannsson og Magnús Jónsson, fluttu í Ed. frumvarp til laga um jarðgöng á þjóðvegum. Aðalefni frumvarpsins var að kveða á um það, að ef jarðgöng yrðu lengri en 35 metrar, skyldi kostnaður greiðast úr brúasjóði. Samgöngumálanefnd Ed. ræddi frumvarp þetta á fundi sínum 20. f. m. Þar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að mæla með frumvarpinu, þó með þeirri breytingu, að frá 1. jan. 1962 skyldu 3 aurar af hverjum benzínlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti renna í brúasjóð. Kostnaður við jarðgöng, sem lengri eru en 35 metrar, skyldi greiddur af þessum tekjum brúasjóðs og mætti ekki verja þeim á annan hátt.

Efri deild samþykkti tillögur samgöngumálanefndar, og var frumvarpið sent neðri deild.

Vegna þeirrar samstöðu þingmanna úr öllum flokkum, sem um þetta mál var í Ed., var almennt talið, að þingmenn Nd. mundu ekki setja fótinn fyrir afgreiðslu þess. En á fundi samgöngumálanefndar Nd. í gær kom annað í ljós. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins reyndust andvígir afgreiðslu frumvarpsins, eins og það kom frá Ed., og samþykktu að vísa því til ríkisstjórnarinnar.

Þann afgreiðslumáta geta undirritaðir ekki fellt sig við og leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 24. marz 1961.

Jón Kjartansson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 642. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um heimild handa samgöngumálaráðherra til að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni sjóliðsforingja stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kynnt sér málavöxtu. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 24. marz 1961.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías A. Mathiesen, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.

Gísli Guðmundsson. Pétur Sigurðsson.

Nd. 643. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Er hún sammála um nauðsyn þess að reyna að draga úr þeirri plágu, sem svartbakurinn er fyrir æðarvarpið í landinu. Vafi getur á því leikið, að eyðing með skotum sé sú aðferð, er gefi viðhlítandi árangur, en megi þó verða að nokkru gagni til að vernda varplöndin og æðarungana, sem svartbakurinn eyðir í stórum stíl.

Nefndin telur æskilegt, að tekið sé til rækilegrar athugunar af sérfróðum mönnum, hvort ekki sé unnt að framkvæma eyðingu svartbaks með einhverjum áhrifameiri ráðum en ætla má að skotaðferðin reynist, og þó gætt þeirrar mannúðar og varúðar, sem telja verður siðferðilega skyldu menningarþjóðfélags. Nú er svo liðið að þinglokum, að þetta sjónarmið verður að leggja til hliðar að sinni. Vill nefndin því leggja til, að frumv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (JPálm) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 24. marz 1961.

Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson, frsm. Helgi Bergs.

Karl Guðjónsson.

Nd. 644. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [173. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 24. marz.)

Samhljóða þskj. 383 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Með sveitarfélögum er í lögum þessum átt við hreppa og kaupstaði.

Takmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.—8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr.

3. gr. hljóðar svo:

Kaupstöðum og sýslum má eigi fækka eða fjölga nema með lögum.

Sama gildir um breytingu á takmörkum kaupstaða og sýslna.

5. gr. hljóðar svo:

Nú hefur íbúatala hrepps verið lægri en 100 samfellt í fimm ár, og er þá ráðuneytinu heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að sameina hreppinn þeim nágrannahreppi í sömu sýslu, sem sýslunefnd telur eftir atvikum bezt henta.

Ef skuldir slíks hrepps eru svo miklar, að þær torveldi sameiningu hreppanna, má ráðuneytið verja fé úr Jöfnunarsjóði til greiðslu hluta þeirra, svo að eigi verði talið, að þær íþyngi hinum sameinuðu hreppum óeðlilega.

6. gr. hljóðar svo:

Nú er kauptún eða þorp með 300 íbúa eða fleiri í hreppi og hinn hluti hreppsins telur 200 íbúa eða fleiri, og hefur þá hvort um sig, kauptúnið eða þorpið annars vegar, og sá hluti hreppsins, sem kauptúnið eða þorpið er ekki í, hins vegar, rétt til þess að vera sérstakt sveitarfélag.

Nú hafa tilmæli um skiptingu hrepps samkvæmt 1. mgr. verið samþykkt á sveitarfundi, sbr. 31. gr., af a. m. k. ⅔ hlutum hreppsbúa, sem eiga lögheimili í þeim hluta hans, sem óskar skiptingar, og skal þá ráðuneytið skipta hreppnum samkvæmt 1. mgr. Ráðuneytið ákveður takmörk milli hinna nýju sveitarfélaga samkvæmt grein þessari, eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar.

7. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytið getur skipt hreppi, samkvæmt beiðni hreppsnefndar að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 200.

Ráðuneytið ákveður hreppamörk, þegar skipt er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr. hljóðar svo:

Ef ekki næst samkomulag um fjárreiður hreppa, þegar þeir eru sameinaðir eða þeim er skipt, samkvæmt 4., 6. og 7. gr. þessara laga, sker ráðuneytið úr ágreiningi.

12. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn: í hreppum hreppsnefnd og í kaupstöðum bæjarstjórn, er í Reykjavík nefnist borgarstjórn.

Sveitarstjórn sér um, að hlutverk sveitarfélags, sbr. 10. gr., sé rækt, og annast öll málefni sveitarfélagsins.

13. gr. hljóðar svo:

Í hverri bæjarstjórn skulu vera níu bæjarfulltrúar, en haldast má þó óbreytt tala bæjarfulltrúa í kaupstöðum eins og nú er.

Ráðuneytinu er heimilt að breyta tölu bæjarfulltrúa, samkvæmt ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar, þó þannig, að þeir séu eigi færri en sjö og eigi fleiri en ellefu.

Í Reykjavík skulu borgarfulltrúar eigi vera færri en 15 og eigi fleiri en 27.

17. gr. hljóðar svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fara fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar.

Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, kosning skal fram fara vegna skipta á sveitarfélagi, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla aðalmanna og varamanna, eða ef kjósa á bæjarstjórn, samkv. 33. gr. 2. mgr., og skal þá kosning fram fara svo fljótt sem við verður komið.

18. gr. hljóðar svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir sem:

a. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
b. eru íslenzkir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
c. eru fjárráðir,

Að fullnægðum skilyrðum þessarar greinar, a—c, hefur hver þegn sveitarfélags kosningarrétt í sínu sveitarfélagi, sbr. 9. gr.

19. gr. hljóðar svo:

Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa í sveitarfélaginu.

Þeim, sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára, er skylt að taka við kjöri í sveitarstjórn.

Þeim, sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur, er þó ekki skylt að taka við kjöri, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfleytt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri.

20. gr. hljóðar svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósandi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Réttkjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru réttkjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt varanlega frá því að eiga sæti í sveitarstjórn.

Nú forfallast aðalmaður, samkvæmt 2. mgr., sem átt hefur sæti á framboðslista, sem tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar stóðu að, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður sá, sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir voru kosnir, án tillits til þess, hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Nú forfallast aðalfulltrúi um stundarsakir vegna veikinda eða annars, og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum, sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna, skal varamaður taka sæti hans samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

27. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

32. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdarstjórn sveitarfélaga annast borgarstjóri í Reykjavík, bæjarstjórar í öðrum kaupstöðum og oddvitar eða sveitarstjórar í hreppunum eftir því, sem nánar er mælt fyrir í kafla þessum.

Heimilt er borgarstjórn Reykjavíkur að ákveða, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík. Verði slík heimild notuð, skal störfum milli borgarstjóranna skipt með ákvæðum í reglugerð.

Ákvæði þessara laga um bæjarstjóra og bæjarráð gilda og um borgarstjóra og borgarráð í Reykjavík.

34. gr. hljóðar svo:

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og annast yfirleitt framkvæmdir bæjarmálefna, nema bæjarstjórn hafi ákveðið annað um einstök mál.

Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og nefnda hennar, en hefur ekki atkvæðisrétt, nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á bæjarstjórnar- og nefndarfundum. Ekki má kjósa hann í fastar nefndir, nema hann sé bæjarfulltrúi, en fela má honum formennsku slíkra nefnda.

40. gr. hljóðar svo:

Laun oddvita skulu vera 25 krónur fyrir hvern þegn hreppsins á ári og sé miðað við íbúaskrá 1. desember næsta ár á undan. Þá skal og oddviti njóta sams konar launahækkana og starfsmenn hljóta hjá ríkinu eða ríkisstofnunum.

Auk launa þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða oddvita innheimtulaun, 4% af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, sem honum ber að innheimta hjá gjaldendum hreppsins, nema sveitarstjórn ákveði annað.

43. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjóri fer með þau störf, sem oddvita eru falin, sbr. 39. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hennar. Eigi hefur hann atkvæðisrétt þar, nema hann sé einnig hreppsnefndarmaður.

Sveitarstjórn setur samþykkt, er ráðherra staðfestir, um starfssvið sveitarstjóra og laun, sem greiðast úr hreppssjóði.

46. gr. hljóðar svo:

Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins næsta reikningsár. Ráðuneytið getur veitt bæjarstjórnum og sýslunefndir hreppsnefndum undanþágu frá þessu ákvæði, þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi, þó eigi lengur en til 31. marz næsta árs.

Ræða skal fjárhagsáætlun á tveim fundum með að minnsta kosti einnar viku millibili, sbr. þó 28. gr.

Fjárhagsáætlun, samkvæmt grein þessari, skal vera meginregla um upphæð gjalda í sveitarfélaginu og fjárstjórn þar á reikningsárinu.

47. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn sveitarfélagsins. Hún skal sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með. Sveitarstjórn skal og gæta þess, að peningaeign sveitarfélagsins sé haldið aðgreindri frá peningaeign sjóðshaldara eða annarra, og sjá um, að fé sveitarfélagsins sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, eftir því sem við verður komið.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má eigi greiða, nema til komi samþykki sveitarstjórnar, og enga greiðslu má inna af hendi nema með samþykki bæjarstjóra, sveitarstjóra eða oddvita, eftir því sem við á.

55. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn og í fyrsta skipti að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Bæjarstjórnir skulu kjósa tvo

endurskoðendur og hreppsnefndir einn eða tvo endurskoðendur. Um leið skulu kosnir jafnmargir varaendurskoðendur.

Fulltrúar í sveitarstjórn eru eigi kjörgengir sem endurskoðendur eða varaendurskoðendur sveitarsjóðsreikninga, eða reikninga fyrirtækja, sem rekin eru af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn er heimilt að starfrækja sérstaka endurskoðunardeild eða fela endurskoðunarskrifstofu, sem félagsmálaráðuneytið hefur veitt viðurkenningu, að annast reikningslega endurskoðun reikninga sveitarfélagsins.

59. gr. hljóðar svo:

Að lokinni afgreiðslu ársreikninga samkvæmt 58. gr. skal senda Hagstofu Íslands eitt eintak af reikningunum í því formi, sem ákveðið hefur verið samkvæmt 53. gr. laga þessara.

Reikninga kaupstaðanna skal einnig senda til ráðuneytisins.

Sýslumaður annast skil þessi strax að afloknum aðalfundi sýslunefndar fyrir alla hreppa sýslunnar, en bæjarstjórar annast skil, hver fyrir sinn kaupstað.

Skil til ráðuneytisins og Hagstofu Íslands samkvæmt þessari grein skulu gerð fyrir 31. júlí ár hvert.

92. gr. hljóðar svo:

Hlutverk sýslufélaga er að annast:

a. eftirlit með öllum fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna,
b. umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum,
c. setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár skrár yfir fjármörk, og einnig hestamörk, þar sem þess þykir þörf,
d. umsjón og stjórn vegamála, samkv. vegalögum, nr. 34/1947, lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102/1933, og lögum um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppavegi, nr. 38/1919,
e. afskipti af forðagæzlu, samkv. VIII. kafla laga nr. 54/1957, eftirlit samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7/1953, og úrskurðun og greiðslu reikninga, samkv. lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka,
f. setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna, samkv. lögum nr. 108/1945,
g. álitsgerðir um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað,
h. tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra. Eru þeir tilnefndir, sem flest atkvæði fá, enda sé hlutfallskosning heimil. Sýslumaður skipar síðan einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra.
i. stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og tillögur um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri,
j. önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

95. gr. hljóðar svo:

Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.

Ákvæði 16.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna.

Við kosningu til sýslunefndar er heimilt að viðhafa framboð. Við slíka kosningu gilda reglur um hlutfallskosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við getur átt.

102. gr. hljóðar svo:

Oddviti sýslunefndar er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga og annast öll bréfaviðskipti á vegum hennar. Hann ávaxtar innstæðufé sýslunnar á öruggan hátt og geymir skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins.

Oddvita ber að sjá um, að öll störf, sem sýslunefnd á að annast, sbr. 92. gr., séu tilhlýðilega unnin.

110. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, 1.—8. gr., 17. gr., 3. málsgr. 27. gr., 30.—36. gr.

Lög nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Lög nr. 69 27. júní 1921, um hreppskilaþing.

Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.

Lög nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra.

Tilskipun, 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Lög nr. 83/1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað.

Lög nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 2.—31. gr.

Lög nr. 61 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 3.—29. gr.

Lög nr. 33 14. júní 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2.—21. gr.

Lög nr. 26 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 3.—33. gr.

Lög nr. 58 28. nóvember 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2.—34. gr.

Lög nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, 5.—22. gr.

Lög nr. 45 27. júní 1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 5.—23. gr.

Lög nr. 60 31. október 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 5.—22. gr.

Lög nr. 57 24. maí 1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 4.—21. gr.

Lög nr. 17 22. marz 1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 5.—22. gr.

Lög nr. 109 30. desember 1949, um bæjarstjórn í Húsavík, 4.—21. gr.

Lög nr. 30 11. maí 1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 4.—22. gr.

Ed. 645. Frumvarp til laga [182. mál]

um afhendingu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

(Eftir 3. umr. í Nd., 24. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Suður-Þingeyjarsýslu ókeypis til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfandafljóti, sem er ¾ hlutar eyjarinnar. Afhendingin fari fram með því skilyrði, að landið verði friðað fyrir ágangi búfjár og sýslan taki að sér verndun þeirra minja, sem eru á eynni, um hið forna þinghald þar. Skal sú verndun framkvæmd í samráði við þjóðminjavörð ríkisins.

2. gr.

Óheimilt skal Suður-Þingeyjarsýslu að selja þessa eign eða láta hana af hendi nema til ríkisins. Hætti sýslan að annast eignina á þann hátt, sem 1. gr. mælir fyrir um, fellur þessi hluti eyjarinnar aftur undir ríkið endurgjaldslaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 646. Frumvarp til laga [215. mál]

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. marz.)

1. gr.

Árið 1961 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,
Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,
Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 647. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera minnispening í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 24. marz 1961.

Birgir Kjaran, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Skúli Guðmundsson.
Einar Olgeirsson. Davíð Ólafsson.

Ed. 648. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá Jóni Árnasyni.

Við 1. gr. Í stað „50“ á tveimur stöðum í 2. málsgr. komi: 100.

Ed. **649. Lög** [124. mál]

um ríkisábyrgðir.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 624.

Nd. **650. Lög** [161. mál]

um lögskráningu sjómanna.

(Afgreidd frá Nd. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 280.

Nd. **651. Lög** [180. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 630 (sbr. 315).

Sþ. **652. Nefndarálit** [116. mál]

um till. til þál. varðandi leiðbeiningastarfsemi í niðursuðuiðnaði.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hlutinn leggur til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir mælum eindregið með samþykkt hennar.

Fullnýting sjávarafurða er eitt brýnasta hagsmunamál íslenzkra atvinnuvega, og með tilliti til þess er nauðsynlegt að hafa vakandi auga með öllu því, sem verða má til eflingar fiskiðnaði.

Niðursuða fiskafurða hefur orðið talsvert út undan í þróun fiskiðnaðarmála hér á landi og því full ástæða til þess að jafna þau met á næstu árum með öllum tiltækum og skynsamlegum ráðum. Á þessu stigi sýnist fátt heppilegra en að halda uppi leiðbeiningastarfsemi fyrir væntanlega niðursuðumenn, enda skortir þjálfaða menn mjög hér á landi í þessari iðngrein. Við mælum því eindregið með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 24. marz 1961.

Ingvar Gíslason, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 653. Nefndarálit [109. mál]

um till. til þál. um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Samkomulag hefur ekki náðst í fjárveitinganefnd um afgreiðslu þessarar þáltill. — Hún var á sínum tíma send til umsagnar nefndar, sem skýrt var frá í fjárveitinganefnd að hefði haft þessi mál iðnaðarins til athugunar nú um meira en eins árs skeið, en svar hennar dróst sífellt á langinn, og var því formanni fjárveitinganefndar falið að ganga eftir því. Skýrði hann svo frá því, að hann hefði hvað eftir annað fengið loforð um, að umbeðin umsögn yrði strax send, en aldrei varð úr því, og er slíkt furðuleg framkoma. Getur slíkt tæplega þjónað öðrum tilgangi en þeim að draga afgreiðslu málsins hjá fjárveitinganefnd, eins og raun varð á, svo að málið yrði ekki útrætt á Alþingi.

Niðurstaðan í fjárveitinganefnd varð svo sú, að meiri hlutinn — stjórnarliðið — kvaðst mundu afgreiða málið með því að leggja til, að því yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn vill, að Alþingi samþykki till. eins og hún er á þskj. 123.

Mál þetta er ekki nýtt. Vorið 1958 sat Sveinn Guðmundsson forstjóri stuttan tíma á Alþingi sem varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, og bar hann þá fram þáltill. samhljóða þeirri, sem hér um ræðir. Var þessi till. Sveins Guðmundssonar tekin til umræðu 2. júní, og færði hann fram ljós og skýr rök fyrir aðkallandi þörf, að hlutazt yrði til um, að seðlabankinn endurkeypti framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarins, og benti enn fremur á, að hér væri einnig um réttlætismál að ræða, þar sem iðnaðurinn væri nú óumdeilanlega orðinn einn af þrem aðalatvinnuvegum landsmanna og nú þegar ætti hvorki meira né minna en nálega ⅓ hluti þjóðarinnar lífsafkomu sína og velgengni undir afkomu hans. Mætti því fullyrða, að skylt væri, að hlutazt yrði til um, að seðlabankinn léti iðnaðinum svipaða aðstoð í té og sjávarútvegi og landbúnaði með endurkaupum á framleiðsluvíxlum þeirra. — Þetta gerðist 2. júní 1958.

Það var sérlega vel undir þetta mál Sveins Guðmundssonar tekið á Alþingi, sem bezt sést á því, að þótt alveg væri komið að þinglokum, fékk till. óvenjulega hraða afgreiðslu í nefnd og síðan efnislega samþykkt á Alþingi 3. júní með samhljóða atkvæðum allra flokka, og má geta þess, að forustumenn Sjálfstæðisflokksins lögðu mikla áherzlu á, að málinu væri svo hraðað sem raun varð á, með tilliti til þess, hve hér væri aðkallandi úrlausnar þörf fyrir iðnaðinn.

En tíminn leið. Sjálfstæðisflokkurinn tók raunverulega völdin í landinu fyrir árslok 1958, en ekkert gerðist í málinu. Fyrir því flutti 7. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, á síðasta þingi þáltill. samhljóða þeirri, sem Sveinn Guðmundsson forstjóri hafði, eins og áður er getið, flutt 1958. Till. var vísað til fjárveitinganefndar, en hún fékkst ekki afgreidd þaðan fyrr en svo seint, að hún hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Nefndarálit komu samt fram. Lagði meiri hlutinn — stjórnarliðið — til, að málinu væri vísað frá með rökstuddri dagskrá, og var meðal annars vísað til þess, að nefnd væri starfandi, sem skipuð hafði verið af ríkisstjórninni, og væri hún að athuga lánamál iðnaðarins með sérstöku tilliti til endurkaupa seðlabankans á víxlum með tryggingu í iðnaðarvörum.

Minni hl fjárveitinganefndar — framsóknarmennirnir — taldi hins vegar, að þar sem ríkisstjórnin hefði ekkert raunhæft gert í málinu, bæri nauðsyn til, að Alþingi ítrekaði vilja sinn frá 1958 með því að samþykkja till., enda hafði Félag ísl. iðnrekenda í umsögn sinni um málið lagt áherzlu á skjóta framkvæmd þeirrar ályktunar, sem Alþingi samþykkti 1958 um endurkaup iðnaðarvíxla.

Þannig er saga þessa máls á Alþingi í höfuðatriðum, og sést af því, af hvaða

alvöru Sjálfstæðisflokkurinn í heild studdi að þáltill. Sveins Guðmundssonar forstjóra vorið 1958 og hversu röggsamlega — eða hitt þó heldur — hann hefur síðan staðið að framkvæmd málsins, sem bezt sést á því, að flokkurinn hefur nú í 2½ ár haft valdaaðstöðu til að leysa málið á þann hátt, sem Alþingi ætlaðist til og iðnaðurinn hefur þörf fyrir og á fullan rétt á. Á þann rétt lagði Sjálfstæðisflokkurinn réttilega mikla áherzlu vorið 1958 ásamt þeirri höfuðnauðsyn, að þessi réttur væri þá þegar viðurkenndur í framkvæmd. Geta menn svo gert sér grein fyrir, hvað sú nauðsyn er nú miklu brýnni, eftir að ríkisstjórnin dembdi efnahagsráðstöfunum sínum yfir þjóðina fyrir meir en einu ári.

Það hefur flogið fyrir, að ríkisstjórnin hafi uppi ráðagerðir um að útvega Iðnaðarbankanum aukið starfsfé. Er þessi fregn sennileg, þar sem vitað er, að hún mun nú á þessu ári, sem og á því síðastliðna, hafa yfir miklu fé að ráða, sem aflað er erlendis frá eftir ýmsum leiðum, og ætti hún því að hafa góða aðstöðu til að leggja bankanum til aukið rekstrarfé, og ber að fagna því. Mjög er aðkallandi, að bankinn geti aukið þjónustu sína við iðnaðinn og þá ekki sízt með tilliti til stofnlána, sem hann líður nú meira en nokkurn tíma áður fyrir að hafa ekki bjarglegan aðgang að. En þótt einhver bót verði á þessu ráðin með nokkurri eflingu Iðnaðarbankans, þá er jafnmikil þörf óleyst með tilliti til endurkaupa framleiðsluvíxla iðnaðarins, sem seðlabankinn einn getur annazt, þótt ekki væri nema á svipaða lund og hann nú gerir vegna sjávarútvegs og landbúnaðar, sem að vísu hefur meir en áður verið af skornum skammti undir handleiðslu núverandi ríkisstjórnar.

Menn eru yfirleitt orðnir ásáttir um mikilvægi iðnaðarins fyrir heildina, enda talar það sínu máli, hversu mikill hluti þjóðarinnar á nú orðið afkomu sína undir velgengni hans. — Vafalaust hefur iðnaðurinn nú mesta þýðingu fyrir Reykjavík og að nokkru fyrir annað þéttbýli. En ef á að reyna í alvöru að viðhalda nauðsynlegu jafnvægi í byggð landsins, þá verður að stefna að því, að ýmsar greinar iðnaðarins geti risið upp víðs vegar um landið, þar sem skilyrði til slíks eru eða geta orðið fyrir hendi. Og öll eðlileg réttarbót til iðnaðarins í heild er þar spor í rétta átt.

Iðnaðurinn stynur nú, eins og aðrir atvinnuvegir okkar, undan efnahagsráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin hefur komið á og mótazt hafa mjög af sjónarmiðum og kenningum bókstafshagfræðinga, en minna af því, hvað þjóðinni hentar til alhliða framsóknar og aukinnar hagsældar. Og í þeim erfiðleikum og dýrtíð, sem fólkið á nú yfirleitt við að stríða, má telja það mikilsvert, að iðnaðurinn eflist fremur en hrörni. Blómgun hans eykur atvinnuöryggi og á vafalausan þátt í hagstæðari efnahagsþróun í landinu en ella á sér stað. Fjárhagslega lamaður iðnaður verður að lúta sömu örlögum og aðrir atvinnuvegir, sem þannig er ástatt um. Hann getur ekki á hagstæðan hátt nýtt til fulls vélar né vinnu verkafólks, og afleiðingin verður samdráttur í framleiðslunni, fábreyttari, dýrari og sennilega gæðaminni varningur.

Það hníga því öll rök að því, að nauðsynlegt sé að samþykkja þessa þáltill. 7. þm. Reykv. og hún sé síðan efnislega tafarlaust framkvæmd af ríkisstjórninni.

Alþingi, 24. marz 1961.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Ingvar Gíslason.

Ed. 654. Breytingartillögur [59. mál]

við frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „1962—1967“ komi: 1961—1966.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hinn 1. júní 1961 skulu laun kvenna í starfsgreinum samkvæmt 1. gr. hækka um 9/11 hluta launamismunarins og síðan árlega hinn 1. janúar ár hvert fram til 1966 hækka sem nemur launamismuninum, eins og hann er í upphafi hvers árs, deildum með fjölda þeirra hækkana, sem eftir verða hverju sinni. Fullum launajöfnuði skal náð 1. janúar 1966.

Ed. 655. Lög [202. mál]

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 418.

Ed. 656. Lög [182. mál]

um afhendingu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 645.

Nd. 657. Frumvarp til laga [126. mál]

um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 24. marz.)

1. gr.

Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 rúmlestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

Á fiskiskipum og flutningaskipum, sem eru 100 rúmlestir brúttó eða stærri, og á farþegaskipum, sem eru 100—800 rúmlestir brúttó, er skylt að hafa matsveina.

2. gr.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 1. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 2. málsgr. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;
b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina- og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipum;
c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem matreiðslumaður á fiskiskipum samkv. 1. gr. í 18 mánuði.

3. gr.

Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

4. gr.

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi hafa öðlazt meistararéttindi í matreiðslu- eða framreiðsluiðn og hafa staðizt brytapróf við matsveina- og veitingaþjónaskólann.

5. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistökuna eitt ár eða lengur. Til að halda rétti sínum til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðuneytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 658. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. marz 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Magnús Jónsson.
Björn Jónsson.
Karl Kristjánsson.

Nd. 659. Nefndarálit [59. mál]

um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Minni hlutinn, þeir HV og JSk, hefur mælt með öðru frumvarpi um sama efni, sbr. nál. þeirra á þskj. 597.

Þetta frumvarp, sem við mælum með, kveður svo á, að á árunum 1962—1967 skuli mismunur á launum kvenna og karla hverfa í áföngum, þannig að laun kvenna hækki til móts við laun karla um ⅙ hluta launamismunarins á ári. Skal fyrsta hækkunin eiga sér stað 1. janúar 1962, en fullur launajöfnuður skal hafa náðst hinn 1. janúar 1967. Þessi regla á að gilda í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og við verzlunar- og skrifstofuvinnu, þ. e. a. s. um öll þau störf, sem algengast er að konur vinni við hlið karla. Ákvæði frumvarpsins hindra þó á engan hátt, að launþegar og atvinnurekendur semji sín á milli um það, að launamismunurinn hverfi á skemmri tíma.

Þriggja manna nefnd, launajafnaðarnefnd, á að fylgjast með því, hvar réttur til kauphækkana samkv. lögum þessum er fyrir hendi á hverjum tíma, og miða ákvæði 4. gr. frv. að því að gera nefndinni fært að inna þetta starf af höndum.

Þetta frv. á þskj. 64 kom fram í Ed. snemma á þessu þingi, en síðar kom fram frv. um sama efni á þskj. 114, flutt af Hannibal Valdimarssyni o. fl. í Nd.

Af augljósum ástæðum, sem við höfum margsinnis skýrt frá í nefndinni, vildum við ekki afgreiða frv. Hannibals Valdimarssonar o. fl., fyrr en séð yrði, hvernig færi um afgreiðslu þessa frv. á þskj. 64, sem við mælum með að verði samþykkt óbreytt.

Sjáum við því enga ástæðu til að gefa út sérstakt nál. um frumvarpið á þskj. 114.

Jón Skaftason mun skila séráliti. Einn nefndarmanna, Hannibal Valdimarsson, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 25. marz 1961.

Gísli Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.

Nd. 660. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta er flutt af þrem Alþýðuflokksmönnum í efri deild.

Í neðri deild er á þingskjali 114 flutt frumvarp um sömu laun kvenna og karla af sex þingmönnum Alþýðubandalagsins. Aðalmunurinn á þessum tveim frv. er sá, að það síðara gerir ráð fyrir, að launajafnrétti þetta taki strax gildi, en hið fyrra, að það náist á 6 árum, þ. e. a. s. á árunum 1962—1967. Þar sem ég sé engar frambærilegar ástæður til þess að láta það dragast í mörg ár, að þetta launajafnrétti fáist, og ekki er ágreiningur um, að því er virðist, á háttvirtu Alþingi, að eðlilegt og réttlátt sé, að konur fái sama kaup fyrir sömu vinnu og karlmenn, þá hef ég leyft mér á þskj. 597 að leggja til, að frv. um sömu laun kvenna og karla á þskj. 114 verði samþykkt.

Þar sem ekki er útlit fyrir, að það frv. nái fram að ganga á þessu þingi, leyfi ég mér að flytja tillögur um breytingar á fyrrnefnda frumvarpinu, aðallega í þá átt, að konur öðlist launajafnrétti í einum áfanga á miðju þessu ári.

Ég legg því til, að frumarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Konur skulu hafa sömu laun og karlar fyrir sömu störf.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Við 5. gr. Greinin falli niður.
6. Við 6. gr. (sem verður 2. gr.). Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1961.

Alþingi, 25. marz 1961.

Jón Skaftason.

Nd. 661. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Á næturfundi á Alþingi s. l. nótt var boðaður fundur í heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar og fundurinn síðan haldinn gegn mótmælum mínum síðari hluta nætur. Óskir mínar um, að fundurinn yrði eigi haldinn fyrr en um fótaferðartíma í dag, voru að engu hafðar. Þetta eru stórvítaverð og næsta óþingleg vinnubrögð. Af þessum sökum mætti ég ekki á fundi nefndarinnar, er haldinn var kl. nálega 3 að nóttu, þó að engum töfum gæti valdið að hafa hann að degi til.

Þetta frumvarp, sem stjórnarflokkarnir hafa látið liggja hjá nefnd í allan vetur, á nú að keyra gegnum þingið á allra seinustu dögum þingsins. Efni þess er það, að launajafnrétti kvenna við karla skuli viðurkennt á árinu 1967, en bilið milli kvenna- og karlakaups minnkað um nokkra aura á ári á tímabilinu 1962—1967. Þetta og fleira í frumvarpinu er alls ófullnægjandi, og get ég því aðeins mælt með samþykkt þess, að á því fáist gerðar svo hljóðandi

BREYTINGAR:

1. 1. gr. orðist svo:
   Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum skulu konum greidd sömu laun og körlum.
2. 2. gr. orðist svo:
   Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.
3. 3. gr. orðist svo:
   Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.
4. 4. gr. orðist svo:
   Öll störf í hraðfrystihúsum, verksmiðjum og við iðju og iðnað o. s. frv. skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða

körlum. Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

5. 5. gr. falli niður.

Alþingi, 25. marz 1961.

Hannibal Valdimarsson.

Ed. 662. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin samþykkir að mæla með samþykkt frv. óbreytts, eins og það er á þskj. 646. Tveir nefndarmanna (AGl og AuA) voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. marz 1961.

Friðjón Skarphéðinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm.	Karl Kristjánsson.

Ed. 663. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til l. um fræðslumyndasafn ríkisins.

Frá fjármálaráðherra.

Við 3. gr.

Fyrir orðin „sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs“ í 1. málsl. greinarinnar komi: 300000 kr. á ári.

Nd. 664. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Karl Guðjónsson áskilur sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Helgi Bergs mætti ekki á fundinum, en mun skila séráliti. Jón Pálmason var fjarstaddur sökum veikinda.

Alþingi, 25. marz 1961.

Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.	Karl Guðjónsson.

Nd. 665. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta, sem útbýtt var í Ed. 21. marz, gerir ráð fyrir nokkurri hækkun á framlögum ríkissjóðs samkvæmt 5., 26. og 41. greinum l. nr. 48/1957. Á þessari hækkun er auðvitað hin brýnasta nauðsyn vegna þeirra stórfelldu hækkana, sem orðið hafa á öllum kostnaði við framkvæmdir á s. l. ári. Frv. er því til bóta, þótt það verði að harma, að ríkisstjórnin skuli ekki treystast til að auka framlögin meira en raun ber vitni.

Það verður ekki komizt hjá að minna á það, að snemma á þessu þingi bar 5. þm. Norðurlands vestra ásamt fleiri þm. Framsóknarflokksins fram frv. til laga um breyt. á þessum sömu lögum. Það frv. var tekið til 1. umr. í Nd. 3. nóv. s. l. og vísað til landbúnaðarnefndar.

Í því frv. var gert ráð fyrir breytingum á nákvæmlega sömu greinum laganna og frv. það, sem hér er til meðferðar, gerir. Aðeins var í frv. framsóknarmanna gert ráð fyrir meiri hækkunum á framlögum ríkissjóðs, en að öðru leyti eru frumvörpin næstum samhljóða. Frv. framsóknarmanna fékkst hins vegar ekki afgreitt í landbúnaðarnefnd, og loks skilaði minni hluti nefndarinnar áliti þ. 6. febr., en meiri hlutinn hefur engu áliti skilað enn.

Það verður að telja hin óvenjulegustu vinnubrögð, að svo skuli á seinustu dögum þingsins útbýtt nýju frv. frá ríkisstjórninni, sem fjallar um nákvæmlega sama efni, en gengur skemmra. Eðlilegra hefði verið að láta frv. framsóknarmanna sæta venjulegri meðferð, og hefði ríkisstjórnin þá getað gert við það breytingartillögur, ef hún vildi hafa framlagsaukninguna minni.

Af greinargerð þessa frv. er það þegar ljóst, að þær hækkanir á framlögunum, sem gert er ráð fyrir, nægja ekki til þess, að sú fjárhagsaðstoð, sem lögin veita, haldist hlutfallslega óbreytt frá því sem var, áður en verðhækkanirnar komu til, og þar sem ekki hefur á það reynt, hvort hv. Alþingi gæti fallizt á að hækka framlögin meira, eins og gert er ráð fyrir í frv. framsóknarmanna, þykir einsýnt, að gera beri breytingartillögur við frv. til frekari hækkunar á framlögunum.

Undirritaður mælir því með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „minnst 6.5 milljónir“ komi: minnst 7.5 milljónir.
2. Við 3. gr. Í stað „6.0 milljónir“ komi: 7.5 milljónir.

Alþingi, 25. marz 1961.

Helgi Bergs.

Nd. 666. Frumvarp til laga [42. mál]

um fræðslumyndasafn ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 25. marz.)

1. gr.

Yfirstjórn fræðslumyndasafns ríkisins er í höndum menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn safnsins til fjögurra ára í senn, samkvæmt tillögum stjórna Sambands íslenzkra barnakennara, Landssambands

framhaldsskólakennara, Menntamálaráðs Íslands og útvarpsráðs, en ráðherra skipar formann safnstjórnar án tilnefningar. Ef stjórnarmaður forfallast eða lætur af störfum, skal skipa mann í stjórnina á sama hátt.

Forstöðumaður fræðslumyndasafns á sæti á fundum safnstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt. Getur hann skotið þeim ákvörðunum stjórnarinnar, er mjög varða fjárhag safnsins, undir úrskurð ráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk fræðslumyndasafns ríkisins er, eftir því sem við verður komið:

a. Að festa kaup á erlendum og innlendum kvikmyndum og kyrrmyndum í þágu fræðslumála og annarra menningarmála.
b. Að eignast tæki til fræðslumyndagerðar, svo og sýningartæki eftir þörfum, og leiðbeina fræðslustofnunum, er þess æskja, um val og útvegun sýningartækja.
c. Að lána skólum og öðrum fræðslustofnunum myndir og tæki til notkunar við kennslu. Enn fremur að lána eða leigja þessum aðilum, svo og félögum, er hafa menningarmál á stefnuskrá sinni og standa öllum opin án tillits til stjórnmálaskoðana, myndir og tæki til afnota í sambandi við félags- og skemmtanalíf.
d. Að láta þýða eða gera íslenzkar skýringar við erlendar fræðslumyndir.
e. Að verja hluta af tekjum safnsins til útvegunar á hljómplötum og tónböndum til notkunar við fræðslu og félagslíf í skólum. Skal um þetta höfð samvinna við Ríkisútvarpið.
f. Að hafa samráð við Menntamálaráð Íslands um gerð fræðslu- og menningarmynda. Enn fremur getur safnið ráðizt í töku kynningarmynda um einstaka þætti atvinnulífs og félagslífs, og er heimilt að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í myndagerðinni.
g. Að efla íslenzka fræðslumyndagerð á annan hátt — svo sem með því að styrkja efnilega menn til þess að afla sér þekkingar í þeim efnum, er safninu megi síðar að gagni verða.

3. gr.

Alþingi veitir í fjárlögum ár hvert fé til rekstrar safninu, og skal sú fjárveiting eigi vera lægri en 300000 kr. á ári. Stjórn safnsins gerir árlega áætlun um tekjur þess og gjöld, og skal fjárhagsáætlunin háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Enn fremur getur safnið aflað sér tekna með kvikmyndasýningum, og skulu þær sýningar undanþegnar skemmtanaskatti.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar forstöðumann safnsins, að fengnum tillögum safnstjórnar, og setur ráðuneytið honum erindisbréf og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Skal hann annast daglega stjórn safnsins. Hann skal árlega semja skýrslu um rekstur og hag safnsins og senda hana menntamálaráðuneytinu í lok hvers starfsárs. Reikningar safnsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Safnstjórnin ræður annað starfsfólk safnsins í samráði við forstöðumann, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett fyllri ákvæði um starfsemi og rekstur safnsins, meðal annars kveðið á um meðferð, vörzlu og útlán eða leigu mynda og tækja og um myndasýningar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 1 21. janúar 1944, að svo miklu leyti sem þau fjalla um kennslukvikmyndir.

Ed. 667. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „Takmörk“ í 2. málsgr. komi: Staðarmörk.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „takmörkum“ í 2. málsgr. komi: mörkum.
3. Við 6. gr. Í stað orðsins „takmörk“ í 2. málsgr. komi: staðarmörk.
4. Við 43. gr. Fyrri málsl. 2. málsgr. orðist þannig:
   Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt.
5. Við 55. gr. Fyrsti málsliður 1. málsgr. orðist þannig:
   Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn.

Ed. 668. Lög [212. mál]

um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 623.

Ed. 669. Lög [215. mál]

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra.

(Afgreidd frá Ed. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 646.

Ed. 670. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [173. mál]

(Eftir eina umr. í Ed., 25. marz.)

Samhljóða þskj. 383 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Með sveitarfélögum er í lögum þessum átt við hreppa og kaupstaði.
Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.—8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr.

5. gr. hljóðar svo:
Nú hefur íbúatala hrepps verið lægri en 100 samfellt í fimm ár, og er þá ráðuneytinu heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að sameina hreppinn þeim nágrannahreppi í sömu sýslu, sem sýslunefnd telur eftir atvikum bezt henta.
Ef skuldir slíks hrepps eru svo miklar, að þær torveldi sameiningu hreppanna, má ráðuneytið verja fé úr Jöfnunarsjóði til greiðslu hluta þeirra, svo að eigi verði talið, að þær íþyngi hinum sameinuðu hreppum óeðlilega.

7. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytið getur skipt hreppi, samkvæmt beiðni hreppsnefndar að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 200.

Ráðuneytið ákveður hreppamörk, þegar skipt er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr. hljóðar svo:

Ef ekki næst samkomulag um fjárreiður hreppa, þegar þeir eru sameinaðir eða þeim er skipt, samkvæmt 4., 6. og 7. gr. þessara laga, sker ráðuneytið úr ágreiningi.

12. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn: í hreppum hreppsnefnd og í kaupstöðum bæjarstjórn, er í Reykjavík nefnist borgarstjórn.

Sveitarstjórn sér um, að hlutverk sveitarfélags, sbr. 10. gr., sé rækt, og annast öll málefni sveitarfélagsins.

13. gr. hljóðar svo:

Í hverri bæjarstjórn skulu vera níu bæjarfulltrúar, en haldast má þó óbreytt tala bæjarfulltrúa í kaupstöðum eins og nú er.

Ráðuneytinu er heimilt að breyta tölu bæjarfulltrúa, samkvæmt ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar, þó þannig, að þeir séu eigi færri en sjö og eigi fleiri en ellefu.

Í Reykjavík skulu borgarfulltrúar eigi vera færri en 15 og eigi fleiri en 27.

17. gr. hljóðar svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fara fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar.

Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, kosning skal fram fara vegna skipta á sveitarfélagi, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla aðalmanna og varamanna, eða ef kjósa á bæjarstjórn, samkv. 33. gr. 2. mgr., og skal þá kosning fram fara svo fljótt sem við verður komið.

18. gr. hljóðar svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir sem:

a. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
b. eru íslenzkir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
c. eru fjárráðir,

Að fullnægðum skilyrðum þessarar greinar, a—c, hefur hver þegn sveitarfélags kosningarrétt í sínu sveitarfélagi, sbr. 9. gr.

19. gr. hljóðar svo:

Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa í sveitarfélaginu.

Þeim, sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára, er skylt að taka við kjöri í sveitarstjórn.

Þeim, sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur, er þó ekki skylt að taka við kjöri, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfleytt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri.

20. gr. hljóðar svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósandi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Réttkjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru réttkjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt varanlega frá því að eiga sæti í sveitarstjórn.

Nú forfallast aðalmaður, samkvæmt 2. mgr., sem átt hefur sæti á framboðslista, sem tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar stóðu að, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður sá, sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir voru kosnir, án tillits til þess, hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Nú forfallast aðalfulltrúi um stundarsakir vegna veikinda eða annars, og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum, sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna, skal varamaður taka sæti hans samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

27. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

32. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdarstjórn sveitarfélaga annast borgarstjóri í Reykjavík, bæjarstjórar í öðrum kaupstöðum og oddvitar eða sveitarstjórar í hreppunum eftir því, sem nánar er mælt fyrir í kafla þessum.

Heimilt er borgarstjórn Reykjavíkur að ákveða, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík. Verði slík heimild notuð, skal störfum milli borgarstjóranna skipt með ákvæðum í reglugerð.

Ákvæði þessara laga um bæjarstjóra og bæjarráð gilda og um borgarstjóra og borgarráð í Reykjavík.

34. gr. hljóðar svo:

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og annast yfirleitt framkvæmdir bæjarmálefna, nema bæjarstjórn hafi ákveðið annað um einstök mál.

Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og nefnda hennar, en hefur ekki atkvæðisrétt, nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á bæjarstjórnar- og nefndarfundum. Ekki má kjósa hann í fastar nefndir, nema hann sé bæjarfulltrúi, en fela má honum formennsku slíkra nefnda.

40. gr. hljóðar svo:

Laun oddvita skulu vera 25 krónur fyrir hvern þegn hreppsins á ári og sé miðað við íbúaskrá 1. desember næsta ár á undan. Þá skal og oddviti njóta sams konar launahækkana og starfsmenn hljóta hjá ríkinu eða ríkisstofnunum.

Auk launa þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða oddvita innheimtulaun, 4% af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, sem honum ber að innheimta hjá gjaldendum hreppsins, nema sveitarstjórn ákveði annað.

43. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjóri fer með þau störf, sem oddvita eru falin, sbr. 39. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt. Eigi hefur hann atkvæðisrétt þar, nema hann sé einnig hreppsnefndarmaður.

Sveitarstjórn setur samþykkt, er ráðherra staðfestir, um starfssvið sveitarstjóra og laun, sem greiðast úr hreppssjóði.

46. gr. hljóðar svo:

Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins næsta reikningsár. Ráðuneytið getur veitt bæjarstjórnum og sýslunefndir hreppsnefndum undanþágu frá þessu ákvæði, þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi, þó eigi lengur en til 31. marz næsta árs.

Ræða skal fjárhagsáætlun á tveim fundum með að minnsta kosti einnar viku millibili, sbr. þó 28. gr.

Fjárhagsáætlun, samkvæmt grein þessari, skal vera meginregla um upphæð gjalda í sveitarfélaginu og fjárstjórn þar á reikningsárinu.

47. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn sveitarfélagsins. Hún skal sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með. Sveitarstjórn skal og gæta þess, að peningaeign sveitarfélagsins sé haldið aðgreindri frá peningaeign sjóðshaldara eða annarra, og sjá um, að fé sveitarfélagsins sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, eftir því sem við verður komið.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má eigi greiða, nema til komi samþykki sveitarstjórnar, og enga greiðslu má inna af hendi nema með samþykki bæjarstjóra, sveitarstjóra eða oddvita, eftir því sem við á.

55. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn. Bæjarstjórnir skulu kjósa tvo endurskoðendur og hreppsnefndir einn eða tvo endurskoðendur. Um leið skulu kosnir jafnmargir varaendurskoðendur.

Fulltrúar í sveitarstjórn eru eigi kjörgengir sem endurskoðendur eða varaendurskoðendur sveitarsjóðsreikninga, eða reikninga fyrirtækja, sem rekin eru af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn er heimilt að starfrækja sérstaka endurskoðunardeild eða fela endurskoðunarskrifstofu, sem félagsmálaráðuneytið hefur veitt viðurkenningu, að annast reikningslega endurskoðun reikninga sveitarfélagsins.

59. gr. hljóðar svo:

Að lokinni afgreiðslu ársreikninga samkvæmt 58. gr. skal senda Hagstofu Íslands eitt eintak af reikningunum í því formi, sem ákveðið hefur verið samkvæmt 53. gr. laga þessara.

Reikninga kaupstaðanna skal einnig senda til ráðuneytisins.

Sýslumaður annast skil þessi strax að afloknum aðalfundi sýslunefndar fyrir alla hreppa sýslunnar, en bæjarstjórar annast skil, hver fyrir sinn kaupstað.

Skil til ráðuneytisins og Hagstofu Íslands samkvæmt þessari grein skulu gerð fyrir 31. júlí ár hvert.

92. gr. hljóðar svo:

Hlutverk sýslufélaga er að annast:

a. eftirlit með öllum fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna,
b. umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum,
c. setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár skrár yfir fjármörk, og einnig hestamörk, þar sem þess þykir þörf,
d. umsjón og stjórn vegamála, samkv. vegalögum, nr. 34/1947, lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102/1933, og lögum um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppavegi, nr. 38/1919,
e. afskipti af forðagæzlu, samkv. VIII. kafla laga nr. 54/1957, eftirlit samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7/1953, og úrskurðun og greiðslu reikninga, samkv. lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka,
f. setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna, samkv. lögum nr. 108/1945,
g. álitsgerðir um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað,
h. tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra. Eru þeir tilnefndir, sem flest atkvæði fá, enda sé hlutfallskosning heimil. Sýslumaður skipar síðan einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra,
i. stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og tillögur um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri,
j. önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

95. gr. hljóðar svo:

Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.

Ákvæði 16.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna.

Við kosningu til sýslunefndar er heimilt að viðhafa framboð. Við slíka kosningu gilda reglur um hlutfallskosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við getur átt.

102. gr. hljóðar svo:

Oddviti sýslunefndar er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga og annast öll bréfaviðskipti á vegum hennar. Hann ávaxtar innstæðufé sýslunnar á öruggan hátt og geymir skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins.

Oddvita ber að sjá um, að öll störf, sem sýslunefnd á að annast, sbr. 92. gr., séu tilhlýðilega unnin.

110. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, 1.—8. gr., 17. gr., 3. málsgr. 27. gr., 30.—36. gr.

Lög nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Lög nr. 69 27. júní 1921, um hreppskilaþing.
Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.
Lög nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra.
Tilskipun, 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.
Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
Lög nr. 83/1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað.
Lög nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 2.—31. gr.
Lög nr. 61 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 3.—29. gr.
Lög nr. 33 14. júní 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2.—21. gr.
Lög nr. 26 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 3.—33. gr.
Lög nr. 58 28. nóvember 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2.—34. gr.
Lög nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, 5.—22. gr.
Lög nr. 45 27. júní 1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 5.—23. gr.
Lög nr. 60 31. október 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 5.—22. gr.
Lög nr. 57 24. maí 1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 4.—21. gr.
Lög nr. 17 22. marz 1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 5.—22. gr.
Lög nr. 109 30. desember 1949, um bæjarstjórn í Húsavík, 4.—21. gr.
Lög nr. 30 11. maí 1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 4.—22. gr.

Nd. 671. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til laga um vega- og brúasjóð.

Frá 1. minni hl. samgöngumálanefndar.

Í október s. l. fluttu 6 þingmenn Framsóknarflokksins í neðri deild frumvarp til laga (á þskj. 76) um vega- og brúasjóð. Aðalefni frumvarpsins var að stofna „vega- og brúasjóð“, er annast skyldi nýbyggingu og endurbyggingu á þjóðvegakerfi landsins. Tekjur sjóðsins skyldu vera innflutningsgjald af benzíni og þungaskattur af bifreiðum. — Gengið var út frá því, að gjöld þessi yrðu óbreytt frá því, sem nú er.

Í greinargerð með frumvarpinu er bent á það, að dregið hafi á s. l. árum úr framlögum til vega- og brúagerða í landinu í hlutfalli við rekstrarútgjöld ríkissjóðs og sú þróun sé óviðunandi. Flutningsmenn gerðu það að tillögu sinni til úrbóta í þessu efni, að varið yrði eftirleiðis ákveðnum tekjustofni til nýbygginga og endurbygginga vega og brúa og að þeim tekjustofni yrði ekki til annars varið.

Þann 1. nóv. s. l. var frumvarpinu vísað til samgöngumálanefndar Nd., og lá það þar óhreyft til 6. febr. þ. á., er það var sent vegamálastjóra til umsagnar. Svar vegamálastjóra barst að 10 dögum liðnum. Þar segir hann m. a.:

„Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að tekjur af benzínskatti og þungaskatti bifreiða verði lagðar í sérstakan sjóð, er varið verði til nýbyggingar vega, endurbyggingar þjóðvega, nýbyggingar fjallvega, nýbyggingar nýbýla- og ræktunarvega, byggingar brúa og endurbyggingar gamalla brúa.

Í fjárlögum þessa árs er fé veitt til nýbyggingar vega á fjórum fjárlagaliðum, þ. e. 13. gr. A. II. a, 16.480 millj. kr., 13. gr. A. II. b, 0.800 millj. kr., 13. gr. A. II. d, 6.700 millj. kr., 20. gr. XXIII, 4 millj. kr., alls 27.980 millj. kr. Til brúagerða er veitt fé í fjárlögum á tveim fjárlagaliðum: 13. gr. III, 11.280 millj. kr., 13. gr. IV, 1.425 millj. kr., og auk þess fellur til fé brúasjóðs af benzínskatti, um 9.2 millj. kr.

Fjárveitingum til nýbyggingar vega á 13. gr. A. II. a. og d. er skipt af fjárveitinganefnd, en fé á 13. gr. A. II. b. af samgöngumálaráðherra og fé á 20. gr. XXIII.

af sérstakri þingkjörinni nefnd. Fjárveitingum til brúagerða á 13. gr. III. er skipt af fjárveitinganefnd, en fjárveitingu á 13. gr. IV. er skipt af samgöngumálaráðherra svo og fé til brúasjóðs.

Enginn vafi er á því, að þessi skipting á nýbyggingarfé vega og brúa á marga fjárlagaliði er mun flóknari en þörf er á og gerir alla vinnu við skiptingu fjárins svo og framkvæmdir og reikningshald stórum erfiðara og flóknara en efni standa til. Auk þess er aldrei vitað nema frá ári til árs, hve mikið fé fæst á hverjum einstökum lið að undanskildum þeim, er beinar tekur hafa af benzínskatti. Er af þeim sökum aldrei hægt að gera heildaráætlun um að ljúka einstökum verkum á ákveðnu árabili.

Ég er því þeirrar skoðunar, að ofangreint frumvarp væri mikið spor í framfaraátt í þessum efnum ....“

Framangreind umsögn vegamálastjóra ber það með sér, að hann fellst á meginsjónarmið flutningsmanna í þessu máli.

Svo virðist sem biðtími sá, sem frumvarpið hlaut hjá samgöngumálanefnd eða meiri hluta hennar, hafi ekki verið tilviljun ein. Meðan frumvarpið lá óhreyft í nefndinni og dregið var að senda vegamálastjóra það til umsagnar, fluttu nokkrir þingmenn úr hópi stuðningsmanna stjórnarinnar þingsályktunartillögu í sameinuðu þingi um endurskoðun á vegalögum. Þeirri tillögu var vísað til fjárveitinganefndar, og sendi sú nefnd vegamálastjóra hana til umsagnar, um svipað leyti og samgöngumálanefnd sendi vegamálastjóra brúa- og vegasjóðsfrumvarpið. Var þó tillagan mun síðar fram komin. Samkvæmt tillögum vegamálastjóra hefur fjárveitinganefnd nú lagt til, að vegalögin verði endurskoðuð, og við þá endurskoðun sérstaklega tekið til athugunar að tryggja ákveðinn tekjustofn til vega- og brúagerða. Má því telja nokkrar líkur til þess, að meginefni frumvarpsins um vega- og brúasjóð nái fram að ganga, þegar endurskoðun hefur farið fram. Með tilliti til þessa greiddi fulltrúi Framsóknarflokksins í samgöngumálanefnd ekki mótatkvæði, þegar meiri hluti nefndarinnar lagði til, að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, og getur eftir atvikum sætt sig við þá afgreiðslu, eins og nú er komið málum. Undirritaður minni hl. nefndarinnar taldi þó rétt að gefa út sérstakt nefndarálit, m. a. til þess að gera grein fyrir meðferð málsins í heild og átelja þann óeðlilega drátt, sem orðið hefur á afgreiðslu frumvarpsins. Jafnframt þykir minni hlutanum rétt að láta það koma fram, að hann hefði talið eðlilegt að fela endurskoðun vegalöggjafarinnar þingkjörinni nefnd í stað þess að leggja hana eingöngu í vald ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 25. marz 1961.

Jón Kjartansson.

Ed. 672. Frumvarp til laga [190. mál]

um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. marz.)

1. gr.

Síldarútvegsnefnd skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara. Sameinað Alþingi kýs 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Íslands einn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi einn og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi einn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Kosningin gildir til þriggja ára. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar formann úr hópi þingkjörinna nefndarmanna til eins árs í senn, en nefndin kýs sér varaformann og ritara.

Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu dveljast á Siglufirði eða nálægum stöðum um síldveiðitímann á sumrin, en í Reykjavík eða nálægum stöðum, á meðan síldveiðin stendur yfir á öðrum tímum árs við Vestur- og Suðurland.

Nú vanrækir aðili að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Skrifstofur nefndarinnar skulu vera á Siglufirði og í Reykjavík, og getur nefndin ráðið tvo framkvæmdastjóra til að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau af tekjum síldarútvegsnefndar.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd hefur með höndum úthlutun útflutningsleyfa, síldarsöltunarleyfa og löggildir söltunarstöðvar. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á síld með ýmsum verkunaraðferðum, eftir því sem þurfa þykir. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútvegsins.

Til þess að standast kostnað af störfum nefndarinnar getur síldarútvegsnefnd ákveðið, með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð allt að 2% — tveim af hundraði — af andvirði seldrar síldar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins. Nú verður sjóður þessi svo mikill, að öruggt þyki, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið, að fengnu samþykki ráðherra, að endurgreiða úr honum til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmagn seldrar síldar.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af íslenzkum skipum, verkuð hér á landi eða lögð á land verkuð, nema með leyfi síldarútvegsnefndar. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur, þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir smásendingum af millisíld.

Ákvæði þessarar greinar ná þó eigi til ísaðrar, frystrar, reyktrar eða niðursoðinnar síldar og ekki heldur til síldar, sem lögð er niður í dósir (konservesíld) eða önnur ílát, sem innihalda allt að 10 kg af síld.

4. gr.

Síldarútvegsnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að vera skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag síldarframleiðenda, opið öllum síldarframleiðendum, enda ráði umsækjandi yfir því lágmarksmagni síldar, er nefndin ákveður.

Nú hefur sölusamlag saltsíldarframleiðenda eða samvinnufélag umráð yfir 75% af saltsíldarframleiðslu landsmanna, eða sama hundraðshluta af saltsíld, sem verkuð er með sérstakri verkunaraðferð, og getur síldarútvegsnefnd þá ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháan eða hærri hundraðshluta af saltsíldarframleiðslunni eða þeirri sérverkuðu síld, er það hefur umráð yfir, enda sé þá æðsta vald í félagsmálum hjá félagsfundum og atkvæðisréttur félagsmanna miðist eigi nema að nokkru leyti við síldarmagn, svo að enginn þeirra geti farið með meira en 1/20 af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra á fundum þess.

5. gr.

Þeir, sem samkvæmt 4. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð

á saltsíld, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að útflytjendur saltsíldar skuli skyldir að taka síld til sölu af framleiðendum gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðshæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir framleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning saltsíldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt, að dómi síldarútvegsnefndar, til þess að tryggja gæði síldar eða sölu á saltsíldarframleiðslu landsmanna að takmarka söltun, og er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og að takmarka eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma.

8. gr.

Síldarútvegsnefnd úthlutar söltunarleyfum til saltenda. Síldarútvegsnefnd getur sett þau skilyrði, er hún telur þurfa til þess að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar. Til söltunar fyrir innanlandsmarkað þarf leyfi síldarútvegsnefndar.

Nú hefur söltunarleyfi verið úthlutað, en leyfishafi uppfyllir eigi sett skilyrði eða hlítir eigi þeim fyrirmælum síldarútvegsnefndar, sem sett hafa verið um verkun og söltun síldarinnar, og getur þá nefndin fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfinu.

Heimilt er síldarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð síldarinnar um borð í skipunum og við löndun síldarinnar. Sé settum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi aðila rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma.

Allir síldarsaltendur skulu samkvæmt ákvörðun nefndarinnar sækja árlega um söltunarleyfi fyrir ákveðinn tíma. Allir saltsíldarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að síldarsöltuninni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrirmælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við framleiðendur. Skýrslur um framleiðslumagn skal senda nefndinni daglega.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver síldareigandi beri ábyrgð á gæðum sinnar síldar, ákvæði um jafnaðarverð á síld sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

10. gr.

Brjóti löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur síldarútvegsnefnd svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

11. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og síldarútvegsnefnd með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á síld, og getur ríkisstjórnin þá með samþykki síldarútvegsnefndar, ef félag síldarframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 3. málsgr. 4. gr., æskir þess,

veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja síld til útlanda, enda séu þá framkvæmdastjórar tveir og tilnefni síldarútvegsnefnd annan þeirra.

Sé slíkur félagsskapur saltsíldarframleiðenda eigi til eða síldarútvegsnefnd mælir eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur, getur ríkisstjórnin falið síldarútvegsnefnd einkasölu á síld til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá síldarútvegsnefnd tvo framkvæmdastjóra til þess að annast síldarsöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdastjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé síldarútvegsnefnd falin einkasala á síld, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölunnar.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála og varða sektum, allt að 200 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið eru úr gildi numin lög nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð þeirra manna, sem nú skipa síldarútvegsnefnd.

Nd. 673. Lög [181. mál]

um heimild handa samgöngumálaráðherra til að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni sjóliðsforingja stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 342.

Nd. 674. Lög [213. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera minnispening í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

(Afgreidd frá Nd. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 519.

Nd. 675. Lög [126. mál]

um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

(Afgreidd frá Nd. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 657.

Sþ. 676. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um úthlutun listamannalauna 1961.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1961 til skálda, rithöfunda og listamanna.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1961 eru á 14. gr. B. XIII. veittar kr. 1260000 til skálda, rithöfunda og listamanna. Þar sem búizt var við, að þetta þing afgreiddi lög um úthlutun listamannalauna, var ekki sett í fjárlög ákvæði um úthlutun fjárins, eins og venja hefur verið um árabil.

Nú er sýnt, að frv. til l. um listamannalaun nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Þarf því að kveða á um úthlutunina á annan hátt.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt ósk menntamálanefndar neðri deildar. Skipun úthlutunarnefndar er höfð eins og lagt er til í brtt. menntamálaráðherra við 4. gr. frv., en ekki er kunnugt um ágreining um þá grein.

Nd. 677. Breytingartillögur [59. mál]

við frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Hinn 19. júní 1961 skulu laun allra kvenna samkvæmt samningum stéttarfélaga ákveðin 90% af kaupi karla. Sá mismunur, sem þá er á kaupi kvenna og karla, skal jafnast út á næstu þremur árum í jöfnum hlutum, unz fullum launajöfnuði er náð hinn 19. júní 1964.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Úr ágreiningi, er rísa kann út af ákvæðum 1. gr., sker félagsdómur.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
   Varatillaga:
   Í stað orðanna „enda staðfesti nefndin slíka samninga“ í niðurlagi greinarinnar komi: enda sé sú hækkun eigi lægri en lög þessi gera ráð fyrir.

Ed. 678. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til laga um, að ríkissjóður taki á sig greiðslu á erlendum lánum, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta, sem við allir sex framsóknarmennirnir, er sæti eigum í efri deild Alþingis, erum flutningsmenn að, var lagt fram á Alþingi 24. okt. 1960 og tekið til 1. umræðu 28. sama mánaðar.

Frumvarpið er um það, að ríkissjóður skuli látinn taka að sér að greiða án endurgreiðslukröfu tiltekin erlend lán, sem hvíla nú eins og mara á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.

Þegar þessir stofnlánasjóðir landbúnaðarins hafa verið látnir taka fé að láni til útlánastarfsemi sinnar eins og það, sem hér um ræðir, hefur þetta verið gert fyrir atbeina ríkisvaldsins og á ábyrgð ríkissjóðs. Ekki hefur verið hægt að búast við því, að stofnlánasjóðirnir gætu sjálfir nema stutta stund staðið straum af lánunum. Þetta segir sig sjálft, af því að yfirleitt endurlána stofnlánasjóðirnir fé með lægri vöxtum en þeir þurfa fyrir það að borga og til lengri tíma. Það er í samræmi við fyrirskipaðar reglur sjóðanna um vaxtakjör og lánstíma, enda mundu þeir ekki hafa náð tilgangi sínum, ef þeir hefðu ekki veitt landbúnaðinum lán með þessum kjörum.

Hér er því hvorki um dularfull fyrirbæri að ræða né aðra meðferð fjár en til hefur verið ætlazt.

Sá hefur líka verið gangur málanna undanfarið, að Alþingi hefur látið ríkissjóð hlaupa undir bagga Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja og létta skuldabyrðar þeirra, þegar þunginn af þeim hefur ætlað að sliga þessa sjóði. Þetta var gert með lögum árið 1953 og aftur árið 1957. Frumvarp okkar framsóknarmanna er því aðeins tillaga um að gera slíkt hið sama enn.

Upphæðir lánanna eru að vísu hærri nú. En hver getur undrazt það? Með gengisbreytingu voru hinar erlendu skuldir sjóðanna gerðar með pennastriki að drápsklyfjum fyrir þá. Fyrir það hafa þeir engar bætur fengið.

Við fyrstu umræðu stóð um frumvarp þetta mikill styrr. Ráðherrar hófu þá orrahríð.

Ekki gátu mótblástursmenn frumvarpsins haldið því fram, að stofnlánasjóðirnir þyrftu ekki stuðnings við og frumvarpið væri því ekki að fullu tilefni flutt. Hins vegar voru þeir auðheyrilega sárgramir undir niðri yfir því, að þarna blasti áþreifanlega við, hve stjórnarstefnan leikur grátt, og gripu hver með sínum hætti tækifærið til þess ýmist að veita útrás furðulegri andúð á stuðningi við landbúnaðinn yfirleitt og skilningsleysi á gildi hans, ellegar — eins og líka kom fram — að þeir beittu sauðþrárri tregðu flokkastreitunnar gegn því að fallast á hina sjálfsögðu lausn frumvarpsins án þess að benda á önnur úrræði og töluðu um aukaatriði og óviðkomandi efni.

Fyrstu umræðu um frumvarpið lauk 17. nóvember, og var þá málinu vísað til fjárhagsnefndar til athugunar og umsagnar.

Í fjárhagsnefnd hefur málið setið síðan. Þar hefur því verið haldið föstu af meiri hluta nefndarinnar, en hann er stjórnarliðið í nefndinni. Ég hef hvað eftir annað óskað eftir því, að nefndin afgreiddi málið frá sér, en meiri hlutinn ekki talið sig við því búinn.

Loks á fundi nefndarinnar 24. þ. m., eftir að umræður á þeim fundi höfðu sýnt, að meiri hl. var ófáanlegur til að mæla með samþykkt frumvarpsins, tilkynnti ég, að ég mundi gefa út nefndarálit, hvað sem aðrir nefndarmenn gerðu.

Stuðningur íslenzka ríkisins við landbúnaðinn, sem er enn á landnámsstigi hjá okkur, er miklu minni en gerist hjá mörgum öðrum þjóðum. Ríkinu ber skylda til að létta strax hinum erlendu skuldum af ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitabæja. Með því er alls ekki um neina ofrausn af ríkisins hálfu að ræða, — síður en svo, — aðeins haldið í horfi um stund. Hins vegar mundi dráttur á slíkum aðgerðum valda hroðalegu afturkasti.

Ekki þarf ríkissjóður að leggja út allar skuldirnar í einu. Hann getur að sjálfsögðu tekið að sér árgjöld lánanna og dreift greiðslum sínum á afborgunarárin.

Annað getur líka vel komið til greina: Það er að bæta a. m. k. þeim hluta af upphæðum lánanna, sem stafar af gengisfellingunni, á reikning þann í Seðlabankanum, sem 5. gr. efnahagslaganna frá 19. febr. 1960 gerir ráð fyrir.

Þessi reikningur, sem ríkissjóður hefur þarna, á samkvæmt nefndum lögum að

vera vaxtalaus og taka við gengismun ýmiss konar, sem leiðir af gengisfellingunni vegna skulda ríkissjóðs og gjaldeyrisverzlunar banka.

Samkvæmt efnahagsreikningi Seðlabankans 31. des. 1960 var skuld á þessum reikningi, sem nefndur er þar „Gengisreikningur ríkissjóðs", kr. 191242306.53 í lok s. l. árs. Ýmislegt, sem greitt hefur verið úr þessum reikningi, er hliðstætt gengismun þeim, sem hækkaði við gengisfellinguna erlendar skuldir stofnlánasjóða Búnaðarbankans. Verður ekki betur séð en sú hækkun eigi þarna heima.

Bendi ég á þetta af því, að ráðherrar og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa meðal annars brugðið fyrir sig kvörtunum um getuleysi ríkissjóðs, þegar þeir hafa færzt undan að fallast á frumvarpið. En getuleysi er alls ekki til að dreifa að því er þetta snertir. Og þó að ástæða sé alltaf til að leggja ekki á ríkissjóð meira en nauðsyn krefur, þá eru miklar vangaveltur í þessu efni ástæðulausar, því að um augljósa lífsnauðsyn fyrir þjóðfélagið er að ræða.

Ég legg þess vegna hiklaust til, að frumvarpið verði samþykkt.

Ljóst er mér, að frumvarpið mun ekki verða samþykkt á þessu þingi, en þrátt fyrir það hefur framlagning þess tvímælalaust gert gagn. Með frumvarpinu og umræðunum í sambandi við það hefur ríkisstjórnin fengið alvarlegar og sterkar áminningar um vanræktar skyldur sínar við bændastéttina og landbúnaðinn.

Við sjáum, hvað setur.

Alþingi, 26. marz 1961.

Karl Kristjánsson.

Ed. 679. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um stuðning við bændur til bústofnsaukningar og vélakaupa.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til fjárhagsnefndar 10. nóv. 1960. Þótt málið hafi legið hjá nefndinni rúma fjóra mánuði, hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni ekki enn fengizt til að afgreiða það.

Með frv. þessu er lagt til, að komið verði á fót bústofnslánasjóði, er sé í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn.

Samkvæmt frv. er hlutverk bústofnslánasjóðs þríþætt:

1) Lánveitingar til bústofnskaupa.
2) Lán til búvélakaupa.
3) Lán eða stuðningur til greiðslu óviðráðanlegra lausaskulda bænda.

Stofnfé bústofnslánasjóðs á að nema 50 millj. kr., þar af 20 millj. kr. óafturkræft framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ríkisábyrgð.

Þörfin á, að ríkisvaldið leysi þessi verkefni, er afar brýn.

Margir bændur þurfa að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komizt sæmilega af og staðið straum af margháttuðum framkvæmdum á jörðum sínum. Og augljós er þörf frumbýlinga fyrir bústofnslán.

Búskap er ekki hægt að stunda nú á dögum nema með nokkrum vélakosti. Aðstaða þeirra bænda, sem hafa ekki nauðsynleg tæki og vélar, er algerlega vonlaus. En efnalitlum bændum er ókleift að kaupa vélarnar, eftir að þær hafa stórhækkað í verði vegna efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, nema þeir eigi kost á hagkvæmum lánum í því skyni. Úr þessu er bústofnslánasjóði ætlað að bæta.

Á undanförnum árum hafa margir bændur lagt í fjárfrekar framkvæmdir. Hin föstu lán, sem kostur hefur verið á, hafa engan veginn nægt til greiðslu kostnaðarins.

Allmargir bændur hafa því safnað lausaskuldum. Hér við bætist, að vaxtaokrið og hinn stórhækkaði framleiðslukostnaður leggst nú á atvinnureksturinn með miklum þunga. Með frv. þessu er stefnt að því að létta fjárhagserfiðleika þessara manna með starfsemi bústofnslánasjóðs.

Með engu móti verður á það fallizt, að fjármagn skorti til að koma á lánastarfsemi þeirri, sem frv. þetta kveður á um. Ríkisstjórnin hefur mikið fé til umráða. Um síðustu áramót fékk hún t. d. frá Bandaríkjunum óafturkræft framlag, sem nemur á þriðja hundrað millj. kr.

Hér er um afar þýðingarmikið mál að ræða og fullkomlega tímabært að setja um það löggjöf.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1961.

Karl Kristjánsson.

Sþ. 680. Þingsályktun [79. mál]

um rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 88.

Sþ. 681. Breytingartillaga [221. mál]

við till. til þál. um úthlutun listamannalauna 1961.

Frá Birni Fr. Björnssyni.

Fyrir orðin „fimm manna“ í tillgr. komi: fjögurra manna.

Sþ. 682. Þingsályktun [46. mál]

um verndun geitfjárstofnsins.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, á hvern hátt tiltækilegast sé að koma í veg fyrir eyðingu geitfjárstofns landsmanna.

Sþ. 683. Þingsályktun [47. mál]

um raforkumál Austurlands.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara heildarathugun á því, hvernig raforkuþörf Austurlands verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt. Verði m. a. tekin til athugunar tenging orkusvæða Austurlands og Norðurlands, virkjun Lagarfoss og virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði.

Sþ. 684. Þingsályktun [57. mál]

um rannsókn á slysum við akstur dráttarvéla.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 62.

Sþ. 685. Þingsályktun [145. mál]

um tillit til framfærslukostnaðar námsfólks í sköttum og tryggingum.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 239.

Sþ. 686. Þingsályktun [147. mál]

varðandi rafvæðingu Norðausturlands.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á árinu 1961 gera rækilega athugun á því, á hvern hátt auðið sé að leysa raforkumál Norður-Þingeyinga á viðunandi hátt innan þeirra tímamarka, er 10 ára rafvæðingaráætlunin gerir ráð fyrir.

Sþ. 687. Þingsályktun [155. mál]

um rannsókn á hagkvæmni aukinnar ákvæðisvinnu.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði og samvinnu við samtök launþega og vinnuveitenda fram fara rannsókn á, hvort ekki sé hagkvæmt að koma á aukinni ákvæðisvinnu í hinum ýmsu starfsgreinum í þjóðfélaginu, m. a. með hliðsjón af reynslu nágrannaþjóða okkar í þeim efnum.

Leiði rannsóknin í ljós, að aukin ákvæðisvinna sé þjóðhagslega æskileg, heimilar Alþingi ríkisstjórninni að veita nauðsynlega aðstoð og fyrirgreiðslu í samráði og samstarfi við fyrrgreinda aðila.

Sþ. 688. Þingsályktun [162. mál]

varðandi brottflutning fólks frá Íslandi.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi síðustu 10 ár og rannsaka eftir föngum ástæður fyrir brottflutningi til annarra landa. Skýrslan og niðurstöður rannsóknarinnar verði lagðar fyrir Alþingi.

Nd. 689. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, eins og það kom frá Ed. — Nefndin gat eigi orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. marz 1961.

Birgir Finnsson, form. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr., frsm. Pétur Sigurðsson.

Sþ. 690. Þingsályktun [114. mál]

um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga nánar en gert hefur verið, hvað tiltækilegast sé að gera til að hindra frekari landspöll af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Sþ. 691. Þingsályktun [143. mál]

um byggingu radíóvita á Sauðanesi við Siglufjörð.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hraðað verði byggingu radíóvita á Sauðanesi við Siglufjörð.

Sþ. 692. Þingsályktun [195. mál]

um hagnýtingu skelfisks.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 377.

Ed. 693. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til fjárhagsnefndar hinn 18. nóv. 1960. Þar hefur það dvalizt síðan.

Tveir nefndarmenn, ég og Björn Jónsson, hafa viljað mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Meiri hlutinn (JÞ, MJ, ÓB) hefur aftur á móti hikað. Loks varð það niðurstaða meiri hlutans á fundi nefndarinnar 24. þ. m. að telja réttast, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar með yfirlýsingu um, að efri deild treysti því, að ríkisstjórnin sæi um, að efni þess yrði gaumgæfilega athugað í sambandi við endurskoðun söluskattslaganna, er stæði fyrir dyrum.

Ég sá mér ekki fært að taka þátt í að leggja til, að efri deild votti ríkisstjórninni traustið, enda ástæðulaust að fresta því að leiða í lög þau einföldu ákvæði, sem í frumvarpinu felast, af því líka að þeirra er strax þörf. Enginn veit, hvað umtöluð endurskoðun söluskattslaganna kann lengi að dragast eða hversu langt kann að verða þangað til hún leiðir af sér breytingar á lögunum.

Frumvarpið er um hinn almenna söluskatt, — 3% söluskattinn. Aðalgrein þess hljóðar þannig:

„Hinn 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórinn í Reykjavík) leggja fram skýrslur um álagðan söluskatt samkv. þessum kafla laganna, er sýni heildarupphæð söluskattsins hjá hverjum skattgreiðanda fyrir sig á undangengnu þriggja mánaða tímabili. Skýrslur þessar skulu liggja frammi almenningi til sýnis í hverju umdæmi í skrifstofu innheimtumanns eða á öðrum hentugum stað eigi skemur en þrjár vikur."

Kaupendur vöru eða þjónustu borga hinn almenna söluskatt til þeirra, sem þeir eiga kaupin við. Seljendur (sem í lögunum eru nefndir skattgreiðendur) eiga að skila skattinum til innheimtumanna ríkisins ársfjórðungslega. Á því er talið að sé mikill misbrestur til tjóns fyrir ríkið, en kaupsýslumönnum til rangfengins hagnaðar að sama skapi. Hér eiga þó auðvitað ekki allir, sem vöru eða þjónustu selja, sömu sök. Samvizkusamir kaupsýslumenn skila skattinum að sjálfsögðu öllum, hinir misjafnlega.

Eftirlit af ríkisins hálfu til þess að koma í veg fyrir fjárdráttinn er mjög torvelt, enda sumir, sem skila eiga skatti, ekki bókhaldsskyldir. Nauðsynlegt er að herða eftirlitið af hendi ríkisins og til þess þarf ekki lögum að breyta. En meira þarf að gera. Almenningur þarf að fá aðstöðu til þess að veita skattskilendunum það aðhald, sem hann getur í té látið.

Skylt er að láta skrár um álagðan eignar- og tekjuskatt og sömuleiðis skrá um útsvör liggja frammi almenningi til sýnis tilskilinn tíma. Með því móti fær almenningur tækifæri til þess að gagnrýna ósamræmi á milli gjaldenda, að því er álögurnar snertir, — og hefur það mikla þýðingu til vöndunar.

Þegar gjaldendur eiga yfir höfði sér slíka gagnrýni kunnugra, vanda þeir betur framtöl sín. Sama máli gegnir um nefndir þær, sem framkvæma álögurnar. Nefndirnar hafa hita í haldi, vegna þess að skrárnar eru birtar, og kasta þess vegna síður höndum til álagningar skatta þessara og útsvara.

Nú er ekki að lögum skylt — enda ekki gert — að birta hliðstæðar söluskattsskrár, sem innheimtumenn ríkisins þurfa ársfjórðungslega að gera fyrir sitt umdæmi um það, hve miklar fjárhæðir söluskatts hver einstakur skattskilandi afhendir eftir ársfjórðunginn.

Almenningi eru þess vegna dulin þau skil, sem seljendur vöru eða þjónustu gera til ríkissjóðs á almenna söluskattinum, sem þeir láta almenning borga sér og ríkissjóður á að fá frá þeim. Aðhald almenningsálitsins verður þar af leiðandi ekki sem skyldi.

Frumvarpið mælir svo fyrir, að innheimtumenn ríkisins skuli hver í sínu umdæmi leggja fram almenningi til sýnis skrá um heildarupphæð söluskatts frá hverjum skattskilanda ársfjórðungslega. Verða þá skilin til ríkissjóðs opin fyrir almennri gagnrýni. Enn fremur gefa þá skattskilendurnir hver öðrum auga. Það hefur líka sína þýðingu, að þeir geti gagnrýnt hver annan.

Birting skránna er mjög fyrirhafnarlítil fyrir innheimtumennina.

Þó að ríkisstjórnin kunni að hafa í huga að láta endurskoða söluskattslögin,

er ekkert því til fyrirstöðu — að mínu áliti — að bæta nú þegar inn í lögin þeim ákvæðum, sem frumvarpið felur í sér. Þetta hefur engan kostnað í för með sér, og hin nýju ákvæði falla af sjálfu sér undir endurskoðunina eins og lögin að öðru leyti.

En það er engu líkara en ríkisstjórnin þoli ekki jákvæða afgreiðslu á neinu frumvarpi, nema frumvörpum frá sjálfri sér og sínum nánustu.

Augljóst er, að stjórnarliðið vill heldur en mæla með samþykkt þessa frumvarps láta fyrst um sinn viðgangast, að eitthvað (hver veit hvað mikið?) af hinum almenna söluskatti ríkissjóðs verði eftir í vösum þeirra, sem taka á móti honum úr höndum almennings. Ef til vill verða einhverjir, sem þá vasa eiga, stjórninni þakklátir fyrir þetta. En hvað segir almenningur, sem borgar söluskattinn? Telur hann ekki réttilega, að á sér sé níðzt í nafni ríkissjóðs?

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. marz 1961.

Karl Kristjánsson.

Nd. 694. Sveitarstjórnarlög. [173. mál]

(Afgreidd frá Nd. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 670 (sbr. 383).

Nd. 695. Lög [42. mál]

um fræðslumyndasafn ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 666.

Nd. 696. Lög [59. mál]

um launajöfnuð kvenna og karla.

(Afgreidd frá Nd. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 64.

Nd. 697. Lög [217. mál]

um breyting á lögum nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 564.

Sþ. 698. Nefndarálit [188. mál]

um till. til þál. um alþingishús.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og orðið ásátt um að mæla með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins í samvinnu við fulltrúa frá þingflokkunum að gera tillögur um framtíðarhúsnæði Alþingis.

Alþingi, 28. marz 1961.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.
Gísli Jónsson.	Gísli Guðmundsson.	Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 699. Þingsályktun [219. mál]

um sjálfvirkt símakerfi um land allt.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 590.

Sþ. 700. Þingsályktun [188. mál]

um alþingishús.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins í samvinnu við fulltrúa frá þingflokkunum að gera tillögur um framtíðarhúsnæði Alþingis.

Sþ. 701. Nefndarálit [221. mál]

um till. til þál. um úthlutun listamannalauna 1961.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og leggja undirritaðir til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1961.

Magnús Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Jónas G. Rafnar.
Jón Árnason.	Guðl. Gíslason.	Karl Guðjónsson.

Sþ. 702. Nefndarálit [221. mál]

um till. til þál. um úthlutun listamannalauna 1961.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vilja samþykkja tillöguna óbreytta, en við fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd leggjum til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa fjögurra manna nefnd til að skipta fjárveitingu til listamanna á 14. gr. B. XIII í fjárlögum fyrir árið 1961.

Alþingi, 28. marz 1961.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Ingvar Gíslason.

Sþ. 703. Breytingartillaga [221. mál]

við till. til þál. um úthlutun listamannalauna 1961.

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist: Auk þess fjár, sem veitt er á fjárlögum fyrir árið 1961 í þessu skyni, skal nefndin úthluta fimm hundruð þúsund krónum til viðbótar úr ríkissjóði.

Nd. 704. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta var flutt af þrem þingmönnum í Ed. og hefur legið þar lengi í nefnd, án þess að við því væri hreyft. Undir lok síðustu viku, þegar komið var að þingslitum, var það svo skyndilega tekið til meðferðar og afgreitt. Til neðri deildar kom frv. ekki fyrr en í gær og þá afgreitt við 1. umr. til nefndar. Fundur var síðan haldinn í nefndinni stutta stund, og var þar enginn tími til að ræða frv. ýtarlega eða bera saman við gildandi lög. Minni hl. taldi sér því ekki fært að taka þátt í afgreiðslu málsins í nefndinni, en hefur nú eftir stutta athugun talið rétt að skila um það séráliti, svo að það geti legið fyrir, ef málið verður aftur tekið til meðferðar í deildinni.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði breytingar á mörgum greinum laga nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. Er hér sýnilega um talsverðar efnisbreytingar að ræða, en í greinargerð frv., sem er mjög ónákvæm, er aðeins sagt frá sumum þessara breytinga, og þarf því að athuga frv. vandlega til að gera sér grein fyrir þeim. Það skal tekið fram, að umsögn síldarútvegsnefndar um frv. liggur enn ekki fyrir.

